 Þorbjörg Guðmundsdóttir, kennari, 582.
 Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari, hm., 590.
 Þórður Kristleifsson, menntaskólakennari, 582.
 Þorfinnur Kristjánsson, prentari, hm., 588.
 Þórhallur Vilmundarson, kennari, varaþm., 409.
 Þórleif Kr. Sigurðardóttir, sjr., 440.
 Þorleifur Bjarnason, námsstjóri, 581.
 Þorsteinn Bernharðsson, framkvæmdastjóri, íþróttanefndarformaður, 580.
 Þorsteinn J. Eyfirðingur, skipstjóri, hm., 588.
 Þorsteinn Sigfússon, bóndi, varaþm., 409.
 Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. hagstofustjóri, hm., 590.
- Þórunn Haraldsdóttir, kennari, 583.
 Þorvaldarminning, sjr., 290.
- Ö.
- Öen, Bjarne, hershöfðingi, hm., 589.
 Öhrvall, Leif, sendiherra, 586.
 Ölfusingar, framræslu og áveitufélag, sp., br., 372—373.
 Örborn, Kurt Alrik, forstjóri, hm., 589.
 Örn Bjartmarz Pétursson, tannlækningaleyfi, 581.
 Öryggi við siglingar, ýmsar ráðstafanir, augl., 182—186.
 Öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum, rg., 362—365.
 Öryggiseftirlit ríkisins, starfsreglur, 120—122.
 Öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa, rg., 202—209.
 Öryggisþjónusta, lækkun aðflutningsgjalda af flugeldum, stjórnarráðsbréf, 137.

Skammstafanir.

alþm. = alþingismaður.	rg. = reglugerð.
augl. = auglýsing.	r. = reglur.
br. = breyting.	sjr. = sjóðreikningur.
gjask. = gjaldskrá.	sk. = skipulagsskrá.
hm. = heiðursmerki.	sp. = samþykkt.
hrg. = hafnarreglugerð.	varaþm. = vara-alþingismaður.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „áheita- og minningarsjóð Hóladóm- 1
kirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. janúar 1953. 2. jan.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir áheita- og minningarsjóð Hóladómkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir áheita- og minningarsjóður Hóladómkirkju.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til að vera áheita- og minningarsjóður, og er stofnfé sjóðsins 1100.00 kr. peningagjöf frá prestum í Hólastifti hinu forna.

3. gr.

Til eflingar sjóðnum er tekið á móti áheitum, minningargjöfum, frjálsum sam-
skotum og öðrum gjöfum, sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að prýða Hóladómkirkju og umhverfi hennar og merkja
staði, sem minna á þá höfuðbiskupa, sem þar hafa setið.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar, sem sjóðsstjórnin á hverjum tíma telur tryggilegt.
Stofnfé sjóðsins má eigi skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn:

Prófasturinn í Skagafjarðarprófastsdæmi,

Sóknarpresturinn að Hólum,

Formaður sóknarnefndar Hólasóknar.

Fari svo, að sóknarpresturinn að Hólum sé kjörinn héraðsprófastur Skaga-
fjarðarprófastsdæmis, tekur skólastjóri búnaðarskólans að Hólum sæti hans í stjórn-
inni. Stjórnin kys sér formann og skiptir með sér störfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn. Enn fremur skrá yfir
eignir hans og tekjur. Reikning sjóðsins skal árlega leggja fyrir héraðsfund prófasts-
dæmisins til endurskoðunar og samþykktar. Reikning sjóðsins skal birta árlega í
Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

F. h. Hólanefndar.

Guðbr. Björnsson,

p. t. formaður.

2
2. jan.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hellissands.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæðar um þorpið, samkvæmt staðfestum skipulagsuppdraetti, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum á eigin kostnað. Sé um langa leiðslu að ræða, greiðir hreppsnefnd mismun á kostnaðarverði pípa er því nemur, sem þau þurfa að vera gildari en ½ þuml., ef 2 eða fleiri húseigendur hafa samtök um sameiginlega stofnlögn.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmenn og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hellissands, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um.

5. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsveitum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiði ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

2

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt kr. 365.00 á ári og 1% af fasteignamati húsa. Auk þess skal greiða kr. 200.00 fyrir hverja íbúð, sem búð er í umfram eina í hverju húsi, enn fremur kr. 50.00 fyrir hvern nautgrip, en hálf gjald fyrir vetrung. Sé vatn notað til annars en almennra heimilisþarfa, svo sem í sláturhús, söltunarhús og beitingahús, skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd, þó ekki undir 150.00 á ári miðað við ½" vatnshana.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti af húseigninni. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki án tillits til eigendaskipta.

Fyrir vatnsnotkun þá, er þegar hefur farið fram, greiðist hlutfallsgjald frá þeim tíma, er húseigandi fékk vatn í hús sitt, til næstu áramóta.

12. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 20% (20 af hundraði).

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 500.00 sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 21. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir veiðifélag Hrútafjarðarár og Síkár.

3

7. jan.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hrútafjarðarár og Síkár. Er félagssvæðið Hrútafjarðará að Réttarfossi, Síká að næsta fossi fyrir ofan Gránes og Miklagil að neðsta fossi.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns á hverjum tíma, enda sé hann búsettur á félagssvæðinu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd í ánum með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma og vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar í þeim og leigja þær til stangaveiði.

3
7. jan.

3. gr.

Félagsmenn eru ábúendur allra jarða á félagssvæðinu, en þær eru:

- a. v/ Hrótafjarðarár:
Brandagil, Staður, Hrutátunga, Óspaksstaðir, Grænumýrartunga, Melar, Fjarðarhorn, auk þess Landssími Íslands fyrir landi símastöðvarinnar við Hrótafjarðará og Bæjarhreppur v/ eyðijarðarinnar Gilhaga.
- b. v/ Síkár:
Bálkastaðir, Foss, Hrutátunga.
- c. v/ Miklagils, er fylgir Hrótafjarðará í leigu:
Grænumýrartunga og Gilhagi.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er stjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til umræðu.

Heimilt er að aðskilja Hrótafjarðará og Síká til leigu og skal þá hvor þeirra hafa sína raunverulegu réttu leigu.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt varamönnum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi verið þrjú undanfarin ár í stjórninni.

7. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með störfum þess og fjárreiðum öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

8. gr.

Hverjum félagsmanni getur stjórnin falið sérstök störf, sem sé meðal annars að hafa eftirlit með ánum, ef þurfa þykir.

9. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur sé hann boðaður með að minnsta kosti fjögurra daga fyrirvara og fundarboði hagað svo sem tíðkast í hlutaðeigandi sveitum.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá gerðum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn þá. Þá kys aðalfundur tvo endurskoðendur ásamt varamönnum til þriggja ára.

Aðalfundur ákveður laun stjórnarinnar.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum félagsins, nema um breytingu á samþykktinni eða félagsslit, sbr. 14. og 15. gr.

10. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

3

7. jan.

12. gr.

Arði af veiði hvorrar ár, Hrutafjarðarár og Síkár, skal skipt niður á félagsmenn eftir arðskrá, sem samþykktar eru af málsaðilum (veiðieigendum) hvorrar ár á aðalfundi og undirritaðar af a. m. k. $\frac{2}{3}$ rétttra hlutaðeigenda. Gilda þær til 5 ára. Er þeim, sem telur sig vanhaldinn um skiptingu arðs, heimilt að krefjast mats, samkv. 65. og 84. gr. laga nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði. Náist ekki samkomulag um nýjar arðskrár að 5 árum liðnum, gilda gömlu arðskrárnar áfram. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða refsingu samkv. lögum nr. 112 frá 1941.

14. gr.

Samþykktinni má breyta, ef $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna eru breytingunni samþykkir, og hafi hennar verið getið í fundarboði.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. janúar 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir menntaskóla, nr. 175 27. september 1951.

4

8. jan.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 44. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til þess að nemandi standist árspróf 1. bekkjar, má fullnaðareinkunn hans ekki vera lægri en 5.50, í öðrum bekkjum 5.00.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 58 frá 1946 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. janúar 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

5
9. jan.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í Seyðisfjarðarkaupstað skal árlega leggja á fasteignaskatt í bæjarsjóð. Skal hann lagður á eftir gildandi fasteignamati á hverjum tíma og vera sem hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, greiðist 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum greiðist 0.4%.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af notanda.

3. gr.

Skatturinn greiðist af heilum hundruðum króna af fasteignamatsverði, en því, sem umfram er, skal sleppa. Nái matsverðið ekki 100 krónum, þá greiðist enginn skattur.

4. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. september ár hvert, og greiðist helmingur á hvorum gjalddaga. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum. Skatturinn hvílir sem lögveð á fasteignum þeim, sem hann er lagður á, og skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, í tvö ár frá gjalddaga. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur í bruna-bótafjárhæð hússins.

Skattinn má taka lögtaki.

5. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjarsjóðs, nema leigulóðir, enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, elliheimili, barnahæli og sjúkrahús. Sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

6. gr.

Að öðru leyti fer um skattálagningu þessa samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945 til að öðlast þegar gildi, og kirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 183 frá 19. sept. 1945.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ**um skemmtanaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.**

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 1918, sbr. lög nr. 30 1922 og lög nr. 61 1938, skal greiða í bæjarsjóð Seyðisfjarðar skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, enda sé aðgangur að þeim seldur, og þær ekki undanþegnar skatti að lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar, upplestrar og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgangseyri, og 20% af skemmtunum í 2. flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða gjaldið við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Bæjarstjóri eða bæjarstjórn veita undanþágu frá skattgreiðslu, er sérstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

5. gr.

Bæjarstjórn hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún ræður sérstakan eftirlitsmann skemmtana, til að fara með þessi störf fyrir sína hönd.

6. gr.

Aðgang að skemmtunum má ekki selja, án þess að afhentir séu aðgöngumiðar, stimplaðir af eftirlitsmanni skemmtana, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann endurgreiði fullt andvirði þeirra.

7. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna eftirlitsmanni skemmtana hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina. Eftirlitsmaður getur gert eftirtalin atriði að skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða:

1. Að aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt, þegar þeir eru notaðir, þannig að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangskaupandi hinum.

- 6 2. Að honum sé afhent sem tryggingarfé fjárupphæð, er svarar til skemmtana-
 9. jan. skatts af öllum hinum stimpluðu miðum.
3. Að ekki annist aðrir dyravörzlu að skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleyppa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða, stimplaðan skemmtana-skattsstimplinum, að þeir skuli afhenda eftirlitsmanni alla þá aðgöngumiða, sem þeir taka á móti við innganginn og að þeir skuli gæta þess, að ekki sé farið í kringum reglugerð þessa, t. d. með því, að gert sé að skilyrði fyrir aðgöngu að skemmtun, að menn greiði félagsskírteini, félagstillög, merki eða annað þess háttar.

8. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skatts af henni. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Náist ekki til forstöðumanns, ber umráðamaður húsnæðis þess eða leikvangs, þar sem skemmtun var haldin, ábyrgð á greiðslu skattsins.

9. gr.

Næsta virkan dag eftir að skemmtun var haldin, skal forstöðumaður hennar afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, sem stimplaðir voru, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum miðum, sem notaðir hafa verið. Jafnframt endurgreiðir eftirlitsmaður honum tryggingarfé það, sem honum kann að hafa verið gert að afhenda, sbr. 2. lið 7. gr.

10. gr.

Eftirlitsmaður skemmtana færir inn í sérstaka bók nafn forstöðumanns, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin. Á eftir því, sem skráð er í bókina um hverja skemmtun, skal ætla nægilegt rúm til þess að innfæra þar fjölda miða þeirra, sem afhentir eru forstöðumanni til sölu, gegn kvittun hans, ritaðri í bókina, að innfæra þar miða þá, sem ekki seljast og skilað er aftur, og að innfæra útreikning skattsins af seldum miðum. Nú fellur leyfi til skemmtunar niður, og skal þess þá getið í bókuninni. Nú sannar forstöðumaður fyrir eftirlitsmanni á þann hátt, sem hann telur fullnægjandi, að nokkru af miðum hafi verið útbýtt ókeypiss, og er þá rétt, að ekki sé greiddur skattur af þeim miðum, ef eftirlitsmaður telur þá miða í skemmtanaskattsbókinni meðal skilaðra miða.

11. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í bæjarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum. Ákveður bæjarstjórnin eftir hver áramót, hversu innheimtum skatti síðasta árs skuli varið til eflingar menningarstarfsemi í bænum.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 9. janúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

REGLUGERÐ

um söluskatt.

7

10. jan.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1953, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1953, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

Söluskattur af innfluttum vörum.

2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Sildarkrydd, blandað.
10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
12	5	Alfaalfamjöl (lucernemjöl).
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
	25	Krít, þvegin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	14	Steinolía, óhreinsuð (hráolía).
	15	Flugvélabenzín.

7 Tollskrá:

10. jan. Kafli. Nr.

	17	Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.
	18	Smurningsolíur.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
30	2	Barkarlitur.
32	6	Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—10	Tilbúinn áburður.
36	1	Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
40	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	1	Korkplötur, óunnar.
	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	11	Dagblaðapappír.
	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m ² .
	33	Vaxhornar pappabúðir, einnig tilsníðnar.
45	3	Dagblöð, vikublöð og tímarit.
	6	Frímerki íslenzk, ónotuð.
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvilík verðbréf.
	20a	Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áletrunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings.
46B	1	Óspunnir nylonþræðir til netagerðar.
	5	Netjagarn úr nylon, einlitt.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Öngultaumar.
	17	Grastóg.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslóngur úr nylon og öðrum gervíþráðum.
19a		Fiskinet og fiskinetjaslóngur úr öðrum vefjarefnum.
50	21	Netjateinungar úr blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl og sams konar pokar utan um netjagarn.
60	15	Netjakúlur.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.

Tollskrá:
Kafli. Nr.

7
10. jan.

63	11	Gjarðajárn.
	27	Virkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	85	Blikkdósir og blikkkassar með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járn, ót. a.
	97	Netjakúlur.
64	13	Veifarfaralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur.
67	5	Blýlóð (sökku).
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um innlendar landbúnaðar- og sjávarafurðir eða aðrar íslenskar afurðir til útflutnings.
73	78	Röntgentæki og hlutar til þeirra.
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífar og tilheyrandi.
	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.
	4	Herpinótabátar.
77	16	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.
82	8	Umbúðablöð úr tilbúnum mótanlegum efnum, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenskar afurðir til útflutnings.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frímerki, ót. a., og önnur slík merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaupunum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit, reglugerðar nr. 123/1938, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

Söluskattur af sölu og annarri veltu.

5. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 6/1935, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.

Innkaupastofnun ríkisins.

Kvikmyndahúsarekstur.

Landssmiðjan.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Ríkisútvarpið.

- 7 Útgerð skipa.
10. jan. Viðgerðarstofa útvarpsins.
Viðtækjasmiðjan.
Viðtækjaverzlunin.

6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

A.

1. Heildsala, en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu og skal af slíkri sölu eða veltu greiða 3% samkvæmt b-lið 7. gr.
2. Umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðssala er að öðru leyti söluskattskyld og miðast skatturinn þar við heildarandvirði það, sem umboðssalinn tekur við. Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans.

B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum og sala trékassa og pappaumbúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskúttflytjenda.

C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Bifreiðaakstur.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum og kolum og salti.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnæðis.
6. Iðgjaldatekjur váttryggingarféлага.
7. Netagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkrahúsa.
10. Prentun blaða, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.
Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
13. Skóviðgerðir.
14. Smíði á nótabátum.
15. Tannlækning og tannsmíði.
16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs brauðs með kjótáleggi eða þess háttar.

18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
19. Slátrun búfjár.

7
10. jan.

7. gr.

Af sölu og annarri veltu skattskyldra aðila skal greiða söluskatt eins og hér segir:

- a. Af smásölu 2%.
- b. Af annarri sölu 3%.

Skattskyldan tekur jafnt yfir sölu á vörum sem vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist. Skatturinn miðast við heildarandvirði vöru, án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að greiða og halda eftir, og án tillits til þess í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Þá skal og meðtalinn sá hluti veltu, er stafar af einkanotum atvinnurekenda.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskylt lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

8. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júni, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna rikissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísa greiðslu skattsins til innheimtumanns rikissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

9. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til rikisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins

7 né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er
10. jan. lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni
nemur.

10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112/1950 og lögum nr. 106/1952, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

8

14. jan.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Þingeyrarhreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að og eigi eru að lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

8

14. jan.

- a. Dansleikir og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og eru ekki taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður. Skatturinn er hundraðshluti af inn-gangseyri.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskygni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina. Eigi seinna en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, en ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Þingeyrarhrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum.

Mál, sem kunna að rísa út af reglugerð þessari, skal fara með sem opinber mál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 14. janúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

9
14. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 47 8. apríl 1949.

41. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 80 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestir og 20 aura fyrir hverja rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúml., og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúml. og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
Sama gjald skal og greiða fyrir leiðsögu frá ytri höfninni til Skerjafjarðar, einnig frá Skerjafirði á ytri höfn.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 20 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald sankv. 39. gr., greiða 6 krónur í hafnsögusjóð.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og breyting á sömu lögum, nr. 41 5. apríl 1948, svo og lögum um hafnsögu í Reykjavík, nr. 27 22. nóvember 1918, til að öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

10
17. jan.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, nr. 62 14. júní 1930, sbr. breytingar nr. 126/1946 og nr. 101/1951.

1. liður gjaldskrárinnar orðist þannig:

Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði 1% af fasteignamatsverði húseigna sinna.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1953.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR

11

20. jan.

um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

Efnisyfirlit.

	Bls.
Inngangur, 1.—5. gr.	17
I. kafli. A. Smíði skipa, almenn ákvæði, 6.—10. gr.	21
B. Um fyrirkomulag á og undir þilfari o. fl., 11.—46. gr.	26
II. kafli. A. Vélar, almenn ákvæði, 47.—49. gr.	37
B. Katlar, eimleiðslur og annar búnaður, 50.—67. gr.	39
C. Sérstök ákvæði um oliukynta katla, 68.—79. gr.	44
D. Túrbinukerfi, 80.—86. gr.	47
E. Mótorkerfi, 87.—102. gr.	48
III. kafli. Rafmagn, 103.—127. gr.	54
IV. kafli. Fjarskiptitæki, 128. gr.	63
V. kafli. A. Siglingatæki o. fl., 129.—140. gr.	63
B. Bjargtæki, 141.—143. gr.	66
VI. kafli. Opnir bátar, 144. gr.	71
VII. kafli. A. Björgunarbátar, 145.—150. gr.	72
B. Bjargbelti o. fl., 151.—159. gr.	77
VIII. kafli. Eldvarnir í skipum, sem alþjóðareglur ná ekki til, 160.—166. gr.	80
IX. kafli. A. Vistarverur skipshafnar, 167.—198. gr.	84
B. Vistarverur farþega, 199.—200. gr.	93
C. Heilbrigðismál, 201.—204. gr.	94
X. kafli. Skoðun skipa og skipsskjöl, 205.—235. gr.	96
XI. kafli. Varahlutar, 236. gr.	105
XII. kafli. Refsingar, 237. gr.	107

Inngangur.

1. gr.

Skoðunarskyld eru öll íslenzk, skrásetningarskyld skip, svo og önnur skip eða fleytur, sem ráðherra kann að ákveða í reglugerð, að skoðunarskyld séu.

Orðaskýringar.

Aðalvélar eru þær vélar, sem knýja skipið.

Aukavélar eru allar aðrar vélar skipsins, sem knúnar eru vélaafli.

Breidd skips (breadth of ship) er mesta breidd þess á miðri lengd.

Evrópskt farsvið, til þess teljast einnig strendur þeirra landa, við Miðjarðarhaf og Svartahaf, sem ekki teljast til Evrópu.

Farþegarúm (passenger space) er rúm, sem ætlað er fyrir farþega, að frá-dregnum farangurs-, geymslu-, matvæla- og póstklefum.

Farþegaskip er hvert það skip, sem flytja má fleiri en 12 farþega.

Fiskiskip er hvert það skip, sem hefur fiskveiðaskirteini.

Fleytitæki (bouyant apparatus) eru tæki, sem fleytt geta ákveðinni tölu fólks í vatni og þannig gerð, að ekki breytist við það lögun þeirra né kostir.

Flokkað skip er skip, sem hefur gilt flokkunarskirteini frá einhverju þeirra flokkunarfélaga, sem íslenska ríkið hefur viðurkennt.

Gerðartalan (the criterion numeral) er tala, sem notuð er til að ákveða hólf-lengdartölu skips.

11 *Sýnd hestöfl* (indiceruð) (S. H.), eins og þau eru eða síðar verða ákveðin af 20. jan. skipaefirliti ríkisins.

Hemluhestöfl (H. H. Ö.), eins og þau eru eða síðar verða ákveðin af skipaefirliti ríkisins.

Hleðslumerkjapílfar er það pílfar, sem hleðsluborðið er miðað við.

Hólfunarhleðslulína (subdivision loadline) er sjólinna sú, sem lögð er til grundvallar, þegar ákveða skal vatnshelda hólfun skips.

Járn; með orðinu járn er einnig átt við stál.

Katlar með háþrýstingi eru katlar, þar sem vinnuþrýstingur má vera 10,5 kg/cm² eða meira.

Látún er sambland af eir og zinki.

Lengd skips (length of ship) er sú lengd, sem tilgreind er í skrásetningar-skirteini þess.

Stærð skips (lestatal — tonnage) er mæld í brúttó rúmlestum.

Mótorskip með hjálparseglum er skip, sem knúið er bæði með vél og hjálparseglum.

Mótorfiskiskip er hvert það mótorskip, sem hefur fiskveiðaskirteini.

Opið skip er skip, sem ekki er varið með aðalþilfari gegn ágangi sjávar.

Rísta (draught) er dýptin frá efri brún kjalar, miðskipa, að yfirborði sjávar.

Rúmlestir; með orðinu rúmlestir er átt við brúttórúmlestir, nema annað sé tekið fram.

Takmarkalína (the margin line) er lína á skipshlið, samhliða skiljuþilfari, og að minnsta kosti 76 mm (3") neðan við efri brún þess.

Vélarúm (machinery space) er rúm frá efri brún kjalar að takmarkalínu og milli hinna yztu vatnsheldu skilja, sem takmarka þau rúm, sem ætluð eru fyrir aðalvélar og aukavélar þær, sem knýja skipið, katla, ef þeir eru, og allar kola-geymslur, sem sambyggðar eru skipinu.

Skiljuþilfar (bulkhead deck) er efsta þilfar, sem efri brún hinna vatnsheldu skilja nær að.

Skip, sem ætluð eru til sérstakra nota, eru dýpkunarskip, fljótandi lyftikranar, sandsugur o. fl.

Strandferðir eru ferðir meðfram ströndum Íslands.

Aðalviðgerð er:

a. Meiri háttar viðgerð, sem gerð er eingöngu vegna aldurs skipsins, fram yfir venjulegt viðhald og sem miðar að því að lengja aldur skipsins, en er ekki viðgerð á tjóni, sem skipið hefur orðið fyrir.

b. Meiri háttar breyting eða viðgerð, þannig að tilkostnaðurinn nemi miklum hluta af verði skipsins.

c. Séu aðalvélar eða katlar settir í skipið, eða fari fram meiri háttar viðgerð á aðalkatli, t. d. að samtímis sé endurnýjað glóðarhol og bálhol.

Siglingar innanfarða eru þær, er hér segir:

Faxaflói: Fyrir innan línu „Akranes—Gróttla“.

Breiðfjörður: Fyrir innan línu „Stykkishólmur—Flatey—Lambanes á Barða-strönd“.

Vestfirðir: Allir Vestfirðir, hver fyrir sig, út að annesjum þeirra.

Strandir: Allir firðir á Ströndum, hver fyrir sig, út að annesjum þeirra.

Húnaflói: Fyrir innan línu „Grimsey—Illugastaðir á Vatnsnesi“.

Skagafjörður: Fyrir innan línu „Selvík—Þórðarhöfði“.

Eyjafjörður: Fyrir innan línu „Gjögurtá—Torfavogur“.

Austfirðir: Allir Austfirðir, hver fyrir sig, út að annesjum þeirra.

2. gr.

Framkvæmd eftirlitsins.

11

20. jan.

Þar sem ákvæði reglna þessara taka til skipa, sem alþjóðasamþykktin um öryggi mannlífa á hafinu, frá 10. júní 1948, nær einnig til, skal beita þeim reglum, sem lengra ganga.

Skoðunarskyld eru öll íslensk skip og bátar, sem eru 6 metrar eða lengri, mæld milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða, svo og önnur skip eða fljótandi för, eftir því sem ráðherra kann að ákveða.

Hvert skip skal vera nægilega sterkt til þeirra nota, sem það er ætlað.

Nýsmíði skipa og viðgerðir eru háðar eftirliti skipaeftirlits ríkisins.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzkan aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða íslenzkur aðili verður með öðrum hætti eigandi erlends skips, og skal hann þá áður en byrjað er á smíðinni eða áður en hann verður eigandi að erlendu skipi, hafa fullnægt ákvæðum D-liðs 38. gr. laga nr. 68 '5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Svo skal líta á sem skip og bátar, sem flokkuð eru í flokkunarfélögum, viðurkenndum af ráðherra, hafi, meðan þau halda flokki, fullnægt kröfum þessarar reglugerðar, um styrkleika bols og véla, styrkleika og heldni skiljanna, varahluti og verkfæri, sem heyra til bol skipsins, með því, sem honum fylgir.

Skipaskoðunarstjóri getur falið viðurkenndu flokkunarfélagi, stofnun eða öðrum, sem hann telur til þess hæfa, eftirlit með smíði á óflokkuðu skipi erlendis.

Eftirlit með smíði eða viðgerðum á flokkuðu skipi annast flokkunarfélag það, sem skipið er í, enda sé það viðurkennt af íslenzku ríkisstjórninni.

Þegar skipasmíðastöð eða vélsmiðja hefur tekið óflokkað skip til viðgerðar og fengið fyrirmæli eiganda eða skipstjóra um, hvað gera skuli við skipið, skulu verktakar þegar tilkynna skipaskoðunarstjóra — eða umboðsmanni hans, sé skipið utan Reykjavíkur, — ef um er að ræða viðgerð, sem komið getur til mála, að varði öryggi skipsins. Er þá skipaskoðunarstjóra eða umboðsmanni hans skylt að hlýða því kalli og hafa eftirlit með, að verkið verði þannig af hendi leyst, að öruggt sé, hvort sem þar er um að ræða skipið sjálft, búnað þess eða vél. Ef einstaklingar, sem hafa ekki sérstaka skipasmíðastöð, taka að sér smíði eða viðgerð á skipi, búnaði þess eða vél, hvíla á þeim sömu skyldur og skipasmíðastöðvum samkvæmt framan-sögðu.

3. gr.

Gildi reglnanna um ný og gömul skip.

Reglur þessar ná til allra íslenzkra skipa, sem smíðuð eru eftir að þær öðlast gildi.

Um skip, sem smíðuð eru áður en reglur þessar taka gildi, skal ekki gera strangari kröfur, að því er lýtur að smíði, en gert var fyrir gildistöku reglna þessara.

Einnig má gera vægari kröfur en gert hefur verið um styrkleika bolsins í gömlum skipum, sem notuð eru til síldveiða hér við land, á tímabilinu 1. júní — 1. október.

4. gr.

Jafngildi.

Þegar í reglum þessum er ákveðið, að einhver nánar tiltekin skipan skuli höfð, búnaður eða tæki hvers konar sett í skipið eða vera um borð, enn fremur að gripið skuli til einhverra sérstakra ráðstafana, getur skipaeftirlitið í stað þess fallið á aðra skipan, búnað eða tæki hvers konar, þá og aðrar ráðstafanir, hafi hún að vel rannsókuðu máli komið að raun um, að hin nýja skipan, búnaður,

11 tæki hvers konar eða ráðstöfun séu engu síður hagkvæm en þau, sem kveðið er á 20. jan. um í reglum þessum.

Viðurkenning á bol, vélum og búnaði.

5. gr.

1. Farþegaskip.

Farþegaskip í smíðum eða endursmíðum skal hljóta viðurkenningu skipa-
eftirlits ríkisins, að því er snertir þá hluta bols, véla og búnaðar, er varða öryggi
mannslífa í þeim ferðum, sem skipinu er ætlaðar. Á sama hátt skulu farþegaskip,
sem keypt eru frá öðrum löndum, hljóta viðurkenningu, áður en taka megj þau
í notkun.

Þegar þörf gerist viðurkenningar skipaeftirlits ríkisins á bol skipsins, vélum
þess og búnaði, skal senda því, svo fljótt sem auðið er, nauðsynlegar upplýsingar,
teikningar, lýsingar og útreikninga.

Kröfur um upplýsingar eru sem hér greinir:

Almennar upplýsingar.

1. Útgerðarfélag.
2. Flokkur og flokksmerki.
3. Hið fyrirhugaða farsvið.
4. Hin fyrirhugaða tala farþega.

Bolur með búnaði.

5. Smíðastaður og smíðaár.
6. Smíðanúmer.
7. Fyrirkomulagsteikning, sjá einnig 198. gr.
8. Miðbandsteikning.
9. Línuteikning.
10. Útreikningsbogar, stöðugleika- og flothæfnisreikningar.
11. Slökkvifyrirkomulag.

Vélakerfið.

12. Smíðastaður og smíðaár.
13. Tegund véla.
14. Tala aðalvéla.
15. Tala strokka.
16. Þvermál strokka.
17. Slaglengd.
18. Tala snúninga á mínútu.
19. Tegund gangskiptitækis.
20. Lágþrýsti-eimtúrbína.
21. Hin einstöku austurtæki, afköst þeirra og fyrirkomulag.

Ketilkerfið.

22. Smíðastaður og smíðaár.
23. Tegund og tala katla og til hvers notaðir.
24. Kynding.
25. Ketilþrýstingur.
26. Samanlagður hitaflötur aðalkatlanna við vanalega vatnshæð.
27. Upplýsingar um, hvort aðalkatlar eru með yfirhiturum, svo og hvort þeir
eru útbúnir fyrir vélsúg.

Slökkviútbúnaður.

28. Lýsing á fyrirkomulagi og útbúnaði til að slökkva eld.

11

20. jan.

Fjarskiptitæki.

29. Tegund aðal- og neyðarsendistöðvar og inngangsafl (primare effekt).

30. Staðsetning neyðarorkugjafans, notkun og álag.

Sérstakar upplýsingar um túrbínukerfi.

1. Áfram-túrbínur, tala og tegund.
 - snúningstala hveurrar skrúfu á mínútu.
 - hestöfl (HHÖ).
2. Afturá-túrbínur, tala og tegund.
 - hestöfl (HHÖ).
3. Tilhögun á stjórn vélar.

Sérstakar upplýsingar um mótorkerfið.

1. Tegund.
2. Tala strokka.
3. Þvermál strokka.
4. Slaglengd.
5. Tala snúninga á mínútu.
6. Tegund eldsneytis.
7. Ráðstafanir til að auka meðalvinnuþrýsting (vatni spýtt inn, brennslu-lofti hleypt á með þrýstingi eða á annan hátt).
8. Með hvaða hætti skrúfunni er stjórnað til að taka aftur á eða áfram.
9. Raflagnir.

2. Önnur skip og för.

Skipaæftirlit ríkisins getur, að því er lýtur að bol, vélum o. fl. í skipum, sem eigi eru farþegaskip og hvort sem þau eru knúin vél eða ekki, krafizt hliðstæðra upplýsinga við ákvæði þau, er að framan greinir, þyki þær eftir atvikum og ástæðum nauðsynlegar. Á þetta einnig við um efni bolsins, gerð og notkun vélakerfisins, hlutverk skipsins o. fl.

I. KAFLI**A. Smíði skipa.****Almenn ákvæði.****6. gr.***Farþegaskip.*

I. 1. Þar sem annað er ekki tekið fram, á þessi kafla við um ný skip.

2. Á hverju því farþega- og flutningaskipi, sem til er og eigi fullnægir þeim kröfum, sem gerðar eru í kafla þessum til nýrra skipa, skal skipaæftirlit ríkisins athuga allt fyrirkomulag og hvað gera megi til aukins öryggis, eftir því sem hægt er og sanngjarnt.

3. Farþegaskip telst nýtt, ef kjölur þess hefur verið lagður 19. nóvember 1952 eða síðar.

Flutningaskip, sem breytt er í farþegaskip 19. nóvember 1952 eða síðar, telst og nýtt. Öll önnur farþegaskip kallast gömul.

Vöruflutningaskip telst nýtt, ef kjölur þess hefur verið lagður 19. nóvember 1952 eða síðar.

11 20. jan. II. Nú telur skipaskoðunarstjóri einstök ákvæði kafla þessa ónauðsynleg eða ósanngjörn vegna hagstæðs veðurfars eða ferðaskilyrða, og er honum þá heimilt að leysa undan þessum ákvæðum sérstök íslenskt skip eða flokk skipa, sem á leið sinni sigla ekki lengra en 20 sjómíllur frá næsta landi.

III. Farþegaskip þau, sem heimilað er samkvæmt 22. gr. III. kafla alþjóðasamþykktarinnar frá 10. júní 1948, um öryggi mannlífa á hafinu, að flytja fleiri farþega en burðarmagn björgunarbáta leyfir, skulu fullnægja hinum sérstöku ákvæðum um hólfun, sem tilgreind eru í II. kafla 5. gr. e., og þeim nátengdum sérákvæðum um tekt, í 4. gr. d. áður nefndar alþjóðasamþykktar, nema skipaefirliti ríkisins þyki sannað, með tilliti til eðlis ferðarinnar og ferðaskilyrða, að öðrum fyrirmælum í greinum þessa kafla sé fullnægt.

IV. Þegar í hlut eiga farþegaskip í förum með mikinn fjölda farþega, er engar hvílu hafa, svo sem títt er t. d. í pílagrimsferðum, getur skipaskoðunarstjóri, ef honum þykir ókleift að beita ákvæðum þessa kafla, veitt skipum þessum, séu þau íslensk, undanþágu frá fyrrgreindum ákvæðum, með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að svo ströng fyrirmæli skuli sett um smíði, sem slíkir flutningar frekast leyfa.

2. Að ráðstafanir séu gerðar til að semja almennar reglur, er átt geti við um aðstæður til þess háttar flutninga. Skal semja þær reglur í samráði við aðrar samningsbundnar ríkisstjórnir, er hafa kynnu hug á slíkum farþegaflutningum.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar samþykktar, skulu *Simla Rules* frá 1931 vera áfram í gildi milli þeirra aðila, sem viðurkennt hafa þær reglur, unz reglur þær, sem um getur í 2. tölul. IV. liðar hér að framan, hafa gengið í gildi.

7. gr.

Skut-, stafn- og vélarrúmsskiljur, ásgöng o. fl.

(Greinarnar 7 til 10 gilda eingöngu um farþegaskip.)

I. 1. Í skipi skal vera stafnskilja, vatnsheld upp að skiljuþilfari. Skal skilja þessi vera svo fjarri fremri hornréttu línunni (perpendikulær) að nemi a. m. k. 5% af skipslengdinni og þó ekki fjær en 3.05 m (10 ensk fet) + 5% af skipslengdinni.

2. Nú er löng yfirbygging frammi í skipinu, og skal þá stafnskiljan gerð veðurtrygg að næsta þilfari ofan skiljuþilfarsins. Þessi hækkun stafnskiljunnar þarf ekki að lenda beint upp af hinni, svo framarlega sem hún er a. m. k. 5% af skipslengdinni frá fremri hornréttu línunni og sá hluti skiljuþilfarsins, sem myndar þrepið, er örugglega veðurtryggur.

II. Með sama hætti skal vera skutskilja og skiljur, er skilji vélarrúmið, svo sem það er skýrgreint í 1. grein, frá farm- og farþegarúmum frammi á og aftur á, skulu þær gerðar vatnsheldar upp að skiljuþilfari. Þó þarf skutskilja ekki að ná að skiljuþilfari, ef öryggi skipsins, að því er lýtur að hólfum þess, rýrnar ekki fyrir vikið.

III. Skutpípur skulu alltaf vera í vatnsheldum rúmum, miðlungi stórum. Skal þéttidós komið fyrir í vatnsheldum ásgöngum, eða öðru vatnsheldu rúmi, sem aðskilið er frá rúmi því, sem skutpípan er í, og þeirrar stærðar, að takmarkalínan fari ekki í kaf, þótt það sökum leka í þéttidósinni fyllist af vatni.

8. gr.

Botnhylki.

I. Tvöföldum botni skal komið fyrir, er nái frá stofnskilju að skutskilju, ef við verður komið og samrýmanlegt er gerð og hlutverki skipsins.

1. Skip, sem eru a. m. k. 61 m (200 ensk fet) á lengd, en þó minni en 76 m

(249 ensk fet), skulu búin botnhylki, er nái að minnsta kosti frá vélarrúmi að 11 stafnskilju eða svo nálægt henni, sem framast er unnt. 20. jan.

2. Skip, sem eru að minnsta kosti 76 metrar (249 ensk fet) á lengd, en þó minni en 100 metrar (330 ensk fet), skulu að minnsta kosti búin botnhylki utan vélarrúms; skal botnhylki þetta ná til stafn- og skutskilja eða svo nálægt þeim sem frekast er unnt.

3. Skip, sem eru 100 metrar (330 ensk fet) að lengd eða enn lengri, skulu vera með botnhylki um miðbik skips, er nái að stafn- og skutskilju eða svo nálægt þeim sem unnt er.

II. Þar, sem botnhylkja er krafizt, skal innri botninn ná svo langt út til hliðanna, að botninn sé varinn að húfi. Sú vörn er talin nægileg, ef skurðarlinan milli ytri brúna botnhylkisins og húfþynnanna liggur hvergi undir láréttum fleti, sem gengur gegnum þann punkt, þar sem miðbandið í skipinu sker þverskips miðlínu (diagonal line), sem myndar 25° horn við grunnlínuna og sker hana í punkti, sem liggur í hálftrar skipsbreiddar fjarlægð frá miðlínu skipsins.

III. Litlir brunnar, sem gerðir eru í botnhylkjunum, ætlaðir fyrir sogpípu austurdælunnar, mega ekki vera dýpri en nauðsynlegt er, og ekki vera minna en 457 millimetra (18 enska þumlunga) frá ytra botni eða innri brún hliðarplötu botnhylkisins. Heimilir eru þó brunnar í afturenda ásganga á skrúfuskipum, enda þótt þeir nái niður að ytri botni. Aðra brunna (svo sem undir aðalvél til geymslu á smurningsolíu) getur skipaskoðunarstjóri leyft, ef sannað er, að slíkt fyrirkomulag veiti jafnmikið öryggi og krafizt er með tvöföldum botni samkvæmt grein þessari.

IV. Ekki þarf tvöfaldan botn, þar sem um lítil vatnsheld hólf er að ræða, sem eingöngu eru notuð til að flytja fljótandi farm, en þó því aðeins að öryggi skipsins, ef um botn- eða hliðarskemmd er að ræða, sé í engu rýrt að mati skipaskoðunarstjóra.

V. Þegar í hlut eiga skip, er lúta ákvæðum d-liðar í 6. grein þessa kafla og eru í reglubundnum stuttum millilandaferðum, svo sem þær eru skýrgreindar í 2. grein III. kafla alþjóðasamþykktarinnar frá 10. júní 1948, getur skipaskoðunarstjóri leyft að sleppa tvöföldum botni hvarvetna í skipinu, þar sem það er hólf að samkvæmt tölu, sem eigi fer fram úr 0,50, ef sannað er, að tvöfaldur botn samþýðist ekki, í þeim hluta skipsins, gerð þess og eðlilegu hlutverki.

9. gr.

Op í vatnsheldum skiljum.

I. Tala opa í vatnsheldum skiljum skal bundin við lágmark, er samræmst getur allri gerð skipsins og hagkvæmri nýtingu þess. Skulu op þessi vera búin fullkomnum lokunartækjum.

II. 1. Þar sem pípur, fráresi, raftaugar o. s. frv. eru leiddar gegnum vatnsheldar skiljur, skulu ráðstafanir gerðar til að tryggja að vatnsheldni skiljanna hafi í engu þorrið við það.

2. Lokur og lásar, sem eigi eru hluti af pípukerfi, skulu ekki leyfðir í vatnsheldum skiljum.

III. 1. Engar dyr, mannsmugur eða inngangsop má hafa

a. á stafnskilju neðan takmarkalínu,

b. á vatnsheldum þverskiljum, er skilja eitt farmrúm frá öðru eða frá aðal- eða varakolarúmi, með þeim undantekningum, er um getur í VII. lið þessarar gr.

2. Að undanskildum ákvæðum III. tölul. 3. hér á eftir, má ekki leiða nema eina pípu gegnum stafnskilju neðan takmarkalínu til þess að ausa stafnhylkið, en þó að því tilskildu að þessi pípa sé með loka, sem loka megi frá einhverjum stað

11 ofan skiljuþilfars og skal lokahúsið vera fest á stafnskiljuna í stafnrúminu innan-
20. jan. verðu.

3. Ef stafnhylki er skipt, svo að geyma megi í því tvenns konar vökva, getur skipaskoðunarstjóri leyft að leggja 2 pípur gegn stafnskiljuna neðan takmarka-
linu og sé hvorritveggju komið fyrir í samræmi við 2. tölul. III. hér að ofan, enda sé skipaskoðunarstjóri sannfærður um, að annarri pípunni verði ekki öðruvísi hag-
anlega fyrir komið og öryggi skipsins sé tryggt, ef litið er á viðbótarhólfunina í stafnhylkinu.

IV. 1. Vatnsheldar hurðir í skiljum milli aðal- og varakolageymslna skulu
alltaf vera aðgengilegar, nema um kolahurðir á milliþilfari sé að ræða, sbr. IX. lið,
1—2.

2. Fullnægjandi ráðstafanir skulu gerðar með hlífum eða öðrum ráðum til
þess að varna því, að kolin trufli lokun hinna vatnsheldu hurða.

V. Í vélarúmi er einungis heimilt að hafa einar dyr á hverri aðalþverskilju
til að ganga um, og eru þá dyr á kolarúmum og ásgöngum undanteknar. Skulu
fyrir þeim vera rennihurðir og þeim svo fyrir komið, að þröskuldurinn verði sem
hæstur. Lokunartæki, er með megi stjórna hurðum þessum ofan skiljuþilfars, skal
vera utan vélarúms, ef slíkum útbúnaði verður þar við komið.

VI. 1. Vatnsheldar teljast þær hurðir einar, sem eru á hjörum, eða renni-
hurðir og aðrar hurðir sambærilegar, en ekki plötuhurðir, festar með boltum ein-
um saman, og hurðir sem látnar eru falla af eigin þunga í falsinn eða knúðar
öðrum þunga.

2. Hurð á hjörum skal vera með snerlum, er nota megi beggja vegna skilj-
unnar.

3. Rennihurðum skal annaðhvort renna lárétt eða lóðrétt. Verði þær aðeins
hreyfðar með handafli, skal vera hægt að hreyfa þær með óhindruðum sveifar-
snúningi, bæði á staðnum og auk þess á stað ofan skiljuþilfars, þar sem greitt er
aðgöngu.

4. Ef ætlað er til, að hurð sé véllokuð og tækjunum stjórnað frá stjórnstað,
skal einnig vera hægt að stjórna hinum vélknúnu tækjum við sjálfa hurðina. Fyrir-
komulag skal vera þannig, að hurðin lokist sjálfkrafa, ef hún er opnuð með tækj-
unum á staðnum, eftir að henni hefur verið lokað frá stjórnstað, og einnig þannig,
að hægt sé að halda hurðinni lokaðri með tækjunum á staðnum, svo að ekki sé
hægt að opna hana frá stjórnarstað. Handföng við hurðina í sambandi við
hin vélknúnu tæki, skulu vera á báðum hliðum skiljunnar og þeim þannig fyrir
komið að maður, sem þarf að fara gegnum dyrnar, geti haldið báðum handföng-
unum í opinni stöðu. Þannig vélknúnar hurðir skulu einnig vera útbúnar með
handlokunartækjum, sem stjórna má á staðnum, sem og á aðgengilegum stað ofan
skiljuþilfars. Í síðara tilfallinu er miðað við, að handtækin sé hægt að hreyfa með
óhindruðum sveifarsnúningi. Ráðstöfun sé gerð til að gefa hljóðmerki, rétt áður
en hurðinni er lokað. Skal til öryggis veita nægilegan tíma frá því að merkið er
gefið og þangað til hurðin er hreyfð.

5. Um allar gerðir hurða gildir, að við stjórnstaði þeirra aðra en við hurð-
irnar sjálfar, skal komið fyrir vísun, er sýni hvort þær eru opnar eða lokaðar.

VII. 1. Vatnsheldar hurðir á hjörum eru heimilar í þeim hluta skips, sem
ætlaður er farþegum eða skipshöfn, svo og í vinnurúmum, að því tilskildu, að þær
séu yfir þilfari, þar sem neðri flötur þilfarsins við skipshliðina er, þegar hann er
lægstur, a. m. k. 2,13 m (7 ensk fet) fyrir ofan efstu hólfunarhleðslulínuna. eru
slíkar hurðir ekki heimilar í þeim hluta eða stöðum skips, sem fyrir neðan eru
slíkt þilfar.

2. Traustlega smíðaðar, vatnsheldar hurðir á hjörum má setja eins ofarlega
og hægt er í milliþilfarsskiljur í farmrúmi. Skal fjarlægðin frá ytri brún þessara

hurða að skipshlið vera a. m. k. $\frac{1}{5}$ skipsbreiddar, svo sem hún er skýrgreind í 11 1. gr., og sú fjarlægð mælist hornrétt á miðlínu skipsins jafnhátt efstu hólfunar- 20. jan. hleðslulínunni. Hurðum þessum skal loka, áður en för er hafin og skulu þær vera lokaðar, meðan skipið er á ferð. Skal þess getið í skipsdagbók, er skipaæftirlit ríkisins kann að fyrirskipa, hvenær þær voru opnaðar, eftir að komið var í höfn, og hvenær þeim var lokað, áður en lagt var úr höfn. Þar sem fyrirhugað er að setja slíkar hurðir, skal skipaæftirlit ríkisins nákvæmlega rannsaka tölu þeirra og fyrirkomulag. Það skal og krefja útgerðarmanninn yfirlýsingar um það, að þessarar tilbreytni sé brýn þörf.

VIII. Allar aðrar vatnsheldar hurðir skulu vera rennihurðir.

IX. 1. Þegar vatnsheldum hurðum, er stundum þarf að opna á hafi úti, öðrum en þeim, er liggja að ásgöngum, er komið fyrir í aðalþverskiljum svo hátt, að þröskuldurinn lendir neðan efstu hólfunarhleðslulínunnar, skal fylgt eftirfarandi reglum:

a. Fari tala þessara hurða ekki fram úr 5, er heimilt að hinum vatnsheldu rennihurðum sé stjórnað með handafli, ef gerðartalan fer ekki fram úr 30.

b. Fari tala slíkra hurða fram úr 5, skal vera hægt að loka þeim öllum samtímis frá stöð, sem fyrir er komið á stjórnþalli.

c. Fari gerðartalan fram úr 30, skulu allar vatnsheldar rennihurðir lúta vélarafli.

d. Í öllum skipum, hver svo sem gerðartalan er, ef þar er aðeins ein vatnsheld hurð, auk hurðar að ásgöngum, og hún í vélarrúmi, getur skipaæftirlitið leyft, að báðum þessum hurðum sé stjórnað með handafli einu.

2. Séu í milli kolarúma á millipilfari, sem er neðan skiljuþilfars, vatnsheldar hurðir, er stundum verða að vera opnar á hafi úti sökum kolamoksturs, skal þeim hurðum stjórnað með vélarafli. Skal þess getið í dagbók skipsins, sem fyrirskipuð er, hvenær þessar hurðir eru opnaðar og þeim lokað.

3. Stjórna skal með vélarafli hurðum í göngum úr kælrúmum, ef þessi göng liggja í gegnum fleiri en eina vatnshelda aðalþverskilju og þröskuldurnir ná skemur en 2,13 m (7 ensk fet) upp fyrir efstu hólfunarhleðslulínuna.

X. Hreyfanlega járnhlara má hvergi nota, nema í vélarrúmi og skulu slíkir hlerar alltaf vera komnir á sinn stað, áður en skipið leggur úr höfn. Eigi má taka þá frá í hafi, nema brýn nauðsyn beri til. Skal þess vandlega gætt, er þeim er komið á sinn stað, að ekki leki með þeim.

XI. Allar vatnsheldar hurðir skulu lokaðar, meðan á ferð stendur, nema þarfir skipsins krefjist þess, að þær séu opnaðar. Standi svo á, skal alltaf vera hægt að loka þeim tafarlaust.

XII. 1. Ef göng eða smugur frá íbúð skipshafnar að kyndingarstöð, göng fyrir leiðslur eða eitthvað annað, eru lögð gegnum vatnsheldar aðalþverskiljur, skulu þau hafa nægilegan styrkleika og vera vatnsheld. Nú eru þessi göng eða smugur notuð á hafi úti, og skal þá aðgangurinn að þeim eða öðrum enda þeirra a. m. k. liggja um smugu, er sé vatnsheld svo hátt upp, að mynni hennar lendi ofan takmarkalínu. Aðgangur að hinum enda gangsins eða smugunnar skal vera um vatnsheldar dyr, er fullnægi þeim kröfum, er gerðar eru í þessum hluta skipsins.

Engin slík göng eða smugur mega liggja gegnum vatnsheldu skiljuna, er næst tekur við aftan stafnskilju.

2. Þar sem fyrirhugað er að hafa göng eða smugur fyrir vélsúg gegnum vatnsheldar aðalþverskiljur, skal skipaæftirlitið rannsaka það mál sérstaklega.

10. gr.

Op á súð neðan takmarkalínu.

I. Op á súð skulu vera svo fá sem frekast er unnt að komast af með vegna gerðar skipsins og hagkvæmrar nýtingar þess.

11 II. Tæki þau, sem notuð eru til að opna og loka slíkum opum á súðinni, 20. jan. skulu vera fullkomin til sinna nota og henta þeim stað, sem þeim er fenginn, enda fullnægi þau í öllu þeim kröfum, er stjórnin gerir.

III. Öllum ljörum á skipshlið, sem eru undir skiljubílfari, skal vera hægt að loka fullkomlega með ljóralokum á hjörum, svo vatnshétt sé.

IV. Frárennsli, skolpræsi og önnur þess háttar op á skipssúð skulu höfð svo fá sem unnt er, t. d. með því að sameina mörg ræsi og leiðslur um eitt op, eða á annan viðunandi hátt.

V. 1. Öll að- og frárennsli í súð skipsins skulu búin öruggum og aðgengilegum útbúnaði til varnar því, að vatn nái af slyzni að streyma inn í skipið.

2. a. Að undanskildu því, sem segir í 3. tölul., skal hvert frárennsli út í gegnum skipshliðina, neðan takmarkalínu, búið sjálfvirkum einrásarloka, er loka megi með sérstöku áhaldi ofan skiljubílfars, eða tveimur sjálfvirkum einrásarlokum án sérstaks lokunaráhalds og sé hinum efra komið fyrir ofan efstu hólfunarhleðslulinunnar, svo að jafnan sé auðvelt að komast að honum í eftirlitsskyni, meðan á ferð stendur, og skal honum lokað á venjulegan hátt.

b. Þegar hafður er loki með sérstöku lokunaráhaldi, skal ætíð vera greiður aðgangur að því ofan skiljubílfars. Einnig skal þar vísir, sem sýni, hvort lokinn er opin eða aftur.

3. Aðal- og aukasjórásir til og frá vélakerfinu skulu búnar aðgengilegum lásam eða lokum milli pípnanna og súðarinnar eða pípnanna og tilbúinna kassa, sem festir eru við skipssúðina.

VI. Austurop og ræsiop skulu sett á þann veg, sem nauðsynlegt er, til þess að fljótt sé hægt að losa sjó af efsta þílfari, hvernig sem viðrur.

B. Um fyrirkomulag á og undir þílfari o. fl.

Farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip.

11. gr.

Öryggisútgangar, lestarop, skjólborð o. fl. á öllum skipum.

1. a. Frá hverju vatnsheldu rúmi, þar sem innréttaðar eru vistarverur handa farþegum eða skipshöfn, skal vera útgangur á opið þílfar.

b. Ráðstöfun sé gerð til þess, að skipshöfnin geti komið burt úr hverju vélarúmi, hverjum ásgöngum, hverjum kyndistað og hverju öðru rúmi, þar sem unnið er, þegar vatnsheldri hurð er lokað eða aðalútgönguleið á annan hátt teppt.

c. Þetta á einnig við um minni skip, hværrar tegundar sem er, þar sem það að mati skipaefirlits ríkisins er talið nauðsynlegt og framkvæmanlegt.

2. Allar umgerðir um lestarop og önnur op skulu vera vel gerðar. Á efsta þílfari skal auk þess vera hægt að rígyrgja (skalka) þær á öruggan hátt. Hverju lestaropi, sem hætt er við ágjöfum og útbúið þannig, að byrgja megi það, skulu fylgja a. m. k. 2 sterkar ábreiður, vatnsheldar úr góðum dúk, sem ekki er gerður úr bóstungi (jute). Þungi dúksins, áður en hann er gegndreyptur, skal vera að minnsta kosti 540 g pr. m². Allar reisir, loftpípur o. fl., þar sem ágjafa má vænta, skulu vera vel tengdar við skipið og fulltraustar.

3. Skipið skal vera með skjólborði eða handriði af fullnægjandi gerð og að minnsta kosti 90 cm háu yfir efri brún á þílfari. Auk þess skal vera gangbrú, kaðall eða annar fullnægjandi útbúnaður til öryggis fyrir áhöfn skipsins á leið sinni til og frá vistarverum.

12. gr.

Stýri og stýrisbúnaður.

11

20. jan.

1. Flatarmál stýris skal vera þannig, að skipið láti vel að stjórn.
2. Skip, sem eru 61 m eða lengri, skulu venjulega vera búin vélknúinni stýrisvél. Útsýn framundan skal nægileg þeim, er við stýrið stendur.
3. Á skipum skal vera varastýrisbúnaður, sem þó þarf ekki að vera svo öflugur sem aðalstýrisbúnaðurinn. Ef fullnægjandi útbúnaður er til að hreyfa varastýristækji með handafli, er ekki nauðsynlegt að nota til þess vélaorku. Þegar í skipi eru tvö vélknúin aðalstýristæki, hvort öðru óháð, er ekki þörf á varastýristæki.

Öll skip, sem eru með vökvastýrisvél, skulu hafa varastýristæki.

13. gr.

Möstur og reiði.

Reiði og það, sem honum fylgir, skal vera í fullkomnu lagi. Sigli skip til annarra heimsálfna og séu möstrin úr tré, skulu þau búin hentugum eldingarvara.

14. gr.

Akkeri og festar.

Hvert skip skal búið fullkomnum akkerum og keðjum, og skal það allt prófað í prófstöð, sem skipaskoðunarstjóri hefur viðurkennt.

15. gr.

Sérstök ákvæði um gömul skip.

Ákvæðin hér að framan eru í fullu gildi um ný skip, sbr. 3. gr. Þegar í hlut eiga gömul skip, sem fullnægja eigi fyrir fram kröfum þessum, mun skipaskoðunarstjóri athuga aðstæður hverju sinni, hvað gera megi til úrbóta og aukins öryggis á hagkvæman og sanngjarnan hátt.

16. gr.

Skip í strandsiglingum.

Ákvæði þau, sem tilgreind eru hér að framan, gilda í aðalatriðum einnig um skip í strandsiglingum. Skipaskoðunarstjóri getur, þegar í ljós kemur, að framkvæmd ákvæðanna í einhverju tilfelli reynist ósanngjörn og óhagkvæm, veitt undanþágu frá slíkum ákvæðum, eftir því sem hann telur við eiga.

Vélknúin skip, önnur en farþegaskip.

17. gr.

Skiljur.

1. Í hverju járnskipi skal vera stafnskilja og skiljur, sem afmarka vélar- og ketilrúm.

Í járnskipum yfir 50 rúmlestir skal auk þess vera skutskilja, sem fellur þétt að skutþípunni.

2. Skiljurnar skulu vera nægilega háar, sterkar og vatnsheldar, í samræmi við lag skipsins og stærð.

Skutskiljan og skiljur, sem aðgreina vélarrúm frá farmrúmi framan og aftan, og ekki er hægt án mikilla óþæginda að láta ná upp að efsta þilfari, mega enda við vatnshelt neðra þilfar.

11 3. Í járnskipum yfir 50 rúmlestir, sem fara á milli landa, skulu vera annað-
20. jan. hvort vatnsheld ásgöng milli skutskilju og öftustu vélarrúmsskilju, eða auka-
skilja rétt framan við skutskiljuna. Ákvæði þetta á þó ekki við á skipum, þar sem
aðalvélarnar eru staðsettar rétt fyrir framan skutskiljuna.

4. Á stafnskilju má ekkert op vera eða lokar eða lásar til að veita vatni úr
stafnhylkinu, þó er leyfilegt að koma fyrir pípulögn gegnum stafnskiljuna til að
dæla úr stafnhylkinu, en þá skulu leiðslur þessar vera sérstaklega sterkar, vel
varðar og búnar lokunartæki á skiljunni innanverðri, er opna megi frá þilfari.

Opum í öðrum en að framan umræddum skiljum skal vera fljótlegt og auðvelt
að loka með lásum, lokum eða vatnsheldum hurðum, sem hægt skal vera að
stjórnna frá þilfari ofan við efstu hleðslulínu á aðgengilegum stað. Á pípulagnir
gegnum þessar skiljur er ekki krafizt neinna lokunartækja.

18. gr.

Ákvæði 10. gr., um op á súð, gilda einnig um flutningaskip.

Austurtæki. Almenn atriði.

19. gr.

Dýpílípúur.

Dýpílípúur skulu í sambandi við hvert það farmrúm, sem er undir hleðslu-
línu skipsins. Undanskilin eru þó þau rúm, þar sem hægt er að nota dælupípu
fyrir dýpílípú, eða þar sem hægt er á annan hátt að rannsaka, hvort eða hve
mikið vatn er í farmrúmi. Enn fremur skal vera dýpílípú í sambandi við hvern
botngeymi og hvern brennsluolíugeymi. Þrýstímæli af gerð, viðurkenndri af skipa-
eftirliti ríkisins, má þó nota í sambandi við háhylki.

Þar sem tvöfaldur botn er og ekki er brunnur, verður að vera dýpílípú í
báðum síðum utan við tvöfalda botninn í austurræsínu.

Ef lestarrúmið er kælirúm, verður dýpílípúan að vera einangruð. Þvermál
pípunnar innan skal þá að minnsta kosti vera 63 mm.

Dýpílípú, sem notuð er á geymi fyrir fljótandi eldsneyti, skal ávallt ná upp
í gegnum þilfar, sem er ofan við efstu hleðslulínu og staðsett á aðgengilegum stað.
Þó má nota dýpílípú, sem nær skemmra upp, ef á hana er settur öryggisloki, sem
eftirlitið tekur gíldan.

20. gr.

Loftpípúur.

Á hverjum botngeymi skal vera loftpípú við hlið skipsins á þeim enda, sem
áfyllingin er ekki, og ávallt á efsta hluta geymisins. Á öllum eldsneytisgeymum,
sem stærri eru en $\frac{1}{2}$ rúmmetri, skulu vera ein eða fleiri loftpípúur.

Loftpípúur til skuthylkja og hágeyma skulu ná upp fyrir opið þilfar og svo
vera frá gengið, að sjór gangi ekki niður um þær.

Nægilegt er, að loftpípúur til annarra botnhylkja séu í öruggri hæð yfir hleðslu-
línu. Þó má þess konar loftpípú ekki vera opin út í farmrúm.

Loftpípúur til geyma fyrir fljótandi eldsneyti skulu ná upp fyrir þilfar, þangað
sem uppgufun gegnum pípu getur ekki valdið hættu eða óþægindum. Á efri
enda pípunnar skal vera virsigti, sem auðvelt er að taka af til hreinsunar.

Loftpípúur, sem ná upp fyrir opið þilfar, skulu vera svo háar, að þær nái upp
undir öldustokk, eða þannig fyrir komið, að ólíklegt sé, að þær verði fyrir hnjaski.

Þverskurðarflatarmál loftpípú á kjölfestugeymi og skuthylki skal að minnsta
kosti eins mikið og þverskurðarflatarmál fyllirásarinnar.

Þetta gildir einnig um loftþípur á eldsneytisgeymum, þar sem þenslupípa er ekki á viðkomandi hylki.

11
20. jan.

21. gr.

Austurop.

Á öllum skipum skulu vera nægilega stór og mörg austurop á skjólborði, miðað við það sjómagn, sem innbyrzt getur á skipi, fullu að öldustokkum, svo að sjórinn skolist greiðlega útbyrðis. Fyrir opunum skulu vera járnstengur og ekki lengra milli stanganna en 23 cm. Þar sem hlerar eru notaðir, skal þess gætt, að þeir geti opnast sjálfkrafa og lamir þeirra séu með látúnsþolinmóðum.

Stærð austuropa fer eftir reglum um smíði tréskipa, nr. 260 11. nóv. 1947, reglum flokkunarfélags þess, sem skipið er flokkað í, eða hleðslulínusamþykktinni frá 5. júlí 1930.

Sjá enn fremur 39. gr. þessara reglna, um útbúnað síldveiðiskipa.

22. gr.

Dælukerfi.

Skip skulu búin öruggu dælukerfi, sem geti hvenær sem er dælt úr eða þurr- ausið, að svo miklu leyti sem það er hægt, hvert hinna vatnsheldu rúma, hvort sem skipið er kjalrétt eða það hallast. Til þessa er að jafnaði nauðsynlegt að koma fyrir sogpípu við báða húfa, nema í kröppum rúmum til stafna, þar sem ein sogpípa telst nægja. Í rúmum, óvenjulegum að lögun, er heimilt að krefjast auka-sogpípu. Gera skal ráðstafanir til þess, að vatnið leiti að sogpípunum. Örugg tæki skulu vera til að þurrausa einangruð farmrúm.

Auk hinnar venjulegu austurdælu, sem knúin er af aðalvél, skal:

a. *Vélskip stærra en 300 rúmllestir* hafa 2 vélknúnar dælur, er dælt geti austri úr öllum stærri rúmum skipsins.

b. *Vélskip 60—300 rúmllestir* skulu hafa eina vélknúna austurdælu, er geti dælt úr öllum stærri rúmum skipsins.

c. *Vélskip 15—60 rúmllestir* skulu hafa vélknúna austurdælu. Dæla þessi má vera knúin með reim frá aðalvél.

d. *Vélskip minni en 15 rúmllestir* skulu aðeins hafa austurdælu, sem knúin er af aðalvél.

Í skipum 1000 rúml. eða stærri skulu afköst austurdælu vera að minnsta kosti:

$$A = 66 \sqrt[3]{R} \div 70.$$

Í skipum 300—1000 rúml.:

$$A = 78 \sqrt[3]{R} \div 185.$$

Í skipum 60—300 rúml.:

$$A = 90 \sqrt[3]{R} \div 50.$$

Í skipum 30—60 rúml.:

$$A = 0,7 \times R + 100.$$

Í reglunni er: A = afköst dæluinnar í lítrum á mínútu.

R = brúttó rúmllestatala skipsins.

Þípur að og frá austurdælum skulu vera nægilega víðar til að flytja það magn af vatni, sem dælan afkastar, án þess að of mikil mótstaða verði í pípunum. Þípur og beygjur skulu vera úr góðu og þykku efni.

Öllum pípum, sem notaðar eru til þess að ausa vélarrúm og farmrúm, skal halda vel aðgreindum frá þeim pípum, sem notaðar eru til þess að fylla eða tæma rúm, sem höfð eru undir vatn eða olíu.

11 Lokar og kranar á austurleiðslu skulu þannig gerðir, að vatn komist ekki um
20. jan. þá frá sjó eða kjölfestuhylki í lest eða vélarrúm og yfirleitt ekki frá einu rúmi til annars í skipinu.

23. gr.

Handdællur og færanlegar véldællur.

Í hverju skipi skal vera handdæla.

Í járnskipum skal að minnsta kosti vera handdæla fyrir stafn- og skuthylki skipsins.

Í tréskipum og fiskiskipum fer tala dælna og stærð eftir mati skipaskoðunar- manns. Handdællur að íbúðarrúmum undir þilfari þurfa ekki að vera, sé hægt að dæla úr þessum rúmum með vélaafli.

Fyrir skip, stærri en 300 rúmlestir, telst hæfilegt að þvermál bullunnar sé 100 mm, en þvermál sogpípu sé um 50 mm.

Fyrir tré-fiskiskip er hæfilegt að þvermál sogpípunnar sé frá 50—75 mm.

Þess skal gætt við staðsetningu dælnunnar, að austurinn geti auðveldlega runnið til sogpípunnar.

Sogpípan skal vera sem næst hálfu þvermáli sínu frá botni skipsins.

Bulla og hjarta dælnunnar skulu ávallt tiltæk, þótt farmur sé í skipinu.

Á öllum skipum skulu vera 2—6 skjólur, og fer tala þeirra eftir stærð skip- anna.

Æskilegt er, að á fiskiskipum, 50 rúmlestir brúttó og stærri, sé einnig til færan- leg véldæla, helst dieseldæla, tiltæk til notkunar, ef bruna ber að höndum eða mikill leki kemur að skipinu.

24. gr.

Siur.

Á enda sogpípunnar, eins neðarlega og hægt er, skal komið fyrir síu. Þar, sem ekki er ruslakista, mega síugötin ekki vera stærri en 10 mm og samanlagt flatar- mál þeirra ekki minna en tvöfalt á við þverskurðarflatarmál sogpípunnar. Síurnar skulu þannig gerðar, að hægt sé að hreinsa þær, án þess að róta þurfi sogpípunni.

Á strandferðaskipum eða skipum í millilandasiglingum, þar sem ekki verður komizt að síunum, skal komið fyrir ruslakistu á sogpípu í vélarrúminu. Lok ruslakistunnar skal þannig útbúið, að auðvelt sé að taka það af og láta það fyrir aftur, þó dælan sé í gangi.

25. gr.

Innsúð. Frekari ákvæði um austurdælu.

Innsúð skal þannig lögð, að hægt sé með litilli fyrirhöfn að taka upp lausa hlera vegna hreinsunar á kjalarræsum og öðrum austurræsum. Innsúðin skal svo þétt, að rusl komist ekki niður á milli súða. Siuplötum skal komið fyrir, einkum neðst í farmrúmi, svo að vatn safnist ekki á innsúðina, en jafnframt skal séð fyrir aðrennsli að austurdælu.

26. gr.

Öskulosun.

Þar, sem ekki er vinda til að vinda upp ösku, má nota kaðaltaug. Sé hins vegar notuð vinda, skal á vinduásnum vera hamla (pall), er grípur í hömluhjól eða annar álika góður útbúnaður, og verður hann að vera svo traustur, að engum stafi hætta af honum. Í vindubandinu skal vera vír eða keðja, vel fest við skjóluna. Gera skal öskurennu, þar sem við á, til að auðvelda losun öskunnar, og skal rennu- opið haft eins lágt og kostur er, svo að sem lægst þurfi að lyfta skjólunni.

27. gr.

Losunartæki o. fl.

11

20. jan.

a. Losunarkranar á skipum, siglur, bómur, keðjur, kaðlar, blakkir, lásar, ásamt öðru, sem telst til losunartækja, skulu hafa þann styrkleika, að öryggisstuðullinn sé að minnsta kosti 4,5 við hinn mesta leyfilega þunga, sem lyft er með hægu og jöfnu átaki.

Virum og keðjum, sem notaðar eru við losunartækin, skulu fylgja vottorð, sem sýni þann þunga, sem notaður var við prófraunina. Vottorð þetta skal fylgja eftirlitsbók skipsins eða annarri bók, sem til þess er ætluð.

b. Á bómur skal greinilega marka hinn mesta leyfilega þunga, sem lyfta má á þeim.

c. Frá öllum skrófróm og lásboltum á losunartækjum skal svo örugglega gengið, að ekki losni.

d. Lyftikrókurinn skal þannig gerður, að hann geti hvorki krækzt í á upp-leið né sleppt á niðurleið.

e. Á keðju- eða vírstroffum, sem heyra skipinu til, skal vera merkisþjald, er sýni þann hámarksþunga, sem lyfta má í þeim.

28. gr.

Prófun losunartækja.

a. Hver einstakur hlutur losunartækis skal gaumgæfilega skoðaður fjórða hvert ár, og skal þá um leið einnig fara fram lyftipróf.

Prófpungi skal vera fyrir ný tæki 75% og fyrir síðari prófraunir 50% meiri en hinn leyfilegi hámarksþungi. Sé hámarksþungi meira en 8000 kg, ákveður skipa-skoðunarstjóri prófpungann.

Komi fram við prófraun, að einhver hlutur hafi aflagazt, svo að varhugavert virðist að nota hann, skal úr því bætt og ný prófraun fara fram.

b. Skipstjóri skal öðru hverju láta fara fram skoðun á losunartækjum.

Þegar skipstjóri telur, að losunartækin hafi iðulega verið notuð til fermingar eða affermingar á þungum hlutum, er reynt kunni að hafa um of á efni tækjanna, skulu keðjur, hringar, lásar, sigurnaglar, lyftikrókar o. fl., sem tilheyra losunartækjunum, eldborin og því næst skoðuð.

Hafi verið nauðsynlegt að breyta eða gera við með suðu einhverja af áður-nefndum hlutum, skulu þeir eldbornir, gaumgæfilega skoðaðir og síðan prófaðir.

c. Lyftipróf það og skoðun, sem að framan greinir, skulu gerð af yfirmönnum skipsins eða áreiðanlegum manni, sem þekkingu hefur á þessum hlutum.

Árangur skoðana og prófa, sem gerð eru samkvæmt a- og b-lið, skal færður í eftirlitsbókina eða aðra bók, sem skipaefirlit ríkisins tekur gilda.

Í bókina skal færa þann hámarksþunga, sem leyfður er á hvert lyftitæki, dagsetningu skoðunarinnar, en síðan skal bókin undirrituð af þeim, sem framkvæmt hafa prófunina.

Þegar aðal- eða aukaskoðun á skipi fer fram, skulu skipaskoðunarmenn fullvissa sig um, að hinar fyrirskipuðu skoðanir á losunartækjunum hafi farið fram.

Á fiskiskipum þarf prófun á lyftitækjum ekki að fara fram, nema skipaefirlitið fyrirskipi hana, að gefnu tilefni.

29. gr.

Virar.

Virinn skal rétt stímaður (splæstur) í lyftikrök og stímið vafið með „skipmannsgarni“, svo að meiðsli geti alls ekki hlotizt af vírstungum. Lyftikrókurinn skal vera með fjaðurloka eða á annan hátt þannig útbúinn, að hann geti hvorki

11 sleppt né krækzt í á uppleið. Stálvírar, sem notaðir eru til þess að ferma og af-
20. jan. ferma skip, verða að vera þjálir í meðförum, sérstaklega ef keflið (tromlan) á spilinu er mjótt eða um litlar blakkir er að ræða.

Vírefnið skal vera úr zinkuðu seighertu stáli. Skal vírinn talinn nægjanlega sterkur, ef siltraun stálsins er 130 kg/mm² eða meira.

Gerð víranna skal vera 144 þráða: 6 þættir utan um einn hjartapráð úr hampi, en í hverjum þætti skulu vera 24 þræðir utan um einn hjartapátt úr hampi.

Ef spilkeflið er óvenjulega mjótt eða litlar blakkir, þarf að hafa 180 þráða vír, sem gerður er úr 6 þáttum utan um einn hjartapátt úr hampi. Skulu í hverjum þætti 30 þræðir utan um einn hjartapátt úr hampi.

30. gr.

Ljósatæki.

Vinnusvæði séu búin nægum ljósatækjum undir og á þilfari og við landganga. Ljós magn er ekki talið nægilegt, nema lesbjart sé á venjulegt dagblað.

31. gr.

Umbúnaður til tryggingar hættulausri umferð.

Svo skal um búið, að fullkomlega hættulaust sé að fara um þilför og milli þeirra og menn séu óhultir á efsta þilfari og undir því, þá skulu og stigar og landbrýr vera fulltraust.

Alla ganga, stiga, landbrýr og því um líkt, sem ætlað er til umferðar, skal lýsa nægilega.

Skipið skal búið skjólborði með öldustokk eða öldustokk á stoðum, eigi lægri en 90 cm yfir þilfari, nema í skipum minni en 100 rúml., skal þá farið eftir reglum um smíði tréskipa, nr. 260 11. nóv. 1947. Milli stoðanna skulu vera járnstengur eða keðjur, með hæfilegu millibili, eða að öðrum kosti traust net.

Stigar og plankar, sem fólki er ætlað að ganga, skulu vera traustir og eigi mjórrir en 40 cm; öðrum megin, að minnsta kosti, skal vera handrið eða strengdur kaðall.

Landbrýr séu 60 cm breiðar og örugg handrið báðum megin.

Um öll op á þilfari skal svo búið, að ekki stafi af þeim slysaætta.

Sé háfermi svo mikið, að fast skjólborð eða öldustokkur veiti enga vörn, skal setja öruggt handrið úr tré eða öðru efni.

Nú nær háfermi borða á milli, og er óslétt að ofan, og skulu þá lagðar yfir það lausabrýr eða því um líkt, til umferðar, og vel um búið.

Opum, sem eigi hafa að minnsta kosti 80 cm háa karma og eigi eru ætluð til umferðar, skal loka með hlerum, þegar þau þurfa ekki að standa opin vegna vinnu á skipinu, nema handrið sé kringum þau eða grindur yfir.

Til niðurgöngu í og til uppgöngu úr lestum skipsins skulu vera örugg höft. Þess skal gætt, að hvergi sé óhæfilega langt á milli hafta og fótfesta sé tryggð á höftunum með því, að ytri brúnin sé að minnsta kosti 13 cm frá þili og endamörk haftanna veiti fætinum viðnám.

32. gr.

Þilfarsvindur.

Þilfarsvindur skulu reyndar með því átaki, sem leggja þarf á þær, vegna fyrirskipaðra þolrauna á lyftitækjunum.

Ef notuð er talía til þess að lyfta miklum þunga, verður að gera það á sama hátt, þegar tilraunin er gerð.

Aðstaða vindumanns verður að vera slík, að hann geti án tafar og áhættu stjórnað henni. Kleift skal að skipta um gang með fullu álagi og örugglega skal gengið frá skiptingunni.

33. gr.

Bitar og lúkuhlerar.

Bitar í lúkuopum, undir lög, svo og lúkuhlerar, skulu í samræmi við fyrir-mæli flokkunarfélags þess, þar sem skipið er eða hefur verið í flokki. Lúkuábreiður skulu vera sterkar og heilar, og festing þeirra örugg. Enn fremur skulu vera traustar slár yfir hlerunum, festar með skrúfkrókum í báða enda eða á annan öruggan hátt.

34. gr.

Loftpipur.

Að minnsta kosti tvær loftpipur skulu vera á hverju farmrúmi. Segldúkshettur skulu tiltækar til að setja yfir allar loftpipur og háglugga.

35. gr.

Festartæki.

Kaðlar eða vírar eða hvort tveggja, skulu vera samkvæmt reglum flokkunarfélaganna eða þessum reglum.

Skipið skal búið öruggum festarstólpum og nauðsynlegum festarleiðurum.

36. gr.

Um flutning á eldfimum og hættulegum varningi.

Setja skal sérstakar reglur, samkvæmt ákvæðum 3. gr. VI. kafla alþjóðasamþykktarinnar frá 10. júní 1948, um flutning á eldfimum efnum og hættulegum varningi. Þar til slíkar reglur verða gefnar út, getur skipaskoðunarstjóri leyft, að farið sé eftir erlendum reglum um flutning á eldfimum og hættulegum varningi, telji hann þær reglur fullnægjandi.

37. gr.

Um flutning á benzini og öðrum eldfimum efnum.

1. Farþegaskipum í utan- og innanlandssiglingum skal óheimilt að flytja benzín eða önnur eldfim efni, sem valdið geta sprengingu.

2. Öðrum skipum skal leyft að flytja benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, enda sé svo um farminn búið, að ekki stafi hætta af.

3. Reykingar og umferð með ljós, sem íkveikjuhætta getur stafað af, er stranglega bönnuð á þilfari og annars staðar þar sem benzín eða eldfim efni eru geymd.

4. Ef skip flytur benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, skulu eftirtaldar varúðarráðstafanir gerðar:

a. Greinileg auglýsing um eldhættu skal fest upp á þeim stað eða stöðum, þar sem hin eldfimu efni eru geymd.

b. Eldfim efni, sem flutt eru á þilfari, skulu varin með segldúk, sem í er borinn óeldfimur áburður.

c. Þar sem eldfim efni eru geymd, skulu ávallt vera tiltæk tæki til að slökkva með eld.

d. Greiður aðgangur skal vera um þilfar, þar sem eldfim efni eru geymd, að að ibúðum skipverja.

38. gr.

Laus farmur.

Ef skip siglir með varning, sem hætt er við að raskist í skipinu, skulu settar sérstakar skiljur til varnar. Þar til slíkar reglur verða gefnar út, getur skipaskoðunarstjóri leyft, að farið sé eftir erlendum reglum, telji hann þær fullnægjandi.

39. gr.

Um útbúnað á síldveiðiskipum.

Skip, sem stunda síldveiðar með herpinót, skulu hafa eftirgreindan útbúnað: *Farmrúmið* skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn metri á lengdina og ekki yfir 2 metrar á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna. Borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Lestarop. Á öllum nýjum skipum skulu lestartarkarmar smíðaðir samkvæmt 32. gr. reglugerðar um smíði tréskipa, nr. 260 11. nóv. 1947. Sé lestartarkörmum á öðrum skipum breytt, skal það gert samkvæmt ákvæðum áður nefndar greinar.

Gæta skal þess, að lestarhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþykktinni) og falli vel, og ávallt skal ríghyrgja lestarop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hjarahlerum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega sé hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera þannig staðsett, að sem fljótlegast sé að létta skipið. Enn fremur skulu vera venjuleg austurop framan við fremstu og aftan við öftustu síldarstíu. Loks skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem hafa á þilfari farm, sem aftrar greiðri umferð, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir ofan öldustokk, svo og á öllum mótorbátum, þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á framsigli og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursigli, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Handrið skulu vera á stýrishúsi og vélarrúmi, þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nótt. Ef fleiri síldveiðibátar en einn eru saman um nótt, skulu þeir hver um sig hafa með sér skipsbát, þegar þeir fara til lands með afla.

40. gr.

Akkeri og keðjur.

Akkerum og keðjum skal upphaflega fylgja skoðunar- og styrkleikavottorð frá stofnun, sem viðurkennd er af skipaæftirliti ríkisins. Lengd, gildleiki og annað skal vera í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags og fyrir minni skip, samkvæmt reglum um smíði tréskipa, nr. 260 11. nóv. 1947.

Legufærin eru samkvæmt eftirfarandi töflu, og mega akkerin vera stökkakkeri eða svo kölluð patentakkeri.

Legufæravísitala er fundin þannig: Lögð er saman breidd og dýpt skipsins og margfaldað með lengdinni: $L(B+D)$. Séu reisinir á þilfari meira en $\frac{1}{3}$ af lengd skipsins eða breidd, skal bætt við vísitöluna margfeldi af lengd reisarinnar og summunni af breidd hennar og hæð yfir öldustokk, þ. e. 1 ($b+h$), þar sem 1, b og h eru lengd, breidd og hæð reisarinnar yfir öldustokk, allt talið í metrum.

Ef reisinir er ekki alls staðar jafnlöng, jafnbreið og jafnhá, skal tekið meðaltal af öllum lengdar-, breiddar- og hæðarstærðum.

Þar sem bátapilfar stendur út fyrir reisarþakið, skal helmingi þeirrar breiddar bætt við reisarbreiddina. Sé gangur eða gangar meðfram reisininni lokaðir, skal öll hin innilokaða breidd mæld með.

Tafla. — Legufæri og festar.

11
20. jan.

Visitala L (B + D)		Akkeri með stokk eða stokklaus, stokkurinn reiknast með			Keðjur		Vir		Kaðall	
		1	2	3	Lengd	Pvermál	Lengd	Ummál	Lengd	Ummál
		kg	kg	kg	m	mm	m	mm	m	cm
40 og undir	45	75	„	„	82	13	„	„	37	10
45 — —	50	75	50	„	110	13	„	„	45	10
50 — —	60	75	75	„	110	13	„	„	53	11
60 — —	70	100	75	„	110	13	„	„	60	11
70 — —	80	100	100	„	110	14	„	„	67	12
80 — —	90	125	100	„	110	14	„	„	75	12
90 — —	100	125	125	„	82	14	150	51	45	13
100 — —	110	150	125	„	82	16	150	51	53	13
110 — —	120	150	150	„	82	16	150	51	60	14
120 — —	130	175	150	50	82	16	200	57	67	14
130 — —	140	175	175	50	82	19	200	57	75	15
140 — —	150	200	175	50	110	19	200	57	82	15
150 — —	170	225	200	75	110	19	200	64	90	16
170 — —	190	250	225	75	110	22	200	64	98	16
190 — —	210	275	250	75	110	22	200	64	105	18
210 — —	240	300	275	75	110	22	200	70	113	18
240 — —	270	325	300	75	110	22	200	70	120	19
270 — —	300	325	300	100	137	25	218	70	128	19
300 — —	330	325	325	100	137	25	218	70	135	20
330 — —	360	350	325	100	137	25	218	76	142	20
360 — —	390	375	350	100	137	25	218	76	150	21

Sé lengd og gildleiki akkeriskeðja og víra annar en ákveðið er í ofanskráðri töflu, en þó í samræmi við kröfur reglna um smíði tréskipa, nr. 260 11. nóv. 1947, má um þetta fara eftir þeim reglum.

Þar sem taflan nær ekki til vegna stærðar skipsins, skal nota reglur flokkunfélags, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni.

Við útreikning vísitölu á gömlum skipum má nota skráningarmál þeirra, lengd (L), breidd (B) og dýpt (D) í regluna L (B+D) í stað smíðamála þeirra.

41. gr.

Slit eða tæring.

Þegar einhver hluti akkeriskeðju er svo slitinn eða tærður, að meðalþvermál, þar sem rýrnunin er mest, er minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu, verður að endurnýja þann eða þá liði, er svo hafa rýrnað.

Upprunalegur gildleiki	Meðalþvermál slitins keðjuhlekks
mm	mm
12	11
14	12½
16	14½
19	17
22	20
25	23
28	25

11 Ef um pytttryðgun er að ræða, verður skoðunarmaður að taka tillit til þess 20. jan. við mælingu á þvermáli keðjunnar.

Þar sem taflan nær ekki til vegna stærðar skipsins, skal nota reglur flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni.

42. gr.

Akkerisvinda.

Á öllum skipum, sem heyra ekki undir ákvæði 43. gr., skal vera vélknúin akkerisvinda. Skulu á aðalöxli vera 2 keðjuhjól, sitt hvoru megin, og skulu þau samsvara keðjunni. Vindan getur verið vélknúin á hvern þann hátt, sem skoðunarmaður tekur gildan. Stærð og orka vindunnar skal vera í samræmi við akkeri og keðjur, og skal hún örugglega fest með skrúfboltum, en í tréskipum gegnum bitana eða gegnum eikarplanka neðan á bitunum.

43. gr.

Undanþága frá ákvæði um akkerisvindu.

Ef til er sterk togvinda eða önnur vinda, sem er að minnsta kosti eins sterk og jafnhagkvæm og akkerisvinda, að öðru leyti en því, að á henni er ekki keðjuhjól, má veita undanþágu frá því að hafa sérstaka akkerisvindu, enda séu þá til taks 2 keðjukrókar, mátulegir á keðjuna, með handhægum vír, sem að minnsta kosti nær tvöfaldur frá vindu og fram að keðjuklemmu.

Ef með þarf má tvöfalda kraftinn með því að taka einskifublökk, festa hana í keðjuna, draga síðan vírinn gegnum blökkina, hafa annan enda vírsins festan í spilið, en hinn endann á spilkoppnum.

Hvernig sem útbúnaðurinn er, ber skoðunarmanni að sjá um, að hann sé öruggur og af honum stafi ekki slysaætta, ef rétt er að farið.

44. gr.

Keðjuklemmur og keðjustólpar.

Á hverju skipi skulu vera tvær keðjuklemmur og tveir keðjustólpar, hvort tveggja nægilega sterkt til að festa keðjuna og hamla henni, þegar akkeri er kastað. Skoðunarmanni ber að gæta þess, að keðjuklemman sé svo við, þegar hún er opin, að lásarnir á keðjunni gangi liðugt gegnum hana, hvernig sem þeir snúa.

Á skipum undir 15 rúmlestum þurfa ekki að vera keðjuklemmur.

45. gr.

Staðsetning klemma og stólpa.

Staðsetning skal þannig, að klemman sé beint fyrir aftan keðjuhólkinn (klussið) og skal keðjustólpinn vera til hliðar við keðjuna, þegar hún rennur út. Hvort tveggja skal vel fest með skrúfboltum gegnum þilfarsbitana eða gegnum eikarplanka neðan á bitunum.

46. gr.

Segl.

Skip, minni en 150 rúmlestir, skulu búin stórsegli, fokku og skutsegli (messan). Skipaskoðunarmaður getur leyft, að í stað stórseglis komi eins stór þríhyrna og við verður komið á framsigli, en þá skulu vélinni fylgja varahlutir samkv. XI. kafla.

Ef seglin eru ekki uppsett, verða þau að vera þannig útbúin, að fljótlegt sé að setja þau upp, og geymd skulu þau þar, sem þau verða ekki fyrir skemmdum, en eru jafnan tiltæk.

II. KAFLI

11

A. Vélar.

20. jan.

Almenn ákvæði.

47. gr.

Flokkar.

Aðalvélar, aukavélar og það, sem þeim fylgir, skal allt vera nægilega sterkt og því fenginn sá staður og svo fyrir komið, að sá, er gætir vélanna og gengur um með tilhlýðilegri aðgæzlu, eigi ekki á hættu líf- eða heilsutjón.

Að því er lýtur að smíði, styrkleika, efnisstærðum o. fl., enn fremur tilraunum og rannsóknum, skulu, nema annað sé tekið fram, gilda samsvarandi reglur og notaðar eru af einhverju þeirra flokkunarfélaga, er siglingarmálaráðuneytið hefur viðurkennt, sem skilyrði fyrir því, að vélbúnaður skips hljóti upptöku í fyrsta flokk.

48. gr.

Útgöngudyr.

Véla- og ketilrúm skulu alls staðar vel lýst og loftræst. Öllum uppgönguleiðum skal svo fyrir komið, að greiðlega verði eftir þeim komið. Ef vélarrúm og ketilrúm eru aðskilin eða kyndistaðurinn snýr frá vélarrúmi, skal vera uppgönguleið úr hverju rúmi. Séu kyndistaðir fleiri en einn, skal sérstakur gangur úr hverjum þeirra.

Í mótorskipum, sem hafa stærri vél en 500 HÖ, skulu uppgönguleiðir úr vélarrúmi vera fleiri en ein, ef aðstæður leyfa.

49. gr.

1. Niðursetning katla.

Við smíði og niðursetningu katla skal tekið nauðsynlegt tillit til þess, að hinir ýmsu hlutar geti hreyfzt sem nemur þeirri þenslu, sem efnið verður fyrir við mismunandi hitastig. Sæti og aðrar undirstöður katla skulu traustbyggðar og vand- aðar. Katlar skulu þannig skorðaðir, að útilokað sé, að þeir geti hreyfzt.

2. Niðursetning véla.

Aðalvélar og aukavélar skulu vera örugglega og nákvæmlega niðursettar og þeim að öðru leyti svo fyrir komið, að hinir einstöku hlutar þeirra verði ekki við venjulega notkun fyrir óhæfilegri áreynslu. Skal vera auðvelt að komast að vélunum til þess að hirða þær og líta eftir þeim, og búnaður skulu þær nauðsynlegum hlífum.

Aðalvél í tréskipi skal fest með gegnreknnum skrúfboltum, einnig aukavélar, ef skipaæftirlitinu þykir þurfa sökum stærðar. Þó má ganga frá festingu aðal- og aukavéla á einhvern annan hátt, enda sé hann fullnægjandi að dómi skipaæftirlitsins.

3. Verjur.

Ganghlutir, sem skaga fram, svo sem tengiliðir, boltahausar, fleygar, rær og þess háttar, skulu verjaðir á öruggan hátt.

4. Hlífur.

Hraðgeng drifhjól og ganghlutar á vindum og orkuleiðurum (transmission) og víðar skulu varðir með hlífum eða öðru á öruggan hátt.

11
20. jan.

Í vélarrúmi og ásgöngum skulu vera nægar grindur, handrið eða þess háttar, sem vélstjórar og aðrir geti stuðzt við, þegar mikill er veltingur. Einnig skulu vera fótvör, þar sem þurfa þykir.

5. Handrið.

6. Öskulyfta.

Tæki til að draga upp ösku skulu vera útbúin á öruggan hátt. Á ási dráttarkeflisins skal vera hömluhjól með hömlu eða öðrum útbúnaði, svo að öskufatan geti ekki dottið niður.

7. Smiðja.

Í litlum, innibýrgðum klefum má hvorki hafa smiðjuafli né aðra opna kola- eða kokselda, nema reyknun sé búin hæfileg útrás.

8. Gangskipting.

Gangskipting aflvéla skal vera fljót og örugg.

9. Stjórn.

Aðalvélar skulu hæfar til að knýja skipið aftur á bak og áfram, svo að tryggt sé, að það láti vel að stjórn, hvað sem í skerst.

10. Stöðvun.

Á skipum, sem stærri eru en 50 rúmlestir, skal hægt að stöðva vélina, hvort sem er frá efsta þilfari eða vélarrúmi.

11. Vélsími o. fl.

Þar sem aðalvél er fenginn staður undir þilfari, skal vera öruggt og beint tal- þípusamband milli stjórnþalls og vélarrúms, en vélsími, þar sem gangskipting aðalvélar er í vélarrúmi, nema hægt sé að stjórna vélinni á öruggan hátt frá stjórn- þalli.

12. Sjólokur.

Allar sjólokur í súð skipsins skulu þannig búnar, að loka megi hvenær sem er fyrir aðstreymi sjávar.

13. Lokur.

Handföng eða handhjól sjólokanna skulu ná jafnhátt gólfi eða hægt að komast að þeim um op á því. Öllum lokum sjólokanna skal lokað með hægrihandar- snúningi.

14. Súðarrásir.

Sé pípum þannig skipað, að sjór eða ketilvatn geti runnið í lestina, ef af vangá væri skilið við opið lokunartæki, skulu annaðhvort í pípum þessum vera tvö lokunartæki, hvort öðru óháð, eða eitt lokunartæki í sambandi við sjálfloka, er hér þá undanskilin öskuslökkvipipan.

Pípa gegnum súð undir dýpstu sjólinu skal vera búin aðgengilegum loka rétt við súðina eða á sterkri treystu úr haldgóðu efni. Á tréskipum skal að auki vanda vel til slíkra vatnsrása, að því er snertir pípunna milli súða og festingu alla.

15. Þótt afrás kælivatns og austurs sé ofan við sjólinu eða rétt neðan við bitana á fiskiskipum, skal gera beygju á afrásarpípunna, sem nær a. m. k. $\frac{3}{4}$ af hæð öldustokksins upp í reisinna, ef ekki er sjálflokandi loki á skipshliðinni.

16. Pípulagnir gegnum kolageymslur og farmrúm skulu varðar hlífum eða á annan hátt gegn skemmdum.

17. Þar sem eimur eða þrýstiloft er notað á hljóðmerkjataeki, skal séð um, eftir föngum, að loftið frjósi ekki í þeim.

B. Katlar, eimleiðslur og annar útbúnaður.

11

20. jan.

50. gr.

1. Hitafötur ketils og vatnshæð.

Hitafötur katlanna, þ. e. ketilhylkið, hol eða pípur, sem eldur eða reykur leikur um, skal allur hulinn vatni, og skal hin minnsta leyfilega vatnshæð vera eigi neðar en 10 cm yfir efsta hluta hitaflatarins, ef ketillinn er 2 metrar í þvermál eða stærri, og það þó skipið hallist 6°; en minnst 7½ cm, ef þvermál ketilsins er minna en 2 metrar, einnig miðað við 6° halla á skipinu.

2. Undantekningar.

Ákvæði 1. liðs ná þó ekki til:

- yfirhitara, sem er ekki hluti af sjálfum katlinum,
 - þeirra hluta af hitafleti plötukatla, sem aldrei geta glóhitnað, hvernig sem kynt er, vegna smæðar sinnar og legu eða af því, að þeir eru varðir fyrir hita,
 - vatnspípukatla með pípum, allt að 10 cm að innanþvermáli, og svo öflugri vatnshringrás, að þeir hlutar hitaflatar, sem liggja yfir leyfilegri vatnshæð, geta ekki orðið glóandi þrátt fyrir mikla kyndingu.
3. Eigi telst hætta á glóhitun, sé hitafötur sá, sem hulinn er vatni, 20 sinnum stærri en ristarflöturinn, og dragsúgur hafður, eða 40 sinnum stærri en ristarflöturinn, og vélsúgur hafður.

4. Enginn hluti hitaflatar má vera úr öðru efni en ketilstáli, viðurkenndu af skipaefirliti ríkisins.

51. gr.

Ákvörðun vanalegrar vatnshæðar.

1. Hin minnsta leyfilega vatnshæð í katli skal táknuð með greinilegu merki á katlinum sjálfum, og skal það vera sýnilegt, þótt ketillinn annars sé varinn. Hin vanalega vatnshæð skal ávallt vera meiri en hin minnsta leyfilega vatnshæð og táknuð með vísi, sem bendir á vatnshæðarglasið.

2. Merki og visir skulu í samræmi við venjulegan stafnhalla. Ef skoðunarmaður telur ástæðu til, skal hann athuga, hvort staða merkjanna er rétt, með því að fylla ketilinn vatni upp að vanalegri vatnshæð og mæla svo fjarlægðina að efsta hluta hitaflatar. Á skipum, þar sem stafnhalli við venjulega notkun er mjög breytilegur, skal gera sérstakar ráðstafanir til rannsóknar á vatnshæðinni.

52. gr.

Vatnshæðarglös og reynilásar.

1. Eimketill skal að minnsta kosti vera búinn tveimur tækjum, er séu óháð hvort öðru, til rannsóknar á vatnshæðinni í katlinum. Af þessum tækjum skal að minnsta kosti annað vera vatnshæðarglas, en hitt tveir reynilásar eða reynilokar. Plötukatlar með eldhol í báðum endum skulu búnir vatnshæðarmælitækjum í báðum endum ketilsins samkvæmt ofangreindum fyrirmælum.

Fyrirkomulag hæðarglasa.

2. Vatnspípuketill og plötuketill, sem eru 4,9 m í þvermál eða stærri, skulu hafa tvö vatnshæðarglös, sem eru óháð hvort öðru og komið fyrir jafnlangt frá miðju ketilsins.

3. Vatnshæðarglasi á plötukatli skal þannig fyrir komið, að 5 cm vatn a. m. k. sé yfir efsta hluta hitaflatar, þegar vatnið er rétt sýnilegt í glasinu.

11 4. Á kötlum, þar sem ekki er krafizt nema eins vatnshæðarglass, skal því komið fyrir á miðþriðjungi vatnshæðarlínunnar; verði því ekki við komið, skal hafa tvö vatnshæðarglös.

5. Vatnshæðarglösín skulu búin nauðsynlegum stiflu- og blásturslokum, og einnig sterkum hlífum, sé háþrýstingur í katlinum, en þó ekki, ef vatnshæðarglösín eru mjög sterk að gerð.

Sjálflökar.

6. Ef glaslokarnir eru ekki sjálflöka, skulu þeir búnir hraðlokunartækjum, sem stjórna má í kyndistöð og vélarrúmi, án þess að hætta stafi af.

Reynilásar.

7. Í hverri reynilásasamstæðu eru a. m. k. 3 lásar; þó er ekki krafizt fleiri en tveggja lásar á kötlum, sem eru minni en 2,3 m í þvermál, eða standandi kötlum, sem eru lægri en 2,15 m. Reynilásar skulu, svo framarlega sem því verður við komið, settir beint á enda ketilsins. Neðsti lásinn skal settur í minnst 7,5 cm hæð yfir efsta hluta hitaflatarins.

Gerð lása.

8. Glös og reynilásar skulu vera þannig gerðir, að reka megji beint í gegnum þá inn í ketilinn.

9. Ef vatnshæðarglösunum er ekki fyrir komið beint á ketilinn, heldur á þar til gerða standpípu, sem annað hvort er fest á sjálfan ketilinn eða tengd pípu-leiðslum til vatns- og eimrúms ketilsins, skulu standpípur þessar vera sterkar, vel festar og gerðar úr hentugu efni. Lágmarksþvermál standpípa og aðrennsli þeirra skal vera samkvæmt eftirfarandi töflu.

Dvermál ketils	Pvermál standpípu	Pvermál aðrennsliþpípu
undir 2,3 metrum	45 mm	25 mm
2,3 m og þar yfir, og undir 3 m	50 —	32 —
3 metrar og þar yfir	63 —	38 —

Leiðslur að þessum standpípum skulu tengdar þar við ketilinn, sem vatnið í honum er kyrrast, og skal þar settur lás eða loki á sjálfan ketilinn. Aðrennsliþpípunni skal vera þannig fyrir komið, að standpípan sé sem næst enda ketilsins. Lásar og lokahús skulu gerð úr hentugu efni. Loki og þollur (spinnill) skulu sérstaklega vel samtengdir, jafnvel gerðir úr einu stykki, og vandlega skal tryggt, að loka-sætin, sem sérstaklega er fyrir komið, losni ekki. Lokunarháttur skal vera slíkur, að fljótlegt sé að sjá greinilega, hve mikið lokarnir eru opnir eða lokaðir. Leiðslur frá eimrúmi skulu vera með þeim hætti, að þéttivatn (þéttaður eimur) geti ekki safnast fyrir í þeim. Þær mega ekki heldur liggja í gegnum reyk göngin, nema utan um þær sé pípa, sem loft getur auðveldlega streymt í gegnum. Neðst á leiðslum frá vatnsrúmi skulu vera rennilásar eða rennilokar.

10. Tæki þau, sem notuð eru til að rannsaka vatnshæðina, skulu þannig sett og lýst, að gæzlumaður geti auðveldlega litið eftir þeim og hirt þau.

53. gr.

Veititæki.

1. Við hvern eimketil skulu að minnsta kosti vera tengd tvenn veititæki, óháð hvort öðru, og geti hvort þeirra um sig aukið vatnshæðina í katlinum þegar hann vinnur við hinn mesta þrýsting og þá mestu eimnotkun, sem fyrir getur komið. Séu aðalkatlar notaðir sem orkugjafi aukavéla, þegar skipið liggur kyrrt, er veitidæla, sem knúin er af aðalvél, ekki talin sem veititæki.

2. Leyfilegt er að láta fleiri en einn ketil vera saman um veititæki, ef það 11 er þess megnugt að veita öllum kötlunum í einu nægt vatn, þegar þeir framleiða 20. jan. eim af fullum krafti.

3. Frá veititækjunum skulu liggja tvær veitipípur, hvor annarri óháðar, í hvern ketil og skulu þær á katlinum sjálfum hafa veitiloka, er lokast af sjálfu sér og afstýra því að vatnið renni úr katlinum gegnum veitipípunar. Enn fremur skal vera komið fyrir lokunartæki (lás eða loka) á milli sjálfvirka lokans og ketilsins. Bæði þetta og veitilokinn skal vera traustlega gert, úr hentugu efni og aðgengilegt. Á milli veitilokans og lokunartækisins skal vera rennilás eða renniloki til þess að hægt sé að rannsaka, hvort lokunartækið er þétt. Ef annað veititækið er veitidæla, knúin af aðalvél, eða notaðar eru veitidælur af kasthjólsgærð, skal vera hæfilega stór öryggisloki á lokahúsi þeirrar veitidælu, sem knúin er af aðalvél.

4. Eitt af hinum ofangreindu veititækjum skal geta dælt eimvatninu beint úr eimsvalanum inn í ketilinn.

54. gr.

Öryggislokar.

1. Hver eimketill skal að minnsta kosti vera búinn einum öryggisloka og að minnsta kosti 2 öryggislokum, ef hitaflötur ketilsins er meira en 9,3 m².

2. Þegar fleiri en einn öryggisloki eru á sama katli, mega þeir vera í sama lokahúsi, en það ekki vera í sambandi við aðra loka, og setja skal það beint á ketilinn, svo að hálsinn milli húss og stéttar verði sem stytztur. Lokahús skulu sett svo ofarlega á eimrúmið sem hægt er. Þau skulu vera búin rásum fyrir eimvatnið og mega í rásum þessum ekki vera lokunartæki.

3. Öryggislokar og fjaðrir þeirra skulu vera varðir og þeim þannig fyrir komið, að eimurinn geti ekki undir neinum kringumstæðum þeytt lokunum af, enda þótt útbúnaðurinn til að halda þeim niðri bili. Hægt skal að snúa lokunum í hring á sæti sínu, þegar þeir eru spennir. Lögum lokahúsanna skal slík, að eimurinn eigi greiða leið um þau.

4. Álag öryggisloka má ekki vera meira en svo, að lokarnir taki að lyftast, þegar eimþrýstingurinn fer yfir ketilþrýstinginn, og skal séð um það með stilli eða á annan hátt, að óviðkomandi menn geti ekki aukið álagið, meðan ketillinn er í notkun, fram yfir það mark, sem samsvarar réttum ketilþrýstingi.

5. Öryggislokarnir skulu vera búnir léttitæki, er komið skal þannig fyrir, að hægt sé, hvort heldur frá kyndistöð eða vélarrúmi, að lyfta öllum lokum á sama katli. Á skipum, þar sem þilför eru mörg, skal vera hægt að stjórna léttitækjunum frá einu þilfaranna. Léttitækin mega ekki þrýsta ofan á lokana, svo að farg þeirra aukist við. Hægt skal vera að lyfta öryggislokum aukakatlanna frá kyndistöðvum þeirra.

6. Á hverjum katli skal samanlagt flatarmál allra útstreymisopa öryggislokanna í mm² vera svo mikið sem útreikningur eftirfarandi reglu leiðir í ljós; þó skal, þar sem tvöfaldur öryggisloki er notaður, þvermál ljósopsins vera að minnsta kosti 38 mm, og þar sem öryggisloki er einfaldur, að minnsta kosti 50 mm.

Samanlagt flatarmál straumops öryggislokanna = samanlagður hitaflötur ketilsins í m² · $\frac{k}{P+1}$, þar sem P er ketilþrýstingur í kg/cm² og k margfeldi, sem er 610 fyrir kolakynta katla, og 733 fyrir oliukynta katla og alla katla með vélsúg og lokaðri kyndistöð.

Á öllum kötlum skulu straumop öryggislokanna öll til samans vera svo stór, að þrýstingurinn í katlinum fari ekki meira en 10% fram úr ketilþrýstingnum,

11 þó að kynt sé í 15 mínútur við þann súg, sem völ er á, að lokuðum öllum stíflu-
20. jan. lokum og við rétta vatnshæð.

7. Blásturspípa frá öryggislokum út í andrúmsloftið má hvergi hafa minna
straumop en samanlagt flatarmál straumopa öryggislokanna að viðbættum 10%.

8. Stilling öryggislokanna skal framkvæmd, þegar eimur er í katlinum.

9. Eimhylki og yfirhitarar og því um líkt, sem hægt er að loka úr sambandi
við ketilinn og undirorpnir eru beinni áverkan elds eða reykjar, skulu hafa sér-
staka öryggisloka og brunahlífar, þar sem þeirra er þörf.

55. gr.

Þrýstimælar.

1. Á hverjum katli skal að minnsta kosti einum öruggum þrýstimæli vera
komið fyrir í kyndistöðinni í augsýn og á vel lýstum stað. Á katli, sem hefur eld-
hol í báðum endum, skulu að minnsta kosti vera 2 þrýstimælar, sinn á hvorum
enda ketilsins. Hægt skal að loka í milli þrýstimælanna og ketilsins með lokum
og lásum, sem komið er fyrir í katlinum. Á þrýstimælispípunni skal vera vatns-
poki. Ketilþrýstingurinn skal vera merktur á þrýstimælinum með rauðu striki.
Skal þrýstimælirinn geta sýnt 25% hærri þrýsting en nemur ketilþrýstingnum.

2. Stíflulokum, sem ætlaðir eru til að loka fyrir eimrásir að aukavélum, skal
mælir vera á stjórnstað, svo að þar sé einnig hægt að sjá ketilþrýstinginn. Þrýsti-
mælir þessi getur verið sameiginlegur mörgum kötlum, sem vinna saman, og
leiðslan að honum ásamt lokunartækjum má vera tengd við aðaleimpípuna.

56. gr.

Um sæti fyrir mæla skoðunarmanna.

1. Á eimkatli hverjum skal vera lás með lóðréttri málmstétt, 4,75 mm á
þykkt og 38 mm að þvermáli. Stéttir af tilgreindri stærð má setja á einhvern af
reynilásum ketilsins eða við þrýstimælana.

2. Ofan á ketilhylkinu eða ofan á eimhylkinu, ef til er, skal vera lás með ½
þml. pípuskrúfu á endanum til sambands við þrýstidælu skoðunarmanna.

57. gr.

Mannsmugur.

Katlar, eimhylki og þess háttar skulu búin nauðsynlegum manns mugum og
vera, eftir því sem tók eru á, aðgengilegir til eftirlits utan og innan. Ef lögun katla
og stærð er slík, að eigi verði komizt inn í þá, skulu svo mörg ræstiop vera á þeim,
að hægt sé að skoða katlana að innan gegnum þau. Lok á manns mugum og ræsti-
götum mega ekki vera út steypujárni. Mannsmugur skulu venjulega vera 300 ×
400 mm.

58. gr.

Lokunartæki á pípum frá katli.

Í pípu hverri, sem liggur úr katli, skal vera lokunartæki við ketilinn.

59. gr.

Stífluloki.

1. Á hverjum eimkatli skal vera stífluloki til þess að loka fyrir eimsambandið
við aðalvélina. Í skipum, sem hafa þilfar, skal vera hægt að loka honum fljótt og
örugglega, hvort sem er frá kyndistað, stjórnstað vélar eða frá þilfari. Stíflulokar

á kötlum, sem hafa háan þrýsting, skulu vera hraðlokandi og þannig útbúnir, að hægt sé að stjórna þeim, hvort sem er frá kyndistað, stjórnstað vélar eða frá þilfari. Sjálfvirkir lokar verða því aðeins viðurkenndir, að hægt sé jafnframt að stjórna þeim frá vélarrúmi, ketilrúmi og þilfari. 11
20. jan.

2. Stíflulokum, sem ætlaðar eru til að loka fyrir eimrásir að aukavélum, skal þannig fyrir komið, að eimrás að þeim sé óháð verkun þess stífluloka, sem um getur í 1. lið, nema því aðeins að fljótt og örugglega sé hægt að veita einnum á annan veg frá aðalkötlunum á aukavélarnar.

3. Ef skip hefur fleiri en einn ketil, skal vera hægt að veita eim frá að minnsta kosti tveimur kötlum á stýrivél, ljósavél og eimblístru.

60. gr.

Botnlásar, fleytilásar og leiðslur þeirra.

1. Hver ketill skal vera búinn botnlási (eða -loka) til að blása út botnvatninu, svo og fleytilási (eða -loka) til þess að fleyta ofan af ketilvatninu niður að hinni minnstu leyfilegu vatnshæð.

2. Pípulagnir frá botnlásnum út í sjó skulu vera hæfilega víðar, þó ekki mjórri en 20 mm. Frárennslásinn í súðinni fyrir útblástursvatni skal hafður á aðgengilegum stað og vera búinn öryggishlíf fyrir lykilinn.

61. gr.

Ketilrúm og ketilokar.

1. Allir þeir lokar, sem verða fyrir ketilþrýstingi og víðari eru en 25 mm í þvermál, skulu vera með loki, sem fest er með boltum eða á líkan hátt, en skrúfuð lok má nota á loka, sem minni eru að vidd. Lokar, sem notaðir eru á ketilinn, mega ekki hafa skrúfuð lok, heldur skulu þeir festir með boltum við lokahúsið, nema um sé að ræða reyniloka og þess háttar. Þeim skal lokað með hægrihandar hreyfingu handhjólsins og móti ketilþrýstingnum, ef hægt er.

2. Botn- og fleytilásar, svo og aðrir lásar á katlinum, sem hafa straumop, sem er minna en 13 mm í þvermál, skulu vera þannig gerðir, að innanþrýstingur ketilsins geti ekki ýtt þollinum út, þótt skrúfnaglar þéttihringsins eða því um líkt bili.

3. Stíflulokar, hús öryggisloka og stutt T-stykki mega vera úr steypujárni, þegar þau eru notuð eingöngu fyrir mettaðan eim. Þar sem eimur, heitari en 218° C, er notaður, skulu lokahúsin og annað, sem fylgir eimleiðslunni, vera úr stáli eða öðru hentugu efni.

62. gr.

Merki á katlinum.

Á hverjum eimkatli skal ketilþrýstingur ásamt verksmiðjumerki og framleiðslumerki eða merki, sem sýnir uppruna ketilsins og smíðaar, vera tilgreint á skýrt markaðan og augljósan hátt, annaðhvort með því að höggva merkin í sjálfan ketilinn eða á látúnsplötu, vel festa á ketilinn.

63. gr.

Aukakatlar.

Aukakötlum skal vel fyrir komið og þeir búnir sem aðalkatlar. Ákvæði 59. gr., um hraðlokandi stífluloka, gilda þó aðeins á kötlum með háum þrýstingi (yfir 10½ kg/cm²), þar sem vidd eimpíunnar er meiri en 76 mm að innanmáli.

64. gr.

Forvermar, bætivatnstæki og þess háttar.

Forvermar, foreimar, bætivatnstæki og þess háttar, þar sem vatn er hitað upp og eimt við þrýsting, skulu fullnægja settum reglum um styrkleika og öryggisloka, að svo miklu leyti sem þær taka til þeirra.

65. gr.

Eimpípur.

1. Eimpípurnar skulu vera svo gerðar og þeim svo fyrir komið í skipinu, að þær geti óhindrað þanizt og dregizt saman. Á þeim skulu vera sterkar stéttir og stórar bugður eða þensluhólkar með þannig löguðum öryggishöldum, að eimþrýstingurinn geti ekki dregið pípunar úr þeim.

2. Eimpípur mega ekki vera úr steypujárni; þó er leyfilegt að nota stutt T-stykki fyrir mettaðan eim, enda séu þau mjög sterk að allri gerð.

3. Eigi má nota háþrýsting á eimpípur úr eir, ef innanmál þeirra er meira en 12,5 cm. Í vélar- eða ketilrúmi, þar sem um yfirhitaðan eim er að ræða, má ekki nota eireimpípur.

4. Eimpípur úr eir, sem eru meira en 10 cm að innanmáli og sæta háum þrýstingi í innilokuðu rúmi, skulu vafðar stálþræði eða því um líku.

5. Allar eimpípur, sem orðið hafa fyrir staðbundinni upphitun, meðan á smíði þeirra stóð, skulu glóðaðar áður en þær eru settar upp.

6. Gæta skal þess, að mikið vatn geti eigi safnast fyrir í eimpípunum og á þeim séu rásir til þess að veita burtu eimvatninu.

7. Reynt skal að húa svo um, að aðaleimpípur liggja ekki yfir uppgöngum. Nú hagar svo til, að ekki verður hjá því komizt, og skulu þá vera utan um þær sterkar verjupípur eða hlífar, og þeim þannig fyrir komið yfir uppgöngunum, að eimurinn geti, þótt pípa rifni, streymt til hliðar, án þess að varna mönnum uppgöngu.

66. gr.

Sambönd katla með mismunandi þrýsting.

Sé ketilþrýstingur ekki sami í aðalkötlum og aukakötlum, en pípum svo skipað, að eimur með hærra þrýstingi geti af vangá leiðzt inn í ketil með lægra þrýstingi, skal til öryggis setja sjálfloka í pípunu, er gengur til ketilsins með lægri þrýstingnum.

67. gr.

Aukavélar o. fl., gerðar fyrir lægri þrýsting en ketilþrýstinginn.

Sé eimur með lægra þrýstingi en ketilþrýstingi leiddur gegnum þrýstilétta eða þess háttar til véla, strokks, ofns, eimstóar eða því um líks, og hylki það, sem við eiminum tekur, eigi nógu traust til að þola fullan ketilþrýsting, skal vera á því öryggisloki, sem hleypir út öllum þeim eimi, sem að streymir, jafnskjótt og hæsta leyfilegum þrýstingi er náð.

C. Sérstök ákvæði um oliukynta katla.

68. gr.

1. Á skipum með oliukynta katla gilda ákvæði þau, sem fram eru sett í 47.—67. gr., að svo miklu leyti sem þau eiga við hverju sinni.

2. Enn fremur gilda ákvæði greinanna 69.—79.

69. gr.

Logamark brennsluolíu.

11

20. jan.

Ekki má nota brennsluolíu, sem hefur lægra logamark en 65° C. Miðað er við, að raunin sé gerð í lokuðu kerfi (Abels eða Pensky Martens' logamarksraun).

70. gr.

Dýpílpiur og olíuhæðarvísar.

1. Hver aðalgeymir fyrir brennsluolíu skal vera búinn dýpílpiu eða olíuhæðarvísi, til dæmis flotvísi, þrýstímæli eða olíuhæðarvísi með sterku, flötu gleri og sjálfloka á geyminum.

Op dýpílpiu má ekki vera í klefum farþega né skipshafnar. Ef op pípunnar er í öðru innilokuðu rúmi, skal það vera búið sjálfloka eða læsanlegu skrúfloki.

2. Aðalgeymir skal einnig vera búinn að minnsta kosti einni loftpípu til að hleypa gastegundum úr geyminum út í bert loft. Öryggisnet skal sett fyrir pípuopið. Sjá 20. gr. hér að framan.

71. gr.

Neyzluhylki ásamt útbúnaði.

1. Í þessu kerfi skal að minnsta kosti vera eitt eða fleiri neyzluhylki og þau nægilega stór.

2. Ef botnfall verður af vatni eða óhreinindum við það eitt, að brennsluolían er látin standa í hylkjunum, skulu að minnsta kosti vera 2 neyzluhylki (botnfallshylki), og skal hvort þeirra rúma brennsluolíu, er nægir a. m. k. til 12 tíma gangs með fullu álagi.

3. Á neyzluhylkjum skulu vera þétt lok, flóðpípa og loftpípa með öryggisneti, og séu þau búin reynilásur eða reynilokum, skulu þeir sjálfloka.

4. Auðgengt skal að neyzluhylkjunum til eftirlits, og skulu þau búin olíuhæðarvísi (sbr. 70. gr.) og honum komið fyrir í afþiljað hylki (cofferdam) eða lekabyttu hæfilega háa. Neyzluhylki skal hægt að tæma fljótlega, annaðhvort í sjóinn eða í botngeymi eða með því að dæla innihaldinu fyrir borð. Hægt skal að stjórna tæmingarútbúnaði þessum frá þilfari.

72. gr.

Brennsluolíudæla.

Tvöfaldur útbúnaður skal vera til að spýta inn eldsneytinu, og teljast til hans brennsluolíudælur, sigti og forvermir. Skal hvort kerfið vera nægilega afkastamikil til að fullnægja mestu einnotkun með fullu álagi. Hægt skal að stöðva dælnar frá aðgengilegum stað utan ketilrúmsins, og ekki skal vera hægt að nota þær til annars en dæla olíunni í þessum sérstaka tilgangi. Á þrýstileiðslu dælnar skal vera öryggisloki og leiðsla þaðan aftur til sogpípu dælnar.

73. gr.

Söfnun lekaolíu.

1. Séð skal um, að hægt sé að leiða lekaolíu frá hylkjum, dælum, forvermum, austurrásur, hinu afþiljaða hylki (cofferdam) og lekabyttum í þrær eða brunna, er síðan sé hægt að dæla úr.

2. Undir olíusíuna og brennarana skal setja lekabyttu.

11
20. jan.

74. gr.

Oliupípur.

1. Oliuleiðslur skulu traustlega gerðar. Þær skulu vera þéttar við fullan þrýsting, stéttir þeirra vandaðar og þéttaðar sem þynnstu þéttiefni.
2. Oliuleiðslur á þrýstileiðslunni skulu gerðar úr deigu stáli. Pípur, sem leiða heita brennsluolíu, skulu liggja berar ofan á gólfinu. Pípur, sigti og forvermar skulu miðaðir við 14 kg/cm² vinnuþrýsting eða við vinnuþrýsting ör-yggislokans, ef hann er meiri.
3. Allar aðrar oliuleiðslur skulu vera úr járni eða stáli og lagðar þannig, að þær séu ávallt aðgengilegar til eftirlits og viðgerðar.

75. gr.

Lokunartæki á oliuleiðslum.

1. Á öllum sogleiðslum fyrir brennsluolíu frá aðalgeymum og neyzluhyllkjum, að undanskildum botngeymum, skal vera lokunarútbúnaður á hylkisopinunni þannig útbúinn, að hægt sé að loka honum frá stað, sem er ávallt aðgengilegur, þótt eldur sé í því rúmi, sem lokunarútbúnaðurinn er í. Svo framarlega sem fyllirás neyzluhyllkisins liggur ekki í það mjög ofarlega, skal hún einnig búin lokunartæki, sem ætíð er hægt að loka á sama hátt og undir sömu kringumstæðum eða sjálfloka komið fyrir í henni.
2. Í vélar- eða ketilrúmi skulu vera lokunartæki milli dælnnar og sogpípunnar.
3. Allir lokar í brennsluolíukerfinu skulu hafa lok, sem eigi fá losnað við notkun lokanna.

76. gr.

Einangrun katla o. fl.

1. Í nánd við oliugeymana skulu eimkatlar sérstaklega vel einangraðir.
2. Bilið milli katlanna og botn- eða hliðargeyma skal vera svo mikið, að ekki komi til mikillar upphitunar á brennsluolíunni. Hliðargeymar, sem skaga út yfir ketilinn, skulu búnir hlífðarplötum, sem koma í veg fyrir að olía fái dropið á ketilinn. Þar sem vatnspípukatli er komið fyrir yfir botngeymi, sem notaður er fyrir brennsluolíu, skal bilið milli innra botnsins og botnbakka eldholsins ekki vera minna en 75 cm.
3. Sótkassahurðir skulu vera búnar hlífðarplötum og falla vel í sótkassann. Samskeyti sótkassans skulu vera loftþétt.
4. Í skipum, sem útbúin eru eingöngu til oliukyndingar, má ekki vera spjald í reykháfnunum. Ef það verður að vera í reykháfi eða reyk göngum, má spjalðið ekki loka þétt, og skal það vera svo útbúið, að það geti haldizt örugglega opið.

77. gr.

Fyrirkomulag í ketilrúmi o. fl.

1. Ketilrúm og önnur rúm, þar sem oliukynditæki eru uppsett eða nokkur hluti þeirra, skulu vera sérstaklega vel loftræst. Loftrásir skulu þannig gerðar, að op þeirra séu nálægt gólfi, svo að neðri hluti rúmsins verði sem bezt loftræstur.
2. Ekki má vera trjáverk eða blýpípur í þess háttar rúmunum.

78. gr.

Lýsing o. fl.

11

20. jan.

1. Í innilokuðu rúmi, þar sem olíueimur getur myndast, má eingöngu nota rafmagnsglóðarlampa eða öryggislampa.

2. Á áberandi stöðum í þess háttar rúmum skal skipaefirlitið setja upp fyrirmæli um varlega meðferð elds og ljóss.

79. gr.

Teikning af oliukyndingarkerfinu.

Til leiðbeiningar vélgæzlumönnum skal í skipinu vera nákvæmur uppdráttur af oliukyndingarkerfinu með tilsvareandi leiðbeiningum um notkun þess.

D. Túrbínukerfi.

80. gr.

Uppsetning.

1. Með tilliti til uppsetningar og fyrirkomulags á túrbínunum og því sem þeim fylgir, gilda fyrirmæli 47. og 48. gr. að svo miklu leyti sem þau eiga við.

2. Á sama hátt gilda og ákvæði 80.—87. gr.

81. gr.

Smurningsfyrirkomulag og útbúnaður til sjálfvirkrar stöðvunar túrbínunnar, ef smurning brestur.

1. Þar sem þrýstismurning er notuð, skal útbúnaður vera þannig, að ekki sé hægt að ræsa fyrr en leg túrbínuássins og annað, sem smyrja þarf, hefur fengið nægilega smurningsolíu. Fyrir hendi skulu vera nauðsynleg olíusigti og olíukælar, svo og varasmurningsolíudæla, tiltæk fyrirvaralaust.

2. Aðaltúrbínan skal vera búin sjálfvirkum tækjum, sem loka fyrir eimrás til túrbínunnar, ef þrýstingur á oliunni, sem smyr slitfletina, lækkar niður fyrir tilskilið takmark, en annars komið fyrir hljóðtæki, sem gefur til kynna, þegar áfátt er að þessu leyti.

82. gr.

Hraðloki.

Túrbínur eiga að vera búnar hraðloka (öryggisgangráð), sem lokar fyrir eimrás að túrbínunni, þegar snúningshraði hennar verður meiri en leyfilegt er eða meiri en sá hraði, sem túrbínan hefur verið reynd við.

83. gr.

Öryggislokar.

1. Þar sem öryggi krefst þess, skulu á túrbínunum vera öryggislokar, sem opnast sjálfkrafa við þrýsting, sem er lægri en raunþrýstingur þess hluta túrbínunnar, sem öryggislokinn er tengdur við. Miðað er við þá þrýstiráun, sem túrbínan í smíðislok var látin sæta.

2. Öryggislokar skulu búnir hlífum, sem verji starfsmenn gegn eimstrokunni.

11
20. jan.

84. gr.

Eimsía.

Á eimpípunni að túrbínunni skal vera eimsía, sem örugglega hreinsar öll óhreinindi úr einnum.

85. gr.

Um gang, þótt vélar séu í ólagi.

Á einskrúfu skipum með fjölstigstúrbínu, skal séð fyrir því, að hægt sé að nota vélina, þótt hún sé að einhverju leyti í ólagi.

86. gr.

Glateimstúrbínur.

Þegar um er að ræða glateimstúrbínur, sem hægt er að tengja við og slíta úr tengslum við aðalvélina, koma þær reglur einar venjulega til greina, sem fram eru settar með ákvæðum 82. gr. Gangskipting vélarinnar, frá „áfram“ til „afturá“ og öfugt, skal vera fljótleg og örugg.

E. Mótorkerfi.

87. gr.

Uppsetning.

1. Að því er snertir uppsetningu og fyrirkomulag aðal- og aukavéla og fylgihluta þeirra, gilda ákvæði 47. og 48. gr., að svo miklu leyti sem þau eiga við.
2. Á sama hátt gilda ákvæði 88.—103. gr.

88. gr.

Ræsun og gangskipting.

1. Mótorar skulu vera svo gerðir, að ræsa megi þá hættulaust. Ef sveif er notuð, skal hún vera sjálflosa eða frá henni gengið á annan öruggan hátt.
2. Gangskipting vélarinnar, frá „áfram“ til „afturá“ og öfugt, skal vera fljótleg og örugg.
3. Ef ekki er hægt að ræsa mótórin með handafli, skal vera hægt að ræsa hann á annan hátt með öruggum útbúnaði.
4. Þegar aðalmótor er ræstur með þrýstilofti eingöngu (meðtalið þrýstireykloft), skal þrýstiloftinu þjappað saman í þar til gerð lofthylki. Lofthylki þessi skulu í skipum, sem knúin eru vélum eingöngu, rúma til saman svo mikið loft, að hægt sé að ræsa aðalvélina 12 sinnum, án þess að lofti sé bætt á hylkin, og á skipum, sem hafa seglbúnað og aukavél, skal hægt að ræsa 6 sinnum á sama hátt. Hægt skal að hlaða hylkin að minnsta kosti á tvennan hátt, hvorn með sínu mótí og annan að minnsta kosti óháðan orku aðalmótorsins. Ef aðalmótorinn eða aðalmótorar til samans eru stærri en 500 HÖ, skal loftdælan knúin sérstakri vél. Þrýstiloftsleiðslan frá lofthylkjunum að ræsislokum aðalmótorsins skal vera þannig lögð, að sambandið milli lofthylkis og þessara loka verði ekki rofið með öðru en loka, sem stjórnna má frá stjórnstað.
5. Ef skip er einungis knúið vélarafli og þörf er á þrýstilofti til að knýja aðalmótorinn og stjórnna honum, skulu vera til svo kraftmiklar þrýstiloftsðælar, að þær geti, þótt ein dælan bili, framleitt nægilegt þrýstiloft, til að ræsa aðalmótorinn, stjórnna honum og knýja hann, þó á hægri ferð sé.

6. Þar sem þrýstiloft er notað til að úða eldsneyti, skal vera eitt þrýstiloftshylki (neyzluhylki) á hvern mótör (hvort sem er aðal- eða aukamótör), og skal það tengt a. m. k. einu varalofthylki. Getur varalofthylkið, sem vera skal til taks fyrirvaralaust, þjónað fleiri mótörum, enda sé það að rúmtaki a. m. k. jafnstórt hinu stærsta neyzluhylki. Þrýstiloftsleiðslur til úðunar á eldsneyti skulu búnar sjálflokum.

7. Svo framarlega sem hinar sérknúnu loftdælur eða aðrar aukavélar, nauðsynlegar vegna notkunar skipsins, eru knúnar vélum, sem nota þrýstiloft til ræsunar, skal vera sérstakt þrýstiloftshylki til ræsunar á vélum þessum. Hylki þetta skal vera hægt að hlaða með varaloftdælu, sem hægt er að ræsa og nota án þrýstilofts.

89. gr.

Kælivatnskerfi.

1. Kælivatnsleiðslur að vatnskápum strokkanna og annarra staða skulu vera búnar lokunartækjum, við inntakið í súð skipsins; auk þess skulu leiðslur og kælivatnsrúm vera þannig útbúin, að hægt sé að tæma þau í frosti, og gildir hið sama um frárennsli kælivatnsins, þar sem útrennslið er neðan við sjólinu. Kælivatnsdælur skulu þannig útbúnar, að fullöruggar séu gegn sprengingu, þótt þær séu ræstar, áður en lokunartækið á afrennslispípunni er opnað.

2. Ef skipið gengur eingöngu fyrir vélarorku og aðalvél er yfir 300 HÖ, skal varadæla vera fyrir kælivatnið og hægt að taka það um tvo sjóloka, sem óháðir eru hvor öðrum. Ef samanlagt afl aðalvélar er meira en 500 HÖ, skal önnur kælivatnsdælan knúin óháð aðalvélum, og skal hitamælir vera á afrennslispípu kælivatnsins frá mótörnum.

90. gr.

Strympur.

1. Strympum frá mótörnum skal fenginn sá staður og svo fyrir komið, að þær valdi ekki ikveikju í því, sem umhverfis þær er. Ef unnt er, skulu þær ekki settar rétt við eldsneytisgeyma, og alls staðar, þar sem nauðsyn krefur, skulu þær vafðar öruggu einangrunarefni.

2. Samskeyti leiðslanna skulu þétt og þær lagðar þannig, að sem minnst hætta sé á, að andrúmsloftið eitrist af útblástursgasi frá mótörnum.

Á strypum með útblástursopi neðan við sjólinu skal vera lokunarútbún-
aður rétt við súðina.

91. gr.

Smurningstæki.

1. Aðal- og aukavélar skulu búnar öruggum smurningstækjum.

2. Ef þrýstismurning er notuð, skal í skipum, sem eingöngu eru knúin vélarorku og afl aðalvélarinnar er meira en 300 HÖ, vera varasmurningsolíudæla, til-
tæk hvenær sem er, eða annar öruggur útbúnaður, er fullnægt geti smurningsþörf vélarinnar, ef olíudælan bilar.

92. gr.

Fyrirkomulag o. fl. í lokuðum mótörúmum.

1. Í lokuðum mótörúmum skal allt trjávirki, sem er í nánd við aðalvélina eða strypu frá aðalvél, hljóðdeyfa og aðra heita hluti mótorkerfisins, vera klætt járnþynnum, en undir þeim asbestlag eða annað öruggt einangrunarefni í eldsvarnarskyni, að svo miklu leyti sem þurfa þykir.

Allt mótörúm skal vel málað og yfirmálningin blönduð eldvarnarlakki. Máln-

11 ingu, sem aðallega inniheldur nitrocellulose má ekki nota, nema sannað sé með 20. jan. prófun, að hún ekki sé eldfim.

2. Gólfíð í mótorrúminu skal öruggt fyrir eldi og vera gert úr gáróttu jární eða öðru eldtryggu efni.

3. Þegar lekabyttum og þess háttar er komið fyrir, skal séð fyrir því, að lekaolía frá aðal- og aukamótorum geti ekki runnið inn í farmrúmið, og skal austurtækjum þannig fyrir komið, að hægt sé að dæla út lekaolíu, sem safnazt getur undir gólfínu, áður en hún fær runnið inn í önnur rúm skipsins.

Til geymslu á fitugum tvisti skal vera járnfata eða járnkassi með loki.

4. Í lokuðum mótorrúmum má ekki nota kolakyntar eldavélar, ekki heldur smiðjuafli eða aðra opna kola- eða kokselda, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar vegna ösku og reyks.

5. Til lýsingar á mótorrúmi skal annaðhvort nota rafljós eða lokuð oliuljós-ker með sterkum glerhliðum og lokaðri oliubyðu, annaðhvort úr jární eða látúni, eða sterk handljós-ker með lokuðum oliubyðum. Lokuð ljós-ker skulu tryggilega fest og á þann hátt, að þau séu varin gegn áverka og miklum hita. Þar sem rafljós er notað í vélarrúmi, skulu einnig vera til vara nægilega mörg oliuljós-ker af ofangreindri gerð.

6. Til loftræstingar á mótorrúmi skulu að minnsta kosti vera tvær loftrásir, þannig staðsettar og útbúnar, að þær myndi öfluga lofthringrás einnig í neðri hluta rúmsins. Þar sem staðhættir hindra notkun loftpípna, má loftræsta á annan hátt. Vegna loftræstingar undir vélargólfi, skal séð fyrir hæfilega stórum opum milli vélargólfs og súðar.

7. Op milli mótorrúmsins og vistarvera skipshafnar skulu vera með öruggum lokunarútbúnaði, og það einungis notað sem neyðarútgangur.

93. gr.

Sérstakar varúðarráðstafanir gegn eldi og sprengihættu.

1. Blásturslampar til upphitunar á glóðarhaus eða þess háttar skulu vera festir í hæfilegu sæti.

2. Á lokuðum mótorum, sem hafa ekki beina loftrás frá sveifarhúsunum, skulu vera loftpípur eða annar jafnöryggur útbúnaður.

3. Þar sem hámarksbrunaþrýstingur í strokkum er 35 kg/cm² eða meiri, skulu á strokkunum vera öryggislokar, þannig fergðir, að þeir létti á sér við þrýsting, sem er lægri en sá raunþrýstingur, sem viðkomandi hluti mótorsins er látinn sæta í smíðislok. Afrásur þessara öryggisloka skal þann veg fyrir komið, að vél-gæzlumönnum sé eigi hætta búin af þeim.

4. Á áberandi stað í vélarrúmi skal skipaefirlitið hengja upp fyrirmæli um, hvernig afstýra skuli háska.

94. gr.

Skýli yfir mótorum, sem ekki eru í húsi.

Vélinni skal tryggilega komið fyrir í bátnum, og svo um hana búíð, að vatn geti ekki truflað gang hennar. Húsið yfir vélinni skal gert vatnshelt, verði því við komið. Fram- og afturþil vélarhússins skal svo útbúíð, að sjór geti ekki komizt til vélarinnar örur en svo, að austurdælan á vélinni hafi við að dæla, svo að austurinn geti ekki valdið gangtruflun. Sé op á framhliðinni vegna gangsetningssveifarinnar, skal því fljót- og auðlokað, t. d. með dragloku.

Undir kasthjólí vélarinnar skal vera kassi, sem varnar austrinum að ná til þess.

95. gr.

11

20. jan.

Þrýstiloftshylki og þrýstiloftsleiðslur.

1. Þrýstiloftshylki skulu að minnsta kosti vera úr 6 mm þykkum plötum. Sívöl þrýstiloftshylki (lofthylki til ræsunar o. fl., loftflöskur til að blása inn eldsneyti og þess háttar), sem ætluð eru fyrir hærri vinnuþrýsting en 2 kg/cm², skulu gerð úr stáli, dregnum stálpípum eða úr eimketilplötum, sem hnoðaðar eru eða soðnar saman.

2. Hylkin skulu vel fest og þau búin öryggisloka, botnafrennsli og þrýstimæli, sem sjáanlegur er frá stjórnstað vélarinnar. Vinnuþrýstingurinn skal merktur á þrýstimælinum með rauðu striki.

3. Öryggislokinn skal lyftast, þegar tilskildum vinnuþrýstingi er náð. Skal hann vera búinn stilli, sem varnar því, að spenningur öryggislokafjaðrarinnar aukist meira en í mesta lagi 5% fram yfir tilskilda álagningu í fyllirás hylkisins, og vera einn og sami fyrir fleiri hylki með sama þrýstingi. Hvert það þrýstiloftshylki, sem búid er loka milli þess og öryggislokans, skal vegna afhleðslu viðkomandi hylkis hafa bræðivör, sem verka meðan hitastigið er ekki meira en 100° C, eða á annan hátt gerðar öruggar ráðstafanir gegn því, að hylki sæti hærri þrýstingi en nemur hinum ákveðna raunþrýstingi.

4. Botnrás þrýstiloftshylkis skal liggja frá botni hylkisins, eða svo nálægt honum sem mögulegt er, án þess að nota innri afrennslípípu.

5. Þrýstiloftsgeymir, sem er meira en 150 mm að innanþvermáli, skal þannig gerður, að hægt sé að skoða hann og hreinsa að innan.

6. Til þess að koma að og tengja þrýstidælu skipaefirlitsins skal vera gat með ½ þml. (ensks) pípuskrúfu eða annar útbúnaður sömu stærðar.

7. Þrýstiloftsleiðslur skulu vera gerðar úr dregnum stál- eða koparpípum.

96. gr.

Rennsli oliunnar að mótornum.

1. Oliuleiðslur skulu eftir föngum varðar gegn yfirþrýstingi. Við oliuhylkin skulu oliuleiðslurnar vera búnar lokum og alls staðar á leiðslunum séð fyrir þenslu. Fullkomnar ráðstafanir séu gerðar til þess að hreinsa vatn og óhreinindi úr oliunni, áður en hún fer í oliudælurnar.

2. Í þilskipi, sem hefur stærri aðalvél en 100 HÖ og þar sem aðaloliugeymirinn er staðsettur í rúmi, sem aðskilið er frá mótorrúmi með millirúmi, skal einnig vera loki á oliuleiðslunni, þar sem hún kemur inn í mótorrúmið. Þar sem neyzluhylki er ekki, skal annaðhvort lokinn við sjálfan geyminn eða lokinn í mótorrúminu vera búinn tæki til að loka honum frá þilfari.

3. Þegar svo stendur á, að geymarnir eru á þilfari, má venjulega falla frá kröfunni um sérstakan lokunarútbúnað á leiðslum inn í vélarrúmið.

97. gr.

Innbyggðir aðalgeymar fyrir brennsluolíu, sem hefur 65° kveikimark og þar yfir.

1. Ef brennsluoliugeymar eru sambyggðir skipinu, má ekki geyma í þeim olíu með lægra kveikimarki en 65° C, sbr. 69. gr.

2. Að öðru leyti skulu þessir geymar búnir í samræmi við 19. gr.

98. gr.

Geymsla brennsluolíu, sem hefur 30° kveikimark og þar yfir.

1. Ef mótör notar olíu, sem hefur 30° kveikimark og þar yfir, og sé olíumagnið um borð meira en 100 kg, skal olían venjulega geymd í hylkjum úr saman-

11 soðnum eða hnoðuðum plötum. Hver sá geymir, sem rúmar meira en 100 kg af 20. jan. olíu, skal ávallt vera smíðaður á þennan hátt, sbr. 102. gr.

2. Ef þess konar geymar eru settir í vélarrúm á tréskipi, skal plötubykkt í þeim vera samkvæmt 2. lið 102. greinar. Ef geymir og mótorrúm eru aðskilin með eldryggu þili, má viðurkenna þynnri plötur.

3. Geymirinn skal vera vel festur og á honum loftpípa, sbr. 8. lið 102. gr., og skal hún ekki vera minni að innanmáli en fyllirásin.

4. Geymir, sem hafður er undir þilfari, skal vera búinn fyllirás, sem liggur rétt að fylliopi í eða ofan við þilfarið; skal á því vera skruflok.

5. Ef settir eru eim- eða hitakatlar í námunda við oliugeyma, skal gera öruggar ráðstafanir til einangrunar milli ketils og geymis. Ef bilið í innilokuðum mótorrúmunum milli oliugeymis og hinna heitu staða mótorsins er minna en 75 cm, skal setja plötuhlífar eða á annan hátt fyrirbyggja, að geymirinn verði fyrir geisla-hitun.

6. Slatta af steinolíu eða annarri olíu með sama kveikimarki má geyma um borð, í traustum brúsum, tunnum eða þess háttar.

99. gr.

Neyzluhylki fyrir brennsluolíu, sem hefur 30° kveikimark og þar yfir.

1. Neyzluhylki fyrir brennsluolíu með kveikimarki eins og um getur í 98. gr. skal ásamt leiðslum og öðru tilheyrandi komið fyrir svo langt frá hitaflötum mótorsins sem unnt er.

2. Undir neyzluhylkjum skal vera lekabytta fyrir olíu.

3. Þar sem aðskil vatns og annarra óhreininda í olíunni koma fram, er hún stendur í neyzluhylkinu, skulu í skipum, sem algerlega eru knúin vélarafli, vera að minnsta kosti tvö neyzluhylki. Ef hylkin hvort um sig taka meira en 12 klukkustunda forða með fullu álagi, skal, svo framarlega sem þau eru staðsett í vélar-rúmi, vera hægt að dæla úr þeim út í sjó, í aðalgeymi, eða innihaldi þeirra fyrir borð úr lekabyttum þeirra. Enn fremur skulu þeir búnir botnafrennsli, þéttu loki, flóðpípu, olíuhæðarvísi og loftpípu samkvæmt 102. grein, þó þannig, að neyzluhylki, sem tekur ekki meira en 50 kg af olíu, getur haft olíuhæðarglas, ef það er allt tryggilega varið og hægt að loka milli þess og hylkisins.

4. Í tré-mótorskipum með hjálparseglum mega neyzluhylki, eitt eða fleiri til samans ekki taka meira en um 6 klst. forða af brennsluolíu, miðað við fullt álag.

100. gr.

Geymsla brennsluolíu, sem hefur lægra kveikimark en 30°.

1. Ef mótör notar benzin, gasolíu, mótornafta eða aðra þess háttar brennsluolíu með kveikimarki undir 30° C og magn þess um borð er meira en 50 kg, skal það geymt á opnu svæði í geymi, sem fullnægir þeim kröfum, sem gerðar eru í 98. grein, og er auk þess búinn öryggisloka, í stað venjulegrar loftpípu, með rás út í bert loft og rásarendinn búinn öryggisneti. Geymar þessir mega ekki undir neinum kringumstæðum vera búnir sívölum hæðarglössum.

2. Hnoðaðir geymar skulu einnig vera lóðaðir langs með seimingunni, og stærri geymar skulu vera búnir skvettiplötum. Enn fremur skulu á hliðum geymanna vera styrktarhringir við inntak og afrás olíunnar.

3. Geymar í mótorrúmi mega ekki rúma meira en 15 kg af brennsluolíu til samans, ef aðalvélar eru ekki stærri en 120 HÖ, og ekki meira en 25 kg, þar sem stærri mótorar eru.

4. Rennsli oliunnar að mótornum skal vera um sterkar koparpípur og skulu þær búnar háðum þeim lokum, sem um getur í 96. gr., 1. og 2. lið.

5. Leiðslurnar skulu, svo framalega sem því verður við komið, vera í heilu 11 lagi án tengistykkja. Ef óhjákvæmilegt er að tengja saman fleiri lengdir, skulu 20. jan. þær kveiktar saman eða málmþéttaðar.

6. Ef eldsneytisleiðslurnar eru leiddar gegnum vistarverur áhafnar, skulu þær lagðar gegnum pípu, sem opin er í báða enda.

7. Slatta af brennsluolíu þessari má geyma í sterkum brúsum.

8. Benzínknúnir aukamótorar skulu, ef þeir eru undir þiljum, hafðir á köldum og vel loftræstum stað. Gerðar skulu öruggar ráðstafanir til varnar því, að eldsneytið drjúpi eða leki til spillis.

101. gr.

Mótor til annarra nota en að knýja skipið áfram.

Um mótor, sem notaðir eru til annars en að knýja skipið, gilda fyrirmæli þau, sem um getur í 87.—101. gr., með tilliti til fyrirkomulags og þess hlutverks, sem mótorunum er ætlað.

102. gr.

Oliugeymar, sem eru ekki sambyggðir skipinu.

1. Oliugeymar, sem hafa flata framhlið og gafla, en bakhlið lagaða eftir skipshliðinni, skulu örugglega hnoðaðir og rafsoðnir.

2. Plötupykktnin í rafsoðnum geymum skal að minnsta kosti:

3 mm í geymum, sem rúma	allt að 500 lítrum.
4 — — — — — 500 og — — 1000 —	
6 — — — — — 1000 — — — 2000 —	

Sé um stærri geyma að ræða, verður að leggja uppdrátt fyrir skipaefirlitið til úrskurðar. Hnoðaðir geymar úr zinkuðu jární mega vera úr 1 mm þynnri plötum.

3. Ef geymir er meira en 1 metri á lengd eða breidd, skal vera í honum skvettiskilja. Hvergi má vera meiri en 1 metri milli skilja, en þó þannig, að hægt sé að hreinsa geyminn.

4. Á hverjum geymi skal vera mannsmuga eða handsmuga, hvort sem betur hentar, og á þeim stað, sem bezt á við til að hreinsa geyminn. Botn geymis skal vera flatur (ekki oddmyndaður) og mynda sæti fyrir hann. Til þess að koma að og tengja þrýstidælu skipaefirlits ríkisins skal vera gat með $\frac{1}{2}$ þml. (enskt mál) pípuskrúfum eða annar útbúnaður sömu stærðar.

5. Skorðun skal gerð með járn- eða tréstoðum, er helzt skulu festar með skrúfboltum, svo að auðvelt sé að losa þær. Skal skorðunin vera svo traust, að hylkin full raskist ekki, þótt skipið verði fyrir áföllum í sjávangangi og leggist á hliðina. Umgerðir um mannsmugur og handsmugur skulu sterkar, lokin sterk og skrúfuð föst á þéttihring, svo að olían fái ekki lekið með lokinu.

6. Hylki, sem stærri eru en 50 lítra og geyma steinolíu, dieselolíu eða aðra þess háttar olíu, skulu reynd við þrýsting 2 m vatnssúlu, þ. e. 0,2 kg/cm². Á þetta jafnt við um ný hylki, sem gert hefur verið við, og þau, sem skipaefirlit ríkisins krefst, að reynd séu.

7. Framan við oliugeyma (og fyrir gafl þeirra, ef annað þil er ekki) skal setja þil úr 2 mm þykkum plötum, festum með skrúfum eða snerlum, svo auðvelt sé að taka þær af. Ef tré er undir, skal klæða það með asbesti og jární.

8. Fylltir skulu geymarnir frá opnu þilfari og fylliopið búið vatnsheldu loki. Loftpípa frá hæsta hluta geymisins skal opin út í bert loft. Pípuopið skal vel sjóvarið og búið virneti. Neðst á geymisbotninum skal vera afrennslislás, en rás til vélar, að minnsta kosti 10 cm frá botni geymisins.

III. KAFLI

Rafmagn.

103. gr.

Reglur um raflagnir.

Um rafmagnsbúnað og frágang raflagna, skulu gilda reglur, sem notaðar eru af flokkunarfélögum þeim, sem siglingamálaráðuneytið hefur viðurkennt, og settar eru sem skilyrði fyrir því, að rafmagnsbúnaðurinn verði viðurkenndur af hlutaðeigandi flokkunarfélagi. Jafnframt gilda ákvæði eftirfarandi greina.

Að því er snertir skip, þar sem rafmagnsbúnaður er ekki að fyrirmælum viðurkennds flokkunarfélags, gilda eftirfarandi reglur í heild.

Áður en hafizt er handa um setningu nýs rafvirkis í skip, skal senda skipaskoðunarstjóra til athugunar og samþykktar allar nauðsynlegar upplýsingar ásamt teikningu (upprætti) af raflögninni og lýsingu hennar.

104. gr.

Greinargerð.

1. Eftirfarandi reglur fjalla um raforkuvirki í skipum, þar sem rafmagn er notað til ljósa, véla eða hitunar, en ná ekki til útbúnaðar til að knýja skipið áfram með rafmagni.

2. Annar rafmagnsútbúnaður, svo sem hringingalagnir, merkjalagnir og þess háttar, lýtur því aðeins þessum ákvæðum, að:

- a. hann sé í beinu rafmagnssambandi við kerfi, þar sem rafmagnið er notað til einhvers þess, sem um getur í 1. lið,
- b. spennan sé hærri en 25 volt — eða
- c. orkugjafinn sé svo stór, að hann geti framleitt meira en 100 wött í 10 tíma, að minnsta kosti.

Rafmagnsútbúnaður vegna öryggis skipsins lýtur fyrirmælunum, án tillits til spennu og stærðar orkugjafans.

3. Útbúnaður fyrir loftskæti, síma og annar þess konar búnaður, sem sérfræðingar einir skulu annazt, lúta ákvæðum þessum einungis að því, er tekur til orkugjafans og rafbúnaðar hans.

4. Raflagnir, sem með tilvísun til 1. liðs, þurfa ekki að fullnægja ákvæðunum, skulu þannig gerðar, að þær séu aðgreindar frá lögnum með hærri spennu, nema því aðeins að notaðir séu blýstrengir.

105. gr.

Straumtegund, reksturspenna og veitukerfi.

1. Að jafnaði skal notaður rakstraumur.

2. Riðstraum má aðeins nota að fengnu leyfi skipaefirlitsins hverju sinni. Undanskilin er lögn fyrir merkjaljós o. þ. h., þegar spennan fer ekki yfir 55 volt, og enn fremur radiólagnir og annað svipað.

3. Venjuleg reksturspenna má ekki vera hærri en 250 volt.

4. Kerfið skal vera á þann veg, að notað sé tvítauga- eða þrítaugakerfi og allir pólur einangraðir frá skipsbolnum.

5. Við ketilhreinsun og þess háttar vinnu má ekki nota hærri spennu en 32 volta rakspennu og 32 volta riðspennu á lampa og önnur áhöld, og má orkugjafinn ekki vera í beinu sambandi við annað rafmagnskerfi, sem hefur hærri spennu. Ef notaðir eru riðlar, skulu rafmagnsvöfin á þeim vera fullkomlega einangruð hvort frá öðru, og á það einnig við um spennubreyta.

106. gr.

Samband við rafmagnskerfi í landi.

11

20. jan.

1. Ef veitukerfið á að vera til þess búið að taka raforku frá orkulind utan skipsins, skal vera til tengikassi eða greinispjald með tengiklemmum til að tengja lausastrenginn við greinispjaldið. Frá tengiklemmunum skal lagður strengur að rofa og vari á aðalgreinispjaldinu og þannig, að raflar skipsins og aðfengin orka verði ekki samtímis tengd við kerfi skipsins.

2. Við tengiklemmurnar skal vera spjald og á því greind spenna og tegund straums þess, er nota á, og enn fremur, hvernig tengingin skuli gerð.

3. Ákvæði 1.—3. liðs 105. gr. gilda um straumtegund og rekstursspennu hinnar aðfengnu orku, en nota má hiklaust riðstraum með allt að 130 volta rekstursspennu.

107. gr.

Rafmagnsvélar.

1. Raflar, rafmótorar og riðlar skulu fullnægja fyrirmælum skipaeftirlits ríkisins og vera merktir á áberandi stað með verksmiðjuheiti, spennu, orku og snúningshraða. Þeir skulu svo settir og varðir, að þeir verði ekki fyrir áverka eða skemmdum af völdum vatns, eims eða olíu, svo og, að komizt verði að þeim til eftirlits, viðgerða og upptekningar.

Ekki má koma þeim fyrir nálægt eldfimum efnum, þannig að hiti frá vélunum eða neistaflug frá þeim geti valdið íkveikju.

2. Rafmótor, sem mikill raki eða sjór getur komizt að, skal vera lokaður og vatnsheldur.

3. Allir málmhlutar rafmagnsvéla, sem eru ekki spennuhafa, en geta orðið fyrir snertingu, skulu vera grunntengdir á öruggan hátt við skipsbolinn. Allir þeir hlutar rafmagnsvéla utan vélarúms, sem spenna er á, skulu vera vel varðir gegn snertingu.

108. gr.

Rafgeymar.

1. Rafgeymar skulu eftir föngum vera þannig gerðir og þeim svo fyrir komið, að vökvinn fái ekki runnið úr hólfunum, þegar skipið veltur, og skal í rafgeymaklefunum gera sérstakar ráðstafanir til hindrunar því, að vökvinn nái að snerta bol skipsins.

2. Vökvahylkin skulu vera sterk. Hylki úr celluloid má því aðeins nota, að rekstursspennan frá rafgeyminum sé ekki hærri en 25 volt, enda sé þá hafður sterkur trékassi utan um geymana.

3. Rafgeymum, sem eru svo stórir, að þeir geta látið í tæ meira en 100 wött í 10 tíma, skal annaðhvort komið fyrir í sérstökum klefum eða sérstökum kössum, sem búnir skulu, séu þeir ekki hafðir á þilfari, rásam til og frá, er liggja út í bert loft. Rafgeymaklefi skal vera vel loftræstur, og búinn loftrásam bæði til og frá, og séu þær óháðar hvorar öðrum.

109. gr.

Aðgreinispjöld.

1. Raflar og rafgeymar, sem veita raforku í rafmagnskerfið, skulu annaðhvort vera tengdir beint við aðalgreinispjaldið eða við sérstakt greinispjald, sem aftur er tengt aðalgreinispjaldinu.

2. Greinispjöld skulu vera úr eldtraustu efni, sem þolir raka, og skulu allir spennuhafa hlutir settir á eldtraust efni, sem einangrar vel.

11 3. Á aðalgreinispjaldi skulu vera, vegna öruggrar notkunar rafla og geyma,
20. jan. rofar og vör, svo og mælar til að mæla spennu og straum orkugjafans. Ef fjarlægdin milli orkugjafa og aðalgreinispjalds er mikil, má setja tæki þessi að nokkru eða öllu leyti á sérstakt greinispjald við orkugjafann.

4. Á aðalgreinispjaldi skulu enn fremur vera rofar og vör fyrir allar þær kvíslar og greinar, sem leiddar eru frá greinispjaldinu, sbr. 110. gr. Tæki þessi skulu vera merkt með áletrun, er sýnir, fyrir hvaða kvísl eða grein þau eru, svo og mestu straumnotkun hlutaðeigandi greinar eða kvíslar. Hnifar hnífrofans skulu ef þeir eru óvarðir, vera spennulausir, þegar hnífrofinn er úr tengslum.

5. Á aðalgreinispjaldi skal vera tæki, er gefur til kynna, ef verulegir einangrunargallar eru á kerfinu.

6. Tæki, sem eru í tengslum við raflana eða aðalteina á greinispjaldi innan við vör þeirra, skulu vera búin sérstökum vörum.

7. Greinispjöld skulu sett upp og varin þannig, að þau verði ekki fyrir áverka eða skemmdum af völdum vatns, eims eða olíu, og eigi má setja þau svo nálægt eldfimur efnunum, að hiti frá greinispjaldinu eða neistamyndun geti valdið ikveikju. Ef mögulegt er, skal greinispjaldið vera að minnsta kosti 80 cm frá súð eða skilju. Ef því verður ekki svo fyrir komið, skulu allar tengingar á bakhlíð töflunnar vera lóðaðar, hnoðnegldar eða á annan hátt séð um, að þær fái ekki losnað, en að baki töflunnar vera a. m. k. 10 cm breitt bil.

8. Stoðir þær, sem aðalgreinispjald er sett á, skulu grunntengdar á öruggan hátt við bol skipsins, ef viðbúið er, að menn snerti þær óviljandi.

110. gr.

Greining raflagnarinnar.

1. Allir spennuhafa hlutar, hver um sig eða saman, skulu annaðhvort vera tengdir við aðalgreinispjald — eða aukagreinispjald, sem aftur er tengt aðalgreinispjaldi.

2. Hægt skal að rjúfa með rofa bæði straum og spennu á hverri straumgrein, sem lögð er frá greinispjaldi, og skal hún búin vörum á öllum pólum. Í þritauga kerfi má ekki vera var í núllstrengnum.

3. Hvert það raffang, sem er stærra en 1 kw., skal teljast sérstök straumgrein.

4. Ef orkuflutningur straumgreinar er minni en 1 kw., mega í mesta lagi vera 15 lampar og tenglar í vistarverum og utan þeirra 10 lampar og tenglar. Í grein, þar sem orkuneyzla er eins og að ofan getur, má ekki nota sterkari vör en 6 amper, en þó má nota 10 ampera vör, ef spennan er lægri en 130 volt. Að því er snertir hinar síðasttöldu straumgreinar, skal þess ekki krafizt, að rofi sé settur á greinina, nema því aðeins að spennan sé yfir 130 volt. Í stað rofa og vara má á allar aðrar straumgreinar en hina síðast töldu nota mestastraumsrofa (straumhemil).

111. gr.

Raflagnir að siglingaljósunum.

Öll rafmagnssiglingaljós skulu tengd við sérstaka grein frá aðalgreinispjaldinu, og má einnig tengja við grein þessa ljós í stýrishús, stjórnklefa og loftsklyttaklefa. Hvert siglingaljós skal vera búið sérstökum rofa og vari og þeim svo fyrir komið, að gæzlumenn eigi greiðan gang að þeim. Í sambandi við hvert siglingaljós og í námunda við rofann skal vera sjálfvirkur útbúnaður, sem gefur til kynna með ljósi eða hljóðmerki, þegar slokknar á einhverju siglingaljósanna.

112. gr.

Raflagnir að áttavitum og sjóúrum.

11

20. jan.

1. Raflar, rafgeymar, aðalgreinisþjöld, rafmótorar og önnur raftæki og raftaugar skulu þannig staðsett og frá þeim gengið, að þau fái ekki valdið truflunum á áttavitum og sjóúrum.

2. Á svæði, sem er innan 5 metra frá áttavita, skulu raftaugar, sem eiga saman, en eru af andstæðu skauti, vera lagðar hvor við aðra eða snúnar saman, og má ekki leggja járnvarðar raftaugar innan tveggja metra fjarlægðar frá slíkum tækjum.

3. Áttavitaljósum skal vera fyrir komið í að minnsta kosti 180 mm fjarlægð frá segulsviði áttavitans, og skal lömpunum þannig fyrir komið, að raftaugar verði sem allra stytztar.

113. gr.

Tegund rafmagnsstrengja og gildleiki.

1. Taugar skulu vera úr tinhúðuðum eirvír og gúmeinangraðar.
2. Taugar fastra lagna mega vera:
 - a. *Gúmaðar taugar.* Utan um gúmlagið skal vera gegndreypt flétta, en þar utan yfir gegndreypt vaf úr bómull, hampi eða því um líku.
 - b. *Óvarðir blýstrengir.* Strengir þessir eru gerðir úr einum eða fleiri vírum, sem hver um sig er einangraður á sama hátt og gúmaðar taugar eða með vafi. Utan um vírana skal þröngvað saumlausum blýhólki, en utan um hann má vera vaf úr bómull eða hampi, sem gegndreyptur hefur verið í asfalti eða menju.
 - c. *Varðir blýstrengir.* Strengir þessir skulu gerðir eins og óvarinn blýstrengur, en auk þess vafðir járnbandi eða zinkuðum járnvír eða vafðir járnvírsfléttu.
3. Lausastrengir:
 - a. *Gúmaðar tvítaugar, óvarðar.* Í þessum strengjum skulu 2 þræðir snúnir saman, og skal annað hvort hvor strengur um sig fléttaður bómull, þræði, silki, eða því um líku, eða ein flétta höfð um báða þræðina, en sé svo, verður að fylla holrúmið milli þeirra með bómull eða öðru slíku efni.
 - b. *Gúmaðir, varðir lausastrengir.* Í þessum strengjum skal hver þræður vera vafinn gegndreyptu vafi og þræðirnir síðan báðir tvinnuðir saman með gegndreyptum höstungi eða því um líku og varðir gegndreyptu vafi. en það loks klætt utan með gegndreyptri fléttu úr bómull, hampi eða slíku.
 - c. *Gúmaðir lausastrengir með sérstakri hlífðarfléttu.* Í þessum strengjum skal undirvaf vera hið sama, sem lýst er í b-lið, en yzta lagið úr haldgóðu efni, svo sem gegndreyptum hamþætti, segldúk eða leðri eða úr sérstaklega sterkum gúmhólki.
4. Að því er snertir gæði eirsins, sem notaður er í strengi, og blöndun gúmsins, sem notað er í einangrunarhylki, gilda þau fyrirmæli, sem rafmagnseftirlit ríkisins setur um lágspennuvirki í landi. Hinar sömu reglur gilda um prófun þá, sem strengirnir eru látnir sæta og að því er varðar ákveðnar kröfur um gildleika einstrengja, einangraðra blýhylkja og hlífðarvafs.

Reglur rafmagnseftirlits ríkisins gilda enn fremur, þegar um er að ræða álag og öryggi með tilliti til ýmiss konar gildleika strengjanna.

Raflagnir og fyrirkomulag.

1. Raflögnum skal eftir föngum hagað þannig, að auðvelt sé að komast að þeim, mikil væta sæki ekki að þeim né sæti þær áverka eða miklum hita frá kötlum, eimpípum eða því um líku.

2. Ef ekki er hægt að koma lögnum þannig fyrir, skal nota blýstrengi.

Einnig skal nota blýstrengi í vélarrúmi, á kyndistöðum, í kolageymslum, farmrúmunum, kælirúmunum og á opnu þilfari, svo og í leiðslur milli rafals og aðalgreinisþjalds og milli þess og aukagreinisþjalds. Þar sem sérstakar ástæður mæla með, má þó í stað blýstrengs nota gúmaðar raftaugar, lagðar í sterkar samanskrúfaðar pípur.

3. Á öllum öðrum stöðum en tilgreint er í 2. lið má nota gúmaðar taugar. Skulu þær lagðar í járnþípur eða aðrar jafngóðar pípur og þeim þannig fyrir komið, að vatn geti ekki safnast fyrir í þeim.

4. Óvarinn blýstreng má að jafnaði festa beint á bol skipsins og á innréttingar, en þó skal strengurinn, þar sem hann kann að lenda í miklum raka, vera vafinn gegndreyptu efni eða lagður á trélag eða þess háttar. Þar sem hætta er á áverkum skulu strengirnir varðir hlífum eða lagðir í málmþípur, sem komið er svo fyrir að vatn fái eigi safnast í þeim. Á þurrum stöðum, þar sem hiti er ekki mikill, má nota tréhlífar.

5. Varða blýstrengi má leggja hlífarlaust beint á bol skipsins og innréttingar, en þó skulu þeir, þar sem hætta er á miklum áverka, varðir eða lagðir í málmþípur, sem komið er svo fyrir, að vatn fái eigi safnast í þeim. Á þurrum stöðum, þar sem hiti er ekki mikill, má nota tréhlífar.

6. Í rúmunum, þar sem lagnir geta orðið fyrir efnabreytingum, t. d. í klefum, þar sem rafgeymum er komið fyrir, skal nota blýstreng, sem er varinn gegndreyptu vafi eða málningu, sem stentz áhrif sýru.

7. Berir eða járnvarðir blýstrengir skulu, þegar þeir ekki eru lagðir í pípu, undir trélista eða þess háttar, festir vel með spennum með hæfilegu millibili, og spennurnar svo gerðar, að þær skemmi ekki lögnina.

8. Í þurrum vistarverum, þar sem lagnir verða ekki fyrir áverka, mega lausastrengir vera úr gúmstreng, án hlífðarfléttu.

Gúmaðan streng með hlífðarvafi má nota utan vistarvera, þar sem ekki er hætta á, að strengurinn verði fyrir áverka. Í vélarrúmi, á kyndistað, í kolageymslum, farmrúmunum, á þilfari og annars staðar, þar sem raka og vætu er von eða þar sem búast má við áverka, skal nota gúmaðan streng, sérstaklega vel varinn.

Raflagnir gegnum skiljur og skeyting raftauga.

1. Þegar óvarðar taugar, þar með talinn óvarinn blýstrengur, eru lagðar gegnum skilju, járnbita eða þess háttar, skal verja þær með blýhólk, tréhólk eða öðru, sem fellur þétt að þeim.

Ef lagt er gegnum vatnshelda skilju, verður að setja stétt og þéttihólk, svo að ekki leki með strengnum.

2. Liggi taugarnar gegnum þilfar, skulu þær lagðar í járnþípur eða annars konar málmþípur, er skulu vel festar í þilfarið og ná svo langt upp, að sjór fljóti ekki yfir þær.

Pípuopinu sé lokað að ofan með einangrunarlakki eða það gert vatnshelt á annan hátt.

3. Tengingar í lögnum verður að jafnaði að gera með fastri skrúfutengingu.

Skulu þær annaðhvort gerðar í tengidósum eða með sérstökum klemmum í sjálfum áhöldunum, sem varðar eru einangrunarefni. 11

20. jan.

4. Á stöðum, þar sem lögnin getur orðið fyrir raka, skulu tengingar gerðar í þar til gerðum vatnsheldum tengidósum.

116. gr.

Aukagreinisþjöld.

1. Greinisþjöld skulu gerð úr eldtraustu og einangrandi efni eða góðum harðviði. Sé spjaldið úr tré, skulu allir spennuhafa hlutar tækja, búnaðar og tauga vera vel einangraðir frá því.

2. Aukagreinisþjöldum skal komið fyrir á þann hátt, að á milli spjalds og veggjar séu að minnsta kosti 30 mm. Ef óeinangraðir hlutar eru hafðir á bakhlið spjaldsins skal bilið milli þeirra og þilsins vera að minnsta kosti 10 cm. Tréþil að baki greinisþjalds skal ávallt klætt eldtryggu efni.

3. Aukagreinisþjöld skulu, ef þeim ekki er komið fyrir í sérstökum þar til gerðum klefum í skipinu, höfð í traustum kössum sem í vistarverum og á öðrum þurrum stöðum mega vera úr tré, en að öðrum kosti úr málm. Þar sem kassar geta orðið fyrir vætu eða sjóseltu, verða þeir að vera vatnsheldir.

4. Séu óvarðir rofar eða vör höfð á aukagreinisþjaldi, sbr. 2. lið 117. gr., og hlífðarkassi spjaldsins úr tré, skal sú hlið hans, sem veit að búnaði þessum, vera klædd eldtryggu efni.

117. gr.

Vör.

1. Á varhús og bræðivör skal marka haldgóðu letri málstraum þann og mestu spennu, sem þau eru gerð fyrir, og má ekki nota þessa hluti fyrir meiri straum eða hærri spennu en mörkuð er á þau.

2. Allir spennuhafa hlutar vara skulu settir á gott eld- og rakatryggt einangrunarefni og séu þeir ekki búnir einangrunarhlífum, skulu þeir varðir á öruggan hátt gegn snertingu.

Á aðalgreinisþjöldum og þeim aukagreinisþjöldum, sem einungis sérfróðir menn hafa aðgang að, er ekki krafizt þessara varna.

3. Vör, sem ósérfróðir menn annast, skulu vera tappavör og þau svo gerð, að eigi komi til, að í varið verði settur tappi fyrir meiri straum en varinu er ætlað.

4. Vartappar skulu vera þannig, að ekki stafi slyshætta af.

5. Vör skulu, eftir því sem við verður komið, sameinuð á greinisþjaldi á aðgengilegum stað. Um fyrirkomulag vara fyrir siglingaljós visast til 111. gr.

6. Vör skulu þannig sett og varin, að ekki hljótist eldhætta af. Ef setja skal vör í farmrúm, má ekki ætla þeim að verja aðrar greinar en þær, sem ætlaðar eru til ljósa í því og því farmrúmi, og skulu um þau sterkir hlífðarkassar úr járn eða öðrum málm. Séu vörin þar, sem saggasamt er eða sjór kemst að þeim, skulu þau höfð í vatnsheldum hlífðarkössum úr járn eða öðrum málm.

118. gr.

Rofar, snarar og tenglar.

1. Rofar, snarar og tenglar skulu vera fullstyrkir bæði sem þættir í rafmagns- og vélakerfi. Öll rafföng, sem spenna er á, skulu sett á gott eld- og rakatryggt einangrunarefni og séu þau ekki varin einangrunarefni, skulu þau varin gegn snertingu með sterkum hettum úr eldtryggu efni.

Á aðalgreinisþjaldi og þeim aukagreinisþjöldum, sem sérfróðir menn einir um-

11 gangast, er ekki krafizt neinna hlífa. Lok fyrir hnifsrofa og snara skulu gerð úr 20. jan. einangrunarefni.

2. Rofar og snarar utan við aðalgreinisþjald skulu vera snöggrofar, þ. e. rjúfa strauminn í einni svipan. Rofar fyrir greinar og rofar og snarar fyrir mótorá og önnur tæki, sem eru yfir 1 kw., skulu slita sambandi í öllum pólum. Straum til fastra neyzlutækja, skal vera hægt að rjúfa sem næst tækjunum sjálfum.

3. Lausastrengur skal tengdur við kerfið með tengli, og við hvern tengil skal vera rofi, nema því aðeins að í sjálfum tenglinum sé innbyggður snöggrofi. Rofinn skal helzt vera á sjálfum tenglinum. Á tækjum yfir 1 kw. skal fyrirkomulagið ætíð vera með þessum hætti.

4. Rofar, snarar og tenglar skulu þannig settir eða varðir, að eldhætta geti ekki frá þeim stafað. Á þilfari, kyndistað og í farmrúmi skulu þessir hlutir sterkelega gerðir.

Á stöðum, þar sem búast má við raka, skulu þeir vera vatnsþéttir, en eigi þeir á hættu að verða fyrir miklu hjaski, skal þeim fyrir komið í vatnsheldum hlífðarkössum úr járni eða öðrum málmum.

5. Í baðklefa, þvottaklefa og þess háttar má ekki koma fyrir rofum né tenglum; einnig skal ljósaútbúnaður vera vatnsþéttur og honum svo fyrir komið, að ekki sé snertihætta.

119. gr.

Ræsar, viðnám, hitunartæki o. fl.

1. Spennuhafa hlutar á ræsum, viðnámum, föstum hitatækjum o. fl. skulu festir í gott eld- og rakatryggt einangrunarefni og varðir eldtryggu efni gegn snertingu.

2. Þeir skulu vera þannig gerðir, að þeir verði ekki við venjulega notkun heitari utan en 150° C og þeim svo fyrir komið og varðir, að þeir nái ekki að hita svo frá sér umhverfi sitt, að eldhætta stafi af. Ekkert óvarið trjávirki má vera nær tækjunum en 10 cm.

3. Ræsar, viðnám og þess háttar, sem komið er fyrir á þilfari, kyndistöðum og þar, sem raki er mikill eða sjór kemst að, skulu hafðir í vatnsheldum hlífðarkössum úr járni eða öðrum málmum.

120. gr.

Lampar.

1. Þeir hlutar lampa, sem spenna er á, skulu festir á gott eld- og rakatryggt einangrunarefni og þeir varðir gegn snertingu með eldtryggu efni.

2. Lampar, sem eru í nánd við eldfim efni, skulu vera varðir eða þeim komið fyrir á þann hátt, að þeir nái ekki í efnið.

3. Lampar í farmrúmunum og í rúmunum, sem nota má fyrir farmrúm, skal annaðhvort komið fyrir í lampastæðum með sterkri járngrind eða þannig, að á lampastæðinu sé þétt lok úr járni eða öðrum málmum.

4. Lömpum, sem notaðir eru á þilfari og kyndistað og á stöðum, þar sem þeir geta orðið fyrir vætu eða sjóseltu, skal vera fyrir komið í vatnsheldum tengihólk með vatnsheldri glerkúpu.

5. Á ljóskösturum skulu allir snertanlegir málmhlutar annaðhvort vera grunntengdir eða einangraðir með óbrothættu og eldtryggu einangrunarefni.

121. gr.

Sérstakar reglur um rúm, þar sem eldhætta er.

1. Í oliugeymum, klefum fyrir rafmagnsgeyma og yfirleitt í klefum, þar sem eldfimar og sprengjunæmar lofttegundir geta myndast, má ekki koma fyrir raf-

magnsvélum og greinispjöldum. Vörum, rofum, tenglum og öðrum rafföngum, sem myndað geta neista, má heldur ekki koma fyrir í klefum þessum. 11

20. jan.

Lampar skulu vera í tengihólk með þéttri glerkúpu. Óheimilt er, sökum sprengihættu, að nota rafföng, sem myndað geta neista, nema þau séu fullkomlega byrgð.

2. Í klefum, þar sem eldfim efni eru geymd, má ekki koma fyrir röflum, riðlum og aðalgreinispjöldum, og mótör verður að vera algerlega byrgður eða honum komið fyrir í þéttum kassa, sem gerður er úr eða fóðraður með eldtryggu efni.

Vör, rofar, tenglar og önnur raftæki, sem valdið geta neistamyndun, skulu höfð lokuð í þéttum kössum úr eldtryggu efni. Tenglar skulu þannig gerðir, að tengikvíslin geti hvorki ýtt inn né gengið út, nema rofinn sé opin. Lampar skulu gerðir samkvæmt því, sem að ofan greinir, og rafföng, sem myndað geta neista, skulu annaðhvort vera lokuð eða þeim komið fyrir í þéttum kössum úr eldtryggu efni.

3. Í öllum ofangreindum rúmum skulu fastar leiðslur gerðar úr blýstreng, og samskeytingar- og greinidósir skulu vera vatnsheldar. Lausastrengir skulu hafa sérstakt hlífðarlag, og er óheimilt að tengja slíka strengi, ef tengingin á sér stað í hætturúminu.

122. gr.

Sérstakar reglur um skip, er flytja bensínfarm eða þess háttar.

1. Í skipum, sem flytja bensínfarm, olíu eða þess háttar, er hefur lægra kveikimark en 65° C, skal nota tvítaugakerfi, og séu báðir pólur einangraðir frá bol skipsins. Rekstursspenna til ljósa má ekki vera meiri en 130 volt.

2. Allar þær straumgreinar, sem lagðar eru frá greinispjaldinu, skulu hafa tvíþóla rofa, og greinidósir, hlífðarkassar og aukagreinispjöld skulu einvörðungu vera úr járni eða öðrum málmum og þannig búin, að strengirnir verði tengdir í vatnsheldum þéttihringjum, sem komið er fyrir í kössunum.

3. Raftaugar, áhöld, lampar, mótörar og önnur rafföng mega ekki vera í olíufarmrúmi eða milliskiljarúmi. Búnaður lampa í dælirúmunum eða í nánd við olíufarmrúm, skal vera algerlega loftþéttur. Rofar þessara lampa skulu vera tvíþóla og þeim fyrir komið utan þessara rúma.

4. Lausir rafmagnslampar í dælurúmi og í rúmi, sem eru rétt við olíufarmrúm, verða að vera rafhlöðulampar, gerðir sem námalampar, þar sem allur rafbúnaður og leiðslur eru loftþéttar og sprengihætta engin.

123. gr.

Neyðarlýsing o. fl.

1. Raflar og rafmagnsgeymar, sem sérstaklega eru ætlaðir til notkunar í neyð, skulu hafðir svo hátt yfir skiljuþilfari sem við verður komið og umfram allt á þeim stað, sem öruggastur er, þegar í neyðir rekur.

2. Greinispjöld fyrir rafla og rafgeyma, sem um getur í 1. lið, skulu höfð svo nálægt þeim sem við verður komið og auk þess á þeim stað, sem veitir mest öryggi, þegar í háska er komið. Þau skulu hafa snara, svo að hægt sé að tengja neyðarkerfið við þær greinar, sem það á að veita, jafnframt því sem aðalgreinispjaldið er tekið úr tengslum við þessar greinar.

3. Á farþegaskipum í millilandaferðum, skal gangur úr hverju aðalrúmi, sem ætlaður er farþegar og skipshöfn, ávallt vera lýstur neyðarljósi. Ef aðallýsing bilar, skal orkan tekin frá orkugjafa þeim, sem að ofan getur. Í sambandi við þessi ljós mega ekki vera aðrir rofar en þeir, sem settir eru á greinispjald neyðarorkugjafans.

4. Í vélar- og ketilrúmi skal skipa lömpunum niður á greinar, þannig að ljósið

11 slokkni ekki að fullu, þótt einhver grein verði straumlaus. Í vélarrúmi skal að 20. jan. minnsta kosti vera einn lampi á hverjum rafli og sambandið milli þeirra þannig, að ekki slokkni á lampanum, þegar straumur frá raflinum er rofinn með aðalrofa eða vari.

5. Mótorar stýritækja skulu hafðir á sérstakri grein beint frá aðalgreini-spjaldi. Rofi greinarinnar skal búinn sérstöku festitæki eða merktur sérstaklega til að koma í veg fyrir, að hann sé tekinn úr sambandi af vangá.

124. gr.

Handlampar og rafföng.

1. Á handlömpum og stórum færanlegum lömpum eða ljósaáhöldum, sem ætluð eru til að lýsa þilför, farmrúm og víðar, skulu lampahöldurnar annaðhvort vera úr einangrunarefni eða þær varðar gegn snertingu í ógáti með hlífum eða hlífðarnetum, er eigi eru í leiðnu sambandi við höldurnar. Enginn rofi má vera á slíkum lömpum. Í taugar skal nota gúmaðar tvítaugar er hafi sérstakt hlífðarlag.

2. Raftæki, önnur en þau, sem um getur í 1. lið, skulu á augljósum stað merkt verksmiðjuheiti, spennu og orku. Þau skulu fulltraust bæði sem þættir í rafmagns- og vélakerfi, og svo gerð, að þau geti ekki valdið íkveikju eða stofnað gæzlumönnum í voða með neistaflugi eða því um líku. Enn fremur skal svo til hagað, að spennuhafa hlutar þeirra verði ekki snertir í ógáti og málmhlutar þeir, sem eigi eru spennuhafa, séu vandlega einangraðir frá þeim.

125. gr.

Sérstök ákvæði um kerfi, sem hefur meira en 130 volta reksturspennu.

1. Í tví- og þrítaugakerfi, þar sem allir pólur eru einangraðir frá skipi, skulu, ef spennan milli tveggja póla (ytri pólanna í þrítaugakerfi) er hærri en 130 volt, vera 2 raðtengdir glólampar og miðjan milli þeirra tengd við skipið. Glólamparnir skulu vera málmþráðlampar og gerðir fyrir sömu spennu og notuð er á kerfið, en orkuneyzla hvors þeirra nema um 15 wöttum.

Straumur til þessara lampa verður ekki rofinn, nema stutta stund. Í stað lampanna má nota 2 voltamæla með, að minnsta kosti, jafnmiklu viðnámi.

2. Á föstum ljósastæðum utan við vistarverur skulu þeir hlutar, sem viðbúið er, að snertir verði, vera einangraðir eða straumtengdir skipsbolnum.

3. Hlífðarkassar úr járn eða öðrum málmum um aukagreinisþjöld, vör, rofa og þess háttar, skulu einnig straumtengdir skipsbolnum.

126. gr.

Prófanir rafmagnskerfisins.

1. Rannsaka skal einangrun og úttekt hvers nýs kerfis. Straumtapið má ekki vera meira en 1 milli-amper.

2. Síðar, þegar skipaeftirlitinu þykir ástæða til, skal fara fram ný rannsókn, sams konar.

127. gr.

Raforkuvirki.

Raforkuvirki, sem þegar eru í skipum, er reglugerð þessi gengur í gildi, mega standa óbreytt, ef gerð þeirra og tilhögun er slík, að dómi skipaskoðunarstjóra, að þau verði hvorki til tjóns né hættu.

Allar breytingar og endurbætur virkja skulu ávallt gerðar samkvæmt ákvæð- **11**
um þessarar reglugerðar. 20. jan.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að gera fullkomn-
ari kröfur um raflagnir og raftæki í öllum skipum, ef þær lúta að öryggi skipsins
og skipshafnar.

IV. KAFLI

Fjarskiptitæki.

128. gr.

Loftskeytastöðvar og talstöðvar í íslenskum skipum og bátum.

Öll íslensk farþegaskip, án tillits til stærðar, og vöruflutningaskip, 500 rúml.
og stærri, sem sigla milli Íslands og annarra landa, skulu varðandi fjarskiptitæki
fullnægja ákvæðum alþjóðasamþykktar frá 10. júní 1948, um öryggi mannlífa
á hafinu.

Farþegaskip í innanlandssiglingum, 200 rúml. og stærri, og skip, sem hafa
minnst 12 manna áhöfn og sigla milli Íslands og annarra landa, skulu hafa loft-
skeytastöð, starfrækta af manni með full réttindi og sé afi stöðvarinnar eigi minna
en 75 wött, í loftneti á 600 metra öldulengd.

Fullnægjandi telst talstöð í stað loftskeytastöðvar í skipum í innanlandssigl-
ingum, ef fyrir liggur skrifleg yfirlýsing frá póst- og símamálastjórninni um það,
að siglingaleiðin sé örugglega innan langdrægis strandartalstöðvar, sem hefur
sóláhringsvörzlu, enda sé siglingaleiðin og lágmarksafli talstöðvar skipsins á neyð-
arbylgjulengd tilgreind í yfirlýsingunni.

Hvert annað íslenskt skip, 15 rúmlestir og stærra, er siglir lengra en 3 sjó-
mílur frá landi, skal hafa radiótalstöð með minnst 5 watta afli í loftneti á neyðar-
bylgjulengd talstöðva. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfrækslu-
skírteini fyrir slíka stöð.

Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar og gefur hún út
öryggisvottorð fyrir fjarskiptitækið og tilkynnir skipaskoðunarstjóra niðurstöður
skoðunar á slíkum tækjum, svo og það annað varðandi þau, er ástæða þykir til.

Talstöðvum í minni skipum og fiskibátum, skal fyrir komið á sem öruggust-
um stað gegn vætu og raka og þau vandlega varin, svo þau verði ekki fyrir hnjaski.
Póst- og símamálastjóri setur menn til eftirlits með fjarskiptitækjum á þeim stöð-
um, þar sem völ er á hæfum eftirlitsmönnum, og til að koma tækjunum fyrir á sem
öruggastan og beztan hátt, einkum í fiskibátum. Geti eftirlitsmaður ekki bætt úr
þeim göllum, sem valda ónothæfni tækjanna eða sett upp önnur tæki í staðinn,
skal hann tilkynna það póst- og símamálastjórninni, sem tekur ákvörðun um,
hvað gera skuli, í samráði við skipaskoðunarstjóra.

Skipstjóra ber skylda til að tilkynna næstu símastöð eða eftirlitsmanni, þegar
fjarskiptitæki eru í ólagi.

V. KAFLI

A. Siglingatæki og fleira.

129. gr.

Leiðarreikningstæki.

Leiðarreikningstæki eru öll þau tæki, sem nauðsynleg eru til skipstjórnar.
Hvert skip skal vera búíð þessum tækjum í samræmi við fyrirmæli þau, sem hér
fara á eftir.

Um fjarskiptitæki gilda fyrirmæli þau, sem sett eru með sérstökum reglum.

11
20. jan.

130. gr.

Þjóðfáni.

Öll skip skulu hafa hæfilega stóran þjóðfána. Þó skulu opnir bátar undanþegnir.

131. gr.

Merkjafánar.

Öll skip, sem fara á milli landa, skulu hafa alþjóðamerkjafána, hafnsögufána og tilheyrandi merkjabók í merktum hólfum á stjórnþalli eða öðrum hentugum stað. Skip í millilandaferðum, sem eru stærri en 150 rúmlestir, skulu hafa öruggan morslampa, til dag- og náttnota. Öll skip skulu hafa svört kúlumerki samkvæmt alþjóðasjóferðareglum.

132. gr.

Áttavitar.

Á öllum skipum, sem stærri eru en 200 rúmlestir, skulu á föstum samastað vera tveir góðir vökvaáttavitar, og sé rósinn ekki undir 23 cm í þvermál. Á 50—200 rúmlesta skipum skal á föstum samastað vera góður vökvaáttaviti og annar jafnstór til vara, en rósinn ekki undir 20 cm í þvermál.

Á 15—50 rúmlesta skipum skal vera 1 góður vökvaáttaviti, uppsettur, og rósinn ekki undir 17 cm í þvermál og bátakompás. Á þiljuðum skipum, minni en 15 rúmlestir, skal vera 1 góður vökvaáttaviti, uppsettur, og rósinn ekki undir 15 cm í þvermál.

Á öllum opnum skipum skal vera áttaviti og honum fyrir komið á hentugum stað.

Varaáttaviti skal geymdur á hentugum stað.

Leiðrétting áttavita skal í höndum manns, sem hlotið hefur löggildingu skipaskoðunarstjóra, að fenginni tillögu skólastjóra Stýrimannaskólans. Á öllum þiljuðum skipum skal leiðrétta segulskekkju áttavita að minnsta kosti einu sinni á ári og þegar breyting á járnvirki í umhverfi áttavita hefur farið fram, eða þegar skipstjóri telur af öðrum orsökum (t. d. vegna mikils járnfarms) ástæðu til að ætla, að segulskekkja hafi breytzt.

Á skipum í millilandasiglingum skal færa segulskekkju áttavita inn í dagbókina, eða í sérstaka segulskekkjubók.

Vökvaáttavitar skulu hafa vottorð stofnunar, sem að mati skipaskoðunarstjóra er dómbær í þessum efnunum.

Dæmi áttavitasérfræðingur nýjan áttavita ónothæfan, skal hann gera skriflega grein fyrir ákvörðun sinni. Opin skip skulu hafa áttavita, sem skoðunarmaður bátsins tekur gildan, og skal honum vel fyrir komið og ekki of nærri vélinni.

Í þeim skipum, sem skylt er að hafa tvo fasta vökvaáttavita, má í stað annars þeirra hafa „gyroskop“-áttavita, ef hinn fasti vökvaáttaviti er þannig staðsettur og gerður, að hann verði notaður til að stýra eftir (styrekompass) og hann lýstur á þann hátt, að hann sé óháður aðal-rafmagnskerfi skipsins.

133. gr.

Sjókort.

Öll skip, 12 rúmlestir og stærri, skulu hafa þau sjókort, sem að mati skipaefirlits ríkisins eru nauðsynleg á leiðum þeim, sem þeim er ætlað að sigla, enn fremur vitaskrá og leiðbeiningar til sjómanna, sem skipaefirlitið tekur gildar, og áhöld til að marka stefnu skipsins. Aðstaða til skipstjórnar skal gerð eins góð

og við verður komið, miðað við skipsstærð, og sjókortum og öðrum ofangreindum 11
áhöldum fengin örugg geymsla. 20. jan.

134. gr.

Sjónauki og sextungur.

Viðhlítandi sjónauki skal vera í öllum skipum, sem stærri eru en 20 rúmlestir. Sextungur skal vera á hverju skipi, sem siglir milli landa.

135. gr.

Miðunarskífa, vegmælir og sakka.

Sé ekki hægt að miða beint yfir áttavitann, skal miðunarskífa vera fyrir hendi. Ákvæði þetta gildir jafnt, þótt radiómiðunartæki séu í skipinu. Öll skip stærri en 20 rúmlestir skulu hafa vegmæli, hæfilega stóran og fullkominn, að mati skipa-
eftirlits ríkisins, miðað við stærð skipsins. Öll skip stærri en 20 rúmlestir og allt að 100 rúmlestum, skulu hafa grunnlód. Skip, sem er 100 rúmlestir eða stærra, skal einnig hafa djúplód eða bergmálsdýptarmæli.

Radio-miðunarstöð.

Öll skip 1600 rúml. brúttó og stærri, sem sigla milli landa, skulu hafa radio-
miðunarstöð samkvæmt IV. og V. kafla alþjóðareglna frá 10. júní 1948, um öryggi mannlífa á hafinu.

136. gr.

Sjóúr, skipsklukkur og loftvog.

Hvert farþegaskip í millilandasinglum, svo og öll skip stærri en 500 rúm-
lestir, sem sigla til annarra landa, skulu hafa sjóúr, að fiskiskipum undanskildum.
Í hverju skipi, sem er stærra en 300 rúmlestir, skulu vera að minnsta kosti 2
skipsklukkur, og í skipum frá 20 til 300 rúmlestir skal að minnsta kosti vera 1
skipsklukka.

Loftvog skal vera í öllum 20 rúmlesta skipum og stærri.

137. gr.

Siglingaljós.

Öll skip skulu hafa siglingaljós, samkvæmt alþjóðareglum. Skip, sem sigla
milli Íslands og annarra landa, skulu hafa steinoliúsiglingaljósker til vara. Á fiski-
skipum, sem ekki sigla milli landa, skal ávallt vera til taks hvítt ljósker til vara.
Nota má hvern þann ljósgjafa, sem veitt getur skæra birtu. Öll siglingaljós skulu
vera í samræmi við tilskipun nr. 8 11. apríl 1933.

Ný siglingaljós skulu hafa vottorð frá stofnun, sem hefur á að skipa sérfræð-
ingum á þessu sviði og viðurkennd er af skipaefirliti ríkisins.

Skoðunarmanni ber að sjá um, að festing ljóskeranna sé örugg og þeim komið
fyrir á réttum stöðum, einnig að ljósaútbúnaður allur sé samkvæmt settum
reglum.

138. gr.

Ljóshlífar.

Til þess að koma í veg fyrir, að ljós sjáist fyrir stefni, skulu settar ljóshlífar
fyrir hliðarljóskerin.

Lengdin frá miðju ljósi að skuggalista skal vera að minnsta kosti 91 cm.

Breidd skuggalistans út frá hlið ljóshlífarinnar skal vera 13 mm minni en
bilið frá hlið ljóshlífarinnar að miðju ljósi.

- 11 Hliðarljósum skal komið svo vel fyrir sem unnt er, t. d. á stjórnþalli eða
20. jan. stýrishúsi. Botnfjöl ljóshlífarinnar (ef hún er notuð) skal vera sem næst sam-
hliða sjávarfleti, en bakhlið hennar samhliða lóðréttum miðfleti skipsins langskips.
Ljóshlífin skal að minnsta kosti eins há og ljóskerið upp að keilumyndaða
hlutanum og skuggalistinn að minnsta kosti jafnhár, svo að ljós sjáist ekki yfir
hann, þegar skip tekur dýfur.

139. gr.

Tæki til hljóðmerkja.

1. Hvert skip skal hafa blístru eða gúfu (sirene) þeytta eimi eða öðru í hans stað, öflugt þokuhorn, enn fremur hljómsterka bjöllu. Loks skulu skip, sem eru lengri en 106,75 metrar, hafa „gong-gong“ eða annað þvilíkt hljóðmerkjatákn, og má hljóð þess ekki líkjast bjölluhljóði.
2. Blístran eða gúfan skal þannig sett, að hljóð hennar truflist ekki, og í skipum, sem hafa reykþáf, skal hljóðtækjunum fyrir komið framan við reykþáfinn.
3. Þokuhornið skal vera af þeirri gerð, sem skipaefirlitið viðurkennir.
4. Bjallan skal vera að minnsta kosti 20 cm í þvermál að innan, og skal hún hengd upp í framstafni skipsins eða framan á stýrishúsi og rúmt um hana.
5. Í minni skipum en 20 rúmlesta skal ákvæðum fyrsta liðs talið fullnægt, ef skipin hafa þokuhorn, sem gefur frá sér hátt hljóð, og bjöllu eða annað þvilíkt hljóðtæki.

140. gr.

Dýpkunarskip, þrammar, ferjur og bátar á ám og vötnum.

Skipaefirlitið ákveður hverju sinni þau siglingamerki og hliðstæðan útbúnað, sem krafizt er á skipum þessum.

B. Bjargtæki.

141. gr.

Línubyssur og ljóskastarar.

Línubysa. Línubyssur skulu viðurkenndar af skipaefirlitinu. Hverri línubysu skulu fylgja að minnsta kosti 4 skot, og 4 línur og auk þess tvær flotlínur. Þær skulu geymdar á góðum og þurrum stað.

Á skipum, sem eru 300 rúmlestir og stærri, skal vera línubysa, er dregur 230 metra. Á 50—300 rúmlesta skipum skal vera línubysa, er dregur 120 metra.

Ljóskastarar. Ljóskastarar ásamt útbúnaði þeirra skulu vera af þeirri gerð, sem skipaefirlitið hefur viðurkennt. Þessar kröfur eru gerðar um ljósstyrkleika:

Á skipum, sem eru 300 rúmlestir og stærri, skal vera ljóskastari, er lýsir 1000 metra. Á skipum, sem eru 100 og allt að 300 rúmlestir, skal vera ljóskastari, er lýsir 700 metra. Á skipum, sem eru 30 og allt að 100 rúmlestir, skal vera ljóskastari, er lýsir 400 metra. Miðað við, að við birtu frá ljóskastaranum sé hægt að lesa venjulegt prentletur í framangreindum fjarlægðum, þegar dimmt er af nóttu, en hjart í lofti.

Ljóskösturum skal komið fyrir á þaki stýrishúss eða öðrum jafngóðum stað, að áliti skoðunarmanns, svo að ekkert skyggi á ljósið, á hvern veg sem tækinu er snúið. Stjórna skal ljóskastaranum frá stýrishúsi eða öðrum öruggum stað.

142. gr.

Tala bjarghringa.

Skip, sem hafa þilfar og eru allt að 10 metrum að lengd, skulu hafa minnst 1 bjarghring. Skip, sem eru 10 og allt að 20 metrum, skulu hafa 2 bjarghringi.

Skip, sem eru 20 og allt að 25 metrar, skulu hafa 3 bjarghringi.	11
— — — 25 — — — 35 — — — 4	20. jan.
— — — 35 — — — 45 — — — 5	
— — — 45 — — — 55 — — — 6	
— — — 55 — — — 60 — — — 7	
— — — 60 — — — 65 — — — 8	

Vöruflutningaskip, sem fara á milli landa, skulu hafa minnst 8 bjarghringi.

143. gr.

I. Á öllum farþegaskipum og flutningaskipum, 500 rúmlesta og stærri, sem fara milli landa, skal vera:

1. Farþegaskip skal hafa björgunarbát fyrir alla á skipinu, en flutningaskip skal á hvorri hlið skipsins hafa björgunarbát eða björgunarbáta sem rúma alla á skipinu.

2. Á farþegaskipum, sem sigla milli Íslands og annarra landa, skulu auk björgunarbáta þeirra, sem skipinu er skylt að hafa samkv. 1. tölul., vera flekar (buoyant apparatus) fyrir fjórða hluta af öllum á skipinu.

3. Bjarghringar samkvæmt því, sem krafizt er í 142. gr. þessara reglna eða b-lið 16. gr., sbr. 34. gr. III. kafla alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu, frá 10. júní 1948. Á farþegaskipum skal helmingur þeirra, en þó aldrei færri en 6, vera með blysi, er sjálft tendrast í sjó og tveimur duflum með veifu á stöng og 27,5 m langri línu. Á flutningaskipum skulu vera minnst 4 bjarghringar með blysi og tveir með línu og dufli.

Á olíuflutningaskipum skulu bjarghringaljósi vera rafmagnsljós.

4. Bjargbelti handa öllum á skipinu.

5. Línubýssa samkvæmt 141. gr. með 4 skotum og 4 línum og auk þess tvær flotlínur.

6. Ljósastari samkvæmt 141. gr.

7. Sex fallhlífar-flugeldar, 6 rauð handblyss og 12 merkjaskot með tilheyrandi byssu, eða 12 flugeldar, ef byssa er ekki.

8. Í þessum skipum skal einn af björgunarbátunum vera vélbátur, er fullnægi ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar frá 10. júní 1948, um öryggi mannlífa á hafinu. Mótor í björgunarbát skal vera af þeirri gerð, er skipaefitirlit ríkisins viðurkennir, og í bátunum skal vera eidsneyti, sem endist mótornum í 12 klst.

II. Á flutningaskipum, sem eru minni en 500 rúmlestir og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:

1. Björgunarbátar handa öllum skipverjum, og skipsbátur, sem rúmar alla skipverja.

2. Ef skipið er minna en 200 rúmlestir, skal það hafa einn björgunarbát, sem rúmar alla skipverja.

3. Bjarghringir samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 142. gr. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og tveir með dufli og veifu á stöng, en allir með 27,5 m langri línu.

4. Bjargbelti handa öllum skipverjum.

5. Línubýssa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línum og auk þess tvær flotlínur.

6. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.

7. 6 fallhlífarflugeldar og 12 flugeldar eða flugeldabyssur með 12 skotum.

11 III. *Á flutningaskipum, sem eru í strandsiglingum, skulu vera bjargtæki sem*
20. jan. *hér segir:*

1. Skipsbátur eða skipsbátar handa öllum skipverjum.
2. Bjarghringar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 142. gr. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og tveir með dufli á stöng, en allir með 27,5 metra langri línu.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa í skipum yfir 50 rúml. (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línunum og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
6. 12 flugeldar og 2 fallhlífarflugeldar. Í stað flugelda má hafa flugeldabyssu með 12 skotum.

IV. *Á fiskiskipum, sem eru stærri en 450 rúml. og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Tveir björgunarbátar, er rúma alla skipverja, sinn á hvorri hlið skipsins, og skal björgunarbúnaður bátanna vera samkvæmt alþjóðareglum, þó er ekki krafizt vélar í þá.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og 27,5 metra langri línu, en tveir með línu og dufli með veifu á stöng.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línunum og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
6. 12 flugeldar og 6 fallhlífarflugeldar. Í stað flugelda má hafa flugeldabyssu með 12 skotum.

V. *Á fiskiskipum, sem eru 200—450 rúml. og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Björgunarbátar, sem rúma að samanlögðu alla skipverja; ekki færri en tveir bátar.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og 27,5 metra langri línu, og tveir með línu og dufli með veifu á stöng.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línunum og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
6. 12 flugeldar og 2 fallhlífarflugeldar. Í stað flugelda má hafa flugeldabyssu með 12 skotum.

VI. *Á fiskiskipum, sem eru minni en 200 rúml. og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Björgunarbátur eða björgunarbátar, sem rúma alla skipverja.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og 27,5 metra langri línu, og tveir með 27,5 metra línu og dufli með veifu á stöng.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línunum og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. gr.

6. 12 flugeldar eða flugeldabyssa með jafnmörgum skotum og enn fremur 11 fallhlífarflugeldar. 20. jan.

VII. *Skip, sem eru 200 til 450 rúmlestir og stunda veiðar við strendur Íslands, skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru samkv. VI. lið, til fiskiskipa, er sigla á milli landa.*

VIII. *Á fiskiskipum, sem eru 30—200 rúmlestir og stunda veiðar við strendur Íslands, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Skipsbátur eða skipsbátar handa öllum á skipinu. Siglingamálaráðuneytið getur leyft, að nota megi striga-gúmmibát, af þeirri gerð, sem skipaæftirlitið viðurkennir.

2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Einn þeirra skal vera með 27,5 metra langri línu og dufli með veifu og einn með sjálfkveikjandi ljósi og 27,5 metra langri línu.

3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.

4. Á skipum, sem stærri eru en 50 rúmlestir skal vera línubysa með 4 skotum og 4 línur, samkvæmt fyrirmælum 141. greinar, og tvær flotlínur.

5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.

6. 12 flugeldar eða flugeldabyssa með jafnmörgum skotum.

Ef skip þessi stunda veiðar við strendur annarra landa, skulu þau fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru samkvæmt VI. lið til fiskiskipa, er sigla á milli landa.

IX. *Á fiskiskipum, sem eru 20—30 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Bátur eða fleki með nægilegu flotmagni til að fleyta öllum á skipinu. Skipaskoðunarstjóri ákveður stærð og gerð bjargfleka og fleytitækja.

2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Þeir skulu vera með 27,5 metra langa línu og einn með ljósbauju.

3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.

4. 6 flugeldar eða flugeldabyssa með 6 skotum.

X. *Á fiskiskipum, sem hafa þilfar og eru 5—20 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Þeir skulu vera með 27,5 metra langa línu.

2. Bjargbelti handa öllum skipverjum.

3. 4 flugeldar.

XI. *Á farþegaskipum, sem eru í strandsiglingum og eru stærri en 200 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Björgunarbátar, sem rúma $\frac{2}{3}$ hluta allra skipverja.

2. Björgunarbátar með hleypisúð, og skulu þeir ásamt björgunarbátum þeim, er um getur í 1. lið, hafa nægilegt burðarmagn fyrir $\frac{3}{5}$ hluta skipverjanna. Auk þess skulu vera fleytitæki fyrir að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ hluta allra skipverja.

3. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar, þegar skipin eru styttri en 61 metri, en 12 bjarghringar, þegar skipin eru 61 metri eða lengri.

Við sex bjarghringanna — þrjá á hvorri hlið skipsins — skal festa sjálfkveikjublys. Ef skipið er styttra en 61 metri, skal festa blys við 2 bjarghringa á hvorri hlið skipsins. Við hvern bjarghring með blysi skal festa 27,5 metra langa línu, og við tvo, sinn á hvorri hlið skipsins, skal vera dufl með veifu á stöng.

- 11 4. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
20. jan. 5. Línubysa samkvæmt fyrirmælum 141. greinar, með 4 skotum og 4 línum og tvær flotlínur.
6. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
7. 6 fallhlífarflugeldar, 12 flugeldar eða flugeldabyssa með 12 skotum.

XII. *Á farþegaskipum, sem eru í strandsiglingum og eru minni en 200 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Skipsbátar, sem rúma $\frac{1}{10}$ hluta allra skipverja, og auk þess fleytitæki fyrir $\frac{1}{10}$ hluta allra skipverja. Á skipum undir 50 rúmlestum getur skipaskoðunarstjóri leyft, að annar útbúnaður komi í stað báts.
2. Bjarghringir samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Einn þeirra skal vera með sjálfkveikjublysi og 27,5 m línu og við tvo þeirra, sinn á hvorri hlið skipsins skal fest 27,5 metra löng lína.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa samkvæmt fyrirmælum 141. greinar, með 4 línur og 4 skotum, ef skipið er yfir 50 rúmlestir, og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
6. 12 flugeldar eða flugeldabyssa með 12 skotum og enn fremur 2 fallhlífarljós.

XIII. *Farþega- og flutningabátar í innfjarðarsiglingum skulu hafa bjargtæki sem hér segir:*

1. Skipsbát, nægilega stóran handa skipshöfninni. Ef bátur er ekki stærri en svo, að hann geti ekki haft skipsbát á þílfari, né í bátsuglum, getur skipaskoðunarstjóri leyft, að annar útbúnaður komi í staðinn.
2. Bjarghringa samkvæmt fyrirmælum 141. greinar. Við einn þeirra skal fest sjálfkveikjublysi og 27,5 metra löng lína.
3. Björgunarbelti handa öllum skipverjum.
4. Ljósastara samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
5. 12 flugelda eða flugeldabyssu með 12 skotum.
6. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um er að ræða flutning á sjómönnum eða verkafólki til og frá verstöðvum, eða einstakar hópferðir, getur skipaskoðunarstjóri leyft, að gerðar séu vægari kröfur til farþegarýmis og skipsbúnaðar, t. d. með því að leyfa, að skipsbátur, björgunarfleki eða annað hliðstætt komi í stað björgunarbáts. Enn fremur getur skipaskoðunarstjóri leyft, að litlum skipum sé heimilt að hafa skipsbát í togi í stað þess að hafa hann hangandi í uglum eða á þílfari, sé ferðum skipsins svo háttáð, að það teljist æskilegt og öruggt.

XIV. *Flekar (buoyant apparatus).*

Auk björgunarbáta og annarra báta, sem hverju skipi ber að hafa, skal á skipum, sem eru 200 rúmlestir og stærri og eru í förum milli Íslands og annarra landa, vera fleki fyrir að minnsta kosti helming þeirra, sem á skipinu eru.

Á öllum farþegaskipum skulu, auk björgunarbáta og annarra báta, vera bjargflekar fyrir fjórða hluta allra, sem á skipinu eru.

Flutningaskip í strandsiglingum skulu, auk björgunarbáta og annarra báta, hafa fleka fyrir helming af öllum, sem á skipinu eru.

Í flekum þessum skal vera:

Tvær árar, tvö vasaljós í góðum umbúðum og bátsfesti.

VI. KAFLI

Opnir bátar.

11

20. jan.

144. gr.

I. Opnir róðrabátar og búnaður þeirra.

Þegar skoðaðir eru opnir bátar, skal þess gætt, að báturinn sé vatnsheldur og vel traustur, að stýrið sé traust og svo um það búíð, að það geti ekki hrokkið upp af, þótt öldugangur sé, að bátnum fylgi traustar árar og að minnsta kosti tvær varaárar, að ræðin séu traust og hentug og sömuleiðis sigla og segl, sé það haft.

Í hverjum bát skal hafa nægilega mörg austurtrog, miðað við stærð hans, enn fremur góðan áttavita, ljósker, búrufleyg, stjóra, streng og vatnskút, hæfilega stóran.

II. Opnir vélbátar, sem stunda fiskveiðar.

1. Þegar skoðaður er opinn vélbátur, sem stundar fiskveiðar, skal þess gætt, að báturinn sé vatnsheldur og traustur. Stýrið skal vera traust og svo um það búíð, að það geti ekki hrokkið upp af þótt öldugangur sé. Þess skal enn fremur gætt, að seyming sé í góðu lagi og að ekki sé fúi í bátnum.

2. Undirbygging vélarinnar skal vera traust og vel til hennar vandað. Frá stefnispípunni skal tryggilega gengið og þess gætt, að afturstefnið sé hæfilega þykkt, svo það veikist ekki um of við gegnumborun fyrir stefnispípunni. Óskert efni utan við stefnispípuna má hvergi vera minna en $1\frac{1}{2}$ sinnum súðarþykktin.

3. Vélinni skal tryggilega komið fyrir í bátum, og svo um hana búíð, að vatn geti ekki valdið gagntruflun. Húsið yfir vélinni skal vera vatnshelt, verði því við komið. Fram- og afturþil vélarhússins skal þannig útbúið, að sjór geti ekki komið til vélarinnar örar en svo, að austurdæla vélarinnar hafi við að dæla, svo að austurinn geti ekki valdið gangtruflun. Sé op á framhliðinni vegna gangsetningsveifarinnar, skal kleift að loka því skjóttlega og auðveldlega, t. d. með dragloku.

4. Undir kasthjól vélarinnar skal vera kassi, sem ver það fyrir austrinum.

5. Frá eldsneytisgeyminum skal tryggilega gengið. Á honum eða við hann, á eldsneytisþípunni, skal vera gruggskál, með síu í og krana á botni, svo að unnt sé að hleypa vatni úr henni. Sé benzín notað til gangsetningar á vélinni, eða til eldsneytis, má ekki geyma það í vélarúminu.

6. Frá botnkrananum skal vel gengið og hann festur á bátshliðina með gegnreknum skrúfboltum, eða á annan öruggan hátt.

7. Frá útblástursþípunni skal svo gengið, að ekki stafi frá henni íkveikjuhætta. Liggi útblástursþípan með skipshliðinni og nái aftur úr bátnum, skal hún einangruð þar sem hún liggur nærri tré, sé hún ekki vatnskæld.

8. Opnir vélbátar, sem eru 3 rúmlestir brúttó eða stærri, skulu vera með fleytigögnum (loftkössum), hæfilega stórum til að halda bátnum á floti, þótt hann fyllist af sjó. Skulu fleytigögnin vera úr eir, ryðfríu stáli eða öðru efni viðurkenndu af skipaefntirlitinu (zink má ekki nota), og má telja, að einn rúmmetri beri sem næst 900 kg. Þykkt efnisins má ekki vera undir 0,6 mm.

9. Opnir vélbátar skulu hafa siglu og segl, hæfilega stór, 2 árar, 3 ræði, vökvaáttavita, þokulúður, samsett ljósker (rautt og grænt) og hvítt ljósker, um það bil einum metra ofar, eina skjólu, eina eða tvær handdælur, eftir því hvernig vélarúminu er komið fyrir, búrufleyg með 4 lítrum af smurningsolíu, eða annan fullgildan útbúnað til að lægja með brotsjó, vatnskút, bátsfesti, meðalakistu nr. 1, hæfilega þungan stjóra og að minnsta kosti 30 faðma langan kaðal með um það bil 3 faðma keðju við endann. Lengd kaðalsins skal vera með hliðsjón af sjávardýpi þess svæðis, sem bátnum er ætlað að vera á.

11 10. Á bátinn skal vera málað nafn hans, heimilisfang, umdæmisbókstafir
20. jan. og -tölur.

11. Allir fiskibátar skulu hafa mælingarbréf og fiskveiðaskírteini.

III. Opnir vélknúnir farþega- og vöruflutningabátar.

1. Opnir farþega- og flutningabátar vélknúnir, skulu fullnægja ákvæðum II. liðs þessarar greinar, um opna vélbáta, er stunda fiskveiðar, að því er lýtur að styrkleika bátsins og fyrirkomulagi eftir ferðum þeim, sem bátnum er ætlað að vera í, hvort heldur er milli skips og lands, í innfjarðarsiglingu, eða á vötnum.

2. Útbúnaður opinna farþega- og vöruflutningabáta skal vera sem hér segir: Tvær árar, 3 ræði, samsett ljósker (rautt og grænt) og hvítt ljós einum metra ofar, þokulúður, 2 skjólur eða 2 austurtrog, handdæla, bátsfesti, hæfilega gild og löng, stjóri með 3 faðma keðju og streng, ekki styttri en 30 faðmar.

3. Sé báturinn yfirbyggður að einhverju leyti eða hafi hann ekki siglu né segl og verði heldur ekki róíð, skal hann auk greinds útbúnaðar hafa slökkvitæki og 2 varahlöð, 6 rauð blys í vatnsheldum kassa, bjarghring með bandi í, þokulúður, krókstjaka og meðalakistu nr. 1.

4. Enn fremur skulu á bátnum vera nauðsynleg handrið, og séu farþegar í lokuðu skýli, skal það vel lýst og loftræst.

5. Farþega- og vöruflutningabátar skulu hafa mælingarbréf.

Í opnum vélbátum skulu vera eftirtalin verkfæri og varahlutir: Hamar, 2 skiptilyklar, tóng, þjöl, meitill, 2 mótorkerti, sé benzínmotor í bátnum, en einn glóðarhaus eða kúla, ef í bátnum er steinolíumotor, einangrunarband og hæfilega mikið af þétti (pakning).

VII. KAFLI

A. Björgunarbátar.

145. gr.

Smíði og gerð björgunarbáta fer eftir sérstökum reglum. Þeir skulu vera vel smíðaðir, úr góðu, viðurkenndu efni, með föstum byrðingi. Lofthylkin innanborðs skulu vera úr eir eða öðru viðurkenndu efni.

Breidd björgunarbáts á hálfri dýpt skal vera að minnsta kosti:

- a. 96% af breiddinni miðskipa,
- b. 77% af breiddinni við fjórðung lengdar.

Botnris skal vera 1:8.

Ef breyta þarf stærðarhlutföllum björgunarbáts vegna rýmis, skal skipaskoðunarstjóri fá breytingartillöguna til úrskurðar.

Skipaskoðunarstjóri getur leyft að nota að einhverju leyti aðrar gerðir björgunarbáta, þegar sérstaklega stendur á, t. d. björgunarbáta með hleypisúð.

Um tölu björgunarbáta í farþegaskipum skal farið eftir alþjóðareglum. Rúmtak björgunarbáts skal reikna út eftir Simpsons-reglu eða á annan jafnnákvæman hátt. Telja má rúmtakið jafnt $\frac{1}{10}$ af margfeldi lengdar, breiddar og dýptar, ef eigiandi skipsins eða skipaefirtirlit ríkisins óska ekki eftir nákvæmari aðferð. Ekki má dýptartalan, sem reiknað er með, vera hærri en 45% af breiddinni, þó að hin raunverulega dýpt bátsins sé meiri.

Frá rúmtaki mótorbjörgunarbáts skal draga rúmtak mótors.

Hæfilegt hleðsluborð skal vera um 3 cm á hvern lengdarmetra bátsins. Stafnris björgunarbáts skal að minnsta kosti vera 4% af lengd hans.

Enginn björgunarbátur skal vera minni en 2,85 rúmmetrar.

Aðalmálin skulu fundin á eftirfarandi hátt:

Lengdin skal mæld frá ytri brún súðar við framstefni að samsvarandi stað á 11
afturstafni. Ef um skutgafli er að ræða, skal mælt að aftanverðum gaflinum. 20. jan.

Breiddin skal mæld milli utanverðra súða og þar sem báturinn er breiðastur.

Dýptin skal mæld miðskipa frá kili að beinni línu milli hástokka.

Á skipum, sem sigla milli landa, skal hverjum manni ætlað 0,283 m³ rúmtak í bát, en í strandaskipum 0,23 m³.

Þó mega ekki fleiri vera á báti en svo, að allir geti setið og rúmt sé um ræðara. Á hvern bát skal merkja með skýrum óafmáanlegum stöfum, stærð hans, lengd, breidd og dýpt, og hámarkstölu þeirra manna, er hann má flytja. Nafn skipsins og heimilisfang skal mála á báða bóga. Ef um fiskiskip er að ræða, má í stað nafns og heimilisfangs hafa umdæmisbókstafi þess og tölur. Stærð stafanna skal vera 6—10 cm.

Loftkassar.

Loftkassar í björgunarbátum skulu vera úr eir eða öðru viðurkenndu efni og enginn kassanna lengri en 1,2 metrar.

Fleytimagn björgunarbáta skal tryggt með vatnsheldum lofthylkjum. Rúmtak þeirra samanlagt skal að minnsta kosti vera 1/10 hluti af rúmtaki bátsins.

Flotmagn málbáts af þessari gerð má ekki vera minna en flotmagn það, sem trébátur á að hafa samkvæmt fyrr greindum ákvæðum, og skal því auka rúmtak lofthylkjanna í bátum um 1 cm³ á hvert kílógramm, sem málbáturinn vegur.

Bátsuglur.

Tvær bátsuglur skulu vera fyrir hvern björgunarbát eða annar jafngóður og öruggur útbúnaður til þess að setja þá á flot. Bátsuglurnar skulu vera stagaðar og traustlega frá þeim gengið. Það skal vera tryggt, að bátsuglurnar geti ekki hrokkið úr sætum. Lægri blökkinn í bátstaliunni skal vera með lykkju (ekki krók), en hærri blökkinn fest með lás í bátsugluna.

Skorður.

Hver bátur skal vera vel skorðaður. Ef báturinn er í stólum, skal svo frá þeim gengið, að hægt sé að fella ytri helming þeirra niður, þegar báturinn er færður úrbyrðis eða settur í skorður.

Báturinn skal vel festur, en þó þannig, að auðvelt sé að losa hann í flýti. Bátar skulu varðir með ábreiðu á mæniás eða með öðrum jafngóðum útbúnaði, sem skipaæftirlitið tekur gildan.

Stigar að björgunarbátum.

Hentugir stigar skulu vera við hverja bátsuglusamstæðu, svo hægt sé að komast í björgunarbátinn, eftir að hann er kominn á flot.

Ljósútbúnaði skal komið fyrir til að lýsa upp staðinn, niður með skipshlið og bátinn.

Tæki skulu vera fyrir hendi til varnar því, að vatn frá vélum komist í bátinn.

Merking björgunarbáta og fleytitækja.

Hvern björgunarbát skal merkja skýru, óafmáanlegu lettri, stærð hans og tölu þeirra manna, sem heimilt er að hann flytji. Nafn skips þess, er báturinn fylgir, skal mála á báða bóga.

Á hvern bjargfleka skal merkja á sama hátt tölu manna.

11

Báta- og slökkviliðsæfingar.

20. jan.

Sérhverjum af áhöfn skipsins skal fengið í hendur sérstakt hlutverk við báta- og brunaæfingar. Skal hlutverk hvers skipverja tiltekið á æfingaskrá, sem festa skal upp í ramma á áberandi stöðum.

1. a. Í farþegaskipum skal skipshöfnin kvödd til æfingar við björgunarbáta og slökkvitæki einu sinni í viku, þegar tök eru á. Ef farþegaskip er lengur í ferð en eina viku, skal slík kvaðning fara fram, áður en skipið lætur úr síðustu höfn.
 - b. Í flutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, skal ekki líða lengri tími en einn mánuður milli kvaðningar skipshafnar til æfinga við báta og slökkvitæki.
 - c. Færa skal inn í eftirlitsbók skipsins dagsetningu slíkrar æfingar. Ef æfing fer ekki fram í viku (á farþegaskipum) eða í mánuð (á flutningaskipum), skal gera grein fyrir því í dagbókinni, hvers vegna æfingin varð að falla niður.
 - d. Á fiskiskipum skulu bátaæfingar fara fram eins oft og við verður komið, en minnst annan hvern mánuð.
2. Á farþegaskipum, öðrum en þeim, sem eru í stuttum millilandaferðum, skal kvaðning farþega fara fram innan sólarhrings frá því, að skipið lagði úr höfn.
3. Ákveðin tala björgunarbáta skal tekin fyrir í einu á hverri æfingu og skipt um við hverja æfingu. — Æfingum og eftirliti skal svo háttað, að skipshöfnin skilji rækilega skyldur sínar og sé þjálfuð í að inna þær af höndum.
4. Neyðarmerki til þess að kveðja farþega saman á tiltekna staði, skal vera að minnsta kosti 6 hljóðmerki í röð og strax á eftir langt hljóðmerki úr blístru eða gúfu. Við þau skulu bætast á farþegaskipum, öðrum en þeim, sem eru í stuttum millilandaferðum, önnur merki um allt skipið, framkölluð með rafmagni og stjórnað frá brúnni.
- Skýringar á öllum neyðarmerkjum varðandi farþega, ásamt nákvæmum fyrirskipunum um, hvað þeir eigi að gera, ef háska ber að höndum, skulu skráðar greinilega á hlutaðeigandi tungumálum á spjöld, sem fest séu upp í klefum farþeganna og á áberandi staði í öðrum vistarverum þeirra.

146. gr.

Búnaður björgunarbáta.

Í farþega- og vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlestir, skal þessi vera hinn venjulegi búnaður björgunarbáta:

1. 1. Árar í öll ræði, tvær varaárar og ein stýriár, eitt ræði fyrir hverja ár, fest með keðju eða á annan hátt við hátinn og eitt vararæði fyrir hver tvö ræði; tveir krókstjakar.

2. Tvennar neglur fyrir hvert neglugat; skulu þær bundnar við björgunarbátinn með taug eða keðju (neglur eru ekki notaðar þegar sjálfvirkir lokar eru settir í þeirra stað); austurtrog og tvær skjólur úr víðurkenndu efni.

3. Stýri með stjórnveli eða taumum tengt við hátinn.

4. Tvær axir, sín í hvorum enda bátsins.

5. Ljósker með ljósmeti, sem nægir í 12 klukkustundir; tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum hylkjum.

6. Sigla eða siglur með zinkuðum vírstögum og rauðgulum seglum.

7. Góður áttaviti í áttavitaskýli með ljósi.

8. Bjargstrengur meðfram hlið bátsins.

9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð með um 27,5 metra löngum kaðli, sbr. 11 158. grein. 20. jan.

10. Tvær nægilega langar bátsfestar. Önnur þeirra skal fest við framstafn bátsins með lykkju og þolli, svo að auðvelt sé að leysa hana, en hin skal bundin við framstefnið og jafnan tiltæk.

11. Bárufleygur, sem tekur 4½ litra af olíu eða lýsi, skal svo gerður, að innihaldið geti auðveldlega breiðzt yfir sjávarflötinn, og honum skal svo fyrir komið, að hægt sé að binda hann við rekakkerið.

12. Lofthelt ílát, sem tekur 1 kílógramm af matvælum handa hverjum manni.

13. ½ kílógramm af niðursoðinni mjólk eða jafngildi hennar í mjólkurtöflum handa hverjum manni.

14. Vatnshelt ílát, sem tekur 3 litra af hreinu drykkjarvatni handa hverjum manni og drykkjarílát fest þar hjá með taug.

15. Tveir fallhlífarflugeldar af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært, rautt ljós í mikilli hæð; sex rauð handblys af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært, rautt ljós.

16. Tvö flothæf reykmerki (til dagnota), af viðurkenndri gerð, er gefa frá sér rauðgulan reyk.

17. Viðurkenndur útbúnaður, sem menn geta haldið sér í, ef báti hvolfir; annaðhvort veltikjölur, kjalarhandföng, bjarglína strengd undir kjöl milli borðstokka eða annar viðurkenndur útbúnaður.

18. Sáraumbúðir og lyf til hjálpar í viðlögum.

19. Vasaljós, sem er hentugt til þess að morsa með, ásamt tveim varahlöðum og tveimur perum.

20. Morsljóstæki með speglum af viðurkenndri gerð til dagnota.

21. Hnífur með dósaskera festum við bátinn.

22. Tvær léttar kastlínur, sem fljóta í sjó.

23. Ein handdæla af viðurkenndri gerð.

24. Hagkvæm geymsla fyrir ýmislegt smávegis.

25. Útbúnaður til varnar leka.

II. Ef vegalengdir þær, sem skipi er ætlað að fara, eru svo stuttar eða þess eðlis að skipaskoðunarstjóri telji kröfur þær, sem gerðar eru í tölulið 6, 12, 13, 20 og 21 hér að framan, ónauðsynlegar, getur hann veitt undanþágu frá þessum fyrirmælum.

III. Í mótorbjörgunarbat er hvorki skylt að hafa siglu né segl, en hafa skal þar helming af tilskildum árum og tvo krókstjaka. Sé ekki segl á bátnum, skal þar vera eldsneytisforði fyrir mótorinn í 24 klst., en í 12 klst., ef báturinn er búinn seglum.

147. gr.

Útbúnaður björgunarbata í islenzkum fiskiskipum og skipum undir 500 rúml., sem eru í förum milli landa:

1. Tvær nægilega langar bátsfestar.

2. Árar í öll ræði, tvær varaárar, ræði bundin við björgunarbatinn með taug eða keðju, eða háir, eitt vararæði fyrir hver tvö ræði.

3. Stýri og stýrissveif eða taumar.

4. Sigla eða siglur með traustum stöðum ásamt rauðgulum seglum.

5. Einn bátshaki (krókstjaki).

6. Tvær neglur fyrir hvert neglugat, bundnar við bátinn með taug eða keðju, austurtrog og 2 skjólur úr viðurkenndu efni.

7. Tvær axir, sín í hvorum enda bátsins.

8. Góður áttaviti í skýli, sjálflysandi eða lýstur á fullnægjandi hátt.

- 11 9. Ljósker með olíu, sem nægir í 12 klukkustundir, tvær öskjur af stormi-
20. jan. eldspýtum, í vatnsheldu hylki.
10. Tvö vasaljós, sem hægt er að morsa með, ásamt tveimur vararafhlöðum og tveimur varaperum.
11. Tvær reykbombur til dagnota (af viðurkenndri gerð), sem gefa frá sér áberandi, rauðgulan reyk.
12. Tveir fallhlífarflugeldar og merkjabyssu með 12 skotum eða 6 flugeldar, í stað merkjabyssu.
13. Bárufleygur, sem tekur 4½ lítra (1 gallon) af jurtaolíu, lýsi eða fljótandi dýrafeiti. Bárufleygurinn skal vera svo gerður, að innihald hans breiðist greiðlega yfir sjávarflötinn, og þannig útbúinn, að hægt sé að binda hann við rekakkerið.
14. Rekakkeri með 28 metra (15 faðma) langri taug.
15. Matarkassi, sem tekur 1 kg af matvælum (2 ensk pund) handa hverjum manni, ½ kg af mjólk (1 enskt pund) eða jafngildi hennar handa hverjum manni.
16. Vatnsilát með 2 lítrum af drykkjarvatni handa hverjum manni ásamt drykkjarausu, sem fest skal við ílátið með taug.
17. Viðurkennd tæki, sem menn geta haldið sér í, ef báti hvolfir, annaðhvort veltikjalarhandrið, kjalarhandföng, bjarglínur strengdar milli borðstokka undir kjöl eða annar viðurkenndur útbúnaður.
18. Bjargstrengur meðfram hliðum bátsins.
19. Vatnsheld hylki með lyfjum af viðurkenndri gerð til hjálpar í viðlögum.
20. Útbúnaður til þéttingar leka.

148. gr.

Búnaður björgunarbáta á farþega- og vöruflutningaskipum í innanlandssiglingum skal vera sá sami og búnaður björgunarbáta á íslenskum fiskiskipum og skipum undir 500 rúml., sem eru í förum milli landa, að því undanskildu, að þau þurfa ekki að hafa mjólk í bátunum og ekki önnur matvæli en 1 kg af brauði og 1 lítra af vatni handa hverjum manni.

149. gr.

Skipsbátar.

Skipsbátar skulu vera vel smíðaðir, vandaðir úr góðu efni, svigabentir og með líku lagi og björgunarbátar.

Rúmtak skipsbáta má telja jafnt 10% af margfeldi lengdar, breiddar og dýptar. Málin eru tekin á sama hátt og á björgunarbátum.

Hverjum manni skal ætlað að minnsta kosti 0,23 m³ rúmtak.

Merking. Á hvern skipsbát skal setja stærð hans, lengd, breidd og dýpt, og hámarkstölu þeirra manna, er hann má flytja.

Nafn skips og heimilisfang skal mála á bátinn. Ef um fiskiskip er að ræða, má í stað nafns og heimilisfangs setja umdæmisbókstafi og tölur. Stærð stafanna skal vera 6—10 cm.

Bátsuglur. Tvær bátsuglur skulu vera fyrir hvern skipsbát, og svo vel frá þeim gengið, að þær hrökkvi ekki úr sætum sínum. Allar blakkir skulu vera vandaðar og stög traust. Í stað bátsuglna má nota bómu, ef slíkur útbúnaður er viðurkenndur af skipaefirtílitinu.

Festing. Báturinn skal vel bundinn, en þó auðvelt að losa hann í skyndi.

Bátastólar. Hver bátur skal vera örugglega skorðaður. Ef báturinn er í stólum, skal svo frá þeim gengið, að hægt sé að fella ytri helming þeirra niður, þegar báturinn er færður útbyrðis eða settur í skorður.

Ef báturinn stendur kjölréttur, skal vera yfir honum hlíf eða ábreiða eða annar útbúnaður ekki lakari, sem skipaæftirlitið tekur gildan. 11
20. jan.

Búnaður skipsbáta:

1. Árar í öll ræði, eitt vararæði fyrir hver tvö ræði, stýri með stjórnveli og krókstjaki.
2. Tvennar neglur fyrir hvert neglugat, skulu þær bundnar við bátinn með taug eða keðju, gott austurtrog eða skjóla úr zinkuðu járn.
3. Bátsfesti hæfilega löng og gild.
4. Ílát með 1 lítra af hreinu drykkjarvatni handa hverjum manni og drykkjarilát fest þar hjá með taug.

Útbúnaður skipsbáta á skipum, sem sækja á fjarlæg mið:

Búnaður skipsbáta á fiskiskipum, sem stunda veiðar á miðum, sem eru fjær landi en 50 sjómílur, skal vera þessi:

1. Loftkassar, er nemi 10% af rúmmáli bátsins.
2. Bátsfesti, hæfilega löng.
3. 4 árar og 6 ræði.
4. Stýri og stýrisveif eða stýrisár.
5. Hvítt ljóskef, eða blússkanna með nægilegu ljósmeti.
6. 2 stokkar af stormeldspýtum, vel varðir raka.
7. Austurtrog eða skjóla.
8. 2 neglur bundnar við bátinn.
9. Bárufleygur og 5 lítrar af oliu.
10. Rekakkeri og 30 faðmar af kaðli.
11. Vökvaáttaviti.
12. 2 lítrar af drykkjarvatni á mann og drykkjarilát.
13. Sigla og segl, börkuð með ljósrauðum lit.

150. gr.

Leiðarvisir um notkun öryggistækja og eftirlit með þeim.

Leiðarvisir. Leiðarvisir um notkun öryggistækja og annarra tækja, t. d. línu-byssu, flugelda, ljósmerkja, slökkvitækja o. fl., skal vera á íslenzku.

Leiðarvisirinn skal prentaður á haldgott efni og limdur traustlega á tækið og umbúðirnar með greinilegum fyrirmælum og mynd, ef þurfa þykir. Hver sá er selur tækin ber ábyrgð á, að þessu sé framfylgt, þannig að fullnægjandi sé, að dómi skipaæftirlitsins.

Skipstjóra er skylt að sjá um, að nægilega margir menn á skipinu kunni meðferð tækjanna. Hann ber ábyrgð á, að tækin séu geymd á góðum stöðum og enn fremur á endurnýjun þeirra, ef þau glatast eða skemmast.

Eftirlit. Þegar skoðun er gerð á skipi, og í hvert skipti, sem ástæða þykir til, skal skoðunarmaður ganga úr skugga um, að tækin séu í nothæfu ástandi.

B. Bjargbelti o. fl.

151. gr.

Gerð bjargbelta, bjargvesta, bjarghringa o. fl.

Bjargbelti og bjargvesti, sem notuð eru á íslenskum skipum, skulu búin til úr því efni og vera af þeirri gerð, sem skipaæftirlit ríkisins viðurkennir.

Sérhvert bjargbelti eða bjargvesti skal þannig búið til, að það haldi máttlausum mannlikama, sem næst lóðréttum í vatni, og alltaf heldur í þá áttina, að höfuðið hallist aftur á bak,

11 Beltið verður að fullnægja þessum ákvæðum, hvort heldur það er sett utan
20. jan. um líkamann eða því er smeigt yfir höfuðið.

152. gr.

Lýsing á gerð bjargvesta og bjargbelta úr korki.

1. Bjargvesti og bjargbelti skal, þegar það er tilbúið, vera um 125 cm á lengd.
2. Handleggjaop skulu vera ferhyrnd, um 20×20 cm, en bogamynduð í hornunum.
3. Korkið í hverju hólfi má vera í tveimur helmingum, negldum saman með trénöglum. Séu korkstykkin ekki nægilega stór til að fylla hólfín, má bæta fleiri stykkjum við og negla þau saman á sama hátt. — Brúnirnar á korkinu skulu sléttaðar.
4. Hólf skulu vera það stór, að efnið geti hlaupið þegar það er vott.
5. Bandgöng skulu gerð það rúm, að böndin verði léttilega dregin til, þó vestið sé vott.
6. Sé notuð hamplína í böndin, skal vel frá endunum gengið.
7. Bjargvesti eða bjargbelti skal greinilega merkt með varanlegum stöfum, nafni verksmiðjunnar eða vörumerki. Sú hlið, sem snýr að baki og frá skal merkja „Bak“. Áður en bjargvesti eða bjargbelti eru seld um borð í skip, skulu þau hafa fengið viðurkenningu skipaæftirlits ríkisins.

153. gr.

Lýsing á gerð bjargvesta og bjargbelta úr kapoki.

1. Bjargvesti eða bjargbelti skal, þegar það er tilbúið, vera 125 cm á lengd.
2. Handleggjaop skulu vera ferhyrnd, 18×10 cm, og bogmynduð í hornunum.
3. Kapokinu, 700 g, skal skipt í 4 púða, og séu tveir á bakinu og tveir að framan. Bakpúðarnir skulu vera 5 cm styttri (upp og niður) en brjóstpúðarnir, sem einnig skulu vera breiðari en bakpúðarnir.
4. Bandop skal haft það rúmt, að bandið verði léttilega dregið til, þó vestið sé vott.
5. Bandið skal sauma fast í miðju, svo það dragist ekki úr.
6. Sé notuð hamplína í bandið, skal vera frá endum hennar gengið.
7. Bjargvesti eða bjargbelti úr kapoki skulu merkt á sama hátt og bjargvesti eða bjargbelti úr korki.

154. gr.

Efni og fleytimagn.

Sem tróð í bjargbelti eða bjargvesti má nota kork, kapok eða annað efni, sem viðurkennt er af skipaæftirliti ríkisins. Hreindýrshár, sef, korkmylsnu, smákork eða aðra afganga af nefndum efnum má ekki nota. Bjargbelti eða bjargvesti blásin út með lofti eru ekki viðurkennd.

a. Bjargbelti og bjargvesti úr korki.

Kork, sem notað er, skal vera 1. flokks að gæðum og ekki vega yfir 0,194 kg hvert dm^3 (5,5 kg hvert enskt rúmfet). Korkið verður að vera hreint og í stykkjum, sem ekki eru minni en 165 cm^3 (10 enskir rúmpumlungar). Undanþegin eru þó axlastykki eða önnur slík stykki.

Bjargbelti eða bjargvesti úr korki skulu geta flotið í hreinu vatni með 7,5 kg af járn í 24 klst.

b. Bjargbelti og bjargvesti úr kapoki.

Kapok það, sem notað er, skal vera hreint Java-kapok og 1. flokks að gæðum. Í því má ekkert frá vera eða önnur óhreinindi. Í hverju bjargbelti eða bjargvesti skal vera minnst 0,7 kg (24 oz) af kapoki, jafnt troðið, og skal það geta flotið með 8 kg af járn í 24 klst.

11
20. jan.

Dúkur.

Dúkurinn getur verið úr líni eða bómull, er fullnægi þessum ákvæðum:

1. Líndúkur, sem er 0,685 m á breidd (27 enskir þuml.) má ekki vega minna en 1866 g hver metri (6 oz. pr. yard). Sé dúkurinn breiðari, skal þunginn vera í sama hlutfalli og áður er greint. Dúkurinn skal vera nýr og heill, en ekki með gljáa né litarefnum, en má vera hvort sem er bleikjaður eða óbleikjaður.

2. Bómullardúkur verður að vera hreinn, óbleikjaður og ekkert lím má vera í honum eða önnur óviðkomandi efni. Bómullardúkur, sem er 0,685 m á breidd (27 enskir þuml.), má ekki vega minna en 155 g hver metri (5 oz. pr. yard), og hlutfallslega jafnmikið, sé dúkurinn af annarri breidd.

3. Leyft skal að nota íborinn (inpregneret) bómullardúk, sé það gert af framleiðanda sjálfum. Efni svo sem „Antispoil“ og „Cuprinol“ eru viðurkennd og notuð til þessa.

Bönd.

Böndin, sem notuð eru í beltin eða vestin, skulu ofin úr língarni og vera minnst 3 cm á breidd (1¼ enskur þuml.). Þeim skal þannig komið fyrir, að fljótt og auðvelt sé að herða á þeim og hnýta. Í stað línbands má nota hamplínu sem er 19 mm í ummál. Böndin skulu fest í beltið eða vestið á þann hátt, að auðvelt sé að skipta um þau.

Saumur.

Allir saumar skulu vera úr línþræði, sem ekki sé mjörri en nr. 25 (enskt þráðmál). Opin, sem korkinu er stungið inn um, skulu saumuð saman með tvöföldum þræði.

155. gr.

Merking.

Öll bjargbelti og bjargvesti skulu merkt á greinilegan og varanlegan hátt með nafni verksmiðjunnar eða vörumerki, og viðurkennd af skipaefirliti ríkisins, áður en þau eru tekin í notkun.

Bjargbelti og bjargvesti má ekki mála.

156. gr.

Viðurkenning bjargbelta.

Beiðni um viðurkenningu á bjargbeltum og bjargvestum skal senda skipaefirliti ríkisins og skal henni fylgja fyrirmynd með nákvæmri lýsingu og greinargerð um, hvernig nota skuli.

Fullnægi þau settum reglum, gefur skipaefirlit ríkisins út viðurkenningarvottorð. Viðurkenningin er látin í té án endurgjalds, en kostnaður vegna viðurkenningarinnar, ef einhver er, greiðist af beiðanda.

Þegar viðurkenning er fengin, hvílir sú skylda á framleiðanda að láta skipaefirliti ríkisins í té leiðbeiningar til skipaskoðunarmanna, með mynd og lýsingu á því, hvernig á að setja bjargbeltið eða vestið á sig, og sams konar leiðbeiningar skulu látnar af hendi til þeirra, er kaupa bjargbelti eða vesti.

157. gr.

Bjarghringar.

Bjarghringar skulu gerðir úr heilu korki eða korkstykkjum, trénegldum og vel felldum saman, eða öðru efni, sem skipaæftirlit ríkisins viðurkennir. Hreindýrahár, sef, kapok, korkspæni eða korkmylsnu má ekki nota, né heldur bjarghringa, sem blásnir eru upp með lofti.

Bjarghringur skal geta flotið í hreinu vatni í 24 klst. með 14,5 kg af jární.

Útan um korkið skal saumaður strigi, vel málaður og með kaðalumgerð.

Innanmál hringsins skal vera minnst 45 cm (18 enskir þuml.).

Bjarghringar skulu málaðir rauðir og hvítir, í fjórum reitum, hvítum og rauðum til skiptis. Á þá skal einnig mála nafn skipsins og heimilisfang, eða nafn skipsins, umdæmisbókstafi og tölur, sé það fiskiskip.

158. gr.

Rekakkeri.

Rekakkeri, sem notuð eru í hjörgunarbatum íslenzkra skipa, skulu vera þannig gerð:

Rekakkerin skulu vera keilumynduð, opin í báða enda. Fyrir bjargbáta, sem eru allt að 8 m á lengd, skal efra opið vera 61 cm í þvermál, en fyrir bjargbáta, sem eru 8 m og þar yfir, 69 cm í þvermál. Neðra opið skal vera 12,5 cm í þvermál. Lengd frá efra opi að því neðra skal vera 122 cm. Báðir hringirnir skulu vera úr 10 mm galvaniseruðu jární. Segldúkurinn skal vera fyrsta flokks dúkur, í þremur hlutum, vel saumuðum saman, og á þeim kaðall 45 mm í þvermál, sem endar í hanafæti 75 cm löngum og með „kós“.

Kaðall rekakkerisins skal vera:

Í bjargbátum minni en 7,92 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 63 mm.

Í bjargbátum minni en 9,14 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 76 mm.

Í bjargbátum yfir 9,14 m á lengd, 4 × lengdin, ummál 88 mm.

Kaðallinn skal vel festur við rekakkerið.

159. gr.

Ljósmerki og báruflegur.

Ljósmerki. Ljósmerkjataeki skulu vera í samræmi við alþjóðareglur. Öll slík tæki skulu viðurkennd af skipaæftirlitinu.

Báruflegur. Báruflegur skal taka 3—8 lítra af oliu. Hann skal svo gerður, að olían geti runnið úr honum og breiðt yfir sjávarflötinn, þegar hann hefur verið tengdur við rekakkerið.

VIII. KAFLI

Eldvarnir í skipum, sem alþjóðareglur ná ekki til.

160. gr.

Slökkvidætur og slöngur. Almenn atriði.

Á öllum skipum, sem eru meira en 30 rúmlestir, skulu vera vélknúnar slökkvi-dætur, t. d. reimknúnar frá aðalvél, með slöngu og stútum.

Dælu þessa eða dætur má nota til annars, en þær verða að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru hér á eftir.

Dæla eða dætur skulu geta spýtt öflugri bunu á hvaða stað og í hvaða rúm sem er í skipinu. Slöngurnar skulu nægilega langar og víðar, úr góðu efni og hafa

bunustút. Hægt skal að tengja þær við pípulögnina, hverja við aðra og bunustút 11
við hvaða slöngu sem er. Fyrirskipuð afköst slökkvidælu má skipta á fleiri dætur, 20. jan.
ef eftirlitið telur það betur henta. Á skipum, sem eru meira en 200 rúmlestir, skal
dælan vera starfhæf, þótt aðalvél skipsins sé ekki í notkun. Ef skip hefur aðalvél
og hægt er að taka hana úr tengslum, má dælan vera reimknúin, en að öðrum
kosti verður að hafa sérstaka vél fyrir dæluna, þótt skipið sé minna en 200 rúm-
lestir.

161. gr.

Pípulagnir og slöngur á slökkvidælur.

Slökkvidæla skal vera í sambandi við fasta, þar til gerða pípulögn. Sá hluti
pípunnar, sem er á opnu þilfari, skal heitzinkaður eða úr eir. Þar sem því verður
við komið, skal pípuopið vera á hlið eða gaffli vélarreisnar.

Vidd pípunnar skal vera í samræmi við afköst dæluinnar. Setja verður af-
rennsliskrana á lægstu staði leiðslunnar til varnar gegn frostsprengingu. Á stærri
skipum skal brunahani vera framan og aftan við hverja reisn, sem nær þvert yfir
skipið, frá borði til borðs, þó ekki ef reisnir þessar eru í stafni eða skut skipsins.
Brunahönum skal yfirleitt þannig fyrir komið, að hvergi sé lengra en um 30 metrar
á milli þeirra.

Brunahanar skulu handhægir að gerð. Hvert skip hafi aðeins eina tegund
hana. Skrúfaða hana má ekki nota í farþegaskipum, sem byrjað er að smíða eftir
að reglur þessar öðlast gildi. Á farþegaskipum, sem eru meira en 200 rúmlestir,
skulu hanarnir búnir loka.

162. gr.

Eldvarnartæki í kolakyntum eimskipum.

1. Skip, sem eru meira en 500 rúmlestir, skulu hafa vélknúna slökkvidælu,
sem afkastar A lítrum á mínútu samkvæmt eftirfarandi reglu, þó ekki minna en
325 lítrum þar sem R er brúttó rúmlestatal skipsins:

$$A = 0,3 \times R + 125$$

Eitt 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum í ketil- eða vélarrúmi; þrjú
9 lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum annars staðar í skipinu. Séu oliukynt tæki í
skipinu, skal eitt 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum koma í staðinn í
hvert rúm, þar sem oliukynt tæki er.

Í farþegaskipum skal auka tölu slökkvitækja, ef eftirlitið telur þess þörf.

2. *Eldvarnir í kolakyntum eimskipum*, sem minni eru en 500 rúml., ákveður
eftirlitið með hliðsjón af ofangreindu og stærð skipsins.

163. gr.

Eldvarnartæki í oliukyntum eimskipum.

1. Skip, sem eru meira en 500 rúmlestir, skulu hafa vélknúna slökkvidælur,
sem afkasta A lítrum á mínútu samkvæmt eftirfarandi reglu, þó ekki minna en
325 lítrum, þar sem R er rúmlestatal skipsins:

$$A = 0,3 \times R + 125$$

Á hentugum stað í vélarrúmi skal vera brunahani á pípulögn, sem tengd er
dælu, og viðtengjanleg slanga, sem nær um allt vélarrúmið og hefur bunustút og
dreifara til að slökkva oliueld.

2. Hægt skal vera að hleypa eimi út í vélar- og ketilrúm og opna fyrir útrás
eimsins, hvort heldur frá vélarrúmi, ketilrúmi eða frá þilfari. Eimpípurnar skulu

11 lagðar svo, að eimurinn dreifist sem bezt um rúmið, sérstaklega undir gólfín (þar 20. jan. sem hægt er að koma því við) eða sem allra neðst í skipið, í samráði við eftirlitið. Svo og skal vera hægt að loka fyrir oliurennisli að katlinum frá þilfari.

3. Eitt 45 lítra froðuslökkvitæki, slöngu o. fl. í vélar- eða ketilrúmi. Í stað þessa tækis má hafa 16 kg kolsýruslökkvitæki.

Þrjú 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum í vélarrúmi.

Þrjú 9 lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum annars staðar.

Séu oliukynt tæki í skipinu, skal koma í staðinn eitt 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum í hvert rúm, þar sem oliukynt tæki er. Í farþegaskipum skal auka tölu slökkvitækja, ef eftirlitið telur þess þörf.

4. Eldvarnir á oliukyntum eimskipum, sem minni eru en 500 rúmlestir, ákveður eftirlitið með hliðsjón af ofangreindu og stærð skipsins.

164. gr.

Eldvarnartæki í mótorskipum.

I. *Skip, sem er meira en 500 rúmlestir, skal hafa:*

1. Vélknúna slökkvidælu, sem afkastar A lítrum á mínútu samkvæmt eftirfarandi reglu, þó ekki minna en 325 lítrum, þar sem R er rúmlestatala skipsins:

$$A = 0,3 \times R + 125$$

Á hentugum stað í vélarrúminu skal vera brunahani á pípulögn, sem er í sambandi við dælu, og viðtengjanleg slanga, sem nær um allt vélarrúmið og hefur bunustút og dreifara til að slökkva oliueld.

2. Eitt 36 lítra froðuslökkvitæki, slöngu o. fl., skal hafa á hentugum stað í vélarrúmi. Í stað þess tækis má hafa 12 kg kolsýruslökkvitæki.

Tvö 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum í vélarrúmi.

Þrjú 9 lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum annars staðar.

Séu oliukynt tæki í skipinu, skal koma í staðinn eitt 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum í hvert rúm, þar sem oliukynt tæki er.

Í farþegaskipum skal auka tölu slökkvitækja, ef eftirlitið telur þess þörf.

II. 1. *Skip 300 til 500 rúmlesta skulu hafa vélknúna slökkvidælu, sem afkastar A lítrum á mínútu samkvæmt eftirfarandi reglu, þó ekki minna en 275 lítrum, þar sem R er brúttó rúmlestatal skipsins:*

$$A = 0,4 \times R + 125$$

Fjögur 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum hvert, höfð á hentugum stöðum í vélarrúminu.

Þrjú 9 lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum annars staðar.

Séu oliukynt tæki í skipinu, skal koma í staðinn eitt 9 lítra froðuslökkvitæki með varahlöðum í hvert rúm, þar sem oliukynt tæki er. Í farþegaskipum skal auka tölu slökkvitækja, ef eftirlitið telur þess þörf.

2. *Skip 100 til 300 rúmlesta skulu hafa vélknúna slökkvidælu, sem afkastar A lítrum á mínútu samkvæmt eftirfarandi reglu, þó ekki minna en 185 lítrum, þar sem R er brúttó rúmlestatal skipsins:*

$$A = 0,5 \times R + 125$$

Tvö 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum hvort, höfð á hentugum stað í vélarrúmi.

Tvö 4½ lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum hvort annars staðar.

Séu oliukynt tæki í skipinu, skal koma í staðinn eitt $4\frac{1}{2}$ lítra froðuslökkvi- 11
tæki með 2 varahlöðum í hvert rúm, þar sem oliukynt tæki er. Í farþegaskipum 20. jan.
skal auka tölu slökkvitækja, ef eftirlitið telur þess þörf.

III. *Skip 50 til 100 rúmlesta skulu hafa vélknúna slökkvidælu, sem afkastar*
A lítrum á mínútu, samkvæmt eftirfarandi reglu, þó ekki minna en 160 lítrum,
þar sem R er brúttó rúmlestatala skipsins:

$$A = 0,6 \times R + 125$$

Eitt 9 lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum, haft á hentugum stað við
ganginn niður í vélarrúm.

Tvö $4\frac{1}{2}$ lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum hvort, annars staðar.

Séu oliukynt tæki í skipinu, skal koma í staðinn eitt $4\frac{1}{2}$ lítra froðuslökkvitæki
með 2 varahlöðum í hvert rúm, þar sem oliukynt tæki er.

IV. *Skip 30 til 50 rúmlesta skulu hafa vélknúna slökkvidælu, sem afkastar*
A lítrum á mínútu samkvæmt eftirfarandi reglu, þó ekki minna en 124 lítrum,
þar sem R er brúttó rúmlestatala skipsins:

$$A = 0,7 \times R + 100$$

Eitt $4\frac{1}{2}$ lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum, haft á hentugum stað við
ganginn niður í vélarrúm.

Eitt til tvö $4\frac{1}{2}$ lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum hvort, annars staðar.

Séu oliukynt tæki í skipinu, skal koma í staðinn eitt $4\frac{1}{2}$ lítra froðuslökkvi-
tæki með 2 varahlöðum í hvert rúm, þar sem oliukynt tæki er.

V. *Skip 10 til 30 rúmlesta skulu hafa:*

Eitt $4\frac{1}{2}$ lítra froðuslökkvitæki með 2 varahlöðum, haft á hentugum stað við
ganginn niður í vélarrúm.

Eitt 2 lítra slökkvitæki með 2 varahlöðum, annars staðar.

Séu oliukynt tæki í skipinu, skal koma í staðinn eitt $4\frac{1}{2}$ lítra froðuslökkvitæki
með 2 varahlöðum.

Ef skip þessi hafa ekki slökkvidælu, skulu þau hafa 4 skjólur.

VI. *Skip 5—10 rúmlesta, sem hafa ekki slökkvidælu, skulu í stað þess hafa*
2 skjólur.

Öll skip, sem hafa slökkvidælu, skulu að auki hafa 2 skjólur.

VII. *Mótorskip með oliukyntum eimkatli* skal vera þannig útbúið, að hægt sé
að loka fyrir aðrennsli brennsluoliunnar, bæði í ketilrúmi (eða vélarrúmi) og frá
þilfari eða öðrum aðgengilegum stað, þótt eldur sé á kyndistað.

Einnig skal vera eitt 9 lítra froðuslökkvitæki í vélarrúmi umfram það, sem
að framan getur.

165. gr.

Skipan slökkvitækja.

Slökkvitækjum skal komið fyrir á aðgengilegum stað, sérstaklega með tilliti
til eldhættu. Þau skulu vera vel fest, en jafnframt auðvelt að losa þau í flýti.
Slöngur og áhöld skulu einnig vera á vísun stað.

11
20. jan.

166. gr.

Leiðarvisir.

Leiðarvisir um notkun tækjanna skal vera á islenzku, prentaður á haldgott efni og vel límdur á tækið eða umbúðirnar. Honum skal fylgja mynd, ef þurfa þykir.

Sá, sem selur tækin, skal sjá um, að þessu ákvæði sé framfylgt, svo fullnægjandi sé að mati skipaskoðunarstjóra. Skipstjóra skal skylt að sjá um, að hæfilega margir menn á skipinu kunni meðferð tækjanna.

Skipstjóri ber ábyrgð á, að tækin séu geymd á góðum stöðum, og á endurnýjun þeirra, ef þau glatast eða skemmast.

Þegar skoðun fer fram á skipi og endranær, þegar ástæða er til, skal skoðunarmaður fullvissa sig um, að tækin séu í nothæfu standi.

Öndunartæki, reykhjálmar og öryggislampar.

Öndunartæki og reykhjálmar skulu vera þeirrar tegundar, sem skipaskoðunarstjóri viðurkennir.

Til þess að koma í veg fyrir, að maður, sem hefur reykhjálma eða reykgrímu, búna loftslöngu, andi að sér reyk, skal slangan vera svo löng, að hún nái auðveldlega frá opnu þilfari til hvaða hluta farmrúms eða vélarúms sem er og efri endi hennar sé góðan spöl frá lúkuopi eða dyrum.

Öryggislampi skal geta logað að minnsta kosti í 3 klukkustundir og vera þeirrar tegundar, sem skipaeftirlitið viðurkennir.

Á flutningaskipum, 500 rúml. og stærri, skulu vera til öndunartæki eða reykhjálmur með nægilega langri slöngu, öryggislampa og brunaöxi.

Á hverju farþegaskipi skal hafa að minnsta kosti tvönnar útbúnað, og telst til hvors þeirra eitt öndunartæki, reykhjálmur, öryggislampi og öxi. Skal útbúnaður þessi hafður til taks á tveimur stöðum, með sem lengstu millibili. Handhægur rafbor skal vera tiltækur til að bora göt á skiljur, þilför og reisnir, svo hægt sé að komast að eldi til slökkvistarfa.

IX. KAFLI

A. Vistarverur skipshafnar.

167. gr.

Um sérstaka svefnklefa.

Svefnrými skulu vera í hverju skipi handa öllum skipverjum samkvæmt þeim ákvæðum, er hér fara á eftir:

a. Ef bæði konur og karlar eru í skipshöfn, skulu sérstakir svefnklefar vera handa hvoru kyni.

b. Í vélskipum skulu vistarverur yfirmanna og annarra skipverja vera aðskildar.

c. Á skipi, sem er 200 rúmllestir og þar yfir, skal skipstjóri hafa sérstakan svefnklefa. Ef skipið er 400 rúmllestir eða meira, skulu aðrir yfirmenn: stýrimenn, vélstjórar, læknar, bryti eða yfirmatsveinn og loftskeytamaður einnig hafa sérstaka svefnklefa.

Á fiskiskipum, 200 rúml. og stærri, skal skipstjóri, stýrimaður og yfirvélstjóri hafa sérstakan svefnklefa og aðrir yfirmenn eftir því sem við verður komið.

Ekki má nota svefnklefa til annars en íbúðar, að því undanskildu, að þar megi vera loftskeyta- og siglingatæki.

168. gr.

Tala manna í íbúð.

11

20. jan.

Hámarkstala manna í íbúð skal vera sem hér segir:

Á skipum, sem eru minni en 200 rúmlestir	6 menn
— — — — 200 rúml. en innan við 400 rúml.	5 —
— — — — 400 rúml. en innan við 1000 rúml.	4 —
— — — — 1000 rúmlestir og stærri	2 —

Á öllum skipum, þar sem því verður við komið, skal leitazt við að hafa ekki fleiri en tvo menn saman í svefnklefa. Þó er leyfilegt, ef tala háseta, vélamanna eða þjónustufólks, sem er ekki í eins manns klefum, stendur á stöku, að þrír séu saman í einum svefnklefanna, sem þessum mönnum er ætlaður.

Á fiskiskipum, sem eru 200, en innan við 500 rúmlestir ...	12 menn
— — — — 500, en innan við 700 rúmlestir ..	10 —
— — — — 700 rúmlestir og stærri	8 —

Nú reynist óframkvæmanlegt að framfylgja ákvæðum þessum um svefnrými, nema með því að skerða notagildi skipsins, að dómi skipaskoðunarstjóra, og má hann þá veita undanþágu frá ákvæðum þessum, en sjá skal um, að rými það, sem ætlað er til íbúðar, nýtist sem allra best.

169. gr.

Skipan svefnklefa.

Svefnklefi má ekki vera rétt við eimketilsrúm eða önnur rúm heitari, nema svefnklefinn sé einangraður frá hitarúminu.

Ef stafnskilja er á skipum, má svefnklefi ekki vera undir aðalþilfari framan við hana.

170. gr.

Stærð svefnklefa.

Á skipum sem eru 400 rúmlestir og minni, skal gólfplötur og rúmtak svefnklefa vera samkvæmt ákvæðum eftirfarandi töflu:

Svefnklefi handa 1 manni	Auður gólfplötur m ²	Rúmmál m ³
— — 1 —	0,75	3,5
— — 2 mönnum	1,50	5
— — 3 —	2,25	9
— — 4 —	3,00	10
— — 5 —	3,75	14

Á skipi, sem er stærra en 400 rúmlestir, skal gólfplöturinn og rúmtak svefnklefans vera samkvæmt ákvæðum eftirfarandi töflu:

Svefnklefi handa 1 manni	Auður gólfplötur m ²	Rúmmál m ³
— — 1 —	1,00	4
— — 2 mönnum	2,00	7
— — 3 —	3,00	11
— — 4 —	4,00	13

Gólfpletir í svefnklefum handa stýrimanni, vélstjóra, lækni, bryta og loftskeytamanni, skulu að minnsta kosti vera 50% stærri en að ofan getur.

11 Auður gólfllötur er allur gólfllöturinn, að frádregnu flatarmáli hvílu, skápa, 20. jan. handlaugar, dragkistu, borðs og fastra bekkja, sem hylja gólfið.

Gólfllötur skal vera haganlegur, svo að hvorki lengd hans né breidd sé minni en 60 cm.

Rúmtak svefnklefa skal telja allt rúmtak innan innsúðar og neðan þilfars eða klæðningar á þilfari, að frádregnu rúmtaki innskota frá öðrum klefum, skápa, dragkistna og þess háttar.

Hæð svefnklefa skal á öllum skipum vera að minnsta kosti 185 cm, talin frá gólfi að þilfarsbita eða að klæðningu neðan á honum. Á skipum, sem eru minni en 100 rúmlestir, má reikna hæðina að þilfari.

Á fiskiskipum, minni en 50 rúml., skal gólfllötur svefnklefa vera eins stór og við verður komið, án þess að skert sé til бага notagildi skipsins.

Á fiskiskipum 50—100 rúml., skal gólfllötur vera 0,5 m² á mann eða 0,9 m² mælt í miðja hæð klefans.

Á fiskiskipum, sem eru 100 og allt að 500 rúmlestir, skal gólfllötur vera að minnsta kosti 0,7 m² og 1,1 m², mælt í miðri hæð klefans.

Á fiskiskipum, sem eru 500 rúmlestir og stærri, skal gólfllötur vera að minnsta kosti 0,8 m² og 1,2 m² í miðri hæð.

Í svefnklefum yfirmanna, þar sem tveir eru í klefa, skal ætla hvorum manni að minnsta kosti 1 m² auðan gólfllöt, og þar sem einn er í klefa, að minnsta kosti 1,5 m².

Til hins auða gólfflatar má reikna þá staði, sem manni mega að rými verða. Gólfllöt undir borði má reikna með, ef opið er á milli borðfótanna. Lofthæð frá gólfi að þilfarsbita, má ekki vera minni en 1,85 metrar, en á skipum undir 100 rúml. ekki minni en 1,85 metrar, frá gólfi að þilfari.

Á fiskiskipum, minni en 50 rúml., skal rúmtak svefnklefa vera eins mikið og við verður komið, án þess að notagildi skipsins sé skert til бага.

Í svefnklefa á öllum skipum, sem er 50 og allt að 500 rúmlestum, skal ætla hverjum manni eigi minna en 2,1 m³ loftrými og í stærri skipum 3,5 m³.

Þegar reiknað er rúmtak íbúða, skal reikna með hvílur, borð, bekki og skúffur, sem ná ekki alveg niður að gólfi. Rúmtak siglu, eldstæðis, keðjuhólks eða annars þess konar skal ekki reikna með.

Hvílur.

Hverjum manni skal ætla sérstaka hvílu, eigi minni en 185 cm að lengd og 60 cm að breidd.

Lengdin skal mæld samhliða rúmstokk og breiddin á miðri lengd hornrétt á rúmstokk. Bæði málin skulu fundin í 15 cm hæð frá hvílubotni.

Í hvílum stýrimanna, vélstjóra, læknis, bryta og loftskeytamanns skulu vera fjaðradýnur eða álíka góðir rúmbotnar. Í öðrum hvílum skal vera laus gormabotn, gerður úr zinkuðu járn eða öðrum ryðfrium málm.

Á fiskiskipum má lengd hvílu vera 180—183 cm og breidd hvílu 55 cm.

Á skipum, sem eru minni en 100 rúmlestir, og á fiskiskipum má gera vægari kröfur um rúmbotna. Þar sem 2 hvílur eru ein yfir annarri, skal setja tré eða segldúksbotn undir gormabotn efri hvílu. Ef trébotn er notaður, skal vera svo mikið bil milli trébotns og gormabotns, að hann geti fjaðrað.

Ekki mega fleiri en tvær hvílur vera ein upp af annarri. Milli hvílubotna og milli efsta hvílubotns og þilfarsbita má ekki vera minna en 75 cm. Botn neðri hvílu má ekki vera nær gólfi en 30 cm. Á skipum, sem eru minni en 100 rúmlestir, má víkja frá ákvæðum um bilið milli efri hvílubotns og þilfarsbita. Hvílur má ekki setja hlið við hlið, nema brík sé á milli þeirra, og helzt ekki út við súð.

171. gr.

Síldveiðar.

11

20. jan.

Pegar skip stundar síldveiðar eða aðrar veiðar, þar sem bæta þarf mönnum við skipshöfnina, skal ekki gera svo strangar kröfur til rúmtaks og gólfflatar, sem að framan greinir, enda hafi hver maður sérstaka hvílu og íbúðin sé í heild góð, að dómi skoðunarmanns, og loftræsting fullnægjandi. Þilið milli lestar og íbúðar skipverja skal vera svo þétt, að lýsi geti ekki runnið eða smitað gegnum þilið, inn í vistarverur skipverja.

172. gr.

Merking svefnklefa.

Á eða við inngang hvers svefnklefa skal letra greinilega, hve mörgum mönnum hann er ætlaður og hverjum.

173. gr.

Gólf svefnklefa.

Gólf svefnklefa skal vera svo þétt, að hvorki leki í gegnum það né lykt smjúgi úr farmrúmi. Það skal annaðhvort vera úr timbri, ekki þynnra en 60 mm, eða úr jární, klæddu að minnsta kosti 45 mm þykku timbri eða öðru einangrunarefni, sem skipaeftirlitið viðurkennir. Afrennsli skal vera þar, sem nauðsynlegt þykir, að dómi skipaeftirlitsins.

174. gr.

Þök og veggir svefnklefa.

Í svefnklefa skulu stálveggir og þak (nema tréþilfar sé ofan á stálþilfarinu) vera klætt tréplötum eða viðartægjum eða einhverju öðru efni, sem skipaeftirlitið tekur gilt, í einangrunarskyni.

Innveggir úr jární mega þó vera óklæddir, nema hvíla sé á veggnum, þá skal klæða 75 cm breitt belti á bak við hvíluna.

Útveggir og þök svefnklefa skulu vera vatnsheld. Stálþilfar, sem liggur yfir íbúð, óvarið fyrir vindi og sjó, skal lagt tréþilfari minnst 60 mm þykku eða einhverju öðru efni, sem skipaeftirlitið viðurkennir.

175. gr.

Varnir gegn raka í hvílum o. fl.

Á bak við allar hvílu skal súðin gerð þétt, en loftop með lokum skulu þó vera uppi við þilfarið, svo hægt sé að loftræsta á milli banda.

Þilfarið skal málað að neðan, en auk þess er æskilegt að það sé klætt krossviði eða öðrum plötum milli bita, til að koma í veg fyrir þilfarsraka.

Þiljur, borð, bekkir og skápar skulu vel gerðir. Hvíluopin skulu vera nægilega stór, en óheimilt er að hafa fyrir þeim rennihurðir. Í öllum skipum 150—300 rúmlesta, verður að vera fatageymsla, hæfilega stór, miðað við stærð skipsins.

176. gr.

Inngönguleiðir í svefnklefa.

Ef gengið er beint inn í svefnklefa af opnu þilfari, skal að minnsta kosti vera gott stigaskýli yfir opinu og hurðirnar vel varðar.

177. gr.

Hurðir og þröskuldar.

Ef tók eru á, skal útihurðum á reisnum komið fyrir á afturenda þeirra eða í innskotum á hliðum, þar sem ólíklegt er, að inngangurinn verði fyrir áföllum. Ef það er ókleift, skal setja hliðarinnangang á reisu í samráði við skipaefirlitið, enda sé þá gerð ráðstöfun til þess að skýla hurðinni svo sem unnt er, sérstaklega ef gólf klefans er lægra en 2 metrar yfir hleðslulínu.

Dyraþröskuldar á vistarverum á fiskiskipum skulu vera að minnsta kosti 40 cm háir, mælt frá þilfari. Talið er, að hurðir séu vel varðar, ef hliðar eða brikur skýlisins ná jafnlangt aftur og tvískipt, lóðrétt hurð, þegar hún er opin. Stiga-skýlið (kappinn) skal helzt vera miðskipa. Ef það er á hlið skipsins og op þess er nær ytri brún súðar en 1 metra, skal vera neyðarútgangur um háglugga eða eftir öðrum leiðum.

178. gr.

Varnir gegn óþef.

Svefnklefi skal varinn á viðunandi hátt gegn uppgufun úr lest, austri eða öðru því, sem valdið getur óþægindum eða spillt heilsu manna. Ekki má leiða keðjur í gegnum vistarverur, nema þær séu í loftheldum stálpípum.

Ekki má lamparúm né geymsla fyrir eldfima olíu, eitraða eða lyktnæma málningu, liggja að svefnklefa eða gangi að svefnklefa, nema það sé einangrað frá klefanum með loftheldu stálpili eða á tréskipi, með loftheldu trépili, klæddu járnplötum. Inngangur í lamparúm og geymslur, svo sem þær, er um getur að framan, skal vera frá opnu þilfari eða frá gangi, sem í er inngangur frá opnu þilfari.

179. gr.

Um svefnklefa sem gegnumgang.

Svefnklefa má ekki nota sem gang að farmrúmi, keðjukössum, matargeymslu eða að öðrum geymslum í skipinu. Þó er það leyfilegt í skipum, sem eru minni en 300 rúmlestir brúttó, svo framarlega sem það veldur ekki neinum sérstökum óþægindum.

180. gr.

Loftræsting.

Svefnklefi skal búinn loftræstingu á fullnægjandi hátt, svo að loftið í klefanum geti sífellt endurnýjast og það þótt dyr og gluggar séu lokaðir.

Ef loftræsting er eingöngu gerð með eðlilegum súg, skal þverskurðarflatarmál aðstreymis- og frástreymispípu, hvorrar um sig, vera að minnsta kosti 30 fersentimetrar á hvern mann, sem klefinn er skráður fyrir.

Loftpipa má ekki vera rétt við eða beint yfir hvílu.

181. gr.

Loftræsting skipa í hitabelti.

Ef skip er í förum milli 23. gráðu norðurbreiddar og 23. gráðu suðurbreiddar og loftræsting þess er gerð með eðlilegum súg, skal auka súginn með því að koma fyrir rafknúnum víftum eða á annan jafnöruggan hátt.

Þverskurðarflatarmál loftrása og loftrásastokka, sem settir eru til þess að framleiða eðlilegan súg, skal vera 30 fersentimetrar á hvern mann, sem klefinn er skráður fyrir.

Loftrásastokkar skulu vera eins stuttir og beinir og hægt er. Ef þeir eru langir 11 og krókóttir, skal þverskurðarflatarmálið aukið að sama skapi. 20. jan.

182. gr.

Loftræsting í göngum.

Þar sem klefar eru við gang má örva eðlilegan súg á eftirfarandi hátt: með loftpípu, sem getur verið svanaháls, skrúflokk eða önnur tegund, með eða án loftrásastokka. Milli klefans og gangsins skulu þá vera loftop með rennilokum á hurð eða vegg, sum ofan til og önnur neðan til.

Á enda gangsins skal komið fyrir loftrás með hálfkúluhettu eða öðru jafngildu fyrirkomulagi. Báðar loftrásirnar mega vera á sama enda, ef ekki reynist unnt að koma loftrás fyrir við annan enda gangsins, en þá verður að leiða aðstreymis- eða frástreymisloftið, eftir því sem við á, að hinum endanum.

Ef nauðsynlegt er vegna lögunar á gangi, skal þar lögð pípa út í bert loft.

Hágluggar og ljórar teljast ekki jafngilda loftrásum. Þó getur skipaæftirlitið heimilað, að á skipum, sem eru minni en 300 rúmlestir, séu hágluggar og ljórar notaðir sem loftrásir á eins manns klefa eða eldhúsi, ef þau eru á efsta þilfari.

183. gr.

Upphitun svefnklefa.

Í svefnklefa skal koma fyrir tæki eða tækjum til upphitunar. Hitunartækin skulu þannig staðsett, að hitinn geti dreifzt um klefann á viðunandi hátt. Þau mega ekki vera svo nærri höfðagafli hvílunnar, að hitinn valdi óþægindum. Ef eldstó er notuð, má súgspjald hvorki vera í henni né reykþípunni.

Reykþípan má ekki liggja gegnum pípu, sem ætluð er sem loftrás. Eldstóin skal vera vel fest. Undir henni og umhverfis hana, þar sem hætta getur verið á íkviknun, skal klætt með eldvarnarefni, eftir því sem skipaæftirlitið telur nauðsynlegt. Ekki má nota steinolíuofn með kveik.

Í vélknúnum skipum, sem eru 400 rúmlestir brúttó eða stærri, skal hita upp með heitu lofti, heitu vatni, eimi, rafmagni eða á einhvern þann hátt, sem skipaæftirlitið tekur gildan.

184. gr.

Lýsing svefnklefa.

Í hverjum svefnklefa skal vera ljóri, þar sem því verður við komið, eða klefanum séð fyrir sæmilegri dagsbirtu á annan hátt.

Sæmileg dagsbirta telst, þegar hægt er í björtu veðri að lesa venjulegt prentetur.

Í svefnklefa skulu ljóstæki ávallt albuin til notkunar og þannig gerð, að þau valdi sem minnstri eldhættu.

Lampar skulu vera með glasi. Olíubyðan skal vera sterk og úr málm. Vélskip, sem eru 15 rúmlestir brúttó eða meira, og öll olíuskip, sem flytja eldfim efni, skulu vera raflýst.

Í svefnklefa skulu að minnsta kosti ein varaljóstæki vera tiltæk eða minnst einn lampi með rafhlöðu. Ef ekki er um að ræða olíuskip, sem flytja eldfim efni, má í stað þess lampa koma olíulampi eða kertaljós.

Fyrir öllum gluggum og ljórum skulu vera gluggatjöld, eða þeir byrgðir á annan hátt.

11
20. jan.

185. gr.

Málning svefnklefa.

Loft og veggir svefnklefa skulu málaðir eða á þá borið á þann veg, að auðvelt sé að gera þá hreina. Ef svefnklefar eru málaðir, skal það vera með ljósum lit og lakkað í síðustu yfirferð.

Eldvarnarmálningu skal nota á fleti nálægt ofnum eða öðrum heitum flötum. Málningu eða lökk, sem aðallega innihalda nitrocellulose, má ekki nota í skipum.

186. gr.

Fataskápar, borð og bekkir.

Á nýjum skipum, sem eru yfir 300 rúmlestir, skal í hverjum svefnklefa eða sem næst honum vera klæðaskápur með hillu, og loftopum ofan og neðan til, í honum skulu vera ein eða fleiri skúffur, handa hverjum vistmanni til geymslu á fötum. Skápurinn skal vera 1,5 metra hár, 55 cm breiður og 30 cm þykkur, og er þá miðað við innanmál. Innanmál skúffunnar skal að minnsta kosti vera 0,1 rúm-metri. Hægt skal vera að læsa bæði skápi og skúffum.

Borð skal vera í hverjum svefnklefa og sæti handa hverjum manni, er þar á vist. Borð og sæti mega vera þannig gerð, að hægt sé að leggja þau niður. Einnig má borðið vera útdregin plata.

187. gr.

Hlífðarföt.

Í skipum, sem eru stærri en 200 rúmlestir, skal vera rúm eða skápur, aðskilinn frá svefnklefa, með loftopum bæði ofan og neðan til, til þess að geyma í olíu-klæði, stígvél, yfirfatnað og vinnuföt.

Á fiskiskipum, sem eru 300 rúmlestir og stærri skal vera loftræstur klefi, vel aðskilinn frá svefnklefum fyrir hlífðar- og vinnufatnað, en á skipum 50—300 rúmlestir þar sem því verður við komið.

188. gr.

Borðskáli.

Í skipum, sem eru 100 rúmlestir brúttó eða stærri, skal vera borðskáli eða borðskálar. Helmingur skipshafnar skal geta borðað í einu á skipum sem eru 100—400 rúmlestir brúttó, $\frac{2}{3}$ hlutar skipshafnar á skipum, sem eru 400—800 rúmlestir, og á skipum, sem eru 800 rúmlestir eða stærri, skal öll skipshöfn geta setið til borðs í einu.

Ákvæði 173.—185. greinar, um svefnklefa, gilda einnig um borðskála, að svo miklu leyti sem þau eiga við.

Ef enginn borðskáli er fyrir skipshöfn á skipum, sem eru minni en 200 rúmlestir brúttó, skal svefnklefi búinn borði og bekkjum, svo að menn geti matazt þar.

189. gr.

Matargeymsla, búr, kælrúm og mataráhöld.

Matargeymsla skal vera á hverju skipi. Kælrúm eða kælistápur til matargeymslu og búr með hillum og skúffum, skal vera á skipum, þar sem því verður við komið og ástæða þykir til, að dómi skipaefirlitsins.

Sérstakur skápur skal vera fyrir mataráhöld. Ef svefnklefi er notaður til borðhalds, má skápurinn vera þar.

Mataráhöld mega ekki vera glerhúðuð.

190. gr.

11

Eldhús.

20. jan.

Í hverju skipi skulu vera fullkomin eldunartæki til matreiðslu handa öllum skipverjum. Eldunartækjunum skal komið fyrir í sérstökum klefa (eldhúsi) á skipum, þar sem því verður við komið.

Ákvæði þessa kafla um svefnklefa gilda einnig um eldhús eftir því, sem þau eiga við.

191. gr.

Snyrtiklefar.

Í öllum skipum, sem eru 400 rúmlestir eða stærri, skulu vera snyrtiklefar (sbr. þó 5. mgr.):

1. fyrir yfirmenn,
2. fyrir aðra skipverja.

Í snyrtikleanum skulu vera fastar handlaugar handa $\frac{1}{4}$ hluta þeirra manna, sem þar eiga að þvo sér, en í fiskiskipum af sömu stærð, fyrir $\frac{1}{8}$, og enn fremur útbúnaður fyrir steypibað. Vatnið skal leitt í pípum að snyrtikleanum og skal leiða hreint vatn í handlaugarnar, en í steypiböð má nota sjó. Ef eimketill eða hitunarketill er í skipinu, skal vera hreint og heitt vatn í handlaugunum og skal það ávallt vera til taks, þegar ketillinn er hitaður.

Veggir, þak og gólf í snyrtiklefum skulu vatnsheld. Á gólfinu skal vera grind úr tré eða öðru svipuðu efni. Fullkomið frárennsli skal vera úr klefunum.

Ákvæði þessa kafla um svefnklefa gilda einnig um snyrtiklefa, eftir því sem þau eiga við.

Þess er ekki krafizt, að yfirmönnum sé ætlað rúm í snyrtiklefum á skipum, sem eru minni en 1000 rúmlestir brúttó, svo framarlega sem í svefnklefum þeirra eru handlaugar.

Á fiskiskipum er skipaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá fyllstu kröfum um snyrtiklefa í skipum, sem eru innan við 400 rúmlestir, ef vandkvæði eru á því að koma þeim fyrir sökum rúmleysis.

192. gr.

Handlaugar.

Á öllum skipum 50—400 rúml. skal vera handlaug. Ef búið er í báðum endum skipsins, skal handlaug vera á báðum stöðum.

Aðrennsli af hreinu vatni skal vera frá geymi. Reynt skal að staðsetja leiðslur og geymi þannig, að vatnið frjósi ekki. Einnig má nota vatnsdælu, sem komið er fyrir nálægt handlauginni. Frárennsli slíkra handlauga í eldhúsum skal leitt útbýrðis, ef þvottastaður er á þilfari. En sé þvottastaður neðan þilfars, skal leiða frárennslið þangað sem sogpípu austurdællunnar er komið fyrir.

Liggja langar frárennslipípur undir gólfum, svo sem frá hásetaklefa aftur að sogpípu, skulu þær að minnsta kosti vera 5 cm í þvermál. Við handlaugar skulu vera vatnslásar.

193. gr.

Salerni.

Á skipum, sem eru stærri en 150 rúmlestir, skal vera að minnsta kosti eitt vatnssalerni.

Á skipum, sem eru 50 og allt að 150 rúmlestum, skal vera salerni búið handföngum, setu og skjólu. Ef það er ekki samþyggt reisin skipsins, skal það örugglega fest.

11 Salerni skal aðskilið frá nálægum svefnklefum, sjúkraklefum, borðskálum, 20. jan. setuskálum, matargeymslum og eldhúsum með þéttu þili úr stáli eða tré.

Þilfar yfir salerni skal vera vatnshelt, einnig salernisveggir og gólf. Gólfið skal þannig klætt, að auðvelt sé að halda því hreinu.

Skipaæftirlitið getur krafizt þess, ef því þykir ástæða til, að frárennsli sé í gólfinu. Í salernisklefa eða klefum skal að minnsta kosti vera eitt selerni (eða vatnssalerni) fyrir hverja 12 menn. Ef færri en 3 ganga af, þegar deilt er með 12 í tölu skipverja, þarf ekki sérstakt salerni handa þeim, sem af ganga. Ef 3—12 ganga af, skal bæta við einu salerni. Á skipum stærri en 150 rúmlestir, með meira en 10 manna áhöfn, skal að minnsta kosti vera eitt selerni fyrir yfirmenn.

Vatnssalernið skal búið fullkomnum tækjum til útskolunar. Leitazt skal við að setja skolunartækin þannig, að vatnið frjósi ekki. Á skipum, þar sem frárennslið frá vatnsselerni liggur í gegnum skipssúð, skal vera spjaldloki.

Ákvæði þessa kafla um svefnklefa, gilda einnig um salernisklefa, eftir því sem þau eiga við.

194. gr.

Aðrir klefar.

Ákvæði um svefnklefa gilda, að svo miklu leyti sem þau eiga við, um aðra klefa skipshafnar, svo sem um stýrishús, loftsklyttaklefa, stjórnklefa, setustofu og fleiri slíka klefa.

Stýrishús á skipum 15—100 rúml. skulu vera 1,9 m á hæð frá gólfi. Renniluggar skulu vera sterkir og liðugir, og handföng sett þar sem þurfa þykir.

195. gr.

Annarra kynstofna fólk.

Ef á skipi eru saman að staðaldri hvítir menn og menn af öðrum kynstofnum, skulu, ef ástæður þykja til, vera sérstakir svefnklefar handa hvorum, einnig skulu þeir vera sér um salerni. Ef þeir, sem ekki eru hvítir, matreiða fyrir sig sjálfir, skal ætla þeim sérstakt eldhús.

196. gr.

Óheimil notkun svefnklefa.

Í svefnklefa má ekki geyma akkeriskeðju, né neitt annað til skipsþarfar, sem valdið getur óþef eða af lagt óheilnæmar gufur.

Ákvæði þessa kafla um vistarverur ná eingöngu til skipa, sem kjölur er lagður að eftir 1. janúar 1953, og til skipa, sem eftir þann tíma eru keypt frá útlöndum, til skráningar, sem íslensk skip.

Þó skal eftir föngum leitazt við að ráða bót á vistarverum í gömlum skipum, að því er varðar hollustuhætti skipverja.

197. gr.

Undanþágur um vistarverur.

Skipaskoðunarstjóri má veita undanþágu frá framanskráðum ákvæðum um vistarverur, þegar þau við nákvæma athugun reynast torframkvæmanleg, nema með mjög miklum kostnaði, eða eru ósanngjörn eða óhentug.

Þegar sótt er um undanþágur í samræmi við þessa grein, skal senda skipaskoðunarstjóra 3 eintök af teikningum viðkomandi íbúða ásamt greinargerð fyrir umsókninni.

198. gr.

11

Uppdrættir af vistarverum.

20. jan.

Þegar skip er smíðað, sem er 100 rúmlestir eða meira, skal eigandi þess eða sá, sem lætur smíða skipið, senda skipaskoðunarstjóra 3 eintök af uppdráttum, er sýni allar vistarverur, afstöðu þeirra til annarra rúma skipsins, enn fremur innréttingu, ásamt áletruðu rúmtaki og stærð gólfplatara. Uppdrættinum skal fylgja lýsing, þar sem skýrt er frá notkun hvers klefa.

Ef um er að ræða meiri háttar breytingu á skipi, sem er 100 rúmlestir eða stærra, skal fylgja ákvæðum fyrstu málgreinar þessarar greinar.

Hver sá, sem kaupir skip, 100 rúmlestir eða stærra, frá útlöndum, skal eftir að skipið er orðið íslensk eign, senda skipaskoðunarstjóra uppdrætti af vistarverum í samræmi við það, sem að framan greinir um nýsmíði.

B. Vistarverur farþega.

199. gr.

Strandferðir.

Mesta farþegafjöldi, sem farþegaskip má flytja, skal ákveða sem hér segir: Miðað skal við stærð auðs þilfarsflatar, og stærð þeirra rúma, sem notuð eru fyrir vistarverur farþega.

Umferð um þilfar skal örugg, og vistarverur gerðar og útbúnar samkvæmt eftirfarandi reglum, svo að fullnægjandi sé öryggi og hollustuháttum farþega.

Á skipum, sem sigla allt að 8 stundir að degi, má flytja einn farþega á hverjum 0,55 m² auðum þilfarsfleti, ætluðum farþegum.

Í allt að sólarhringsferðum má flytja einn farþega á hverjum 0,75 m² auðum þilfarsfleti, ætluðum farþegum, og skulu þeir allir hafa skjól í reisu eða milli þilfara, og ekki vera minni en 1,75 m³ rúm handa hverjum farþega.

Í strandferðum, sem taka lengri tíma en sólarhring, skal uppbúin hvíla vera handa hverjum farrýmisfarþega, og hverjum þiljufarþega má þá eigi ætla minna en 0,85 m² auðan þilfarsflöt í skjóli, að frátöldu því rúmi, sem farrýmisfarþegum er ætlað, og auk þess að minnsta kosti 2 m³ autt rúm í reisu eða milli þilfara.

Þegar eitt eða fleira af farmrúmunum skipsins eru auð, má hafa þau handa þiljufarþegum, og skulu skoðunarmenn ákveða, hve margir megi vera í hverju rúmi, en hver farþegi skal hafa að minnsta kosti 0,85 m² þilfarsflöt og 2 m³ autt rúm milli þilfara. Farmrúmin skulu þá sæmlega lýst og búin loftrásum, auk lestaropanna.

200. gr.

Vistarverur farþega í millilandaferðum.

Uppbúin hvíla með nauðsynlegum gögnum skal vera handa hverjum farþega. Fyrir framan hverja hvílu skal vera að minnsta kosti 60 cm breitt gangrúm.

Vistarverur farþega skulu eigi vera lægri undir loft en 2 m, vel loftræstar, hvernig sem á stendur, og vel lýstar nótt sem dag. Ef aðalljósakerfið bilar, skal vera hægt að lýsa alla aðalútganga frá neyðarljósastöð. Hæfileg tæki skulu vera til hitunar á vistarverum farþega á köldum árstíðum, og uppgöngur þeirra svara þörfum.

Á efsta þilfari, í lyftingu eða á traustum reisnum skal hverjum farþega ætlað að minnsta kosti 0,5 m² af auðum þiljufleti. Þeir hlutar af þiljum, þar sem farþegum er illa sætt eða stætt, skulu ekki reiknaðir með auðum þiljufleti.

11 Farþegum skulu auk þess búin herbergi, annaðhvort í fastri reisu á efsta
20. jan. þilfari eða á neðri þilförum. Þó má ekki ætla farþegum herbergi fyrir framan stafnskilju, né á þilfari fyrir neðan það þilfar, er liggur undir efstu hleðslulínu.

Í vistarverum skal ætla farþegum:

a. Auðan gólfplöt, að minnsta kosti 1,1 m² hverjum farþega.

b. Að minnsta kosti 3,5 m³ loftrými í klefum, fyrir hvern farrýmisfarþega, að meðtöldum söllum, snyrtiherbergjum o. s. frv., er þeim fylgja.

c. Að minnsta kosti 2,3 m³ loftrými í vistarverum fyrir hvern þiljufarþega. Þó skal hverjum þiljufarþega, sem búinn er staður á neðsta millipilfari, ætlað að minnsta kosti 2,75 m³ loftrými.

Þegar loftrými er reiknað, eru ekki frá dregnar hvilur, borð, skápar, handfarangur o. þ. u. l.

Þegar reiknað er flatarmál á þilförum skal ekki draga frá þilfarsfletinum ganga, sali, snyrtiklefa, salerni, baðklefa, farangursgeymslu o. þ. h.

Hvilur.

Hvilur í vistarverum farþega skulu vera 1,83 m langar og 60 cm breiðar.

Engin hvíla má vera nær gólfi en 30 cm og ekki meira en tvær hvilur í hæð (ein yfir annarri).

Milli hvílubotna og botns efri hvílu að þilfarsbita skulu vera að minnsta kosti 75 cm.

Ákvæðin um vistarverur skipshafnar gilda einnig um vistarverur farþega, að því er snertir loftræstingu, lýsingu, upphitun og aðra hollustuhætti.

Svefnrými þau, er ætluð eru þiljufarþegum að staðaldri eða til bráðabirgða, skal greina frá grannrúmum með skiljum. Skal þar og standa skýrum stöfum, hve margir farþegar þar megi vera.

Framanrituð ákvæði um farþegafjölda eru miðuð við fullorðna farþega. Tvö börn á aldrinum 1—8 ára jafngilda einum fullorðnum farþega. Börn á fyrsta ári teljast ekki sjálfstæðir farþegar.

Salerni.

Í farþegaskipum skulu vera að minnsta kosti 2 salerni, eitt fyrir konur og eitt fyrir karla, þó aldrei færri salerni en eitt fyrir hverja 50 farrýmisfarþega af hvoru kyni.

Auk salerna fyrir farrýmisfarþega, skal hverjum 100 þiljufarþegum ætlað að minnsta kosti eitt salerni.

Öll salerni skulu vera hrein, vel lýst og loftræst. Að öðru leyti gilda ákvæði 193. gr. um salerni skipverja.

C. Heilbrigðismál.

201. gr.

Lyf.

Á hverju skipi skulu vera lyf þau og læknisáhöld, sem landlæknir fyrirskipar á hverjum tíma.

202. gr.

Sjúkrarými.

1. Skip sem er í förum til annarra heimsálfa, og tala skipverja er hærri en 100, skal hafa sjúkrarými, er séu afþiljaðir klefar, einn fyrir konur og annar fyrir

karla. Sjúkrarámið skal vera hjart og loftgott, einangrað frá vistarverum farþega og skipshafnar og auk þess komið fyrir á hentugum stað í skipinu. 11

20. jan.

2. Í sjúkrarámi skal vera ein hvíla fyrir hverja 50 skipverja, allt að 200 manns, en úr því fyrir hverja 70 eða hluta af þeirri tölu.

3. Samanlagt flatarmál gólfs, að meðreiknuðum þeim gólfleti, sem hvílan tekur, skal að minnsta kosti vera 1,7 m² fyrir hverja 70 farþega.

4. Hvílurnar skulu vera úr málm, að minnsta kosti 1,85 m langar og 65 cm breiðar, miðað við innanmál, og þannig settar upp, að þær séu aðgengilegar, en ekki ein yfir annarri.

5. Ekki er krafizt, að rúmfatnaður sé, nema í annarri hvorri hvílu í sjúkraráminu, nema í útflytjendaskipum. Þar skulu vera rúmföt í hverri hvílu.

6. Í sjúkraráminu skal vera:

a. Lyfjaskápur.

b. Baðklefi og handlaug, með aðrennsli og frárennsli.

c. Vatnssalerni fyrir hvora deild sjúkrarámisins.

d. Leiðsla skal liggja að hverri hvílu, svo að hægt sé að hringja á hjálp.

203. gr.

Sjúkraklefar.

Á skipum í millilandaferðum, öðrum en fiskiskipum, þar sem skipshöfn er 17 manns eða meira, skal vera sjúkraklefi með eigi færri sjúkráhvílum en hér segir:

1	hvíla, ef skipshöfn er minni en 25 manns,
2	— — — — 25 manns, en innan við 50,
3	— — — — 50 manns eða fleiri.

Ef konur eru um borð og hafa ekki hver sinn svefnklefa, skal þeim að auki vera ætlaður sjúkraklefi með einni hvílu.

Sjúkraklefi má ekki vera fremst í skipinu og ekki heldur aftast, yfir skips-skrúfunni.

Í hverjum sjúkraklefa skal vera handlaug með aðrennsli og frárennsli. Í sambandi við sjúkraklefan eða rétt hjá honum, skal vera vatnssalerni handa sjúkl-ingum.

Leiðsla skal liggja að hverri hvílu, svo að hægt sé að hringja á hjálp.

Í hverri hvílu skulu vera til taks sængurklæði, hvenær sem er.

Ákvæði 167., 169. og 184. greinar gilda einnig um sjúkraklefa og sjúkráhvílur, að svo miklu leyti sem þau eiga við.

Þegar sjúkraklefans er ekki þörf fyrir sjúklunga, er leyfilegt að nota hann til annars, ef sérstaklega stendur á.

Ákvæði þessarar greinar um sjúkraklefa ná ekki til skipa, sem eru íslensk eign, áður en reglur þessar öðlast gildi.

204. gr.

Hreinlæti.

I. *Almenn ákvæði fyrir farþega- og flutningaskip.*

Gólfíð í hverjum klefa skal þvo daglega og sængurföt viðra svo oft, sem við verður komið.

Alger þvottur á klefum skal fara fram að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári, með sem jöfnustu millibili, enn fremur þegar skipt er um skipshöfn eða skipt er um alla í svefnklefa eða þess er talin þörf, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

11 Ef dauði hefur hlotizt af smitandi veiki, ber skilyrðislaust að sóttgreinsa
20. jan. svefnklefa hins látna í samráði við lækni.

Ef meindýr setjast að í klefa, skal þeim þegar eytt og klefinn hreinsaður rækilega.

Íbúðir í skipi, sem keypt er frá útlöndum og er ekki nýsmíðað, skulu sótt-hreinsaðar og vel ræstar, bæði klefarnir sjálfir og húsgögnin, áður en skipið er tekið í notkun.

II. Hreinlæti í fiskiskipum.

Gæta skal hreinlætis í öllum vistarverum. Gólfíð í hverjum svefnklefa skal þvegið, þegar þörf krefur, og fót viðruð.

Alger þvottur á klefum skal að minnsta kosti fara fram tvisvar sinnum á ári með sem jöfnustu millibili.

Að öðru leyti gilda ákvæði þessarar greinar.

X. KAFLI

Skoðun skipa og skipsskjöl.

I. Almenn ákvæði.

205. gr.

Embættisskilríki eftirlitsmanna og þagnarskylda.

1. Starfsmenn skipaeftirlits ríkisins skulu, þegar þess er krafizt, sýna embættisskilríki sín, þau er ríkisstjórnin lætur þeim í té og fest eru í leðurveski með eftirfarandi gylltri áletrun:

SKJALDARMERKI ÍSLANDS

SKIPAEFTIRLIT RÍKISINS

Hafi handhafi skírteinis vald til að leggja farbann á skip, skal það sérstaklega tekið fram á skírteininu.

2. Starfslið skipaeftirlits ríkisins skal hlíta þagnarskyldu varðandi þau atriði, er það fær vitneskju um vegna embættis síns, og er því óheimilt og óskýlt að bera vitni fyrir rétti, nema með samþykki ráðherra.

206. gr.

Skoðunarbeiðni.

1. Hver sá, sem gerir út skip, er skyldugur til að biðja um skoðun á því í tæka tíð, svo að hin fyrirskipaða skoðun geti farið fram. Skipaeftirlitið er skyldugt, ef skoðunarbeiðnin berst í tæka tíð, að framkvæma skoðunina á þeirri stundu og stað, sem útgerðarmaðurinn eða skipstjórinn óskar, svo framarlega sem tók eru talin á því vegna eðlis skoðunarinnar og atvika að öðru leyti. Þegar skip er dregið á land eða í þurrkvi, skal tilkynna það skipaeftirlitinu, svo að botnskoðun geti farið fram, ef eftirlitið óskar þess.

2. Áður en fyrsta skoðun á eimkatli fer fram hér á landi, skal, ef nokkur tók eru á, láta skipaeftirlitinu í té bæði teikningu og lýsingar á katlinum, hvorar tveggju í tveimur eintökum, með nákvæmum upplýsingum um smíði ketilsins, stærðir hinna ýmsu hluta og samsetningu, efni og styrkleika þess, stærð ristarflatar og hitaflatar, hina venjulegu vatnshæð, stærð hitaflatar neðan við lægstu leyfilegu vatnsstöðu, ketilþrýsting, svo og hvar og hvaða ár ketillinn er smíðaður.

Þegar nýir öryggislokar eru mældir upp í fyrsta sinn, getur skipaeftirlitið 11 enn fremur krafizt þess, að fá í hendur teikningu af þeim.

20. jan.

3. Útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, svo og hver annar, sem starfar í umboði þeirra, er skyldugur til þess að veita skipaeftirlitinu alla nauðsynlega hjálp við skoðunina og gefa allar nauðsynlegar upplýsingar um skipið, sem krafizt er og þeir geta í té látið.

II. Aðalreglur um skoðun.

207. gr.

Þegar athuga skal, hvort skip fullnægi settum fyrirmælum, skal fara fram aðalskoðun eða aukaskoðun, svo og eftir atvikum smíðaskoðun, hleðslumerkja-skoðun og fararskoðun í samræmi við eftirfarandi greinar:

208. gr.

Flokkuð skip.

Varðandi skoðun skipa, sem flokkuð eru í einhverju því flokkunarfélagi, sem ríkisstjórnin hefur viðurkennt, er sú rannsókn tekin gild, sem fram hefur farið á skipum vegna stöðu þeirra í flokki, að því er þá hluti varðar, sem rannsókn tók til.

209. gr.

Eftirlit með smíði farþegaskipa.

Á meðan farþegaskip er í smíðum, skal nákvæm skoðun og prófun gerð á hinum vatnshelda hluta bolsins, hurðum og þilfari.

1. Skiljur skulu skoðaðar nákvæmlega, m. a. vatnsbunuprófun.

2. Stafnhylkið skal þola þrýstiprófun vatnssúlu, sem nær jafnhátt efstu hólf-unarhleðslulínu.

3. Tvöfaldi botninn, hliðargeymar og þess háttar, skulu þola þrýstiprófun vatnssúlu, sem nær upp að takmarkalínu.

4. Geymar, sem vökvar eru hafðir í og eru þáttur í hinni vatnsheldu hólfun skipsins, skulu reyndir með vatnssúlu, sem nær upp að efstu hólfunarhleðslulínu, eða súlu, sem svarar $\frac{2}{3}$ hluta hæðarinnar frá efri brún kjalar að takmarkalínunni á móts við geyminn, og skal miðað við þá prófun, þar sem þrýstingurinn er meiri. Þó má prófunarþrýstingurinn aldrei vera minni en sá þrýstingur, sem geymirinn sætir þegar hann er í notkun. Þá má og vatnssúlan, sem þrýstiprófið er gert með, ekki ná skemmra yfir efsta hluta geymisins en 92 cm.

5. Vatnsheldar hurðir skulu reyndar með vatnssúlu, sem nær upp að takmarkalínu. Þá prófun má gera annað hvort áður en eða eftir að hurðunum hefur verið komið fyrir.

6. Vatnsheld þilför skulu reynd, eftir að þau eru fullgerð, annað hvort með því að dæla vatni á þau eða láta fljóta yfir þau. Vatnshelda brunna, göng og loft-rásarpípur skal reyna með því að dæla vatni á þau.

7. Gæta skal þess, að þau ráð, sem notuð eru til þess að þétta þilför, brunna, loftrásarpípur o. fl., séu haldgóð.

210. gr.

Stöðugleikaprófun.

Þegar farþegaskip er fullsmíðað, skal gerð hallaprófun til rannsóknar á stöðugleika þess. Hið sama gildir um endursmíðuð og breytt farþegaskip, ef ætla má að

11 breytingin hafi áhrif á stöðugleika þess, og um farþegaskip, sem keypt eru frá út-
20. jan. löndum, séu ekki færðar sönnur á, að fullkomin stöðugleikapröfun hafi áður farið fram.

Skipstjórum skulu látnar í té, til öryggis í siglingu, ef hægt er, allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi stöðugleika skipsins.

211. gr.

Rannsókn og sjóhæfni.

1. Við fyrstu aðalskoðun á farþegaskipi eða eftir að aðalvélin hefur verið endursmíðuð eða endurnýjuð, skal gerð rannsókn á, hvort vélarkerfið í heild sé öruggt, hvort skipið láti vel að stjórn og hvort fullnægt sé að öllu leyti gildandi kröfum.

2. Á öðrum skipum en farþegaskipum, þar sem þess er talin þörf að dómi skipaskoðunarstjóra, skal gerð rannsókn á sjóhæfni þeirra í samræmi við 1. tölulið þessarar greinar.

212. gr.

Venjuleg aðalskoðun.

1. Við aðalskoðun skal gerð rannsókn á hol skipsins, þar með talinn skipsbotninn að utan, skrófuás, stefnispípa, botnlokur hinna vatnsheldu skilja, reiði, vélar, katlar og þrýstiloftsgeymar, svo og fjarskiptitæki og áhöld.

2. Ef ytri endi stefnispípunnar er búinn oliuheldum þéttihólk eða skrófuásinn er annaðhvort gerður úr efni, sem tærist ekki í sjó, eða er klæddur kopar eða hólk úr öðru efni, sem ekki ryðgar, og sem felldur er vatnsþétt við skrófhausinn, er nægilegt að draga skrófuásinn lítilsháttar út til athugunar. Á meðan hann lítur vel út við þessa athugun, þarf fullnaðarskoðun ekki að fara fram nema þriðja hvert ár. Að öðrum kosti skal fullkomið eftirlit haft, með því að draga út skrófuásinn í farþegaskipum við hverja aðalskoðun og í öðrum skipum að minnsta kosti annaðhvort ár.

3. Aðalskoðun skal vera svo fullkomin, að með henni sé hægt að ganga úr skugga um, hvort tilhögun í skipinu, efni bolsins og efnisstærðir, katlar og tilheyrandi aðal- og aukavélar, bjargtæki og áhöld fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til skips í þeim förum, sem því eru ætlaðar, og hvort einstakir hlutir skipsins og búnaður þess sé eftir settum reglum.

4. Einn þáttur í rannsóknum þeim, sem um getur í 1. tölulið þessarar greinar, er sá, að aðal- og aukavélar, eimpípur, þrýstilofts- og eldsneytisgeymar í farþegaskipum í millilandasiglingum, svo og í öllum óflokkuðum skipum, skulu sæta þrýstiprófunum og fer um það o. fl. í samræmi við ákvæði 223.—227. greinar hér á eftir.

213. gr.

Aðalskoðun.

Aðalskoðun fer fram:

a. Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrýmið hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, skipt um aðalvél eða því breytt svo mjög, að mæla þurfi það að nýju.

b. Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenskum fána eða til útgerðar hér á landi.

c. Einu sinni á ári á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum, sem eru eldri en 12 ára og öllum tréskipum, sem eru eldri en 16 ára,

d. Annaðhvort ár á öllum öðrum skipum,

Við aðalskoðun skal kanna vandlega allt öryggi skipsins, bæði bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatakja, búnaðar og áhalda, svo og allt annað, er að öryggi skipsins lýtur. 11 20. jan.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem gerð var á því til endurnýjunar þess í flokki, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, enda sé hún í samræmi við kröfur skipaeftirlits ríkisins.

214. gr.

Almenn aukaskoðun.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er um ræðir í d-lið 213. greinar, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skips og áhöld, botn þess og stýrisbúnað. Þó má gera botnskoðun á öðrum tíma, enda sé þá ekki ár liðið frá síðustu botnskoðun.

215. gr.

Sérstök aukaskoðun.

Sérstök aukaskoðun skal gerð í þessum tilfellum:

a. Þegar skip hefur sætt meiri háttar viðgerð, enda sé ekki skylt að efna til aðalskoðunar samkvæmt 213. grein reglugerðar þessarar.

b. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félags sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafan skal send eftirlitsmanni, skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn skipaeftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus og bakað útgerðarmanni tjón. Skal þá skipaeftirlitið skýra útgerðarmanni frá því, hver kært hafi, sé þess óskað, nema kærandi óski heldur að bæta útgerðarmanni tjónið.

c. Þegar af öðrum orsökum þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, t. d. þegar skip skiptir um veiðiaðferð, eða fiskiskip er tekið til vöruflutninga.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluti skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

216. gr.

Skoðun á íbúðum skipshafna.

Það er skylda skoðunarmanna að sjá um, að kröfum þeim verði fullnægt, sem gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum. Til þess að svo megi verða, skal skoða íbúðirnar, þegar þær hafa verið endurbættar eða kært hefur verið yfir einhverju, er íbúð varðar, og hvenær sem skoðunarmaður hefur grun um, að eitthvað skorti á, að lögum eða reglugerðum sé fullnægt.

217. gr.

Fararskoðun.

1. Fararskoðun á farþegaskipum, sem sigla til fjarlæggra heimsálfna, skal gerð skömmu áður en skipið á að leggja úr höfn samkvæmt áætlun. Skipaeftirlitið getur, þegar skoðun fer fram, frestað hverju atriði, sem ekki eru glögg fyrir-mæli um, eða það telur eftir atvikum, að ráðstafa þurfi á sérstakan hátt.

2. Lögð skal fram fyrir skipaeftirlitið eftirlitsbók, skipshafnarskrá og farþegaskrá.

11 3. Eftirlitsbókin skal athuguð meðal annars til þess að ganga úr skugga um, hvort skipstjórinn hafi látið fara fram fyrirskipaðar skoðanir, tilraunir og æfingar á vatnsheldum hurðum ásamt tilheyrandi tækjum og visum, athuganir á dælum og hjargtækjum, þar með taldar bátaæfingar o. fl., svo og hvort hætt hefur verið úr öllum göllum, ef einhverjir hafa verið.

4. Enn fremur skal athuga, hvort hlutverkaskráin sé rétt gerð í samræmi við sett ákvæði, og skal skipshafnarskráin borin saman við hlutverkaskrána.

5. Um leið og skipshafnarskráin er athuguð, skal gengið úr skugga um, hvort áhöfn skipsins er fullnægjandi.

6. Skipstjórinn skal hafa undirritað farþegaskrána. Ef teknir eru farþegar á viðkomustöðum skips, skulu þeir skráðir á sérstaka fylgiskrá með farþega-skránni.

7. Skoðunarmaður skal fara til eftirlits um þau rúm, sem ætluð eru áhöfn skipsins og farþegum. Sjúkraklefar og búnaður þeirra skulu skoðaðir undir leiðsögu skipslæknis, sem afhendir skipaæftirlitinu vottorð, undirritað af honum og skipstjóra, um það, hvort lyfjabirgðir, sóttvarnarmeðul skipsins o. fl. fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í sérstökum fyrirmælum þar að lútandi.

8. Rannsaka skal, hvort matvæli og vatn í björgunarbátum er í samræmi við settar reglur.

9. Að því er varðar farm í skipi, skal skipaæftirlitinu látin í té yfirlýsing, undirrituð af skipstjóranum, um, að í farminum séu ekki sprengiefni, né önnur hættuleg efni, að efni, sem eru heilsuspillandi eða vond lykt er af, séu flutt í rúmunum, sem eru algerlega aðskilin frá farþegaklefum, og sérstaklega eldfim eða eitruð efni séu flutt í rúmunum, sem eru algerlega afþiljuð með stálpiljum og eru ekki rétt við farþegaklefa.

10. Á meðan á fararskoðun stendur, skal skipaæftirlitið efna til æfinga, sem það telur nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um, að áhöfnin kunni skyldustörf sín, að því er varðar öryggisþjónustu skipsins, og björgunarbúnaðurinn sé þannig, að hann fullnægi settum reglum. Við fararskoðun skulu þessar æfingar gerðar:

a. Æfing með vatnsheldar hurðir, loka og þess háttar.

b. Kvaðning skipshafnar í björgunarbátana, flotun nokkurs hluta tækjanna.

c. Kvaðning til slökkviefinga, bunuslöngur reyndar á þilfari. Rannsaka skal, hvort vatn sé á öllum brunahönum á þilfari, svo og hvort slökkvitæki og annar slökkviútbúnaður séu á tilskildum stað í nothæfu lagi.

d. Neyðarlýsing sé reynd, svo og fjarskiptitækin og varatæki þeirra.

11. Varðandi skip, sem ekki eru útflytjendaskip, falla atriðin um skoðun á farþegaskrá í 2. og 6. lið niður, og venjulegast þarf ekki að gera þá skoðun, sem ræðir um í 7. lið.

218. gr.

Skoðun fermingar- og affermingartækja.

Sérstakar reglur gilda um raun og skoðun fermingar- og affermingartækja skipsins og útbúnaði til öryggis verkamönnum, sem að fermingu og affermingu starfa.

219. gr.

Skoðun fjarskiptitækja.

Skoðun fjarskiptitækja framkvæmir símamálastjórnin. Skip, sem samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eiga að vera búin slíkum tækjum, skulu skoðuð einu sinni á ári, áður en nýtt skírteini fyrir fjarskiptitækin er gefið út, til þess að sjá, hvort þau fullnægja þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar hverju sinni.

220. gr.

11

Um prófun rafmagnskerfis.

20. jan.

1. Rannsaka skal einangrun hvers nýs rafmagnskerfis. Einangrun kerfisins skal vera þannig, bæði milli einstakra þráða og bols skipsins, svo og milli samstæðra þráða með gagnstæðri pólun, að straumtapið, er svarar til rekstursspennunnar á leiðsluhluta þeim, sem liggur milli tveggja vara, og sömuleiðis straumtapið á þeim hluta leiðslunnar, sem tekur við af síðasta vari lagnarinnar, sé ekki meira en 1 milliamper.

2. Við síðari einangrunarprófanir má telja einangrunarviðnámið í þeim hluta kerfisins, sem raki eða sjór kemst að, nægilega mikið, ef það er a. m. k. helmingsviðnám á við það, sem að framan greinir.

3. Einangrunarprófanir eru annaðhvort gerðar með sjálfri rafalspennunni eða einangrunarmæli, sem framleiðir jafnmikla spennu og rekstursspennan er.

Mælingin skal gerð, eftir að spenna hefur verið á lögninni í eina mínútu, að minnsta kosti.

221. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Skip, sem eiga að hafa hleðslumerki, skulu skoðuð og gerðar nauðsynlegar athuganir til ákvörðunar hleðslumerkjanna.

Að því er varðar reglulegar hleðslumerkjaskoðanir, skal fara eftir sérstökum reglum um hleðslumerki skipa.

Undanþegin ákvæðum um hleðsluskoðun eru skip, sem stunda síldveiðar með herpinót, á tímabilinu 1. júní til 15. september, enda hafi áður farið fram skoðun á öryggisútbúnaði skipsins.

Skipaskoðunarstjóri getur að fengnu samþykki ráðherra leyft að undanþága þessi skuli einnig gilda um skip, sem veiða síld í herpinót, á öðrum tíma árs en að ofan greinir.

III. Rannsókn og þrýstiprófanir eimkatla.

222. gr.

Skoðun eimkatla.

1. Alla eimkatla skipsins ásamt ketilútbúnaði, eimhylki, yfirhitara o. fl., skal skoða utan og innan á tilsettum tíma, eftir að hreinsun þeirra er lokið. Ef ketilhylkið að neðan eða afturbotn ketilsins er óaðgengur utan frá til eftirlits, skal að minnsta kosti áttunda hvert ár gera ráðstafanir til þess, að hægt sé að skoða þessa hluti.

2. Þegar skoðun fer fram, skal athuga alla ytri og innri fleti ketilsins og stög hans gagnvart holryðgun, venjulegri ryðgun og hvers konar tæringu, aðgæta öll samskeyti og athuga gaumgæfilega, hvort dældir, sprungur o. þ. h. eru á þeim hluta ketilsins, sem eldur og reykur leika um.

Einangrunarlag ketilsins þarf ekki að taka af, nema þar sem líkur eru til, að leki með samskeytum og því um líku undir einangrunarlaginu.

3. Ef eyðing eða önnur veila í katlinum kemur í ljós, skal mæla plötuþykktina.

4. Þegar aðalskoðun fer fram, skal öðru hverju, þegar ástæða þykir til, stilla öryggislokana með löggiltum þrýstimæli, meðan eimþrýstingur er á katlinum. Enn fremur skal reyna hraðlokandi öryggisloka, þar sem þeir eru hafðir.

5. Nýir katlar skulu reyndir, áður en þeir eru settir í skip og áður en þeir eru einangraðir. Katlar, sem hlotið hafa aðalviðgerð, skulu reyndir með þrýstingi,

11 áður en þeir eru teknir í notkun. Ef ekki er unnt að skoða ketilinn rækilega utan 20. jan. og innan, skal hann, ef það telst nauðsynlegt, reyndur með þrýstingi eins og hver annar ketill, sem við skoðun reynist vera í því ástandi, að hættulegt eða varhuga-vert er að nota hann áfram.

6. Ef ketillinn stenzst ekki tilætlaðan prófunarþrýsting og hefur aflagast að mun eða áberandi leki komið í ljós, svo að varhugavert þykir að nota hann áfram við tilskildan þrýsting, skal hætta við þrýstiprófunina og gera aðra nýja, eftir að gert hefur verið við gallana, og skal hún annaðhvort nema hinum tilskilda þrýstingi eða miðast við lægri ketilþrýsting, ef útgerðarmaður eða eigandi skipsins kýs það heldur.

7. Prófunarþrýstingur á nýjum kötlum skal vera $1\frac{1}{2}$ sinnum ketilþrýstingur $\pm 3,5$ kg á hvern cm^2 , við síðari þrýstiprófanir skal hann vera að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ sinnum ketilþrýstingurinn.

223. gr.

Rannsókn og þrýstiprófun eimpípa.

1. Allar nýjar eimpípur, sem gerðar eru fyrir eim til aflvéla, skulu reyndar með þrýstingi, áður en þær eru klæddar. Aðaleimpípa og aukaeimpípur skulu þrýstireyndar með vissu millibili, eins og hér greinir — hinar síðarnefndu þó aðeins, ef innanþvermál þeirra er meira en 76 mm —:

Koparpípa með lóðuðum langsaum fjórða hvert ár.

Heildregin koparpípa áttunda hvert ár.

Járnþrá og stálþrá tólfta hvert ár.

2. Nýjar koparpípur, tilbúnar til uppsetningar, skulu reyndar við að minnsta kosti tvöfaldan ketilþrýsting. Prófunarþrýstingurinn má þó ekki vera meiri en $2\frac{1}{2}$ sinnum ketilþrýstingurinn.

3. Nýjar skarsoðnar járn- eða stálþrá fyrir eim til aflvéla skulu reyndar við að minnsta kosti þrefaldan ketilþrýsting, áður en þær eru settar upp.

4. Við síðari þrýstiprófanir skal prófunarþrýstingurinn að minnsta kosti vera tvöfaldur á við mesta þrýsting, sem er á leiðslunni, þegar hún er í notkun.

5. Þegar regluleg þrýstiprófun er gerð, skal taka einangrunina af við samskreyttastéttirnar og á þeim stöðum, þar sem líklegt er, að lekið hafi. Þegar einangrunin er ekki algerlega tekin af leiðslunum, skal prófunarþrýstingurinn standa í 10 mínútur. Á þeim hluta leiðslunnar, sem reynist lekur, skal einangrunin tekin af, gert við skemmdina og ný þrýstiprófun gerð.

6. Koparpípur, sem ætlaðar eru fyrir eim til aflvéla og verða fyrir beygjuáhrifum við notkunina, skulu glóðaðar áður en þær eru þrýstireyndar.

7. Hverja eimpípu skal þrýstiprófa, ef skipaefirlitið telur þess þörf.

224. gr.

Rannsókn og þrýstiprófun þrýstiloftsgeyma.

1. Allir nýir þrýstiloftsgeymar (loftkútar til þess að ræsa vélar, loftflöskur til þess að blása inn lofti og þess háttar) skulu þrýstireyndar, áður eða eftir að þeim er komið fyrir um borð.

Þrýstiloftsgeymar, sem hitna, meðan á smíðinni stendur, skulu rækilega glóða-áðir, áður en þeir eru þrýstireyndir.

2. Þrýstiloftsgeymir, sem eigi verður komið til að skoða að innan, skal auk þess þrýstiprófaður fjórða hvert ár, enn fremur skulu tilheyrandi tæki og pípur þrýstiprófuð, ef búnaðurinn reynist vera í því ástandi, þegar skoðun fer fram, að hætta geti stafað af því að nota hann áfram.

3. Prófunarþrýstingurinn fyrir nýja þrýstiloftsgeyma með hnoðuðum sam- **II**
skeytum er $1\frac{1}{2}$ sinnum vinnuþrýstingurinn + $3,5 \text{ kg/cm}^2$, við síðari þrýstiprófanir 20. jan.
skal prófunarþrýstingurinn vera að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ sinnum vinnuþrýstingur-
inn. Prófunarþrýstingur fyrir þrýstiloftsgeyma, sem settir eru saman á annan
hátt, skal að minnsta kosti vera tvöfaldur á við tilskilinn vinnuþrýsting.

225. gr.

Þrýstiprófanir eldsneytisgeyma og pípa.

1. Geymar fyrir eldsneytisolíu, sem eru sambyggðir bol skipsins, skulu þrýsti-
reyndir, ásamt fyllirásam og öðrum pípum, áður en þeir eru teknir í notkun. Prófunar-
þrýstingurinn má engan veginn vera minni en sá þrýstingur, sem geym-
irinn verður fyrir við notkun og ekki heldur minni en sem svarar 92 cm vatns-
súlu yfir efsta hluta geymisins.

Þrýstiprófanir á tilteknum tímum aðalskoðunar skulu því aðeins gerðar, að
skipaæftirlitið telji þeirra þörf.

2. Brennsluolíugeymar, sem eru ekki sambyggðir bol skipsins, skulu reyndir
við ekki minni þrýsting en geymirinn sætir, þegar hann er í notkun. Prófunar-
þrýstingurinn má þó ekki vera minni en sem svarar $0,2 \text{ kg/cm}^2$ fyrir geyma, sem
í er eldsneyti með 30° C kveikimarki eða hærra, og ekki minni en $0,4 \text{ kg/cm}^2$
fyrir geyma, sem í er eldsneyti með lægra kveikimarki en að framan greinir.

3. Ef geymir tekur allt að 100 kg af eldsneyti með 30° kveikimarki eða hærra,
eða allt að 50 kg af eldsneyti með lægra kveikimarki, er þrýstiprófunar ekki krafizt,
svo framarlega sem geymirinn er að öllu leyti öruggur.

4. Neyzluhylki, sem ætluð eru fyrir oliukyndingarkerfi, skulu, að lokinni
smíði reynd við tvöfaldan þrýsting miðað við vinnuþrýsting, en þó ekki lægri
þrýsting en $0,5 \text{ kg/cm}^2$.

Brennsluolíudælur og þrýstileiðslur ásamt forvermi og síum, sem tilheyra
oliukyndingunni, skulu þrýstireyndar, eftir að uppsetningu er lokið, við tvöfalt
það álag, sem ætlað er öryggislokum þrýstingsmegin á brennsluolíudælum (sbr.
54. grein um öryggisloka), en þó skal álagið ekki vera minna en 28 kg/cm^2 .

226. gr.

Vökvaþrýstingur.

Framangreindar þrýstiprófanir skulu gerðar með vökva.

227. gr.

Viðurkenning þrýstiprófana, sem gerðar eru erlendis.

Við skoðun katla, eimpípa og þrýstiloftsgeyma ásamt eldsneytisolíugeymum,
má láta þrýstiprófun falla niður, ef sannað er, að fullkomin þrýstiprófun hafi verið
gerð erlendis.

IV. Skírteini.

228. gr.

Skírteini fyrir farþegaskip.

1. Eftir hverja aðalskoðun á farþegaskipi skal því látið í té haffæris-skírteini,
þar sem til er tekið farsvið þess og hæsta heimil farþegatala. Skírteinið skal
gefið út til allt að 12 mánaða í senn.

2. Eftir hverja aðalskoðun á flutningaskipi, þar með talið hvert það far, sem

11 notað er til reglulegra flutninga á nokkrum farþegum, án þess það sé þó farþega-
20. jan. skip eftir laganna hljóðan, sbr. 1. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skip-
um, skal því látið í té haffærisskirteini til allt að 24 mánaða með ákvæðum um farir
þess og mesta heimilan farþegafjölda.

3. Handa farþegaskipum í millilandasiglingum skal gefa út öryggisskirteini, sem staðfestir það, að skipið fullnægi að öllu leyti kröfum þeim, sem gerðar eru um öryggi mannlífa á sjó í alþjóðasamþykktinni frá 10. júní 1948. Öryggisskirteinið gildir sama tíma og haffærisskirteinið.

229. gr.

Skirteini fyrir flutningaskip.

Að lokinni fyrstu skoðun á flutningaskipi, skal því látið í té haffærisskirteini með ákvæðum um farsvið þess. Haffærisskirteinið er venjulegast gefið út til tveggja ára, en gildi þess er háð því skilyrði, að fyrirskipaðar aðal- og aukaskoðanir fari fram á réttum tíma og það sé skráð á skirteinið. Þegar gildistími skirteinisins er út runninn, skal gefa út nýtt skirteini á sama hátt.

Öll vöruflutningaskip, sem fara á milli landa, 500 rúmlestir og stærri, skulu hafa útbúnaðarskirteini, er gildir til sama tíma og haffærisskirteinið.

230. gr.

Fjarskiptiskirteini.

Ef skip á að vera búið loftskýtasenditækjum samkvæmt gildandi reglum um fjarskiptitæki og fjarskiptiþjónustu, skal skipinu enn fremur látið í té fjarskiptaöryggisskirteini til staðfestingar því, að fjarskiptabúnaður fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um öryggi mannlífa á sjó í alþjóðasamþykktinni frá 10. júní 1948.

Fjarskipta-öryggisskirteinið skal gefið út til 12 mánaða í senn.

Skipum, sem ákvæði alþjóðasamþykktarinnar ná ekki til, skal láta í té loftskýtaöryggisvottorð eða radióöryggisvottorð.

231. gr.

Undanþáguskirteini og sérstök ákvæði.

1. Hvert skip í millilandasiglingum, sem fengið hefur undanþágu með hliðsjón af eða vegna einhverra ákvæða í alþjóðasamþykktinni frá 10. júní 1948, um öryggi mannlífa á hafinu, skal hafa undanþáguskirteini. Skulu þau ekki gefin út til lengri tíma en 12 mánaða.

2. Ef tala skipsmanna og farþega í ákveðinni ferð farþegaskips, sem er í millilandasiglingum, er lægri en hámarkstala manna, sem skipinu er heimilt að flytja, og skipið hefur sakir þess, með hliðsjón af I. kafla, 17. gr., alþjóðasamþykktarinnar frá 10. júní 1948, um öryggi mannlífa á hafinu, rétt til að hafa færri björgunarbáta en öryggisskirteini þess kveður á um, má veita því sérstakt vottorð um, að engin brot hafi verið framín á ákvæðum ofangreindrar alþjóðasamþykktar, eins og atvikum er háttað. Þetta sérstaka vottorð skal fest við öryggisskirteinið og kemur í þess stað, að því er varðar bjargtækin. Það gildir aðeins fyrir hina ákveðnu ferð, sem það er stílað á.

232. gr.

Hleðslumerkjaskirteini.

Að lokinni hleðslumerkjaskoðun og eftir að áletrun hefur farið fram, skal skipinu látið í té alþjóðahleðslumerkjaskirteini eða hleðslumerkjaskirteini í samræmi við settar reglur um hleðslumerki skipa.

V. Eftirlitsbók, segulskekkjubók o. fl.

11

233. gr.

20. jan.

Eftirlitsbók.

Hvert skip, að undanskildum opnum bátum, skal hafa eftirlitsbók. Þar skal skrá ágríp af skoðunargerðinni, greinargerð skipstjórans um skyldur þær, sem á honum hvíla gagnvart skipaefirlitinu, svo og annað, er varðar skipið, í samræmi við þau ákvæði og leiðbeiningar, sem settar eru í eftirlitsbókinni. Eftirlitsbókin skal gefin út eftir ákveðnum fyrirmælum stjórnarinnar og löggilt af skipaskoðunarstjóra eða lögreglustjóra.

Löggilding skal gerð án endurgjalds. Þegar eftirlitsbók er á enda skrifuð eða ekki lengur nothæf af öðrum ástæðum, skal skipstjóri útvega nýja bók og láta löggilda hana.

234. gr.

Segulskekkjubók.

Skipaefirlitið getur krafizt þess, að hvert skip, sem siglir á milli landa eða stundar fiskveiðar á fjarlægum miðum, hafi segulskekkjubók, sem gefin er út eftir ákveðnum fyrirmælum skipaefirlitsins og löggilt af skipaskoðunarstjóra. Löggilding skal gerð án endurgjalds. Segulskekkjubók færir skipstjóri sjálfur eða stýrimaður undir hans eftirliti í samræmi við þau ákvæði og leiðbeiningar, sem í bókinni eru.

235. gr.

Leiðbeiningar um björgun skipbrotsmanna.

Í hverju skipi, þar sem því verður við komið, skal vera tilkynning, augljós öllum skipverjum, með leiðbeiningum um björgun skipbrotsmanna ásamt upplýsingum um, hvað athuga beri, þegar framkvæma skal björgun.

XI. KAFLI

Varahlutar.

236. gr.

I. Fyrir mótorá og gufuvélar.

Öll skip, sem knúin eru diesel-mótor skulu, auk venjulegra verkfæra og áhalda, sem nauðsynleg eru til gæzlu og viðgerðar á mótorum, hafa varahluta, svo sem til er tekið hér á eftir:

1. Flokkað skip.

Skip knúin dieselmótor, sem flokkuð eru í einhverju því flokkunarfléagi, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu hafa varahluti fyrir aðal- og aukavélar eins og ákveðið er í reglum viðkomandi flokkunarfélags.

2. Skip flokkuð eftir islenzkum reglum.

Fiskiskip og önnur skip knúin dieselmótor, er ekki hafa fullkominn seglbúnað, það er minnst 3 segl (fokku, stórsegl og skutsegl), eins stór og við verður komið, skulu hafa varahluta, sem hér segir, til vélanna.

11

20. jan.

a. Aðalvél.

- 1 strokklok, með öllum lokum, lokasætum, gormum o. fl., samsett.*)
- 1 samstæðu af lokum, lokasætum, gormum o. fl. fyrir einn strokk.
- ½ samstæðu af eldsneytislokanálum, fyrir hvern mótör.
- 1 bullu með bulluás, bulluhringjum, skrúfboltum og róm.*)
- 1 samstæðu af bulluhringjum fyrir eina bullu.
- 1 sveifaráslegu með 2 boltum og róm.
- 1 krosslegu með 2 boltum og róm.
- 1 samstæðu af öxultengiboltum fyrir sveifarás.*)
- 1 samstæða af öxultengiboltum fyrir milliás.*)
- 1 samstæðu af boltum og róm fyrir eitt strokklok.
- Ýmsar stærðir af skrúfboltum, róm og járn.
- 1 samstæðu af bulluhringjum á hverja loftþjöppubullu.
- ½ samstæðu af lokum fyrir loftþjöppu.
- Eina eldsneytisdælu altilbúna, eða alla vinnandi hluti hennar.
- 1 samstæðu af lokum fyrir neyzluhyllisdælu, ef til er.
- 1 samstæðu af lokum fyrir svalavatnsdælu.
- 1 samstæðu af lokum fyrir eina austurdælu.
- 1 samstæðu af lokum fyrir skoldælu, ef til er.
- 1 samstæðu af lokum fyrir áburðaroliudælu.
- 1 bullu og 1 stöng fyrir áburðaroliudælu.
- 2 fjarsýnispípur (Teleskoprör) fyrir kælingu bullunnar.
- 1 samstæðu af „skew wheels“ fyrir 1 mótör.*)
- Ýmsar stærðir af pípum bæði fyrir eldsneyti og loft, með viðeigandi stútum og róm, ýmis þétti og gorma af öllum tegundum.

b. Aukavélar.

- 1 samstæðu af lokum, lokasætum, gormum o. fl. fyrir 1 strokk.*)
- 1 samstæðu af bulluhringjum á eina bullu.
- 1 sveifaráslegu með 2 boltum og róm.
- 1 krosslegu með 2 boltum og róm.
- 1 samstæðu af bulluhringjum á hverja loftþjöppubullu.
- ½ samstæðu af lokum fyrir loftþjöppu.
- 1 eldsneytisdælu altilbúna, eða alla vinnandi hluta hennar.
- 1 samstæðu af skrúfboltum með róm fyrir einn strokk.*)
- Nauðsynleg þétti o. fl.

II. Mótórar aðrir en dieselmótórar.*a. Aðalvélar.*

- 1 glóðarhaus fyrir hvern strokk, ef við á.
- Alla hringi á einn strokk.
- 1 samstæðu af lokum fyrir austurdælu, svalavatnsdælu og eldsneytisdælu.
- 1 innspýtingsspiss fyrir hvern strokk.
- 1 blásturslampa, ef það á við tegund mótorsins, og varabrennara.
- 1 kveikitappa fyrir hvern strokk, ef við á.
- 1 eldsneytisolíurör frá dælu til innspýtingsspiss fyrir hvern strokk, ásamt tilheyrandi stútum og róm.
- 1 samstæðu af lokum fyrir hvern strokk.

*) Skip, sem stunda fiskveiðar hér við land og sigla ekki milli landa, þurfa ekki að hafa þessa hluti.

1 gorm í oliudælu.

3 gorma fyrir innspýtingsspíss.

1 sveifaráslegu með tilheyrandi boltum og róm.

1 bulluáslegu með bulluás, boltum og róm, eftir því sem við á.

3 síur í eldsneytisælu.

Aukaoliudælu, eða alla hluta hennar, og 2 síur í áburðaroliudælu.

Áhöld til að kveikja rör (lóðbolta, lampa, palilóð, borax, tin, lóðfeiti).

Silfurvír í bræðivör.

Kol með tengivír í rafal.

b. Aukavélar.

Prýstirör frá dælu að oliuspíss.

1 samstæða af bulluhringjum.

1 sveifaráslega.

1 bulluáslega.

Síur í eldsneytis- og síuhylki fyrir áburðarolíu.

III. Heimild til að veita undanþágu.

Skipaskoðunarstjóri getur, þegar ferðum skipsins og aðstæðum til fljótrar viðgerðar eða öflunar varahluta er þannig háttað, að líkindi eru til, að ekki sé þörf allra þeirra varahluta, sem hér er krafist, undanþegið skip frá því að hafa ofangreinda hluti, að einhverju leyti, en að sjálfsgöðu ber að hafa alla þá varahluta, sem til mála kemur, að gripa þurfi til, þegar um er að ræða bráðabirgða-viðgerð til að ná til öruggrar hafnar.

XII. KAFLI

Refsingar.

237. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi tilskipun nr. 43 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, reglur um skoðun á opnum bátum, nr. 109 17. sept. 1937, reglugerð nr. 22 6. apríl 1938, um útbúnað á sildveiðiskipum, reglur um flutning á skipum, sem ekki eru farþegaskip, nr. 46 13. marz 1943, reglur um útbúnað skipa, nr. 178 31. des. 1946, reglur um gerð bjargbelta, bjargvesta, bjarghringa o. fl., nr. 160 26. okt. 1949, reglur um gerð rekakera, nr. 170 26. okt. 1949, sem og önnur ákvæði, sem fara í bága við þessar reglur.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

12
26. jan.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.30 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 55 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst.mæli þannig:

Fyrir fyrstu	1000 kwst.	ársnotkun	kr. 1.50	á hverja kwst.			
— næstu	2000	—	—	— 1.30	—	—	—
—	4000	—	—	— 1.10	—	—	—
—	8000	—	—	— 0.80	—	—	—
—	15000	—	—	— 0.70	—	—	—
—	30000	—	—	— 0.60	—	—	—
— umfram	60000	—	—	— 0.40	—	—	—

2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna, um kwst.mæli:

a. Á 40 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið.

b. Á 60 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

Eftir þessum gjaldskrárlið er heimilt að selja raforku til súgburrkunar.

Ef aðallega er um sumarnotkun að ræða, eða sérstaklega stendur á að öðru leyti, er heimilt að lækka lágmarksgjald samkv. ofangreindu niður í sem svarar allt að 400 kwst. ársnotkun á kw.

D. Hitun.

1. Til hitunar húsa, enda sé eingöngu eða nær eingöngu notuð rafmagnshitun, um sérmæli fyrir hitalögnina:

a. Á 13 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á sólarhring á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

b. Á 7 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 14 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 8 til 23.

2. Til hitunar í iðnaði eða atvinnurekstri um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8 til 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnirnar og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

12

26. jan.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 1.50 hverja kwst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 250.00 ári fyrir hvert ljósker, enda kosti rafveitan þá rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Heimilt er að taka leigu af mælitækjum, er nemi allt að 20% af meðalverði hverrar tegundar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Fyrir jarðlínuheimtaug:

- Grunngjald kr. 800.00 og auk þess
 0.8% af brunabótamati upp að 200 þús. kr.
 og 0.2% af brunabótamati umfram 200 þús. kr.

Fyrir loftlínuheimtaug:

Greiðist 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjald við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó miðað við það mat.

Húseigandi greiði áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið, en heimilt er að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum í allt að 12 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 30 m og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og eða gildleiki víra meira en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsi, skal greiða kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.

- 12** 2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.
26. jan.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur, nr. 182 15. okt. 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. janúar 1953.

Hermann Jónasson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

13
23. jan.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 42/1951 um greiðslur til opinberra starfsmanna fyrir ferðakostnað og fleira í innanlandsferðum.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Greiðsla fyrir afnot einkabíla.

Þegar hagkvæmt þykir að semja við opinberan starfsmann um notkun einkabíls hans í sambandi við starf hans, skal gera þar um skriflegan samning við ráðuneyti það, er viðkomandi stofnun heyrir undir, enda samþykki fjármálaráðuneytið samningsgerðina. Samningurinn sé gerður til eins árs, og gengur þá úr gildi, ef hann er ekki endurnýjaður. Í samningnum skal ákveða heildarupphæð þóknunar fyrir afnot bílsins og jafnframt tiltaka áætlaða aksturslengd, ef unnt er. Ef ástæða er til að ákveða ekki heildarupphæð þóknunar fyrirfram, má í samningi gera ráð fyrir reikningsskilum eftir á samkvæmt raunverulegri aksturslengd. Tillögu að samningi skal forstöðumaður leggja fyrir viðkomandi ráðuneyti eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, enda sé samningsgerð lokið, ef úr verður, eigi síðar en 1. marz. Þó getur fjármálaráðuneytið leyft undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1953 skal frestur til að skila tillögu að samningi skv. 1. gr. vera til 15. febrúar.

Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

14

28. jan.

um breyting á reglugerð nr. 34 frá 26. febrúar 1952, um íslenzkar getraunir.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5% af andvirði allra getraunaseðla skal leggja í sérstakan sjóð, en helmingi þess, sem eftir er, skal varið til vinninga.

Fái einn eða fleiri þátttakendur 12 rétt úrslit á seðli, skal hann eða þeir, auk vinningshluta síns, fá aukavinning úr áðurnefndum sjóði. Aukavinningur þessi skal vera það sem er í sjóðnum hverju sinni, þó aldrei yfir kr. 5000.00 á hvern seðil.

Íþróttanefnd ríkisins getur, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, breytt þeim hundraðshluta, sem til vinninga er varið. Þegar greiddir hafa verið vinningar og allur reksturskostnaður íslenzkra getrauna, rennur afgangurinn í íþróttasjóð að frádregnum 3% þeirrar fjárhæðar, er rennur í varasjóð stofnunarinnar.

Varasjóður lýtur stjórn íslenzkra getrauna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN 15

Ársreikningur 1952.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 598.23
Aukning á árinu samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 26.56

Kr. 624.79

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 26.56
------------------------------------	-----------

Kr. 26.56

Gjöld:

Lagt við höfuðstól	kr. 26.56
--------------------------	-----------

Kr. 26.56

Forsætisráðuneytið, 8. janúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

16

BERKLAVARNASJÓÐUR**Ólafs Halldórssonar konferensráðs.****Ársreikningur 1952.**

Höfuðstóll samkvæmt birtum reikningi	kr. 2377.55
Aukning samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 100.58
	<u>Kr. 2478.13</u>

Eignir sjóðsins eru:

1. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f.	kr. 200.00
2. Innstæða í sparisjóði	— 2278.13
	<u>Kr. 2478.13</u>

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 100.58
	<u>Kr. 100.58</u>

Gjöld:

Lagt við höfuðstól	kr. 100.58
	<u>Kr. 100.58</u>

Forsætisráðuneytið, 8. janúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.**17 STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA****Ársreikningur 1952.**

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 9283.43
Aukning samkv. eftirfarandi reikningi	— 333.73
	<u>Kr. 9617.16</u>

Eignir sjóðsins eru:

Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
Sparisjóðsinnstæða	— 2617.16
	<u>Kr. 9617.16</u>

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 53.73
Vextir af veðdeildarbréfum	— 280.00
	<u>Kr. 333.73</u>

Gjöld:

Lagt við höfuðstól	kr. 333.73
	<u>Kr. 333.73</u>

Forsætisráðuneytið, 14. janúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1953.

Auðlýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Spán, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. janúar 1953, nr. 1.

Auðlýsing um aðild Íslands að stofnun Norðurlandaráðs, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. janúar 1935, nr. 2.

Lög um hitaveitur utan Reykjavíkur, undirskrifuð af forsetanum 31. janúar 1953, nr. 3.

Fjárlög fyrir árið 1953, undirskrifuð af forsetanum 2. febrúar 1953, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla, undirskrifuð af forsetanum 30. janúar 1953, nr. 5.

Lög um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu, undirskrifuð af forsetanum 2. febrúar 1953, nr. 6.

Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, undirskrifuð af forsetanum 3. febrúar 1953, nr. 7.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 6. febrúar 1953, nr. 8.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Belgíu, undirskrifuð af forsetanum 23. janúar 1953, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, undirskrifuð af forsetanum 9. febrúar 1953, nr. 10.

Lög um sölu nokkurra jarðeigna i opinberri eigu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 11.

Lög um breyting á lögum nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 12.

Lög um breyting á lögum nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, undirskrifuð af forsetanum 10. febrúar 1935, nr. 13.

Lög um löggilding verzlunarstaðar i Vogum i Gullbringusýslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 14.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

Lög um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 16.

Lög um Framkvæmdabanka Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 17.

Lög um íslensk vegabréf, undirskrifuð af forsetanum 11. febrúar 1953, nr. 18.

Lög um ættleiðingu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 19.

Lög um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1953, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1953, nr. 21.

Lög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, undirskrifuð af forsetanum 16. febrúar 1953, nr. 22.

Lög um leigubifreiðar i kaupstöðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 33 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 24.

Lög um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Lög um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.

Lög um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.

Lög um viðauka við lög nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 17. febrúar 1953, nr. 31.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 32.

Lög um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum 18. febrúar 1953, nr. 33.

Lög um verðjöfnun á oliu og benzini, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 34.

Lög um bæjanöfn o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

Fjárukalög fyrir árið 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

Lög um að breyta í óafturkræf framlög ríkislánunum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna, lánadeildar smábúðarhúsa og láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum 27. febrúar 1953, nr. 38.

18
3. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Ólafsfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.00 hver kwst. — Undir þennan lið falla iðnaðarhús, hraðfrystihús, fiskverkunarhús, verzlánir, skrifstofur, skólar og samkomuhús, öll úti-lýsing og það annað, sem ekki fellur undir heimilistaksta.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar og suðu, skal hún seld um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 40 aura hver kwst. Auk þess greiðist fastagjald 35 aurar á hvern fermetra gólfflatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja teljast allar stofur og eldhús, en ekki gangar, geymslur og baðherbergi.

C. Vélar.

18

Par, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.mæli á 125 aura hver kwst., allt að 150 kwst. á hvert kw. í málraun vélanna, en 35 aura hver kwst., sem notuð er fram yfir það, þó skal minnsta árgjald vera kr. 120.00 á hvert kw. í málraun vélanna.

3. febr.

D. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Rafveitustjórn getur, í samráði við rafveitustjóra, með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi rafveitustjóra.

E. Næturráfmagn.

Til upphitunar, bökunar og vélareksturs 15 aurar hver kwst. um kwst.-mæli.

F.

Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjórn, í samráði við rafveitustjóra, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

G.

Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 6.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 14.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 20.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD**1. Vanskil.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12

- 18 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum
3. febr. þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ólafs-
fjarðar, nr. 51 30. marz 1948.

Atvinnuáráðuneytið, 3. febrúar 1953.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

19

11. febr.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Miðneshreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru að lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestur.
- e. Skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikir og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 15% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

Skatturinn er hundraðshluti af inngangseyri.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimpunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveimur dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

19
11. febr.

Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, en ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Miðneshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.**REGLUGERÐ**

um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa.

20

13. febr.

I. KAFLI

Útgerðarsvæði fiskibátanna.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Miðneshrepp, Keflavík og Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa í Gullbringusýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík og Akranes, og nær til allra fiskibáta, sem stunda veiðar með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, sbr. þó 8. gr.

II. KAFLI

Róðrartími fiskibáta í Sandgerði.

2. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, er gengur til fiskveiða með línu frá Sandgerði, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 02.00
Í febrúar	— 01.00

20
13. febr.

Frá 1. marz til 15. marz	kl. 24.00
Frá 16. marz til 31. marz	— 23.00
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 22.00
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 21.00
Í maí	— 20.00

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, er græn—rauðu ljósaskiptin á aukavitanum á Garðskaga. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

III. KAFLI

Róðrartími fiskibáta úr Keflavík og Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum í Gullbringusýslu, Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi

á mið sunnan línu, sem hugsast dregin milli Garðskagavita og 64°17'8 n.br. og 23°18'0 v.lgd.

3. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur frá Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Hafnarfirði, Reykjavík eða Akranesi fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 01.38
Í febrúar	— 00.38
Frá 1. marz til 15. marz	— 23.38
Frá 16. marz til 31. marz	— 22.38
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 21.38
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 20.38
Í maí	— 19.38

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, er hugsast dregin N 15° A frá Gerðahólma, og merkt er með tveimur rauðum ljósum í landi. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

IV. KAFLI

Róðrartími fiskibáta frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði

á mið norðan línu, sem hugsast dregin milli Garðskagavita og 64°17'8 n.br. og 23°18'0 v.lgd.

4. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, að báðum dögum meðtöldum, má enginn bátur, sem gengur til veiða frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 00.42
Í febrúar	— 23.42
Frá 1. marz til 15. marz	— 22.42
Frá 16. marz til 31. marz	— 21.42
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 20.42
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 19.42
Í maí	— 18.42

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við ljósdufl nr. 9, sem lagt hefur verið eins og hér segir: 20

13. febr.

64°14,5' n.br.
22°18,1' v.lgd.

Ljóseinkenni: Hvítur þriblossi á 25 sek. bili.

V. KAFLI Almenn ákvæði.

5. gr.

Allar tímaákvæðanir í reglugerð þessari miðast við islenzkan meðaltíma.

6. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir eða bæjarstjórnir kjósa þrjá eða fimm bátamenn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð merki um róðrartíma séu gefin, sbr. þó 7. gr., og kæra fyrir brot á reglugerðinni til lögreglustjóra.

7. gr.

Akurnesingar skulu gefa brottfararmerki í Norðurflóa.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 5000.00. Þriðja brot varðar missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta, Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 46 10. marz 1952 um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, og önnur fyrirmæli, er fara kunna í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. febrúar 1953.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

21

18. febr.

STARFSREGLUR

fyrir öryggiseftirlit ríkisins.

I. KAFLI

Skyldur starfsmanna eftirlitsins.

1. gr.

Öryggismálastjóri veitir skrifstofu öryggiseftirlitsins í Reykjavík forstöðu og skal vinnutími þar vera svo sem ráðuneytið ákveður. Hann skal safna þar og vinna úr skýrslum öryggiseftirlitsmanna og öryggisskoðunarmanna, hafa umsjón með og bera ábyrgð á öllu því, er varðar eftirlitið og framkvæmd þess, undir yfirstjórn ráðuneytisins. Skal hann sérstaklega gæta þess, að framfylgt sé ákvæðum laga og reglugerða að því er snertir öryggi verkafólks á vinnustöðum.

Öryggismálastjóri ferðast um landið, fylgist með störfum öryggiseftirlitsmanna og öryggisskoðunarmanna, leiðbeinir þeim við störf þeirra og sér um að þeir ræki störf sín vel og samvirkkusamlega.

Öryggismálastjóri semur nauðsynlegar reglur um einstakar greinar eftirlitsins og sér um samningu reglugerða. Hann skal beita sér fyrir auknu samstarfi vinnuveitenda og verkamanna í öryggismálum og stuðla að viðræðufundum milli þessara aðilja um öryggismál. Hann skal beita sér fyrir fræðslu verkamanna í öllu, sem varðar öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á vinnustöðum og leita sem nánastrar samvinnu við lækna um heilbrigðismál. Hann skal beita sér fyrir nauðsynlegri fræðslu trúnaðarmanna verkamanna um öryggismál og bráðabirgðahjálp, ef slys ber að höndum.

Öryggismálastjóri rannsakar skýrslur öryggiseftirlitsmanna og öryggisskoðunarmanna um slys, sem verkamenn verða fyrir við vinnu og leitar ráðstafana, sem verða mættu til að forðast endurtekningu þeirra.

Öryggismálastjóri skal árlega semja skýrslu um störf eftirlitsins, svo og aðrar þær skýrslur og tillögur í öryggismálum, er ráðuneytið leggur fyrir hann að annast.

2. gr.

Öryggiseftirlitsmenn skulu ferðast um landið og hafa á hendi eftirlit með verksmiðjum, vélum og vinnustöðum, sem eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þeir lita eftir, að ákvæðum laganna og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt, og leiðbeina vinnuveitendum um allt það, sem betur mætti fara og miðar að bættum hollustuháttum og öryggi við vinnuna. Þeir skulu benda verkamönnum á hættur þær, sem vinnunni kunna að vera samfara og hvað gera beri til að draga úr hættunni. Þeir skulu fylgjast með því, að óvönnum mönnum sé ekki falið starf, sem sérstök hættu getur verið samfara, fyrr en þeir hafa öðlazzt nauðsynlega þjálfun við starfið og er orðið fyllilega ljóst í hverju hættu getur verið fólgin og hvað gera beri til að forðast hana.

Öryggiseftirlitsmenn skulu leitast við að auka samstarf vinnuveitenda og verkamanna í öryggismálum og leiðbeina trúnaðarmönnum verkamanna í starfi þeirra varðandi öryggis- og heilbrigðismál.

Öryggiseftirlitsmenn skulu rannsaka orsakir slysa, sem verkamenn verða fyrir við vinnu og láta öryggismálastjóra í té skýrslu um rannsóknir sínar. Þeir skulu vinna störf sín samkvæmt fyrirmælum öryggismálastjóra og leiðbeina öryggisskoðunarmönnum við störf þeirra.

3. gr.

Öryggisskoðunarmenn hafa einkum eftirlit með losun og lestun skipa og með verkpöllum. Þeir framkvæma auk þess vandaminni skoðanir, sem öryggismálastjóri felur þeim. Þeir vinna störf sín undir umsjá og leiðbeiningum öryggismálastjóra og öryggiseftirlitsmanna.

4. gr.

Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn öryggiseftirlitsins hver í sínu umdæmi. Þeir framkvæma vandaminni skoðanir eftir því sem öryggismálastjóri felur þeim og hafa eftirlit með losun og lestun skipa og farandvélum í umdæmi sínu. Þeir vinna störf sín undir umsjá og leiðbeiningum öryggismálastjóra, öryggiseftirlitsmanna og öryggisskoðunarmanna.

5. gr.

Komi slys fyrir á vinnustað og sé ekki unnt að ná nægilega snemma til öryggismálastjóra eða öryggiseftirlitsmanna til þess að rannsaka orsakir slyssins, ber umdæmisskoðunarmanni að framkvæma bráðabirgðarannsókn á orsökum slyssins og gefa öryggismálastjóra skýrslu um rannsóknina, svo fljótt sem unnt er, en öryggismálastjóri lætur síðan framkvæma nánari rannsókn, telji hann þess þörf.

6. gr.

Fyrir starf sitt fá umdæmisskoðunarmenn helming eftirlitsgjalda þeirra fyrirtækja, sem þeir skoða. Feli öryggismálastjóri umdæmisskoðunarmanni að framkvæma eftirskoðun vegna umbóta, sem kann að hafa verið krafizt við aðalskoðun, og að gefa út skoðunarovottorð að umbótum loknum, ber honum fyrir það 5 til 20% af eftirlitsgjaldi fyrirtækisins, eftir því sem öryggismálastjóri ákveður hverju sinni.

Umdæmisskoðunarmenn láta öryggismálastjóra í lok hvers árs í té skýrslu um störf sín í þágu eftirlitsins á árinu.

II. KAFLI

Tilhögun eftirlitsins.

7. gr.

Öryggismálastjóri skiptir eftirlitsskyldum fyrirtækjum í flokka og ákveður hversu tíðar skoðanir hvers flokks skuli vera og hvernig skoðunum skuli hagað, þó skulu öll fyrirtæki skoðuð að minnsta kosti einu sinni á ári hverju og skal leitast við að haga eftirlitsferðum svo, að ekki líði lengra en 12 mánuðir milli skoðana.

8. gr.

Eimkatlar, suðukatlar, þrýstiloftshylki og önnur lík tæki, sem ekki er hægt að skoða til hlítar meðan þau eru í notkun, skulu skoðuð þegar rekstur fyrirtækisins liggur niðri, eða á þeim tíma ársins, sem bezt hentar fyrirtækinu að stöðva reksturinn, svo hægt sé að framkvæma skoðunina. Sé ástand slíks tækis þannig, að eftirlitsmaður telji notkun þess varhugaverða, ber honum að láta þegar stöðva reksturinn, svo skoðun geti farið fram. Öryggisloka hylkja með þrýstingi og annan öryggisbúnað þeirra skal skoða og prófa við venjuleg starfsskilyrði.

9. gr.

Við skoðun líta starfsmenn öryggiseftirlitsins eftir því, að öryggisbúnaður allur og hollustuhættir á vinnustöðum séu samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þeir skulu þá jafnframt hafa tal af trúnaðarmanni verkamanna og vinnuveitanda eða umboðsmanni hans.

21 18. febr. Pyki eftirlitsmanni hollustuháttum eða öryggisútbúnaði ábótavant, skal hann krefjast nauðsynlegra umbóta og veita til þeirra hæfilegan frest. Að umbótafresti liðnum skal sami skoðunarmaður framkvæma skoðun á ný. Þurfi eftirlitsmaður að takast langa ferð á hendur vegna slíkrar eftirskoðunar, getur öryggismálastjóri falið umdæmisskoðunarmanni að framkvæma hana og skulu honum þá látin í té nauðsynleg gögn varðandi hina fyrri skoðun, svo hann geti gerla séð hverra umbóta hafði verið krafizt.

Að aflokinni hverri skoðun semur starfsmaður skýrslu um árangur skoðunarinnar og skal hún vera í þrítí. Fær atvinnurekandi eða umboðsmaður hans afhent frumritið, en skrifstofa eftirlitsins fær annað afritið, og sá sem skoðunina framkvæmdi og gaf út skýrsluna heldur hinu. Verði umdæmisskoðunarmanni falin eftirskoðun fær hann afrit það, sem skrifstofunni er ætlað og sendir hann skrifstofunni það síðan ásamt skýrslu sinni um eftirskoðunina. Skal vinnuveitandi eða umboðsmaður hans hverju sinni kvitta á skoðunarskýrslu fyrir móttöku hennar, enda hafi hann verið viðstaddur skoðunina.

10. gr.

Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldi fyrirtækisins, sem hann afhendir viðkomandi lögreglustjóra (tollstjóranum í Reykjavík) til innheimtu, en hann kvittar fyrir móttöku reikningsins.

11. gr.

Á skrifstofu eftirlitsins í Reykjavík, skal vera spjaldskrá yfir öll eftirlitsskyld fyrirtæki og vinnustöðvar. Skal af henni mega sjá fyrirkomulag véla og tækja, húsa-kost og fyrirkomulag í aðalatriðum. Á spjald hvers fyrirtækis skal jafnan færa árangur hversrar skoðunar í aðalatriðum og hversu margir vinna þar á hverjum tíma. Umdæmisskoðunarmenn skulu hafa afrit af spjaldskrá yfir þau fyrirtæki, sem þeim er falið að skoða í umdæmi sínu.

12. gr.

Skrifstofukostnaður vegna eftirlitsins og ferðakostnaðar starfsmanna þess er greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum. Ferðakostnað sinn fá starfsmenn eftirlitsins greiddan samkvæmt reikningum, sem ráðuneytið úrskurðar, og fæðispeninga á ferðum samkvæmt ákvæðum ráðuneytisins.

Ef starfsmenn eftirlitsins ferðast í þágu þess á eigin bifreiðum fá þeir greidda leigu fyrir þær, samkvæmt þar um gildandi reglum ráðuneytisins á hverjum tíma.

13. gr.

Brot gegn starfsreglum þessum þegar sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngrri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Starfsreglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1953.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

22

26. febr.

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1953 skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. tryggingalaga nr. 50/1946, sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 38/1953, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laga nr. 50/1946:
 - a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 714.00
Á 2. —	— 573.00
 - b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	— 643.00
Á 2. —	— 518.00
 - c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	— 478.00
Á 2. —	— 384.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 26. gr. laga nr. 38 1953:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 8.55 á viku.
Á 2. —	— 6.43 — —

Til loka febrúarmánaðar 1953 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, þó vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 7.35 á viku.
Á 2. —	— 5.53 — —

3. Árið 1953 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og þau eru ákveðin í 1. lið hér á undan, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:	
Karlar	kr. 350.00
Ógiftar konur	— 250.00
Á 2. verðlagssvæði:	
Karlar	— 250.00
Ógiftar konur	— 180.00

4. Félagsmenn sérsjóða samkvæmt 133. gr. laga nr. 50/1946, skulu árið 1953 greiða iðgjald, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:	
Kvæntir karlar	kr. 237.00
Ókvæntir karlar	— 202.00
Ógiftar konur	— 147.00
Á 2. verðlagssvæði:	
Kvæntir karlar	— 185.00
Ókvæntir karlar	— 147.00
Ógiftar konur	— 110.00

- 22 5. Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laga nr. 50
26. febr. 1946, sbr. 26. gr. laga nr. 38/1953, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marz mánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946 skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúar-mánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.
6. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50/1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent, að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 38 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 215/1951 og nr. 28/1952.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

23

SNORRASJÓÐUR 1930

Ársreikningur 1952.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 164078.46
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindu	— 1969.34
	<hr/> Kr. 166047.80

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 145500.00
Innstæða í Búnaðarbanka	— 20547.80
	<hr/> Kr. 166047.80

Tekjur:

Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 6000.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 569.34
	<hr/> Kr. 6569.34

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:	
Kristinn Björnsson, stúdent, til að ljúka námi í sálarfræði við háskólann í Oslo	kr. 1000.00
Jóhanna Jóhannsdóttir, stúdent, til tungumálanáms við háskólann í Oslo	— 3600.00
	<hr/> Kr. 4600.00
Lagt við höfuðstól	— 1969.34
	<hr/> Kr. 6569.34

Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Búnaðarbanki Íslands.

REIKNINGUR

24

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna fyrir árið 1952.

Tekjur:	
1. Eign í ársbyrjun:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 52534.94
2. Vextir	— 2513.67
	Kr. 55048.61
Gjöld:	
1. Styrkur veittur	kr. 1000.00
2. Eign í árslok:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 54048.61
	Kr. 55048.61

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

25

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1952.

Tekjur:	
1. Eign í ársbyrjun	kr. 1934104.40
2. Innlög á árinu	— 194232.66
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum	kr. 32425.29
b. — skuldabréfum	— 41939.50
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 16653.68
	— 91018.47
4. Endurgreitt af lánum	— 46270.18
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2	— 325000.00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4	— 60392.20
	Kr. 2651017.91
Gjöld:	
1. Úttekið af innstæðum	kr. 77700.60
2. Lán veitt	— 325000.00
3. Kostnaður	— 8376.85
4. Vaxtaafgangur	— 60392.20
5. Til jafnaðar við tekjulið 4	— 46270.18
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 971685.28
b. Í skuldabréfum	— 864933.34
c. Í Landsbanka Íslands	— 296659.46
	— 2133278.08
	Kr. 2651017.91

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði árið 1952.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1951 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1952 Kr.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ...	8474.56	100.00	—	341.31	8915.87
2. Hofteigskirkja	4246.52	—	—	169.86	4416.38
3. Kirkjubæjarkirkja	13815.80	—	4000.00	472.63	10288.43
4. Hjaltastaðarkirkja	4142.73	—	—	165.70	4308.43
5. Eiðakirkja	2579.61	—	—	103.18	2682.79
6. Ásskirkja í Fellum ...	10018.37	162.78	—	400.73	10581.88
7. Möðrudalskirkja	27.23	200.00	—	4.09	231.32
8. Valbjófsstaðarkirkja ..	3046.00	1170.88	—	121.84	4338.72
9. Hofskirkja í Vopnaf. .	3414.46	—	—	136.58	3551.04
10. Húsavíkurkirkja	1359.02	—	—	54.36	1413.38
11. Sleðbrjótiskirkja	1677.81	—	—	67.11	1744.92
12. Bakkagerðiskirkja	818.24	1000.00	900.00	65.40	983.64
13. Njarðvíkurkirkja	818.24	—	—	32.73	850.97
S.-Múlaprófastsdæmi:					
14. Klippstaðarkirkja	1063.41	—	—	42.54	1105.95
15. Seyðisfjarðarkirkja ...	100.39	—	—	4.02	104.41
16. Djúpvogskirkja	140.61	—	—	5.62	146.23
17. Vallanesskirkja	10.47	—	—	0.42	10.89
18. Þingmúlakirkja	1111.69	—	—	44.47	1156.16
19. Mjóafjarðarkirkja	2.55	—	—	0.10	2.65
20. Neskirkja í Norðfirði .	305.86	—	—	12.23	318.09
21. Stöðvarkirkja	23.63	—	—	0.95	24.58
22. Heydalakirkja	14788.46	—	—	591.54	15380.00
23. Hofskirkja í Álftaf. ..	920.73	—	—	36.83	957.56
24. Kolfreyjustaðarkirkja .	2013.44	—	—	80.54	2093.98
25. Berufjarðarkirkja	140.61	—	—	5.62	146.23
26. Berunesskirkja	140.61	—	—	5.62	146.23
27. Hallormsstaðarkapella	106.08	—	—	4.24	110.32
A.-Skaftafellsprófastsd.:					
28. Stafafellskirkja	7825.73	—	—	313.03	8138.76
29. Einholtskirkja	1.29	—	—	0.05	1.34
30. Kálfafellsstaðarkirkja .	95.82	—	—	3.83	99.65
31. Hofskirkja í Örafum .	16300.11	1220.00	—	667.80	18187.91
32. Bjarnanesskirkja	1389.42	—	—	55.58	1445.00
33. Kirkjubýgg.sj., Höfn ..	30697.63	3000.00	—	1287.91	34985.54
V.-Skaftafellsprófastsd.:					
34. Prestsbakkakirkja	12371.27	—	—	494.85	12866.12
35. Reyniskirkja	2943.69	—	—	117.75	3061.44
36. Grafarkirkja	6793.92	—	—	271.76	7065.68

Kirkjur	Eign í árs- lok 1951 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1952 Kr.	25
37. Kálfafellskirkja	6599.56	200.00	—	267.98	7067.54	
38. Skeiðflatarkirkja	3085.06	—	—	123.40	3208.46	
39. Langholtskirkja	12839.95	2000.00	—	526.60	15366.55	
40. Þykkvabæjarkl.kirkja .	3253.12	—	—	130.12	3383.24	
41. Víkurkirkja	2938.94	5.00	—	117.76	3061.70	

Rangárvallaprófastsd.:

42. Háabæjarkirkja	89.11	—	—	3.56	92.67	
43. Árbæjarkirkja	117.97	—	—	4.72	122.69	
44. Stórólshvolskirkja ...	746.30	—	—	29.85	776.15	
45. Oddakirkja	1035.87	—	—	41.43	1077.30	
46. Kálfholtskirkja	2233.87	—	—	89.35	2323.22	
47. Krosskirkja	5331.37	—	—	213.25	5544.62	
48. Akureyjarkirkja	1498.72	—	—	59.95	1558.67	
49. Ásólfskálakirkja	190.56	—	—	7.62	198.18	
50. Eyvindarhólakirkja ..	10944.36	500.00	—	442.77	11887.13	
51. Breiðabólssstaðarkirkja	288.54	—	—	11.54	300.08	
52. Hlíðarendakirkja	1406.02	—	—	56.24	1462.26	
53. Skarðskirkja	10611.94	1688.93	—	447.00	12747.87	
54. Marteinstungukirkja ..	2228.36	—	—	89.15	2317.51	
55. Hagakirkja	134.49	—	—	5.38	139.87	
56. Stóradalskirkja	714.02	—	—	28.56	742.58	
57. Keldnakirkja (bygg.sj.)	2417.05	—	—	96.68	2513.73	
58. Voðmúlstaðakapella .	1508.71	880.00	—	78.08	2466.79	

Árnessprófastsdæmi:

59. Mosfellskirkja í Grn. .	181.43	—	—	7.26	188.69	
60. Búrfellskirkja	210.91	—	—	8.44	219.35	
61. Þingvallakirkja	2063.58	—	—	82.54	2146.12	
62. Úlfjótuvatnaskirkja ...	674.92	—	—	27.00	701.92	
63. Strandarkirkja	968865.81	166192.66	986.28	41908.73	1175980.92	
64. Haukadalskirkja	802.55	—	—	32.10	834.65	
65. Torfastaðakirkja	590.55	—	—	23.62	614.17	
66. Gaulverjabæjarkirkja .	13209.33	—	13000.00	311.70	521.03	
67. Bræðratungukirkja ...	590.55	50.00	—	24.45	665.00	
68. Hraungerðiskirkja	2211.75	—	—	88.47	2300.22	
69. Laugardælakirkja	10454.75	—	10000.00	284.85	739.60	
70. Stokkseyrarkirkja	1075.34	—	—	43.01	1118.35	
71. Villingaholtskirkja ...	29.15	800.00	—	3.83	832.98	
72. Ólafsvallakirkja	627.28	1000.00	—	61.76	1689.04	
73. Stóra-Núpskirkja	281.22	—	—	11.25	292.47	
74. Miðdalskirkja	3411.26	—	—	136.45	3547.71	
75. Hrepphólakirkja	281.22	—	—	11.25	292.47	
76. Eyrarbakkakirkja	6469.42	—	—	258.78	6728.20	
77. Hrunakirkja	1518.57	—	—	60.74	1579.31	
78. Kotstrandarkirkja	1299.45	—	—	51.98	1351.43	
79. Tungufellskirkja	1518.57	—	—	60.74	1579.31	
80. Úthlíðarkirkja	8185.66	—	—	327.43	8513.09	

25

Kirkjur	Eign í árs- lok 1951 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1952 Kr.
81. Skálholtskirkja	3212.84	1525.00	—	148.17	4886.01
82. Hjallakirkja	1255.88	10.00	—	50.60	1316.48
83. Stóruborgarkirkja	11816.83	1000.00	—	472.67	13289.50
Kjalarnessprófastsdæmi:					
84. Landakirkja, Vestm. ..	26.10	—	—	1.04	27.14
85. Grindavíkurkirkja	1590.19	—	—	63.61	1653.80
86. Kirkjuvogskirkja	898.87	—	—	35.95	934.82
87. Brautarholtskirkja	740.66	—	—	29.63	770.29
88. Reynivallakirkja	697.95	3675.00	—	138.17	4511.12
89. Lágafellskirkja	552.38	—	—	22.10	574.48
90. Viðeyjarkirkja	202.00	100.00	202.00	3.00	103.00
91. Útskálakirkja	318.39	—	—	12.74	331.13
92. Hvalsnesskirkja	581.93	395.00	—	28.05	1004.98
93. Keflavíkurkirkja	273.12	—	—	10.92	284.04
94. Kálfatjarnarkirkja	149.66	—	—	5.99	155.65
95. Bessastaðakirkja	105.04	—	—	4.20	109.24
96. Hafnarfjarðarkirkja ..	19713.99	—	—	788.56	20502.55
97. Saurbæjarkirkja	125.89	—	—	5.04	130.93
Reykjavíkurprófastsd.:					
98. Dómkirkjan	30286.99	—	—	1211.48	31498.47
Borgarfjarðarprófastsd.:					
99. Saurbæjarkirkja	3963.43	5.00	—	158.66	4127.09
100. Leirárkirkja	562.43	—	—	22.50	584.93
101. Hallgrímsk. í Saurbæ ..	80133.77	—	—	3205.56	83339.33
102. Reykholtskirkja	332.01	—	—	13.28	345.29
103. Stóra-Ásskirkja	674.92	—	—	27.00	701.92
104. Lundarkirkja	2036.39	—	—	81.46	2117.85
105. Hvanneyrarkirkja	2020.48	—	771.00	65.41	1314.89
106. Bæjarkirkja	88.70	—	—	3.55	92.25
107. Fitjakirkja	2020.48	—	—	80.82	2101.30
108. Gilsbakkakirkja	7255.14	—	—	290.21	7545.35
Mýraprófastsdæmi:					
109. Stafholtskirkja	105.91	—	—	4.24	110.15
110. Siðumúlakirkja	2044.06	—	—	81.76	2125.82
111. Hjarðarholtskirkja ...	6.81	—	—	0.27	7.08
112. Hvammsk. í Norðurárd.	6508.56	—	4600.00	199.01	2107.57
113. Norðtungukirkja	1062.99	—	—	42.52	1105.51
114. Borgarkirkja	194.32	—	—	7.77	202.09
115. Álftanesskirkja	1341.12	—	—	53.64	1394.76
116. Álftártungukirkja	145.08	—	—	5.80	150.88
117. Staðarhraunskirkja ...	2291.91	—	—	91.68	2383.59
118. Kirkjusjóður Borgarn.	27595.22	—	—	1103.81	28699.03
119. Akrakirkja	2291.91	—	—	91.68	2383.59

Kirkjur	Eign í árs- lok 1951 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1952 Kr.	25
Snæfellsnessprófastsd.:						
120. Miklaholtskirkja	3451.69	—	—	138.07	3589.76	
121. — viðhaldssjóður	1124.86	—	—	44.99	1169.85	
122. Breiðabólstaðarkirkja	5874.47	—	—	234.98	6109.45	
123. Narfeyrarkirkja	1887.54	—	—	75.50	1963.04	
124. Fáskrúðarbakkakirkja	2737.18	—	—	109.49	2846.67	
125. Ytri-Rauðamelskirkja .	5768.89	—	—	230.76	5999.65	
126. Kolbeinsstaðarkirkja ..	2742.62	—	—	109.70	2852.32	
127. Ólafsvíkurkirkja	1012.38	—	—	40.50	1052.88	
128. Ingjaldshólskirkja	1117.76	—	1100.00	30.04	47.80	
129. Brimilsvallakirkja	1012.38	—	—	40.50	1052.88	
130. Helgafellskirkja	366.06	—	—	14.64	380.70	
131. Bjarnarhafnarkirkja ..	187.47	—	—	7.50	194.97	
132. Setbergskirkja	4018.93	—	—	160.76	4179.69	
133. Kirkjusj. Grafarness ..	26514.23	5450.00	—	1154.09	33118.32	
134. Staðastaðarkirkja	1012.38	—	—	40.50	1052.88	
135. Búðakirkja	176.83	—	—	7.07	183.90	
136. Stykkishólmskirkja ..	187.48	—	—	7.50	194.98	
Dalaprófastsdæmi:						
137. Stóra-Vatnshornskirkja	2211.26	—	—	88.45	2299.71	
138. Kvinnabrekkukirkja ..	2179.42	—	1000.00	47.18	1226.60	
139. Snóksdalskirkja	8285.18	—	—	331.41	8616.59	
140. Hjarðarholtskirkja ...	2179.42	—	—	87.18	2266.60	
141. Hvammskirkja	1631.68	—	—	65.26	1696.64	
142. Dagverðarnesskirkja ..	1574.81	—	—	62.99	1637.80	
143. Staðarhólskirkja	211.42	—	—	8.46	219.88	
144. Staðarfellskirkja	1574.81	—	—	62.99	1637.80	
145. Skarðskirkja	3712.05	—	—	148.48	3860.53	
146. Garpsdalskirkja	3712.05	—	—	148.48	3860.53	
Barðastrandarprófastsd.:						
147. Bildudalskirkja	263.40	—	—	10.54	273.94	
148. Selárdalskirkja	6884.34	—	—	275.37	7159.71	
149. Saurbæjarkirkja	1972.26	—	—	78.89	2051.15	
150. Sauðlauksdalskirkja ..	7814.22	—	—	312.57	8126.79	
151. Breiðavíkurkirkja	1972.26	—	—	78.89	2051.15	
152. Staðarkirkja á Reykjan.	3284.03	424.90	—	145.53	3854.46	
153. Flateyjarkirkja	68.19	218.75	—	6.23	293.17	
154. Gufudalskirkja	1026.29	—	—	41.05	1067.34	
155. Skálmárnessmúlak. ...	562.43	218.75	—	26.00	807.18	
156. Brjánslækjarkirkja ...	868.85	—	—	34.75	903.60	
157. Hagakirkja	843.65	—	—	33.75	877.40	
158. Reykhólakirkja	2306.90	—	—	92.28	2399.18	
159. Stóra-Laugardalskirkja	4313.42	500.00	—	184.20	4997.62	
160. Eyrakirkja	629.93	—	—	25.20	655.13	
V.-Ísafjarðarprófastsd.:						
161. Flateyrarkirkja	314.96	—	—	12.60	327.56	
162. Holtsk. í Önundarf. ..	2676.37	—	2676.37	8.92	8.92	

25	Kirkjur	Eign í árs- lok 1951 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1952 Kr.
163.	Kirkjubólskirkja	314.96	—	—	12.60	327.56
164.	Mýrakirkja	33770.69	—	33688.70	720.17	802.16
165.	Sæbólakirkja	2167.86	—	2000.00	60.05	227.91
166.	Staðark. í Súgandaf. ..	141.35	—	—	5.65	147.00
167.	Hraunskirkja	7482.87	—	—	299.31	7782.18
168.	Núpskirkja	1711.82	—	—	68.47	1780.29
169.	Þingeyrarkirkja	420.74	—	—	16.83	437.57
N.-Ísafjarðarprófastsd.:						
170.	Ísafjarðarkirkja	50114.31	—	—	2004.57	52118.88
171.	Nauteyrarkirkja	2634.06	—	—	105.36	2739.42
172.	Vatnsfjarðarkirkja ...	249.80	—	—	9.99	259.79
173.	Unaðsdalskirkja	2634.05	—	—	105.36	2739.41
174.	Hólskirkja í Bolungav.	1293.59	—	—	51.74	1345.33
175.	Ógurkirkja	3475.83	—	—	139.03	3614.86
176.	Eyrarkirkja	3475.83	—	—	139.03	3614.86
177.	Staðarkirkja í Aðalvík	104.34	—	—	4.17	108.51
Strandaprófastsdæmi:						
178.	Staðarkirkja í Steingrf.	9059.33	—	—	362.37	9421.70
179.	Prestsbakkakirkja	5498.17	—	—	219.93	5718.10
180.	Staðarkirkja í Hrútaf. .	1545.19	—	487.50	52.31	1110.00
181.	Árnesskirkja	8136.92	—	—	325.48	8462.40
182.	Óspakseyrarkirkja	665.72	—	—	26.63	692.35
183.	Kollafjarðarnesskirkja	646.80	—	640.00	19.47	26.27
Húnavatnsprófastsdæmi:						
184.	Staðarbakkakirkja	235.37	—	—	9.41	244.78
185.	Kirkjuhvammakirkja .	140.61	—	—	5.62	146.23
186.	Hofskirkja á Skagastr.	2338.60	—	—	93.54	2432.14
187.	Bergsstaðakirkja	158.54	—	—	6.34	164.88
188.	Höskuldsstaðakirkja ..	9660.88	—	—	386.44	10047.32
189.	Efra-Núpskirkja	178.66	—	—	7.15	185.81
190.	Bólsstaðarhlíðarkirkja	1376.08	—	—	55.04	1431.12
191.	Blönduósskirkja	6258.91	—	—	250.36	6509.27
192.	Holtastaðakirkja	1376.08	—	—	55.04	1431.12
193.	Spákonufellskirkja ...	26.23	—	—	1.05	27.28
194.	Þingeyrakirkja	299.97	—	—	12.00	311.97
195.	Tjarnarkirkja	4.43	—	—	0.18	4.61
196.	Undirfellskirkja	299.96	—	—	12.00	311.96
197.	Auðkúlukirkja	3984.02	—	—	159.36	4143.38
198.	Svínavatnskirkja	1124.86	—	—	44.99	1169.85
199.	Breiðabólsstaðarkirkja	534.16	—	—	21.37	555.53
200.	Víðidalstungukirkja ..	534.16	—	—	21.37	555.53
Skagafjarðarprófastsd.:						
201.	Sauðárkróskirkja ...	9008.40	—	—	360.34	9368.74
202.	Reynistaðarkirkja	607.42	100.00	—	25.80	733.22

Kirkjur	Eign í árs- lok 1951	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1952	25
	Kr.				Kr.	
203. Rípurkirkja	297.46	—	—	11.90	309.36	
204. Glaumbæjarkirkja	400.70	100.00	—	17.03	517.73	
205. Reyjakirkja	629.37	—	—	25.17	654.54	
206. Mælifellskirkja	677.11	75.00	—	28.58	780.69	
207. Barðskirkja	4340.91	—	—	173.64	4514.55	
208. Hólakirkja	536.47	—	—	21.46	557.93	
209. Árbæjarkirkja	629.37	—	—	25.17	654.54	
210. Goðdalakirkja	3288.37	—	—	131.53	3419.90	
211. Silfrastaðakirkja	712.41	—	—	28.50	740.91	
212. Miklabæjarkirkja	3160.66	—	—	126.43	3287.09	
213. Flugumýrarkirkja	751.40	—	—	30.06	781.46	
214. Ketukirkja	1491.36	—	—	59.65	1551.01	
215. Viðvíkurkirkja	1657.74	—	—	66.31	1724.05	
216. Hvammskirkja í Laxd.	770.38	—	—	30.82	801.20	
217. Knapptaðakirkja	1602.95	—	—	64.24	1667.19	
218. Hofskirkja	421.82	—	—	16.87	438.69	
219. Fellskirkja	436.96	150.00	430.00	16.06	173.02	
220. Viðimýrarkirkja	652.25	—	—	26.09	678.34	
221. Hofsstaðakirkja	281.22	—	—	11.25	292.47	

Eyjafjarðarprófastsd.:

222. Grímseyjarkirkja	4702.49	—	—	188.10	4890.59	
223. Glæsibæjarkirkja	1356.07	—	—	54.24	1410.31	
224. Hólakirkja	210.91	—	—	8.44	219.35	
225. Kaupangskirkja	224.93	—	—	9.00	233.93	
226. Grundarkirkja	210.91	—	—	8.44	219.35	
227. Saurbæjarkirkja	10380.22	—	—	415.21	10795.43	
228. Möðruvallakirkja	210.91	—	—	8.44	219.35	
229. Munkaþverárkirkja ...	5335.14	—	—	213.41	5548.55	
230. Akureyrarkirkja	126.90	—	—	5.08	131.98	
231. Lögmannshlíðarkirkja	3848.83	—	—	153.95	4002.78	
232. Bakkakirkja	801.47	—	—	32.06	833.53	
233. Bægisárkirkja	2627.98	—	—	105.12	2733.10	
234. Urðakirkja	1518.57	—	—	60.74	1579.31	
235. Vallakirkja	181.13	—	—	7.25	188.38	
236. Upsakirkja	1518.57	—	—	60.74	1579.31	
237. Stærra-Árskógskirkja .	785.77	—	218.75	28.51	595.53	
238. Hríseyjarkirkja	1518.57	—	—	60.74	1579.31	
239. Möðruvallakl.kirkja ..	5418.55	—	—	216.74	5635.29	

S.-Þingeyjarprófastsd.:

240. Laufáskirkja	2813.87	—	—	112.55	2926.42	
241. Svalbarðskirkja	1476.38	—	—	59.06	1535.44	
242. Hálskirkja	2314.92	—	—	92.60	2407.52	
243. Ljósavatnskirkja	1507.31	—	—	60.29	1567.60	
244. Þóroddsstaðarkirkja ..	1902.37	—	—	76.09	1978.46	
245. Lundarbrekkukirkja ..	1507.31	—	—	60.29	1567.60	

25	Kirkjur	Eign í árs- lok 1951 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1952 Kr.
246.	Skútustaðakirkja	3887.30	—	—	155.49	4042.79
247.	Reykjahliðarkirkja . . .	3995.07	100.00	—	160.80	4255.87
248.	Brettingsstaðakirkja . .	3416.40	—	—	136.66	3553.06
249.	Illugastaðakirkja	801.96	—	—	32.08	834.04
250.	Einarsstaðakirkja	723.67	—	—	28.95	752.62
251.	Grenjaðarstaðarkirkja	5581.70	—	—	223.27	5804.97
252.	Grenivíkurkirkja	1638.84	—	—	65.55	1704.39
253.	Þönglabakkakirkja . . .	6261.91	—	—	250.48	6512.39
254.	Þverárkirkja	723.67	—	—	28.95	752.62
255.	Nesskirkja	1031.79	—	1000.00	22.80	54.59
256.	Flateyjarkirkjusjóður .	11736.44	—	—	470.56	12207.00
N.-Þingeyjarprófastsd.:						
257.	Skinnastaðarkirkja . . .	2542.87	—	—	101.71	2644.58
258.	Presthólakirkja	655.20	—	—	26.21	681.41
259.	Ásmundarstaðakirkja .	57.34	15.00	—	2.84	75.18
260.	Svalbarðskirkja	133.85	—	—	5.35	139.20
261.	Víðihólskirkja	507.75	—	—	20.31	528.06
262.	Sauðanesskirkja	308.14	—	—	12.33	320.47
Samtals		1878918.73	194232.66	77700.60	77435.09	2072885.88

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 60392.20, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 2072885.88, verður eign sjóðsins í árslok eins og segir í aðalreikningnum, kr. 2133278.08.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 12. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1952.

		Tekjur:	
1.	Eign í ársbyrjun:		
	a. Verðbréf	kr. 2100.00	
	b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 8346.62	
	c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 2103.22	
	d. Jörðin Ytra-Vallholt	— 7100.00	
			kr. 19649.84
2.	Vextir:		
	a. Af verðbréfum	kr. 110.00	
	b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 400.61	
	c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 100.44	
	d. Afgjald Ytra-Vallholts	— 275.00	
			— 886.05
			Kr. 20535.89

Gjöld:

26

1. Úthlutað	kr.	275.00
2. Eign í árslok:		
a. Verðbréf	kr.	2100.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	8747.23
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2313.66
d. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00
		<hr/>
		— 20260.89

Kr. 20535.89

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

27

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1952.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr.	209700.88
2. Vextir:		
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	750.00
b. — veðskuldabréfum	—	1587.50
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	5605.63
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	3046.35
		<hr/>
		— 10989.48
3. Gjafir	—	1195.00

Kr. 221885.36

Gjöld:

1. Úthlutað	kr.	150.00
2. Keypt ávísanahefti	—	2.00
3. Eign í árslok:		
a. Verðbréf	kr.	15100.00
b. Skuldabréf	—	16500.00
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	122389.79
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	67743.57
		<hr/>
		— 221733.36

Kr. 221885.36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

28

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1952.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	7727.89	
			kr. 8927.89
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	60.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	358.87	
			— 418.87
			Kr. 9346.76

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	8146.76	
			Kr. 9346.76

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

29

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1952.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	3514.80	
			kr. 3714.80
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	10.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	162.66	
			— 172.66
			Kr. 3887.46

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	3687.46	
			Kr. 3887.46

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

30

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1952.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a.	Verðbréf	kr. 1000.00	
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands	— 4665.78	
			kr. 5665.78
2. Vextir:			
a.	Af verðbréfum	kr. 50.00	
b.	— innstæðu í Landsbanka Íslands	— 216.51	
			— 266.51
			Kr. 5932.29

Gjöld:

Eign í árslok:			
a.	Verðbréf	kr. 1000.00	
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands	— 4932.29	
			Kr. 5932.29

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

31

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1952.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a.	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 27194.30	
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands	— 6532.71	
			kr. 33727.01
2. Vextir á árinu:			
a.	Af innstæðu í Söfnunarsjóði	kr. 1305.31	
b.	— innstæðu í Landsbanka Íslands	— 301.75	
			— 1607.06
			Kr. 35334.07

Gjöld:

Eign í árslok:			
a.	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 28499.61	
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands	— 6834.46	
			Kr. 35334.07

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

32

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1952.

		Tekjur:		
1. Eign í ársbyrjun:				
a. Veðdeildarbréf		kr.	3600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði		—	20316.77	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands		—	26024.45	
				kr. 49941.22
2. Vextir á árinu:				
a. Af veðdeildarbréfum		kr.	180.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði		—	975.18	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands		—	1209.84	
				— 2365.02
				Kr. 52306.24
		Gjöld:		
Eign í árslok:				
a. Veðdeildarbréf		kr.	3600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði		—	21291.95	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands		—	27414.29	
				Kr. 52306.24

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

33

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur fyrir árið 1952.

		Tekjur:		
1. Eign í ársbyrjun:				
a. Innstæða í Söfnunarsjóði		kr.	41390.51	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands		—	446.12	
				kr. 41836.63
2. Vextir:				
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði		kr.	1986.73	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands		—	20.11	
				— 2006.84
				Kr. 43843.47
		Gjöld:		
Eign í árslok:				
a. Innstæða í Söfnunarsjóði		kr.	43377.24	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands		—	466.23	
				Kr. 43843.47

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík um notkun heimildar tollskrárlaga til að lækka aðflutningsgjöld af flugeldum til slysavarna og öryggisþjónustu. 34
13. marz

Hér með tilkynnist yður, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild þá, sem fellst í athugasemd við nr. 6 í 34. kafla tollskrár, sbr. 6. lið laga nr. 108/1951, og lækka þannig af eftirgreindum flugeldum vörumagnstoll niður í 2 auru af kg og verðtoll af þeim niður í 2%, þó þannig, að við þessa tolla bætist gildandi tollviðaukar, sbr. lög nr. 91/1952:

1. Flugelda, sem Slysavarnafélag Íslands flytur inn og gefur yfirlýsingar um að eingöngu verði notaðir til slysavarna.
2. Flugelda, sem flugmálastjórnin flytur inn og gefur yfirlýsingu um að eingöngu verði notaðir til slysavarna og öryggisþjónustu við flug og flugstarfsemina.
3. Flugelda, sem samkvæmt reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra skuli tilheyra hjargtækjum skipanna:
 - a. ef hlutaðeigandi innflytjandi hefur fengið samþykki skipaskoðunarstjóra fyrir tegund þeirri og gerð, sem hann flytur inn, og
 - b. innflytjandinn gefur yfirlýsingu um það í aðflutningsskýrslu, að flugeldarnir verði einungis seldir til skipa.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, varðandi eftirgjöf á verðtolti af ósöguðum trjáviði í fisktrönur. 35
13. marz

Í 1. gr. 7. lið laga nr. 31 frá 17. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., er fjármálaráðuneytinu heimilað að fella niður verðtoll af ósöguðum trjáviði í fisktrönur.

Er yður hér með tilkynnt, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið að nota ofangreinda heimild.

REGLUGERÐ

36
15. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkirkauptún, nr. 39 25. febr. 1952.

1. gr.

Á 30. gr. reglugerðarinnar eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Á eftir orðunum „bolfiskur óslægður“, í 1. flokki, bætist við: nýveidd sild.
2. Í stað orðanna „fryst og ófryst sild“, í 3. flokki, komi: fryst og söltuð sild.

2. gr.

Við 38. gr. bætist: og skal sá aðili, sem aflann kaupir, halda vörugjaldinu eftir af andvirði aflans við útborgun og standa hafnarsjóði skil á greiðslu þessari mán-aðarlega.

- 36 15. jan. Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. janúar 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

- 37 28. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Aðalsteins Kristjánssonar, byggingameistara í Winnipeg“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. janúar 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðstofnun Aðalsteins Kristjánssonar, byggingameistara í Winnipeg, er andaðist 14. júlí 1949, samin af skiptaforstjórunum í búi hans, samkvæmt fyrir-mælum í erfðaskrá hans.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Gjafasjóður Aðalsteins Kristjánssonar, byggingameistara í Winnipeg, til styrktar áhuga fyrir sundiðkun á Íslandi og björgun frá drukknun í sjó.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er samgildi Can. \$ 1000 — eitt þúsund Canada dollara — í ís-lenzkum krónum, og hefur fjárhæð þessi verið yfirfærð og henni varið til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, með núverandi verðgildi þeirra í kaupum og sölu, þannig að verðbréfaeign sjóðsins nemur ísl. kr. 21 000 í veðdeildarbréfum. Þegar bréf sjóðsins eru dregin út, skal kaupa ný veðdeildarbréf í staðinn.

Verðbréfaeign sjóðsins áritast um að þau séu eign sjóðsins.

3. gr.

Fyrstu ársvöxtunum af sjóðnum, eftir að hann tekur til starfa, skal varið til kaupa á farand-keppnisbikar, er menn, búsettir á Íslandi, keppa um árlega í sundi og björgun frá drukknun í sjó. Sú keppni skal haldin árlega á þeim stað og samkvæmt þeim reglum, er umráðamenn sjóðsins ákveða.

Síðan skal ársvöxtum sjóðsins jafnan varið til verðlauna fyrir sundafrek eða björgun úr sjó, er skiptast og úthlutast á þann hátt, er umráðamenn sjóðsins ákveða.

4. gr.

Landlæknirinn á Íslandi, eða sá maður, er gegnir tilsvarendi embætti síðar, skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjóðstofnunarinnar og skal afhenda honum eignir sjóðsins til ávöxtunar, svo hann geti varið árlegum tekjum hans á þann hátt, er að ofan greinir.

Þessum aðaltrúnaðarmanni sjóðsins er skylt að tilnefna tvo aðra menn með sér, sem sameiginlega trúnaðarmenn sjóðsins, er starfa með honum sem ráðunautar.

5. gr.

Fari svo að einhver af hinum sérstöku trúnaðarmönnum sjóðsins skyldi einhverntíma neita að taka að sér starfið, eða verða ófær til þess, þer honum að útnefna annan mann, er hann telur hæfan, sem sérstakan trúnaðarmann, og skal þá sá maður hafa sama vald og skyldur, er fylgir með starfinu, meðan hann gegnir því. Þegar sá maður hættir eða fellur frá, tilnefnir landlæknir á sama hátt annan í hans stað, geti landlæknir þá ekki sjálfur gegnt starfinu, og þannig skal þessu hagað ávallt framvegis.

37

28. jan.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega gerður og þar skýrt frá, hver sé handhafi farandbikarsins það ár og hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum það ár, og fyrir hvað þau hafi verið veitt.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

F. Kristjánsson.

A. Kristjánsson.

Winnipeg, 26. nóvember 1952.

F. h. skiptaforstjóranna í dánarbúi Aðalsteins Kristjánssonar.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnheiðar Kjart- 38
ansdóttur frá Hruna“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð- 30. jan.
herra 30. janúar 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Kjartansdóttur frá Hruna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ragnheiðar Kjartansdóttur frá Hruna. Hann er stofnaður 23. maí 1952 af bekkjarsystkinum hennar í Kennaraskólanum frá árunum 1925 til 1927.

Stofnfé sjóðsins er 7000 — sjö þúsund — krónur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja kennara til náms í blindrakennslu. Styrkurinn veitist eftir umsókn, og aðeins þeim, sem lokið hefur kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: 1) skólastjóri Kennaraskóla Íslands, og er hann formaður stjórnarinnar, 2) fræðslumálastjóri, 3) fulltrúi úr hópi stofnenda, svo lengi sem þeirra nýtur við, en eftir þeirra dag fulltrúi úr hópi Nemendasambands Kennaraskólans, kosinn af því til 5 ára í senn.

38

30. jan.

Sjóðurinn eflist með vöxtum, frjálsum framlögum, minnngargjöfum, áheitum og á hvern annan hátt, sem stjórn hans þykir henta.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Reikningsár hans er almanaksár, og skal reikningur hans birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og úthlutun styrks úr honum. Skal í febrúarmánuði það ár, sem styrk skal veita, auglýsa hann til umsóknar í Menntamálum eða hverju því mál gagni, sem Samband íslenskra barnakennara gefur út, svo og í Kennaraskólanum og mál gagni Nemendasambands Kennaraskólans, ef út er gefið. Umsóknarfrestur skal vera til 10. apríl. Skal stjórnin svara umsóknum fyrir lok maímánaðar.

7. gr.

Stjórnin heldur fund í maímánuði ár hvert og oft, ef þurfa þykir. Skal hún færa fundargerðir í sérstaka bók, og öll stjórnin undirrita.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 12 500.00 má í fyrsta skipti veita styrk úr honum. Má sá styrkur nema allt að þeirri upphæð, sem þá við áramót hefur verið umfram kr. 10 000.00. Eftir það skal jafnan leggja helming ársvaxta við höfuðstólinn, en helming vaxta, ásamt öðrum tekjum sjóðsins má stjórnin úthluta, ef hún telur ástæðu til. Þegar ekki er árlega veittur styrkur úr sjóðnum, skal geyma það fé til úthlutunar síðar, þegar stjórninni þykir henta.

9. gr.

Stofnskrá þessari má því aðeins breyta, að stjórn sjóðsins telji það óhjákvæmilegt. Og skal það þá aðeins gert með samþykki menntamálaráðuneytisins. Þó má aldrei víkja frá tilgangi sjóðsins (sjá 2. gr.).

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

39

17. febr.

ÚTHLUTUNARREGLUR STEFS

— Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar — um úthlutun á tekjum af flutningi tónverka.

A. Almennar reglur.

1. Gjöld þau, er félaginu samkvæmt lögum sínum og félagsmanna- og umboðssamningum ber að greiða tónskáldi, útsetjara tónverks, höfundu texta við tónverk og tónverksútgefanda (þar sem í reglum þessum er getið um útgefanda, er átt við forleggjara eða útgáfufirma) fyrir flutning tónverks, þ. e. söng eða leik tónverks utan leiksýninga, leikrita eða leikverka (óperur, óperettur, pantómímur, ballett), skiptast eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.
2. Stjórnin getur ákveðið að greiða flutningsgjald fyrir eitt og sama verk aðeins einu tónskáldi, einum útsetjara, einum textahöfundu og einum útgefanda.

3. Flutningsgjald greiðist útgefanda tónverks, hafi hann með framsali rétthafa 39 öðlazi hlutdeild í flutningsrétti þess, þegar verkið hefur á venjulegan hátt verið gefið út prentað eða, sé um stærri verk að ræða, er útgefandi hefur á annan hátt gert verkið aðgengilegt í nótnaskrift og þar með gert mögulega dreifingu þess. Hafi þetta eigi verið gert, en hafi útgefandi greitt venjuleg höfundarlaun, má að beiðni hans leggja til hliðar útgefandahlut, eigi lengur þó en tvö ár, meðan beðið er útkomu verksins. Hafi verkið eigi verið gefið út áður en þessi tími er liðinn, rennur fé það, sem lagt hefur verið til hliðar, til tónskáldsins.
4. Sé um að ræða verk, er samið hefur verið fyrir hljómkvikmynd og að venjulegu mati hentar ekki til útgáfu á prenti, greiðist útgefanda ekki flutningsgjald fyrir en verkið hefur verið gefið út í formi, sem við útgáfu er miðað. Fyrir önnur útgáfuhæf tónverk í kvikmyndinni má greiða útgefanda gjald einnig fyrir óútgefin verk, ef venjuleg þóknun hefur verið greidd fyrir hvert verk fyrir sig og að minnsta kosti eitt af verkum þeim, sem þannig eru keypt, hefur verið gefið út.
5. Þá er útgefandi hefur eignast tónútgáfuréttinn á tón-dramatisku verki, en aðeins gefið út ákveðna hluta af því, greiðist útgefanda flutningsgjald einnig fyrir óútgefna hluta verksins, enda hafi sanngjörn þóknun verið greidd fyrir tón-efnið allt og ekki sé skýrt tekið fram í útgáfusamningi að tónútgáfurétturinn sé takmarkaður við útgafu hlutana.
6. Þær upphæðir, sem telst til að greiða beri tónskáldi, útsetjara, textahöfund og útgefanda, sem aðilar eru að erlendum samtökum, sem samvinnu hafa við STEF, greiðast samtökum þeim, sem hlut eiga að máli.
7. Það, sem segir í reglum þessum um félagsmann, gildir einnig um umbjóðendur.

B. Sérstakar reglur um skiptingu á flutningsgjaldi.

1. Sem undirstöðu að greiðslu flutningsgjalda skal skrásetja flutning tónverka eftir höfuðreglum, er hér greinir.
2. Farið er eftir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru um flutning tónverka og skrásettur hver flutningur verksins með einingátölu, sem fer eftir tímalengd flutnings, og í ákveðnum tilfellum auk þess eftir eðli flutnings eða verks. Að því er snertir hið síðarnefnda, gilda sérstakar svo nefndar stígatöflur, sem stjórn STEFs ákveður.
3. Þeir, sem rétt eiga á flutningsgjaldi, hljóta hver um sig ákveðna tölu eininga, sem er margfeldi tölu flutninga og einingátölu þeirrar, sem um ræðir í næstu málsgrein að ofan, svo og þeirrar tölu hluta, sem tilgreind er í eftirfarandi töflu fyrir hvern um sig, tónskáld, útsetjara, textahöfund og útgefanda tónverks, sbr. A., 3. grein. Samanlögð tala þeirra hluta, sem skráðir eru við hvern flutning, má aldrei verða hærri en 12.

	Tala hluta til			
	tón-skálds	útsetj-ara	textahöfundar	útgef-anda
<i>Rétthafar til flutningsgjalds:</i>				
Tónskáld	12	0	0	0
Tónskáld og útsetjari	10	2	0	0
Tónskáld og textahöfundur	8	0	4	0
Tónskáld og útgefandi	8	0	0	4
Tónskáld, útsetjari og textahöfundur	6	2	4	0
Tónskáld, útsetjari og útgefandi	6	2	0	4
Tónskáld, textahöfundur og útgefandi	4	0	4	4
Tónskáld, útsetjari, textahöfundur og útgefandi	4	2	2	4

	Tala hluta til			
	tónskálds	útsetjara	textahöfundar	útgefanda
<i>Tónskáld óþekkt eða nýtur ekki verndar:</i>				
Einföld útsetning	0	4	0	4
Einföld útsetning og textahöfundur	0	4	4	0
Einföld útsetning og útgefandi	0	4	0	4
Einföld útsetning, textahöfundur og útgefandi .	0	4	4	4
Listræn útsetning	0	6	0	0
Listræn útsetning og textahöfundur	0	6	4	0
Listræn útsetning og útgefandi	0	6	0	4
Listræn útsetning, textahöfundur og útgefandi .	0	6	2	4

*Útsetjari og tónskáld njóta ekki verndar
eða eru ókunn:*

Textahöfundur	0	0	4	0
Textahöfundur og útgefandi	0	0	4	4

Ath. 1. Eignist útgefandi, sem félagsmaður er í STEFi, útgáfuréttinn að erlendu verki með samningi við erlendan útgefanda og sé í samningnum tekið fram, að flutningsgjald eigi bæði upphaflegi erlendi útgefandinn og hinn íslenski, er útgáfuréttinn fékk hjá honum, skulu þrír hlutar reiknast íslenzka útgefandanum, leyfi samtök þau, sem upphaflegi erlendi útgefandinn er í. Í þeim tilfallum, er tilkynntur hefur verið íslenzkur útsetjari og textahöfundur, skal reiknast einn hlutur hvorum þeirra. Samtökum upphaflega útgefandans reiknast þrír hlutir handa honum, og ekki færri en fjórir hlutir sömu samtökum til höfundar verksins. Sé ekki um að ræða íslenzkan útsetjara eða textahöfund, fellur eftir því, sem við á, einn eða tveir hlutir enn til erlendu samtakanna handa höfundi verksins.

Ath. 2. Nú lætur útgefandi, sem félagsmaður er í STEFi, af hendi við erlendan útgefanda útgáfuréttinn að verki, sem hann hefur gefið út, og má hann þá, hafi um það verið samið við tónskáldið og með því skilyrði að verkið hafi komið út í útgáfu, sem erlendi útgefandinn hefur kostað, hljóta þrjá hluti sjálfur og taka fram í útgáfusamningi að hinn erlendi útgefandi megi hljóta þrjá hluti, svo og erlendum útsetjari eða textahöfundur, ef nokkrir eru, einn hlut hvor. Af þeim hlutum, sem erlendu samtökin standa skil á, skal tónskáldið aldrei hljóta færri en fjóra.

Ath. 3. Hafi tónskáldið sjálft sett út fyrir hljóðfæraflokk, undirleik fyrir söng-, framsagnar- eða melodramatískt verk, reiknast því einnig útsetjara hlutir. Hið sama skal ávallt gilda um söngva fleiri radda, hvort sem hljóðfæraundirleikur er eða ekki, svo og að undangenginni athugun um einraddaða söngva, þegar undirleikur tónskáldsins fyrir eitt hljóðfæri hefur til að bera sjálfstæða og listræna mótun.

- Þegar lokið er öllum skráningum á reikningsári, skal leggja saman einingátölurnar í hverjum höfuðflokki um sig, svo sem fyrir flutning á opinberum tónleikum, í veitingahúsum, í útvarpi, í kvikmyndahúsum o. s. frv.
- Fjárhæð þeirri, sem til ráðstöfunar er til skiptingar, skal skipta milli höfuðflokka flutnings í hlutfalli við það, sem innheimt hefur verið fyrir hvern þeirra, og sé þá einnig tekið tillit til þess, hver munur er á þeim, varðandi kostnað við innheimtu og skiptingu. Varðandi flutning tónverka á opinberum hljómléikum skal enginn kostnaður falla á upphæðir þær, sem innheimtast. Stjórnin ákveður, með hliðsjón af því sem að ofan segir, einingargildi í hinum ýmsu flokkum. Við

- þá jöfnun á þessu einingargildi, sem stjórnin ákveður fyrir hvert reikningsár, 39
skal fyrst og fremst jafnað í hag flutningi á opinberum hljómleikum. 17. febr.
6. Ef kringumstæður leyfa, má að ákvörðun stjórnarinnar skrá flutning samkvæmt sendri viðurkenndri tónverkaskrá og gera skilagrein jafnvel í því tilfelli að flutningsgjald hafi ekki verið innheimt, vegna þess, að STEF af hugsjóna-, mannúaðar- eða öðrum ástæðum hafi veitt undanþágu frá greiðslu á flutningsgjaldinu, eða að félagsmaður hafi áður en hann gekk í félagið látið af hendi upprunalegan rétt sinn eða að gildandi lög veiti ekki stuðning til innheimtu.
 7. Heimilt er stjórninni að láta taka meðaltal af þeim skráningum flutnings, er fyrir liggja, með þeim hætti, sem talin verður fyrirhafnarminnstur og ódýrastur til afreiknings, þ. e. til dæmis eftir fyrirbyggjandi útvarpsdagskrám að viðbættri skráningu á flutningi verka, sem ekki koma fyrir í útvarpsdagskrám.
 8. Deilu um það, hversu skilja beri eða beita þessum reglum um skiptingu, skal fara með og ráða til lykta eftir reglum 5. greinar samþykktu STEFs.

Með tilvísun til löggildingarbréfs STEFs, dags. 2. febr. 1949, staðfestast ofangreindar úthlutunarreglur hér með.

Menntamálaráðuneytið, 17. febrúar 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjal.

STIGATAFLA STEFs

Einingafjöldi
fyrir hverja
mínútu:

Fyrsti flokkur. Alþýðutónlist (skemmtilög).

- A. Alþýðulög, svo sem harmonikulög og önnur alþýðulög fyrir eitt hljóðfæri, mandolin eða gítar og álika alþýðuhljóðfæri án söngs, svo og óraddsettur söngur alþýðulaga (án undirleiks) í samsöng eða einsöng 1
- B. Samkvæmisdanslög á samkvæmisdansleikjum fyrir eitt hljóðfæri með söngviðlagi eða án viðlaga 2
- C. Samkvæmisdanslög á skemmtidagskrám (kvöldskemmtunum, fjölleikasýningum og álika samkomum) sungin með undirleik eins hljóðfæris eða leikin af allt að fimm manna hljómsveit 3
- D. Skemmtilög fyrir stærri hljómsveitir með söng eða án söngs, lög úr óperettum, syrpur og álika skemmtilög 4

Annar flokkur. Æðri tónlist (hljómleikaverk).

- A. Söngvar með undirleik eins hljóðfæris (t. d. píanó eða orgel), stutt kórsöngslög án sjálfstæðs undirleiks, nema eins hljóðfæris til stuðnings söng-raddanna án sjálfstæðrar tónsamningar fyrir hljóðfærið, einleikslög (t. d. fyrir píanó, fiðlu og álika hljóðfæri) með ósjálfstæðum undirleik eins hljóðfæris eða án undirleiks, einnig flokkar slíkra laga, svo og hljómplötulög úr óperum og óperettum 8
- B. Kórsönglög með sjálfstæðum undirleik eins eða nokkurra hljóðfæra, danssýningarlög og sjónleikalög fyrir litla hljómsveit, einsönglög með hljómsveit, lög, lagaflokkar og syrpur fyrir litla hljómsveit 16
- C. Sinfonísk tónverk og sinfonísk kórverk með stórra hljómsveit, sinfoníur, hljómsveitarforleikir, konsertar með undirleik hljómsveitar, óperuverk í frumbúningi, lagaflokkar og tilbrigði fyrir sinfoníska hljómsveit 24

39 Fyrir eiginlega stofutónlist (kammermusik), sönötur, tvíleiki, þríleiki,
17. febr. kvartetta, kvintetta o. s. frv. greiðist samkv. flokki C hálfur einingafjöldi.

Aths. Fyrir flutning verka úr II. flokki B og C í útsetningum fyrir minni hljómsveitir allt að skálahljómsveit (Salonorchester) eða fyrir blásturshljómsveit greiðist hálfur einingafjöldi samkvæmt flokki B og C.

40
27. febr.

SKRÁ

um nöfn á nýbýlum og breytingar á bæjanöfnum.

Í skrá þeirri, sem hér fer á eftir, og birt er samkvæmt fyrirmælum 7. gr. laga nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl., eru talin nöfn býla, utan kaupstaða, sem hlotið hafa staðfesting ráðuneytisins á árinu 1952:

1. Kjósarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Dalland	Miðdals	Mosfellshreppi
Hjalli	Eyja	Kjósarhreppi

2. Borgarfjarðarsýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Árbakki	Þingness	Andakílshreppi
Lyngholt	Lækjar	Leirár- og Melahreppi

3. Mýrasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Brautarholt	Hamars	Borgarneshreppi
Laufskálar	Brúarreykja	Stafholtstungnahreppi
Sveinsstaðir	Vogalækjar	Álftaneshreppi

4. Hnappadalssýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Dalur II	Dals	Miklaholtshreppi
Hrisdalur II	Hrisdals	Miklaholtshreppi
Hvammur	Hjarðarfells	Miklaholtshreppi
Miðhraun II	Miðhrauns	Miklaholtshreppi

5. Dalasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Brautarholt II	Brautarholts	Haukadalshreppi
Skarð II	Skarðs	Skarðshreppi

6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.*A. Nýbýli:*

Nafn:	Úr landi:	
Grænanes	Ytri-Lambadals	Mýrahreppi

40

27. febr.

7. Norður-Ísafjarðarsýsla.*A. Nýbýli:*

Nafn:	Úr landi:	
Holt	Arnardals	Eyrarhreppi

8. Strandasýsla.*A. Nýbýli:*

Nafn:	Úr landi:	
Bjarg	Kaldrananess	Kaldrananeshreppi
Fagrihvammur	Munaðarness	Árneshreppi
Hnitbjörg	Víðidalsár	Hólmavíkurhreppi
Hveravík	Kleifa	Kaldrananeshreppi
Mýrar	Drangsness	Kaldrananeshreppi
Oddi	Svanshóls	Kaldrananeshreppi
Stakkanes	Grænanes	Hrófbergshreppi

9. Vestur-Húnavatnssýsla.*A. Nýbýli:*

Nafn:	Úr landi:	
Ásbjarnarstaðir II Laugarbakki (byggðahverfi)	Ásbjarnarstaða	Kirkjuhvammshreppi
Höfði	Ytri-Reykja	Ytri-Torfustaðahreppi
Sæberg	Ytri-Valla	Kirkjuhvammshreppi
Sæból	Reykja	Staðarhreppi
	Helguhvamms og Kothvamms	Kirkjuhvammshreppi
Snæland	Ytri-Valla	Kirkjuhvammshreppi

10. Austur-Húnavatnssýsla.*A. Nýbýli:*

Nafn:	Úr landi:	
Ásbrekka	Áss	Áshreppi
Grænahlið	Smyrlabergs	Torfalækjarhreppi
Hnjúkahlið	Hnjúka	Blönduóshreppi
Kleifar	Blönduósskauptúns	Blönduóshreppi
Röðull	Sauðaness	Torfalækjarhreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Brúarhlið	Sýðra-Tungukot	Bólstaðarhliðarhreppi

40

27. febr.

Nafn:
Bræðraá II
Dalsmynni
Engihlíð
Hof II
Hofsvellir
Hverhólar
Laugavellir
Sólvangur

Nafn:
Laugardalur
Tunguhlíð

11. Skagafjarðarsýsla.

A. Nýbýli:

Úr landi:	Fellshreppi
Bræðraár	Viðvíkurhreppi
Hringvers	Hofshreppi
Hólakots	Hólahreppi
Hofs	Lýtingsstaðahreppi
Hofs	Lýtingsstaðahreppi
Goðdala	Haganeshreppi
Laugalands	Fellshreppi
Glæsibæjar	

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Hét áður:	Lýtingsstaðahreppi
Litladalskot	Lýtingsstaðahreppi
Lýtingsstaðakot	

12. Eyjafjarðarsýsla.

A. Nýbýli:

Úr landi:	Hrafnagilshreppi
Árbær	Glæsibæjarhreppi
Brávellir	Hrafnagilshreppi
Syðra-Fell	Hrafnagilshreppi
Ytra-Fell	

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Hét áður:	Saurbæjarhreppi
Æsustaðagerði	Óngulsstaðahreppi
Ytri-Tjarnir II	

13. Suður-Þingeyjarsýsla.

A. Nýbýli:

Úr landi:	Ljósavatnshreppi
Fínnsstaða	Ljósavatnshreppi
Ófeigsstaða	

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Hét áður:	Reykjahreppi
Brekknakot	Hálshreppi
Syðri-Fornastaðir	Reykjahreppi
Hólakot	

14. Norður-Þingeyjarsýsla.

A. Nýbýli:

Úr landi:	Fjallahreppi
Grímsstaða	Kelduneshreppi
Kelduness	Öxarfjarðarhreppi
Ærlækjar	

15. Norður-Múlasýsla.

40

27. febr.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Melavellir	Miðfjarðar	Skeggjastaðahreppi
Teigaból	Hrafnsgerðis	Fellahreppi
Valþjófsstaður II	Valþjófsstaðar	Fljótshlíðahreppi
Vífilsnes	Vífilsstaða	Tunguhreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Geitland	Geitavík III	Borgarfjarðahreppi

16. Suður-Múlasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Berunes II	Berunes	Beruneshreppi
Holt	Þverhamars	Breiðdalshreppi

17. Austur-Skaftafellssýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Akurnes	Árnaness	Nesjahreppi
Árbær	Brunnhóls	Mýrahreppi
Grænahraun	Þinganes	Nesjahreppi
Kyljuholt	Holta	Mýrahreppi
Lindarbakki	Stóruhágar	Nesjahreppi
Lundur	Breiðabólstaðar IV	Borgarhafnarhreppi
Miðfell	Hoffells	Nesjahreppi
Sauðanes	Þinganes	Nesjahreppi

18. Vestur-Skaftafellssýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Framnes	Ytri-Sólheima	Dyrhólahreppi

19. Rangárvallasýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Bakkavöllur	Vallar	Hvolhreppi
Bjarkarland	Steinmóðarbæjar	Vestur-Eyjafjallahreppi
Fagrahlíð	Kotmúla	Fljótshlíðahreppi
Fljót	Fljótshlíð	Fljótshlíðahreppi
Heiðarbrekka	Heiðar	Rangárvallahreppi
Hjarðartún	Ríkisins, Hvolsvelli	Hvolhreppi
Hólar	Næfurholts	Rangárvallahreppi
Hróarslækur	Gunnarsholts	Rangárvallahreppi

40 Nafn:	Úr landi:	
27. febr. Höfði	Torfastaða	Fljótshlíðarhreppi
Litla-Strönd	Strandar	Rangárvallahreppi
Miðdalur	Stóradals	Vestur-Eyjafjallahreppi
Nes	Helluvaðs	Rangárvallahreppi
Rangá	Ægissíðu	Djúpárhreppi
Rauðuskriður	Teigs	Fljótshlíðarhreppi
Sólvellir	Odda	Rangárvallahreppi
Sunnuhlíð	Hlíðar	Austur-Eyjafjallahreppi
Yzti-Skáli IV	Yzta-Skála II	Vestur-Eyjafjallahreppi

B. Breytingar á bæjanöfnum:

Nafn:	Hét áður:	
Árbakki	Snjallsteinshöfðahjáleiga	Landmannahreppi
Búland	Voðmúlastaða-Austur- hjáleiga	Austur-Landeyjarhreppi

20. Árnessýsla.

A. Nýbýli:

Nafn:	Úr landi:	
Birkilundur	Stóra-Fljóts	Biskupstungnahreppi
Fagrihvammur	Hveragerðis	Hveragerðishreppi
Hagi II	Haga	Grímsneshreppi
Hólabrekka	Eyðibýlisins Hólabrekku	Laugardalshreppi
Kálfhóll II	Kálfhóls	Skeiðahreppi
Skeiðháholt II	Skeiðháhólts	Skeiðahreppi
Viðigerði	Stóra-Fljóts	Biskupstungnahreppi
Votamýri II	Votumýrar	Skeiðahreppi

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

41

27. febr.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta í Grindavík.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Grindavíkurhrepp í Gullbringusýslu, og nær til allra landróðrabáta, sem stunda veiðar með línu í Grindavíkursjó, á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí ár hvert.

2. gr.

Á tímabili því, sem ræðir um í 1. gr., má enginn landróðrabátur, sem gengur til fiskveiða með línu frá Grindavík eða hefur samband við Grindavíkurhöfn, fara í fiskiróður út fyrir línu, sem hugsast dregin 274 gráður réttvisandi frá Hópsnesvita, frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir, og er þá miðað við íslenskan meðaltíma:

Sé róíð styttra en 16 sjómíllur frá Hópsnesvita:

Í janúar	kl. 03.30
Frá 1.—15. febr.	— 02.30
— 16.—28. —	— 02.00
— 1.—15. marz	— 01.00
— 16.—31. —	— 24.00
— 1. apríl — 31. maí	— 20.00

41

27. febr.

Ef róíð er lengra en 16 sjómíllur frá Hópsnesvita:

Í janúar	kl. 01.30
Frá 1.—15. febr.	— 00.30
— 16.—28. —	— 24.00
— 1.—15. marz	— 23.00
— 16.—31. —	— 22.00
— 1. apríl — 31. maí	— 20.00

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi. Umgetin lína frá Hópsnesvita takmarkast af innri mörkum rauða ljóssins á Hópsnesvitanum, og má því enginn bátur fara út í rauða ljósið fyrr en merkið er gefið.

3. gr.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kys 3 bátformenn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð merki séu gefin og kæra til sýslumanns, ef þeir verða varir við að ákvæði reglugerðarinnar séu brotin.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 2000.00. Sektir renna í sveitarsjóð Grindavíkurhrepps. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. febrúar 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um töluspjaldahappdrætti.

1. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt héraðssamböndum íþrótt- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, leyfi til að stofna til og reka töluspjaldahappdrætti („Bingo“ happdrætti), samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér á eftir.

2. gr.

Umsóknir um leyfi samkvæmt reglugerðinni skulu undirritaðar af formanni og ritara fyrir hönd stjórnar sambands.

3. gr.

Leyfi skal eigi veita til lengri tíma en eins árs í senn, og skal leyfishafi að leyfistíma liðnum senda ráðuneytinu skýrslu um starfsemina á liðnu leyfistímabili.

4. gr.

Töluspjaldahappdrætti má aðeins halda á skemmtunum héraðssambandanna eða einstakra félaga innan þeirra.

5. gr.

Þáttökugjald í hverju happdrætti má eigi nema hærri upphæð en 10 krónum fyrir hvern þátttakanda. Má eigi halda fleiri en eitt slíkt happdrætti á hverri skemmtun, nema þáttökugjald samtals nemi eigi hærri upphæð en 10 krónum

Eigi má halda töluspjaldahappdrætti á fleiri en þremur skemmtunum í viku hverri á hverju héraðssvæði.

Stjórnarmaður eða starfsmaður héraðssambands skal annast um framkvæmd töluspjaldahappdrættis ásamt stjórnendum félags þess, er skemmtun heldur hverju sinni. Skal fulltrúi héraðssambands gera skýrslu um þátttakendafjölda og þáttökugjöld og verðmæti vinnings eða vinninga í hverju happdrætti, og fulltrúi félags þess er skemmtun heldur og þátttakandi er vinning hlýtur rita nöfn sín á skýrsluna. Skulu þessi skilríki geymd unz árleg skýrsla hefur verið gefin, og má þá krefjast endurskoðunar þeirra, ef þörf þykir.

6. gr.

Verðmæti vinnings eða vinninga skal eigi nema minna en 25% af söluverði happdrættisspjalda í hverju happdrætti.

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari má afturkalla þegar í stað, ef brugðið er út af fyrirmælum reglugerðarinnar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 15 31. janúar 1952, öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 28. febrúar 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

43

9. marz

um sýsluvegasjóð Rangárvallasýslu.

1. gr.

Í Rangárvallasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Djúpárhreppi:

1. Háþéjarvegur frá Hólsá hjá Unhól að Háþé.
2. Háfsósbraut frá Háþé um Háfshverfi að Steinslæk.

Í Ásahreppi:

3. Háfsósbraut frá Steinslæk að þjóðvegi hjá Fífilbrekku.
4. Hamravegur frá þjóðveginum við Selholt að Syðri-Hömrum.
5. Sumarliðabéjarvegur frá þjóðveginum við Sandskörð um malargryfjur við Háagreni að Sumarliðabæ.
6. Ásmundarstaðavegur frá þjóðveginum við Selsand að Ásmundarstöðum.

Í Holtahreppi:

7. Laugalandsvegur frá Landvegi um Laugaland að Nefsholti.
8. Marteinstunguvegur frá Landvegi um Marteinstungu að Götu.
9. Ölvesholtsvegur frá Landvegi hjá Köldukinn að Ölvesholti.
10. Kaldárhóltsvegur frá Hagabraut hjá Saurbæ að Kaldárholti.
11. Fosshólavegur frá Landvegi um Þjóðólshaga að Fosshólum.
12. Litlu-Tunguvegur frá þjóðveginum við Rauðalæk að Litlu-Tungu.
13. Lækjarvegur frá þjóðvegi við Stúfholtshjáleigu um Læk að Akbraut.

Í Landmannahreppi:

14. Hryggjavegur af Ölvesholtsvegi sunnan við Köldukinn að Árbéjarvegi hjá Nónborg.
15. Bjallavegur af Árbéjarvegi norðan við Bjallalæk um Hrólfsstaðahelli að Húsagarði.
16. Útkróksvegir af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
17. Hvammsvegur af Landvegi móts við Múla að Hvammi.

Í Rangárvallahreppi:

18. Heiðarbraut frá þjóðveginum vestan Eystri-Rangár hjá Stóra-Hofi um Reyðarvatnsréttir, Gunnarsholt, Geldingalækina, Þingskála að Svínhagalæk.
19. Gunnarsholtsvegur frá þjóðveginum vestan Varmadalslækjar að Gunnarsholti.
20. Oddhólsvegur frá Oddavegi að Oddhól.
21. Keldnavegur frá Heiðarbraut við sandgræðsluhliðið um Keldur að Reynifelli.
22. Hellubraut frá þjóðveginum hjá dýralæknisbústaðnum gegnum Helluþorp að Helluvaði

Í Hvolhreppi:

23. Stórólshvolsvegur frá þjóðveginum að Stórólshvoli.
24. Móeiðarhvolsvegur frá þjóðveginum austan Djúpadals að Móeiðarhvolshjáleigu.

- 43 25. Árgilsstaðavegur frá Þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
9. marz 26. Hvolsvallarvegur, gamli Þjóðvegurinn, sem liggur gegnum þorpið á Hvolsvelli.

Í Fljótshlíðarhreppi:

27. Vatnsdalsvegur frá Þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
28. Innhlíðarvegur frá Múlakoti að Fljótsdal.

Í Vestur-Landeyjahreppi:

29. Fíflholtsvegur frá Þjóðveginum vestan Fíflholtshverfis um Fíflholt og Gerða að Norður-Hjáleigu.
30. Siglúvíkurvegur frá Þjóðveginum við Fljótsveg að Siglúvík.
31. Akureyjarvegur frá Þjóðveginum við Fljótsveg að Þinghúsinu í Akurey.
32. Eyjarvegur frá Þjóðveginum við Hvítanes um Ey að Berjanesi.

Í Austur-Landeyjahreppi:

33. Affallsvegur af Þjóðveginum norðan Voðmúlastaðahverfis um Kanastaði á Þjóðveginn norðan Úlfsstaða.
34. Krossvegur frá Þjóðveginum vestan við Skiðbakka að Krossi.
35. Hallgeirseyjarvegur af Landeyjavegi austan við Affallsbrú syðri að Hallgeirsey.
36. Selsvegur af Þjóðveginum norðan Voðmúlstaða um Sel á Landeyjaveg syðri.
37. Hólmabæjarvegur frá hreppsmörkum Eyjafjallahrepps um Efri-Vatnahjáleigu á Þjóðveginn norðan Miðeyjar.

Í Vestur-Eyjafjallahreppi:

38. Heimalandsvegur frá Þjóðveginum að Heimalandi.
39. Skálavegur frá Þjóðveginum austan við Hvammsnúp um Núps- og Skálabæi á Þjóðveginn hjá Grund.
40. Hólmabæjarvegur frá Þjóðveginum austan Steinmóðarbæjarhólma suður að Dalselsál norðan og vestan Dalsels um Borgeyrar að hreppamótum V.-Eyjafjallahrepps og A.-Landeyjarhrepps hjá Efri Vatnahjáleigu.
41. Hverfisvegur frá Þjóðveginum austan Holts um Mið- og Systu-Grund milli Indriðakots og Björnskots á Þjóðveginn austan Írár.

Í Austur-Eyjafjallahreppi:

42. Leirnavvegur frá Þjóðveginum vestan Hlíðar framhá Berjaneskoti að Berjanesafleggjara um Leirnahverfi og Miðbælishverfi á Þjóðveginn vestan Bakkakotsár.
43. Laugarvegur frá Þjóðveginum austan Svaðbælisár að sundlauginni.
44. Rauðafellsvegur frá Laugarvegi yfir Laugará um Raufarfells- og Rauðafellsbæi á Þjóðveginn vestan Kaldaklifsárbrúar.
45. Eyvindarhólavegur frá Þjóðveginum vestan Hrótafells að Eyvindarhólum.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðast á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í þorpum. Þó er hreppsfélaginu heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögætum sveitarfundi og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skal vera. Má hann ekki vera lægri en 6‰ og ekki hærri en 12‰ af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minna

af húsverði. Með gjöldum til vegabóta mega teljast vextir og afborganir af lánum, 43 sem tekin eru til sýsluvega.

9. marz

4. gr.

Sýsluvegasjóður greiðir $\frac{2}{3}$ kostnaðar við nýbyggingar og viðhald sýsluvega, en hlutaðeigandi hreppsfélag $\frac{1}{3}$ hluta. Þó getur sýslunefnd ákveðið hærra framlag frá hreppsfélagi.

5. gr.

Hver landeigandi er skyldur að láta af hendi án endurgjalds land það, er þarf undir sýsluveg eða til breytinga og breikkunar á þeim, svo og að leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs, skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningum ásamt áætlun, skal oddviti sýslufundar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Undanþegnar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

8. gr.

Tillag úr rikissjóði fær sýsluvegasjóður eftir því sem ákveðið er í lögum nr. 50 17. maí 1947, eða öðrum lögum, er síðar kunna að verða sett um sama efni.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29 16. desember 1885, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. og lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla niður eldri ákvæði um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1953.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

44

11. marz

AUGLÝSING

um hámarkshraða á vegum á flugvallarsvæðinu við Keflavík.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og að fengnum tillögum vegamálastjóra, er hámarkshraði bifreiða ákveðinn 30 km á klukkustund á öllum akbrautum á flugvallarsvæðinu við Keflavík, nema á aðalbrautinni frá aðalhlíði flugvallarins að flugstöð og hóteli flugvallarins, en þar er hámarkshraði ákveðinn 55 km á klukkustund.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. marz 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

45

11. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 44 27. júní 1924, um störf lóðarskráritarans í Reykjavík.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir þau störf, er lóðarskráritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða grunngjöld í bæjarsjóð sem hér segir:

a. Fyrir mælingu og merkingu lóðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Á svæði, sem liggur utan línu, sem dregin er að vestan frá sjó eftir Grandavegi, Hringbraut, Njarðargötu að Eiríksgötu, eftir Eiríksgötu að Barónsstíg og norður eftir Barónsstíg að sjó:

Þegar stærð lóðar er:

allt að 200 m ²	kr. 100.00
200 m ² — 400 —	— 110.00
400 — — 600 —	— 120.00
600 — — 800 —	— 140.00
800 — — 1100 —	— 170.00
1100 — — 1500 —	— 200.00
1500 — — 2000 —	— 250.00
2000 — — 3000 —	— 300.00

yfir 3000 fyrir hverja 1000 m², að auki, — 50.00

2. Á svæði frá nefndum mörkum í 1. lið að línu, sem dregin er að vestan frá sjó við norðurenda Ægisgötu og eftir Ægisgötu að Vesturgötu, eftir Vesturgötu að Garðastræti, eftir Garðastræti að Túngötu, eftir Túngötu að Suðurgötu, eftir Suðurgötu að Vonarstræti, eftir Vonarstræti að Tjarnargötu, eftir Tjarnargötu suður fyrir mörk lóðar nr. 11, sjónhending þaðan í Lækjarósinn, þaðan eftir Lækjargötu yfir Lækjartorg eftir Kalkofnsvegi að Geirsgötu og eftir Geirsgötu austur til sjávar, tvöfalt það gjald, sem ákveðið er í 1. lið.
3. Á svæði innan þeirra marka, sem lýst er í 2. lið, þrefalt það gjald, sem ákveðið er í 1. lið.

- b. Fyrir staðsetningu húss eða annars mannvirkis á lóð, $\frac{3}{4}$ mælingargjalds samkvæmt staflið a., ef staðsetning krefst ákvörðunar lóðamarka, ella kr. 50.00. 45 11. marz
- c. Fyrir hæðarákvörðun húss eða annars mannvirkis, kr. 50.00.
- d. Fyrir tillöguupprátt vegna lóðarskiptingar eða markabreytinga, sem leyfi byggingarnefndar þarf til, kr. 50.00.
- e. Fyrir áritun skjala um eigendaskipti, kr. 30.00, og afrit af lóðarupprætti sama gjald.
- f. Fyrir önnur störf lóðaskráritara, samkv. ákvörðun hans í hvert skipti.
- Á framangreind grunngjöld skal reiknuð uppbót, samkvæmt gildandi kaupgjaldsvisitölu á hverjum tíma. Gjöldin ber að inna af hendi um leið og þjónustunnar er óskað.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 35 2. nóv. 1914, sbr. lög nr. 35 20. júní 1923, um skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

46

11. marz

um breyting á reglugerð nr. 204 16. október 1952, um einkennisbúning starfsmanna flugmálastjórnarinnar.

1. gr.

Í 2. gr., 1. a., falli burtu setningin „Á reisu skulu vera gylltir útsaumaðir vængir“ o. s. frv., en í staðinn komi:

Á reisu á húfu þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr., a.—f., skulu vera gylltir útsaumaðir vængir og á þá fest skjaldarmerki Íslands, 4 cm hátt, gyllt, úr málm, en þetta er merki flugmálastjórnarinnar.

Á reisu á húfum þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr., g.—i., skal fest merki flugmálastjórnarinnar, allt úr málm.

2. gr.

3. gr., b.-liður orðist svo:

Á Reykjavíkflugvelli:

Flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn og starfsmenn sjóflughafnar.

3. gr.

Í 4. gr., g.-lið, falli burtu orðin „11 mm breiðir gullborðar“, en í staðinn komi: Þrjú 2 mm breiðir gullborðar með 10 mm millibili, er mynda gleitt horn, og skal sá ytri vera 20 mm frá enda axlaspeldis.

4. gr.

Í 4. gr., h.-lið, falli burtu orðin „Tveir 8 mm breiðir gullborðar“, en í staðinn komi: Tveir 2 mm breiðir gullborðar með 10 mm millibili, er mynda gleitt horn, og skal sá ytri vera 20 mm frá enda axlaspeldis.

- 46 11. marz Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1953.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

- 47 12. marz

AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð um söluskatt, nr. 7 frá 10. jan. 1950.

1. gr.

Til viðbótar vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3. gr. reglugerðarinnar, komi:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

40 7 Ósagaður trjáviður í fisktrönur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. marz 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigr. Klemenzson.

- 48 13. marz

REGLUGERÐ

um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

Samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 60 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka:

1. gr.

Í I. launaflokki, með 10 200 króna upphafleg grunnlaun samkvæmt 10. gr. 6 launalaganna, nr. 60 1945, skulu vera þessi læknishéruð:

Álafosshérað	Árneshérað
Akraneshérað	Hofsóshérað
Kleppjárnsreykjahérað	Siglufjarðarhérað
Búðardalshérað	Grenivíkurhérað
Reykholahérað	Breiðumýrarhérað
Flateyjarhérað	Kópaskershérað
Bildudalshérað	Þórshafnarhérað
Bolungavíkurhérað	Vopnafjarðarhérað
Ísafjarðarhérað	Bakkagerðishérað
Súðavíkurhérað	Búðahérað (Fáskrúðsfjarðarhérað)

Djúpavogshérað	Vestmannaeyjahérað	48
Hafnarhérað	Laugaráshérað	13. marz
Kirkjubæjarhérað (Breiðabólstaðar- hérað)	Hveragerðishérað	
Víkurhérað	Hafnarfjarðarhérað	
	Keflavíkurhérað	

Í II. launaflokki með 7 200.00—9 600.00 króna upphafleg grunnlaun samkvæmt 10. gr. 7 launalaganna, skulu vera þessi læknishéruð:

Borgarneshérað	Dalvíkurhérað
Ólafsvíkurhérað	Húsavíkurhérað
Stykkishólms hérað	Egilsstaðahérað
Þingeyrarhérað	Eskifjarðarhérað
Flateyrarhérað	Stórolfshvolshérað
Hólmavíkurhérað	Selfosshérað
Hvammstangahérað	Eyrarbakkahérað
Ólafsfjarðarhérað	

Í III. launaflokki með 6 000.00—7 800.00 króna upphafleg grunnlaun samkvæmt 10. gr. 8 launalaganna, skulu vera þessi læknishéruð:

Patreksfjarðarhérað	Seyðisfjarðarhérað
Blönduóshérað	Neshérað
Sauðárkrókhérað	

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal flokkun læknishéraðanna miðast við 1. janúar 1953. Reglugerðin birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 13. marz 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 67 14. maí 1949.

49

20. marz

1. gr.

c-liður 29. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Innlend fiskiskip, yfir 50 smálestir brúttó, greiða 20 aura af hverri brúttósmálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip ríkisins greiða 30 aura af hverri brúttósmálest, þó ekki oftast en einu sinni í mánuði.

Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða 40 aura af hverri brúttósmálest, í hvert skipti er þau koma þangað.

2. gr.

Síðasti málsliður 30. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vélbátar, 5 smálestir og minni, sem eru eign manna búsettra á Sauðárkróki, greiði kr. 30.00 fyrir hvert ár í hafnargjald. Vélbátar, 5—12 smálestir, greiði kr. 50.00 árlega.

49

3. gr.

20. marz a-liður 35. gr. reglugerðarinnar falli niður og aðrir stafliðir greinarinnar breytist því til samræmis.

4. gr.

38. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald kr. 1.15 hver 100 kg:
Kol, salt, sement.
2. flokkur: Gjald kr. 1.40 hver 100 kg:
Kornvörur, fóðurvörur, áburður.
3. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Mjólkurvörur, sykur, kaffi.
4. flokkur. Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Járn, járnvörur, eldavélar, gólf og veggflísar, vélar, varahlutir í vélar, pappír til húsa-gerðar, vörur til símalagna eða girðinga, strigi, önglar, tvistur, net, pokar, fiskumbúðir.
5. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Bifreiðir, bifreiðavarahlutir.
6. flokkur. Gjald 60 aurar hver 10 kg:
Málningarvörur, kitti, lím, gips, veggfóður, korkvörur, línóleum, gúmmí, pappír, bækur, blek, baðlyf, kerti, oliufatnaður, makkaroní.
7. flokkur. Gjald kr. 1.20 hver 10 kg:
Blikkvörur, oliur, ofnar, leirvörur, smávélar, saumavélar, hreinlætisvörur, glervörur, burstavörur, eldhúshöld, divanar og efni í þá, leður, lyfjavörur.
8. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, kvikmyndir, hljóðfæri, sportvörur, skotfæri, sælgæti, húsgögn, peningaskápar, leikföng, klukkur, mælar, símar, áttavitar.
9. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 10 kg:
Tóbaksvörur, vín, spíritus.
10. flokkur. Gjald kr. 3.20 hver 100 kg:
Olía, benzín, smurolíur.
11. flokkur. Gjald 25 aurar hvert teningsfet:
Timbur.
12. flokkur. Gjald kr. 0.60 hvert teningsfet:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
13. flokkur. Gjald fyrir:
Tómar tunnur og föt kr. 0.70 hvert stykki.
Fullar síldartunnur kr. 1.00 hvert stykki.
Full lýsisföt og oliuföt kr. 4.20 hvert stykki.
Hraðfrystan fisk kr. 1.00 hver 100 kg.
Ísaðan fisk í fiskflutningaskip kr. 0.60 hver 100 kg.
Kjöt kr. 2.50 hver 100 kg.
Stórgrip kr. 5.00 fyrir hvern.
Aðrar skepnur kr. 1.50 fyrir hverja.
14. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.

5. gr.

49

20. marz

41. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Af heildarafla skips greiðast kr. 6.00 af hverri smálest af slægðum fiski með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld, Af hverju máli eða tunnu síldar greiðast kr. 0.50. Kaupandi skal innheimta aflagjaldið og standa skil á því til hafnar-sjóðs innan hálfis mánaðar frá móttöku aflans.

Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum.

6. gr.

46. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greiðast samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, miðað við brúttó-smálest:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur fyrir hvert skip, allt að 300 smálestir brúttó, og 15 aurar fyrir hverja smálest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, allt að 300 smálestir brúttó, og 5 aurar fyrir hverja smálest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist hálf gjald samkv. a-lið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi auglýsingar nr. 264 8. des. 1950 og nr. 9 19. jan. 1951, um breyting á hafnarreglugerð Sauðárkróks, nr. 67 14. maí 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. marz 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

50

23. marz

um breyting á reglugerð nr. 195 15. nóv. 1951, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

3. gr. c. 4 reglugerðarinnar orðist svo:

4. svæði: Rifstangi — Langanes
15. maí — 15. október.
5. svæði: Langanes — Digranes
15. maí — 30. september.
6. svæði: Digranes — Kollumúli
1. júní — 15. október.
7. svæði: Kollumúli — Glettinganes
1. júní — 15. september.
8. svæði: Glettinganes — Gerpir
1. júní — 15. október.

3. gr. c. 5:

5. svæði verður: 9. svæði.

2. gr.

3. gr. d. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir skip í V. flokki:

50
23. marz

1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní.
2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október.
3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember.
4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní.

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkv. tillögum sjóðstjórnar, og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands isl. útgerðarmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma en ákveðinn er í reglugerðinni fyrir viðkomandi svæði, en lækkar hlutfallslega ef úthaldstíminn er styttri.

Bráðabirgðaákvæði:

Ákvæði þessarar reglugerðar, að því er varðar IV. og V. flokk, skulu taka til tímabilsins frá 1. jan. 1951.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkv. lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuálaráðuneytið, 23. marz 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

51
24. marz Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Benedikts Sveinssonar, sýslumanns“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Benedikts Sveinssonar, sýslumanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með dánargjöf frá Ragnheiðar Benediktsdóttur á Akureyri, til minningar um föður hennar, Benedikt Sveinsson, sýslumann. Stofnfé er kr. 10800.00.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Benedikts Sveinssonar, sýslumanns.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum háskólaráðs. Skal það sjá um, að fé hans sé jafnan ávaxtað sem tryggilegast, og gera árlega reikning hans. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður með sama hætti og reikningar annarra sjóða háskólans og birtur í Árbók háskólans.

51

24. marz

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Arður allur af eignum sjóðsins skal lagður við höfuðstól hans, þar til hann nemur kr. 25000.00.

5. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð upphæð þeirri, sem greinir í 4. gr., má árlega veita úr honum sem svarar $\frac{4}{5}$ hlutum tekna sjóðsins undanfarin ár. Skal fé því, er til úthlutunar kemur, varið til námsstyrkja handa efnilegum stúdentum við Háskóla Íslands, og skulu ættmenn Benedikts Sveinssonar ganga fyrir um styrkveitingar úr sjóðnum, en að þeim frágengnum stúdentar úr Skaftafellssýslum.

Þann hluta arðs af eignum sjóðsins, er eigi gengur til styrkveitinga, skal leggja við höfuðstól hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og prenta hana í Árbók háskólans.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

52

24. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður dr. juris Einars Arnórssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 20 000 kr. gjöf dr. juris Einars Arnórssonar, gefin á 40 ára afmæli Háskóla Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og lýtur stjórn háskólaráðs, er sjá skal um að eignir sjóðsins séu jafnan varðveittar tryggilega og ávaxtaðar með sem hagkvæmustum hætti. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Árbók háskólans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann fimmtung árstekna hans. Fjórum fimmtungum teknanna má verja til verðlauna kandidötum fyrir afburða vel leyst skrifleg verkefni við próf í lagadeild, íslenzkum fræðum eða íslenzkri kirkjusögu.

5. gr.

Telji kennarar og prófdómendur í einhverri þeirri prófgrein, sem getur í 4. gr., kandidat hafa leyst skriflegt prófverkefni svo vel af hendi, að hann sé maklegur

52 þess að hljóta verðlaun úr sjóðnum fyrir úrlausn sína, skulu þeir senda háskólaráði
24. marz tillögu sína um verðlaun honum til handa og veitir háskólaráð þá verðlaunin samkvæmt tillögu þeirra.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

53 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigurðar
24. marz Ólafssonar og Sesselju Ólafsdóttur í Hábae í Rangárvallasýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Ólafssonar og Sesselju Ólafsdóttur
í Hábae í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag nokkurra gesta við gullbrúðkaup þeirra 27. júní 1946 og er að upphæð 2400 — tvö þúsund og fjögur höndruð — krónur, sem ávaxtast á í Söfnunarsjóði Íslands.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn ásamt öðrum þeim tekjum, sem sjóðnum kunna að hlotnast, þar til sjóðurinn er orðinn að upphæð 30000 — þrjátíu þúsund — krónur. Þá skal verja þrem fjórðu hlutum vaxtanna samkvæmt 3. gr., en einn fjórði leggist við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn nemur 40000 — fjörutíu þúsund — krónum. Úr því má verja öllum vöxtum til styrkveitinga samkv. 3. gr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unga menn og konur í Djúpárhreppi, sem stunda vilja bóklegt og verklegt búnaðar- og húsmæðranám, þó gangi þeir að öllu jöfnu fyrir, sem stunda nám við slíkar skólastofnanir í Rangárvallasýslu. Styrkurinn veitist 1 pilti og 1 stúlku tvö ár í röð.

4. gr.

Verði hin ákveðna upphæð samkv. 2. gr. ekki greidd úr sjóðnum vegna þess að enginn sótti samkvæmt fyrirætlum 3. gr., má verja hinni áskildu fjárhæð ársins til styrktar fátækum fjölskyldum innan Djúpárhrepps, þeim er orðið hafa fyrir tilfinnanlegu heilsutjóni og þar af leiðandi kostnaði og atvinnumissi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og eru hreppstjóri og oddviti Djúpárhrepps sjálfkjörnir í hana; hinn þriðji skal tilnefndur af ofanefndum á þriggja ára fresti. Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllum tekjum hans, hverju nafni sem nefnast. Henni ber að ávaxta eignir sjóðsins á sem tryggastan hátt og ber hún ábyrgð á að ekkert af þeim glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót og leggur þá fram á næsta sýslunefndarfundum Rangárvallasýslu og hefur sýslunefnd úrskurðarvald um reikninga sjóðsins á sama hátt sem um hreppsreikninga sýslunnar.

6. gr.

53

Endurskoðendur ber hreppsnefnd Djúpárhrepps að kjósa til þriggja ára í senn. 24. marz
Skulu þeir gæta þess vandlega að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt og
vanda um ef út af er brugðið.

7. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarnefndarinnar fyrir lok
júlímánaðar ár hvert. Við úthlutun styrksins skal vandlega tekið tillit til ástæðna
og hæfileika umsækjenda og gildir í öllu það sama um karl sem konu.

8. gr.

Sannist það, að styrkþegi verji styrknum í verulegum atriðum gagnstætt fyrir-
mælum skipulagsskrár þessarar, missir sá eða sú rétt til styrksins framvegis.

9. gr.

Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur af því að engin umsókn hefur borizt,
er það á valdi stjórnarinnar hvort hún á næsta ári veitir því meiri styrk sem upp-
hæðinni nam eða jafnar því niður á fleiri ár.

10. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starf sitt.

Hábæ, 8. september 1946.

Sigurður Ólafsson. Sesselja Ólafsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Kirkjubæjar á Rang- 54
árvöllum“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 24. marz
1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Kirkjubæjar á Rangárvöllum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Kirkjubæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Boga Thorarensen, af fé því, er vinir hans heiðruðu
hann með við burtför hans úr Rangárvallahreppi vorið 1950.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10740 — tíu þúsund sjö hundruð og fjörutíu — krónur.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir.
- b. Gjafir og aðrar tekjur, er honum kunna að áskotnast.

54

24. marz

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Rangárvallahrepps, oddviti Rangárvallahrepps og formaður búnaðarfélags Rangárvallahrepps eða þeir, sem seinna kunna að vinna þeirra störf, þó undir öðrum nöfnum kunni að verða. Skipi sami maður tvö eða fleiri af þessum störfum, er um ræðir, skipar hreppsnefnd Rangárvallahrepps menn, er á vantar til þess að full tala stjórnar fáist. Stjórnin velur sér formann. Skal hún annast fjárreiður sjóðsins og sjá um ávöxtun hans.

5. gr.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega heiðursverðlaun til Rangvellinga fyrir:

- a. Bezta fóðrun og hirðingu búfjár.
- b. Bezta ræktun.
- c. Fegursta skrud- eða trjágardinn.

Á meðan sjóðurinn er lítills megnugur skulu verðlaunin vera skrautprentað skjal undirritað af stjórn sjóðsins, en seinna þegar sjóðurinn eflist, skulu að auki veitast gripir, er séu til heimilisprýði, svo sem málverk o. fl. Verðlaunin séu ævarandi eign býlanna.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina ber að færa allar fundargerðir stjórnarinnar, heiðursverðlaunaveitingar, reikninga og allt, er varðar hag hans og rekstur.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða og auka tilgang sjóðsins, þó ekki fyrr en vorið 2000.

9. gr.

Reikningar sjóðsins endurskoðist af sýslunefnd Rangárvallasýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Kirkjubæ, 12. maí 1950.

Bogi Thorarensen.

55

24. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ og er gefinn af barnabörnum þeirra á minningarsamkomu að Selfossi þann 30. okt. árið 1948.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2700 — tvö þúsund og sjö hundruð — krónur og má aldrei skerðast. Skal það ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri tryggri stofnun.

3. gr.

55

Sjóðurinn tekur við hvers konar gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans. 24. marz

4. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrir en höfuðstóll hans nemur kr. 10000.00. Eftir það má verja $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta til styrktar samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er tvenns konar og styrkist að jöfnu:

- a. Hvers konar kirkjuleg starfsemi við Háþéjarkirkju í Þykkvabæ.
- b. Slysavarnafélag Íslands.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu jafnan vera afkomendur áðurnefndra hjóna lið fram af lið, sem búsettir eru eða kunna að verða hér í Þykkvabæ, annars skal sóknarnefnd Háþéjarkirkju koma í þeirra stað. Nefndin kýs sér formann. Nefnd þessi skal jafnframt annast fjársöfnun til sjóðsins og sjá um eflingu hans. Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Sjóðurinn skal vera undir yfirstjórn sýslunefndar Rangárvallasýslu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn sjóðsins:

Ólafur Sigurðsson.

Ólafur Friðriksson.

Ólafur Þórðarson.

REGLUGERÐ

56

26. marz

um mat á frystum fiski til útflutnings.

I. KAFLI

Lágmarksákvæði um aðbúnað og áhöld við framleiðslu á hraðfrystum fiski til útflutnings.

1. gr.

Gólf í fiskmóttökuhúsi, þar sem fiskur biður vinnslu eða hvers konar vinna við fisk fer fram, skulu vera slétt, ósprungin og með nægum vatnsrennslishalla og frárennslis í góðu lagi. Allir veggir skulu ljósmálaðir.

2. gr.

Ef hraðfrystihúsið sjálft hefur ekki isframleiðslu, verður það sannanlega að geta aflað sér iss annars staðar að, hvenær sem þörf er.

3. gr.

Vatn, sem notað er til þvottar á fiski, áhöldum og húsnæði, má ekki innihalda óheilnæm efni.

56 Ef ekki er talið öruggt að vatnið sé heilnæmt, ber yfirfiskmatsmanni að láta
26. marz rannsaka það. Viðkomandi frystihús kostar rannsóknina.
Aðrennsli vatns verður að vera það mikið, að það fullnægi öllum þörfum við framleiðsluna.

Áhöld til að þvo fiskinn á fullkominn hátt verða að vera fyrir hendi.

4. gr.

Hvers konar færibönd skulu vera úr efni, sem auðvelt er að halda hreinu, og ekki trosnuð eða sprungin.

Allar uppistöður, sem bera færibönd, verða að vera málaðar eða úr ryðfríu efni.

5. gr.

Vinnuborð eða hlutar úr vinnuborðum, þar sem flökun fisksins fer fram, eða flökin eru snyrt og skorin, skulu vera úr ómáluðum harðviði.

6. gr.

Áhöld við speglun og snyrtingu á flökum verða að svara til þess, að hvert fiskflak sé unnt að spegla og snyrta á spegli með fyllstu vinnuafköstum frystihússins.

7. gr.

Hvers konar vinnuborð, önnur en um ræðir í 7. gr., skulu vera úr ryðfríu efni eða hvítlökkuðu tré.

8. gr.

Hvers konar bakkar, pönnur eða áhöld, sem notuð eru við vigtun, pökkun, tilfærslu eða geymslu fiskflaka, skulu vera úr ryðfríu efni, svo sem ryðfríu stáli, plasti eða öðrum hliðstæðum efnum, en algerlega er bannað að nota smellt (emalleruð) ílát.

9. gr.

Allar pönnur, sem fiskur er frystur í, skulu vera heilar, óbeyglaðar og lausar við ryð eða önnur óhreinindi.

Sama gildir um ramma, sem notaðir eru í þessum tilgangi.

10. gr.

Frystitækin skulu vera laus við ryð eða önnur óhreinindi og afþiljuð frá öðru vinnusvæði frystihússins.

Í sambandi við notkun frystitækjanna skulu vera hitamælar, sem t. d. sýna hitastig í frystiefni við útstreymi úr frystitækjunum eða mælar, sem stungið er inn í fiskinn meðan á frystingu stendur, til þess að ákvarða hvenær fiskurinn er frystur niður í tilskilið hitastig. Þegar fiskurinn er látinn í frystigeymslu að frystingu lokinni, má hitastig hans ekki vera hærra en -20° C., enda skal hitastig í frystigeymslu, þar sem frystur fiskur er geymdur, ekki vera hærra en -20° C.

Séu frystitækin af þeirri gerð, að frystingin byggist á fullri snertingu milli tveggja flata, skal afmarka hæfilegan þrýsting fyrir fiskinn með römmum, sem fryst er í, eða með sérstökum listum.

11. gr.

Frystigeymslur skulu vera með rimlun eða grindum á gólfi, sem halda fiskinum a. m. k. 10 cm frá gólfinu og ekki má hlaða nær útveggjum en svo, að unnt sé hvenær sem er að komast meðfram veggjum til þess að athuga ástand fisksins.

Í öllum geymslum, þar sem frystur fiskur er geymdur, skulu vera hita- og rakamælar, sem yfirfiskmatsmaður telur fullnægjandi.

12. gr.

56

26. marz

Í hverju hraðfrystihúsi skal vera löggilt dagbók, sem fiskmatsmanni þeim, er starfar hjá frystihúsinu, er skylt að færa daglega inn í ýmiss atriði varðandi mótöku, vinnslu og geymslu fisksins.

Sölusamtök frystihúsanna og fiskmatsstjóri ákveða sameiginlega í hvaða formi dagbækurnar eru gerðar.

Í hvert sinn, sem yfirfiskmatsmaður kemur í frystihúsið til eftirlits, skal hann skrá athugasemdir sínar í dagbók frystihússins. Eftirlitsmönnum, er vinna hjá sölusamtökum hraðfrystihúsanna, er einnig heimilt að skrá sínar athugasemdir í dagbók frystihússins.

Dagbækurnar skulu löggiltar af lögreglustjóra.

II. KAFLI

Hreinlætistæki, klæðnaður og aðbúnaður verkafólks.

13. gr.

Klæðnaður verkafólks, sem vinnur að snyrtingu, vigtun eða innpökkun flaka, skal vera hvítir sloppar. Konur skulu bera hvíta höfuðkappa.

Við flökun fisksins, svo og alla aðra vinnu við hann, þar til hann er frosinn, má ekki nota aðra vinnuhanzka en úr gúmmi eða öðru hliðstæðu efni.

14. gr.

Starfsfólk frystihúsa skal hafa fengið heilbrigðisvottorð frá lækni um að það sé ekki haldið smitandi sjúkdómi. Skulu slík vottorð endurnýjuð tvisvar á ári og oftár, ef ástæða þykir til.

15. gr.

Sérstök geymsla skal vera fyrir klæðnað verkafólks, svo og hrein og upphituð kaffistofa.

16. gr.

Í frystihúsi skulu vera vatnssalerni, fullnægjandi aðrennsli vatns, svo og frárennsli og loftræsting í fullkomnu lagi.

Ekki má ætla meira en 20 manns sama salernið, og séu karlar fleiri en 10, skulu vera sérstakar þvagskálar.

Áskilin eru sérstök snyrtiherbergi með handlaugum, hreinu rennandi vatni, sápu og hreinum handþurrkum.

17. gr.

Nægilegt magn af viðurkenndum sótthreinsandi og gerileyðandi efnum til hreinsunar á húsi, áhöldum, hreinlætistækjum o. s. frv. skal ætíð vera fyrirliggjandi.

18. gr.

Hraðfrystihús skulu hafa vottorð frá viðkomandi yfirfiskmatsmanni um það, að þau fullnægi settum skilyrðum til framleiðslu, eins og segir í kafla I og II þessarar reglugerðar. Vottorð þessi skulu endurnýjuð tvisvar á ári og oftár, ef yfirfiskmatsmanni finnst ástæða til.

Telji yfirfiskmatsmaður, að fiskur sé unninn við óviðunandi skilyrði að hans dómi, samkvæmt kafla I og II þessarar reglugerðar, getur hann ákveðið, að í útflutningsvottorði með fiskinum sé þess getið, að hann sé unninn við lakari skilyrði en Fiskmat ríkisins ákveður með þessari reglugerð.

III. KAFLI

Mat á hraðfrystum fiskflökum eða fiski.

19. gr.

Allur frystur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal háður eftirliti og vera metinn af hinu opinbera fiskmati, samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

20. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn alls fiskmats í landinu. Yfirfiskmatsmenn stjórna matinu, hver í sínu umdæmi, en hlíta forustu fiskmatsstjóra samkvæmt nánari ákvæðum laga nr. 46 5. apríl 1948. Til aðstoðar við mat og eftirlit eru einnig skipaðir fiskmatsmenn og hleðslustjórar, og vinna þeir undir stjórn fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna.

Fiskmatsmenn eru skyldir að hlýða yfirfiskmatsmönnum og fiskmatsstjóra samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá að því er snertir mat og meðferð fisksins.

Lögreglustjórar skipa fiskmatsmenn og hleðslustjóra eftir tilnefningu fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna, eins og nánar er fram tekið í erindisbréfum þeirra.

Atvinnumálaráðuneytið setur öllum þessum starfsmönnum erindisbréf um störf þeirra og skyldur.

21. gr.

Fiskmatsmenn skulu vera einn eða fleiri í hverju hraðfrystihúsi. Matsmenn, sem gegna störfum við hinar ýmsu greinar fiskmatsins, skulu hafa samráð og samvinnu í störfum, eftir því sem við á.

22. gr.

Gæðamat á hraðfrystum fiski til útflutnings skiptist í tvö stig, fyrsta og annars flokks.

Grundvallaratriði fyrir gæðamati á fyrsta flokks hraðfrystum fiski eru eftirfarandi:

1. Fiskurinn sé óskemmd og heilnæm vara þegar frysting fer fram.
2. Fiskflökin séu hrein.
3. Fiskflökin séu laus við orma og aðrar hliðstæðar meinsemdir.
4. Fiskflökin séu ekki sundurlaus á fiskholdið og með eðlilegum lit.
5. Fiskflökin séu vel snyrt, ekki með viðhangandi fisktægjum, himnum, leifum af uggum o. s. frv.
6. Fiskflökin séu ekki með blóðblettum, stungum eða rifum. Ekki blóðmarin eða dökk vegna slæmrar blóðgunar fisksins.
7. Fiskflökin séu ekki pökkuð á neinn þann hátt, sem spillt geti gæðum þeirra.
8. Frysting flakanna hafi farið fram svo sem segir í 10. gr., I. kafla, þessarar reglugerðar, og sé ekki hærra hitastig í geymslu en $\div 20^{\circ}$ C.
9. Fiskflökin séu laus við þráa og þornun eða aðrar geymsluskemmdir.
10. Fiskflökin séu í hreinum og rétt merktum umbúðum.
11. Fiskflökin standi tilskylda nettóvigt án umbúða og klaka.

Sé fiskurinn heilfrystur gilda sömu atriði og hér hafa verið talin, þar sem þau eiga við, en auk þess eftirfarandi:

1. Ekki séu eftir í kviðarholi fisksins leifar af neinum innyflum.
2. Þunnildin séu heil og útlitsgóð.
3. Íshúðað sé vel og örugglega.

Í frystigeymslum, þar sem frystur fiskur er geymdur, má ekki geyma neina

aðra vöru, sem getur haft áhrif á lykt, bragð eða útlit fisksins. Þegar önnur vara 56 en frystur fiskur er sett í sömu geymslu, skal sú vara ekki hafa hærra hitastig en 26. marz ákveðið er um frystan fisk samkv. þessari reglugerð.

23. gr.

Allar innri umbúðir, hvort sem eru öskjur eða pappír, skal merkja á eftirfarandi hátt:

1. Fisktegund; að varan sé framleidd á Íslandi; þyngdareining.
2. Þá skal vera í hverri öskju eða blokkfrystri pakkningu, merki, er sýnir hvaða frystihús sé framleiðandi vörunnar.
3. Ef flök eða flakahlutar eru sérvaðin í öskjum, þannig að út komi fleiri en einn vafningur, skulu vafningarnir bera sömu merki.
4. Ef vafningarnir eru ekki sérvegnir með ákveðna þyngd, verða þeir að bera merki um, að þeir skulu vegnir við sölu ("TO BE WEIGHED WHEN SOLD"). Ytri umbúðir skal merkja á eftirfarandi hátt:

Fisktegund; að varan sé framleidd á Íslandi; merki, er sýnir hvaða frystihús er framleiðandi; merki, er sýnir hvaða ár og hvaða mánaðardag fiskurinn er framleiddur; tölu innri pakkninga og þyngd þeirra.

24. gr.

Sölusamtök framleiðenda eða aðrir einstakir útflytjendur gefa út fyrirmæli til frystihúsanna um pökkun, stærðar- og þyngdarflokkan fisksins o. s. frv., fyrir hina ýmsu markaði. Skulu slík fyrirmæli ávallt borin undir fiskimatsstjóra, áður en þau koma til framkvæmda.

25. gr.

Hraðfrystan fisk má meta hvenær sem er, um leið eða eftir að hann hefur verið fullframleiddur og er þá framleiðsla hraðfrystihússins metin til ákveðins mánaðardags. Líði það langur tími frá því að fiskurinn var metinn og þar til hann er fluttur út, að ástæða virðist vera til þess að óttast geymsluskemmdir eða skemmdir af öðrum ástæðum, skal athuga fiskinn með tilliti til þess áður en hann er fluttur út.

26. gr.

Sá fiskur, sem við mat ekki telst fyrsta flokks vara, skal þá strax og matið hefur farið fram, auðkenndur með sérstöku merki og honum haldið aðskildum frá öðrum fiski í frystigeymslu og útflutningsskipum. Sölusamtök og fiskmatsstjóri ákveða sameiginlega hvaða merki skuli nota.

Þegar mat hefur farið fram og einhver hluti fisksins dæmist ekki fyrsta flokks vara, skal yfirfiskmatsmaður senda sölusamtökum viðkomandi frystihúss skýrslu um það, svo og um hve mikið magn sé að ræða, hvaða fisktegundir og hvaða pakkningar.

27. gr.

Um borð í öllum skipum, er lesta frosinn fisk til útflutnings, skal vera hleðslustjóri, ráðinn til starfsins af sölusamtökum og samþykktur af fiskimatsstjóra.

Hleðslustjóra ber að ábyrgjast, að vel sé farið með vöruna, sem lestuð er, svo að útlit eða gæði hennar spillist á engan hátt og að öll merking sé fullkomin og greinileg.

Að lestun lokinni skal hleðslustjóri skila til útflytjanda sundurliðaðri skrá um farminn eftir fisktegundum, pakkningum o. s. frv.

56 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og
26. marz meðferð, verkun og útflutning á fiski og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. marz 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

57

26. marz

REGLUGERÐ

fyrir læknavitjanasjóð Súðavíkurhéraðs í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknavitjanasjóður Súðavíkurhéraðs í Norður-Ísafjarðarsýslu. Er starfssvið hans sjö hreppar þessa héraðs, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjafjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknavitjanasjóði, og kemur í stað læknavitjanasjóðs Hesteyrar- og Ögurhéraðs, sem sameinuð voru í eitt læknehérað með lögum nr. 21/1951, Súðavíkurhérað.

Stofnfé sjóðsins eru sjóðseignir læknavitjanasjóða Ögurhéraðs og Hesteyrarhéraðs.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa nefndra hreppa til læknavitjunar, eða auðvelda þeim læknessóknina á annan hátt, svo og að létta héraðsbúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum héraðsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru: Sýslumaðurinn í Norður-Ísafjarðarsýslu og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita þeirra hreppa, er að sjóðnum standa. Sýslumaður er formaður sjóðstjórnarinnar og er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkisins, er nemur árlega tveim krónur á hvern íbúa þeirra hreppa, er að sjóðnum standa.
2. Tillag hreppanna, er nemur einni krónu á hvern íbúa áður nefndra hreppa.
3. Áheiti og gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast.
4. Læknavitjunarstyrkir, sem veittir kunna að verða.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári, og eigi síðar en fyrir lok janúarmánaðar næsta ár skulu allir reikningar yfir kostnað þann, er sjóðnum er ætlað að taka þátt í, vera komnir til formanns sjóðstjórnarinnar og skal þá sjóðstjórnin úthluta styrkjum úr sjóðnum.

6. gr.

Tillagi ríkissjóðs samkv. 1. tölulið 4. greinar, ásamt tilskildu þriðjungs framlagi á móti, svo og læknavitjunarstyrkjum, sem veittir kunna að verða í fjárlögum til héraðsins, samkv. 4. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar héraðsbúum vegna kostnaðar af læknavitjunum.

Héraðsbúar njóta að jafnaði læknisvitjunarstyrks úr sjóðnum í hlutfalli við 57 kostnað þeirra af læknisvitjunum. Þó geta þeir eigi vænt slikra styrkja úr sjóðnum, 26. marz sem ekki hafa orðið fyrir minnst kr. 30.00 kostnaði á árinu.

Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því, sem við verður komið og á tryggan hátt, en gæta þess jafnan, að sá hluti þess, sem verja ber til læknisvitjunarstyrkja, sé jafnan handbær, ef til þarf að taka.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðanda sýslusjóðsreikninga Norður-Ísafjarðarsýslu árlega. Skal landlækni sent eitt eintak reikninga sjóðsins áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

9. gr.

Sjóðsstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins að þeir héraðsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi ver settir, að því er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir héraðsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 26. marz 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178 frá 13. desember 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðarstjóra.

58

27. marz

1. gr.

Síðari málslíður 6. málsgreinar 8. gr. orðist svo: Ökukennararéttindi falla niður 4 árum eftir útgáfu leyfisbréfs, ef það hefur ekki verið endurnýjað.

2. gr.

Í stað orðanna „síðara ár gildistíma“ o. s. frv. í 7. málsgrein 8. gr. komi: Síðasta ár gildistíma o. s. frv.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytið, 27. marz 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um ýmis ákvæði um starfstilhögun á skipum á alþjóðasiglingaleiðum.

I. Farþegaskip.

1. gr.

Áður en farþegaskip lætur úr höfn til útlanda, skal vandlega loka öllum landgöngu-, farm- og kolahliðum, enn fremur vatnsheldum hurðum í skiljum, þar með taldar, 1) vatnsheldar hurðir á hjörum í millipilfarsskilju, sem aðskilur farmrúm, 2) vatnsheldar hurðir milli kolarúma á millipilfari undir skiljuþilfari, 3) op á vélarúmsskiljum, sem lokað er svo vatnshelt sé, með loki, sem taka má af.

Á ferð skipsins má ekki opna hinar vatnsheldu hurðir í skiljunum, nema brýn nauðsyn sé til vegna starfa í skipinu, eða þegar áfingar eru gerðar samkvæmt 3. gr. Á öðrum tíma skulu þær ávallt vera lokaðar.

Ef í vatnsheldri aðal-þverskipsskilju eru aðrar vatnsheldar hurðir en fyrir ásgöngum, í þeirri hæð, að neðri brún þeirra sé undir dýpstu hólfunarhleðslulínu, og þannig gerðar, að þeim verði lokað samtímis og með vélaútbúnaði frá stjórnþalli, þá skal áður en þeim er lokað á þennan hátt gefið hljóðmerki, sem allir þekkja, til viðvörunar.

2. gr.

1. Ef neðri brún ljóra, sem er milli þilfara á farþegaskipi, sem fer milli landa, er undir línu, sem dregin er með súðinni jafnhliða skiljuþilfari þannig, að lægsti punktur hennar er 1.37 m, að viðbættum $2\frac{1}{2}$ af hundraði af breidd skipsins fyrir ofan hleðslulínu þá, sem skipið liggur á, er það lætur úr höfn, skal loka öllum þessum ljórum tryggilega, svo vatnshelt sé, og má ekki opna þá á leiðinni.

Þegar ofangreinds er gætt, má taka tillit til djúpristu skipsins, ef það liggur í fersku vatni.

2. Þeim ljórum og ljórahlerum, sem ekki eru aðgengilegir á ferðum skipsins, skal loka tryggilega áður en farið er af stað.

3. Ljórum, sem komið er fyrir undir takmarkalínunni á þeim rúmum, sem ýmist eru notuð fyrir farþega eða farm, skal lokað tryggilega, svo vatnshelt sé, þegar rúmið er notað fyrir farm.

4. Lausir ljórahlerar, sem hafðir eru fyrir ljórum undir skiljuþilfari, skulu, séu þeir teknir frá ljórunum, geymdir hver við sinn ljóra.

5. Vatnshelt lok fyrir ösku- og sorppípur, sem hafa afrás undir takmarkalínunni, skulu vera lokuð, þegar ekki er verið að nota pípunar.

3. gr.

1. Þegar skip er á ferð, skal vikulega halda æfingu í meðferð vatnsheldra hurða, ljóra og meðferð á lokunartækjum frá ræsa, ösku- og sorppípu, og enn fremur prófun á hinum sjálfvirka neyðarlýsingarútbúnaði.

Sé skip lengur en eina viku á ferð milli hafna, skal fara fram fullkomin æfing, áður en skipið leggur úr höfn, og svo eftir það einu sinni í viku, meðan ferð stendur yfir. Þó skulu allar vatnsheldar hurðir, sem nauðsynlega þarf að nota á ferðinni, athugaðar daglega.

2. Þær vatnsheldu hurðir, þar með talin lokunar- og tilvisunartæki, enn fremur lokar, sem verða að vera lokaðir til þess að rúm verði vatnshelt, skulu á meðan á ferð stendur skoðaðir reglulega, að minnsta kosti einu sinni í viku.

4. gr.

1. Sérhverjum björgunarbát skal stjórnað af áður ákveðnum manni, sem skal vera stýrimaður eða háseti með ræðaraskirteini, enn fremur skal fyrir fram ákveða, hver vera skuli varastjórnandi bátsins. Stjórnandi björgunarbátsins skal hafa skrá yfir bátverja og verður að sjá um, að bátverjum sé kunnugt um það starf, sem sérhverjum þeirra ber að inna af hendi.

2. Á sérhverjum mótorbjörgunarbát skal vera maður, sem hefur góða þekkingu á mótornum og stjórn hans.

3. Á sérhverjum mótorbjörgunarbát, sem hefur loftskeytasendistöð og ljóskastara, skal vera maður, sem kann að fara með stöðina og það, sem henni fylgir.

5. gr.

1. Á meðan skipið er á leiðinni, skal hafa fullnægjandi brunavörzlu, svo eldsuppkomu, ef að höndum ber, verði vart eins fljótt og unnt er.

2. Áður en skip leggur upp í ferð, skal þess gætt, að öll brunatæki skipsins séu albúin til notkunar. Sérstaka árvekni ber að hafa vegna brunahættu á þeim stöðum, þar sem bifreiðar eru fluttar.

II. Farþegaskip á alþjóðasiglingaleiðum og vöruflutningaskip, 500 rúmlestir og stærri, á sömu leiðum.

6. gr.

Áður en skip lætur úr höfn, skal allri skipshöfninni gefin fyrirskipun um það, hvaða starf hverjum manni er ætlað að inna af hendi, þegar ákveðin merki eru gefin. Þessi fyrirskipun er gefin með starfsskrá, og skal í henni tekið fram, hvar hverjum af skipshöfninni er ætlaður staður og starf, að því er tekur til:

- a. lokunar á vatnsheldum hurðum og lokum o. s. frv.;
- b. útbúnaðar báta, hjargfleka og hjargtækja almennt, og fara með loftskeytasenditækið í bátinn;
- c. að setja báta, sem eru undir bátsuglum, á flot;
- d. að gera aðra báta, hjargfleka og fleytitæki yfirleitt tilbúin;
- e. að kveðja saman farþega;
- f. að slökkva eld.

Starfsskráin tiltekur einnig, hvert starf sé ætlað veitingafólkinu, ef slys ber að höndum, að því er að farþegum lýtur, og þá sérstaklega:

- a. að gera farþegum aðvart;
- b. að sjá um, að þeir klæðist og færi sig vandlega í hjargbeltið;
- c. að kveðja þá saman á tiltekinn stað;
- d. að halda uppi reglu á göngum og í stigum og stjórna almennt umferð farþeganna, og enn fremur sjá um, að teppi séu látin í bátana.

Starfsskráin skal tilgreina þau sérstöku viðvörunarmerki, er kalla alla skipshöfnina á sinn stað við bátana, eða er bruna ber að höndum. Auk þess skal hún hafa að geyma nákvæma lýsingu á þessum merkjum.

Í klefum farþega og öðrum vistarverum þeirra skulu vera spjöld með skýringum á ýmsum tungumálum á öllum þeim merkjum, er farþega varða. Aðvörunarmerki það, er kallar farþega á tiltekna staði, skal vera 7 stutt hljóðmerki og síðan eitt langt, gefin með blístrunni eða gufunni. Til viðbótar við þessi hljóðmerki skal á öllum skipum, sem ekki eru í stuttum ferðum á alþjóðasiglingaleiðum, koma hljóðmerki frá rafknúnu tæki, sem heyrir um allt skipið, og skal því stjórnað frá stjórn-palli.

59 Áður en ferð er hafin, skal starfsskráin fullgerð og hengd upp á áberandi stað 28. marz og sérstaklega í vistarverum skipshafnar.

7. gr.

Á farþegaskipum skal báta- og brunaæfing fara fram vikulega, þegar því verður við komið, og á skipum, sem eru meira en viku í ferð, skal hafa þessar æfingar áður en skipið leggur úr síðustu höfn.

Á vöruflutningaskipum skulu báta- og brunaæfingar fara fram mánaðarlega. Á farþegaskipum skal, innan 24 klst. eftir að skipið hefur látið úr höfn, haldin æfing með farþegunum. Þetta nær þó ekki til skipa, sem ekki fjarlægjast örugga höfn meira en 200 sjómálur eða ef vegalengdin frá síðustu höfn, sem skipið leggur út frá til fyrstu hafnar, er ekki lengri en 600 sjómílur. Báta- og brunaæfingum skal þannig hagað og stjórnað, að bátsverjar fái raunhæfa og góða æfingu í öllu því, sem gera skal.

III. Gæzla á raforkuvirkjum í skipum.

8. gr.

1. Stöðugt skal þess gætt, að ásigkomulag allrar einangrunar sé í góðu og öruggu lagi.

Í raforkuvirkjum, sem hafa jarðbundna lampa, skal einangrunarinnar gætt með því að athuga ljósmagn lampanna. Í skipum, sem eru stærri en 500 rúml. brúttó, er nauðsynlegt að mæla einangrunarmótstöðuna reglulega. Þegar veruleg breyting verður á einangrunarmótstöðunni, skal þegar reynt að finna gallana og ráða bót á þeim.

2. Öllum rafmagnsvélum og tækjum skal vel við haldið, svo að þau trufli ekki starfrækslu loftskeytastöðvarinnar.

3. Öllum færarlegum lömpum og tækjum, ásamt raftaugum þeirra, skal vel við haldið og fljótt bætt úr göllum þeirra.

IV. Færsla eftirlitsbókar.

9. gr.

Í eftirlitsbókina skal greinilega rita:

1. Hvenær opum þeim, sem um getur í 1. og 2. gr., var lokað eða þau opnuð.
2. Hvenær æfingar, samkvæmt 3. gr., hafi farið fram og hvaða gallar, ef einhverjir eru, hafi komið í ljós.
3. Hvenær æfing hafi farið fram samkvæmt 7. gr. Hafi hún ekki farið fram á réttum tíma, skal þess getið og hvaða ástæður hafi verið þess valdandi.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 44 13. júlí 1936, um ýmis ákvæði, er snerta starfshögun á farþegaskipum á alþjóðasiglingaleiðum.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. marz 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um áhöfn björgunarbáta, ræðaraskírteini o. fl.

60

28. marz

1. gr.

Á farþegaskipum, sem eru í ferðum á alþjóðasiglingaleiðum, skulu vera ræðarar með ræðaraskírteini fyrir hvern björgunarbát, sem hér segir:

Hámarkstala þeirra manna, er báturinn má flytja:	Tala ræðara með ræðaraskírteini:
41 maður eða færri	2
41 til 61	3
62 til 85	4
85 eða fleiri	5

2. gr.

Sá, sem óskar eftir að öðlast ræðaraskírteini, skal sanna fyrir siglingafróðum skipaskoðunarmanni, að hann hafi nægilega þekkingu og leikni í öllu, er lýtur að því að setja björgunarbáta skips útbyrðis, kunni að róa, sigla og stjórna bát og að hann enn fremur sé fær um að skilja skipanir, er að vinnu við björgunarbát lýtur og framkvæma þær. Hann skal vera fullra 17 ára og hafa verið í siglingum minnst 12 mánuði.

3. gr.

Rétt til þess að öðlast ræðaraskírteini án prófs hefur sá:

- sem öðlast hefur skipstjóra- og stýrimannsskírteini;
- sem hefur verið bátsmaður eða fullgildur háseti í a. m. k. 12 mánuði á skipi, sem er í siglingum.
- sem hefur verið trésmiður á skipi í 24 mánuði.

4. gr.

Ræðaraskírteini skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra, siglingafróðum skipaskoðunarmanni Skipaeftirlits ríkisins eða öðrum, sem fengið hafa umboð til þess af skipaskoðunarstjóra.

5. gr.

Ræðaraskírteini skulu gefin út án endurgjalds eins og sýnt er í meðfylgjandi viðauka.

Ræðaraskírteini, útgefin samkvæmt auglýsingu nr. 135 28. júlí 1934, halda gildi sínu.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 135 28. júlí 1934, um ræðaraskírteini.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. marz 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

60 Fylgiskjal.

28. marz



Ég undirritaður, sem falið hefur verið að gefa út ræðaraskírteini, lýsi hér með yfir því, að

.....
 sem er fæddur þann
 hefur á fullnægjandi hátt sannað fyrir mér, að hann uppfylli skilyrði þau, sem um getur í auglýsingu samgöngumálaráðuneytisins, nr. 60 28. marz 1953, 2. gr.

Með skírskotun til framanritaðs veitist honum hér með

RÆÐARASKÍRTEINI

Reykjavík, 19....

61

28. marz

REGLUR**um flutning á hættulegum varningi.****1. gr.**

Ákvæði þessara reglna um umbúðir, merkingu, búlkun og flutning á hættulegum varningi, gilda um öll íslensk skip, en undanþegin þessum ákvæðum eru oliuflutningaskip, sem flytja olíu og eru til þess smíðuð eða hólfuð á sérstakan hátt.

Um merkingu og umbúðir á hættulegum varningi, sem tekinn er í íslenskt skip í erlendri höfn til flutnings eða til umhleðslu innan íslenskrar landhelgi, gilda annað hvort þessar reglur eða reglur, sem í gildi eru um sama efni í landinu, þar sem varningurinn er látinn í skipið.

Ákvæðin gilda um:

1. Þjappaðar lofttegundir.
2. Ætandi eða tærandi efni.
3. Eitruð efni.
4. Efni, sem mynda eldfimt loft eða gufu.
5. Efni, sem geta orðið hættuleg í sambandi við vatn.
6. Efni, sem eru mjög eldnærandi og mjög eldfim.
7. Sjálfkveikjandi efni.
8. Sprengiefni.
9. Takmarkað magn af efni, sem notað er á rannsóknarstofum og/eða lyfjavörum.
10. Annar hættulegur varningur.

2. gr.

Sendandi vörunnar ber ábyrgð á, að um þær sé búið og þær merktar samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. þessara reglna. (Sjá enn fremur ákvæði 31. gr. siglingalaga, nr. 56/1914, um skyldur skipstjóra.)

3. gr.

Umbúðirnar skulu vera við hæfi vörunnar og í góðu ásigkomulagi og vera úr þvítíku efni og þannig gerðar, að varan geti ekki haft áhrif á þær að innan, svo hætta stafi af.

61

28. marz

4. gr.

Áður en hættulegur varningur er látinn í skip, skulu umbúðirnar vandlega merktar. Merkið skal málað á umbúðirnar eða þær merktar með merkiseðli, sem límdur er á þær, og skal stærð og útlit merkjanna vera eins og fyrirmynd sýnir, sbr. fylgiskjal.

Merkin skulu segja til um tegund vörunnar, eins og hér er greint.

*Tegund vörunnar:**Merkiseðill:*

Efni, sem mynda eldfimt loft eða gufu:	
a. Blossamark undir 22.8° C. (73° F.)	A 1
b. Blossamark milli 22.8° C. (73° F.) og 65.6° C. (150° F.)	A 2
Loftegundir, sem eldhætta stafar af	A 3
Flugeldar og þess háttar (búðarvörur)	B
Eiturefni	C
Eyðandi efni	D
Eldnæm efni	E
Sýrandi efni (Oxidising agent)	F
Efni, sem vatn gengur í samband við	G
Efni, sem loft gengur í samband við	H
Efni notuð á rannsóknarstofum eða í lyf	J
Sprengiefni	S

Merking skal svo gerð, að hún verði ekki fyrir skemmdum við flutning, að venjulegum hætti.

5. gr.

Skipstjóri eða staðgengill hans, skal fullvissa sig um, að vörunnar séu merktar eins og fyrirskipað er í 4. gr., og enn fremur, að umbúðirnar séu í góðu ásigkomulagi.

Búlkun farms á þilfari eða í farmrúmi, skal gerð á þann hátt, að ekki stafi mannlífum hætta af við venjulega notkun skipsins.

Þegar hættulegur varningur er hafður á þilfari, má hann ekki taka meira en 50% af öllum þilfarsfleti skipsins, og skulu þá allir rásarstútar, dýpílípúr og þess háttar vera aðgengilegar.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið gefur út nánari reglur um umbúðir, merkingu og búlkun hættulegs farms, svo og skilyrði fyrir því, að skip megi taka slíkan farm.

7. gr.

Þegar hættulegum varningi er lestað eða hann losaður úr skipi, skal þess gætt, að ekki stafi af því slyshætta. Enn fremur skal þess gætt, að farið sé eftir reglum, sem settar eru af viðkomandi hafnaryfirvöldum, um meðferð slíks varnings.

8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

61 28. marz Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. marz 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.


Fylgiskjal.

MERKISEÐLAR

Merkiseðlarnir skulu vera minnst 10×10 cm að stærð.



*Hvítir bókstafir á rauðum grunni.
„A 1“ svart.*




*Hvítir bókstafir á rauðum grunni.
„A 2“ svart.*




*Hvítir bókstafir á rauðum grunni.
„A 3“ svart.*




*Hvítir bókstafir á rauðum grunni.
„B“ svart.*



Rauðir bókstafir á hvítum grunni.
„C“ svart.




Svartir bókstafir á hvítum grunni.




Svartir bókstafir á grunni, sem er með rauðum og hvítum lóðréttum flötum á vaxl.




Svartir bókstafir á gulum grunni.




Rauðir bókstafir á hvítum grunni.
Efra og neðra hornið blátt.



Rauðir bókstafir á hvítum grunni.
Tvö lárétt svört belti. „H“ svart.



Svartir bókstafir á hvítum grunni.



Rauður flötur í miðju, utan um hann hvítur hringur og utan um hann rauður hringur.
Gulur grunnur, rauðir bókstafir. „S“ svart.

REGLUGERÐ

62

9. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 79 27. apríl 1950.

1. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjald.

Öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld til að greiða hafnsögugjald eins og hér segir, reiknað af nettó stærð skipsins.

Innlend skip og bátar greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á Innrihöfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 80 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 20 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 20 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 200 krónur á sólarhring eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er aftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald undir staflið a. og b.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar.

I. Um ís, skipsflök og annað, sem siglingahætta getur stafað af.

1. gr.

Sérhver skipstjóri á skipi, sem fengið hefur tilkynningu um ís, sem er á reki og hættulegur getur orðið skipinu á siglingaleið þess, skal láta skipið fara með hægri ferð meðan dimmt er af nóttu, eða breyta um siglingaleið, svo að skipið fari algerlega utan við hættusvæðið.

2. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem hittir ís, skipsflök, stórviðri eða annað, sem hætta stafar af fyrir sjófarendur (þar á meðal galla á vitum og siglingamerkjum), skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefur til umráða tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi yfirvöldum á næsta stað í landi, sem til næst. Tilkynningar þessar skulu sendar á mæltu máli (helzt á ensku) eða þá með því að nota alþjóða-merkjakerfið.

3. gr.

Þegar tilkynningar eru sendar sem loftskæti skulu þær sendar til allra nálægra skipa og fyrstu landstöðvar, sem til næst, með beiðni um að tilkynningin verði send áfram til réttis hlutaðeigandi yfirvalds.

Loftskæti skulu hefjast með öryggismerkinu T T T, en í símtali með *secure te*, og síðan tilgreint, hverrar tegundar hættan sé, og skal sending þessara tilkynninga fara fram eins og tekið er fram í meðfylgjandi viðauka.

4. gr.

Loftskætastöðvar á Íslandi, sem meðtekið hafa frá skipi úti á rúmsjó tilkynningu um siglingahættu, er taldar eru í 2. og 3. gr., skulu senda hana, án kostnaðar fyrir skipið, símleiðis til veðurstofunnar í Reykjavík, ef um ís- eða stormfrétt er að ræða, en til vitamálskrifstofunnar í Reykjavík, ef um skipsflak eða annað rekald er að ræða. Þessar stofnanir sjá um frekari birtingu fregnanna.

Sömuleiðis skulu íslenzkar landsímastöðvar afgreiða símleiðis, án kostnaðar fyrir sendanda, tilkynningar til veðurstofunnar eða vitamálskrifstofunnar frá íslenzkum eða erlendum skipstjórum um áður taldar siglingahættur.

5. gr.

Þau útgerðarfélag, sem hafa íslenzk skip í ferðum yfir Atlantshaf, skulu tilkynna samgöngumálaráðuneytinu, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

Samgöngumálaráðuneytið gerir ráðstafanir til að slíkar tilkynningar verði birtar.

Útgerðarmenn skipa, sem fara um Atlantshafið, ættu að láta skip sín fara eftir hinum viðurkenndu leiðum.

Enn fremur ættu þeir útgerðarmenn, sem hafa í förum skip sem fara um eða í námunda við fiskigrunn Nýfundnaland, að benda skipstjórum sínum á það, að reyna að komast hjá því á vertíðinni þar, að fara norðan en 43° n.br. og forðast þau svæði, sem vitað er um eða ætla má að hættuleg séu skipum vegna íss.

II. Veðurathuganir.

63

10. apríl

6. gr.

Sú skylda hvílir á skipstjóra hvers þess skips, sem til þess er valið af veðurstofunni, að gera veðurathuganir á ákveðnum tíma sólarhringsins og sjá um, að þær séu sendar út sem loftskeyti til veðurathugunarstöðva, eftir þeim reglum, sem gilda um slíka veðurþjónustu, og jafnvel að endurtaka þær, svo að önnur skip geti haft þeirra not.

Skip, sem ekki geta haft leyftskeytasamband við veðurstofu á landi, ættu að láta veðurathugunarskip eða önnur skip, sem náð geta sambandi við landstöðvar, framsenda veðurathuganirnar.

7. gr.

Sérhver skipstjóri á að tilkynna skipum í námunda við sig og veðurstofum á landi, ef veðurhæðin hjá honum er 10 eða þar yfir, á Beauforts vindstiga.

Þegar skip er statt, eða heldur sig vera statt nálægt hitabeltis-stormi, skal það senda út veðurathuganir sínar oftár en ella, séu ástæður fyrir hendi.

8. gr.

Til þess að allar stöðvar, sem þess óska, geti tekið veðurfregnir, sem sendar eru „til allra stöðva“ (C A) eða útyrpað frá veðurstofunni, mega engar skipastöðvar senda loftskeyti, eða viðhafa þráðlaust tal, meðan á sendingu veðurfregnanna stendur, ef nokkur hættu er á því, að það trufla móttöku veðurfregnanna.

Þær veðurathuganir, sem sendar eru frá skipum til hinna ýmsu veðurathugunarstofnana, skulu fluttar með þeim forgangsrétti, sem ákveðinn er í alþjóðaloftskeytasamþykktinni, sem í gildi er á hverjum tíma.

III. Skyldur til að veita þeim hjálp, sem í neyð eru staddir á hafinu.

9. gr.

Skipstjóri, á hvaða skipi sem er, sem á hafi úti fær vitneskju um, að skip, flugvél, björgunarbátur eða björgunarfleki sé í neyð staddur, skal skyldur til, sé hann þess megnugur, án alvarlegrar hættu fyrir skip sitt, skipshöfn og farþega, að hraða sér hinu nauðstadda fólki til hjálpar, og ef hægt er, láta það vita, að hann sé að koma.

Sé hann ekki megnugur að koma hinu nauðstadda fólki til hjálpar eða séu sérstakar ástæður fyrir hendi, svo að hvorki sanngirni sé nauðsyn sé til að veita hjálpina, skal hann geta þess í dagbók skipsins, af hvaða ástæðum hann ekki veitti hina umbeðnu hjálp.

10. gr.

Skipstjóri þess skips, sem í neyð er statt, getur krafizt aðstoðar frá einu eða fleiri þeirra skipa, sem svarað hafa beiðni hans og sem hann álitur bezt til þess fallin að veita hjálpina, skal þetta gert að svo miklu leyti sem unnt er í samráði við hlutaðeigandi skipstjóra.

Skipstjórinn eða skipstjórarnir, sem beðnir hafa verið um hjálp, skulu fara hinum nauðstadda til hjálpar eins fljótt og unnt er.

11. gr.

Skipstjóri er laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt 9. gr., þegar hann fær tilkynningu um það, að annað skip en hans hafi samkvæmt 10. gr. verið valið til þess að veita hina umbeðnu hjálp, og veitt hana.

63 Enn fremur er hann laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt 10. gr.,
10. apríl þegar hann fær tilkynningu um það frá hinu nauðstadda fólki eða skipstjóra á öðru skipi, sem komið er til fólksins, að hjálp þurfi ekki lengur við.

12. gr.

Hafi skip sent út neyðarmerki en skipstjóri þess líti síðar svo á, að hjálpar sé ekki lengur þörf, skal hann tafarlaust láta allar stöðvar, er hlut eiga að máli, vita um það, á þann hátt, sem greint er í alþjóða-loftskeytasamþykktinni.

13. gr.

Framangreind ákvæði um að hjálpa þeim, sem í neyð eru staddir á sjónum, skerða ekki ákvæði siglingalaganna í þessu efni.

IV. Niðurlagsákvæði.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða refsingu samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 69 3. júlí 1933, um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar o. fl.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

Viðauki.

Leiðbeiningar um það, hvernig tilkynningar skuli vera um ís, skipsflök, stórviðri og aðrar yfirvofandi hættur fyrir sjófarendur.

I. *Aðferð, þegar loftskeyti eru notuð:*

TTT TTT TTT
DE

Kallmerki loftskeytastöðvarinnar (3 sinnum)

Hvers konar hætta }
Efni tilkynningarinnar } endurtekið oft.

II. *Aðferð, þegar talstöð er notuð:*

Sécurité Sécurité Sécurité
(Framburður: se-ky-ri-te)

Nafn skipsins (þrisvar sinnum)

Hvers konar hætta }
Efni tilkynningarinnar } endurtekið oft.

Æskilegt er, að í tilkynningum um hættur sé eftirfarandi tekið fram (tíminn er í öllum tilfellum Greenwich meðaltími):

a. Ís, reköld og önnur bein siglingahætta fyrir sjófarendur.

1. Hvers konar ís, rekald eða siglingahætta hafi sézt.

2. Staða íssins, rekaldsins eða siglingahættunnar, þegar hún sást.

3. Dagur og stund, þegar hættan sást.

- b. Hitabeltisóveður (hvírilbyljir í Vestur-Indíum, sviptibyljir á Kínahafinu, 63
lægðarstormar á Indlandshafi eða svipuð óveður á öðrum slóðum). 10. apríl
1. Tekið sé fram, að skipið hafi lent í óveðri. Kvöð þessi skal skilin í víðri merkingu, þannig að senda skal tilkynningu um óveðrið, hvenær sem skipstjórinn telur sig hafa gilda ástæðu til að halda, að óveðrið sé í aðsigi.
 2. Upplýsingar um veðrið. Sérhver skipstjóri skal senda, ásamt tilkynningunni um hættuna, þar af eftirfarandi upplýsingar um veðrið, sem hann telur ástæðu til:
 - Greenwich meðaltíma, dag og stað skipsins, þegar athuganirnar voru gerðar.
 - Loftvægið (í millibörum, enskum þumlungum eða millimetrum. Þess skal jafnframt getið, hvort loftvægið er tekið óleiðrétt eftir álestur á loftvogina eða það er leiðrétt).
 - Breytingu á loftvæginu (breytingu þá á loftvæginu, sem átt hefur sér stað síðustu 3 klst).
 - Veðurhæð (eftir vindstiga Beauforts).
 - Sjógang (sléttur sjór (smooth), nokkur sjór (moderate), úfinn sjór (rough), ósjór (high)).
 - Undiröldu (lítill, nokkur, þung) og hvaðan hún kemur, eftir réttum áttum, upplýsingar um lengd öldunnar (stutt, meðallöng, löng) kæmu og að gagni.
 - Stefna skipsins eftir réttum áttum og hraði þess.
- c. *Síðari athuganir*. Eftir að skipstjóri hefur sent upplýsingar um óveður í hitabeltinu eða annars staðar, er æskilegt, þótt ekki sé það skylda, að athuganir séu gerðar og sendar á klukkutíma fresti, ef ástæða þykir til, og í öllu falli ekki með lengra en þriggja klukkutíma millibili meðan skipið er innan þess svæðis, sem óveðrið geysar á.

E K S E M P L E R

Ice.

TTT Ice. Large berg sighted in 4605 N., 4410 W., at 0800 GMT May 15.

Derelicts.

TTT Derelict. Observed derelict almost summaged in 4006 N., 1243 W., at 1630 GMT April 21.

Danger to Navigation.

TTT Navigation. Alpha lightship not on station. 1800 GMT January 3.

Tropical Storm.

TTT Storm 0030 GMT August 18. 2204 N., 11354 E. Barometer corrected 994 millibars, tendency down 6 millibars. Wind NW., force 9, heavy squalls. Heavy easterly swell. Course 067,5 knots.

TTT Storm. Appearances indicate approach of hurricane. 1300 GMT. September 14. 2200 N., 7236 W. Barometer corrected 29,64 inches, tendency down. 015 inches. Wind NE., force 8, frequent rain squalls. Course 035,9 knots.

TTT Storm. Conditions indicate intense cyclone has formed 0200 GMT. May 4. 1620 N., 9203 E. Barometer uncorrected 753 millimetres, tendency down 5 millimetres Wind S. by W., force 5. Course 300, 8 knots.

TTT Storm. Typhoon to southeast. 0300 GMT. June 12. 1812 N., 12605 E. Barometer falling rapidly. Wind increasing from N.

63

Neyðarmerki björgunarstöðva á landi.

10. apríl

Björgunarstöðvar, er hafa samband við skip í sjávarháská, skulu nota eftirfarandi merki. Sömu merki skulu skip í sjávarháská nota, er þau hafa náð sambandi við björgunarstöðvar:

a. Svör björgunarstöðvar í landi við neyðarmerki skips.

Merki:

Á daginn: Hvítt reykmerki.
 Á nóttu: Hvít stjörnueldfluga.

Merking:

} Þið hafið sézt. Hjálpi kemur eins
 } fljótt og auðið er.

b. Landtökubendingar til smábáta, er flytja áhöfn á brott frá skipi, er lent hefur í sjávarháská.

Merki:

Á daginn: Lóðréttar sveiflur með hvítu flaggi eða handleggjunum.

Á nóttu: Lóðréttar sveiflur með hvítu ljósi eða kyndli. Leiðarvita (til að sýna stefnuna, sem halda skal í) má útbúa með því, að setja niður hvítt fast ljós eða blys neðar í áttina til þess, sem við bendingunni á að taka.

Merking:

} Hér er hentugasti landtökustaðurinn.

Á daginn: Láréttar sveiflur með hvítu flaggi eða útréttum örmum.

Á nóttu: Láréttar sveiflur með hvítu ljósi eða kyndli.

} Mjög hættulegur landtökustaður.

Á daginn: Láréttar sveiflur með hvítu flaggi, sem síðan er stungið niður, en annað hvítt flagg er borið í þá átt, sem gefa á til kynna.

Á nóttu: Láréttar sveiflur með hvítu ljósi eða kyndli, sem síðan er stungið niður en annað hvítt ljós eða kyndill er borið í þá átt, sem gefa á til kynna.

} Landtaka hér er mjög viðsjárverð. Heppilegra er að taka land í þeirri átt, sem gefin er til kynna.

c. Merki, sem viðhöfð eru í sambandi við notkun björgunartækja í landi.

Merki:

Á daginn: Lóðréttar sveiflur með hvítu flaggi eða handleggjunum.

Á nóttu: Lóðréttar sveiflur með hvítu ljósi eða kyndli.

Merking:

} Almennt: „Í lagi.“
 Sérstaklega: „Fluglínunni hefur verið náð.“
 „Halablökkinn hefur verið fest.“
 „Liflínan hefur verið fest.“
 „Maður er í björgunartólum.“
 „Dragið.“

Á daginn: Láréttar sveiflur með hvítu flaggi eða útréttum örmum.

Á nóttu: Láréttar sveiflur með hvítu ljósi eða kyndli.

} Almennt: „Ekki í lagi.“
 Sérstaklega: „Gefið eftir.“
 „Hættið að draga.“

AUGLÝSING

64

15. febr.

um viðbótarfjölskyldubætur, mæðralaun o. fl.

Samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi ber nú að greiða fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni til viðbótar þeim fjölskyldubótum, sem greiddar hafa verið til þessa. Enn fremur ber nú að greiða mæðralaun til einstæðra mæðra, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri. Greiðast þau eftir sömu reglum og fjölskyldubætur og koma í þeirra stað.

Þeir, sem nú njóta fjölskyldubóta samkvæmt eldri ákvæðum tryggingalaganna, þurfa ekki að sækja um viðbótarfjölskyldubætur. Sama gildir um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, sem nú njóta barnalífeyris frá Tryggingastofnuninni. Þær þurfa ekki að sækja sérstaklega um mæðralaun.

Aðrir þeir, sem rétt eiga til framangreindra bóta, eru hér með áminntir um að sækja um þær eigi síðar en fyrir 31. marz n. k. Umsóknareyðublöð verða til afhendingar eftir 1. marz hjá umboðsmönnum vorum, sem veita nauðsynlegar upplýsingar og taka við umsóknum.

Fæðingarvottorð barnanna fylgi umsóknunum.

Það er skilyrði fyrir hótarétti, að hlutaðeigandi hafi greitt gjaldfallin tryggingaiðgjöld.

Síðar verður auglýst hvenær greiðsla viðbótarfjölskyldubóta og mæðralauna hefjist.

Athygli skal vakin á því, að samkvæmt fyrrnefndum lögum eiga íslenskar konur, sem giftar hafa erlendum mönnum, rétt til barnalífeyris frá Tryggingastofnuninni, þótt þær hafi misst íslenskan ríkisborgararétt, ef eiginmenn þeirra hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær og börnin hér á landi og njóti ekki lífeyris eða meðlags annars staðar frá.

Tryggingastofnun ríkisins, 15. febrúar 1953.

Haraldur Guðmundsson.

AUGLÝSING

65

5. marz

um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, hefur ráðuneytið ákveðið, að auk þeirra vara, sem bannaður er innflutningur á í lögnum, skuli bannaður frá Evrópu innflutningur á slátur- og mjólkurafurðum hvers konar, eggjum, svo og húðum. Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land má flytja inn, enda séu þær sótthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands. Þá er enn fremur bannaður innflutningur frá Evrópu, að undanteknum Stóra-Bretlandi, Írlandi, Noregi og Færeyjum, á lifandi jurtum, trjám (jólattrjám), trjágreinum og trjákönglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum, að undanteknum blómlaukum frá Hollandi.

Felldar eru úr gildi auglýsingar nr. 197/1951, nr. 208/1951 og nr. 38/1952.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. marz 1953.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

66

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Tryggingarsjóðs sparisjóða 1952 og efnahagur 31. des. 1952.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun 1952:			
4% veðdeildarbréf Landsbankans, 14. fl.	kr.	10000.00	
4% skuldabréf Sparisjóðs Raufarhafnar	—	10000.00	
Innstæður í bönkum og reiðufé	—	224558.84	
			Kr. 244558.84
Frá dregst: Inneign eins sparisjóðs	—	33.24	
			kr. 244525.60
2. Tillag eins sparisjóðs fyrir 1950	—	23.60	
3. Tillög sparisjóða fyrir 1951	—	32380.48	
4. Vaxtatekjur sjóðsins	—	16974.35	
			Alls kr. 293904.03

Gjöld:

1. Fjölritun á reikningum og burðargjald	kr.	187.00	
2. Stjórnarlaun fyrir 1951, samkv. ákvörðun ráðuneytisins	—	600.00	
3. Eign sjóðsins 31. des. 1952:			
4% veðdeildarbréf Landsbankans, 14. fl.	kr.	10000.00	
4% skuldabréf Sparisjóðs Raufarhafnar	—	10000.00	
Innstæða í bönkum:			
Á 10 ára bókum	kr.	105461.42	
Á 6 mán. bókum	—	167655.61	
			— 273117.03
			— 293117.03
			Alls kr. 293904.03

Séreign sparisjóðanna í Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 69 1941, um sparisjóði, var samkv. ofangreindu kr. 293117.03 í árslok 1952, að meðtöldum vöxtum af árlegum tillögum sparisjóðanna til sjóðsins.

Reykjavík, 23. janúar 1953.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Halldór Stefánsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Kl. Tryggvason.

Reikning þennan höfum við yfirfarið og höfum ekkert við hann að athuga.

Reykjavík, 24. janúar 1953.

Jón Pálmason.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Elliheimilis Vestmannaeyjakaupstaðar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðgjafi 1. apríl herra 1. apríl 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elliheimilis Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elliheimilis Vestmannaeyja.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 18. nóv. 1948 til minningar um Mörtu Jónsdóttur, frá Baldurshaga í Vestmannaeyjum, af börnum hennar og tengdabörnum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur. Sjóðinn skal ávaxta í banka eða sparisjóði.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eða gleðja gamalmenni, sem hverju sinni dvelja á Elliheimili Vestmannaeyja.

5. gr.

Höfuðstólinn, kr. 5000.00, og aðrar tekjur en vexti má aldrei skerða, en vexti af höfuðstól og öðrum tekjum má nota jafnóðum.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum, áheitum og gjöfum.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum bæjar-sjóðs.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa ráðskona Elliheimilis Vestmannaeyja, sóknarpresturinn í Vestmannaeyjum og bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

PRÓFREGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, sbr. l. nr. 99 13. desember 1950 og l. nr. 87 15. desember 1952, um breytingu á þeim lögum, og reglugerð nr. 71 17. apríl 1953, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með settar eftirfarandi reglur um tilhögun á prófunum og hvað til þeirra útheimtist.

I. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Burtfararpróf skulu haldin í apríl—maímánuði ár hvert.

2. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda ráðuneytinu beiðni um það minnst 2 mánuðum áður, og skulu beiðninni fylgja vottorð um, að umsækjandi fullnægi þessum kröfum:

1. Að hann fullnægi kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hann hafi þá sjón, heyrn og málfæri, sem staðan heimtar.
3. Að hann kunni sund.
4. Að hann sé eigi haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum skaðvænn.
5. Að hann hafi óflekkað mannorð.
6. Skírnarvottorð.

Svo skal hann og senda vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í stýrimannaskólanum og hafa með sér sjókort, pappír og öll þau hjálpartæki, sem þarf til úrlausnar skriflegra verkefna. Orðabækur mega prófsveinar ekki hafa við úrlausnir stíla, og einungis töflubækur við úrlausnir í skriflegri stærðfræði.

4. gr.

Við burtfararprófin skulu, auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir þörfum. Það skipar einn þeirra formann prófnefndar.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

5. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka prófverkefnin, hvorir í sinni grein, og skal hvert af skriflegu verkefnum vera í svo mörgum eintökum að minnsta kosti að hver prófsveinn fái eitt.

6. gr.

Við skriflegt próf fá allir prófsveinar, sem ganga undir sams konar próf, sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blaðið, en vera má verkefnið í fleiri liðum.

Tekið skal fram, hve margar einkunnir séu gefnar fyrir verkefnið, svo og hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn hafa.

7. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanns. 15. apríl

68

8. gr.

Meðan á skriflega prófinu stendur, mega engir aðrir en prófsveinar og eftirlitsmenn vera í prófstofunni. Kennarar skólans mega ekki vera eftirlitsmenn, að minnsta kosti ekki við þær greinir, sem þeir hafa kennt. Eftirlitsmenn hafa ábyrgð á, að engum brögðum sé beitt við prófið. Þeir skulu vera tveir í hverri prófstofu. Hinir skipuðu prófdómendur eru eftirlitsmenn. Ef prófdómendur eru eigi eins margir og eftirlitsmenn þurfa að vera, þá skipar ráðuneytið eftirlitsmenn eftir þörfum.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér, eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vikið frá prófi, og skal svo álitid, að hann hafi eigi staðizt prófið.

9. gr.

Nú gengur prófsveinn frá prófi og kennir sjúkleik um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið veikur, og má þá prófa hann í því, sem hann átti ótekið próf í, jafnskjótt og því verður við komið á sama próftíma.

10. gr.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur formaður prófnefndar vikið honum frá prófinu.

11. gr.

Áður en prófið byrjar, skal prófnefndin semja próftöflu, er skal undirrituð af formanni prófnefndarinnar og fest upp í stýrimannaskólanum. minnst degi áður en prófið byrjar. Skulu prófdómendur og prófsveinar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

12. gr.

Munnlegar spurningar skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar. Við prófið dregur hver prófsveinn sínar spurningar. Prófsveinar skulu prófaðir eftir stafrófsröð. Ef tveir eða fleiri hafa sömu nöfn og feðraheiti, skal aldur ráða, og skal sá eldri prófaður fyrr.

13. gr.

Fyrir svör við hverri spurningu eða verkefni, skulu prófdómendur gefa einhverja af einkunnum þeim, er hér segir: 8, 7½, 7¼, 7, 6½, 6¼, 6, 5½, 5¼, 5, 4½, 4¼, 4, 3½, 3¼, 3, 2½, 2¼, 2, 1½, 1¼, 1, 0.

II. KAFLI

Prófkröfur.

14. gr.

Til fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (skrifleg):

1. *Reikningur: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.* Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum. Að finna eina óþekkta stærð í jöfnum. Þekking á veldi talna og tvíveldisrótardrætti. Einfaldur prósentureikningur. Reikningur með logaritmum.

- 68 2. *Flatarmálsfræði: Beinar línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum. Réttthyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningar. Flatarmál hringa og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata. Þekking á flötum þríhyrningum, ferhyrningum, hringum og sporbaugum. Kunnátta í að skipta beinum línunum, að draga upp og fella línu beint niður á aðra, að draga línu samhliða annarri beinni línu, að afmarka horn, er sé jafnstórt öðru tilteknu horni, að skipta horni í tvo jafnstóra hluta, að skipta hring í 2, 4, 6 eða 8 jafnstóra hluta.*
3. *Þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra, réttthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni. Þekking á hornaföllum og notkun þeirra við útreikning á flötum, réttthyrndum þríhyrningum.*
4. *Rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sivalnings.*

Siglingafræði (munnleg og skrifleg):

1. *Þekking á jarðarhnettinum, lögum hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslínu og kompásstrik.*
Skyn á miðjarðarbaug, jarðarás, jarðskautum, lengdarbaugum, breiddarbaugum, lengd, breidd, breiddarmun, lengdarmun, afviki, kompáslínum og kompásstrikum.
2. *Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvisun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvisun eða segulskekkju með viks- (amplitude-)athugun sólar og með azimutathugun sólar.*
Grein á segulmagni, segulnál, hinum ýmsu hlutum kompássins og mismunandi kompástegundum, misvisun og misvisunarlínunum, halla og hallalínunum, segulskekkju og helztu orsökum hennar, hvernig hún verði fundin af stefnunum og miðunum, enn fremur grein á segulskekkjutöflum og stýristöflum, notkun þeirra og tilbúningi. Misvisun og segulskekkju skal finna með því að miða sólina, þegar hún rís eða rennur, eða með því að mæla hæð sólarinnar og miða hana samtímis. Þekking á orsökum hallasegulskekkju. Þekking á miðunarspjaldi, misvisun og breytingum á henni, á halla, breytingum á honum og áhrifum hans á kompásinn. Skyn á hinum ýmsu tegundum segulskekkju, orsökum hennar og breytingum á henni. Upp á radiómiðanir skal heimfæra viðeigandi leiðréttingar og finna með þeim staðarlínur fyrir skipið.
3. *Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi kort.*
Grein á aðalreglum um gerð sjókorta eftir Mercatorsaðferð, mælikvörðum þeirra og línunum, hvað standa eigi á sjókortum, og hvernig þau eru notuð. Þekking á helztu aðferðum við tilbúning vaxandi sjókorta eftir Mercators aðferð og á mismunandi mælikvörðum þeirra.
4. *Þekking á skriðmæli, vegmæli og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, straumi og drift; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í kortinu.*
Þekking á gerð skriðmæla og vegmæla, á grunnlóði og djúplóði, ýmiss konar djúpmælitækjum, að finna stefnu og hraða straumsins með athugunum jarðlægra hluta; að geta fundið þann stað, er halda á til, þegar sá staður, sem siglt er frá, er kunnur, og stefnur þær og vegalengdir, er farnar hafa verið; að marka stað skipsins á kortið með miðum, miðunum og hornmælingum; að finna þá stefnu á kortinu, sem halda á, og leiðréttta þá stefnu fyrir straumi og öðrum áhrifum á hana, svo að fundin verði sú stefna, sem stýra á eftir áttavítanum, að finna þá vegalengd, er halda skal, og hve langt um líði, þangað til komizt verður til ákveðins staðar.
5. *Þekking á dagbókarhaldi: Kunna að finna hvenær flóð verður og fjara. Þekking*

á tilgangi skipsdagbókar og leiðarbókar, meðferð þeirra og hvað og hversu í 68 þær skuli ritað. Að kunna að finna flóð- og fjörutíma með sjávarfallatöflum. 15. apríl

6. *Þekking á sexstanti og notkun hans.*

Grein á helztu hlutum sextantsins, skiptingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna og hvernig hún er athuguð og lagfærð, á markleiðréttingu og hvernig hún finnst, og á mælingu horna milli jarðlægra punkta og á hæðarmælingum himinhnatta yfir hafsbrún. Notkun hættuhorna, bæði láréttra og lóðréttra.

7. *Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfingu hennar. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans. Kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma sólarinnar. Þekking á heimsásnum, miðhiminbaug, rektascensionsbaugum, deklinationsbaugum, tímabaugum, sjónbaug, azimuthbaugum, hæðabaugum, rektacension, deklination, tímahornum, hvirfilhornum (azimuti), hæð, viki (amplitude), afstöðu heimsássins við sjónbauginn, dag- og náttbogum himinhnatta, hinni daglegu hreyfingu, áhrifum breiddar og deklinationar á hæð himinhnatta. Þekking á sólbrautinni og hreyfingu sólarinnar eftir henni. Grein á stjörnudegi, sóldegi, sóltíma, meðaldegi, meðaltíma, meðalsól, tímajöfnuði, trópisku sólári, almanaksári. Ristími, hágöngutími og hvarftími sólarinnar skal fundinn með viðeigandi töflum.*

8. *Þekking á hæðarleiðréttingum sólarinnar og að kunna að finna breiddina með athugun sólar í hádegisbaug. Þekking á lækku hafsbrúnar, geislabroti sjónarmun (parallaxis) og á hálfum þvermæli. Finna skal og nota hæðarleiðréttingarnar, annað hvort hverja fyrir sig eða allar í einu. Breiddina skal finna af hæðarathugun sólar í háboga og lágboga.*

9. *Að kunna að finna staðarlínur fyrir skipið með hæðaraðferðinni. Skyn á jafnhæðarbaugum og á stefnu staðarlínu í sambandi við þá. Að kunna að nota töflurnar H. O. Nr. 211 til að finna staðarlínur fyrir skipið með hæðaraðferðinni.*

Sjómennska (skrifleg, munnleg og verkleg):

1. *Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.*

Þekking á reglum þeim, sem fylgja ber til að forðast ásiglingu, og á ljósum þeim, sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum, svo og að kunna að nota almenn bjargtæki við björgun úr sjávarháska.

2. *Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.*

Þekking á að gefa og taka á móti merkjum með alþjóðlegum merkjaveifum og fjarlægðarbendingum, svo og með ljós- og hljóðmerkjum eftir Morse-stafrófi.

3. *Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og virum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.*

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Þekking á, hve þýðingarmikil er góð hirðing og meðferð á skipum og öllu, sem þar að lýtur, og hvernig hún er framkvæmd; samsetning kaðla og víra, vafning kaðla og víra, skyn á ýmiss konar talíum, og hve margfaldan kraft þær gefa, á ýmiss konar nauðsynlegum hnútum, vafningum og brögðum; notkun rekakera, oliu og öryggislína, neyðarstýris, skyn á bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, á umbúnaði lestaropa, á legufærum og hvernig leggja beri skipi fyrir 2 akkerum og í vetrarlægi (mooring), á notkun bjargbelta og bjarghringa, út-

68
15. apríl

setningu og inntöku báta, á björgun manns, er dettur útbyrðis; helztu grundvallaratriði í seglasaum og að geta annazt smáviðgerðir á seglum.

Þekking á, hvernig fara eigi yfirleitt með ýmiss konar veiðarfæri, bæði í notkun og þegar þau eru ekki í notkun, og hvaða þýðingu litun, börkun eða tjörgun hefur á endingu þeirra.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum og geta skýrt þær nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku líta.

Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttitun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

Nemendur skulu þekkja orðflokkana, hljóðvörp, klofningu, hljóðskipti í sterkum sögnum, beygingu málsins og allar helztu réttitunarreglur, frumlag og umsögn í setningu og helztu reglur um lesmerki. Þeir skulu geta samið sæmilega stílaða og stafsetta ritgerð um efni, er að sjómennsku lýtur, og sýna, að þeir kunni að setja lesmerki nokkurn veginn rétt.

Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er varðar sjómennsku. Prófsveinninn verður að kunna nokkur helztu atriði danskrar málfræði.

Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó. Prófsveinninn verður að kunna helztu atriði enskrar málfræði.

Sjóréttur (skriflegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjóra. Þekking á helztu íslenskum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, réttindum og skyldum hans á skipinu, um vald skipstjóra og ábyrgð á eigin gerðum og gerðum skipverja; skilyrðum til að vera stýrimaður og vélstjóri, réttindum og skyldum þeirra á skipinu, og réttindum annarra skipverja; um ráðningu skipverja.

Heilsufræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áhersla á þessi atriði:

1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.
2. Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
3. Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
4. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

Bókhald:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir. Helztu atriði tvöfaldrar bókfærslu.

Vélfræði (munnleg):

68

Einföldustu atriði mótörfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti. 15. apríl

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í veðurfræði.

15. gr.

Til farmannaprófsins útheimtis:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og til fiskimannaprófs, og enn fremur:

1. *Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritnum. Reikningur með jákvæðum og neikvæðum stærðum með tölum og bókstöfum. Einfaldur vaxta-reikningur. Einfaldar jöfnur. Þekking á, hvað átt er við með veldi og rót og með logaritnum. Grundvallaratriði bókstafareiknings og að leysa einfaldar jöfnur með einni og tveim óþekktum stærðum.*
2. *Í flatarmálsfræði: Skyn á réthyrndu koordinatkerfi. Þekking á breytingu hornafallanna í þríhyrningafræðinni í réthyrndu koordinatkerfi.*
3. *Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og afstaða flata innbyrðis. Þekking prisma, strýtu, keilu, kúlu, sívalnings og á línunum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogaprihyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings. Þekking á jafnskiptum mælikvarða; að draga hring gegnum 3 gefna punkta; að draga sneiðboga yfir tilnefnt horn; að finna óþekktu parta í þríhyrningi með uppdrætti. Þekking á flatarmáli þríhyrninga, ferhyrninga, marghyrninga og hringflata. Þekking á rúmmáli og þyngd tenings, prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.*

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og til fiskimannaprófs, og enn fremur:

1. *Kompásleiðréttingar. Reglurnar um leiðréttingu kompassins með segulstöngum og hlutum úr deigu járni.*
2. *Þekking á stefnumagnsmæli (deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir.*
3. *Djúpmælar. Þekking á helztu djúpmælitækjum ásamt bergmálsdýptarmælum.*
4. *Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang. Þekking á því, hvar sjóúrið á að vera í skipinu, hversu með það skuli fara, þegar það er í skipinu eða flutt í skipið eða úr því. Stöðu sjóursins skal finna með samanburði við annað úr eða tímamerki.*
5. *Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínunum, byggðum á athugun sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu. Lengdarathugun. Þekking á jafnhæðarbaugum og stefnu staðarlínu í sambandi við jafnhæðarbauga; finna skal stað skipsins með því að mæla samtímis hæð tveggja himinhnatta, eða mæla hæð himinhnatta á mismunandi tíma og taka tillit til þess, er siglt hefur verið milli athugananna; staðarlínan á kortinu sé fundin með útreikningi tveggja punkta í jafnhæðarbaug eða með einum punkti og azimuti (annaðhvort hæðar- eða tímaazimuti); enn fremur með hæðaraðferðinni. Misvísun og segulskekkju skal einnig finna með hæðar- eða tímaazimuti, með töflum eða reikningi.*
6. *Fyllri þekking á himintunglum. Almennit yfirlit yfir sólkerfið, og að þekkja helztu reiki- og fastastjörnur.*
7. *Í dagbókarhaldi: Einkum þau atriði, er snerta skipseigendur, váttryggjendur og eigendur farms.*
8. *Þekking á notkun helztu raf- og radiótækja, sem notuð eru við siglingar. Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug. Skyn á Gyro-komp-*

68
15. apríl

ásam, radiómiðunartækjum, radar- og lorantækjum, rafmagnsvegmælum og öðrum rafvélum, sem notaðar eru við siglingar. Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.

Vélfræði (munnleg):

Þekking algengra eimvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytis-eyðsla og gæzla vélarinnar. Þekking á algengustu mótörvélum, einkum Dieselvélum og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

Eðlisfræði (skrifleg):

Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra hluta; þyngdarlögmál. Samstilling og sundurliðun afla. Einfaldar vélar. Eðlisþyngd. Dælur. Loftþyngdarmælar. Aðaldrættir hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið, ljósið, rafmagn og rafsegulmagn.

Sjómennska (skrifleg, munnleg og verkleg):

Híð sama og til fiskimannaprófs, og enn fremur:

1. *Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, vatnsþéttar skiljur og tæmingartæki. Áhrif skrúfu og stýris. Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa. Aðalhlutar skipsins: kjölur, bönd, langhönd, stefni, súðir, þilför, skiljur, skipting skipsins í vatnsþétt rúm. Helztu smíðæfni og samskeyting þeirra. Viðhald járn- og tréskipa. Hleðsluborð og hleðslumerki og yfirlit yfir lög og reglugerðir um þau efni. Stjórn og beiting skipa á höfnum inni, á þröngum siglingaleiðum og í rúmsjó.*
2. *Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð farms og kjölfestu. Einfaldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar og affermingar skipa. Djúprista, afturhlæðni og stöðugleiki. Notkun tafna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa. Öryggisráðstafanir við skipsstrand, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Bátar og notkun þeirra, línubyssur og önnur bjargtæki. Skyldur stýrimanns á verði. Útreikningur á þeirri áreynzlu, sem losunartæki verða fyrir við notkun þeirra. Vatn sem kjölfesta. Helztu ráðstafanir og hvers ber að gæta við flutning ýmiss konar farms. Helztu útreikningar, er varða djúpristu, afturhlæðni og stöðugleika, fermingu og affermingu skipa. Ráðstafanir til björgunar skips og mannlífa við skipsströnd, árekstur og í rúmsjó. Íkveikjuhætta af farmi, eldsvoði, eldsvarnir og slökkvitæki. Stjórn og meðferð báta við margs konar kringumstæður, bæði við land og í rúmsjó. Skemmdir á skipi og farmi. Rekakkeri. Neyðarstýri. Að lægja sjó með olíu. Meðferð og notkun línubyssu, bjargstóls og annarra bjargtækja. Að draga skip og að leggja skipi í rétt. Staða stýrimanns á skipinu og skyldur þær, sem á honum hvíla, bæði á ferðinni og við land.*

Landfræði og veðurfræði (munnleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir. Helztu verzlunarborgir. Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftsins, ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort. Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma. Orsakir hitabeltisstorma, og hvernig beri að sigla til að forðast þá eða komast úr þeim.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orðtök, er

að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á allgóðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er lýtur að sjóferðum, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

68
15. apríl

Nemandinn skal kunna hið sama og krafizt er til fiskimannaprófs, en auk þess sem þar segir, skal hann þekkja deili á brottfalli, samlögun, hljóðbreikkun, hljóðgreiningu og kunna öll helztu atriði setningarfræðinnar.

Danska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku sæmilega, einkum um það, er sjómennsku varðar, og að geta gert léttan danskan stíl.

Nemandinn verður að kunna helztu atriði danskrar málfræði og geta talað málið, einkum um þau efni, er varða stöðu hans.

Enska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac“ og geta talað ensku nokkurn veginn, einkum um það, er að sjómennsku lýtur. Prófsveinn verður að kunna helztu atriði enskrar málfræði og geta talað málið nokkurn veginn, einkum um þau efni, er varða stöðu hans.

Sjóréttur (skriflegur):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farmskirteini. Farmsamningar.

Heilsufræði (munnleg):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg):

Þau atriði, er farmenn skiptir mestu og staða þeirra heimtar. Að kunna svo tvöfalda bókfærslu, að hann geti fært sjálfstætt bókhald fyrir skipið og gert upp rekstursreikning þess. Helztu atriði almennrar viðskiptafræði.

16. gr.

Til skipstjóráprófs á varðskipum ríkisins útheimtis:

Siglingafræði og stærðfræði (skrifleg og munnleg):

1. *Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Mismunur á land- og sjókortum. Flokkun og nákvæmni mælistaða og hvers ber að gæta við val þeirra til staðarákvarðana. Helztu atriði, sem gæta verður við staðarákvarðanir í sambandi við gæzlu landhelginnar.*
2. *Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetningar í vaxandi kort.*
3. *Þekking á leiðréttingum sextantahorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna. Að kunna að finna hvirfilhornið, þegar mælt hefur verið með sextanti horn á milli mishárna mælistaða og kunn eru hæðarhorn af mælistöðunum.*
4. *Nokkru fyllri þekking en til farmannaprófs á notkun og meðferð nýjustu siglingatækja.*
5. *Nokkru fyllri stærðfræðikunnátta en til farmannaprófs. Fyllri kunnátta í stærðfræði en til farmannaprófs, einkum í bókstafareikningi, jöfnum og hornafræði.*

68
15. apríl

Alþjóðamerki (verklegt):

Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga. Áherzla skal lögð á merkjagjafir eftir Morse-stafrófi og með flöggum eftir alþjóðareglum.

Alþjóðaréttur (munnlegur):

Helztu ákvæði milliríkjasamninga um gæzlu landhelginnar og um fiskveiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.

Enska (skrifleg og munnleg):

Fyllri kunnátta í að tala og rita málið, en krafizt er til farmannaprófs.

Þýzka (skrifleg og munnleg):

Undirstöðuatriði þýzkrar tungu.

Líkamsæfingar:

Kunnátta í algengri leikfimi og æfing í að stjórna leikfimisflokki. Krafizt er þeirrar kunnáttu, sem nauðsynleg er til þess að geta stjórnað þeim æfingum í leikfimi, sem hægt er að viðhafa á skipi. Prófsveinn sé æfður í að gefa fyrirskipanir í því, er að þessu lýtur, kveðjum og viðeigandi framkomu sem yfirmaður.

III. KAFLI

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófin.

Fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

17. gr.

Við *fiskimannapróf* skal gefa 22 einkunnir, sem sé:

	<i>Í stærðfræði:</i> 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
2	<i>Í siglingafræði:</i> 4 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 2 einkunnir fyrir munnlegar úrlausnir	6
	<i>Í notkun sextants</i>	1
	<i>Í sjómennsku:</i> 1 einkunn fyrir munnlegar úrlausnir í alþjóða siglingareglum og neyðarbendingum, 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn í almennri sjómennsku og viðhaldi skipa og veiðarfæra, 1 einkunn fyrir kunnáttu í sjóvinnu og 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morse-stafrófi og í notkun alþjóða merkjabókar	4
	<i>Í íslenzku:</i> 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
	<i>Í dönsku:</i> 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
	<i>Í ensku:</i> 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
	<i>Í sjórétti:</i> 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
	<i>Í bókhalddi:</i> 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
	<i>Í heilsufræði:</i> 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
	<i>Í vélfræði:</i> 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
	<i>Í ritleikni og frágangi skriflegra verkefna:</i> 1 einkunn	1
	<i>Í iþróttum</i>	1

Við *farmannaprófið* skulu gefnar 33 einkunnir, sem sé:

	<i>Í stærðfræði:</i> 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
mun	<i>Í siglingafræði:</i> 6 einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir, 3 einkunnir fyrir 3 munnlegar úrlausnir	9
	<i>Í notkun sextants</i>	1

<i>Í sjómennsku</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn í alþjóða siglingareglum og neyðarþendingum, 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn í almenntri sjómennsku og í skipagerð, 1 einkunn fyrir kunnáttu í sjóvinnu og 1 einkunn fyrir kunnáttu í merkjagjöfum eftir Morse-stafrófi og í notkun alþjóða merkjabókar	5
<i>Í landafræði og veðurfræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
<i>Í íslenzku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
<i>Í dönsku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
<i>Í ensku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
<i>Í sjórétti</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í heilsufræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
<i>Í bókhalddi</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í viðskiptafræði</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í vélfræði</i> : 1 einkunn fyrir munnlega úrlausn	1
<i>Í eðlisfræði</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í ritleikni og frágangi skriflegra verkefna</i> : 1 einkunn	1
<i>Í íþróttum</i>	2

68

15. apríl

Við skipstjóraráðgjafi á varðskipum ríkisins skulu gefnar 12 einkunnir, sem sé:	
<i>Í siglingafræði og stærðfræði</i> : 4 einkunnir fyrir munnlegar og skriflegar úrlausnir	4
<i>Í alþjóðamerkjum</i> : 1 einkunn fyrir verklegar úrlausnir	1
<i>Í alþjóðarétti</i> : 1 einkunn fyrir skriflega úrlausn	1
<i>Í ensku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
<i>Í þýzku</i> : 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn	2
<i>Í líkamsæfingum</i> : 1 einkunn fyrir hæfni í þessum greinum	1
<i>Í ritleikni og frágangi skriflegra verkefna</i> : 1 einkunn	1

18. gr.

Til þess að standast próf útheimtist:

Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 5.

Í íslenzku og skriflegri siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 4 í hvoru.

Meðaleinkunn í siglingafræði minnst 4.

Meðaleinkunn minnst 4.

Hæstu og lægstu aðaleinkunnir við prófin verða því sem hér segir:

Við *fiskimannapróf*: Hæsta einkunn 176 stig, lægsta einkunn 88 stig.

Við *farmannapróf*: Hæsta einkunn 264 stig, lægsta einkunn 132 stig.

Við *skipstjóraráðgjafi á varðskipum ríkisins*: Hæsta einkunn 96 stig, lægsta einkunn 48 stig.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin	7.25—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin	6—7.25
2. einkunn telst meðaleinkunnin	5—6
3. einkunn telst meðaleinkunnin	4—5

19. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefur staðizt, fær prófskírteini, er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skírteinið skal gefið út á íslenzku og ensku eftir þeim fyrirmyndum, sem hér fara á eftir:

68 1. fyrirmynd.

15. apríl

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn)
 fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)
 hefur staðizt

fiskimannapróf

samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík,
 og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	1 eink.	stig
– siglingafræði	6	—	—
– notkun sextants	1	—	—
– siglingareglum	1	—	—
– merkjagjöfum	1	—	—
– sjómennsku	2	—	—
– íslenzku	2	—	—
– dönsku	1	—	—
– ensku	1	—	—
– sjórétti	1	—	—
– bókhaldi	1	—	—
– heilsufræði	1	—	—
– vélfræði	1	—	—
– ritleikni	1	—	—
– íþróttum	1	—	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðizt prófið
 með einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19....

.....

skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 176 stig.
 Til þess að standast prófið þarf:

Í siglingareglum ekki lægra en	5 stig
– íslenzku minnst	8 —
– skriflegri siglingafræði minnst ...	16 —
– siglingafræði minnst	24 —
– meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst 88 stig.	

2. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn)
 fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)
 hefur staðizt

farmannapróf

samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík,
 og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	2 eink.	stig
– siglingafræði	9 —	—
– notkun sextants	1 —	—
– siglingareglum	1 —	—
– merkjagjöfum	1 —	—
– sjómennsku	3 —	—
– landafræði og veðurfræði	1 —	—
– íslenzku	2 —	—
– dönsku	2 —	—
– ensku	2 —	—
– sjórétti	1 —	—
– heilsufræði	1 —	—
– bókhaldi	1 —	—
– viðskiptafræði	1 —	—
– eðlisfræði	1 —	—
– vélfræði	1 —	—
– ritleikni	1 —	—
– íþróttum	2 —	—

Aðaleinkunn stig

sem verður meðaleinkunnin, og hefur hann því staðizt prófið með einkunn.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19....

.....
skólastjóri.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 264 stig.

Til þess að standast prófið þarf:

Í siglingareglum ekki lægra en	5 stig
– íslenzku minnst	8 —
– skriflegri siglingafræði minnst ...	24 —
– siglingafræði minnst	36 —
– meðaleinkunn minnst 4 = aðaleinkunn minnst	132 stig.

3. fyrirmynd.

STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár)

hefur staðizt

skipstjóraþróf á varðskipum ríkisins

samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og hlotið þessar einkunnir:

Í siglingafræði og stærðfræði	4 eink.	stig
– alþjóðamerkjum	1 —	—
– alþjóðarétti	1 —	—
– ensku	2 —	—
– þýzku	2 —	—
– líkamsæfingum	1 —	—
– ritleikni	1 —	—

Aðaleinkunn stig

68
15. apríl

sem verður meðaleinkunnin , og hefur hann því staðizt prófið með einkunn.

Hæsta einkunn við prófið er 8 stig og hæsta aðaleinkunn því 96 stig. Til þess að standast prófið þarf 48 stig.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, árið 19. . . .

.....
skólastjóri.

20. gr.

Nöfn þeirra, er ganga undir próf, skal rita í bók, sem samgöngumálaráðuneytið löggildir, og sem geymist í stýrimannaskólanum. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers prófsveins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, og frá einkunnum þeim, sem gefnar voru við prófið. Inn í hana skal færa öll skrifleg prófverkefni og yfir höfuð ítarlega skýrslu um prófið. Skólastjóri sér um, að prófbókin sé færð. Hún skal undirrituð af öllum, sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófvottorðin undirritar skólastjóri einn.

21. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með henni er felld úr gildi prófreglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 105 6. júní 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

69
16. apríl

REGLUGERÐ

um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að vinnu sé stjórnað á heppilegan hátt og að vakandi auga sé haft með öryggi verkamanna á vinnustað.

Séu einhver af tækjum eða vélum þeim, sem notaðar eru við vinnu, eign annars en vinnuveitanda, t. d. hafna eða skipaeiganda, ber vinnuveitanda þó að vaka yfir, að slík tæki eða vélar séu í fullkomnu lagi og að þegar sé bætt úr göllum, sem fram kunna að koma, eða krefjast lagfæringar af eigendum.

2. gr.

A. Verkstjórar við fermingu og affermingu skipa meggi ekki samtímis hafa á hendi eða taka að sér stjórn meira en sex vinnuflokka (gengi) í mesta lagi.

Sami verkstjóri má því aðeins hafa stjórn á vinnu í meira en einu skipi, að skipin séu hvert hjá öðru.

Ef vinnuflokkar eru fleiri en sex, skal einn af verkamönnum, sem til þess þykir hæfur, valinn verkstjóra til aðstoðar, til að sjá um vinnuna.

B. Starf verkstjóra er meðal annars:

69

Að sjá um, að áhöld þau og tæki, sem notuð eru við vinnuna, séu í fullkomnu lagi. 16. apríl

Að sjá um, að gölluð áhöld og tæki séu þegar tekin úr notkun.

Að stöðva þegar vinnu, ef eitthvað það kemur í ljós við tæki eða vélar, sem notaðar eru við vinnuna, sem ætla mætti, að verkamönnum stafaði hættu af.

C. Sé unnið í vöktum, skal verkstjóri taka hvíld um leið og vinnuflokkar hans.

D. Þeir af áhöfn skips, sem sjá um röðun og hleðslu á vörum í farmrúmunum þess, skoðast sem verkstjórar við þá vinnu og á þeim hvíla þær skyldur verkstjóra, sem tilgreindar eru hér að framan.

3. gr.

A. Varðstöðu við lestarop (lúguvörður), stjórn vindu eða krana, má fela þeim einum, sem þekktur er að árvekni, hefur fulla sjón og heyrn og góðan raddstyrkleika. Sá sem hefur á hendi stjórn krana, skal auk þess geta fært sönnur á, að hann hafi næga þekkingu til þess að stjórna slíku tæki.

Þeim einum má fela störf þau, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, sem orðnir eru fullra 18 ára og eru reglusamir. Ákvæði þetta nær þó eigi til vinnu skipverja í þágu skipsins.

B. Starf lúguvarðar er að fylgjast af árvekni með vinnunni og skal hann vera þannig staðsettur að hann geti óhindrað fylgt með gangi vinnunnar frá farmrúmi til hafnarbakka eða báts og frá báti eða hafnarbakka til farmrúms. Hann skal gefa kranastjóra eða vindumanni greinileg merki samkvæmt merkjakerfi (sjá 1. fylgiblað) og aðvara í tíma þá, sem eru í farmrúmi, báti eða á hafnarbakka.

Að jafnaði skal lúguvörður vera með hverjum vinnuflokki.

4. gr.

Vinnusvæði á hafnarbakka, eða annars staðar á landi, svo og gangstigar eða akbrautir til vinnustaðar frá næsta alfaravegi, skulu nægilega upplýstir með ljósi, sem ekki blindar.

Við vinnu um borð í skipum, þar sem dagsljós ekki nær til, skal séð fyrir annarri nægilegri lýsingu. Til slíkrar lýsingar má ekki nota opinn loga.

5. gr.

Hafnarbökkum og bryggjum skal vel við haldið, svo verkamenn geti óhindrað farið þar um án hættu. Þar sem háлка er skal bera sand á eða gera aðrar ráðstafanir til að draga úr hálkunni. Halli hafnarbakka eða bryggju út frá landi, skal á brúninni vera slá eða hæfilega hár fótlisti.

Ekki má hlaða vörum þannig á hafnarbakka, að umferð verkamanna til landgöngubrúar eða annars umferðarstaðar milli skips og hafnarbakka tálmist. Að jafnaði má ekki setja vörur á hafnarbakka eða bryggju nær brúninni sjávarmegin en 90 cm.

Þurfi verkamenn að nota bát til þess að fara milli lands og skips, skal til þess notaður fulltraustur bátur og þess að jafnaði gætt, að burðarmagni hans sé ekki ofboðið.

Traustur kaðalstigi eða trappa skal vera fyrir verkamenn til að fara eftir milli skips og báts.

6. gr.

Þurfi verkamenn að nota vinnupalla til að hlaða upp vörum, skulu pallarnir vera úr traustu efni og vel um þá húið. Stólar undir verkpöllum skulu vera fulltraustir og hvíla á öruggum undirstöðum.

69 16. apríl Þegar vinnupallar hvíla á færanlegum stólum, skulu stólarnir þannig gerðir, að hækka megi þá og lækka, svo pallurinn sé ávallt í heppilegri hæð fyrir vinnuna. Aldrei mega vinnupallar, sem hvíla á færanlegum stólum, vera meira en 3 m frá gólfi eða jörð.

Lausar gangbrautir úr plönkum skulu vera með streng eða handlista til að styðja sig við, í 90 cm hæð. Á föstum umferðarpöllum skal vera 90 cm hátt handrið með tveimur langslám og skulu handrið vera beggja megin, ef pallurinn er ekki við vegg. Umferðarpallar skulu vera að minnsta kosti 90 cm breiðir.

Lausir hallandi flekar, sem notaðir eru til aksturs eða umferðar, skulu hvíla á góðum undirstöðum, svo ekki sé hætt á að þeir renni til eða velti. Eigi að aka handvagni um slíka fleka, má halli hans vera mest 1:10. Milli hjólabrauta skulu vera þverslár, til fótfestu, þannig að menn renni þar ekki.

Ekki má nota hlera af lestaropum í umferðarfleka eða vinnupalla.

7. gr.

Purfi verkamenn að nota aðra stiga en hina venjulegu föstu stiga niður í farmrúm eða kolarúm skipa, skulu stigarnir vera traustir og annað hvort bundnir fast að ofan eða vera með krókum á efri enda, til að tryggja það, að þeir renni ekki til eða velti.

8. gr.

Fullrar varúðar skal gætt, þegar hlerar á lestaropum eru teknir af eða lagðir á sinn stað. Nota skal lyftuhringi eða handföng þau, sem á hlerunum eru og þess jafnan gætt, þegar lestaropi er lokað, að hver hleri komi á sinn stað.

Þegar lestaropshbitum er lyft úr lestaropi eða komið fyrir í því og til þess notuð vinda eða krani, skal þess jafnan gætt, að til þess séu notaðar traustar þar til gerðar keðjur eða stroffur.

Lestaropshlerum og lestaropshbitum, sem teknir hafa verið úr lestaropi, skal þannig raðað á þilfarið, að ekki stafi hætt á eða umferð og vinna við lestaropið tálmist.

Lestaropshbitar, sem látnir eru vera í lestaropi meðan á vinnu stendur, skulu vera læstir, svo þeir geti ekki lyfzt úr skorðum sínum, þó krókur eða vörur sláist upp undir þá.

9. gr.

Krana og önnur lyftitæki, sem notuð eru við fermingu og affermingu skipa, svo og aðra hluta tilheyrandi þessum tækjum, svo sem vírstrengi, keðjur og grip-skóflur, má aldrei nota til að lyfta meiri þunga en hámarksþunga þeim, sem þeir eru gerðir fyrir.

Þegar meira en ein bóma er notuð samtímis við sama lestarop, svokallaðar sam- tengdar bómur, skulu bómurnar hafa tvöfalda eða styrkta stjórntauma („gerta“).

Lyftikrókar skulu vera nægilega traustir og þannig að lögum, að ekki sé hætt á að þeir sleppi eða krækist í.

Aldrei má skilja við byrði í lyftitæki, verði þó ekki komið hjá þessu, skal ábyggilegur maður vera á verði, meðan byrðin hangir.

Eftir því, sem frekast er unnt, skal forðast alla umferð undir hangandi byrði og athygli manna vakin á hættunni, sem því getur verið samfara.

10. gr.

Augasmeyging (spleis) á vírstreng skal vera með að minnsta kosti þremur smeygingum á óskertum þætti og síðan tveimur smeygingum með minnkandi þráðafjölda í þætti, eða á annan hátt gengið jafntryggilega frá auganu.

Stroffur úr vírstreng eða kaðli svo og keðjur, sem notaðar eru á sama hátt, 69
skulu geymdar hangandi á heppilegum stað við vinnustaðinn.

16. apríl

Stroffurnar skulu flokkaðar og merktar svo, að á þeim sjáist, hversu gildar þær eru og hvaða hámarksþunga má leggja á þær. Á geymslustaðnum skal hanga uppi spjald samkvæmt 2. fylgiblaði, sem sýnir hvaða burðarþol má ætla hverjum gildleika af stroffu eða keðju. Stroffurnar skulu auðkenndar og á keðjur skal letra með að minnsta kosti 6 mm háum stöfum, hvaða þunga má mestan leggja á þær.

Tunnuhaka má einungis nota til lyftingar á tunnum, þegar laggir þeirra eru svo góðar, að hakarnir grípi örugglega.

Gripskóflur skulu vera þannig gerðar, að hægt sé að lyfta þeim, án þess að þær lokist.

Kolamál og önnur ílát, sem sveiflast um ás, skulu búin öruggum lásnum, svo ekki sé hætt á að þau hvolfist óviljandi. Lásarnir skulu þannig gerðir, að ílátinu verði auðveldlega hvolft án hættu fyrir þann, sem opnar lásinn.

11. gr.

Hverju sinni áður en lyftitæki eða áhald er tekið í notkun, ber verkstjóra að fullvissa sig um, að lyftitæki og áhöld hafi verið skoðuð og prófuð og að þau hafi gildandi skoðunarvottorð.

Sjá nánar um skoðun og prófun lyftitækja og áhalda í II. kafla reglugerðar þessarar.

12. gr.

Þegar vörum er raðað í keðjulengju eða stroffu skal vanda svo röðunina, að ekki sé hætt á að vörknippið aflagist, svo að úr stroffunni hrynji.

Stroffurnar skulu ná alveg utan um vörknippið og skal þess jafnan gætt, að keðjur séu ekki snúnar eða „áhlekkjaðar“. Aldrei má stytta keðju með því að hnýta á hana hnút.

Ef hætt er á að hvassar brúnir skemmi keðju eða stroffu, skulu brúnirnar vel varðar.

Ekki má krækja krók í band, sem einungis er ætlað til þess að halda kassa eða pakka saman.

13. gr.

Ef meira en einn vinnuflokkur vinnur við sama lestarop í einu, skulu eftirgreindar ráðstafanir gerðar:

- a. Sérstakur lúguvörður skal vera fyrir hvern vinnuflokk.
- b. Í farmrúmi skal haga losun og lestun svo, verði því mögulega við komið, að ávallt sé aðgengilegt skot, þar sem verkamenn geta í skyndi leitað skjóls undir þilfari, ef hætt er á ferðum.
- c. Þegar unnið er við mjög löng stykki, svo sem bjálka, járnstengur, pípur og timbur, má ekki meira en einn vinnuflokkur í einu vinna við sama lestarop, nema það sé að minnsta kosti 5 m langt og vinnu sé hagað eins og um getur í b-lið þessarar greinar.
- d. Varast skal að flytja vörur yfir stað, þar sem verkamenn eru við vinnu, og aldrei nema að undangenginni aðvörun.

Þegar vörum er hlaðið í stafla eða vörur teknar úr stafla í farmrúmi, skal gæta fyllstu varúðar, svo staflar hrynji ekki.

14. gr.

Ef setja þarf farm á þilfar, þannig að hann teppi aðgang að lestaropi við losun eða lestun, skal þannig um búíð, meðan unnið er, að ekki sé slyshætta af. Þess skal og jafnan gætt, að þilfarsfarmur hindri ekki lúguvörð í starfi sínu.

- 69 Ef þilfarsfarmur nær það hátt upp, að borðstokkur eða lestaropsumgerð veitir ekki nægilega vörn gegn falli út fyrir, skal koma fyrir umbúnaði sem varnar því, að menn falli fyrir borð eða niður í farmrúm.

15. gr.

Á aðgengilegum stað á vinnustað skal vera skápur eða hirzla með nauðsynlegum umbúðum til bráðabirgðahjálpar, ef slys ber að höndum. Þá skulu og vera hentugar sjúkrabörur á vinnustaðnum.

Einn verkamanna á hverjum vinnustað skal kunna undirstöðuatriði í hjálp í viðlögum og skal honum falin umsjá með umbúðakistunni og öðrum tækjum til bráðabirgðahjálpar á staðnum.

Á hafnarbakka skulu vera nauðsynleg björgunartæki, svo sem stigi með krókum, krókstjaki og bjarghringur með línu.

Björgunartæki má einungis nota til þess, sem þau eru ætluð, og ekki má bera þau burt frá hinum fasta geymslustað, nema nauðsyn krefji, og skulu þau þá strax að notkun lokinni látin á sinn stað.

16. gr.

Verkamenn skulu eiga greiðan aðgang að drykkjarvatni á vinnustað.

Hæfilega mörg salerni skulu vera á vinnustaðnum, og skal þeim haldið hreinum.

Aðbúnaður verkamanna skal að öðru leyti vera samkvæmt því, sem krafizt er í reglugerð um vinnustöðvar úti.

II. KAFLI

Skoðun og prófun lyftitækja og áhald.

17. gr.

Lyftitæki nefnast í eftirfarandi greinum tæki, sem notuð eru til lyftingar á vörum við fermingu og affermingu skipa, svo sem vindur og kranar ásamt tilheyrandi búnaði, strengjum, keðjum og gripskóflum, gaffallyftur og færibönd.

Áhöld nefnast laus hjálpartæki, svo sem „stroffur“, keðjulengjur, hringir, krókar, lásar og blokkir eða önnur slík tæki, sem notuð eru við lyftingu á vörum

18. gr.

Áður en nýtt lyftitæki eða áhald er tekið í notkun, skal framkvæma á því aðalskoðun og prófun.

Hafi lyftitæki eða áhaldi verið breytt eða framkvæmd á því meiriháttar viðgerð, skal það skoðað og prófað eins og nýtt væri, áður en það er tekið í notkun á ný.

19. gr.

Aðalskoðun er fólgin í eftirfarandi:

Rannsókn á styrkleika og ásigkomulagi allra þeirra hluta lyftitækis eða áhalds, sem ætla má að hætta geti stafað af.

Rannsókn teikninga og útreikninga, athugun vottorða yfir efnisgæði og þýðingarmestu hluta, svo og suðu og afglóðun, að svo miklu leyti, sem telja verður nauðsynlegt til að ganga úr skugga um styrkleik og rekstraröryggi lyftitækis eða áhalds.

Prófun með þunga samkvæmt 20. gr.

Leiði aðalskoðun í ljós, að lyftitæki eða áhald sé ekki nægilega traust fyrir þann þunga, sem því er örugglega ætlað að þola, skal þegar tilkynna það vinnuveitanda, sem þá ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

20. gr.

Losunarkranar og lík lyftitæki skulu prófuð sem hér segir:

Mesti leyfilegur hámarksþungi
í smálestum:

Prófbungi umfram mesta
leyfilegan hámarksþunga:

69

16. apríl

Allt að 5 smál.	25 %
Frá 5 til 20 smál.	20 %
Frá 20 til 50 smál.	15 %
Yfir 50 smál.	10 %

Allar venjulegar hreyfingar lyftitækisins skulu gerðar með prófbunganum.

Áhöld, svo sem stroffur, keðjulengjur, hringir, krókar, lásar og blokkir skal prófa með prófbunga, sem er 50% yfir mesta leyfilegum hámarksþunga.

Að prófun lokinni skulu allir hlutar tækisins nákvæmlega athugaðir, svo gengið verði úr skugga um það, hvort nokkur þeirra hefur gefið sig við prófunina.

21. gr.

Að lokinni aðalskoðun gefur eftirlitsmaður út vottorð um árangur skoðunarinnar. Skal vottorðið geymt í eða við lyftitækið og á því tilgreint, hversu lengi það gildi. Getur eftirlitsmaður, hvenær sem er, krafizt þess að fá að sjá vottorðið.

Vottorð um aðalskoðun áhalda skulu geymd á geymslustað áhaldanna.

22. gr.

Eftir að lyftitæki eða áhald er tekið í notkun, að lokinni aðalskoðun og prófun, skal framkvæma á því aukaskoðun á tólf mánaða fresti, að minnsta kosti.

Við aukaskoðun skulu allir burðarhlutar skoðaðir, svo og strengir, keðjur og blokkir. Blokkir skulu teknar sundur og hjól þeirra og ásar skoðuð sérstaklega.

Að lokinni aukaskoðun gefur eftirlitsmaður út vottorð um árangur skoðunarinnar, og skal það geymt á sama hátt og um getur í 21. gr.

Eftirlitsmaður ákveður í vottorði, hversu lengi það skuli gilda, og skal síðan aukaskoðun framkvæmd á ný, áður en tími sá er útrunninn, sem tilgreindur er í vottorðinu.

23. gr.

Lyftitæki og áhöld skulu vera undir stöðugu eftirliti, meðan þau eru í notkun.

Eftirlit þetta skal vera í því fólgið, að fylgzt skal stöðugt með ástandi strengja og keðja og festingum þeirra. Skal allt slíkt athugað vikulega að minnsta kosti, samkvæmt nánari leiðbeiningum öryggiseftirlitsins.

Áhöld skulu jafnan athuguð, áður en þau eru tekin úr geymslu til notkunar, og síðan reglulega á viku fresti, ef þau eru í stöðugri notkun.

Hið stöðuga eftirlit skal fela föstum starfsmanni á vinnustaðnum, sem til þess hefur næga þekkingu, að dómi öryggismálastjóra.

Skal sá, sem eftirlitið hefur, færa bók yfir athuganir sínar, þar sem tilfærð er dagsetning hverrar skoðunar, athugasemdir, sem gerðar eru, lagfæringar og annað, sem máli skiptir, varðandi öryggi lyftitækis eða áhalds.

24. gr.

Við útreikninga á þoli stálstrengja við vélknúin lyftitæki, skal fara eftir reglum öryggiseftirlitsins.

Um styrkleika og álag á keðjulengjur og stroffur skal fara eftir meðfylgjandi töflum, sjá 2. fylgiblað.

Áhöld skulu afglóðuð samkvæmt 25. gr.

25. gr.

Með afglóðun er átt við hitun efnisins á þann hátt, að það haldi sinni upprunalegu kornastærð og seigju.

- 69
16. apríl
- Keðjur, hringir, lásar, krókar og þess háttar áhöld skulu afglóðuð:
- Þegar smíði þeirra nýrra er lokið;
 - einu sinni ár hvert;
 - ef áhaldið hefur að nokkru eða öllu leyti verið umsmíðað.
- Glóðun skal framkvæma í sérstökum lokuðum ofni án loftstraums við 900—950°
- C. Að lokinni hitun skal áhaldið látið kólna sjálfst í lofti, án þess að um það leiki súgur eða vatn.
- Stór stykki skulu hituð það lengi, að öruggt sé að þau séu jafnheit í gegn.
- Að lokinni afglóðun skulu áhöldin vandlega skoðuð.

26. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.





Samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1953.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

1. fylgiblað.

Merkjakerfi fyrir krana- og vindustjóra.









ÞURFI HRADARI
LYFTINGU,
SLÖKUN Eða
HLIDARFÆRSLU,
ER ÞAÐ SÝNT
MEÐ HRADARI
HANDAR-
HREYFINGUM.

2. fylgiblað.

69
16. apríl

Töflur yfir gildleika og burðarþol á keðjulengjum og stroffum.

144 þráða stálstrengur					Stutthlekkjuð, vélsmiðuð keðja				
Pver- mál í mm	Mesta leyfilegt álag, kg				Pvermál járns í hlekkju- um, mm	Mesta leyfilegt álag, kg			
	Ein- faldur strengur	Hanafótur, 2 strengir				Einföld keðja	Hanafótur, 2 keðjur		
									
11,5	875	1 575	1 225	875	9,5	700	1 260	980	700
13	1 200	2 160	1 680	1 200	11	1 000	1 800	1 400	1 000
15	1 550	2 790	2 170	1 550	13	1 300	2 340	1 820	1 300
17	1 975	3 550	2 760	1 975	14,5	1 700	3 060	2 380	1 700
19	2 425	4 360	3 390	2 425	16	2 100	3 780	2 940	2 100
21	2 975	5 350	4 160	2 975	17,5	2 500	4 500	3 500	2 500
22,5	3 525	6 350	4 930	3 525	19	3 000	5 400	4 200	3 000
24,5	4 150	7 470	5 810	4 150	20,5	3 500	6 300	4 900	3 500
26,5	4 800	8 640	6 720	4 800	22	4 100	7 380	5 740	4 100
30	6 250	11 250	8 750	6 250	24	4 800	8 640	6 720	4 800
34	7 925	14 260	11 100	7 925	25,5	5 500	9 900	7 700	5 500
					27	6 300	11 350	8 820	6 300
					28,5	7 100	12 780	9 940	7 100

Nýtt, gott tóg.

Gildleiki				Leyfilegur þungi, kg		Gildleiki				Leyfilegur þungi, kg	
Ummál		Pvermál		Ein- falt	Tvö- falt	Ummál		Pvermál		Ein- falt	Tvö- falt
enskir þuml.	mm	enskir þuml.	mm			enskir þuml.	mm	enskir þuml.	mm		
1	25	$\frac{5}{16}$	8	120	200	3	76	$\frac{15}{16}$	24	450	800
1 $\frac{1}{4}$	32	$\frac{8}{8}$	10	150	250	3 $\frac{1}{4}$	83	$\frac{11}{16}$	26	550	900
1 $\frac{1}{2}$	38	$\frac{1}{2}$	13	200	300	3 $\frac{1}{2}$	89	$\frac{11}{8}$	28	650	1 100
1 $\frac{3}{4}$	44	$\frac{9}{16}$	14	220	350	3 $\frac{3}{4}$	95	$\frac{13}{16}$	30	750	1 300
2	51	$\frac{5}{8}$	16	250	400	4	102	$\frac{11}{4}$	32	900	1 500
2 $\frac{1}{4}$	57	$\frac{11}{16}$	18	300	500	4 $\frac{1}{4}$	108	$\frac{13}{8}$	34	1 100	1 700
2 $\frac{1}{2}$	64	$\frac{13}{16}$	20	350	600	4 $\frac{1}{2}$	114	$\frac{17}{16}$	36	1 300	2 000
2 $\frac{3}{4}$	70	$\frac{7}{8}$	22	400	700	4 $\frac{3}{4}$	121	$\frac{11}{2}$	38	1 500	2 300

REGLUGERÐ

um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um námskeið, er veita þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkvæmt 4. gr. laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í síðari bekk fiskimannadeildar Stýrimannaskólans í Reykjavík.

I. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Námskeiðin skulu haldin annað hvort ár, samtímis á tveim stöðum utan Reykjavíkur, þegar næg þátttaka er fyrir hendi. Þessir staðir eru: Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar.

Það árið, þegar ártalið er jöfn tala, skal halda námskeið á Akureyri og í Vestmannaeyjum, en hitt árið, oddatöluárið, á Ísafirði og í Neskaupstað.

Námskeiðin skulu standa frá októberbyrjun til janúarloka.

2. gr.

Ekkert námskeið verður haldið, séu nemendur til fiskimannaprófs færri en 10.

3. gr.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík ræður siglingafræðikennara námskeiðsins, sem jafnframt er forstöðumaður þess. Skal heimilt að ráða hann til 4 ára í senn. Skólastjórinn auglýsir starf þetta eigi síðar en í maímánuði, og skal umsókn um það vera komin honum í hendur eigi síðar en í júlilok. Forstöðumaður námskeiðsins ræður sérstakan kennara í sjóvinnu, sé þess þörf. Aðra kennara við námskeiðið ræður bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar í samráði við forstöðumann námskeiðsins. Hún skal og útvega hæfilegt og gott húsnæði fyrir námskeiðið.

4. gr.

Fari fjöldi fiskimannaprófsnemenda fram úr 20, má í samráði við skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík skipta þeim í 2 deildir.

5. gr.

Á námskeiðstímanum er eftir ástæðum heimilt að hafa 2 námsflokka fyrir 6—30 rúmlesta prófið, enda séu nemendur í hvorum flokki ekki færri en 3. Er þá gert ráð fyrir, að kennslutími eins flokks fari ekki fram úr 6 vikum.

6. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði á námskeiðin:

a. Fyrir fiskimannapróf:

1. Að hafa verið háseti á skipi eftir 16 ára aldur í 24 mánuði og þar af verið að minnsta kosti 6 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir, eða að hafa verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málferi, sem yfirmannsstaða heimtar.

3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

b. *Fyrir 6—30 rúmlesta próf:*

1. Að hafa verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði.
2. Að hafa þá sjón og heyrn, sem nauðsynleg er fyrir skipstjórnarmenn.
3. Að hafa óflekkað mannorð.

Vottorð um þau atriði, er um getur í þessari grein, skal afhenda forstöðumanni námskeiðsins eigi síðar en 15. september.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorðum skráningarstjóra.

II. KAFLI

Kennsla og próf.

7. gr.

Kennslustundir í fiskimannaprófsdeild skulu vera þessar á viku:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg)	10 stundir
Siglingafræði (munnleg)	3 —
Íslenska (skrifleg og munnleg)	6 —
Danska (munnleg)	4 —
Enska (munnleg)	3 —
Heilsufræði (munnleg)	1 —
Siglingareglur	1 —
Morse-merki	3 —
Sjóvinna	3 —
Líkamsæfingar	2 —

Samtals á viku 36 stundir

Forstöðumaður námskeiðsins semur stundatöflu, er farið skal eftir.

8. gr.

Að aflokinni kennslu hvers námsflokks fyrir 6—30 rúmlesta próf, afhendir forstöðumaður námskeiðsins þeim nemendum, sem að hans dómi eru til þess hæfir, vottorð um, að þeir uppfylli skilyrði 4. gr. laga nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, stafl. a—h.

9. gr.

Í lok janúarmánaðar ganga nemendur fiskimannaprófsdeildar undir próf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði, og þeir, sem það standast, fá aðgang að síðari bekk fiskimannadeildar við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófið, eru hin sömu og við samsvarandi próf í stýrimannaskólanum.

Til þess að standast prófið er krafizt:

Í *íslensku*: Nemendur skulu hafa lesið að minnsta kosti 20 bls. í 8 bl. broti í óbundnu máli og kunna nokkurn veginn að greina orð, þekkja föll, kyn, tölur, stig og aðaltíðir. Megináherzlu ber að leggja á stafsetningu og merkjasetningu, og skulu nemendur kunna það af íslenskri málfræði, sem nauðsynlegt er til að geta skilið stafsetningarreglur og fært sér þær í nyt. Þeir skulu og læra helztu atriði

70 merkjasetningar, einkum í sambandi við samsetningar. Þeir skulu við prófið fá staðsetningarverkefni, er eigi sé styttra en 250 orð og eigi lengra en 300 og hafi inni að halda dæmi, er gefi nemanda tækifæri til að sýna kunnáttu sína í öllum helztu stafsetningarreglum. Þeir skulu og leysa úr lesmerkjaverkefni, er sýni kunnáttu þeirra í merkjasetningu samkvæmt því, er að ofan segir, og sé það nokkru lengra en stafsetningarverkefnið.

Við próf í íslenzku mega nemendur ekki nota stafsetningarorðabækur, rit-reglur eða aðrar kennslubækur eða önnur hjálpartæki.

Í stærðfræði: Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með jákvæðum og neikvæðum tölum, nefndum og ónefndum. Stærsti sammælir og minnsti samnefnari. Reikningur með almennum brotum, brotabrotum og tugabrotum. 1.-stigs jöfnur með einni óþekktri stærð. Veldi talna og rót. Hlutfallsjöfnur, bein og öfug hlutföll, þríliða og semsett þríliða. Einfaldur prósentureikningur. Reikningur með logaritnum.

Við próf í stærðfræði mega nemendur ekki hafa nein minnisblöð eða kennslubækur, aðrar en logarimatöflur.

10. gr.

Prófið er skriflegt í íslenzku og stærðfræði, munnlegt í dönsku og ensku, og skal skólustjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík senda bæjarfógeta hlutaðeigandi kaupstaðar skriflegu verkefnin í innsigliðum umslögum það snemma, að þau verði komin honum í hendur fyrir janúarlok. Á tilsettum tíma skal trúnaðarmaður bæjarfógetans koma með verkefnin á prófstaðinn og opna hvort um sig þegar próf byrjar í þeirri námsgrein, sem við á og prófsveinar eru komnir í sæti sín.

Tekið skal fram á verkefnunum hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn hafa. Úrlausnartíminn reiknast frá því að byrjað er að lesa verkefnið upp eða skrifa það á töflu.

11. gr.

Gæzlumenn skulu vera tveir í hverri skólastofu, skipaðir af bæjarfógeta, og bera þeir ábyrgð á að engum brögðum sé beitt við prófið. Kennarar námskeiðsins mega ekki vera gæzlumenn, að minnsta kosti ekki við þær greinir, sem þeir hafa kennt.

12. gr.

Þegar úrlausnum er skilað, skulu gæzlumenn athuga að þær séu greinilega merktar fullu nafni prófsveins, fæðingardegi hans og heimilisfangi, og rita á þær tímenn, sem prófsveinninn hefur notað til úrlausnarinnar. Úrlausnum í íslenzku skal skila bæði í hreinskrift og uppkasti og allur útreikningur stærðfræðiverkefna skal sýndur greinilega ásamt útkomum. Öll verkefni í íslenzku skal endursenda stýrimannaskólanum ásamt úrlausnum.

Strax að loknu prófi í hvorri grein, skulu gæzlumenn fara með úrlausnirnar til bæjarfógeta, sem gengur frá þeim í innsigliðum umbúðum og sendir þær Stýrimannaskólanum í Reykjavík svo fljótt, sem því verður við komið.

Meðan prófið stendur yfir, mega ekki aðrir vera í prófstofunni en trúnaðarmaður bæjarfógeta, prófsveinar og gæzlumenn, og auk þeirra kennari námsgreinarinnar meðan verkefni er lesið upp eða ritað á töflu.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér eða hjálpi öðrum, skulu gæzlumenn þegar víkja honum frá prófi og skal svo álitid, að hann hafi eigi staðizt prófið.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, geta gæzlumenn vikið honum frá prófinu.

13. gr.

Nú gengur nemandi frá prófi, stentz eigi próf eða hættir við það af öðrum sökum, og getur hann þá gengið undir þetta próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík að hausti.

70

17. apríl

14. gr.

Að námskeiði loknu, skulu forstöðumenn senda stýrimannaskólanum greinilega skýrslu um námskeiðin, kennslu í hverri grein, nemendafjölda og annað, er máli skiptir.

15. gr.

Öll nauðsynleg áhöld til kennslu í siglingafræði greiðir ríkissjóður, svo og allan kostnað við námskeiðin, þar með talið efni til kennslu í sjóvinnu.

Skemmi nemendur eða ónýti eitthvað af tækjum námskeiðanna, húsgögn eða annað þeim tilheyrandi, skal þeim skylt að bæta skaðann að fullu.

16. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð nr. 106 6. júní 1945, um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur, er úr gildi fallin.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

71

17. apríl

Samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sbr. lög nr. 99 13. desember 1950 og nr. 87 15. desember 1952, um breyting á þeim lögum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til þess að standast fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjóraþróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Tveggja ára deild undir fiskimannapróf.
2. Þriggja ára deild undir farmannapróf.
3. Sérstök deild undir skipstjóraþróf á varðskipum ríkisins, og gangi nemandur í hana a. m. k. fjóra mánuði, eftir að þeir hafa lokið farmannaprófi.

3. gr.

Hverri kennsludeild skal skipta, ef þörf krefur, í kennslubekki. Í hverjum kennslubekk megi að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemandur.

Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

71 Engin kennsludeild starfar með færri en 4 nemendum, nema leyfi ráðuneytis-
17. apríl ins komi til.

II. KAFLI

Um kennsluna.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og líkamsæfingar, auk þeirra fræðigreina, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur ráðuneytið með prófreglugerð.

III. KAFLI

Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.

6. gr.

Inntökubeiðni nýsveina í skólann skal vera skrifleg og komin til skólastjórans eigi síðar en 1. ágúst. Beiðninni skulu fylgja vottorð um þau atriði, er um getur í 7. gr., og vottorð um siglingatíma samkv. 8. gr.

7. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
2. Að kunna sund.
3. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
4. Að hafa óflekkað mannorð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í skólann, ber umsækjanda að leggja fram vottorð um $\frac{2}{3}$ hluta þess siglingatíma, sem krafizt er í lögum um atvinnu við siglingar til þess að geta fengið það stýrimannsskírteini, sem prófið veitir. Við inntöku nemenda í undirbúningsdeild fiskimannaprófs, skal miðað við þann siglingatíma, sem krafizt er til þess að fá hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorði skráningarstjóra.

Til þess að verða tekinn í deild þá, er býr menn undir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægri meðaleinkunn en 6.

9. gr.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið, eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur fiskimanna- eða farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í síðari bekk fiskimannaprófs, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

Í janúarlök ár hvert, skulu nemendur í fyrstu bekkjum farmanna- og fiskimannadeilda ganga undir próf í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði. Próf þetta skal haldið af kennurum skólans, og þeir einir, sem það standast, verða fluttir í eldri deild að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nem-

andi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum 71 undanþágu frá þessu prófi.

17. apríl

Til að standast prófið þarf einkunnina 4 í skriflegri stærðfræði, í íslenskri ritæfingu, í munnlegri dönsku og munnlegri ensku, enda sé miðað við sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Próf þetta má einnig halda áður en skólinn tekur til starfa að haustinu, og er kennurum skólans auk þess heimilt, að halda áður tveggja vikna námskeið við skólann í áðurgreindum námsgreinum og öðrum, sem krafizt er til inntöku í eldri deildir.

IV. KAFLI

Um kennara skólans.

10. gr.

Kennarar skólans eru:

1. Fastir kennarar: skólastjóri, þrír kennarar í siglingafræði og tungumálakennari.
2. Stundakennarar, eftir þörfum, og setur ráðuneytið þá samkvæmt tillögum skólastjóra.

11. gr.

Ráðuneytið ákveður kennslustundafjölda skólastjóra og kennaranna.

12. gr.

Eftir atvikum má í samráði við vélskólann skipta tungumálakennslu þess skóla og stýrimannaskólans milli tungumálakennara skólanna þannig, að hvor tungumálakennarinn kenni það eða þau tungumál í báðum skólunum, sem hann er færari í.

13. gr.

Allir kennarar skólans eiga af fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann og láta sér annt um, að kennslan nái tilgangi sínum. Kennurum ber jafnan að vera komnir í skólann, áður en kennslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust inn í sína kennslustofu, þegar inn er hringt.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

14. gr.

Skólastjórinn hefur á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón ráðuneytisins. Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum og hafa á hendi reikningshald skólans og eftirlit með viðhaldi hans, ræstingu o. s. frv.

Við hver áramót skal skólastjóri senda ráðuneytinu aðalreikning með fylgiskjölum yfir það, sem skólinn hefur notað umliðið ár.

Að afloknum burtfararprófunum skal skólastjóri senda ráðuneytinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kennsluna og prófin.

15. gr.

Skólastjórinn skal sjá um, að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, athuganabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

71

17. apríl

VI. KAFLI

Um nemendur skólans.

16. gr.

Nemendur eiga í kennslustundum sem utan þeirra að sýna kennurum sínum virðingu og hlýðni.

17. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum afsakanir eru byggðar, sé eigi sent læknisvottorð.

18. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu eða neyta þar matar. Reykingar eru stranglega bannaðar.

19. gr.

Valdi nemandi skemmdum á kennsluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

20. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja að reglu og aga í skólanum.

21. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir.

Telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fullt og allt, skal til þess fengið leyfi ráðuneytisins.

VII. KAFLI

Um kennslutíma og leyfi.

22. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

23. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk vera allt að 36 kennslustundir. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en hlé milli kennslustunda 10 mínútur. Skólastjóri semur stundatöflu fyrir hvert skólaár og leggur hana undir úrskurð ráðuneytisins.

24. gr.

Stundafjöldi námsgreinanna á viku skal vera sem hér segir:

Námsgreinar	Fiskimannaprófs- nemendur		Farmannaprófs- nemendur			Nemenda- deild skip- stjóraefna á varðskipum	71 17. apríl
	Fyrri bekkur	Síðari bekkur	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur		
Stærðfræði	10	3	13	4	3	} 6	
Siglingafræði	2	11	2	9	11		
Íslenska	6	4	6	4	3		„
Danska	4	3	4	2	2		„
Enska	3	3	3	3	2		3
Dýzka	„	„	„	„	„		5
Sjóréttur	„	2	„	2	1		„
Heilsufræði	1	1	1	1	1		„
Bókhald	„	1	„	1	1		„
Viðskiptafræði	„	„	„	„	1		„
Eðlisfræði	„	1	1	1	1		„
Vélfraði	„	2	„	2	2		„
Landafr. og veðurfr. .	„	1	„	1	1		„
Sjómennska	7	6	7	8	9		„
Alþjóðaréttur og skýrslur	„	„	„	„	„		3
Alþjóðamerki	„	„	„	„	„		4
Líkamsæfingar	2	2	2	2	2		3
Samtals á viku	35	40	39	40	40		24

Enn fremur er öllum fiskimannaprófsnemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku tvisvar á mánuði. Nemendur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháska, eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði.

Heimilt er skólustjóra að fella niður kennslu í sjóvinnu síðari hluta vetrar, en þó eigi fyrr en í lok janúarmánaðar.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hverrar deildar, ef þess er þörf.

25. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Mánaðarfrí, einn dag í október, nóvember, febrúar og marz.

VIII. KAFLI

Um skólalækni o. fl.

26. gr.

Heilsufræðikennari stýrimannaskólans er læknir skólans og hefur hann eftirlit með, að fullnægt sé fyrirmælum um hreinlæti og allt, sem lýtur að almennum heilbrigðismálum við skólann.

27. gr.

Ráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hagað, og hvað útheimtist til að standast þau. Það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

1953

218

71

28. gr.

17. apríl

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 89 27. apríl 1945, ásamt síðari breytingu, er úr gildi fallin.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

72

AUGLÝSING

18. apríl

um viðauka við reglugerð um söluskatt, nr. 7 frá 10. jan. 1953.

1. gr.

Til viðbótar vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3. gr. reglugerðarinnar, komi:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

81 6 Hvalveiðiskutlar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1953.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kjartan Ragnars.

73

AUGLÝSING

21. apríl

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1953.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. apríl 1953.

F. h. r.

Gunnlaugur E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Péturssonar frá 74 Ingjaldshóli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Péturssonar frá Ingjaldshóli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jóns Péturssonar frá Ingjaldshóli“ og er stofnaður af frú Ingveldi Á. Sigmundsdóttur til minningar um mann hennar, Jón Pétursson, sem fæddist 24. febr. 1894 og andaðist 21. febr. 1925.

2. gr.

Sjóðurinn, sem nú nemur kr. 10032.87, skal geymdur í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Gjafir, er sjóðnum kunna að berast, skulu leggjast við höfuðstól hans ásamt hálfum ársvöxtum, en hálf ársvexti fær stjórn hans, til ráðstöfunar árlega samkvæmt tilgangi hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að feurun kringum væntanlegan húsmæðraskóla Snæfellinga, einkum með blóma og trjárækt.

Þar til byrjað verður á byggingu skólans, má verja fé því, sem til úthlutunar kemur árlega, til trjá- og blómaræktar í Snæfellsnessýslu. Nákvæmlega skal þess gætt við úthlutun styrkja, að blettir þeir, sem gróðursett er í, séu vel girtir. Með sama hætti má veita styrki til trjá- og blómaræktar í kirkjugörðum.

Úthlutað skal úr sjóðnum 24. febr. ár hvert, í fyrsta sinn 1954, á 60 ára afmæli Jóns Péturssonar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, valdar á ársfundi Sambands breiðfirzkra kvenna, og skal ein ganga úr stjórninni árlega, þó svo, að endurkosning er heimil. Stofnanda sjóðsins er áskilinn réttur til að stinga upp á konum í stjórnina, enda ber að hafa hana með í ráðum um allar framkvæmdir, meðan hennar nýtur við.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega. Skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendur Sambands breiðfirzkra kvenna og lagðir fram á aðalfundi sambandsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

75
29. apríl

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.40 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvenna kwst.mæla, annan til ljósa og hinn til suðu og hitunar, þannig reiknað:

Fyrir notkun um ljósamælinn kr. 2.40 á kwst.

Fyrir notkun um suðumælinn — 0.60 — —

Suðu- og hitunartæki, sem tengd eru við suðumælinn, skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 amp. eldavélatengil og hafa einn tengil í eldhúsinu að auki fyrir suðutæki, strokjárn o. þ. h.

2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu, þannig reiknað:

a. Fastagjald af gólfleti íbúðar 45 aurar á m² á mán.

b. Fyrir fyrstu 3 kwst. á mán. á hvern m² gólfplatar . 60 — — kwst.

c. Fyrir notkun umfram það 22 — — —

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til ef um súðarherbergi eða þvilíkt er að ræða.

Ofangreind ákvæði um fyrstu notkun gilda fyrir allar íbúðir upp að 100 m², en fyrir íbúðir með yfir 100 m² gólfplöt reiknast til fyrstu notkunar 2 kwst. á mánuði á hvern m² fram yfir 100 m².

Ef nægileg raforka er ekki fyrir hendi, er bæjarstjórn heimilt að fella niður 22 aura verðið fyrir umframnotkun og selja alla notkun samkvæmt þessum gjaldskrárlið á 60 aura kwst., auk fastagjaldsins.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.35 hverja kwst.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun 35 aurar á kwst.

— næstu 30 000 — — 33 — — —

— umfram 50 000 — — 30 — — —

Verð þetta miðast við, að útsöluverð á dieselolíu á Siglufirði sé 700 kr. tonnið, en fyrir hver full 10%, sem olíuverðið lækkar eða hækkar frá því verði, lækkar eða hækkar verð orkunnar um 10%.

D. Hitun.

Um kwst.mæli (séræli fyrir hitalögnina) á:

1. 20 aura hverja kwst.
2. 16.5 aura hverja kwst. gegn því skilyrði, að straumurinn sé rofinn með klukku-rofa í allt að 3 klst. hvern sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra.

Notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald rofans. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til klukkurofa og kosti viðhald hans, og kostar þá notandinn tengingu rofans og greiðir leigu af honum samkvæmt reglum, er gilda um leigumæla. 75
29. apríl

3. Eftir að viðbótarvélasamstæðan er komin upp er rafveitunni heimilt að selja raforku til hitunar yfir mánuðina maí — nóv., eða meðan vatn er yfirfljótanlegt, þannig:
 - a. á 17 aura hverja kwst. án rofs.
 - b. á 14 aura hverja kwst. með rofi allt að 3 klst.
4. 11 aura hverja kwst. til upphitunar sundlaugar mánuðina maí til september. Straumrof kl. 10—12.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Rafveitustjóri getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.35 hverja kwst.
3. Til lýsingar gatna, hafnar, skóla, sundlaugar, sjúkrahúsa og kirkna um kwst.-mæli á kr. 1.00 hverja kwst.
4. Til fiskþurrkunarhúsa selst raforkan til hreyfla eftir gjaldskrárlið C-2, en fyrir hita til þurrkunar eftir D-2.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, þar með talinn kjallari og íbúðarfært ris, eins og hér segir:

75
29. apríl

<i>Rúmmál húss í m³:</i>	<i>Heimtaugargjald jarðstrengs:</i>
Allt að 200	kr. 600.00
Frá 200 allt að 300	— 700.00
— 300 — — 400	— 800.00
— 400 — — 500	— 900.00
— 500 — — 600	— 1000.00
— 600 — — 700	— 1100.00
— 700 — — 800	— 1200.00
— 800 — — 900	— 1300.00
— 900 — — 1000	— 1400.00
— 1000 — — 1200	— 1500.00
— 1200 — — 1400	— 1600.00
— 1400 og þar yfir	— 1700.00

Fyrir loftlínu greiðist sem nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé jarðlínuheimtaug lengri en 15 metrar og loftlínuheimtaug lengri en 40 metrar eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald eftir reikningi, greiði aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En þau hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiði það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt liðum A, B, C-1 og E í I. kafla gjaldskrárinnar miðast við kaupgjaldsvísitölu Hagstofu Íslands í nóv. 1952 (153 stig) og hækka eða lækka um 1% fyrir hver full 2 stig sem vísitalan hækkar eða lækkar.
2. Gjöld samkvæmt D-liðum I. kafla gjaldskrárinnar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda 500 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10% sem eldsneytisverði hækkar eða lækkar, þó þannig að raforkuverðið miðist við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega, miðað við grunnverðið 500 kr. á kolatonni og 800 kr. á oliutonni.
3. Auk ofangreindra breytinga er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi frá og með 1. maí 1953,

og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi 75 felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 63 8. maí 1951.

29. apríl

Atvinnumálaráðuneytið, 29. apríl 1953.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

76

30. apríl

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar skulu falla niður orðin „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis“.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september, skal á laugarlögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 12 á hádegi, enn fremur á tímabilinu frá 30. september til 30. apríl skal loka á laugardögum eigi síðar en kl. 4 e. h.

Heimilt er á tímabilinu 1. maí til 30. september að hafa búðir opnar til kl. 7 e. h. á föstudögum.

3. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 67 frá 2. maí 1946, um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

77

1. maí

fyrir garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

I. KAFLI

Tilgangur skólans, inntökuskilyrði og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólans er að veita garðyrkjunemum sérfræðslu, bóklega og verklega. Enn fremur að gera ýmsar tilraunir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðurhúsum.

77

1. maí

2. gr.

Í skólanum skal fara fram bæði bókleg og verkleg kennsla.

Þeir, sem stunda fullnaðarnám við skólann, skulu njóta bóklegrar kennslu í 3 vetur, á tímabilinu 1. nóvember til 1. marz ár hvert, alls í 12 mánuði.

Verknámskennslu skal aðallega þannig fyrir komið:

1. Allt að þriggja ára verknám fyrir þá, er vilja verða fullnuma í garðrækt.
2. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir byrjendur.
3. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir fullnuma garðyrkjumenn.
4. Allt að mánaðar námskeið í matreiðslu og hagnýtingu grænmetis.

3. gr.

Verknámskennsla við fullnaðarnám má hefjast á ýmsum tímum árs, eftir því sem ástæður og rúm leyfir. Fyrstu 3 mánuðina skal skoða sem reynslutíma, þegar um byrjendur er að ræða, og skal skólastjóri og kennarar að þeim tíma liðnum ákveða, hvort nemandinn telst fær um að halda áfram námi.

Nemendur við verknám skulu fá skólavist allt að eitt ár í senn, og ber skólanum heldur eigi skylda til að hafa sömu nemendur lengur við verknám. En vera skal skólinn þeim til aðstoðar við að komast að sem verknemar á garðyrkjubúum annars staðar, svo að þeir geti lokið verknámi að fullu.

Bóknámskennslan hefst 1. nóvember.

Fyrst um sinn skal aðeins veita inntöku í bóknámsdeild skólans annað hvort ár.

Jólaleyfi nemenda, sem stunda nám í bóknámsdeild, skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum.

Nemendur í verknámi skulu eiga kost á sumarleyfi á þeim tíma, er skólastjóri ákveður, og ber að tilkynna nemanda með minnst viku fyrirvara, hvenær orlof hefst. Lengd sumarleyfa skal ákveðin með hliðsjón af því, sem um er samið hverju sinni, milli félags garðyrkjumanna og félags garðyrkjubænda, um garðyrkjuvinnu. — Óheimilt er skólastjóra að skipta sumarleyfi, nema að fengnu samþykki þess nemanda, sem í hlut á.

4. gr.

Skriflega beiðni um inntöku skal senda skólastjóra skólans. Hann veitir inntöku í skólann og tilkynnir umsækjanda veitinguna. Til inntöku í bóknámsdeild útheimtist:

- a. Að umsækjandi sé fullra 16 ára;
- b. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi;
- c. að umsækjandi gefi skriflegt loforð um, að hann neyti ekki áfengra drykkja, meðan hann stundar nám við skólann og dvelur þar;
- d. að umsækjandi hafi lokið unglingsprófi eða hlotið svipaða menntun;
- e. að umsækjandi hafi stundað verknám í garðyrkju a. m. k. eitt ár eftir 14 ára aldur.

Ákvæði þau, sem tilgreind eru undir staflið b og c, gilda einnig um inntöku í verknámsdeild skólans.

Læknisvottorð, skírnarvottorð og skilríki fyrir því, að umsækjandi fullnægi framangreindum atriðum, skulu fylgja inntökubeiðni.

Frá einstökum framantöldum atriðum má þó veita undanþágu, ef sérstakar ástæður mæla með. Umsækjendur, er hlotið hafa góða undirbúningsmenntun, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir við inntöku í skólann.

Enginn getur lokið burtfararprófi úr bóknámsdeild skólans nema að hann hafi stundað verknám í 3 ár, þar af eigi skemur en 6 mánuði í garðyrkjuskólanum, en að öðru leyti á viðurkenndum garðyrkjubúum, undir handleiðslu garðyrkjumanns.

II. KAFLI

Kennsla.

77

1. maí

5. gr.

Yfirstjórn kennslunnar er í höndum skólustjóra og kennara. Skal haldinn kennarafundur a. m. k. einu sinni í mánuði, og þar teknar ákvarðanir um þau mál, er kennsluna varða.

6. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kennsla fara fram í fyrirlesturum, með yfirheyrslum, starfsæfingum og með því að fá nemendum verkefni til skriflegrar úrlausnar, allt eftir ákvörðun skólustjóra og kennara.

7. gr.

Við verklega kennslu skal leggja áherslu á, að nemendurnir læri sem flest garðyrkjustörf, bæði við útiræktun og ræktun í gróðurhúsum. Enn fremur skulu þeir vinna að búsmíðum, byggingu gróðurhúsa og viðhaldi þeirra, svo og að öðrum störfum, er að garðrækt lúta og þeim má að gagni koma að kynnst.

Leggja skal áherslu á að nemendurnir fái sem beztan skilning á þeim störfum, sem unnin eru. Skulu þau útskýrð svo sem þörf er á jafnhliða framkvæmd þeirra.

8. gr.

Nemendur skulu færa dagbók, til þess að þeir hafi sem bezt not af hinni verklegu kennslu og fái æfingu í sjálfstæðri hugsun og starfi. Dagbókina skulu þeir afhenda skólustjóra vikulega. Villur skal leiðrétta og viðurkenning skal gefin fyrir því, að dagbókin sé færð eftir þeim kröfum, er skólustjóri og kennarar ákveða.

Nemendur skulu hafa safnað a. m. k. 100 íslenskum plöntum, áður en þeir ljúka burtfararprófi.

9. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kenna þessar námsgreinar:

a. 1. bekkur:

Yfir kennslumisserið:

Íslenska	24	kennslustundir.
Bókfærsla, hagfræði og þjóðfélagsfræði	48	—
Efnafræði	72	—
Eðlisfræði og stærðfræði	60	—
Grasafræði	60	—
Steina- og jarðfræði	48	—
Bygginga- og verkfærafræði	36	—
Dráttlist	48	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—

Samtals 444 kennslustundir.

b. 2. bekkur:

Yfir kennslumisserið:

Erfðafræði og garðyrkjuutilraunir	36	kennslustundir.
Jarðvegs- og áburðarfræði	72	—
Grasafræði	108	—
Jurtasjúkdómar	60	—
Garðyrkjufraði	60	—
Land- og hallamælingar	48	—

77
1. maí

	<i>Yfir kennslumisserið:</i>	
Starfsæfingar	24	kennslustundir.
Leikfimi og sund	24	—

Samtals 432 kennslustundir.

c. 3. bekkur:

	<i>Yfir kennslumisserið:</i>	
Íslenzka	24	kennslustundir.
Ylræktun ávaxta og matjurta	72	—
Blómaylrækt	72	—
Matjurtarækt	60	—
Trjárækt og garðagróður	84	—
Garðyrkjufraði	24	—
Skrúðgarðafraði	48	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—

Samtals 432 kennslustundir.

10. gr.

Auk hinnar reglubundnu kennslu, er fyrr um getur, má halda allt að 4 mánaða námskeið við skólann, þar sem fram fari tilsögn í ræktun algengra matjurta og garðagróðurs. Í sambandi við námskeiðin skulu haldnir fræðandi fyrirlestrar, eftir nánari ákvörðun skólustjóra og kennara.

11. gr.

Heimilt er einnig að halda önnur námskeið við skólann, þegar ástæður leyfa, t. d. í matreiðslu grænmetis, niðursuðu og geymslu, jurtasjúkdómum, jarðvegs- og áburðarfræði, verkfærafræði, gróðurlýsingum, byggingu og upphitun gróðurhúsa o. fl. Einnig almenn námskeið fyrir garðyrkjumenn, þar sem veitt er, í fyrirlestrum og á umræðufundum, fræðsla um ýmsar greinar garðyrkjunnar.

12. gr.

Neiti nemandi að vinna þau verkefni, sem honum er falið að leysa af hendi, eða brjóti á einn eða annan hátt ákvæði þessarar reglugerðar eða skólareglur, skal skólustjóra heimilt að vikja nemanda úr skólanum.

III. KAFLI

Próf.

13. gr.

Í lok hvers kennslumisseris bóknámsdeildar skólans skulu nemendur prófaðir í þeim námsgreinum, sem kenndar hafa verið á þeim tíma, að undantekinni íslenzku, leikfimi og sundi, en í þeim greinum skulu nemendur prófaðir við lokapróf 3. bekkjar. Til þess að nemendur standist bekkjarpróf og fái leyfi til að halda áfram námi, skulu þeir fá a. m. k. einkunnina 5 til jafnaðar. Sömu einkunn skulu þeir og hljóta til jafnaðar til að standast lokapróf. Þó stengt enginn próf, er fengið hefur 0 í einni grein, né 1 í fleiri greinum en einni. Áður en nemandinn gengur undir lokapróf, skal hann leggja fram fullnægjandi skilríki fyrir því, að hann hafi lokið tilskildu verk-námi.

14. gr.

77

Einkunnir skal gefa í tölum frá 0—10, heilum tölum og fimmtu þörtum.

1. maí

Fullnaðareinkunnirnar 5—5.99 teljast þriðja einkunn.

— 6—7.24 — önnur einkunn.

— 7.25—8.99 — fyrsta einkunn.

— 9—10 — ágætis einkunn.

15. gr.

Í bóklegu námsgreinunum skal gefa þessar einkunnir:

a. 1. bekkur:

1 einkunn fyrir bókfærslu, hagfræði og þjóðfélagsfræði.

1 — — efnafræði.

1 — — eðlisfræði og stærðfræði.

1 — — grasufræði.

1 — — steina- og jarðfræði.

1 — — bygginga- og verkfærafræði.

1 — — dráttlist.

b. 2. bekkur:

1 einkunn fyrir erfðafræði og garðyrkjutilraunir.

1 — — jarðvegs- og áburðarfræði.

1 — — jurtasjúkdóma.

1 — — garðyrkjufraði.

1 — — land- og hallamælingar.

2 einkunnir fyrir grasufræði.

c. 3. bekkur:

1 einkunn fyrir íslenzku.

1 — — ylræktun ávaxta og matjurta.

1 — — blómaylrækt.

1 — — matjurtarækt.

1 — — trjárækt og garðagróður.

1 — — garðyrkjufraði.

1 — — skrúðgarðafræði.

1 — — leikfimi og sund.

16. gr.

Nemendur þeir, sem staðizt hafa prófið, skulu fá skirteini, er sýni einkunnir þeirra í hverri námsgrein, svo og aðaleinkunn. Enn fremur skal skrá á prófskirteinið greinargerð um undirbúningsmenntun nemandans í verklegum greinum. Hvar hann hefur stundað verknám, hvað lengi o. s. frv.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara.

IV. KAFLI Námskostnaður.

18. gr.

Skólinn veitir nemendum sínum ókeypis kennslu, húsnæði, ljós og hita, og leggur þeim einnig til verkfæri og áhöld til afnota. Nemendur greiða fyrir þjónustu og fæði. Skal sú greiðsla reiknast sem næst kostnaðarverði hverju sinni, samkvæmt reikningum skólans. Nemendur skulu sjálfir sjá sér fyrir sængurfatnaði og kennslubókum.

- 77 Nemendum, sem stunda verknám, skal greiða þóknun eins og hér segir:
1. maí
- | | | | | | | | |
|---------------|------|------|-----------|--------|-------|----|------|
| 1. verknámsár | 30%, | sé | nemandinn | yngrri | en | 16 | ára. |
| 1. | — | 40%, | — | — | eldri | — | 16 — |
| 2. | — | 50%. | | | | | |
| 3. | — | 60%. | | | | | |

Skal þóknun til nemenda þannig reiknuð í hundraðshlutum, miðað við kaup fullgildra garðyrkjumanna, eins og það er á hverjum tíma, samkvæmt almennum samningum, er um það gilda.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 91 23. júní 1936, um garðyrkjuskóla ríkisins. Með henni er úr gildi numin reglugerð nr. 134 7. desember 1938, fyrir garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

Reglugerðin öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. maí 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

- 78 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Hvildarheimilissjóð húsmæðra í
4. maí Kaldrananeshreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra
4. maí 1953.
- Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hvildarheimilissjóð húsmæðra í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hvildarheimilissjóður húsmæðra í Kaldrananeshreppi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja húsmæður í Kaldrananeshreppi til hvíldar og dvalar frá heimilisstörfum 2 til 3 vikur á ári.

3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1932 með 2000 — tvö þúsund — krónum, en er nú árið 1953 orðinn 12 500 — tólf þúsund og fimm hundruð — krónur.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggri lánsstofnun hér á landi, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

5. gr.

Afla skal sjóðnum tekna á þann hátt, sem stjórn sjóðsins og Kvenfélagið Snót í Kaldrananeshreppi telja heppilegast á hverjum tíma.

6. gr.

Leggja skal vexti sjóðsins og aðrar tekjur við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 15000.00. Eftir það má úthluta samkvæmt tilgangi sjóðsins helmingi ár-

legra vaxta og tekna, hinn helmingurinn leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn 78 er orðinn að upphæð kr. 40000.00, og má eftir það úthluta $\frac{3}{4}$ hlutum tekna, $\frac{1}{4}$ 4. maí leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 75000.00.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en eftir að höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 75000.00, getur stjórnin í samráði við kvenfélagið Snót úthlutað öllum tekjum sjóðsins, ef þurfa þykir, þó skal heimilt að leggja $\frac{1}{5}$ hluta vaxtanna við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, kosnum af kvenfélaginu Snót í Kaldrananeshreppi til eins árs í senn. Verði kvenfélagið Snót lagt niður, skulu stjórnarmenn kosnir í þess stað af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skrá í hana skipulagsskrá þessa, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur ber sjóðsstjórninni að halda bók um eignir sjóðsins, tekjur og gjöld, og skrá í hana ársreikninga sjóðsins.

10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, ef til eru, bækur hans og önnur skilríki á öruggum stað.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal reikningur gerður fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

12. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, kosnum af kvenfélaginu Snót í Kaldrananeshreppi, eða endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga Kaldrananeshrepps, verði kvenfélagið Snót lagt niður.

13. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaði ár hvert.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um búfjártryggingar.****I. KAFLI****Stofnákvæði, stjórn, stofnfé og ábyrgð.****1. gr.**

Brunabótafélag Íslands rekur búfjártryggingardeild með sérstökum, aðgreindum fjárhag. Búfjártryggingardeildin lýtur sömu stjórn og Brunabótafélagið.

2. gr.

Brunabótafélagið semur árlega reikning yfir heildarrekstur deildarinnar. Reikningsárið telst frá 1. október til 30. september næsta ár.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Brunabótafélagsins og birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram 300 000 kr. með jöfnum afborgunum á árunum 1953—1955. Rennur fé þetta í stofnsjóð og varasjóð deildarinnar, er nefnist Búfjártryggingarsjóður, til viðbótar fé því, er áður hefur verið greitt úr ríkissjóði til stofnunar sjóðsins.

4. gr.

Til Búfjártryggingarsjóðs fellur árlegur tekjuafgangur af rekstri deildarinnar, enda greiðist einnig úr honum, ef árstekjurnar hrökkva ekki til tjónbóta og rekstursútgjalda, sbr. þó 6. gr.

5. gr.

Allir þeir, sem tryggja í Búfjártryggingardeild, eru félagsmenu hennar og ábyrgjast að sjóður hennar geti staðið í skilum. Ábyrgðin er þó takmörkuð við það, að váttryggjendum það ár, er iðgjöldin hrökkva ekki til bóta, er skylt að greiða viðbótariðgjald, allt að 100%.

Viðbótariðgjöldin má taka lögtaki í eigum váttryggjenda.

6. gr.

Verði eitthvert ár svo mikið tjón samkvæmt 15. gr., staflið c og d, að ársiðgjöld og aukaiðgjöld, séu þau innheimt, hrökkvi ekki til bóta, skal það, sem á vantar, greiddast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði og ríkissjóði. Slíkt framlag ríkissjóðs er ekki afturkræft.

7. gr.

Ríkissjóður ábyrgist að Búfjártryggingarsjóður geti innt af hendi skuldbindingar sínar til tjónbóta, en fá skal hann það endurgreitt, sbr. þó 6. gr.

8. gr.

Leita skal endurtryggingar á einstökum eða öllum áhættum Búfjártryggingardeildar, ef Brunabótafélagið eða ríkisstjórnin telur það nauðsynlegt eða hagfellt.

II. KAFLI

Umboðsmenn og störf þeirra.

79

7. maí

9. gr.

Umboðsmenn Brunabótafélags Íslands skulu vera umboðsmenn Búfjartryggingardeildar. Þeir taka á móti váttryggingarbeiðnum og senda þær til aðalskrifstofunnar, sem gefur út váttryggingarskírteini, innheimta iðgjöld og aukaiðgjöld, og gera skil á þeim til Brunabótafélagsins. Þeir eru og umboðsmenn og málsvarar búfjartrygginganna um allt, er varðar ákvörðun tjónbóta.

Brunabótafélagið getur þó tekið sér sérstaka trúnaðarmenn fyrir Búfjartryggingardeildina, ef þörf krefur.

10. gr.

Umboðsmenn Búfjartryggingardeildar hafa á því vakandi auga, að allir þeir, sem það er skylt, váttryggi búfé, og aðvara þá um það, ef þörf krefur. Beri það ekki þann árangur, að tryggingarskyldunni sé fullnægt, tilkynnir hann það hlutaðeigandi yfirvaldi.

11. gr.

Umboðsmenn fá 5% af iðgjöldum fyrir skrásetningu váttrygginga, innheimtu iðgjalda, reikningshald og bréfagerðir. Útlagðan kostnað fyrir ritföng, burðar- og símagjöld og annan kostnað útlagðan, svo og þóknun fyrir sérstök ómök, sem þeir hafa vegna ákvörðunar tjóna og tjónbóta, fá þeir endurgreiddan eftir sanngjörnum reikningi, sem Brunabótafélagið samþykkir.

12. gr.

Bréfagerðum vegna búfjartrygginganna ber umboðsmönnum að halda sérstökum, en blanda þeim ekki saman við bréfagerðir varðandi brunatryggingar.

13. gr.

Brunabótafélag Íslands lætur gera á kostnað Búfjartryggingarsjóðs eyðublöð fyrir váttryggingarbeiðnir, váttryggingarskírteini, iðgjaldskvittanir, tilkynningar um tjón, skilagreininir umboðsmanna til Búfjartryggingardeildar og önnur þau eyðublöð, sem þörf er á vegna trygginganna. Það lætur og umboðsmönnum í té nauðsynlegar bækur.

III. KAFLI

Tryggingarskylda. Tryggingarheimild.

14. gr.

Skyllt er að tryggja í Búfjartryggingardeild gegn hvers konar vanhöldum: kynbótahesta, kynbótanaut og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótábúum, sem styrks njóta af opinberu fé.

Rísi ágreiningur um skýrgreiningu á því, hvað sé kynbótagripur, sker ráðunautur Búnaðarfélags Íslands, í hlutaðeigandi búfjargrein, úr því.

15. gr.

Heimilt er að tryggja í Búfjartryggingardeild gegn venjulegum vanhöldum og slysum, með þeim undantekningum, er um ræðir í 16. gr.:

- a. *Hrúta*, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun,
 - naut*, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun eða önnur verðlaun,
 - kynbótahesta*, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun
- á sveitar- eða héraðssýningum, enda nái skyldutryggingarákvæði 14. gr. ekki til þessara gripa;

- 79 7. maí b. ær á kynbótabúum og í sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé;
 c. heil kúabú, þó ekki gegn kálfleysi;
 d. heil sauðfjárþú, gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári af heildartölu sauðfjárins.

Umboðsmönnum trygginganna er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn Búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi.

16. gr.

Bótaskyld slyss eða vanhöld telst það, er váttryggðir gripir, á þeim tíma, sem þeir eru í gæzlu í húsi, í heimahögum eða í flutningi farast, eða þeim verður að farga af sjúkdómum eða slysum á tryggingartímabilinu, öðrum en:

- a. Af völdum eldsvoða;
- b. af fódurskortu eða vanfóðrun, hirðuleysi eða handvömm eiganda gripanna eða umráðanda, þjóna þeirra eða nánustu vandamanna;
- c. af eftirtöldum sjúkdómum og pestarfaröldrum eða lækningatilaunum gegn þeim:

Mæðiveiki, garnaveiki í sauðfé og nautgripum, ormaveiki í lungum og meltingarfærum, gin- og klaufaveiki eða öðrum slíkum pestarfaröldrum, sem sem upp kynnu að koma.

Bótaskyld er lambalát fram til 1. maí. Önnur vanhöld við burð eru ekki bætt.

IV. KAFLI

Tryggingarupphæð. Tryggingarefni. Tryggingaraldur.

17. gr.

Sá, sem leita þarf váttryggingar samkv. 14. gr. eða leita vill frjálsrar tryggingar samkv. 15. gr., snýr sér til hlutaðeigandi umboðsmanns, er tekur á móti tryggingarbeiðninni og skrásetur hana.

Á váttryggingarbeiðnum skal lýsa skilmerkilega einkennum gripa þeirra, sem trygginga er óskað á. Þá ber og að gefa fullar og réttar upplýsingar um þau atriði, sem um er spurt á viðkomandi eyðublaði. Ófullnægjandi upplýsingar geta valdið missi réttinda til bóta eða að synjað verði um tryggingu.

18. gr.

Tryggingarupphæð.

Váttryggingarverð hinna tryggðu gripa skal vera sem hér segir:

1. Skyldutrygging:

Váttryggingarverð skyldutryggðra gripa ákveður váttryggjandi. Hámark váttryggingarverðs er þó þrefalt skattmatsverð.

2. Frjáls trygging:

a. Váttryggingarverð hrúta, nauta og kynbótahesta má vera hæst tvöfalt skattmatsverð.

b. Váttryggingarverð sauðfjár í sauðfjárræktarfélögum og á kynbótabúum má vera hæst eitt og hálf skattmatsverð.

c. og d. Váttryggingarverð einstakra gripa í hóptryggingu, þ. e. heil kúabú eða heil sauðfjárþú, skal vera skattmatsverð.

19. gr.

79

7. maí

Tryggingaraldur.

Um aldurstakmörk gripa gildi eftirfarandi reglur:

Kynbótahestar eru tryggðir til 17 vetra aldurs, *naut* til 12 vetra og *hrútar* til 10 vetra.

Kýr eru tryggðar til 16 vetra aldurs.

Vátryggingarupphæð skal fara hlutfallslega lækkandi miðað við að trygging hætti þegar ofanskráðum hámarksaldri er náð, þannig:

Vátryggingarupphæð *kynbótahesta* lækki frá 8 vetra aldri.

— *nauta* — — 7 — —

— *hrúta* — — 7 — —

20. gr.

Tryggingartími.

Tryggingartími skyldutryggðra gripa skal vera allt árið (12 mán.) og miðast við reikningsár deildarinnar frá 1. október til 30. september ár hvert. Nú er keyptur nýr gripur á tryggingarárinu og skal þá greiða af honum heils árs iðgjald, án tillits til þess hvenær á árinu hann er keyptur. Sömuleiðis endurgreiðist iðgjald ekki, þótt grip sé fargað á tryggingartímabilinu. Við endurnýjun gripa, þegar sami aðili selur eða fargar grip og kaupir annan í staðinn, gengur hinn nýkeypti inn í trygginguna, án þess að greiða þurfi aukaiðgjald, nema tryggingarupphæð breytist. Tilkynna ber umboðsmanni slíkar breytingar.

Tryggingartími hrúta, nauta og kynbótahesta í frjálsri tryggingu skal vera sá sami og á skyldutryggðum gripum og með sömu skilmálum um iðgjaldáuttreikning. Um hrúta, sem reknir eru á afrétt, gilda sömu tímatakmarkanir og um hóprzyggingu sauðfjár.

Tryggingartími gripa í hóprzyggingu skal vera sem hér segir:

Ær á kynbótabúum og í sauðfjárræktarfélögum séu tryggðar frá 1. október til 31. maí, nema annað sé um samið og þær hafðar lengur í gæzlu.

Kúabú séu tryggð minnst eitt ár í senn.

Sauðfjárþú séu tryggð frá 1. október til 31. maí.

21. gr.

Ábyrgð deildarinnar gildir þann tíma, sem til er tekinn á tryggingarskírteininu og endurnýjast sjálfkrafa um sama tímabil, hafi uppsögn ekki farið fram. Uppsagnarfræstur eru tveir mánuðir og miðast við upphaf hvers tryggingartímabils. Uppsögn sé skrifleg.

Allar breytingar á tölu hinna tryggðu gripa skulu tilkynntar tafarlaust.

V. KAFLI

Um iðgjöld.

22. gr.

Iðgjöld ákveður landbúnaðarráðherra með auglýsingu.

Iðgjaldseiningin í öllum flokkum miðast við heilt tryggingartímabil. Iðgjald af tryggingu hluta af tryggingartímabili, reiknast hið sama og fyrir allt tímabilið.

23. gr.

Eftir heildarupphæð vátryggingarinnar, vátryggingartímanum og iðgjaldatextanum, ákveðst iðgjaldið, sem greiðist gegn vátryggingarskírteini eða kvittun umboðsmanns.

79 7. maí Tryggingarskyldir gripir eru í tryggingu frá því Búfjartryggingin tekur til starfa, án tillits til þess, hvort iðgjald er greitt eða ekki, enda má taka iðgjaldið lögtaki í hinum tryggðu gripum.

Vátrygging gripa í frjálsri tryggingu tekur gildi um leið og beiðni er undirrituð, að því tilskildu að tryggingin verði samþykkt af aðalskrifstofu, enda sé iðgjald greitt þegar krafizt er. Sé synjað um tryggingu, skal tilkynna það hlutaðeigandi innan 72 klukkustunda frá því að tryggingarbeiðnin barst aðalskrifstofu deildarinnar.

24. gr.

Nú hefur kúabú eða sauðfjárbú, sem tryggt er samkv. 15. gr., staflið c. og d., ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir 2 ár samfellt, skal þá veita 10% afslátt af iðgjaldi hlutaðeiganda, og á sama hátt 20% eftir 5 ár.

Hætti vátryggjandi að tryggja hjá deildinni um tíma, miðast útreikningur afsláttar samkvæmt grein þessari við þann tíma, er hann hóf að tryggja að nýju.

25. gr.

Iðgjaldafyrirmælin skal endurskoða og breyta iðgjöldum til lækkunar eða hækkunar, eftir því sem reynsla og aðrar ástæður gefa tilefni til.

VI. KAFLI

Um tjón og tjónabætur.

26. gr.

Þau vanhöld og slys á gripum, sem bótaskyld eru, bætir Búfjartryggingarsjóður samkvæmt vátryggingarverði gripanna.

Frá bótum dragast nytjar búfjárins eftir hæfilegu mati, sem umboðsmanni og tjónþola kemur saman um.

Skylt er tjónþola að láta hirða nytjar þannig, að þeirra verði sem fyllt not.

27. gr.

Verði ágreiningur um rétt og skyldu til bóta milli tjónþola og umboðsmanna eða um mat á nytjum og upphæð bótanna, skal ágreiningnum skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefnir í dóminn sinn mann hvor, tjónþoli og umboðsmaður, en héraðsdómari oddamann. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður.

Tjónabætur greiðast ekki af hendi, fyrr en tjón er að fullu sannað og metið.

Tjónþoli og umboðsmaður geta hvor um sig óskað gerðardómsmats. Sá, er matsins óskar, skal snúa sér til héraðsdómarans um skipun oddamanns.

Kostnað við gerð ber sá aðili, sem matið gengur móti.

28. gr.

Tjónþoli tilkynnir umboðsmanni tafarlaust, er tjón verður, og sannar það fyrir honum. Allur dráttur telst verulegur og varðar missi bóta, hafi tjón ekki verið tilkynnt umboðsmanni eða aðalskrifstofunni innan mánaðar frá því að tjónið varð.

Sé samkomulag milli umboðsmanns og tjónþola um tjónið og bætur fyrir það, sendir umboðsmaður Búfjartryggingardeildinni tilkynningu um það, ásamt skilagrein um kostnað, sem því hefur orðið samfara, og verða tjónabætur þá sendar umboðsmanni til greiðslu gegn kvittun tjónþola.

VII. KAFLI

Viðurlög.

79

7. maí

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum til Búfjártryggingarsjóðs, kr. 30.00—1500.00. Svíksamlegt framferði vátryggjanda varðar réttindamissi til tjónbóta.

30. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febr., 1943. um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943 um búfjártryggingar, öðlast gildi 1. október 1953, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 218 31. des. 1947, um búfjártryggingar.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. maí 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Steinþórs Sigurðssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. maí 1953. 80 8. maí
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Steinþórs Sigurðssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minning Steinþórs Sigurðssonar. Hann er stofnaður af nokkrum vinum Steinþórs Sigurðssonar, mag. scient., sem andaðist 2. nóv. 1947, til minningar um hann.

2. gr.

b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	7262.30	
			Kr. 34418.31

Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. apríl 1953.

Gunnl. E. Briem.

REIKNINGUR

109

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1952.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 223):

1. Innstæða í Landsbankanum	kr. 836.84
2. Vextir af bankainnstæðu	— 38.26

 Kr. 875.10

Gjöld:

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum

kr. 875.10

 Kr. 875.10
*Í samgöngumálaráðuneytinu, 1. maí 1953.***Páll Pálmason.****REIKNINGUR**

110

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs Níunda árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 288):

a. Innritunarskirteini	kr. 8600.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 11360.13
c. Bankainnstæða	— 6176.58

 kr. 26136.71

2. Vextir:

a. Af innritunarskirteini	kr. 711.26
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 570.20
c. — bankainnstæðu	— 281.96

 — 1563.42

 Kr. 27700.13

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

a. Innritunarskirteini	kr. 8600.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 11496.89
c. Bankainnstæða	— 7603.24

 Kr. 27700.13
*Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. apríl 1953.***Gunnlaugur E. Briem.**

111

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 286):			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	18748.98	
b. Í Landsbankanum	—	599.05	
			kr. 19348.03
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	937.44	
b. — bankainnstæðu	—	25.16	
			— 962.60
			Kr. 20310.63

Gjöld:

1. Veittir styrkir	kr.	600.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	19061.46	
b. Í Landsbankanum	—	649.17	
			— 19710.63
			Kr. 20310.63

Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. apríl 1953.

Gunnlaugur E. Briem.

112

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebe's árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 286):			
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	14809.23	
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	—	740.46	
			Kr. 15549.69

Gjöld:

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr.	666.41	
2. Sjóður í árslok:			
Söfnunarsjóðsinnstæða	—	14883.28	
			Kr. 15549.69

Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. apríl 1953.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

113

yfir tekjur og gjöld Framfararsjóðs Jóns prófasts Melsteds og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds, árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 285)	kr. 6599.94
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir	— 709.81
3. Vextir árið 1952 af aðalsjóðnum	— 329.99
4. Vextir árið 1952 af sparisjóðsinnstæðum trjáræktarsjóða	— 29.29

 Kr. 7669.03

Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:	
1. Í Söfnunarsjóði	kr. 6929.93
2. Í Landsbankanum:	
a. Trjáræktarsjóður Úlfljótvatnskirkjugarðs	— 194.28
b. — Þingvallakirkjugarðs	— 190.99
c. — Hlíðar í Grafningi	— 180.84
d. — Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	— 172.99

 Kr. 7669.03

Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. apríl 1953.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

114

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti, árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 287):	
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 26659.02
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1332.95

 Kr. 27991.97

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 27991.97

 Kr. 27991.97

Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. apríl 1953.

Gunnlaugur E. Briem.

115

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Gigas's árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 287):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 21547.61
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1077.38
	<hr/>
	Kr. 22624.99

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 22624.99
	<hr/>
	Kr. 22624.99

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 30. apríl 1953.***Gunnlaugur E. Briem.**

116

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952 B., bls. 369):	
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00
b. Söfnunarsjóðsinnstæða	— 36245.72
c. Bankainnstæða	— 8023.04
d. Skuldabréf	— 4000.00
	<hr/>
	kr. 68268.76
2. Vextir:	
a. Af innritunarskírteini	kr. 1654.10
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1812.28
c. — bankainnstæðu	— 356.47
d. — skuldabréfum	— 160.00
	<hr/>
	— 3982.85
	<hr/>
	Kr. 72251.61

Gjöld:

1. Veittir styrkir	kr. 2750.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innritunarskírteini	kr. 20000.00
b. Söfnunarsjóðsinnstæða	— 36426.95
c. Bankainnstæða	— 9074.66
d. Skuldabréf	— 4000.00
	<hr/>
	— 69501.61
	<hr/>
	Kr. 72251.61

*Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.***Jónas Guðmundsson.**

AUGLÝSING

117
13. maí

um viðauka við reglugerð nr. 56 26. marz 1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.

Aftan við reglugerðina komi svo hljóðandi viðauki:

1. gr.

Af togurum og öðrum veiðiskipum, er geyma fiskinn ísvarinn um borð, má eigi taka til vinnslu eldri fisk en 5 sólarhringa gamlan, á tímabilinu 1. maí til 30. september, og 7 sólarhringa á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Skipum þessum skal skylt að skrá í dagbók sína áætlað aflamagn daglega og hvar fiskurinn er ísaður í skipinu, enn fremur að merkja fiskstíur með dagsetningarmarki fyrir hvern veiðidag, eftir því sem frekast verður við komið, og afhenda skýrslu þar um, áður en löndun hefst, til fiskmatsmanns eða eftirlitsmanns, er hefur eftirlit með löndun aflans, svo að hann geti vitað sem bezt, hve lengi fiskurinn hefur legið í ís.

2. gr.

Frystingu á fiski, er ísaður hefur verið um borð í skipi, skal lokið innan 24 klukkustunda frá því að honum var landað, á tímabilinu 1. maí til 30. september og innan 36 klukkustunda frá löndun, á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Það af aflanum, sem ekki er unnið samdægurs og landað er, verður að leggja í góðan og nýjan ís við móttöku. Frystingu á fiski, sem landað er samdægurs og hann er veiddur, skal lokið innan 48 klukkustunda frá því honum var landað. Það af aflanum, sem ekki er unnið samdægurs eða daginn eftir — sé landað að kvöldi — á tímabilinu 1. október til 30. apríl, skal leggja í nægan ís strax við móttökuna.

3. gr.

Ekki má taka til frystingar netjafisk nema úr þeim netjum, sem dregin eru daglega og fiskinum landað samdægurs. Netjafiskur má ekki bíða vinnslu í landi, heldur skal vinna hann næsta dag, sé honum landað að kveldi, en samdægurs, ef honum er landað að morgni.

4. gr.

Frá þeim tímatakörkunum, sem talin eru hér á undan, má gefa undanþágu um vinnslu á karfa, þar sem góðar aðstæður eru fyrir hendi um borð í skipum og við móttöku og vinnslu í landi, að dómi matsmanna og eftirlitsmanna sölu-samtakanna.

5. gr.

Í hverri veiðistöð, þar sem landað er ísvörðum fiski til frystingar, skulu yfir-fiskmatsmenn setja menn til þess að hafa á hendi umsjón með löndun og eftirlit með gæðum fisks, sem landað er til vinnslu í hraðfrystihúsum. Eftirlitsmenn þessir skulu einnig hafa eftirlit með hreinsun á lestum skipanna og sjá um, að þær séu vel hreinsaðar og þvegnar úr hreinu vatni eða hreinum sjó. Ekki má þvo lestar skipa úr sjó, sem tekinn er við bryggjur eða annars staðar innan hafnar. Eftir að lestarnar hafa verið þvegnar skulu þær úðaðar með gerileyðandi efni. Hreinsunarefni, sem notað er við hreinsun og úðun, skal viðurkennt af fisk-matsstjóra.

Engum ísvörðum fiski má skipa á land til frystingar nema að slíkur eftir-litsmaður verði til kvaddur, áður en löndun hefst.

117 Laun eftirlitsmanna skulu greidd af skipaeigendum, samkvæmt tímatali í 13. maí hvert sinn.

6. gr.

Fiskmatsstjóri setur reglur um útbúnað og áhöld fiskvinnslustöðva og gefur út fyrirsmæli um verkun og mat á fiski, þegar ástæða er til og ráðuneytið samþykkir.

Reglugerðarviðauki þessi er hér með settur samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og óðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuáráðuneytið, 13. maí 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

118
21. maí

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður samkvæmt lögum nr. 102 frá 19. júní 1933. Kostnaður við þær vegabætur, er að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

I. Aðalvegir:

1. Giljavegur frá vegamótum framan Reykhólts á þjóðveginn hjá Deildargili.
2. Rauðsgilsvegur af þjóðveginum hjá Steindórsstöðum um Rauðsgil að Auðsstöðum með álmu yfir Reykjadalssá á Giljaveg.
3. Stóra-Kroppsvegur frá þjóðveginum á Hamramelum um Stóra-Kropp yfir Geirsá á flugvöllinn á Kálfanesmelum.
4. Hælsvegur frá Skógum um Hæl að Brennistöðum.
5. Þingnesvegur frá þjóðveginum við Þórdísarholt um Árbakka að Þingnesi.
6. Bæjarvegur frá Þingnesvegi hjá Brún um Bæ að Laugarholti.
7. Kvígsstaðavegur frá þjóðveginum hjá Skjólhól um Heggstaði, Kvígsstaði og Vatnshamra á Andakilsárveg.
8. Hagavegur frá þjóðveginum hjá Stóru-Drageyri um Haga að Vatnshorni.
9. Kambshólsvegur frá þjóðveginum hjá Eyri um Kambshól á þjóðveginn við Þverárbrú.

II. Aukavegir:

1. Augastaðavegur af Giljavegi að Augastöðum.
2. Klettsvegur frá Stóra-Kroppsvegi vestan Geirsár að Klett.
3. Ásgarðsvegur frá Stóra-Kroppsvegi við Rjúpnalág að Ásgarði.
4. Geirshlíðarvegur frá Brennistöðum að Geirshlíð.
5. Tungufellsvegur frá þjóðveginum austan Brautartungu að Tungufelli.
6. Dagverðarnesvegur frá Skorradalsvegi að Dagverðarnesi.
7. Grafardalsvegur frá þjóðveginum í Kornahlíð um Dragháls að Grafardal.
8. Sarpsvegur frá væntanlegri brú á Fitjaá að Sarpi.
9. Stafholtseyjarvegur frá Þingnesvegi við Græfrur að Stafholtsey.

10. Múlastaðavegur frá Þjóðveginum undan Snagagirðingu að Eyri.
11. Neðra-Skarðsvegur frá Þjóðveginum hjá Hávarðsstöðum að Neðra-Skarði.
12. Geldingaárvegur frá Þjóðveginum hjá Skorholti að Geldingaá.
13. Botnsdalsvegur frá Þjóðveginum við Botnsárbrú að Stóra-Botni.
14. Svarfhólsvegur frá Þjóðveginum hjá Hurðarbaki að Svarfhóli.
15. Vallanesvegur frá Akranesvegi að Vallanesi.
16. Reynisvegur frá Þjóðveginum hjá Heynesi að Reyni.
17. Vogavegur frá Akranesvegi um Bakkabæ að Elínarhöfða.

118

21. maí

3. gr.

Sýsluvegasjóður kostar byggingu og viðhald aðalsýsluvega. Sýsluvegasjóður leggur fram fé til bygginga aukasýsluvega gegn framlagi annars staðar að. Jafnaðarlega skal koma jafnhátt framlag gegn framlagi sýsluvegasjóðs, þó getur sýslunefnd ákveðið annað hlutfall. Viðhald aukasýsluvega skal jafnaðarlega greiðast úr viðkomandi sveitasjóði eða af öðrum aðiljum í hreppnum. Þó getur sýslunefnd ákveðið að viðhald aukasýsluvegar skuli greiðast af sömu aðiljum og byggingarkostnaður hans og í sömu hlutföllum. Það er skilyrði fyrir fjárveitingu úr sýsluvegasjóði til aukasýsluvega að hreppsnefnd leggi fyrir sýslufund, að hverju sinni, umsókn hér að lútandi og að henni fylgi skilríki fyrir því að framlag á móti sé fyrir hendi.

4. gr.

Sýslunefnd felur oddvitum, hverjum í sínum hreppi, að hafa umsjón með byggingu og viðhaldi sýsluvega. Oddvitar skulu hafa samráð við viðkomandi hreppsnefndir um vegaframkvæmdir allar. Yfirumsjón hefur oddviti sýslunefndar í samráði við yfirverkstjóra vegagerðar ríkisins í sýslunni.

Nú litur sýslunefnd svo á, að hagkvæmt og nauðsynlegt sé að nota stórvirkar vinnuvélar við byggingu eða viðhald sýsluvega, og getur hún þá falið oddvita sínum að leita samninga við vegagerð ríkisins um, að vegagerðin annist þær framkvæmdir. Ef samningar takast við vegagerðina um slíkar vinnuframkvæmdir, stendur fé það, er sýsluvegasjóður á að fá úr ríkissjóði til tryggingar því, að sýsluvegasjóður standi við fjárhagsskuldbindingar sínar vegna framkvæmdanna.

5. gr.

Nú koma fram tilmæli frá einhverri hreppsnefnd um, að byggingu sýsluvegar eða kafla úr sýsluvegi verði lokið á einu eða tveimur árum, og getur þá sýslunefnd, ef hún telur það hagkvæmt og nauðsynlegt, heimilað hreppsnefnd að taka lán til 5—10 ára til að koma þessu í framkvæmd og ábyrgist sýsluvegasjóður greiðslu lánsins með jöfnum greiðslum á árabílinu, þó að þessu tilskyldu:

- a. Að viðkomandi hreppsnefnd taki að sér vaxtagreiðslur að fullu, meðan það stendur eða nokkur hluti þess;
- b. að viðkomandi hreppsnefnd sanni það fyrir oddvita sýslunefndar, áður en hafizt er handa um verkið, að lánið sé fengið, eða loforð um það, er oddviti tekur gilt;
- c. að viðkomandi hreppsnefnd, ef um aukasýsluveg er að ræða, ábyrgist árlega greiðslu þess hluta árlegra afborgana lánsins, er koma eiga frá öðrum en sýsluvegasjóði.

6. gr.

Nú hafa, án þess að leitað hafi verið samþykktar sýslunefndar til lántöku, safnast svo miklar lausaskuldir við hrepp eða einstaklinga vegna byggingar sýsluvegar, að nemur tvöföldu meðalframlagi úr sýsluvegasjóði til vegar þessa síðustu þrjú árin, og getur þá sýslunefnd ákveðið, að lán þessi skuli gerð að föstum lánnum samkvæmt ákvæðum 5. gr. með sömu skilmálum og lýst er í næstu grein á undan.

118

21. maí

7. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni. Greiðist hann af ábúendum jarða og eigendum húseigna og lóða. Gjald-dagi á vegaskatti skal vera á manntalsþingum. Hreppsfélagi er þó heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögætum sveitarfundi og oddvita sýslunefndar tilkynnt það fyrir 1. apríl. Gildir sú samþykkt, þar til henni er breytt á sama hátt, og oddvita sýslunefndar tilkynnt.

Sýslunefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera og má hann ekki vera lægri en 2‰ og ekki hærri en 12‰ af land- og lóðarverði, samkvæmt fasteignamati, og hálfu lægri af húseignum.

8. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki samkvæmt lögum nr. 29 frá 1885.

10. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um sýsluvegasjóð í Borgarfjarðarsýslu, nr. 80 1. júní 1942, ásamt síðari breytingu á henni.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1953.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

119

21. maí

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal vera sýsluvegasjóður samkv. lögum nr. 102 frá 19. júní 1933. Kostnaður við þær vegabætur, er að lögum hvila á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

I. Aðalvegir:

1. Framhlíðarvegur frá vegamótum Þjóðvegur skammt neðan við Þverárrétt að Hermundarstöðum.
2. Glitsstaðavegur frá Vesturlandsvegi hjá Brók, með brú á Norðurá, um Skarðshamra, um Krók og um væntanlega brú á Norðurá hjá Króki á Norðurlandsveg.
3. Ásbjarnarstaðavegur frá Kleifavegi að Selhaga.
4. Flóðatangavegur frá Stafholti að Flóðatanga.

5. Borgarhreppsvegur frá Vesturlandsvegi fyrir ofan Galtarho't að Litla-Fjalli, þaðan niður með Langá á Stykkishólmsveg við Langárbrú. **119**
6. Álftanesvegur frá Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi. 21. maí
7. Staðarhraunsvegur frá Raftás við Stykkishólmsveg að Hitardal.
8. Sauravegur frá Stykkishólmsvegi við Fornaselsás um Saura, Miklholt að Jaðri.

II. Aukavegir:

1. Þorvaldsstaðavegur frá Fljótstungusvelg að Þorvaldsstöðum.
2. Veidilækjarvegur frá Þverárhliðarvegi hjá Lækjarkoti, um Lækjarkot, Höll, Veidilæk og Svartagil á Glitstaðaveg.
3. Örnólfsdalsvegur af Framhliðarvegi á melhorninu undan Helgavatni um Helgavatn að Örnólfsdal með hliðarálmum að Hömrum.
4. Hreðavatnsvegur af Vesturlandsvegi við Bifröst um Hreðavatn að Jafna-skarði.
5. Kaðalstaðavegur frá Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalstaði, Efra-Nes að Neðra-Nesi, með hliðarálmum frá Kaðalstöðum að Miðgarði.
6. Einifellsvegur frá Varmalandi að Einifelli.
7. Rauðanesvegur frá Stykkishólmsvegi fyrir vestan Borg um Þursstaði að Rauðanesi.
8. Stóra-Fjallsvegur frá Borgarhreppsvegi við Litlu-Gröf um nýbýlið Stóra-Fjall að Gljúfurá.
9. Gufárvegur frá Þjóðveginum við Gufá um Gufá, Staðarhús að Laxholti.
10. Hraundalsvegur frá Grímsstöðum að Syðri-Hraundal.
11. Álftártunguvegur frá Stykkishólmsvegi hjá Álftárbrú að Álftártungu.
12. Lambastaðavegur af Álftanesvegi hjá Miðhúsum að Lambastöðum.
13. Þverholtavegur frá Hraunhreppsvegi ofan Álftárbrúar um Álftárbakka að Þverholtum.
14. Straumfjarðavegur af Álftaneshreppsvegi að svo nefndum Þröskuldum við Straumfjörð.
15. Seljavegur frá Kolás um Selja að Hestakeldu.
16. Hitarvegur frá Brúarfossi um Skiphyl að Litla-Kálfalæk.

3. gr.

Sýsluvegasjóður kostar byggingu og viðhald aðalsýsluvega.

Sýsluvegasjóður leggur fram fé til byggingar aukasýsluvega, gegn jöfnu framlagi annars staðar frá. Það er skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði í aukasýsluveg, að viðkomandi hreppsnefnd leggi fram skilríki fyrir því, að framlagið á móti sé til staðar.

Sýsluvegasjóður greiðir að jafnaði ekki viðhald aukavega, þó getur sýslunefnd ákveðið, að viðhald aukasýsluvegar skuli greiðast af sömu aðiljum og byggingarkostnaður hans, og í sömu hlutföllum.

4. gr.

Sýslunefnd felur oddvita í hverjum hreppi að hafa umsjón með byggingu og viðhaldi sýsluvega. Yfirumsjón hefur oddviti sýslunefndar í samráði við yfirverkstjórn vegagerðar ríkisins í sýslunni.

Nú lítur sýslunefnd svo á, að hagkvæmt og nauðsynlegt sé, að nota stórvirkar vinnuvélar við byggingu eða viðhald sýsluvega, og getur hún þá falið oddvita sínum að leita samninga við vegagerð ríkisins um, að vegagerðin annist þær framkvæmdir. Ef samningar takast við vegagerðina um slíkar framkvæmdir, stendur fé það, er sýsluvegasjóður á að fá úr ríkissjóði, til tryggingar því, að sýsluvegasjóður standi við fjárhagsskuldbindingar sínar vegna framkvæmdanna.

119

21. maí

Nú koma fram tilmæli frá einhverri hreppsnefnd um, að byggingu sýsluvegar eða kafla úr sýsluvegi verði lokið á 1 eða 2 árum, og getur þá sýslunefnd, ef hún telur það hagkvæmt og nauðsynlegt, heimilað hreppsnefnd að taka lán til 5—10 ára til að koma þessu í framkvæmd, og ábyrgist sýsluvegasjóður greiðslu lánsins með jöfnum greiðslum á árabílinu, þó að þessu tilskildu:

- a. Að viðkomandi hreppsnefnd taki að sér vaxtagreiðslur að fullu, meðan það stendur eða nokkur hluti þess;
- b. að viðkomandi hreppsnefnd sanni það fyrir oddvita sýslunefndar, áður en hafist er handa um verkið, að lánið sé fengið, eða loforð um það, er oddviti tekur gilt;
- c. að viðkomandi hreppsnefnd, ef um aukasýsluveg er að ræða, ábyrgist árlega greiðslu þess hluta árlegra afborgana lánsins, er koma eiga frá öðrum en sýslusjóði.

6. gr.

Nú hafa, án þess að leitað hafi verið samþykktar sýslunefndar til lántöku, safnast svo miklar lausaskuldir við hrepp eða einstaklinga, vegna byggingar sýsluvegar, að nemur tvöföldu meðalframlagi úr sýsluvegasjóði til vegar þessa síðustu þrjú árin, og getur þá sýslunefnd ákveðið, að lán þessi skuli gerð að föstum lánnum, samkvæmt ákvörðun 5. gr., með sömu skilmálum og lýst er í næstu grein á undan.

7. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni. Greiðist hann af ábúendum jarða og eigendum húseigna og lóða. Gjald-dagi á vegaskatti skal vera á manntalsþingum. Hreppsfélagi er þó heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum sveitarfundum og oddvita sýslunefndar tilkynnt það fyrir 1. apríl. Gildir sú samþykkt, þar til henni er breytt á sama hátt og oddvita sýslunefndar tilkynnt.

Sýslunefnd ákveður fyrir 1 ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera og má hann ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 12% af land- og lóðaverði samkvæmt fasteignamati, og hálfu lægri af húseignum.

8. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki samkvæmt lögum nr. 29 frá 1885.

10. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. og lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu frá 1. maí 1929 ásamt síðari breytingum á henni.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1953.

Hermann Jónasson.

Páll Palmason.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

120
28. maí

um breyting á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann frá 23. nóv. 1951.

1. gr.

6. liður IV. kafla A. hljóði svo:

6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast váttryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- og varðskipum og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða landssímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.

2. gr.

8. liður IV. kafla A. hljóði svo:

8. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radiótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og váttryggingariðgjald til næsta gjalddaga. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir loftskæptastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

Sé ársleiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og váttryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram.

3. gr.

11. liður IV. kafla A. falli niður.

4. gr.

6. liður IV. kafla B. hljóði svo:

6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast tryggingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum váttryggingariðgjöld samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.

5. gr.

11. liður IV. kafla B. falli niður.

120
28. maí

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjar-
skipti, og gengur í gildi 1. júní 1953.

6. gr.

Póst- og simamálaráðherrann, 28. maí 1953.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

121
4. júní

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Keflavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Menn mega ekki þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi, svæði, er almenningur fer um eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingahús, almennar knattþórðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða, leikhús, önnur samkomuhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur og önnur samkomuhús, þar sem opinber eða almenn afgreiðsla fer fram eða umferð um, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, er við á.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til þess að varðveita góða reglu.

2. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, syngja eða hafa annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem getur raskað allsherjarreglu eða ónáðað þá, er um fara eða nálægt búa.

3. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast nokkuð að, er ónáðar eða ónáðað getur íbúendur húsa. Bannað er að afhafast nokkuð það, er raskar næturró manna.

4. gr.

Á götum, eða þar sem hættu getur stafað af, má ekki leika knattleik, paradís, eltingarleik, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir né renna sér á skautum, skíðum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leika, er hindra eða hindrað geta umferðina. Bannað er að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða svæði, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

5. gr.

Á götum eða yfir svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með örvaboga, lyklabyssum eða öðrum skotvopnum, kasta kasttækjum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkrum öðrum sprengiefnum, ekki kasta steinum, glerbrotum, snjóköglum, torfi, óhreinindum, vatni eða öðru, er tjóni eða óþægindum geti valdið

þeim, er um slíka staði fara. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skoteldi, er sérstaklega stendur á, enda séu leyfin þá bundin við ákveðið svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra hál eða ganga með blys. Sprengingar má aðeins gera með sérstöku leyfi lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma, þar sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir. Lögreglustjóri getur hannað sölu skotelda í umdæmi sínu.

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsemi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er hannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að vera áberandi ölvaður, með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, með því að sýna af sér ósæmilegt látbragð, fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

7. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða fjörur kaupstaðarlóðarinnar, eða svo nálægt landi eða skipum, að hneyksli geti valdið.

8. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja rétt til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

9. gr.

Sirenumerki má aðeins viðhafa til brunaboðunar og þeirrar notkunar, er bæjarstjórn og lögreglustjóri samþykkja.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu eða öðrum löglegum skipunum þeirra. Lögregluþjónar geta krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem þeir ná til, til þess að afstýra óreglu eða óspektum. Ef lögregluþjónar eða þeir, sem kvaddir hafa verið til aðstoðar lögreglunni, verða í skyldustarfi sínu fyrir skemmdum á fatnaði, ber þeim bætur úr bæjarsjóði eftir mati tveggja dómkvaddra manna, en bæjarsjóður á aðgang að þeim seka.

Nú er um slys að ræða á lögregluþjóni eða hjálparmanni hans við slík skyldustörf, og greiðir þá bæjarsjóður meðul öll, lækni- og sjúkrakostnað, er eigi greiðist annars staðar frá.

II. KAFLI

Ákvarðanir til þess að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra eða umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema þurfi til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, er leyfið

121 tekur til. Börn eða unglingar yngri en 16 ára mega ekki selja vörur á almannafæri 4. júní nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum 8 ára eða eldri heimilt að selja dagblöð og fréttablöð. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár og annað þessu skylt að hans dómi.

Íslenzkar afurðir getur heilbrigðisnefnd heimilað að selja á torgum eða annars staðar, enda sé öllum gildandi ákvæðum um slíka sölu fullnægt.

Bannað er sölumönnum eða öðrum að gera vart við sig með ópi, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála.

Um sölu á íslenzkum afurðum getur bæjarstjórn sett reglur, sem fullnægi kröfum heilbrigðisnefndar um þrifnað og hreinlæti.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í híbýli hans í söluerindum. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur, að það geði valdið óþægindum eða hættu.

14. gr.

Stéttir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum; eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddahrifur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig, að hlaupopið viti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja nokkuð, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sér vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sér á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minnstan farartálma.

Að flutningunum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er, til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutnings og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

16. gr.

Á götum, gangstéttum eða annars staðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, er tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, t. a. m. höggva eða mylja grjót, gera við bifreiðar eða reiðhjól eða því um líkt. Eigi heldur hrista gólfteppi, víðra sængurföt eða hengja föt eða þvott til þerris eða þess konar, af veggsvólum eða gluggum, er vita að almannafæri.

17. gr.

Vöruskápa, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar má ekki hengja utan á hús á almannafæri, þannig að óþægindi verði að, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, er vita að almannafæri, má ekki láta standa jurtaþotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

18. gr.

121

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, snjóboltum, nöglum, önglum, fiskúrgangi, hálm, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, er getur haft í för með sér hættu, óþrifnað eða óþægindi fyrir vegfarendur.

19. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigandi er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Börn frá 12 til 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Börnum er bannað að vera á bryggjum og bryggjupöllum, nema þau eigi þangað brýnt erindi að dómi lögreglunnar.

20. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur og torg bæjarins né raska þeim, nema hann hafi til þess leyfi bæjarstjóra og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því dimma fer að kvöldi til þess að hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til þess að afstýra hættum fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti, meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, er átti að framkvæma verkið.

21. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til þess að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsgerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til þess að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt án þess, að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

22. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsa-smíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brík og handrið eða reipi í brjóst-hæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málningu, gluggaþvotti eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngóddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

121 Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri, nema meðan verið 4. júní er að nota þá.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða, ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

23. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætt er við, að það hrynji eða falli niður, eða það er þannig byggt, að hætt er við, að járn fjúki af þaki eða veggjum, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gera þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri látið rífa húsið á kostnað hlutaðeiganda. Sama gildir og, þegar grjótgörðum, skíðgörðum eða annarri girðingu liggur við falli.

24. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir og gætnir menn.

25. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum í göturæsi eða rennur skal svo um húið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins, og er húseiganda skylt að halda hvoru tveggja vel við.

26. gr.

Þegar ís leggur á höfnina eða Íshústjarnirnar, má enginn fara út á ísinn, fyrr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn ekki nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann.

27. gr.

Eigi má kasta í höfnina eða fjöruna grjóti, mól, sandi, ösku, dauðum fiski, síld, matarleifum, slori, fiskúrgangi, rusli né öðru slíku.

28. gr.

Nú liggur kjallaraop út að stétt eða götu og lengra fram en húshliðin, og skal vera handrið úr jární eða öðrum málmí beggja megin við þau, og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi, unz bjart er að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu skal setja handrið úr jární eða öðrum málmí, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

29. gr.

Fiskinet má aldrei breiða til þerris yfir götur kaupstaðarins, gangstéttir eða annars staðar, þar sem umferð er mikil. Timbur má ekki liggja laust á verzlunarlóð eða þakjárn eða slíkar vörur, þannig, að þær geti fokið í hús eða götur.

III. KAFLI

Almennar umferðarreglur.

30. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum og þá sérstaklega þeim, sem blindir eða heyrnarlausir eru, einkum, þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem

það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum eða bendingum. Þeim er skylt **121**
að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki. **4. júní**

Allir vegfarendur skulu samstundis vikja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki (sbr. 44. gr.).

31. gr.

Stéttir meðfram götum skulu aðeins ætlaðar gangandi mönnum og mega menn ekki halda kyrru fyrir eða staðnæmast þar svo lengi, að truflun valdi að dómi lögreglunnar. Eftir gangstéttum má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, handkerrur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna. Fótgangandi vegfarendur skulu, er þeir eru á ferð um götur bæjarins, vegi eða torg, að jafnaði halda sig á gangstéttum, þar sem þær eru fyrir hendi. Þeir, sem ganga eftir götum eða stígum, þar sem engar gangstéttir eru, eða vegna þrengsla á gangstéttinni, verða að vikja út á götuna, eða þurfa að ganga yfir hana þvera, skulu veita umferðinni nána athygli og vikja þegar til hliðar, er viðvörðunarmerki eru gefin. Ef fótgangandi vegfarendur fara yfir götuna, skulu þeir fara beina stefnu yfir þvera götuna, og yfir gatnamót er bannað að ganga á ská milli horna.

Vegfarendum er óheimilt að láta fyrir berast á götum eða stígum lengur en nauðsyn krefur til þess að komast leiðar sinnar. Gildir þetta jafnt, þótt umferð sé engin samtímis á sama stað eða nærliggjandi svæði.

32. gr.

Með hesta og ökutæki má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem er ætlaður til aksturs, en ekki eftir gangstéttum né vegum, sem ætlaðir eru til annarrar sérstakrar notkunar. Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn ákveðið einstefnuakstur, bannað akstur, reið eða hjólréiðar um einstakar götur, enda sé auglýst á gatnamótum, hvaða umferð sé bönnuð.

Lögreglustjóri ákveður gerð umferðarmerkja, hvernig þeim skuli komið fyrir og þýðingu þeirra. Auglýsingu þeirra hagar hann eftir því, sem hann telur þörf.

33. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjóli eða öðrum farkosti, skulu halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri hellingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götu-brún eða gangstétt sem auðið er.

Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal vikja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðaréttinn.

Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu vikja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að vikja út á akbrautina, sé hún á vinstri hönd.

34. gr.

Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest eða ökutæki, sem á undan fer. Þegar ekið er út úr hliðum eða um vegamót, skal farið hægt.

35. gr.

Það er bannað að aka eða riða á móti hópögungum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal vikja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst, þegar fólk streymir á íþróttavelli o. þ. h.

121 Ekki má aka eða riða um göturnar, þar sem fólk hefur safnast saman til að 4. júní hlusta á hornablástur eða þess háttar, nema með leyfi lögreglunnar.

36. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hest eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri, og skal snúa farartækinu þannig, að hlið þess sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar, þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni miðað við húsalínu.

37. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming eða afferming á sér stað, og skal það gert gangstéttarmegin. Farþegar skulu og þeim megin stíga upp í farartæki og út úr því.

38. gr.

Bæjarstjórnin eða lögreglustjóri getur ákveðið, að bifreiðastjórar skuli ætíð, er þeir ætla að beygja fyrir götuhorn, eða til að fara yfir þvera götu, gefa merki um það í tæka tíð, til hvorrar handar þeir ætla að beygja. Sömuleiðis, að þeir gefi rautt ljósmerki, er þeir draga skyndilega úr ferð bifreiðar sinnar eða stöðva hana.

Bæjarstjórn eða lögreglustjóri getur ákveðið, að bifreiðastjórar, sem aka bifreið, er ekki hefur sérstök hliðarmerkjatæki, svo og vagnstjórar, riðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa merki, er þeir breyta stefnu, nema staðar eða draga verulega úr ferð, með því að rétta út hönd sína til hægri eða vinstri, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta sömu hönd beint upp, er þeir draga úr ferð eða stöðva, og að aðrir ökumenn, riðandi menn og hjólreiðamenn, skuli gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð eða ætla að nema staðar.

39. gr.

Ef vegfarandi veldur slysi, hvort sem það er hans sök eða ekki, skal hann þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, og hjálpa þeim, sem slasast hefur, ef þörf gerist.

40. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega. Því skal vera fyrir komið og fest svo, að ekki haggist.

Ökutæki, sem flutt er á mól, mold, mykja, sandur, fiskúrgangur o. þ. h., skulu vera svo gerð, að lögreglan telji við hæfi, svo að eigi sé hætta á, að úr þeim hrynji eða slettist. Þau skulu og vera lokuð, ef flytja á grút eða fljótandi efni eða a. þ. h. Nú er á þessu misbrestur og er þá ökumanni skylt að hreinsa óhreinindin burtu af götunni. Lögreglan getur einnig með valdi hindrað slíkan akstur, er hrýtur í bág við lögreglusamþykkt bæjarins. Skylt er ökumanni að ganga þannig frá hlassi sínu, að engin hætta sé á, að nokkuð geti fallið af hlassinu niður af ökutækinu. Skal hlasið svo bundið á ökutækið með netjum eða þéttum og sterkum böndum, að lögreglan telji við hæfi, einkum ef um tunnur, timbur, torf, mó eða annað lauslegt er að ræða. Aldrei má svo mikið háfermi vera á ökutækinu, að lögreglan telji hættu á, að það eða farmur þess geti slengzt á eitthvað, er fyrir verður, eða oltið um.

Þegar ekið er hjóðastömpum, má hlasið ekki vera hærra en tvær raðir, og ekki má flytja menn á palli bifreiðarinnar, er slíkir flutningar eiga sér stað.

41. gr.

121

Hjól á ökutækjum skulu vera slétt og nægilega breið, svo að ekki marki þau yfirborð gatna. 4. júní

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og þeirra laga, sem sett eru eða kunna að verða sett um umferðina.

IV. KAFLI

Um bifreiðar.

42. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til þess að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

43. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álízt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð, eða á vorin meðan klaka leysir úr jörð. Sömmuleiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, er bæjarstjórn hefur samþykkt að fengnum tillögum lögreglustjóra.

44. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir þeim lögum og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Á sérhverri bifreið, sem ekið er um lögsagnarumdæmi Keflavíkur, getur bæjarstjórn ákveðið tæki, sem lögreglustjóri tekur gild, og gefa má með greinileg merki um það, til hvorrar handar bifreiðarstjóri ætlar sér að beygja, svo og um það, að hann dragi skyndilega úr ferð bifreiðar, eða stöðvi hana (sbr. 38. gr.). Horn þau, sem notuð eru til þess að gefa með hljóðmerki innanbæjar, skulu þannig gerð, að þau gefi þægilegt, djúpt hljóð. Um gerð hornanna ákveður lögreglustjóri nánar í samráði við sérfróða menn.

Ljós bifreiða, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk né þannig stillt, að þau villi vegfarendum sýn.

45. gr.

Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem segir í eftirfarandi töflu:

7. jan. frá kl. 15.20 til kl. 9.50	16. apríl frá kl. 20.40 til kl. 4.20
14. — — — 15.40 — — 9.35	21. — — — 20.55 — — 4.00
21. — — — 16.00 — — 9.15	28. — — — 21.15 — — 3.40
28. — — — 16.25 — — 8.55	7. maí — — 21.45 — — 3.05
7. febr. — — 17.00 — — 8.25	14. — — — 22.25 — — 2.45
14. — — — 17.20 — — 8.05	1. ágúst — — 22.10 — — 2.55
21. — — — 17.45 — — 7.40	7. — — — 21.50 — — 3.15
28. — — — 18.05 — — 7.15	14. — — — 21.25 — — 3.40
7. marz — — 18.30 — — 6.50	21. — — — 21.00 — — 4.00
14. — — — 18.50 — — 6.25	28. — — — 20.35 — — 4.20
21. — — — 19.10 — — 6.00	1. sept. — — 20.10 — — 4.40
28. — — — 19.30 — — 5.35	7. — — — 19.50 — — 5.00
7. apríl — — 20.00 — — 5.00	14. — — — 19.25 — — 5.20

121	21. sept.	frá kl. 19.00 til kl. 5.40	14. nóv.	frá kl. 15.55 til kl. 8.25
4. júní	28. —	— — 18.35 — — 6.00	21. —	— — 15.35 — — 8.50
	7. okt.	— — 18.05 — — 6.25	28. —	— — 15.20 — — 9.10
	14. —	— — 17.40 — — 6.50	7. des.	— — 15.00 — — 9.35
	21. —	— — 17.15 — — 7.10	14. —	— — 14.55 — — 9.50
	28. —	— — 16.50 — — 7.30	21. —	— — 14.50 — — 10.00
	7. nóv.	— — 16.20 — — 8.05	28. —	— — 15.00 — — 10.00

46. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hér í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðalaga og reglugerða samkvæmt þeim og þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda tvö merki með áletruðu Ø og tölumerki, og skal festa annað framan á en hitt aftan á bifreiðina, og má ekki taka þau af henni eða hylja á nokkurn hátt meðan bifreiðin er notuð.

Eigendaskipti bifreiða skal bæði seljandi og kaupandi tilkynna lögreglustjóra skriflega. Utanbæjarbifreiðar mega því aðeins fara um götur bæjarins, að framan og aftan á þeim sé greinilegt skrásetningamerki þeirra.

47. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi ökuskirteini, er heimili honum að stýra bifreið. Meðan ekið er, má bifreiðarstjóri ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar, og varast skal hann að tala við farþega.

Bifreiðaeftirlitið ákveður, hve margir menn mega vera í einu í bifreið, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávallt hafa meðferðis skirteini bifreiðaeftirlitsmanns, er tiltekur farþegafjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugerða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

Bifreiðarstjóri má ekki neita áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðaaakstur.

48. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 25 km á klukkustund. Þar, sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar. Nota skal snjókeðjur, er hálka eða snjór er á vegum.

49. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá.

50. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera ekki hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði. Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

51. gr.

121

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreið steinolíu eða annað, sem reykur 4. júní stafar af.

V. KAFLI

Um reiðhjól.

52. gr.

Eigandi eða umráðamaður reiðhjóla ber ábyrgð á, að það fullnægi ákvæðum samþykktar þessarar, er það er í notkun með vitund og hans vilja. Hann ber einnig ábyrgð á öðrum brotum á hjólreiðaákvæðum þessarar samþykktar, ef hann lánar það unglingi undir 15 ára.

Bæjarstjórn, í samráði við lögreglustjóra, getur ákveðið, að skrásetja skuli hjá lögreglunni öll reiðhjól, sem notuð eru í umdæminu og þeim gefin einkenni, og er þá öllum hjólaeigendum skylt að koma með hjól sín á lögregluvarðstofuna eftir nánari tilkynningu lögreglunnar. Reglur þær, sem bæjarstjórn og lögreglustjóri koma sér saman um, skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, og skal þar ákveða gjald fyrir skrásetningu og einkenni. Gjaldið rennur í bæjarsjóð, en bæjarsjóður kostar skrásetningu og einkenni.

53. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjóli um götur bæjarins, skulu gæta þess, sem hér segir:

- a. Á hjóli mega ekki í senn vera fleiri menn en hjólið er gert fyrir. Sá, sem stýrir hjóli, skal ætíð halda að minnsta kosti annarri hendi um stýrið og hafa báða fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjóli hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
- b. Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, en ekki horn né annar hljóðgjafi, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri.
- c. Ljósker, er snúi fram og lýsi fram undan sér, skal vera á hverju reiðhjóli, þegar farið er að skyggja. Ljós skal tendrað á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á ljósum bifreiða í 45 gr.
- d. Ökuhraði á hjóli má ekki vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sér skammt frá sér á kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil er umferð og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar og má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
- f. Enginn má aka reiðhjóli undir áhrifum áfengis eða ef honum af öðrum ástæðum er ekki treystandi til að stýra reiðhjóli örugglega.

VI. KAFLI

Um reið, hestaflutning og akstur á götum bæjarins.

54. gr.

Á almannaferi má ekki riða eða aka hraðara en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

121 Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á 4. júní undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins.

55. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagni eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur á ennis-topp eða tagl.

56. gr.

Ríðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til þess að taka ofan eða láta upp klyfjar. Um reiðhesta gildir hið sama, eftir því sem við á.

57. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, sem notaðir eru til mjólkurflutninga eða til annarra flutninga, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktygin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn. Sæti ökumanns-ins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

58. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfs, enda hafi þeim verið kennt að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuðið, fætur eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það.

59. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengdir séu saman. Það er bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

60. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sé bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

61. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktygi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð.

VII. KAFLI

121

Um alifugla, gripi og fénað.

4. júní

62. gr.

Alifugla má eigi hafa nema í tveggja metra hárrí hænsnavírsnetsgirðingu eða annarri álíka girðingu, er lögreglan metur. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inn í garða manna eða svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá látið slátra alifuglunum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglan látið slátra þeim alifuglum, er hún telur eiga of illt eða eru til óþrifa. Er eigendum skylt að endurgreiða slátrunarkostnaðinn.

63. gr.

Allur geitfénaður er bannaður í Keflavík.

Geitfé, sem hér eftir yrði flutt til lögsagnarumdæmisins, skal lóga á kostnað eigenda.

64. gr.

Bæjarstjórn kýs þrjá menn í fjallskilastjórn til þriggja ára. Þeir skipta með sér verkum, ef bæjarstjórn hefur ekki öðruvísi ákveðið. Allar kindur á kaupstaðarlóðinni skulu reknar í afrétt fyrir 15. júní ár hvert, en fjallskilastjórn skal fyrirskipa fjárreksturinn í afrétt fyrir, ef hún telur henta. Er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrir mælum fjallskilastjórnar um burtrekstur fjárins í afrétt, smölun afrétta og heimalanda og jafnar fjallskilastjórn kostnaðinum niður á fjáreigendur eftir fjáreign þeirra. Á tímabilinu frá því féð skal rekið í afrétt og til fyrstu gangna ár hvert, mega engar kindur finnast á verzlunarlóðinni, nema þær, sem eru hafðar í húsi eða girðingu, sem lögreglan tekur gilda, ella getur lögreglan látið slátra kindunum á reikning eiganda. Skemmdir búfjár (alifugla, sauðfjár og annars búpenings), usla og grasnám meta tveir óvilhallir, dómkvaddir menn.

Að öðru leyti gefur bæjarstjórn út allar nánari reglur um fjallskil.

65. gr.

Enga gripi má reka ógætilega um götur bæjarins. Árgömum naut eða eldri skulu ávallt leidd í nægilega traustu bandi og a. m. k. tveir menn fylgja. Lögreglustjóri eða bæjarstjórn geta bannað að láta naut ganga með kúm innan umdæmisins.

66. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins, nema maður fylgi til að gæta þeirra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum.

67. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema innanbæjarhesta, sem fluttir eru úr haga og í.

Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sér eða fara á hlaupum um götur bæjarins, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um göturnar, skal lögreglan hýsa og fódra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má hrossin til lúkningar kostnaði þessum.

68. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sér. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjóli, né fleiri en tvo hesta lausa samhliða.

121
4. júní

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til þess að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

69. gr.

VIII. KAFLI

Um hunda.

70. gr.

Hundahald er bannað í Keflavík, nema með sérstöku leyfi. Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsti á hundum sínum með áletruðu Kvik og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisþjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur, sem ekki ber slíkt helsti eða fylgir utanbæjarmanni, er réttdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan viku eftir að hundurinn hefur verið auglýstur.

71. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenju stórir, ber eigendum að binda eða mýla tryggilega, að viðlagðri sekt samkvæmt 112. gr.

72. gr.

Hundar mega ekki fara um kaupstaðarlóðina, nema fulltiða maður leiði þá í bandi.

Enginn má siga hundi á mann, né láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á mann. Hver, sem brýtur á móti þessu, skal sæta sektum, þó ekkert tjón hafi hlotizt af. Það er bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

73. gr.

Blóðhunda, eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörzlu, hvorki utan húss né innan.

74. gr.

Skylt er að hundahreinsun fari fram tvisvar á ári, vor og haust, og er hunda-eigendum skylt að færa hundahreinsunarmanni hunda sína til hreinsunar eftir ákvörðun hans.

Bæjarstjóri skipar hundahreinsunarmann og greiðir bæjarsjóður kostnaðinn af hreinsuninni.

IX. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

75. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða prýði á almannafæri, svo sem kirkju, skóla, kirkjugarð, minnisvarða, götuljósker, umferðamerki, björgunartæki, vatnsleiðsluþró, nafnspjöld á götum og húsum, brunahana, tré, blómsturgarða, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma, ekki heldur ata eða saurga, ekki rifa, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá.

76. gr.

Enginn má skemma girðingar né setjast á þær eða klifra yfir þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreit eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

77. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum, má enginn rífa upp eða færa burt né spilla eða saurga grafreitinn á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum. Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

121

4. júní

X. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

78. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengni um sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði eða hús til almenningsafnota, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórnin birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

79. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvar festa skuli opinberar auglýsingar, útgefnar af valdsmanni, útvegar auglýsingaspjöld eða auglýsingakassa í því skyni og sér um viðhald þeirra.

Bæjarsjóður greiðir kostnaðinn.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp aðrar opinberar auglýsingar.

Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðenda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðenda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelislögunum.

80. gr.

Uppfestar auglýsingar skal auglýsandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má annars enginn rífa niður, saurga þær eða gera þær ólæsilegar á nokkurn hátt.

XI. KAFLI

Um samkomur, knattborðsstofur, veitingahús og almennar skemmtanir.

81. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er almenn veitingasala matar og drykkja, kaffi- og ölstofur, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Hafa skal nægilegt starfsfólk og dyragæzlu eftir því, er lögreglan telur nauðsynlegt til þess að halda uppi reglu og þrifalegri umgengni.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga og greiðasöluhúsa, sem eldri eru en þessi samþykkt.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

121

4. júní

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í móðgandi, ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eiga sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té nokkurs konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu matar eða drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu eða velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, að dómi lögreglunnar, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 81. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllumun, að gefinni aðvörun, og loka veitingahúsinu.

83. gr.

Veitingahúsum, kvikmyndahúsum, kaffihúsum, knattborðstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum skal lokað kl. 23½ til 7, og allir gestir, sem hafa þar ekki næturstað, skulu farnir út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Knattborðstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum skal auk þess lokað allar stórhátíðir og aðra helgidaga frá kl. 12—16.

Skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skal slitið í síðasta lagi kl. 1 eftir miðnætti. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu og leyft, að skemmtanir og önnur samkvæmi, sem haldin eru á laugardagskvöldum, megi standa til kl. 2 eftir miðnætti. Þó skal hilylum, er skemmtunin fer fram í, lokað kl. 23½ og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

84. gr.

Enginn má setja upp knattborðstofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfi, ef hann álitur ástæðu til. Unglingar undir 18 ára aldri mega ekki koma á knattborðstofur og er á ábyrgð knattborðstofuhafa ef út af er brugðið.

85. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki, hlutaveltu, dansleiki, myndasýningar, samsöngva eða aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, nema með leyfi lögreglustjóra. Þeim, sem fá þetta leyfi, er skylt að hlýta þeim ákvörðunum, er lögreglustjóri setur um löggezlu og til þess að afstýra brunahættu, og greiða þann kostnað sem af því leiðir.

86. gr.

Skylt er þeim, er halda samkomur, að hafa minnst 1 mann sem lögreglustjóri útnefnir, sem dyravörð til þess að gæta reglu í og við samkomuhúsið.

Við allar opinberar samkomur skal slökkviliðsstjóri eða einhver sá, er hann tilnefnir úr slökkviliðinu, gæta þess að öll eldfæri séu í góðu lagi, og að eigi sé farið óvarlega með eld í húsinu. Við leiksýningar og skrautsýningar ber þeim manni að vera minnst tvo klukkutíma í húsinu eftir að samkomunni er slitið. Greiðir sá eða þeir, sem skemmtunina halda eða húsið hafa á leigu, kostnað þann, er af þessu leiðir, til eftirlitsmanna.

87. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framansögðu hefur fengið leyfi til þess að halda sjónleiki, dansleiki, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er að

framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu 121 eða velsæmi. Ef misbrestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara burtu. 4. júní

88. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til þess að halda skemmtanir samkvæmt framansögðu, noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

89. gr.

Unglingum innan 16 ára er bannaður aðgangur að almennum danssamkomum, að veitingahúsum, kaffistofum eða slíkum veitingastofum, og almennum kvikmyndasýningum, sem eigi eru ætlaðar fyrir börn. Barnaverndarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef unglingar eru í fylgd aðstandenda.

Þar sem unglingum er bannaður aðgangur að skemmtistöðum, mega þeir heldur ekki hafa þar stöður, og ber sá, er stendur fyrir skemmtuninni, ábyrgð á, að þessum ákvæðum sé hlýtt.

Á slíkar samkomur má engum leyfa aðgang, nema hann sanni, að hann sé orðinn 16 ára. Heimilt er barnaverndarnefnd, á kostnað þess, er rekur veitingastofu, kvikmyndasýningar eða aðrar samkomur, sem aðgangur er seldur að, eða dansfélags, er það heldur samkomuna, — að skipa eftirlitsmann til þess að hafa eftirlit með aðgangi unglinga að samkomunni, knattborðsstofum eða veitingastofum. Lögreglustjóri úrskurðar kostnaðarupphæð við eftirlitið.

Heimilt er lögreglunni að reka alla út af dansleik eða dans-„klúbb“, sem eigi geta sannað þegar í stað, að þeir séu 16 ára, og eigi hafa undanþágu barnaverndarnefndar samkvæmt framangreindu.

90. gr.

Í bæjarsjóð skal greiða 25—50 kr. af hverri kvikmyndasýningu og 25—75 kr., eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar, af öllum skemmtunum, nema fyrirlestrum, skemmtunum höldnum í góðgerðaskyni eða til fjáröflunar kirkju eða kristnihalds, og skemmtunum, sem bæjarstjórn undanskilur gjaldinu.

91. gr.

Nú er félag stofnað, sem hefur dansskemmtanir aðallega að markmiði, og gilda þá sömu reglur um aðgang unglinga undir 16 ára að danssamkomum slíkra félaga og um aðgang þeirra að almennum dansleikjum.

92. gr.

Í hverju veitingahúsi, veitingastofu eða almennu samkomuhúsi skulu vera nægilega mörg snyrtiherbergi með vatnssalernum, eftir nánari ákvörðun heilbrigðisnefndar, og skal gestum heimill aðgangur að þeim. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum og þeirra gætt á fullnægjandi hátt, meðan á veitingum eða samkomu stendur. Nú verður misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá lokað húsinu um skemmri eða lengri tíma.

93. gr.

Nú telur heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd umgengni, framreiðslu, framleiðslu eða annað starf starfsfólks í veitingastofu, matsöluhúsi, matvörubúð, eða starfsmenn, þar sem matvara er framleidd eða að einhverju leyti tilreidd eða hand-

121 fjötluð, vera svo óþrifalega, að óhollusta eða sóttnæmi geti stafað af, og getur lög-
4. júní reglustjóri eða heilbrigðisnefnd þá krafizt, að starfsmaður sá, er þannig er ástalt um, láti þegar af slíkum störfum, ella lokað húsinu eða búðinni.

94. gr.

Nú er ofangreindum reglum, sbr. 81—90. gr. og 94.—95. gr., þrátt fyrir áminningar, ekki hlýtt, eða ef ræsting (þar á meðal loftræsting), umgengni um veitingastofu, knattþórðsstofu eða annað samkomuhús, eða einhverja klefa þess, einkum salerni og snyrtiherbergi, að álitu lögreglustjóra er sóðaleg eða húsakynni ósæmilega léleg, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar og samkomur í samkomuhúsum þessum og loka þeim um stundarsakir, unz úr hefur verið bætt á fullnægjandi hátt að dómi heilbrigðisnefndar.

XII. KAFLI

Um almennt hreinlæti og þrifnað o. fl.

95. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta annars staðar en þar, sem lögreglustjóri ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd.

Heimilt er heilbrigðisnefnd á kostnað bæjarins að setja upp ílát á almannafæri, er vegfarendur mega kasta í smárusli.

96. gr.

Lifrarbræðslu, síldarbræðslu eða spikbræðslu eða verksmiðjuíðnað má ekki setja á stofn á lóð bæjarins, nema þar sem heilbrigðisnefndin til vísar.

Atvinna þessi, svo og síldarverkun öll og fiskaðgerð, skal standa undir sérslakri umsjón heilbrigðisnefndarinnar, og eru þeir, sem þessa atvinnu reka, skyldir til þess að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem hlíta að því, að allur þrifnaður sé viðhafður og allri hættu afstýrt.

97. gr.

Stampa, opnar tunnur eða föt með lifur, grút eða áburði, má alls eigi hafa á almannafæri eða við götur bæjarins, né heldur skran eða nokkuð það, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar eða til óþryði.

98. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlímdum gryfjum, vandlega byrgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

99. gr.

Skylt er húseigendum eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús hans eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðru, er óþrifnaður eða eldhætta getur stafað af, inn á annars manns lóð eða valda, að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til þess að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

Undanþágu má heilbrigðisnefnd veita, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

100. gr.

Þar, sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í götuholræsið, og skal leiða allt skólp frá því út í göturæsið, og skal vatnssalerni komið fyrir í húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu í göturæsið, eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturnar, og sjá um, að afrennsli í þeim stíflist ekki.

Nú vanrækir húseigandi að leggja holræsi frá húsi sínu samkv. 1. mgr. eða að koma fyrir vatnssalerni í húsinu og framkvæmir þá holræsanefnd verkið á kostnað húseiganda.

101. gr.

Á tún og matjurtagarða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

102. gr.

Polla, siki og tjarnir á lóðum kaupstaðarins, sem óhollusta stafar af að álitni heilbrigðisnefndar, er lóðareigendum skylt að fylla upp og þurrka eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

103. gr.

Enginn má nota skotvopn innan lögsagnarumdæmisins, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, er einnig getur svipt hann slíku leyfi.

104. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt þessari samþykkt eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnaður við þetta og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af bæjarsjóði.

105. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði, m. a. auglýsingar lögreglunnar eða lögreglustjóra til þess að kynna almenningi ýmis ákvæði samþykktar bæjarins eða bönn til almennings.

106. gr.

Bannað er að hrækja á götuna eða gangstétt í bænum, nema í holræsi (ræsiop).

107. gr.

Lögreglustjóra og lögreglu er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

Þegar svo stendur á, er hverjum skylt að svara lögreglunni afdráttarlaust, er hún spyr um erindi hans og metur hún þá, hvort erindi sé svo brýnt, að umferðaleyfi verði veitt.

108. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarstjórn sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna og unglinga allt að 16 ára.

121

4. júní Bannað er að hafa ræsi og leiðslur úr fjósi, gripahúsi eða safngryfju í sambandi við holræsi bæjarins eða láta alidýrasaur fara á annan hátt í gegnum holræsin.

109. gr.

XIV. KAFLI

Um staðgildi samþykktanna og refsíákvæði o. fl.

110. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Keflavíkurkaupstaðar.

111. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 1000.00.

Sektarhámark þetta breytist eftir vísitölu þeirri, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem ganga barninu í foreldrastað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

112. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með sem opinber mál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð. Hagnað af broti sökumanns má gera upptækan í bæjarsjóð.

113. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurhrepp, nr. 115 23. október 1934, svo og síðari viðaukar og breytingar.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

122

9. júní

REGLUGERÐ

um löggæzlu á skemmtisamkomum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Skemmtisamkomur má eigi halda á samkomustöðum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni.

Forstöðumenn slíkra skemmtana skulu sækja um leyfi til skemmtanahaldsins eigi síðar en viku áður en skemmtun skal halda.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtisamkomum, hver á sínu löggæzlu-svæði.

Löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Hreppar Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar.
2. Hreppar Borgarfjarðarsýslu ofan Skarðsheiðar.
3. Hvitársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppar í Mýrasýslu.
4. Borgar-, Borgarness-, Álftaness- og Hraunhreppar í Mýrasýslu.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast, og dvelja þar, þar til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum, fyrir en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan löggæzlumann til að annast fyrir sig löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni á hverju löggæzlusvæði til aðstoðar skulu löggiltir tveir menn, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar við löggæzluna, er hann telur þess þörf.

Þeir einir geta orðið löggæzlumenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfans.

3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burt af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda.

Auk aðstoðarmanna sinna geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar, þjónustulið þeirra, og aðra borgara, er sinna slíkri kvaðningu.

Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætla að keyra úr hófi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, er skemmtunin er haldin í.

Ef rökstuddur grunur leikur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á samkomustað eða í námunda við hann, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðunum.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig vegna ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni og eigi hafa hlýtt fyrirmælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti, er þeir hafa gert og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf til handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum.

Löggæzlumönnum skal láta ókeypis í té einkennishúninga eða einkennishúfur, en aðstoðarmönnum þeirra einkennishúfur eða merki.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanns hans, er hann sinnir löggæzlustörfum, skal rikissjóður bæta honum þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt.

5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, 400 — fjögur hundruð — krónur fyrir hverja skemmtun, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða 300 — þrjú hundruð — krónur fyrir hverja skemmtun.

Þeim skal og greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað samkvæmt samkomulagi eða eftir reikningi.

122

9. júní

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á fund í Borgarnesi. Á fundinum skal rætt um á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu löggæzlumenn mæta.

7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir í 6. gr., verða sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að því að valda spjöllum á samkomum frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo menn úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

8. gr.

Dá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 6. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanns, og skýrslu fyrir sakadómi, ef fyrir hendi er, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur hafa hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda.

Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er bannið er beint gegn.

Meðan bannið gildir, ber löggæzlumönnum, forstöðumönnum skemmtistaða og þjónustuliði þeirra að synja þeim mönnum, er banninu er beint gegn, um aðgang að skemmtunum, er haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis.

9. gr.

Kostnaður, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að hálfu úr sýslusjóði þeirrar sýslu, þar sem dansskemmtun er haldin, en að hálfu úr ríkissjóði. Þó kostar ríkissjóður einn einkennishúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu og þjálfun löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, og getur sýslumaður sett það að skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, skal sýslumaður krefjast þess, að hann greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytið, 9. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

123

12. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 245 29. nóv. 1950.

1. gr.

Öll hafnsögugjöld samkvæmt reglugerðinni hækki um 100%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

124

16. júní

um verkun og mat á skreið til útflutnings.

1. gr.

Allar tegundir skreiðar skal meta og flokka til útflutnings.

2. gr.

Forstöðumönnum Fiskmats ríkisins er skylt að láta meta fullverkaða skreið, hvenær sem eigandi fisksins óskar þess. Ef fleiri æskja mats samtímis en matsmenn komast yfir, skal yfirfiskmatsmaður leitast við að haga matinu þannig, að fyrst verði bætt úr þeim þörfum, er hann telur brýnastar.

Þegar útflytjandi æskir mats til útflutnings, skal hann um leið tilkynna yfirfiskmatsmanni, til hvaða markaðslands fiskur á að flytjast, svo og þau atriði sölu-samnings, er varða sjálft mat fisksins.

3. gr.

Öll skreið, sem út er flutt, skal aðgreind og flokkuð, og koma þá til greina eftirtalin fimm atriði:

1. Veiði- og verkunarár.
2. Fisktegund.
3. Stærð (mál, tal eða þyngd).
4. Bolfiskur eða ráskorinn fiskur.
5. Gæði.

Þessara atriða skal ætíð geta á matsvottorði, sem gefið er með fiskinum, þegar hann er fluttur út.

Eftir gæðum skiptist skreið í þrjá aðalflokka: I., II. og III. flokk. Heimilt er að pakka gæðaflokka saman, þegar sérstaklega stendur á.

I., II. og III. flokkur skiptast í ýmsa undirflokka, sem nánar eru tilteknir í leiðbeiningum og fyrirmælum, er Fiskmat ríkisins gefur til matsmanna um framkvæmd matsins.

124

16. júní

4. gr.

Í fiski, sem metinn er til útflutnings, má ekki vera hnakkablóð. Nema skal í burtu öll spyrðubönd af fiskinum, áður en matið hefst. Gæta skal þess, að skorið hafi verið aftur úr gotrauf í botn kviðarhols á öllum bolhertum fiski, áður en þurrkun hófst.

Fiskur, sem maður hefur komið í, er ekki útflutningshæfur.

Fiskur, sem ekki er nægilega þurr, er ekki mats- eða útflutningshæfur.

5. gr.

Lengd fisks skal mæla frá miðju klumbubeini að aftasta lið á sporði. Þetta á við um allar fisktegundir. Gildir sama máli á bolhertum og ráskornum fiski.

6. gr.

Allur fiskur skal pressaður og bundinn í vélpressu með ca. 12 kg/cm þrýstingi. Til bindingar skal nota afglóðaðan vír nr. 12, þrjú bönd á hvern pakka.

7. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út til manneldis, skal vera í hæfum umbúðum.

Umbúðastriginn sé ofinn úr hampi (jute) eða ekki óstyrkara efni. Lágmarksstyrkleiki strigans skal vera 6½ oz.

Sauma skal utan um pakkana þannig, að notuð séu sérstök botnstykki og pakkarnir ætíð merktir á endana en ekki hliðarnar. Ávallt skal merkja með prentstöfum, áður en saumað er utan um. Á neðri botn skal setja merki framleiðanda, félags eða firma, samlags, svo og „Produce of Iceland“. Á efri botn skal setja merki móttökufirma, merki hlutaðeigandi fiskeiganda, lengdarflokk og gæðaflokk.

Nú óskar kaupandi sérstaklega eftir, að fiskurinn sé merktur með merkiseðlum, eða óskar eftir svo mörgum aukamerkjum, að ekki er hægt með góðu móti að koma slíkum merkjum á botna pakkanna, auk hinna lögskipuðu merkja, og er þá seljanda heimilt að nota merkiseðla til merkinga, en þó aldrei færri en 2 á hvern pakka til öryggis.

Fiskmatsmenn skulu jafnan fullvissa sig um, að styrkleiki strigans standist lágmarkskröfur þær, sem settar eru í þessari reglugerð.

8. gr.

Fiskmat ríkisins setur reglur um skammstafanir eða merki, er tákna fisktegund, gæðaflokk og mál fisksins. Skulu sömu merki notuð af öllum útflytjendum að því er þetta varðar.

9. gr.

Þegar fiskur hefur verið metinn og pakkaður til útflutnings, má ekki undir neinum kringumstæðum hreyfa við honum eða flytja hann til án vitundar og leyfis yfirfiskmatsmanns.

Sé metinn, veginn og pakkaður fiskur fluttur milli hafna, skal athuga hann og endurbæta það, sem þurfa þykir, áður en hann er fluttur út.

Yfirfiskmatsmanni er heimilt að fyrirskipa skoðun á metnum fiski, ef hann telur ástæðu til, og ætla má að fiskurinn eða umbúðir hans hafi breytt til hins verra á því tímabili, sem liður frá því fiskurinn er pakkaður þar til hann er fluttur út.

Yfirfiskmatsmanni ber ætíð að láta athuga, að fiskpakkarnir hafi rétta vigt nettó, áður en útskipun hefst.

Aldrei má hefja útskipun á fiski, nema yfirfiskmatsmanni hafi verið tilkynnt það með nægum fyrirvara, svo að hann geti látið athuga fiskinn og athugað eða

látið athuga, hvort lestarrúm skips þess, er flytja á farminn, séu í því ástandi, að 124 gæði og útlit fisksins eða umbúðir hans geti spillt í farmrúmi skipsins á leiðinni. 16. júní

10. gr.

Við lestun á fiski til útflutnings skulu ætíð starfa matsmenn, einn eða fleiri, kvaddir til þess í hvert sinn af yfirfiskmatsmanni. Fiskmatsmenn þessir skulu sjá um, að gæði og útlit vörunnar spillist ekki í meðförum við útskipun, og að ekki sé skipað út nema í þurru veðri. Þegar lestun er lokið, skila matsmenn þessir skýrslu til yfirfiskmatsmanns um tegundir, flokka og magn þess fisks, er skipað hefur verið út.

11. gr.

Fiskmat ríkisins setur matsmönnum nánari reglur og leiðbeiningar um flokkun fisksins til útflutnings svo oft sem þurfa þykir, og veitir leiðbeiningar um verkun og framleiðslu vörunnar.

12. gr.

Fiskmatsstjóri setur reglur um útbúnað og áhöld fiskvinnslustöðva og gefur út fyrirmæli um verkun og mat á fiski, þegar ástæða er til og ráðuneytið samþykkir.

13. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi VII. kafli reglugerðar nr. 81 13. marz 1950, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. júní 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um staðfestingu á reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breyting á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar.

125

15. júní

Reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breyting á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar, nr. 209 18. nóvember 1947, staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og landingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að gilda áfram til 1. júní 1954, og birtist þetta til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1953.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

126

12. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 49 20. marz 1953, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 67 14. maí 1947.

1. gr.

9. og 10. flokkur vörugjaldskrár 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
 9. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 100 kg:
 Olía, benzín, smuroliur.
 10. flokkur. Gjald kr. 3.20 hver 10 kg:
 Tóbaksvörur, vín, spiritus.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1953.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

127

26. júní

REGLUGERÐ

um verkun og mat á saltfiski til útflutnings.

1. gr.

Allar tegundir saltfisks, sem fluttar eru úr landi sem íslenskur saltfiskur, skal meta og flokka til útflutnings. Þó gildir þetta ekki um saltfisk, sem veiðiskipin sigla sjálf með á erlendan markað, enda hafi fiskurinn ekki verið lagður hér á land.

Þegar svo stendur á, að veiðiskip, sem sigla með eigin afla, vantar á fullfermi, má gera þá undantekningu að fulllesta það með fiski, sem það hefur áður lagt á land, þó að því tilskildu, að leyfi sölusamtakanna og fiskmatsstjóra komi til hverju sinni.

2. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn alls fiskmats í landinu. Yfirfiskmatsmenn stjórnna matinu, hver í sínu umdæmi, en hlíta forustu fiskmatsstjóra samkvæmt nánari ákvæðum laga nr. 46 5. apríl 1948.

Til aðstoðar við mat og eftirlit eru einnig skipaðir fiskmatsmenn og hleðslustjórar, og vinna þeir undir stjórn fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna.

Fiskmatsmenn eru skyldir að hlýða yfirfiskmatsmönnum og fiskmatsstjóra samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá að því er snertir mat og meðferð fisksins.

Lögreglustjórar skipa fiskmatsmenn og hleðslustjóra eftir tilnefningu fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna, eins og nánar er fram tekið í erindisbréfum þeirra.

Atvinnumálaráðuneytið setur öllum þessum starfsmönnum erindisbréf um störf þeirra og skyldur.

3. gr.

Fiskmatsmenn skulu vera einn eða fleiri í hverri vinnslustöð. Matsmenn, sem gegna störfum við hinar ýmsu greinar fiskmatsins, skulu hafa samráð og samvinnu í störfum, eftir því sem við á.

4. gr.

Fiskmatsstjóri setur reglur um útbúnað og áhöld fiskvinnslustöðva og gefur út fyrirsmæli um verkun og mat á fiski, þegar ástæða er til og ráðuneytið samþykkir.

5. gr.

Forstöðumönnum fiskmatsins er skylt að láta meta fullsaltaðan fisk, á hvaða verkunarstigi sem hann er, ef eigandi fiskisins óskar þess.

Fiskur, sem er ekki fullstaðinn, er ekki matshæfur. Forstöðumenn fiskmatsins geta og neitað að meta þurrkaðan fisk, sem ekki hefur staðið nægilega lengi eftir verkun. Salfiskur sé ætíð metinn og veginn í geymsluhúsum, sem eru nægilega björt.

Ef fleiri æskja mats samtímis en fiskmatsmenn komast yfir, skal yfirfiskmatsmaður leitast við að haga matinu þannig, að fyrst verði leystar þær þarfir við matið, sem að hans dómi eru brýnastar.

Yfirfiskmatsmanni er heimilt að setja fiskmatsmenn til starfa, hvar sem hann telur þörf á innan umdæmisins.

6. gr.

Allar saltfisktegundir, sem fara út frá landinu, eru flokkaðar í fimm aðalflokka, og koma þá til greina eftirtalin atriði:

1. veiði- og verkunartími.
2. Þurrkstig.
3. Fisktegund.
4. Stærð.
5. Gæði.

Nánari aðgreining þessara fimm aðalflokka fer eftir fyrirsmælum, er fiskmatsstjóri gefur út.

7. gr.

Með aðgreiningu á veiði- og verkunartíma er átt við það, að þess sé ávallt getið á matsvottorði um fiskinn, hvort hann er veiddur á sama almanaksári og vottorðið er gefið út eða á einhverju öðru ári. Sé um verkaðan salfisk að ræða, skal þess einnig getið á vottorðinu, á hvaða ári verkun fiskins er lokið.

8. gr.

Þurrkstig saltfisks eða ástand hans, að því er varðar rakainnihald, eru þessi:

1. Óverkaður fiskur.
2. Þveginn og pressaður fiskur.
3. Hálfþurrkaður fiskur.
4. $\frac{3}{4}$ þurrkaður fiskur.
5. Labrador-þurr fiskur (linur $\frac{7}{8}$ þurr).
6. $\frac{7}{8}$ þurr fiskur.
7. Bilbaó-þurr fiskur.
8. Portúgal-þurr fiskur.
9. Kúba-þurr fiskur.
10. Brazíliu-þurr fiskur.

Fiskmatsstjóri gefur út sérstaka lýsingu og leiðbeiningar um þessi þurrkstigsheiti, en auk þess verða fiskmatsmenn að kynna sér þau nákvæmlega með verklegum æfingum við matið.

127 Fyrir hina ýmsu markaði skulu þurrkstigin táknuð með merkjum og orðum, er 26. júní sölusamtökin og fiskmatsstjóri koma sér saman um á hverjum tíma.

9. gr.

Samkvæmt því, sem tíðkæzt hefur við íslenskt fiskmat um marga áratugi, er fiskur aðgreindur eftir stærð á þessa leið:

Stórfiskur (þorskur) yfir 20 þuml.

Millifiskur 16—22 þuml.

Smáfiskur 12—16 þuml. eða 12—18 þuml. og 12—20 þuml.

Handfiskur 9—12 þuml.

Stórýsa yfir 20 þuml.

Smáýsa 12—20 þuml.

Handýsa 9—12 þuml.

Stórlanga yfir 36 þuml.

Millilanga 24—36 þuml.

Smálanga undir 24 þuml.

Stórufsi yfir 20 þuml.

Smáuksi 12—20 þuml.

Keila, stór, yfir 18 þuml.

Keila, smá, 12—18 þuml.

Labrador-fiskur 16—22 þuml.

Labrador-fiskur 12—16 þuml.

Labrador-ýsa 16—20 þuml.

Labrador-ýsa 12—16 þuml.

Þetta er hin venjulega flokkun eftir stærð hinna ýmsu tegunda fisks. Veita má afbrigði frá þessari stærðarflokkun, ef nauðsyn krefur vegna markaðanna.

Mál á saltfiski er talið frá föstum hnakka að aftasta lið á sporði.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta fiskstærð í hverjum pakka, en ekki t. d. stóran fisk með smáum í sama stærðarflokki.

Jafnan skal getið á matsvottorðum stærðar fisksins eftir máli eða tölu fiska í pakka, ef stærðargreining eða talning er framkvæmd í mati.

10. gr.

Gæðamat á þorski skiptist í fjögur stig, og er þorskmatið grundvöllur undir öllu gæðamati á saltfiski.

Þurrkaður fyrsta flokks fiskur á að vera gallalaus og óaðfinnanleg vara, laus við saltkorn á yfirborði, hvítur og blæfallegur. Í þennan flokk má því ekki láta fisk með ornum, ekki sprunginn eða rifinn fisk, ekki gulan eða litarljótan á annan hátt, ekki illa flattan eða illa saltaðan, ekki fisk með áberandi goggstungum, blóðblettum, blóðdálki né gölluðum eða dökkum þunnildum, ekki heldur fisk, sem er óhrjálegur að útliti eða trosnaður í hnakka eða annars staðar.

Annars flokks fiskur á að vera jafngóð neyzluvara og fyrsta flokks fiskur. Hann má hafa ýmsa smærri galla, sem ekki hafa áhrif á neyzlugildi hans. Í annan flokk má því ekki láta mjög þunnan fisk (skinnfisk), ekki ormafisk, nema ormarnir hafi verið alveg hreinsaðir úr honum, ekki sólsoðinn fisk, ekki fisk, sem er mjög sprunginn eða rifinn, ekki fisk með blóðfleckjum eða illa saltaðan; yfirleitt engan fisk, sem er svo gallaður, að ekki megi teljast góð neyzluvara.

Þriðja flokks fiskur er sá fiskur, sem er rýrari og gallameiri en hæft þykir að hafa í annan flokk, en þó ekki miklu rýrari að neyzlugildi.

Í fjórða flokk fer sá fiskur, sem er stórgallaður með áberandi ornum, stórum blóðfleckjum, rýr að neyzlugildi, en þó ekki óhæfur til manneldis.

Gæðamat fisks nr. 1, 2 o. s. frv. er grundvallaratriði fiskmatsins, sem ekki má 127
víkja frá. Sampökkun gæðaflokka til einstakra markaða má aðeins framkvæma sam- 26. júní
kvæmt óskum sölusamtakanna og að fengnu leyfi fiskmatsstjóra.

Sé um slík afbrigði að ræða, verður að flytja fiskinn út undir sérstökum heitum,
sem fiskmatsstjóri og sölusamtökin koma sér saman um.

11. gr.

Ýsa er í aðalatriðum aðgreind eftir gæðum á sama hátt og þorskur. Þó verður
að taka nokkurt tillit til þess, að þunnildi ýsunnar eru að jafnaði dekkri og los á
þunnildum frá hnakka tíðari en á þorski. Þarf því ekki að taka alveg eins strangt
á þessum göllum og við þorskmat.

Löngu ber að meta á sama hátt og þorsk.

Ufsa skal einnig meta eins og þorsk í aðalatriðum. Þar má þó taka tillit til
dekkri þunnilda á sama hátt og við ýsumat og einnig til dekkra yfirbragðs ufsans
yfirleitt.

Í ufsa eru alloft fiturákir, og ber að flokka ufsa með sérstöku tilliti til þess,
þannig að í annan flokk fer ufsi með finum fiturákum, í þriðja flokk ufsi með
stærri fiturákum og blettum, en ef mikil brögð eru að fitunni alls staðar á yfir-
borðinu, fer ufsinn í fjórða flokk.

Keilu skal einnig flokka eftir sömu reglum og þorsk. Þessi fiskur er þó oft svo
gallaður, að naumast er um fyrsta flokks vöru að ræða.

Ormar eru mjög áberandi gallar í keilu, og fer allur slíkur fiskur í þriðja og
fjórða flokk.

Óverkaðan saltfisk skal í aðalatriðum flokka eins og verkaðan fisk, en vegna
ástands þessa fisks verður mat á honum að nokkru leyti að byggjast á ætluðum
gæðum, þar sem ýmsir smærri gallar, sem liggja í augum uppi á verkuðum fiski,
eru síður eða ekki sýnilegir, meðan fiskurinn er óverkaður.

Fiskur, sem hefur legið ísvarinn og ekki verið hálsskorinn réttilega, áður en
hann er fluttur og saltaður, telst ekki venjuleg framleiðsla sem saltfiskur.

Um fisk, sem verkaður er eins og segir í næstu málsgrein hér á undan, gilda
þau ákvæði, að sé hann fluttur út óverkaður, má ekki blanda honum saman við
rétt verkaðan saltfisk, heldur flytja hann út undir sérstöku heiti. Sé þannig verkaður
saltfiskur þveginn og fullþurrkaður, má meta hann á venjulegan hátt í samráði við
sölusamtökin hverju sinni.

Fiskmatsstjóri gefur út fyrirmæli og nánari leiðbeiningar, sem hann telur með
þurfa á hverjum tíma.

Þegar beðið er um mat á fiski til útflutnings, skal yfirfiskmatsmanni tilkynnt
um leið, til hvaða markaðsstaða fiskurinn á að fara og um þau atriði sölusam-
ningsins, er varða sjálft matið.

12. gr.

Allur saltfiskur, sem sendur er á útlenda markaði, skal vera í umbúðum. Venju-
lega eru notaðar saumaðar strigaumbúðir, en auk þess skulu bönd, tvö eða fleiri,
bundin utan um hvern pakka. Annar umbúnaður um pakkana getur einnig verið
naúðsynlegur, ef fiskurinn er sendur um langan veg og um svæði með breytilegu
loftslagi.

Umbúðastrigi um saltfisk sé ofinn úr hampi (jute) eða öðru ekki óstyrkara
efni. Striginn má ekki vera lakari en það, að hver fermetri vegi að minnsta kosti
230 grömm og að ekki minna en 3,8 þræðir komi á hvern cm í lengd og breidd
vefjarins.

Fiskmatsmenn, sem hafa umsjón með fiskpökkun, skulu gæta þess hverju sinni,
að strigastrangar þeir, sem umbúðir eru ristar af, séu að efni og styrkleika sam-
kvæmt því sem að framan segir.

127

26. júní

13. gr.

Við pökkun saltfisks skal nota pakkamót. Þau skulu, þangað til annað kann að vera ákveðið, vera af þessari stærð.

Um þurran fisk (innanmál):

60 kg stórfisk 50×92 cm.

50 kg stórfisk 50×77 cm.

50 kg smáfisk 50×72 cm.

Um óverkaðan fisk og pressufisk (innanmál):

60 kg stórfisk 50×85 cm.

50 kg stórfisk 50×75 cm.

50 kg smáfisk 50×72 cm.

Sömu stærðir pakkamóta skulu notaðar alls staðar á landinu, svo hleðsla verði auðveldari og misjöfn pakkastærð rugli ekki eða spilli fiskstærðum í útflutningsskipum.

14. gr.

Umbúðir um fisk skulu jafnan merktar með stöfum, er tákna vörutegundina, sem er í umbúðunum, stærð fisksins, gæði og verkunarstig. Er þetta táknað með merkjum, sem útflytjandi og fiskmatstjóri koma sér saman um. Enn fremur sé sett á umbúðirnar merki, sem er þannig fyrir komið, að hver verkunarstöð eða framleiðandi hafi eitt eða fleiri merki, sem eru samsett af þremur bókstöfum. Skal þetta merki sett á framhlið umbúðanna í línu yfir tegundarmerkinu. Fyrsti stafur merkisins táknar matsumdæmi, annað veiðistöð, en þriðji verkunarstöð eða framleiðanda.

Matsumdæmi	Reykjavíkur	hefur	bókstafinn	F.
—	Ísafjarðar	—	—	O.
—	Akureyrar	—	—	N.
—	Seyðisfjarðar	—	—	E.
—	Vestmannaeyja	—	—	V.

Yfirfiskmatmaður ákveður bókstaf fyrir hverja veiðistöð eða kaupstað í umdæminu, og er sá bókstafur settur í merkið næst á eftir umdæmisbókstafnum. Þriðji stafurinn er merki verkunarstöðvar eða framleiðanda og er einnig ákveðinn af yfirfiskmatsmanni.

Nú eru framleiðendur svo margir í einni veiðistöð, að nothæfir bókstafir stafrófsins eru allir komnir í notkun. Skal þá upp tekinn annar bókstafur til viðbótar fyrir veiðistöðina og stafrófið notað aftur fyrir framleiðendamerki með síðara merki-staf veiðistöðvarinnar.

Ekki má nota stafina: Á, Í, Ó, Æ, Þ eða W, og X ekki nema til að tákna afbrigði. Skal afbrigðisins getið á vottorði um matið.

Framleiðslufyrirtækjum er heimilt að nota eigið vörumerki í stað venjulegs merkis framleiðanda, þó að því tilskildu, að það trufli ekki aðrar nauðsynlegar merkingar vörunnar eða gefi villandi upplýsingar um hana, og að fengnu leyfi sölusamtakanna.

15. gr.

Allur saltfiskur, á hvaða verkunarstigi sem er, verður að standa tilskilda nettó-vigt, þegar honum er afskipað.

Þegar fiskurinn er veginn í pakka, verður því með tilliti til ásigkomulags og verkunar fisksins að taka þá yfirvigt, sem telja má að þyngd fisksins rýrni um, þar til honum er afskipað.

Yfirfiskmatmenn eða fiskmatmenn í umboði þeirra ákveða á hverjum tíma, hvaða yfirvigt skuli taka samkvæmt framansögðu. Á óverkaðan saltfisk skal þó

ætið taka 2% yfirvigt vegna salts þess, er loðir við fiskinn, þegar hann er metinn og veginn, enda þótt saltið sé slegið af honum eins og vera ber. 127
26. júní

16. gr.

Þegar saltfiskur hefir verið metinn, veginn og pakkaður til útflutnings, má ekki undir neinum kringumstæðum hreyfa við honum eða flytja hann úr stað, án vitundar yfirfiskmatsmanns.

Sé metinn, veginn og pakkaður fiskur fluttur milli hafna og lagður þar á land, skal athuga hann og endurmeta, ef þurfa þykir, áður en hann er fluttur um borð í útflutningsskip. Sé fiskurinn fluttur á þennan hátt milli matsumdæma, er hann þá kominn í umsjá yfirfiskmatsmanns þess umdæmis, sem hann er fluttur til, enda sé honum tilkynnt um flutninginn.

Yfirfiskmatmönnum er heimilt að fyrirskipa skoðun, og ef tilefni gefst, endurmat á saltfiski, ef að þeirra dómi liður of langur tími frá þökkun.

17. gr.

Við lestun á saltfiski til útflutnings skulu ætið starfa fiskmatsmenn, einn eða fleiri, settir til þess í hvert sinn af hlutaðeigandi yfirfiskmatsmanni.

Fiskmatsmenn þessir sjá um, að engin sú meðferð sé viðhöfð, sem valdið getur tjóni á gæðum, útliti eða umbúðum fisksins við útskipun.

Þegar lestun er lokið, skilar fiskmatmaður sundurliðaðri skýrslu til yfirfiskmatsmanns um tegundir og flokka þess fisks, sem lestaður hefur verið í skipið.

18. gr.

Í hverju skipi, sem lestar saltfisk til útflutnings, skal vera hleðslustjóri, ráðinn af sölusamtökum en samþykktur af fiskmatsstjóra.

Hleðslustjóri skal sjá um að útbúnaður allur í farmrúmi skipsins sé í það góðu lagi, að fiskurinn eða umbúðir hans geti ekki spillt að gæðum eða útliti, svo og að eins vel sé farið með fiskinn og frekast er unnt.

Hleðslustjóri lætur hlaða fiskinum í skipið samkvæmt fyrirmælum útflytjanda. Hann skal skila sundurliðaðri skýrslu um tegundir og flokka farmsins að lestun lokinni.

Ef yfirfiskmatmenn fylgja skipi, meðan það er að ferma, er ekki skylt að láta hleðslustjóra fylgja því, ef yfirfiskmatmenn hafa eftirlit með hleðslunni.

19. gr.

Flattur fiskur eða flakaður, sem er þækilsaltaður og fluttur út í tunnum óverk- aður, skal metinn og flokkaður eftir sömu grundvallarreglum og venjulegur saltfiskur, eins og segir í 10. gr. þessarar reglugerðar.

Flattur fiskur eða flakaður, sem saltaður er í tunnur, er mats- og útflutnings- hæfur eftir að hafa staðið 20 daga í fullsterkum saltþækli (24—25%), enda fullvissi matsmaður sig um, að fiskurinn sé fullsaltaður.

Þegar matið fer fram, skal taka fiskinn úr tunnunum og láta þækilinn síga af honum, áður en vigtað er, einnig skal þess gætt, að ekki loði þá órunnið salt við fiskinn.

Matsmaður skal fullvissa sig um, að tunnur þær, sem metið er í, séu hreinar og heldar. Strá skal hreinu salti í fiskinn á ný og áfylla tunnurnar með fullsterkum þækli.

20. gr.

Mat á söltuðum ufsaflökum skal framkvæma á sama hátt og eftir sömu reglum og gilda um venjulegan saltfisk.

127
26. júní

21. gr.

Söltuð þunnildi til útflutnings skal meta eftir sömu grundvallarreglum og venjulegan saltfisk. Þau skulu vera heil, ekki með blóðblettum, blóðstungum eða áberandi blóðæðum. Laus við gallbletti, lifrabletti eða hliðstæðar skemmdir. Mat á söltuðum þunnildum er því hliðstætt mati á fyrsta flokks saltfiski að því er varðar þunnildi hans.

Þunnildin skulu vera fullsöltuð, slétt og í alla staði vel verkuð. Ekki má pakka til útflutnings þunnildum, sem eru smærri en 50 ferssentimetrar.

Þunnildin skal pakka í 25 kg pakka. Stærð pakkamótanna skal vera sem hér segir: Lengd 48 cm, breidd 35 cm og dýpt 15 cm, allt miðað við innanmál.

Binda skal með tveim höndum utan um pakkana og sauma utan um þá venjulegan fiskumbúðastriga.

Á fullsöltuð þunnildi skal taka 4% yfirvigt, en meira, ef matsmenn álíta þess þörf.

22. gr.

Mat og útflutningur á söltuðum flökum, tunnufiski og þunnildum er í aðalatriðum háð sömu skilyrðum og segir um venjulegan saltfisk.

Hvers konar merking þessara afurða er háð samþykki fiskmatsstjóra.

23. gr.

Til þess að tryggja það, að með fiskmatinu náist sem bestur árangur í því að auka álit og eftirspurn eftir fiskinum í markaðslöndunum, skal fiskmatsstjóri fylgjast nákvæmlega með þeim kröfum sem hinir ýmsu markaðsstaðir gera til fisksins, ennfremur skulu forráðamenn sölusamtakanna og fiskmatsstjóri hafa nána samvinnu. Ber þessum aðilum að gefa hver öðrum allar upplýsingar, sem að gagni mega koma í þessu sambandi.

Skal fiskmatsstjóri taka tillit til óska og ábendinga sölusamtakanna, enda fari þær ábendingar ekki í bág við reglugerð þessa.

24. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi VI. kafli reglugerðar nr. 81 13. marz 1950, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. júní 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „utanfarasjóð ljósmæðra“, útgefin 128
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júní 1953. 23. júní
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ fyrir utanfarasjóð ljósmæðra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir utanfarasjóður ljósmæðra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ljósmæður til framhaldsmenntunar erlendis, ferðalaga, sem farin eru í þágu ljósmæðrastéttarinnar á vegum Ljósmæðrafélags Íslands, eða annað, sem nauðsynlegt verður að teljast í því sambandi.

3. gr.

Aðnjótandi styrktar úr sjóðnum getur hver sú ljósmóðir orðið, sem hefur greitt kr. 100.00 í sjóðinn, og er félagi í Ljósmæðrafélagi Íslands, og þyki sýnilegt, að hún muni nota styrkinn í þeim erindum, sem fram eru tekin í 2. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn ljósmæðrafélagsins, og tvær ljósmæður kosnar á aðalfundi félagsins, og fer um kosningu þeirra eftir lögum ljósmæðrafélagsins og fundarsköpun. Kjörtímabil sjóðstjórnar er hið sama og stjórnar ljósmæðrafélagsins. Formaður ljósmæðrafélagsins er jafnframt formaður sjóðstjórnar.

5. gr.

Í sjóðstjórn ræður meirihluti stjórnarmeðlima úrslitum.

6. gr.

Styrk úr sjóðnum getur hver sú ljósmóðir fengið, sem uppfyllir skilyrði 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

7. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum skal stíla til formanns sjóðstjórnar, undirritaða af ljósmóðurinni sjálfri, ásamt prófbréfi og greinargerðar um, til hvers hún ætli að nota styrkinn.

8. gr.

Ákvörðun um veitingar úr sjóðnum tekur sjóðstjórnin í hverju einstöku tilfelli, og ber henni þá að fara eftir ástæðum umsækjanda og kostnaðaráætlun, eftir því sem við verður komið.

9. gr.

Úr sjóðnum má verja til styrktar árlegum vöxtum sjóðsins, að undanskildum kr. 100.00, sem leggst við höfuðstólinn.

Berist fleiri en ein umsókn, skal veita þeirri sem hæfust er talin og líklegust þykir til áframhaldandi ljósmóðurstarfs. Sæki enginn um styrkinn, skal hann geymdur til næsta árs.

10. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum verðbréfum í einhverjum bankanna eða öðrum jafntryggum stöðum, og skulu endurskoðaðir reikningar sjóðsins árlega lagðir fram, ásamt reikningum ljósmæðrafélagsins.

129
8. júlí

REGLUR

um veitingu hópferðaleyfa.

1. gr.

Óheimilt er að aka hópferðir, ferðir á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir o. þ. l. með stærri bifreiðum en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema að hafa til þess sérstakt hópferðaleyfi.

Undanþegnar hópferðaleyfisskyldu eru hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er.

2. gr.

Hópferðaleyfi má veita öllum sérleyfishöfum, svo og þeim öðrum, er hlotið hafa meðmæli skipulagsnefndar fólksflutninga til þess.

3. gr.

Póststjórnin annast útgáfu hópferðaleyfa í umboði samgöngumálaráðuneytisins.

4. gr.

Hópferðaleyfi skal miðað við ákveðna ferð á ákveðinni leið. Binda má hópferðaleyfi skilyrðum um notkun ákveðinna bifreiða og ákveðið gjald fyrir bifreiðina á hvern km, sbr. 5. gr.

Í auglýstum hópferðum, þegar seld eru einstök sæti, er heimilt að nota farseðla, sem póststjórnin gefur út til notkunar í slíkum ferðum og gilda farseðlarnir þá jafnframt sem hópferðaleyfi.

5. gr.

Póststjórnin ákveður gjaldskrá fyrir hópferðaakstur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga.

6. gr.

Fyrir hópferðaleyfi skal greiða gjald, er að upphæð samsvari sérleyfisgjaldi því, er sérleyfishöfum ber að greiða samkv. 6. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, sbr. lög nr. 3 18. janúar 1952, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Í hópferðaakstri er skylt að hafa jafnan hópferðaleyfin með í bifreiðunum eða farseðla frá póststjórninni, sem jafnframt gilda sem hópferðaleyfi, sbr. 4. gr. Er skylt að sýna þau eftirlitsmönnum, ef þeir óska þess.

8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt lögum nr. 22 30. janúar 1945. Brjótí sérleyfishafar, eða aðrir, sem póststjórnin hefur veitt réttindi til hópferðaaksturs, reglur þessar, er heimilt að svipta þá þeim réttindum þegar í stað.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 95 28. maí 1951, um veitingu hópferðaleyfa.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1953.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Egilsstaða.

130
25. júní

I. RAFORKA

Rafveita Egilsstaða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst. mæli á kr. 2.50 á hverja kwst.

B. Til suðu.

Um kwst. mæli á 90 aura hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Til vélareksturs.

1. Um kwst. mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 til kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til súgþurrkunar á heyi um kwst. mæli á 60 aura hverja kwst., enda sé heimilt að rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

D. Önnur raforkunotkun.

Aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, er þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum yfir 50 amp. | — 7.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

130 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, 25. júní og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öð'ast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Egilsstaða, nr. 25 14. febrúar 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. júní 1953.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

131 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Sigurgeirs Einarssonar“, 1. júlí útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. júlí 1953. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sigurgeirs Einarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar, stórkaupmanns, Vesturgötu 28 í Reykjavík, er andaðist 11. apríl 1953. Er hann stofnaður samkvæmt arfleiðsluskrá hans, dags. 11. ágúst 1952.

Stofnfé sjóðsins eru allar eftirlátnar eigur Sigurgeirs að loknum skiptum í dánarbúi hans, sem nú standa yfir, þó með þeim takmörkunum að Kristín Kristjánsdóttir, Vesturg. 28, skal eiga þess kost að halda íbúð þeirri, er hún nú býr í á efstu hæð Vesturg. 28, þar til reist hefur verið sjúkrahús það er um ræðir í 2. gr. hér á eftir, en fá þá til íbúðar 2 herbergi í sjúkrahúsinu, ef hún hún óskar, hvort tveggja gegn hæfilegri húsaleigu, meðan hún hefur sæmilegar ástæður til greiðslu hennar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- A. Að reisa myndarlegt sjúkrahús á Seltjarnarnesi til minningar um lækna Bjarna Pálsson landlækni, er bjó að Nesi á Seltjarnarnesi, og tengdason hans Svein Pálsson, héraðslækni í austur-héraði suðuramtsins.

Er það ósk gefanda að sjúkrahúsið verði reist á sandinum sunnan við heimreiðina að Nesi, en þó ekki skilyrði fyrir gjöfinni.

Skal sjúkrahúsið verða kvaðalaus eign Seltjarnarneshrepps að öðru leyti en því, sem byggingarstyrkur kann að fást til þess úr rikissjóði, sbr. 8. gr. laga nr. 30/1933, lög nr. 33/1945 og lög nr. 24/1949, svo og því er leiðir af ákvæðum 2. mgr. 1. gr. hér að framan.

Byggingu sjúkrahússins skal ekki hefja, fyrr en tryggt er fé til að ljúka því, án þess að það þurfi að standa undir verulegum skuldum vegna byggingarkostnaðar, enda hafi þá hreppurinn tekið að sér að annast rekstur þess og sé reksturinn sæmilega tryggður fjárhagslega með hliðsjón af stærð sjúkrahússins og annars þess, er til greina kemur í því sambandi.

Til byggingar sjúkrahúss þessa má verja öllum sjóðnum, að fráteknu nægilegu fé til þess er tilgreint er í B. og C. hér á eftir.

- B. Að annast um viðhald legstaðar vandamanna Sigurgeirs Einarssonar í Stórolfshvolskirkjugarði og styrkja byggingu nýrrar kirkju í Stórolfshvolssókn með

25.000 — tuttugu og fimm þúsund — króna framlagi í peningum án vaxta, eins og 131
nánar er til tekið í 3. gr. B. arfleiðsluskrárinnar. 1. júlí

C. Að annast um viðhald legstaðar gefandans, Sigurgeirs Einarssonar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa oddviti Seltjarnarneshrepps og Ragnar Bjarkan stjórnar-ráðsfulltrúi, meðan hans nýtur við, en eftir hans dag skal hreppsnefnd Seltjarnarnes-hrepps kjósa mann í hans stað í stjórnina. Skal sjóðstjórnin annast rekstur fast-eignarinnar Vesturgata 28, meðan hún verður í eigu sjóðsins og ávaxta fé hans á þann hátt er hún telur hyggilegan t. d. í ríkistryggðum verðbréfum eða fasteigna-veðskuldabréfum, er þó aldrei, að viðbættum þeim veðskuldum er á undan kunna að standa, fari fram úr þrem fjórðu brunabótaverðs hlutaðeigandi fasteignar.

Ragnar Bjarkan skal vera reikningshaldari sjóðsins og varðveita fjármuni hans. Hann skal annast daglegan rekstur eigna sjóðsins, en til allra meiriháttar fram-kvæmda, svo sem sölu á fasteignum sjóðsins, leigu á þeim eða ávöxtunar á fjár-munum hans til lengri tíma en eins árs í senn, þarf skriflegt samþykki beggja stjórnendanna.

Stjórnendum ber þóknun fyrir starf sitt eftir taxa lögmannafélags Íslands.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Skulu reikningarnir endurskoð-aðir af 2 löggiltum endurskoðendum og sendir hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps til athugunar innan misseris frá lokum hvers reikningsárs.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn. Færir hún í hana skipu-lagsskrá þessa ásamt árlegum reikningum sjóðsins.

REGLUGERÐ

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

132

15. júlí

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu og ljósaolíu, afhentri til viðskiptamanna á föstum útsölustað eða af tankbil, skal vera hið sama, hvar sem er á landinu. Þó skal leyfilegur verðmunur á sama hátt og verið hefur vegna breytilegra afgreiðslu-hátta. Söluverð á benzíni, öðru en flugvélabenzíni, skal vera hið sama frá öllum útsölustöðum, þ. e. birgðastöðvum og benzíndælum.

2. gr.

Mynda skal verðjöfnunarsjóð og skal viðskiptamálaráðherra skipa honum 5 manna stjórn. Þrjá eftir tilnefningu olíufélaganna, en hina tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin skal annast framkvæmd verðjöfnunarinnar undir yfirstjórn ráðherra, sem sker úr um ágreiningsatriði, er upp kunna að koma.

3. gr.

Verðjöfnunargjald skal lagt á allt selt magn af olíum þeim og benzíni, sem um ræðir í 1. gr. Innflytjendur skulu greiða verðjöfnunargjaldið ársfjórðungslega til sjóðsins.

132

15. júlí

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera tillögur til viðskiptamálaráðuneytisins um upphæð verðjöfnunargjaldsins á hverjum tíma fyrir hverja tegund og skal miðað við, að gjaldið nægi til að greiða þann flutningskostnað, sem nú er reiknaður, með þeim hækkunum eða lækkunum, sem síðar kunna að verða, þannig að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörutegundum.

Að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákveður viðskiptamálaráðuneytið verðjöfnunargjaldið fyrir misseri í senn.

5. gr.

Verðjöfnunarsjóð skal varið til að endurgreiða þeim aðilum, sem annast dreifingu á olíum og benzíni, flutningsgjöld samkvæmt 4. gr.

Þeir aðilar, sem gera kröfu á hendur sjóðnum, skulu haga bókhaldi sínu þannig, að stjórn sjóðsins telji fullnægjandi með tilliti til verðjöfnunarinnar.

6. gr.

Ekki má leggja verðjöfnunargjald á eina tegund til að greiða flutningsgjald á annarri tegund. Nú hrekkur verðjöfnunargjald af einni tegund ekki til greiðslu á kröfum vegna þeirrar tegundar og skulu þá innstæður hjá verðjöfnunarsjóði notaðar til greiðslu þessara krafna til bráðabirgða, enda verði slíkar bráðabirgðagreiðslur endurgreiddar af hækkun verðjöfnunargjaldið af umræddri tegund á næsta verðjöfnunartímabili.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptamálaráðuneytinu. Enn fremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

8. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, öðlast gildi 1. ágúst 1953.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í fyrsta sinn skal verðjöfnunargjaldið ákveðið fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 1953. Fyrstu greiðslur til verðjöfnunarsjóðs skulu miðast við 1. nóvember 1953 og 1. janúar 1954.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. júlí 1953.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð séra Páls Sigurðs- 133 sonar, sóknarprests í Bolungavík“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af 16. júlí dómsmálaráðherra 16. júlí 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Páls Sigurðssonar, sóknarprests í Bolungavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning séra Páls Sigurðssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í minningu um séra Pál Sigurðsson, fyrsta sóknarprest Hólsprestakalls í Bolungavík, á 65. fæðingardegi hans, 29. ágúst 1949, fyrir forgöngu Bolvíkingafélagsins í Reykjavík. Stofnendur eru nokkrir fyrrverandi Bolvíkingar og vinir séra Páls.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1245.00. Tekjur hans eru auk árlegra vaxta, það fé er honum kann að berast sem gjafir, áheiti, minningargjafir, eða á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að fegrun Hólskirkju, utan sem innan, og umhverfi hennar. Má til þess nota helming árlegra tekna sjóðsins. Hinn helmingurinn sé lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 skal aðeins skylt að leggja einn fjórða hluta af árstekjum hans árlega við höfuðstólinn. Sé sá hluti teknanna, sem ætlaður er til notkunar, ekki notaður í eitt eða fleiri ár, leggst hann við sjóðinn í bili. En heimilt er að taka það fé út síðar, án vaxta, ef þörf er á. Sjóðurinn sé ávaxtaður í Sparisjóði Bolungavíkur eða annarri tryggri peningastofnun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Hólsprestakalls, formaður sóknarnefndar Hólssóknar og ein kona, er ávallt sé kosin af safnaðarfundum samtímis sóknarnefnd. Sjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans. Hún semur árlega reikning sjóðsins og leggur hann fyrir safnaðarfund, endurskoðaðan, ásamt reikningi kirkjunnar.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema allir stjórnendur sjóðsins séu breytingu sammála og safnaðarfundur samþykki.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. ágúst 1949.

Stjórn Bolvíkingafélagsins í Reykjavík.

134

REIKNINGUR

Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1952.

Tekjur:

Í sjóði frá f. ári		kr.	26687.92
Tillög vitavarða	kr.	8101.46	
Gestafé	—	2192.05	
Vextir	—	4286.59	
Ríkissjóðsstyrkur	—	3000.00	

Kr. 17580.10

Útdregin verðbréf:

Stofnlánad. Sjávarútvegsins 1946 Litra B. Nr. 31 og 45	kr.	2000.00	
Rafmagnsveitulán 1943 B. Nr. 424	—	1000.00	
Veðd.bréf Landsbanka Íslands 10. fl. C. Nr. 55	—	100.00	
Afb. af láni byggingafél. starfsm. ríkis- stofnana	—	1000.00	
		4100.00	
			21680.10

Kr. 48368.02

Gjöld:

Styrkir	kr.	1500.00
Sjúkrasamlagsgjöld	—	1044.00
Keypt skuldabréf	—	45000.00
Inneign í Sparisj. Landsbanka Íslands	—	824.02

Kr. 48368.02

Eignir:

10. fl. bankavaxtabréf Landsbanka Íslands	kr.	5000.00
4% Sogsvirkjunarlán 1943	—	3000.00
4% Verðbréf Stofnlánadeildar Sjávarútvegsins	—	19000.00
Hlutabréf Eimskipafél. Íslands	—	25.00
5% Skuldabréf Byggingarsamv.fél. Stykkishólms 1949	—	3000.00
6% Skuldabréf Bæjarsj. Hafnarfjarðar 1950	—	60000.00
6% Skuldabréf Byggingarsamv. fél. starfsm. ríkisst.	—	14000.00
7% Vixillán	—	45000.00
Inneign í Sparisj. Landsbanka Íslands	—	824.02

Kr. 149849.02

Vita- og hafnamálastjórnin, 30. marz 1953.

Emil Jónsson.

REIKNINGUR

135

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952, B. bls. 370).			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	19142.76	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	1965.92	
			kr. 21108.68
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	957.13	
b. — bankainnstæðu	—	85.65	
			— 1042.78
			Kr. 22151.46

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	19238.50	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	2912.96	
			kr. 22151.46
			Kr. 22151.46

Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.

Jónas Guðmundsson.

REIKNINGUR

136

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1952, B. bls. 372).			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	50883.34	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	3715.74	
			kr. 54599.08
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2544.16	
b. — bankainnstæðu	—	101.16	
			— 2645.32
			Kr. 57244.40

Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga	kr.	2000.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	51010.55	
b. Bankainnstæða	—	4233.85	
			— 55244.40
			Kr. 57244.40

Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.

Jónas Guðmundsson.

137

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígur, árið 1952.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1952, B. bls. 367)	kr. 5187.30
Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 265.98

Kr. 5453.28

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr. 5453.28
--	-------------

Kr. 5453.28

Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.

Jónas Guðmundsson.

138

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1952, B. bls. 368).	
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 749065.14
b. Bankainnstæða	— 3994.59
c. Veðskuldabréf	— 390000.00
d. Veðdeildarbréf	— 42000.00
e. Skuldabréf m. ríkisábyrgð	— 15000.00

	kr. 1200059.73

2. Vextir:

a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 37453.25
b. — bankainnstæðu	— 389.76
c. — veðskuldabréfi	— 19500.00
d. — veðdeildarbréfum	— 2100.00
e. — skuldabréf m. ríkisábyrgð	— 2000.00
f. — greiddum vaxtamiðum frá fyrra ári	— 1350.00

	— 62793.01

Kr. 1262852.74

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:	
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 786518.39
b. Bankainnstæða	— 9934.35
c. Veðskuldabréf	— 374400.00
d. Veðdeildarbréf	— 42000.00
e. Skuldabréf m. ríkisábyrgð	— 50000.00

	— 1262852.74

Kr. 1262852.74

Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.

Jónas Guðmundsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1953.

Forsetabréf um heiðurspening til minningar um herra Svein Björnsson, forseta, undirskrifað af forsetanum 26. febrúar 1953, nr. 39.

Auglýsing um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. marz 1953, nr. 40.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1953, nr. 41.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1953, undirskrifað af forsetanum 4. maí 1953, nr. 42.

Bráðabirgðalög um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 27. maí 1953, nr. 43.

Auglýsing um samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslíðs þess, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. júní 1953, nr. 44.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um nýja radiótiðnalista, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. júní 1953, nr. 45.

Auglýsing um aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 46.

Tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, undirskrifuð af forsetanum 7. júlí 1953, nr. 47.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1953, nr. 48.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjesild og skozkverkaðri sild, undirskrifuð af forsetanum 20. júlí 1953, nr. 49.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af forsetanum 5. ágúst 1953, nr. 50.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Sovétríkjanna, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. september 1953, nr. 51.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 52.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Ungverjalands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 53.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 54.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Ítalíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 55.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar. 139 24/9 '52

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. þ. m., og ósk hreppsnefndar Mosvallahrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Þórustöðum að Holti í Önundarfirði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verið til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

140 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðar-
sýslu, um flutning þingstaðar.**

24/6 '52

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 17. þ. m., og ósk hreppsnefndar Skarðshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Sauðárkróki að Innstalandi á Reykjaströnd, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

141 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu,
um flutning þingstaðar.**

6. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 27. f. m., og ósk hreppsnefndar Öngulsstaðahrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Þverá í barnaskólahúsið á Syðra-Laugalandi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

142 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og
Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar.**

15. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 11. þ. m., og ósk hreppsnefndar Mosfellshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Brúarlandi að Hlégarði í Mosfellshreppi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

143 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu,
um flutning þingstaðar.**

16. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. maí s. l., og ósk hreppsnefndar Grunnavíkurrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Flæðareyri við Leirufjörð að Sætúni í Grunnavík, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

BRUNAMÁLASAMÞYKKT

144

11. júní

fyrir Reykjavík.

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála Reykjavíkur er í höndum bæjarstjórnar.

2. gr.

Bæjarráð hefur á hendi framkvæmd brunamála bæjarins, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Bæjarráð skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga og samþykktar þessarar um brunamál í Reykjavík sé framfylgt.

3. gr.

Þegar bæjarráð tekur ákvarðanir um brunamál, skal slökkviliðsstjóri sækja fund þess eða varaslökkviliðsstjóri í forföllum hans. Ákvarðanir bæjarráðs um brunamál skulu tilkynntar slökkviliðsstjóra skriflega. Bæjarráð og slökkviliðsstjóri nefnast í samþykkt þessari brunamálastjórn.

II. KAFLI

Skipun, starfsreglur og fatnaður slökkviliðsins.

4. gr.

Slökkvilið bæjarins er skipað tveimur aðaldeildum: Föstum starfsmönnum á slökkvistöð og liðsmönnum, sem kvaddir eru til að slökkva eld og til æfinga. Í samþykkt þessari nefnast þeir fyrrnefndu *varðlið*, en hinir síðarnefndu *aðstoðarlið*. Sameiginlega nefnast allir þessir starfsmenn *slökkvilið*.

5. gr.

Varðliðið skipa: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og stöðvarverðir.

6. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri skulu hafa lokið verkfræði- eða húsa-meistaránámi.

7. gr.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum bæjarráðs. Bæjarráð ræður aðra starfsmenn varðliðsins að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra.

8. gr.

Slökkviliðsstjóri er fulltrúi og framkvæmdastjóri bæjarráðs í brunamálum. Hann hefur á hendi daglega framkvæmd og stjórn brunamála og eftirlit með því, að lögum um brunamál Reykjavíkur, ákvæðum þessarar samþykktar og fyrirmælum brunamálastjórnarinnar sé framfylgt.

9. gr.

Varaslökkviliðsstjóri skal vinna að daglegri framkvæmd brunamála undir stjórn slökkviliðsstjóra og í samráði við hann. Í forföllum slökkviliðsstjóra skal varaslökkviliðsstjóri taka við störfum hans.

144

11. júní

10. gr.

Stöðvarverðir skulu gegna varðstöðu á slökkvistöðinni og annars staðar, samkvæmt nánari fyrirmælum slökkviliðsstjóra, svo og áhaldavörzlu, ræstingu og annarri vinnu á slökkvistöð. Utan varðtíma síns skulu þeir gegna brunakalli á sama hátt og aðstoðarliðið.

Stöðvarverðir skulu allir hafa lokið meira bifreiðaprófi og hafa næga vélaþekkingu til þess að vinna með áhöldum þeim, er slökkvistöðin hefur. Stöðvarverði má ekki skipa í starfið yngri en 22 ára né eldri en 30 ára. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð, vera andlega og líkamlega heilbrigðir og hafa fulla líkams- og starfsorku. Þeir, sem starfað hafa a. m. k. eitt ár í aðstoðarliðinu, sem um ræðir í 13. gr., skulu að jafnaði ganga fyrir, þegar ráðnir eru stöðvarverðir.

Þegar stöðvarverðir hafa náð 60 ára aldri, getur slökkviliðsstjóri ákveðið, að þeir gegni vörzlu, vélgæzlu, innistörfum, eldvarnareftirliti og þess háttar störfum.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri skipar stöðvarvörðum í varðflokka. Yfir hvern varðflokk skipar hann varðstjóra og vara-varðstjóra, og getur brunamálastjórn sett nánari reglur um val þeirra.

12. gr.

Varðliðsmenn taka laun úr bæjarsjóði samkvæmt launasamþykkt bæjarins. Þeir njóta að öðru leyti sömu kjara og aðrir fastir starfsmenn bæjarsjóðs.

Þegar stöðvarverðir gegna skyldustörfum utan starfstíma síns, skulu þeir fá greidd laun og skaðabætur eftir sömu reglum og aðstoðarliðið, samkv. 21. gr. samþykktar þessarar.

13. gr.

Auk varðliðsins skal slökkviliðið skipað aðstoðarliði, sem slökkviliðsstjóri kveður til starfa, eftir því sem honum þykir þurfa. Slökkviliðsstjóri ræður aðstoðarliðið, og skulu liðsmenn vera á aldrinum 21—50 ára. Í liðinu skulu vera hið fæsta tveir menn frá vatns- og hitaveitu og tveir frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

14. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkviliðinu og ber ábyrgð á því, að það sé fullskipað og vel æft. Hann heldur æfingar með slökkviliðinu, þegar hann telur þess þörf. Slökkviliðsmenn mega ekki fara til dvalar úr bænum án vitundar slökkviliðsstjóra.

15. gr.

Við bruna ákveður slökkviliðsstjóri, hvernig áhöldum slökkviliðsins skuli komið fyrir og hvað gera skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans.

16. gr.

Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann ekki heldur viðstaddur, þá hafa varðstjórar varðliðsins yfirstjórnina á hendi eftir nánari fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

17. gr.

Enginn má færa eða láta færa úr stað áhöld slökkviliðsins án samþykkis yfirmanns þess.

18. gr.

Varðstjórum er skylt að framkvæma fyrirskipanir slökkviliðsstjóra og sjá um, að tæki slökkviliðsins séu ekki að óþörfu skemmd eða skilin eftir að loknu verki og tilkynna honum, ef einhver vikur frá starfi, áður en því er lokið.

19. gr.

144

Sérhver slökkviliðsmaður skal koma til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kvaddur, og hlýða fyrirmælum yfirmanns síns. Enginn má án leyfis yfirmanns yfirgefa brunastað eða hverfa frá æfingu. 11. júní

20. gr.

Slökkviliðsstjóri getur fyrirvaralaust sagt upp starfsmönnum í slökkviliðinu, ef hann telur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða. Varðliðsmenn, sem þannig er vikið frá störfum, hafa rétt til að leggja mál sín fyrir bæjarráð til úrskurðar.

21. gr.

Aðstoðarliðið fær greidd laun úr bæjarsjóði fyrir vinnu við slökkviliðsstörf og æfingar og skaðabætur fyrir slys og skemmdir á fatnaði eftir sérstökum samningi við bæjarstjórn.

22. gr.

Brunamálstjórn ákveður fjölda slökkviliðsmanna.

23. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld, sem hann telur þörf á, og getur enginn skorast undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði og slökkviliðsmenn.

24. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að láta slökkviliðið aðstoða við að slökkva eld utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, ef brýn þörf er á. Hann skal þó gæta þess að flytja ekki úr lögsagnarumdæminu meira af slökkviliðstækjum eða fleiri slökkviliðsmenn en svo, að öryggi bæjarins sé ekki teflt í hættu.

25. gr.

Varðliðsmenn skulu, þegar þeir eru að störfum, bera einkennisbúninga, er bæjarsjóður leggur til. Brunamálstjórn setur reglur um gerð, einkenni og endurnýjun búninganna.

26. gr.

Slökkviliðinu skulu lögð til hlífðarföt og nauðsynleg tæki, samkvæmt ákvörðun brunamálstjórnarinnar.

III. KAFLI

Tæki slökkviliðsins.

27. gr.

Bæjarsjóður skal á hverjum tíma eiga þau slökkvitæki, vagna, dælur, stiga, slöngur og önnur áhöld, sem brunamálstjórnin telur nauðsynlegt, til þess að allur útbúnaður slökkviliðsins sé sem fullkomnastur. Brunamálstjórnin skal kappkosta að fylgjast með öllum nýjungum á sviði slökkvitækninnar, endurnýja gömul tæki og útvega ný tæki samkvæmt kröfum tímans og vexti og viðgangi bæjarins, með samþykki bæjarstjórnarinnar.

28. gr.

Stöðvarverðir skulu, undir yfirmanssjón slökkviliðsstjóra, halda tækjum slökkviliðsins vel við og sjá um, að þau séu jafnan í góðu lagi.

144

11. júní

29. gr.

Slökkviliðsstjóri semur við hver árslok skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og getur þess jafnframt, hver slökkvitæki hafi bætt við á árinu og hver gengið úr sér. Hann sendir borgarstjóra skýrslu þessa.

IV. KAFLI

Um vatnsnotkun.

30. gr.

Vatnsveitu Reykjavíkur ber, í samráði við slökkviliðsstjóra, að sjá um, að nægilega margir brunahanar séu á vatnsæðum bæjarins til afnota fyrir slökkviliðið.

31. gr.

Vatnsveitan skal sjá um, að allir brunahanar séu ávallt nothæfir, og skal slökkviliðsstjóri nægilega oft láta sannprófa, að svo sé.

32. gr.

Enginn nema slökkviliðið má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim án leyfis vatnsveitunnar.

33. gr.

Óheimilt er að skilja eftir bifreiðir og önnur tæki fyrir framan brunahana eða nær þeim en í 5 m fjarlægð.

V. KAFLI

Löggæzla á brunastað.

34. gr.

Lögreglusveit úr lögregluliði Reykjavíkur skal ávallt mæta við bruna og aðalæfingar slökkviliðsins. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, hve fjölmenn lögreglusveitin skuli jafnaðarlega vera, svo og skipun hennar.

35. gr.

Lögreglusveitinni er skylt að halda uppi aga og góðri reglu við bruna og æfingar. Hún skal, í samráði við slökkviliðsstjóra, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir hafa verið afhentir réttum aðilum.

VI. KAFLI

Skyldur borgaranna við slökkviliðið.

36. gr.

Sérhver, er verður eldsvoða var, skal tilkynna það slökkvistöðinni þegar í stað símleiðis, með brunaboða eða á annan hátt. Sé brunaboði notaður, er skylt að bíða komu slökkviliðsins og skýra frá því, hvar elds hefur orðið vart.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Sé slökkviliðið kvatt út að óþörfu, varðar það sektum, auk greiðslu kostnaðar við kvaðninguna.

37. gr.

Allir vegfarendur, sem verða á vegi slökkviliðs-, sjúkra- og lögreglubifreiða, skulu tafarlaust greiða fyrir því, að þær komist óhindrað leiðar sinnar.

Bifreiðarnar gefa ákveðið hljóðmerki og nota rauð blossaljós, sem öllum öðrum er óheimilt að nota. Þær eru undanþegnar öllum umferðareglum, þegar slökkviliðið gegnir skyldustörfum, enda séu notuð framangreind hljóð- og ljósmerki. Stjórnendur bifreiða og annarra ökutækja skulu samstundis aka til hliðar, slökkva ljósín og nema staðar jafnskjótt og þeir verða hljóð- eða ljósmerkjanna varir. Gangandi menn skulu einnig vika úr vegi.

38. gr.

Sérhver bifreiðarstjóri skal stöðva bifreið sína, ef slökkviliðsmaður gefur honum merki um það, og aka honum á brunastað gegn venjulegri greiðslu, er bæjarsjóður innir af hendi.

39. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn hindra slökkviliðið í því.

40. gr.

Komi eldur upp í húsi, þar sem vatnsveita liggur ekki að, eða ef vatn úr brunahönum nægir ekki til að slökkva eldinn, er sérhverjum skylt að lána tæki, er hann hefur, til að flytja vatn. Slökkviliðið hefur rétt til að taka vatn úr öllum þeim vatnsbólum, er það telur sig þurfa að nota.

41. gr.

Slökkviliðið hefur frjálstan aðgang að húsum og lóðum á brunastað og í nágrenni hans. Það hefur rétt til að láta ryðja í burtu mannvirkjum, svo sem húsum, girðingum og öðru, sem torvelað getur starf þess, og gera hverjar ráðstafanir aðrar, er stjórn slökkviliðsins telur nauðsynlegar til þess að slökkva eldinn eða hindra útbreiðslu hans. Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið.

42. gr.

Það tjón, sem hlýzt af ráðstöfunum slökkviliðsins samkv. 41. gr., skal skoða sem brunatjón. Verði það ekki bætt af vátryggingarfélagum, skal bæjarsjóður bæta tjónið eftir samkomulagi eða samkvæmt mati tveggja óvilhallra manna, er borgardómari kveður til.

VII. KAFLI

Meðferð elds og ljóss almennt.

43. gr.

Húseigendum ber að sjá um, að öllum þeim varúðarreglum, sem settar eru í þessari samþykkt og öðrum samþykktum um umbúnað eldfæra, ljóstækja og geymslu eldfimra efna, sé framfylgt í húsum þeirra.

44. gr.

Húsráðendur skulu gæta þess, að heimilisfólk þeirra og leigjendur gæti fyllstu varúðar í meðferð elds, ljósa og eldfimra efna og hlíti í hvívetna fyrir mælum þeim, sem sett eru í þessari samþykkt.

144

11. júní

Hver og einn skal fara varlega með eld og ljós og forðast allt, sem stuðlað getur að bruna eða valdið honum.

45. gr.

Óheimilt er:

46. gr.

- að geyma eða hafa um hönd í heimahúsum benzín eða aðra áþekka eldfima vökva, nema hreinsað benzín, og aldrei meira en 250 g;
- að geyma í heimahúsum sprengiefni af nokkru tagi, svo sem púður, flugelda o. s. frv.;
- að geyma hvers konar eldsneyti og uppkeikjuefni við miðstöðvar, katla, reyk-ganga, eldstæði, reykháfa, ofnpípur o. þ. u .l.;
- að stytta rafmagnsleiðslur með hnútum eða með því að bregða þeim um nagla, króka eða þess háttar;
- að geyma í húsum ösku, gjall eða annan úrgang úr eldstæðum. Allan slíkan úrgang skal láta í þar til gerð, fullkomlega örugg ílát úr málm eða steini á afviknum stað utan húss;
- að geyma hey, timbur, hálm, tréull og önnur álíka eldnæm efni í íbúðarhúsum. Sama bann gildir um húsagarða, nema fengið sé samþykki slökkviliðsstjóra;
- að koma fyrir eða geyma nokkuð í undirgöngum, anddyrum, göngum og stigum húsa, sem hindrað getur eðlilegan umgang um húsin eða aðgang að þeim;
- að þurrka fatnað eða eldfima muni við eld eða rafmagn, nema fyllstu varúðar sé gætt og slíkir hlutir séu í hæfilegri fjarlægð frá hitagjafanum, og eigi nær en 50 cm.

VIII. KAFLI

Reykháfar og eldfæri.

47. gr.

Reykháfar í húsum skulu steptir úr sterkri steinsteypu eða gerðir úr öðru jafn eldtraustu efni, standa á fastri undirstöðu og hvíla aldrei á timburgólfi. Reykháfur má ekki hallast meira en 15° frá lóðréttri línu og aldrei út yfir stiga, nema með leyfi byggingarnefndar.

48. gr.

Reykháfar skulu að jafnaði vera ferstrendir, vegþykkt þeirra eigi minni en 12 cm og innanmál 23 cm á hvorn veg. Þeir skulu ná minnst 75 cm upp fyrir hús-mæni eða efsta brún þeirra vera minnst 3 m í láréttri línu frá þakfleti. Innanfletir reykháfa skulu vera sléttir, og holrúm þeirra má ekki skerða með leiðslum eða öðru, nema að fengnu leyfi slökkviliðsstjóra.

49. gr.

Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 23 cm vidd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, ber að fara eftir fyrirmælum í byggingarsamþykkt Reykjavíkur.

50. gr.

Par, sem reykháfur liggur í gegnum timburgólf, þak eða timburvegg, skal þykkt hans vera minnst 23 cm frá innri brún að máttarviðum.

51. gr.

Gólf-, loft- og veggklæðningar mega ganga að reykháf, en ekki vera festar við hann. Yfir samskeyti má leggja lista, er festur sé við reykháfinn með múrnögglum.

52. gr.

Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga. Úthliðar hans skulu ætíð vera sýnilegar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður. Utan um hverja pípu frá eldstæði skal múra járnhring í reykháfinn, þannig gerðan, að hvorki pípan né hringurinn geti ýtzt inn fyrir innra borð reykháfsins.

53. gr.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg, en þó aldrei færri en tvö 23×23 cm sótop, svo að auðvelt sé að hreinsa hann og ná sóti úr honum. Sótopi skal loka með járnhurð í járnnumgerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem ákveður fjölda og staðsetningu sótopa eftir stærð og gerð húsa.

54. gr.

Reykháf má ekki taka í notkun, fyrr en hann er fullgerður og allt mótatimbur fjarlæggt.

55. gr.

Reyk frá eldstæðum skal leiða í reykháfa um hlaðna eða steypa reyknganga eða minnst 10 cm víðar járnþapur.

56. gr.

Fjarlægð frá innri brún reykháfa og reykleiðslna að timbri, viðarlíki eða öðru eldfimu efni, skal ávallt vera minnst 23 cm. Reykþapur úr jární mega ekki vera lengri en 3 m, nema með leyfi byggingarnefndar. Þær skulu leiddar stytztu leið í reykháf á sömu hæð og eldstæðið.

57. gr.

Fjarlægð eldstæðis frá timbri eða viðarlíki skal vera minnst 23 cm. Gólf undir eldstæðum skal lagt málmplötum eða öðru eldtraustu efni, er nái minnst 30 cm fram fyrir þau og 23 cm til annarra hliða. Sé um límofn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfið þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu, og fyrir framan eldholið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málmí, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.

58. gr.

Opin eldstæði (kaminur) má því aðeins hafa í timburhúsum, að slökkviliðsstjóri hafi samþykkt umbúnað þeirra. Skal hvert slíkt eldstæði ávallt vera í heinu sambandi við reykháf, sem flytur ekki reyk frá öðrum eldstæðum.

59. gr.

Lofthitunarofna má því aðeins nota, að þeim sé örugglega fyrir komið, þannig að eldhætta stafi ekki af þeim, og verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins hafi samþykkt gerð þeirra.

60. gr.

Miðstöðvarkötlum, sem hafa stærri hitaflöt en $1,3 \text{ m}^2$, skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, múruðum eða sementshúðuðum í hólf og gólf. Eldnæma hluti má ekki geyma nær miðstöðvarkötlum eða reykleiðslum frá þeim en í 50 cm fjarlægð.

61. gr.

Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, skulu ætíð vera minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi.

IX. KAFLI
Olíukynditæki.

62. gr.

Olíukynditæki má hvorki framleiða né selja, nema gerð þeirra hafi verið viðurkennd af Öryggiseftirliti ríkisins, og tækjum má eigi breyta án leyfis eftirlitsins. Þau skulu auðkennd samkvæmt fyrirmælum þessum.

63. gr.

Uppsetningu olíukynditækja mega þeir einir annast, sem fengið hafa til þess leyfi Öryggiseftirlits ríkisins, og ber þeim að fylgja ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum reglum, er settar kunna að verða. Öryggiseftirlitið getur svipt menn leyfi sínu, gerist þeir brotlegir við settar reglur.

64. gr.

Uppsetning olíukynditækja skal fara fram undir umsjá eldfæraeftirlitsins, og má eigi taka þau í notkun, nema leyfi eftirlitsmanna liggi fyrir.

Sé kynditæki þannig, að olían renni sjálfkrafa til þess og eldstæðis, skal rennslisstillir vera við það, er takmarkar, að aldrei geti meiri olía runnið til þess en því er ætlað að brenna. Á rennslisstilli skal vera öryggi, er lokar fyrir olíurennslíð, ef óhreinindi eða annað truflar starfsemi stillisins.

Sé olíunni dælt til eldstæðis, skal dælan þannig gerð, að olíurennslí stöðvist um leið og hún.

Á olíuleiðslum frá olíugeymi að kynditæki skal vera gruggbolli úr málm, sem hindrar, að vatn eða óhreinindi, er vera kann í olíunni, berist að rennslisstilli og kynditæki.

Á reykþípu frá olíukyntum katli skal vera sjálfvirkur súgstillir rétt við hann, er hindrar, að óeðlilega mikill súgur geti myndast gegnum olíukynditækið.

Ef súgspjald er á reykþípu, skal svo frá því gengið, að minnst 10% af flatar-máli þípunnar sé opið, þótt spjaldið sé lokað.

Olíukynditæki skulu standa á föstum undirstöðum úr eldtraustu efni. Olíuleiðslur og allar tengingar skulu vera úr málm, og sé komið fyrir á þeim sjálfvirkum loka, sem lokar fyrir olíurennslí að eldstæði, ef eldur kemur upp í kleanum. Til þéttingar á samskeytum má ekki nota málningu eða önnur efni, sem olía getur leyst upp.

Ef olíukynditækjum er komið fyrir í eldstæði, sem áður hefur verið kynt á annan hátt, skal fyrst framkvæmd gagngerð sóthreinsun á reykgöngum og eldholi.

Búnaður raflagna skal vera samkvæmt reglum Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Aðalrofi kynditækis sé ávallt fast við aðaldir kyndiklefans, eða á öruggum stað utan hans. Vartöflur má eigi hafa á kyndiklefa.

Í miðstöðvarklefa skal vera prentaður leiðarvísir um notkun og meðferð tækisins, gerður af framleiðanda þess, í samráði við Öryggiseftirlit ríkisins.

65. gr.

Olíukynditæki skulu vera í sérstökum klfum, múruðum og sementshúðuðum í hólf og gólf, með sjálflokandi hurðum. Skulu þeir ávallt vera við útvegg, með opnanlegum glugga, samþykktir af eldfæraeftirlitinu áður en uppsetning tækjanna hefst. Miðstöðvarklefa má eigi nota til annarra þarfa, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri getur leyft, að kyndistöð sé í gluggalausum herbergi, enda sé slökkvikerfi komið þar fyrir, eftir fyrirmælum hans.

66. gr.

Eldsneytisólía skal jafnan geymd í þar til gerðum geymi. Skal hann vera úr hæfilega þykku stáli, oliu- og loftþéttur. Á honum skal vera loftþípa, sem endar undir beru lofti, með beygju á enda, svo að eigi geti rignt eða fennt inn í hana. Fyrir pípuopinu skal vera þéttriðið net úr málmþræði. Geymirinn skal vera með læstum áfyllingarstút, og sé hann innanhúss, skal stúturinn ná út úr útvegg. Á oliugeymi mega ekki vera önnur op eða stútar en þeir, er að framan greinir, nema þau, sem ætluð eru fyrir tengingu til kynditækja eða annarra oliugeyma. Botnlás má þó vera á geymi, enda sé hann lokaður með blindkraga. Glerpípu má eigi nota til að sýna oliuhæð á geymi.

144

11. júní

67. gr.

Oliugeymar skulu grafnir í jörð, nema þar sem slökkviliðsstjóri heimilar að hafa þá ofanjarðar, en þá mega þeir ekki vera nær timburvegg en 5 metra, nema sérstakar eldvarnarráðstafanir séu gerðar, og aldrei á eða yfir þaki húsa. Oliugeymum skal komið fyrir á traustum undirstöðum, svo að þeir raskist ekki. Á leiðslum frá geymum skal vera loki utanhúss, sem auðvelt er að komast að.

68. gr.

Slökkviliðsstjóri getur leyft geyma innan húss fyrir oliu með blossomark fyrir ofan 60° C., er rúmi allt að 10 000 lítra hver, sé þeim komið fyrir í sérstökum klefum, sem eigi eru notaðir til annarra þarfa, og ákveður hann fyrirkomulag og öruggisútbúnað þeirra.

Oliuforðinn má aldrei vera meiri en 30 000 lítrar.

Klefinn skal vera út fullkomlega eldtraustu, oliuþétta efni í hólf og gólf. Séu veggir úr járnbentri steinsteypu, skulu þeir vera minnst 10 cm þykkir, en 20 cm, sé steypa ójárnbent eða veggurinn hlaðinn úr steini. Ljósauðbúnaður skal vera viðurkenndur af Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hurðir og umbúnaður þeirra skal vera eldtraustur og sjálflokandi. Þær skulu opnast út og eigi vera nær klefagólfi en svo, að neðan dyraops rúmist allur oliuforði geymisins. Loftrás með þéttriðnu málmneti skal vera frá geymisklefa undir bert loft.

Oliugeymi, eða dagneyzluhylki, er rúmar allt að 200 lítra, má koma fyrir í kyndistöð húsa, enda sé fullnægt kröfum um kyndiherbergi og auk þess, að eldtraust hurð, er opnast út, sé á herberginu.

Í verksmiðjuhúsum skal þó leyfilegt að geyma allt að 1500 l í kyndistöð, ef framangreindum skilyrðum er fullnægt, og auk þess reglum öryggisefirlits ríkisins um gæzlu.

Geymi sé þannig komið fyrir, að hvorki hann né leiðslur frá honum geti hitnað frá eldstæðinu, eða leki geti runnið til eldstæðisins, í reyk göng eða reykþípur. Skal á fulltryggan hátt séð fyrir leka frá geymi, annaðhvort á þann hátt að hafa hann í steinsteyptri þró, er rúmi allt innihald hans, eða runnið geti frá honum beint í skolplögn.

Oliutunnur má aldrei geyma í kyndistöð.

69. gr.

Oliu, sem hefur blossomark fyrir ofan 60° C, má hita, áður en hún fer til brennans.

Til hitunar á oliu má einungis nota heitt vatn, rafmagn eða mettaðan eim, sem hefur ekki meira en 3 kg/cm² yfirþrýsting.

Við rafmagnshitun skulu hitararnir vera fastir, fullkomlega lokaðir og með sjálfvirkum hitastilli. Sé sliikum hitara komið fyrir í geymi eða dagneyzluhylki, skal hitastillir þannig stilltur, að hiti oliunnar við hitarann geti aldrei farið fram úr 55° C.

- 144 Afrás frá geymi skal ávallt vera fyrir ofan efsta hluta hitarans.
11. júní Sé geymishitari notaður, skal svo gengið frá hitastilli, að hiti oliunnar geti aldrei farið fram úr hitastigi, sem er 20° C fyrir neðan blossomark hennar.

70. gr.

Sé blossomark eldsneytisoliunnar neðan við 60° C., gilda eftirfarandi sér-ákvæði:

Óheimilt er að hita hana, áður en hún fer til brennara.

Útanhússgeymir má eigi rúma meira en 1500 lítra, nema sérstaklega standi á og leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Innanhúss má geyma allt að 500 lítra, og sé geymi komið fyrir í sérstökum geymsluklefa, er fullnægi ákvæðum 68. gr. Skal svo frá geymi gengið, að undir honum sé þróa, er rúmi allt innihald hans, eða að það geti runnið beint að gólfrist í lokræsi.

Oliu, sem hefur blossomark neðan við 30° C., er óheimilt að nota til brennslu í oliukynditæki.

71. gr.

Oliukynditæki og oliugeyma má eigi setja upp fyrir ofan neðstu hæð í húsi, nema með sérstöku leyfi slökkviliðsstjóra.

X. KAFLI

Hreinsun reykháfa.

72. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á því, að reykháfum í húsum þeirra sé vel við haldið og að sótarar hafi frjálstan og óhindraðan aðgang að sótopum reykháfa.

73. gr.

Sótarar bæjarins hreinsa reykháfa í bænum undir stjórn slökkviliðsstjóra og eru ábyrgir í starfi sínu gagnvart honum. Þeir skulu hreinsa reykháfana vel og koma sótinu fyrir á öruggum stað utan húss. Verði sótarar varir vanrækslu í meðferð sótopa eða reykháfa, svo sem ef þeim er ekki haldið nægilega við, gerðir ónot-hæfir eða hættulegir, skulu þeir aðvara húseiganda, sem ber skylda til að bæta tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Vanrækslu skal slökkviliðsstjóri kæra til sekta, samkv. 154. gr.

74. gr.

Sóturum ber að ganga eins hreinlega um húsin og auðið er, og kappkosta að valda íbúum húsanna sem minnstum óþægindum. Umkvartanir á hendur sóturum skulu sendar slökkviliðsstjóra skriflega.

75. gr.

Hver reykháfur skal hreinsaður á þriggja mánaða fresti, nema slökkviliðsstjóri mæli öðruvísi fyrir. Brunamálastjórnin getur sett sérstök ákvæði um hreinsun reykháfa í húsum, þar sem heitt vatn er notað til hitunar og gas eða rafmagn til eldunar, en þvottapottar kynntir með kolum eða öðru eldsneyti.

76. gr.

Daginn áður en sóthreinsun fer fram, skal sótari tilkynna húseiganda um hreinsunina og afhenda honum eyðublað, er húseigandi undirritar að henni lokinni. Á þriggja mánaða fresti skal sótari afhenda slökkviliðsstjóra eyðublöðin sem skilríki fyrir því, að hreinsunin hafi farið fram.

XI. KAFLI

Eldfæraeftirlit.

144
11. júní

77. gr.

Eftirlit með olíukynditækjum og olíugeymum skal fara fram tvisvar, en eftirlit með öðrum eldfærum og reykháfum skal fara fram einu sinni á ári hverju í öllum húsum í bænum.

78. gr.

Eftirlitsmenn þeir, sem framkvæma þetta eftirlit, skulu sjá um, að skilyrðum samþykktar þessarar og öðrum fyrirmælum brunamálastjórnar sé fullnægt í hvi-
vetna.

79. gr.

Eftirlitsmönnum ber sérstaklega að athuga:
að frágangur olíukynditækja, olíugeyma, eldfæra og reykháfa sé samkvæmt gild-
andi reglum og að þeim sé vel við haldið;
að umgengni öll í miðstöðvarherbergjum og geymsla á eldsneyti sé eins og vera
ber;
að eldfim efni séu ekki geymd í húsum umfram það, sem leyfilegt er, og að
tryggilega sé frá þeim gengið.

80. gr.

Eftirlitsmenn skulu færa bækur um störf sín, þar sem tilgreint er, hvaða dag
skoðun hefur farið fram í hverju húsi. Inn í bækurnar rita þeir athugasemdir sínar
um skoðunina og gera grein fyrir því, sem þeir telja þurfa viðgerðar við, og setja
frest til að framkvæma hana.

Sé viðgerðin ekki framkvæmd á tilteknum tíma, skal slökkviliðsstjóri kæra
húseiganda til sekta.

XII. KAFLI

Um öryggistæki í húsum.

81. gr.

Í samkomuhúsum, veitingahúsum, gistiúsum, skólum, sjúkrahúsum, íþróta-
húsum, barna- og elliheimilum og öðrum slíkum stöðum, þar sem margt fólk kemur
saman eða dvelst, svo og í verksmiðjum, vinnustofum, vörugeymslum, benzínaf-
greiðslum og öðrum þeim stöðum, sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt, skulu
vera nothæf handslökkvitæki.

82. gr.

Á þriðju hæð timburhúsa eða ofar (kjallari, sem að hálfu leyti er grafinn í
jörð eða meira, telst ekki hæð) ber að hafa björgunarkaðla að minnsta kosti við
einn glugga á hverri íbúð. Sama gildir um steinhús, sem að verulegu eða öllu leyti
eru innréttuð með timbri. Enn fremur hefur slökkviliðsstjóri heimild til að fyrir-
skipa aðrar varúðarráðstafanir, er hún telur þurfa, t. d. að hafa fasta stiga utan á
húsum, af hvaða stærð eða gerð sem húsin eru.

83. gr.

Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hve mörg framangreind tæki skulu
vera og hvar og hvernig þeim skuli fyrir komið, og segir fyrir um viðhald þeirra
og endurnýjun.

84. gr.

Húseigendum er skylt að afla sér tækjanna á sinn kostnað og kosta uppsetningu
þeirra og viðhald.

XIII. KAFLI

Varúðarráðstafanir í samkomuhúsum o. fl.

85. gr.

Starfsemi, er um ræðir í 81. gr., eða aðra slíka, má ekki reka, nema slökkviliðsstjóri hafi samþykkt húsnæði það, sem notað er, og að kröfum hans um öryggi gegn eldsvoða sé fylgt í öllum greinum.

86. gr.

Framangreinda starfsemi skal ekki leyfa nema í húsum, þar sem burðarveggir, gólf og stigar eru úr eldtraustu efni og innveggir að minnsta kosti úr lítt eldnæmu efni. Þó getur slökkviliðsstjóri veitt undanþágu frá því í húsum, sem notuð eru til slíkrar starfsemi, er samþykkt þessi öðlast gildi, enda sé þá skylt að fylgja sérstökum fyrirmælum hans um öryggi gegn eldsvoða á þeim stöðum.

87. gr.

Í opinberum byggingum, skrifstofuhúsum og þeim öðrum húsum, sem um ræðir í 81. gr., skal eingöngu nota rafmagnsljós, og sé umbúnaður rafmagnslagna, ljósa og tækja samkvæmt reglum Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Húseiganda ber að sjá um, að öllum þessum umbúnaði sé vel við haldið og hann fullnægi ávallt framangreindum reglum.

88. gr.

Í samkomuhúsum, sem stöðugt eru notuð til kvikmynda- og leiksýninga, skulu stólar og bekkir vera fastir. Þó skal leyft að hafa lausa stóla í stúkum, er eigi taka fleiri en 10 áhorfendur. Fjarlægðin milli stólaraða, mælt frá sætisbaki að sætisbaki, skal vera minnst 80 cm, séu setur stólanna hreyfanlegar, en 1 m, sé setan föst. Breidd hvers stóls skal eigi vera minni en 50 cm.

Hvergi skulu vera fleiri sæti í röð en svo, að mest séu 12 sæti að næsta gangi eða annarri útgönguleið.

89. gr.

Breidd ganga milli sætaraða eða til hliðar, svo og breidd annarra ganga, stiga og dyra, sem nota þarf til útgöngu, skal ákveða þannig: Minnsta breidd þeirra sé 1,2 m fyrir fyrstu 150 áhorfendur og síðan 33 cm í viðbót fyrir hverja 50 áhorfendur, sem nota þurfa gangana, stigana eða dyrnar, og hlutfallslega fyrir annan fjölda. Þessa breidd ganga, stiga og dyra má hvergi skerða, svo sem með fatageymslum, borðum, stólum eða lausamunum. Áhorfendur mega ekki standa á þessum stöðum, meðan sýningar fara fram.

90. gr.

Allar dyr á samkomusölum og göngum frá þeim skulu opnast út og hurðir falla þannig að vegg, að þær skerði ekki útgönguleiðina. Skal ávallt vera hægt að opna þær fyrirvaralaust af hverjum sem er, og skulu þær greinilega auðkenndar með rauðum ljósum frá rafgeymum.

91. gr.

Á samkomusölum skal ávallt hafa a. m. k. tvo útganga, aðaldyr salsins og varadyr, og skal þeim þannig fyrir komið, að fólksstraumurinn greinist í tvær gagnstæðar áttir. Útgangarnir mega ekki liggja á sömu hlið hússins, heldur að tveimur götum eða hæfilega stórum húsagarði og götu, nema með leyfi brunamálastjórnarinnar.

92. gr.

Stigar mega aldrei liggja beint að útgöngudyrum. Frá stiga að dyrum skal ávallt vera pallur, svo sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt. Frá áhorfendasvöl-

um skulu vera minnst tveir stigar. Stigarnir mega ekki liggja niður í áhorfenda- 144
salinn, og fólksstraumnum frá þeim skal beint þannig, að hann rekist ekki á eða 11. júní
mæti straumnum frá öðrum útgöngum.

Ljósmerkjum skal komið fyrir í stigum og göngum, þar sem slökkviliðsstjóri
telur nauðsynlegt.

93. gr.

Gluggatjöld, veggtjöld og dyratjöld úr eldnæmu efni eða efni, sem myndar
mikinn reyk við bruna, má ekki nota í samkomusölum.

94. gr.

Leiksvið má ekki útbúa í samkomuhúsum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra,
enda samþykki hann allan umbúnað leiksviðanna.

95. gr.

Á leiksviðum skulu vera vatnsleiðslur með að minnsta kosti tveimur áföstum
1"—1½" víðum og minnst 5 m löngum slöngum með stútum. Slöngunum skal
þannig komið fyrir beggja vegna með hliðum leiksviðsins, að auðvelt sé að komast
að þeim og nota þær. Á hverju leiksviði skulu enn fremur vera að minnsta kosti
tvö viðurkennd handslökkvitæki. Fyrir leiksviðinu skulu vera eldtraust tjöld, sem
slökkviliðsstjóri samþykkir.

96. gr.

Búningsherbergi leikenda, leiktjalda- og búningageymslur og útbúnaður þeirra
allur skal vera háður samþykki slökkviliðsstjóra.

97. gr.

Reykingar eru bannaðar á áhorfendasvæðum leikhúsa og kvikmyndahúsa.

98. gr.

Veggir, gólf og loft í ljósataekjaklefum kvikmyndahúsa skulu vera úr steini eða
steinsteypu, minnst 10 cm að þykkt. Eldtraust hurð skal vera fyrir klefunum. Birtuop
og gægjugöt skulu vera byrgð með eldtraustu gleri eða gljástainsplötu. Filman skal
vera á málmspólu og vefjast upp á aðra spólu jafnóðum og sýnt er. Utan um hverja
spólu skal vera málmhylki, og skal filman rakin á þann hátt, að eldur í þeim hluta
filmunnar, sem sýndur er, læsist ekki í spólurnar. Milli ljósgjafans og filmunnar
skal vera hreyfanleg ljóshlíf til þess að draga úr ljósmagninu, þegar filman hreyfist
ekki.

99. gr.

Slökkviliðsstjóri getur ákveðið, að brunavörður skuli vera til eftirlits í sam-
komuhúsum við leiksýningar, fjölleikasýningar, jólatrésskemmtanir, svo og í sýn-
ingarskálum, markaðsskálum, hlutaveltum og öðrum opinberum stöðum, þar sem
miklu er komið fyrir af eldnæmum efnum. Slökkviliðsstjóri setur nánari reglur
um framangreinda brunavörzlu og ákveður gjald fyrir hana, er greiðist af eigend-
um samkomuhúsanna.

XIV. KAFLI

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði.

100. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði skulu gerð úr steinsteypu eða öðru jafn
eldtryggu efni, þegar þau eru sambyggð öðrum húsum. Brunamálastjórnin getur
leyft, að sérstæð bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði, eða einstakir hlutar þeirra, séu
byggð úr öðru efni, ef nærliggjandi byggingum stafar ekki eldhætta frá þeim.

144
11. júní

101. gr.
Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði mega því aðeins vera í íbúðarhúsum eða sambyggð þeim, að engar dyr eða önnur op séu á milli þeirra og húsanna.

102. gr.

Séu bifreiðaskýli, sem byggð eru í sambandi við íbúðarhús, stærri en fyrir tvær bifreiðar, skulu þau hólfuð sundur með eldtraustum veggjum, svo að aldrei standi saman fleiri en tvær bifreiðar í hverju hólf.

103. gr.

Fyrirkomulag, stærð og notkun bifreiðaskýla og bifreiðaverkstæða, sem rúma fleiri en 6 bifreiðar, skal háð sérstökum fyrirmælum brunamálastjórnarinnar.

104. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má hvorki nota til geymslu á eldfimum efnum né til vörugeymslu almennt, nema því aðeins, að eldtraustur veggur sé milli þeirra og geymslunnar.

105. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má ekki hita upp með kolaofnum, gasofnum, olfuofnum, rafmagnsglóðarofnum né opnum eldstæðum.

106. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má einungis lýsa upp með rafljósum, og skulu leiðslur og annar ljósaútbúnaður vera samkvæmt reglum Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

107. gr.

Feitimengaðan tvist og tuskur má ekki geyma í bifreiðaskýlum eða bifreiðaverkstæðum nema í eldtraustum, loftþéttum ílátum.

XV. KAFLI

Verksmiðjur og vinnustofur.

108. gr.

Verksmiðjur, vinnustofur og önnur atvinnufyrirtæki, sem eldhætta stafar af, má ekki setja á stofn, né reka, nema í húsakynnum, er slökkviliðsstjóri samþykkir, enda sé fylgt þeim varúðarráðstöfunum, sem hann telur nauðsynlegar.

109. gr.

Engin atvinnufyrirtæki, sem eldhætta stafar af, má reka í húsum, sem jafnframt eru notuð til íbúðar. Þó getur slökkviliðsstjóri veitt undanþágu frá því ákvæði, þegar um minni háttar rekstur er að ræða, sem telja má hættulítinn fyrir íbúa hússins, enda sé þá fullnægt öllum þeim skilyrðum, sem hann kann að setja um reksturinn í slíkum húsum. Atvinnurekstur, sem notar mjög eldfim efni, er sprengingarhætta stafar af, má aldrei fara fram í húsum, sem notuð eru til íbúðar.

110. gr.

Eldnæm efni eða lausa hluti, svo sem eldsneyti, timbur, viðarlíki, hefilsþæni, sag, bólstur, fatnað eða þess háttar, má ekki hafa nær gufukötlum, miðstöðvarkötlum, kolaofnum, límofnum eða öðrum eldstæðum og reykleiðslum frá þeim en í 50 cm fjarlægð, né láta þau liggja að rafmagnshreyflum.

111. gr.

144

Leiðslur fyrir ókælda gufu skulu vera tryggilega einangraðar eða a. m. k. 5 cm frá viðum og öðrum eldnæmum hlutum.

112. gr.

Glæður, gjall og annan úrgang úr eldstæðum skal láta í fullkomlega eldtraust ílát úr málmum eða steini utan húss.

113. gr.

Í verksmiðjum og vinnustofum, þar sem eldfim efni eru höfð um hönd, skal nota rafljós til lýsingar. Sé ekki hægt að koma því við eða ef bilun verður á rafmagnstækjum, rafmagnslögnum eða raforkugjafa, má einungis nota lokuð ljósker. Ljósaperur mega aldrei liggja að viðum eða viðarlíki.

114. gr.

Rafmagnstaugar má ekki stytta með hnútum eða vefja þeim um króka, nagla eða aðra hluti, er leitt geta rafmagn. Þess skal og gætt, að einungrun rafmagnstauga skemmist ekki af núningi eða öðrum orsökum. Rafmagnslagnir má hvorki nota til að hengja á þær hluti né tengja við þær snúrur eða víra. Atvinnufyrirtækjunum ber að sjá um, að allur rafmagnsumbúnaður sé samkvæmt reglum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og að þeim sé vel haldið við.

115. gr.

Fæggigögn, svo sem tvist, tuskur, hamp o. þ. h., sem notuð hafa verið til að þurrka eða fægja vélarhluta, skal brenna á hverju kvöldi eða geyma á óhultum stað í eldtraustum, loftþéttum ílátum.

Annar eldnæman úrgang skal daglega eftir vinnutíma hreinsa burt af vinnustöðvum og flytja á öruggan stað, þar sem óviðkomandi menn eiga ekki aðgang að.

116. gr.

Eldnæma hluti, sem hafðir eru til umbúða eða notaðir til iðnaðar, svo sem tréspæni, hálm, hey, hamp, tvist, tréull o. þ. h., skal geyma í sérstöku herbergi, og má ekki hafa meira af slíkum efnum í vinnustöðvum en notað er hvern dag.

117. gr.

Í timbursmiðjum, húsaagnavinnustofum og líkum verkstæðum skal tréspónum, sagi og öðrum úrgangi sópað daglega saman að aflokinni vinnu, og það geymt á öruggum stöðum.

118. gr.

Í verksmiðjuhúsum, vinnustöðvum og öðrum húsum, sem notuð eru til atvinnurekstrar, má ekki geyma neitt í anddyrum, göngum eða stigum, sem hindrað getur eðlilegan umgang um húsin.

119. gr.

Birgðir af gas- og súrhylkjum skal geyma í eldtraustum húsum, sem eru ekki sambyggð öðrum húsum. Engin önnur eldfim efni má hafa þar um hönd.

120. gr.

Á vinnustöðvum skal eigi hafa fleiri gas- eða súrhyllki en til daglegra nota, og skal þeim komið fyrir á sérstökum vögnum, svo að auðvelt sé að flytja þau úr stað. Þar skulu festar upp áskoranir á áberandi stöðum um, að menn komi hylkjumunum strax á öruggan stað, ef eldsvoða ber að höndum.

144 Þegar vinnu er lokið, skal öllum gas- og súrhylkjum komið fyrir á einum stað
11. júní nálægt útgöngudyrum, og skal staðurinn og dyrnar að utan auðkenndar þannig, að slökkviliðið geti fundið hylkin tafarlaust.

121. gr.

Þar, sem gas- og súrhylki eru geymd, skal vera góð loftræsting og þess ávallt gætt, að auðvelt sé að komast að þeim og að þau geti ekki oltið um koll.

122. gr.

Ávallt skal fara varlega með gas- og súrhylki. Þau mega ekki verða fyrir höggum og ekki vera notuð sem viðnám eða undirstaða við flutning hluta.

Hylkin má ekki setja nálægt hitaleiðslum, við opinn eld, nálægt eldfimum efnum eða geyma þau í sólarhita.

Hönum hylkjanna skal ávallt loka vandlega, eftir að þau hafa verið notuð.

123. gr.

Við notkun súrhylkja skal þess vandlega gætt, að feiti komist ekki að opum þeirra, krönum eða slöngum. Þau mega ekki standa þar, sem hætt er við, að feiti geti sletzt á þau, og varast skal að snerta þau með feitugum höndum.

124. gr.

Slökkviliðsstjóri lætur festa upp á vinnustöðvum þær varúðarreglur, er hann telur nauðsynlegar.

XVI. KAFLI

Um geymslu á timbri o. fl.

125. gr.

Á lóðum og í húsagörðum má ekki geyma timbur, umbúðakassa, hey, hálm, sag, hefilsþæni eða önnur álika eldnæm efni, nema með leyfi slökkviliðsstjóra, enda sé fylgt fyrirmælum hans um geymsluna.

126. gr.

Viðarhlaðar skulu ekki vera stærri en 60 m² og ekki hærri en 5 m. Minnsta fjarlægð milli stakka skal vera 2 metrar og frá húsum 6,3 metrar, nema leyfi slökkviliðsstjóra komi til.

127. gr.

Gerð og fyrirkomulag húsa, sem ætluð eru til geymslu eða sölu á timbri, skal háð fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

128. gr.

Við þurrkun á timbri innanhúss skal fyrirkomulag þurrkklefanna og stöflun timbursins í þeim háð fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

129. gr.

Í timburgeymsluhúsum má ekki reykja né nota óbyrgð ljós.

XVII. KAFLI
Vörugeymsluhús.

144
11. júní

130. gr.

Bygging og fyrirkomulag vörugeymsluhúsa skal vera háð samþykki bruna-
málastjórnarinnar.

131. gr.

Í vörugeymsluhúsum skulu vera eldvarnarskilrúm eða bitar með hæfilegu
millibili, þó ekki meira en 25 m. Gerð og fyrirkomulag þeirra skal vera háð fyrir-
mælum slökkviliðsstjóra.

132. gr.

Í vörugeymsluhúsum má ekki reykja né nota óbyrgð ljós. Skal tilkynna það
með greinilegum auglýsingum á áberandi stöðum.

XVIII. KAFLI

Um uppskipun, geymslu og dreifingu eldfimra vökva.

133. gr.

Forráðamenn skipa, sem flytja benzin, steinolíu og aðra álíka eldfima vökva
til Reykjavíkur, skulu fá leyfi hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra til að sigla þeim
inn á innri höfnina og til að afferma þar. Afferming skal fara fram samkvæmt
fyrirmælum hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra.

Þess skal ávallt gætt, að skip, sem verið er að afferma, liggi að affermingar-
stað.

Skipin skulu hafa uppi rauðan fána í birtu, en rautt ljós í myrkri.

134. gr.

Varðmenn frá slökkvistöðinni skulu ávallt vera viðstaddir affermingu skip-
anna, og ákveður slökkviliðsstjóri, eftir atvikum, tölu þeirra. Varðgæzlan greiðist
af eiganda farmsins. Varðmönnum ber að bægja öllum óviðkomandi frá afferm-
ingarstað og sjá um, að allrar varúðar sé gætt, og má enginn fara um borð í skipin
meðan varðgæzla er, nema með leyfi varðmanna.

135. gr.

Meðan afferming fer fram, má ekki reykja né hafa um hönd óbyrgð ljós eða
eld um borð í skipunum eða á varðsvæðinu. Sama gildir um skip, sem liggja að
skipum, sem verið er að afferma. Engin önnur vinna má fara fram á bryggju, nema
með leyfi slökkviliðsstjóra.

136. gr.

Um útskipun á eldfimum vökvum í Reykjavíkurhöfn gilda sömu varúðar-
reglur og um affermingu þeirra.

137. gr.

Birgðir af eldfimum vökvum má hvergi geyma í lögsagnarumdæmi Reykja-
víkur nema á þeim stöðum, sem brunamálastjórnin hefur samþykkt.

Slökkviliðsstjóra ber að sjá um, að umbúnaður og umgengni á geymslustöð-
um sé samkvæmt settum reglum og fyrirmælum. Á birgðastöðvum er skylt að hafa
þau slökkvitæki og gera aðrar þær varúðarráðstafanir, er slökkviliðsstjóri krefst.

144
11. júní

Sölu eldfimra vökva má ekki reka nema með leyfi brunamálastjórnarinnar. Fyrirkomulagi sölunnar skal hagað eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

138. gr.

139. gr.

Sala á benzíni skal einungis leyfð frá eldtraustum neðanjarðargeymum með viðurkenndum dæluútbúnaði. Yfir geymunum, og þar sem sala fer fram, skal vera steinsteyptur pallur, með halla að benzínbrunni, svo að allt benzín, er niður hellist, renni í brunninn. Sölugeyma má hvergi setja upp, nema á stöðum, sem brunamálastjórnin leyfir. Fyrirkomulag og umbúnaður allur er háð samþykki slökkviliðsstjóra. Tóbaksreykingar eru bannaðar í nánd við sölugeyma. Á benzínsölustöðvum er skylt að hafa viðurkennd handslökkvitæki, og ákveðst gerð og tala þeirra af slökkviliðsstjóra.

Lyfjabúðum skal þó heimilt að selja allt að 250 g í senn af hreinsuðu benzíni.

140. gr.

Bifreiðar, sem notaðar eru til flutninga á benzíni, skulu búnar stopphana á benzínþípu til aflvélar, sem auðvelt er að ná til úr sæti bifreiðarstjóra. Í stýrishúsi bifreiðarinnar skulu vera a. m. k. 2 handslökkvitæki af viðurkenndri gerð. Bannað er að reykja í bifreiðunum.

141. gr.

Geymar, sem benzín er flutt í, skulu vera úr hæfilega þykkum stálplötum, með soðnum samskeytum. Eigi má fylla geymana meira en svo, að a. m. k. 1% af rúmtaki sé ætlað fyrir hitaþenslu. Slanga til áfyllingar skal svo gerð, að hún leiði ekki rafmagn, nema hægt sé fyrirhafnarlaust að jarðtengja geymana, og það sé ætíð gert, þegar bifreiðarnar eru fermdar eða affermdar. Áfyllingarpípan skal ná nær í botn á geymi. Loftlokar skulu vera af öruggri gerð og búnir smáriðnu öryggisneti úr bronsi. Báðum megin geymanna skal mála greinilegu letri: Benzín — eldfimt.

142. gr.

Óheimilt er að geyma að næturlagi bifreiðir, er notaðar eru til benzínflutninga, á öðrum stöðum en þeim, sem slökkviliðsstjóri samþykkir. Á öðrum tímum skulu bifreiðastjórar varast að skilja bifreiðar sínar eftir á almannafæri um stundarsakir, hvort sem þær eru með hlassi eða tóma geyma. Þeir skulu sýna fullkomna varfærni, meðan benzín er losað í sölugeyma, og mega eigi vikja frá bifreiðunum, fyrr en gengið er frá fyllopi geymanna.

Slökkviliðsstjóri getur sett sérstakar öryggisreglur um losun benzíns af bifreiðum á sölugeyma.

143. gr.

Bifreiðastjórum er skylt að gæta fyllstu varúðar við flutning á benzintunnum, tómun sem fullum, um götur hæjarins, og er þeim óheimilt að skilja við bifreiðarnar á almannafæri. Benzín- eða olíutunnur má eigi skilja eftir á almannafæri, nema þær hafi verið tæmdar og gufuhreinsaðar.

144. gr.

Í verzlunum þar sem steinólía er seld, skal hún afgreidd frá neðanjarðargeymum utanhúss með leiðslu á sölustað. Málmskál skal höfð undir þeim ílátum, sem olían er afgreidd í, til að taka á móti olíu, er kann að renna utan hjá ílátunum. Varkárni og hreinlætis skal gætt í allri umgengni.

145. gr.

Í verzlunum, þar sem tjara, terpentína, smurningsolía og aðrir álíka eldnæmir vökvar eru seldir, má eigi geyma meira en eina tunnu af hverri tegund innan húss.

Í verksmiðjum og á vinnustöðvum, þar sem fyrrnefndir og aðrir álíka eldfimir vökvar eru notaðir, má eigi geyma meira af þeim en notað er dag hvern. Aðrar birgðir af þessum vökvum skulu geymdar á þeim stöðum, sem brunamálastjórnin hefur samþykkt.

144

11. júní

XIX. KAFLI

Um sprengiefni.

146. gr.

Forráðamenn skipa, sem flytja sprengiefni til Reykjavíkur, svo sem dynamít, púður, birgðir af skotfærum, hvellhettum o. s. frv., skulu tilkynna hafnarstjóra um farminn, áður en skipin eru tekin inn í innri höfnina. Hafnarstjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra, hvaða ráðstafanir gera skuli, og má ekki taka skip upp að hafnargörðum hér, fyrr en allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar um uppskipun og flutning sprengiefnanna.

147. gr.

Fyllstu varúðar skal gætt við affermingu sprengiefna. Þeir, sem vinna við afferminguna, mega ekki reykja né hafa í vörzlum sínum neins konar eldfæri eða nota óbyrgð ljós. Varðmenn frá slökkviliðinu skulu vera viðstaddir afferminguna og sjá um, að allrar varúðar sé gætt. Flutningur á sprengiefnum um götur bæjarins skal fara fram undir eftirliti slökkviliðs og lögreglu, sem ákveða, á hvern hátt sprengiefnin eru flutt um bæinn á geymslustað. Varðgæzlan greiðist af eiganda sprengiefnisins, en slökkviliðsstjóri ákveður tölu varðmanna.

148. gr.

Slökkviliðsstjóri ákveður, hvar birgðageymslur sprengiefna megi vera, og er umbúnaður þeirra háður fyrirmælum hans. Hann skal hafa eftirlit með umgengni í geymslum þessum.

149. gr.

Enginn má hafa undir höndum né verzla með sprengiefni, nema hann hafi fengið til þess leyfi brunamálastjórnarinnar.

Slökkviliðsstjóri ákveður, hve miklar birgðir megi vera fyrir hendi á sölu- stað á hverjum tíma, og hvernig geymslu þeirra skuli hagað.

150. gr.

Dynamít og önnur sprengiefni, sem notuð eru daglega innan bæjar, skulu eingöngu vera í vörzlum verkstjóra, sem bera persónulega ábyrgð á geymslu þeirra og meðferð. Mesta magn slíkra sprengiefna má vera allt að 5 kg, auk nauðsynlegra hvellhettna. Skal slökkviliðsstjóra tilkynnt, hvar það er geymt og á hvern hátt.

151. gr.

Skotelda (flugelda) má eingöngu framleiða í steinhúsum, sem ekki eru notuð til íbúðar. Húsnæði það, sem notað er til framleiðslunnar, skal vera samþykkt af slökkviliðsstjóra, er setur reglur um öryggisráðstafanir.

Óheimilt er að selja öðrum efni til skoteldagerðar en þeim, sem hafa leyfi brunamálastjórnarinnar til að framleiða skotelda.

144
11. júní

152. gr.
Sala skotelda er bundin leyfi slökkviliðsstjóra, er ákveður, hve miklar birgðir megi vera á hverjum stað og hvernig þeim skuli komið fyrir.

153. gr.
Í skoteldum, púðri og öðrum sprengiefnum má ekki kveikja á almannafæri nema með leyfi lögreglustjóra.

XX. KAFLI

Sektarákvæði, gildistaka samþykktarinnar o. fl.

154. gr.

Nú er hús byggt áður en samþykkt þessi öðlast gildi, og fullnægir ekki fyrir-mælum hennar. Ber húseiganda þá að breyta húsi sínu í samræmi við þau, en brunamálastjórnin getur veitt, samkvæmt leyfisbeiðni hans, frest til breytinga eða samþykkt óbreytta notkun og umbúnað hússins. Vanræki húseigandi hins vegar að leita slíks leyfis eða fari ekki eftir fyrirmælum brunamálastjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um breytingar, skal hann kærður til refsingar.

155. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber mál, og greiði hinn seki allt að 10 þúsund krónur fyrir brot sitt, nema þyngri refsing liggja við. Sektir renni í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 1. apríl 1948, til þess að öðlast gildi 11. júní 1953, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Reykjavíkurkaupstað frá 24. júní 1913.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.
145
20. júlí

REGLUGERÐ

um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum.

1. gr.

Salarkynni, þar sem fram fara viðgerðir á bifreiðum eða farandvélum, sem knúnar eru benzin- eða oliuhreyfli, svo sem skurðgröfum, dráttarvélum, krönum, jarðýtum og öðrum jarðvinnsluvélum, skulu, eftir því sem frekast verður við komið, vera í sérstökum húsum, sem ekki eru notuð til annars.

Ef slík salarkynni eru þó í húsi, sem einnig er notað til annarrar starfrækslu, eða geymslurúm eru aðliggjandi, skal á fulltryggan hátt þannig frá gengið, að frá þeim geti ekki borizt gas eða eimur til aðliggjandi herbergja.

2. gr.

Gólf skulu hafa hæfilegan rennslishalla að niðurfalli skólplagnar eða safn-
bróar. Til þess að koma í veg fyrir hálfu á gólfum, skal þeim haldið hreinum eftir
því sem föng eru á, og skal viðkomandi verkamanni skylt að hreinsa strax upp
af gólfi það, sem hann kann að missa niður á það, svo sem oliu, feiti og annað,
sem veldur óþrifnaði og dregur úr umferðaöryggi.

Eftir föngum skal þess gætt, að hæfilegar gangbrautir séu milli tækja þeirra,
sem til viðgerðar eru á verkstæðinu, og ekki mega verkamenn að óþörfu leggja
frá sér verkfæri og vélahluta á umferðaganga.

Frá stað þeim, sem verkamenn eru við vinnu, skal jafnan vera greiður gangur
til aðaldyra eða varaútgöngudyra.

3. gr.

Ef vinnugryfja er í gólfi, skal greitt frárennsli vera frá henni. Ekki má maður
vera niðri í gryfjunni meðan bifreið eða öðru tæki er komið fyrir yfir henni, og
ekki má staðsetja slík tæki þannig yfir gryfjunni, að uppganga úr henni torveldist.

Niður í vinnugryfju skulu vera góðar tröppur og skal verkamönnum skylt
að gæta þess að leggja ekki frá sér verkfæri eða annað þannig í tröppurnar, að
umferð um þær torveldist.

4. gr.

Auk dyra þeirra, sem bifreiðum eða vélum er ætlað að fara um, skulu á hverju
bifreiðaverkstæði vera að minnsta kosti einar varaútgöngudyr.

Hurðir skulu opnast út, en þó má hafa rennihurðir í umferðadyrum fyrir bif-
reiðar, en þá skulu vera á þeim litlar dyr, nægilega stórar til þess að maður geti
greiðlega farið um þær, og á þeim hurð, sem opnast út. Ef umferðadyr fyrir bif-
reiðar eru margar hlið við hlið, þurfa fyrrnefndar dyr til mannaumferðar ekki að
vera nema á þriðju hverjum bifreiðaumferðadyrum. Hurðir á varaútgöngudyrum
skulu opnast út og læsing þeirra þannig fyrir komið, að þær verði auðveldlega
opnaðar innan frá án sérstaks lykils.

5. gr.

Um aðbúnað verkamanna innan fyrirtækis en utan vinnusala, svo sem aðgang
að matstofum, fatageymslum, snyrtiklefum og salernum, skal fara eftir ákvæðum
reglugerðar, sem sett verður um þessi atriði á vinnustöðum almennt.

6. gr.

Sérhver vinnusalur í bifreiðaverkstæði skal hafa sérstakan loftræstibúnað,
sem fjarlægir mengað loft og flytur ferskt loft inn í staðinn. Loftræstibúnaði skal
þannig komið fyrir, að óhreina loftið sé dregið út frá loftræstiopum uppi við loft
og öðrum eigi ofar en 30 cm frá gólfi. Eru neðri opin sérstaklega ætluð til þess að
leiða burt þungt brunagas, svo sem kolsýrling, auk ýmiss konar olíueims.

Göng eða op, sem leiða inn ferst loft, skulu þannig staðsett, að loftið dreifist
sem bezt um allan salinn og ekki sitji dautt loft í hornum eða krókum.

Pípur og göng til loftræstingar skulu vera nægilega víð. Þar sem pípur grein-
ast, skal það gert með aflíðandi beygjum, en varast skörp horn og króka. Deiliop
skulu vera á pípum og þeim þannig fyrir komið, að bæði útrásir og innrásir komi
sem jafnast um allan salinn.

Ekki má nota sömu loftræstitækin til loftræstingar á bifreiðaverkstæði eða
öðrum óskyldum vinnusölum.

Afrás fyrir mengað loft skal leidd undir bert loft, þannig að loft frá henni
geti ekki horizt til nálægra húsa eða herbergja.

145 Ef vinnugryfja er í gólfi, skal afrás fyrir mengað loft vera niður við gólf 20. júlí hennar.

Ef hreyfill er látinn ganga inni lengur en nauðsynlegt er við að aka inn í verkstæðið eða út úr því, eða flytja tæki til innan verkstæðisins, skal útblásturs-þípa hreyfilsins tengd við stút á sogþípu loftræsibúnaðar.

Ræsibúnaði loftræstivéla skal þannig fyrir komið, að hægt sé að ræsa þær rétt við útgöngudyr.

Loftræstitæki bifreiðaverkstæðis skulu vera það afkastamikil, að þau geti endurnýjað loft hvers vinnusalar að minnsta kosti fjórum sinnum á klukkustund.

7. gr.

Lyftitæki öll skulu vera fulltraust og undir stöðugu eftirliti starfandi manna á verkstæðinu, sem öryggiseftirlitið samþykkir. Tækjum skal vel við haldið og þau tekin úr notkun, þegar er einhverra galla verður vart á þeim, þar til bætt hefur verið úr gallanum.

Ekki má vinna undir bifreið eða vél, sem að nokkru eða öllu leyti hvílir á lyftitæki, fyrr en settir hafa verið undir hana traustir stólar, sem tryggja það, að bifreiðin eða vélin geti ekki fallið þó að lyftitæki gefi sig.

Allir verkamenn eru persónlega skyldir að framfylgja ákvæðum þessum, og ber trúnaðarmanni verkamanna að vaka yfir því að svo sé gert.

Undanskilin ákvæði þessu er þó vinna undir bifreiðum, sem standa á lyftum í smurningsstöðvum.

8. gr.

Purfi verkamaður að vinna sitjandi eða liggjandi undir bifreið eða vél, skal honum látinn í té pallur, fleki eða teppi til að hvíla á, til varnar raka og kulda.

9. gr.

Benzín eða aðra eldfima vökva, sem notaðir eru til þvotta eða á blásturs eða lóðlampa, skal geyma í sprengitryggum brúsum. Ekki má geyma meira en dagsforða í einu á vinnustað og aldrei meira en 30 lítra. Yfirleitt skal forðast eftir megni að geyma slíka vökva inni á verkstæði.

Í hverjum vinnusal skal vera járnker til þess að fleygja í olíublautum tuskum og tvísti.

Eldslökkvitæki skal vera á aðgengilegum stað í hverjum vinnusal.

10. gr.

Á áberandi stað í hverjum vinnusal skal vera spjald, sem varar menn við kol-sýrlingseitrun, svo og hvað gera beri, ef menn verða fyrir slíkri eitrun. Lætur öryggiseftirlitið í té slík spjöld endurgjaldslaust.

Kassa með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum til bráðabirgðahjálpar skal hafa á aðgengilegum stað á hverju bifreiðaverkstæði.

11. gr.

Bifreiðaverkstæði, sem til eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, þurfa ekki að hlíta ákvæðum hennar varðandi hollustuhætti og þá sérstaklega að því er varðar frárennsli frá gólfum og vinnugryfjum, loftræstibúnað og frágang dyra og hurða, enda verði slíku ekki komið við án mikils tilkostnaðar eða vegna annarra örðugleika. Í slíkum tilfellum skulu eigandi verkstæðis eða fulltrúi hans, öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður ráðgast um lausn málsins, og skal þá leitast við að finna hagkvæmustu leið til að bæta úr því, sem kann að þykja ábótavant.

12. gr.

145

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í rikissjóð.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. júlí 1953.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

146

20. júlí

um breyting á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans
frá 27. febrúar 1935.

1. gr.

Við síðustu málsgrein 25. gr. starfsmannareglna landssímans bætist svo hljóðandi viðauki:

Auk þess ráðs, sem að framan greinir, skal vera svonefnt *starfsmannaráð*, og skal það skipað 6—7 mönnum, eins og hér segir: Skrifstofustjóri landssímans, sem er sjálfkjörinn formaður ráðsins, og formaður FÍS, yfirverkfræðingur landssímans, ritsímastjórinn í Reykjavík, bæjarsímastjórinn í Reykjavík og Hafnarfirði, og fulltrúi FÍS, sem félagið kys til eins árs í senn. Þá hefur félag forstjóra pósts og síma rétt til að láta fulltrúa frá sér mæta á fundum ráðsins, með umræðu, atkvæða og tillögurétti. Starfsmannaráði er heimilt að kalla á sinn fund einstaka starfsmenn stofnunarinnar, ef það telur ástæðu til.

Hlutverk starfsmannaráðs skal vera sem hér segir:

1. Að ræða og taka afstöðu til þeirra mála, er varða launakjör starfsmanna, tillögur um breytingar á launalögum, færslu milli launaflokka, skipun í stöður og frávikningu, svo og önnur mál, er varða hagsmuni stéttarinnar eða einstakra starfsmanna, hvort sem þau berast póst- og símamálastjóra, starfsmannaráði, eða einstakir ráðsmenn bera þau fram á ráðsfundi. Áður en starfsmannaráð tekur afstöðu til stöðuveitinga, skal leita álits næsta yfirmanns þeirrar stöðu, sem sótt er um.
2. Að kynna sér hag og rekstur landssímans, eftir því sem við verður komið, og gera tillögur til póst- og símamálastjóra um umbætur á rekstrinum, ef því finnst ástæða til. Starfsmannaráð skal einnig leitast við að auka áhuga starfsmanna á því, sem betur mætti fara í stofnuninni, og er hverjum starfsmanni heimilt að senda ráðinu tillögur varðandi umbætur á rekstrinum, er orðið geti til hagsbóta fyrir stofnunina og viðskiptamenn hennar, t. d. um endurbætur á símaafgreiðslu og tækni, hagkvæmari vinnubrögð, rekstrarsparnað o. þ. l. Má í þessu skyni veita ein verðlaun á ári samkvæmt nánari reglum, er póst- og símamálastjóri setur, að fengnum tillögum starfsmannaráðs. Starfsmannaráð gerir skriflegar tillögur um málin til póst- og símamálastjóra.

Ef starfsmannaráð er ekki sammála, hafa einstakir fulltrúar, einn eða fleiri, rétt til að semja sérálit, er fylgja skal tillögum ráðsins til póst- og símamálastjóra.

146 Ef fulltrúar FÍS og FFPS eru ósammála öðrum fulltrúum ráðsins um afgreiðslu mála, skal álit þeirra og tillögur sent símamálaráðherra með tillögum póst- og símamálastjóra, ef lokaafgreiðsla málsins fer fram hjá símamálaráðherra.

Starfsmannaráð skal halda fundi tvisvar í mánuði, eða oftár, ef þörf krefur. Formaður boðar ráðsfundi, ásamt dagskrá, og stjórnar þeim. Starfsmannaráð kys fundarritara til hálfis árs í senn. Í fundarbókina skal skrá m. a. allar ályktanir starfsmannaráðs og skrifa allir ráðsmenn, sem fund sitja, undir fundargerðina að fundi loknum.

Fundur í starfsmannaráði er ályktunarfær, ef 4 ráðsmenn eru mættir, og sé einn þeirra fulltrúi FÍS, enda heyri mál þau, sem fyrir fundinum liggja, undir einhvern þeirra.

Á fyrsta fundi ráðsins eftir hver áramót, skal ákveða fasta fundardaga og fundartíma fyrir komandi ár.

Umræður á fundum ráðsins, er varða einstaka menn persónulega, skulu vera trúnaðarmál.

2. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi nú þegar.

Póst- og símamálaráðherrann, 20. júlí 1953.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hlíðdal.

147
24. júlí

AUGLÝSING

um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, hefur ráðuneytið ákveðið að auk þeirra vara, sem bannaður er innflutningur á í lögunum, þá skuli bannaður frá Evrópu innflutningur á sláturafurðum hvers konar og húðum. Stór-gripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land má flytja inn, enda séu þær sóttthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands. Þá er enn fremur bannaður innflutningur frá Evrópu, að undanteknum Danmörku, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð, Hollandi, Stóra-Bretlandi og Írlandi, á lifandi jurtum, trjám (jólá-trjám), trjágreinum og trjákönglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 65 5. marz 1953, um sama efni.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1953.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

148

28. júlí

um breyting á bráðabirgðareglugerð, nr. 93 13. júní 1946, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsíldar.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að standast kostnað við matið skal greiða kr. 1.00 — eina krónu — af hverri útflutningsmetinni tunnu.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, sbr. bráðabirgðalög nr. 49 20. júlí 1953, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuáráðuneytið, 28. júlí 1953.

Ólafur Thors.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Fegrunarsjóð Vatnsfjarðarkirkju í Reykjarfjarðarhreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- herra 4. ágúst 1953. 4. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fegrunarsjóð Vatnsfjarðarkirkju í Reykjarfjarðarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélaginu Sunnu í Reykjarfjarðarhreppi með dánargjöf Þórdísar Guðmundsdóttur og Halldórs Sigurðssonar frá Hörgshlíð, er því barst, svo og framlagi frá félaginu. Stofnfé hans er að upphæð kr. 1107.94.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eða kosta á annan hátt hvers konar fegrun Vatnsfjarðarkirkju að innan, hvað helzt er munum, áhöldum, búnaði eða lýsingu kirkjunnar og kirkjuhúsínu sjálfu má til þrýðis verða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, og er prestsfrúin í Vatnsfirði sjálfkjörin, en kvenfélagið kys 2 konur á aðalfundi sínum eða öðrum lögmætum félagsfundi, til eins árs í senn. Gerðabók skal sjóðstjórnin halda og í hana skrá fundargerðir og reikninga sjóðsins árlega.

4. gr.

Auka má sjóðinn með hvers konar gjöfum og áheitum, er honum kann að berast, svo og með framlögum, er kvenfélagið eða aðrir leggja honum til.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar sjóðurinn er orðinn kr. 5000.00 má verja $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta hans samkv. 2. gr., en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna skal jafnan

149 leggja við höfuðstólinn, unz sjóðurinn nær að verða kr. 20000.00. Þá má verja öllum
4. ágúst vöxtum hans samkvæmt tilgangi hans. Nú er eitt hvert ár ekki varið þeim hluta
vaxtanna, sem heimilt er, og er stjórn sjóðsins þá heimilt að verja síðar saman-
lögðum $\frac{3}{4}$ vaxtahlutum í sama skyni, þótt ekki séu út teknir árlega, t. d. þegar
um kostnaðarsamar framkvæmdir er að ræða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé hans á sem tryggastan hátt annað hvort í Lands-
banka Íslands eða annarri þeirri lánsstofnun, er hefur ríkisábyrgð. Kaupa skal ríkis-
tryggð verðbréf fyrir sjóðinn, ef það þykir hagkvæmt. Reikningur sjóðsins skal
gerður árlega, og skal hann endurskoðaður af sóknarprestinum í Vatnsfjarðarsókn.
Skal jafnan leita álits hans um framkvæmdir þær, er gerðar verða samkvæmt
tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Hætti kvenfélagið störfum eða það leysist upp, skal umráð og gæzla sjóðsins
falla undir verksvið sóknarnefndar Vatnsfjarðarsóknar, er þá einnig annast fram-
kvæmdir samkvæmt skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn Kvenfélagsins Sunnu í Reykjarfjarðarhreppi,

Vatnsfirði, í júní 1953.

Rannveig Kristjáns,
gjaldkeri.

Ragnheiður Hákonardóttir,
formaður.

Dagb. Kristjánsdóttir,
ritari.

150

18. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir heimæðar hitaveitu Reykjavíkur,
nr. 173 1. september 1943.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir
hverja 10 rúmmetra af upphituðu rúmmáli húsa samkvæmt utanmáli án frá-
dráttar vegna súðar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Reykjavíkur, stað-
festist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, um hitaveitu Reykja-
víkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

151

18. ágúst

um skipulag í Garðahreppi.

Eftir tillögu skipulagsstjóra ríkisins og með samþykki hreppsnefndar Garðahrepps hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55 frá 1921 ákveðið, að lög nr. 55 frá 27. júní 1921 skuli taka til byggingarlóða í Garðahreppi meðfram Hafnarfjarðarvegi, milli Kópavogshrepps og Hafnarfjarðar, svo og til byggingarlóða í sama hreppi meðfram Keflavíkurvegi, milli Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT

152

19. ágúst

um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði, en það eru eftirtaldar lóðir og fasteignir:

Staðarhólsland, eign Svövu Hjaltalín.

Lóð og fasteignir Ásgeirs Péturssonar h.f., nr. 15, 17 og 19 við Snorragötu.

Lóðir og fasteignir Samvinnufélags Ísafjarðar, við Snorragötu (nr. 11, 13).

Lóðir og fasteignir Njarðar h.f., við Snorragötu (nr. 9).

Lóðir og fasteignir Skafta Stefánssonar, við Snorragötu (nr. 7).

Lóðir og fasteignir Óskars Halldórssonar h.f., Ólagötu 6.

Lóðir og fasteignir Sunnu h.f., Ólagötu (nr. 1, 2, 3, 4).

Helgareitur, Gránugötu 25, við Gránug., V. Friðjónsson.

Friðleifsreitir við Gránugötu, lóð og fasteignir, eigendur Þ. Sigurðsson og Anna Vilhjálmsdóttir.

Hjaltalínsreitir 1 og 2, við Gránugötu, eig. J. Hjaltalín.

Kveldúlfssreitir við Gránugötu, eig. Kaupfélag Siglufirðinga.

Halldórsreitir við Gránugötu, eig. d.b. Halldórs Jónssonar.

Hjaltareitur við Tjarnargötu, eig. Hafliði h.f.

Ragnarsreitir 1 og 2 við Tjarnargötu, eig. Ólafur Ragnars.

Búðarreitur við Tjarnargötu, eig. Hinrik Thorarensen.

Hinriksreitir við Tjarnargötu, eig. Olaf Henreksen.

Ásgeirsreitir við Tjarnargötu, eig. Guðrún, Erna, Halldóra Óskarsdætur.

Þormóðsreitir 1, eig. s.f. Jarlinn.

Þormóðsreitir 2, eig. h.f. Hrímnir.

Hvanneyrarkrókur, eig. h.f. Shell og d.b. Alfons Jónssonar.

- 152** Útgerðarstöðin Bakki við Hvanneyrarbakka, eig. Vigfús Friðjónsson.
19. ágúst Kamsbreitur og
Lúðviksreitur nr. 1 og 2, eig. Ólíuverzlun Íslands.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1953 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. ágúst 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

- 153**
26. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Patrekshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Patrekshöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu. Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með hreppsreikningum ár hvert.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um kaптúnið svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra eða stofnæðar eldri vatnsveitna, sem fyrir eru, liggja að eða eru í námunda við. Vatnsveitan sjái um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar verða við hina nýju vatnslögn. Jafnframt verða öll þau hús, sem þannig tengjast vatnsveitunni, gjaldskyld samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 7. gr. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Patrekshrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um.

5. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

6. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengd. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina, einnig er óheimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefndin felur slökkvistarf

í hreppnum. Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymi eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur. 153 26. ágúst

7. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, sbr. 3. gr., skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna og telst húshluti, sem virtur er sér til fasteignamats í þessu sambandi, sem heilt hús. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsunum eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsæðum hreppsins.

8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem svo er ástatt um, sem um ræðir í 7. gr., skal greiða vatnsskatt 10% — tíu af þúsundi — fasteignamatsverðs árlega, þó skal lágmark skattsins vera kr. 100.00 fyrir hvert íbúðarhús; auk þess skal greiða kr. 75.00 fyrir hverja íbúð, sem húið er í, umfram eina í hverju húsi.

9. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, frystihús, iðnaðarfyrtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 30% — þrjátíu af þúsundi — af fasteignamatsverði. Heimilt er hreppsnefnd að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum, og skal þá greiða allt að 90 auru fyrir hverja smálest upp að 1000 smál., og allt að 50 auru fyrir hverja smál., sem umfram er.

10. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 10.00 fyrir smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 30.00 fyrir skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að Patrekshöfn greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer í höfninni, og beri allan kostnað við afgreiðslu vatnsins og innheimtu.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot, en hér hafa verið nefnd, skal greiða samkvæmt samkomulagi við hreppsnefnd.

12. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá hreppsnefndin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 50%.

13. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 1. júlí ár hvert. Vatn til skipa skal greiða við afhendingu, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

- 153 Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, 26. ágúst staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

- 154 28. ágúst

AUGLÝSING

um bann gegn hundahaldi í Seltjarnarneshreppi.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur hinn 31. marz 1953 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. ágúst 1953.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

- 155 31. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt fyrir framræslu- og áveitufélag Ölfusinga, nr. 62 frá 3. maí 1939.

6. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á kostnað áveitufélagsins skal gera alla aðalframræslu- og áveituskurði og nauðsynlegar stíflur í þá, svo og alla aðalflóðgarða, sem nauðsynlegir eru að áliti jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands og stjórnar áveitufélagsins. Enn fremur skal gera á kostnað félagsins þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til farvegsbreytinga á Varmá og Sandá, til að fyrirbyggja landspjöll á engjalöndum af völdum ána.

Framkvæmdum og fyrirkomulagi mannvirkja skal haga samkvæmt áætlun og uppdráttum jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands, dags. 3. febrúar 1937, og þeim viðaukum og breytingum, sem á þeim hafa verið gerðar og kunna að verða gerðar.

Aftan við 7. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Viðhaldskostnaður minni háttar flóðgarða og flóðgátta í sambandi við þá, sem eigi koma nema einu lögbýli að notum og eigi hafa þýðingu fyrir heildarnot

áveitunnar, skal þó vera áveitufélaginu óviðkomandi, án tillits til þess, hvernig þessi mannvirki voru gerð í upphafi.

155

31. ágúst

Breyting þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SAMPYKKT

156

2. sept.

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir búnaðarfélag Biskupstungna, Grímsness og Laugardals í Árnessýslu — Ræktunarsambandið Ketilbjörn —, nr. 168 frá 21. desember 1946.

18. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa, stofnfé hans er kr. 450 000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund krónur —. Tekjur stofnsjóðs eru: Helmingur stofnfjár skal lagður fram af hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélagum, að hálfu sem óafturkræft tillag og að hálfu sem hlutafé, og greiði ræktunarsambandið 4% vexti af hlutafénu. Framlag hvers búnaðarfélags á ræktunarsvæðinu skal miðast við félagatölu í hverju félagi.

Hlutafjárins er heimilt að afla:

1. Með frjálsum, óafturkræfum fjárframlögum félagsmanna og annarra áhugamanna;
2. með jöfnu gjaldi af hverjum félagsmanni, og að hálfu lagt á landverð fasteigna á félagssvæðinu.

Hlutafé er óinnleysanlegt fyrstu 5 árin af starfstíma ræktunarsambandsins, en greiðist síðan til hlutafjárhafa að $\frac{1}{5}$ árlega, ef þeir gera kröfu til.

Helmingur stofnsjóðs er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. september 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

um mjólk og mjólkurvörur.

1. gr.

Skýringar á hugtökum.

1. Með orðinu mjólk er í reglugerð þessari átt við kúamjólk, sem á að selja eða bjóða til sölu og ætluð er til manneldis. Í henni skulu vera öll þau efni, sem í henni voru, þegar lokið var við að þurrmjólka kúna. Úr mjólkinni má ekkert taka og engu má bæta í hana.

2. Nýmjólk er óhituð mjólk, sem í eru að minnsta kosti 3.0% af mjólkurfitu.

3. Barnamjólk er nýmjólk, sem framleidd er samkvæmt sérstakri reglugerð um framleiðslu á barnamjólk.

4. Broddmjólk nefnist mjólkinn fyrstu sólarhringana eftir burð. Hún hleypur við upphitun, án þess að frá henni skiljist til muna mjólkurvötn (serum).

5. Með orðinu mjólkurvara er átt við hverja þá vöru, sem framleidd er úr mjólk og um er getið í þessari grein.

6. Gerilsneyðing er hitun mjólkur eða mjólkurvöru í viðurkenndum tækjum samkvæmt viðurkenndum gerilsneyðingaraðferðum. Viðurkenndar gerilsneyðingaraðferðir eru:

- a. Hitun upp í 62—65 stig C. í minnst hálfa klukkustund.
- b. Hitun upp í 72—74 stig C. í minnst 15 sekúndur.
- c. Hitun upp í minnst 81 stig C.

Aðrar jafngildar gerilsneyðingaraðferðir má aðeins nota, ef heilbrigðisstjórnin hefur viðurkennt þær.

7. Gerilsneydd nýmjólk er nýmjólk, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæði í tölulið 6 í þessari grein.

8. Rjómi er unninn úr mjólk. Í honum skulu vera minnst 10% af mjólkurfitu.

Kaffirjómi nefnist rjóminn, þegar í honum eru minnst 10% og mest 20% af mjólkurfitu.

Þeytirjómi nefnist rjóminn, þegar í honum eru minnst 30% af mjólkurfitu.

9. Gerilsneyddur rjómi er rjómi, sem hitaður hefur verið samkvæmt ákvæði c. í 6. tölulið þessarar greinar.

10. Undanrenna er sá hluti mjólkur, sem eftir verður, þegar rjómi hefur verið unninn úr henni.

11. Gerilsneydd undanrenna er undanrenna, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæði í 6. tölulið þessarar greinar.

12. Áfir eru sá hluti rjóma, sem eftir verður, þegar smjör hefur verið unnið úr honum. Í áfum skal vera minnst 8% af mjólkurþurrefni.

13. Dauðhreinsun er hitun mjólkur eða mjólkurvöru, þar til dauðir eru allir gerlar og gró.

14. Dauðhreinsuð mjólk og dauðhreinsaður rjómi eru mjólk og rjómi, sem hituð hafa verið samkvæmt ákvæðinu í 13. tölulið þessarar greinar.

15. Sýrð mjólk er mjólk, sem sýrð hefur verið með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum. Mjólkina skal gerilsneyða vandlega, áður en hún er sýrð.

16. Jóghúrt og kefir eru mjólk, sem gerjuð hefur verið með hreinræktuðum gerlategundum, sem til þess eru hæfar. Mjólkina skal gerilsneyða vandlega, áður en hún er gerjuð.

17. Seydd mjólk (niðursoðin mjólk, dósamjólk) er mjólk, sem eimaður hefur

verið úr nokkur hluti vatnsins. Í þessa mjólk má blanda hreinum, hvítum neyzlu- 157
sykur (saccharose).

4. sept.

Í seyddri mjólk, ósykraðri, skal vera minnst 7.0% af fitu og minnst 17.5% af fitusnaudu þurrefni.

Í seyddri mjólk, sykraðri, skal vera minnst 8.3% af fitu og minnst 22.0% af fitusnaudu þurrefni. Í henni skal ekki vera meira en 27.0% af vatni.

18. Mjólkurduft (þurrmjólk) er framleitt úr mjólk, sem þurrkuð er með viðurkennðri aðferð. Í mjólkurdufti skal ekki vera minna en 25.0% af fitu, miðað við þurrefni, og ekki meira en 6.0% af vatni.

19. Undanrennuft er framleitt úr undanrennu, sem þurrkuð er með viðurkennðri aðferð. Í því skal ekki vera meira en 6.0% af vatni.

20. Kramin mjólk (homogeniseruð mjólk) er mjólk, sem fitukúlurnar hafa verið kramdar í, með þeim árangri, að enginn sýnilegur rjómi sezt ofan á hana, þótt hún sé geymd í 48 klukkustundir. Kramin mjólk skal vera greinilega auðkennd.

2. gr.

Reglur fyrir mjólkurframleiðendur um vinnslu og meðferð mjólkur.

1. Á heimilum, sem framleiða mjólk til sölu, mega ekki vera viðvarandi smitandi sjúkdómar, svo sem berklaveiki, holdsveiki, miltisbrandur eða tauga-veiki (smítharar). Skilyrði til þrifnaðar skulu vera góð og þrifnaður í góðu lagi. Á öllum slíkum heimilum skulu vera vel þrifin salerni, er nothæf séu vetur sem sumar og aðgengileg fyrir allt heimafólk og gesti.

2. Fjós, þar sem framleidd er mjólk til sölu, skulu vera björt og loftgóð, flórinn vatnsheldur, og safnþróm, mykjuhúsum og votheysgryfjum þannig fyrir komið, að ekki berist óþefur úr þeim inn í fjósið. Fjósinn skulu vera þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau, og þar skulu vera handhæg og þrifaleg tæki til handþvotta. Salerni mega ekki vera í beinu sambandi við fjósin og ekki má nota fjós sem salerni.

3. Vatn, sem notað er til drykkjar handa kúm og við þrifnað í fjósum, skal vera hreint og ómengað.

4. Fjósum skal haldið vel hreinum. Þau skulu mokuð og sópuð nægilega oft, en veggj og loft skal kalka eða þvo að minnsta kosti einu sinni á ári. Fjósaverkum skal þannig hagað, að ekki berist í mjólkina beinlínis eða óbeinlínis óþefur, ryk eða önnur óhreinindi, og skal fjósaverkum þess vegna lokið í síðasta lagi stundarfjórðungi áður en mjaltir hefjast. Við ræstingu kúa og fjósa má ekki nota svo lyktarsterk efni að mjólkinn geti mengast af þeim. Í fjósum má ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru við fjósaverk, og ekki má hafa þar önnur húsdýr en nautgripi, nema þau séu vel aðskilin frá nautgripunum. Þó má hvorki hafa þar alifugla né svín. Fjósinn skulu varin rottum og músum. Einnig skal verja þau flugum og öðrum skordýrum eftir föngum.

5. Kúnum skal haldið vel hreinum. Þær skulu burstaðar daglega og þvegnar ef með þarf.

6. Mjaltafólk skal vera yzt klæða í hreinum mjaltafötum og bert upp að olnboga. Það skal þvo sér vandlega um hendur og handleggj fyrir mjaltir og síðan eftir þörfum, á meðan mjaltir standa yfir. Áður en kýr er mjólkuð, skal hreinsa vandlega júgríð og umhverfis það. Fyrstu bununum úr spenum má hvorki mjólka saman við mjólkina né í básinn, og ekki má nota þær til að væta með þeim spanana eða hendurnar. Mjólka skal með þurrum höndum eða nota viðurkennð júgur-smyrslí. Kýr með þrimla í júgrí eða aðra júgursjúkdóma og kýr, sem mjólkinn úr er óeðlileg, svo sem strimluð, vatnspunn, slímkennd eða með óeðlilegum lit, lykt eða bragði, skal mjólka síðast og í sérstakt ílát, og má ekki blanda slíkri mjólk saman við aðra mjólk.

157 7. Strax, þegar kýrin hefur verið mjólkuð, skal bera mjólkina úr fjósinu og
4. sept. kæla hana eftir föngum, en gæta skal þess, að hún frjósi ekki, og ekki má kæla hana eða geyma þar, sem sól getur skinið á hana.

8. Á meðan mjólkin er flutt skal hún varin sólskini. Einnig skal hún varin frosti eftir því sem við verður komið. Á flutningatækjum, sem mjólk og mjólkurvörur eru fluttar á, má ekki flytja aðrar vörur samtímis, nema þær séu vel aðskildar frá mjólkinni og mjólkurvörum. Einkum ber þess að gæta, að aðrar vörur séu ekki settar ofan á mjólkurilátin eða mjólkurvörurnar og að ekki sé setið á þeim.

3. gr.

Reglur um meðferð mjólkur og mjólkurvöru í mjólkurbúum.

1. Mjólkurbú skulu flokka alla mjólk frá framleiðendum að minnsta kosti einu sinni í viku. Mjólkin skal flokkuð í fjóra flokka eftir litprófun Barthels og Orla-Jensen, og skal flokkunin lögð til grundvallar við greiðslu mjólkurinnar til bænda. Hæst verð skal greiða fyrir 1. flokks mjólk og svo stíglækkandi fyrir 2., 3. og 4. flokk. Sé ógerilsneydd mjólk, sem ætluð er til neyzlu, flutt á milli mjólkurbúa, skal það mjólkurbú, sem síðast tekur við henni, flokka hana á ný.

2. Fjórða flokks mjólk og mjólk, sem líkur eru til að sé í 4. flokki, má ekki selja sem neyzlumjólk, hvorki gerilsneydda né ógerilsneydda.

3. Tæki, sem notuð eru við gerilsneyðingu mjólkur og mjólkurvöru, skulu viðurkennd af heilbrigðisstjórninni.

4. Áður en mjólk er gerilsneydd skal hún síuð vandlega eða hreinsuð í skilvindu. Það sama gildir um mjólk, sem mjólkurvörur eru unnar úr.

5. Ekki má gerilsneyða mjólk og selja sem neyzlumjólk, ef hún er meira en eins og hálf sólarhrings gömul. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn krefur. Mjólk, sem húið er að gerilsneyða, má ekki gerilsneyða aftur.

6. Strax, að lokinni gerilsneyðingu, skal kæla mjólkina niður í 8—1 stig C. og geyma hana við 10—1 stig C. Það sama gildir um gerilsneydda mjólkurvöru.

7. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru í flöskum, skulu greinilega auðkenndar með heiti vörunnar. Ef það er gerilsneydd mjólk skal einnig tilgreina, hvaða dag hún var gerilsneydd. Það sama gildir um gerilsneyddan rjóma og gerilsneydda undanrennu. Ef það er rjómi skal einnig tilgreina, hve mikið er í honum af fitu. Mjólkurvörur, sem seldar eru í dósnum, skulu auðkenndar með heiti vörunnar. Ef það er seydd mjólk skal einnig tilgreina, hve miklu af vatni þarf að blanda í innihald dósarinnar, til þess að það samsvari nýmjólk. Þess skal getið á umbúðum, ef mjólkin er sykrúð.

8. Seydda mjólk, dauðhreinsaðan rjóma og dauðhreinsaða mjólk má ekki geyma, bjóða til sölu eða selja nema í ílátum, sem eru algerlega loftþétt.

9. Ekki má geyma eða flytja mjólk eða mjólkurvöru í tréílátum eða ílátum, sem gefið geta frá sér efni, sem menga vöruna, og ekki má nota slík áhöld eða tæki við vöruna. Ílát og tæki mega ekki vera verulega dölud eða beyglud, og þau skulu vera þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Til lokunar eða þéttunar á ílátum og tækjum má ekki nota efni, sem sjúga í sig mjólk. Á ílátum, sem mjólk eða mjólkurvara er geymd eða flutt í, skal vera lok, sem tekur út yfir barmana.

4. gr.

Reglur um meðferð mjólkur og mjólkurvöru í mjólkurbúðum.

1. Mjólk og mjólkurvörur skal haldið vel köldum, þar til sala fer fram og að minnsta kosti fyrir neðan 15 stig C. Mjólk, gerilsneydda eða ógerilsneydda, rjóma eða aðrar mjólkurvörur, sem þola illa geymslu, má ekki geyma í mjólkurbúðum

yfir nóttina til að selja þær næsta dag, nema þær séu geymdar þar í kælikáp 157 eða kæliklefa.

4. sept.

2. Ógerilsneydd mjólk má ekki vera eldri en 18 klukkustunda og gerilsneydd mjólk ekki eldri en 36 klukkustunda, þegar hún er seld.

3. Þar sem afgreidd er mjólk eða rjómi úr opnum ílátum skulu mæliausurnar þannig útbúnar, að hendurnar snerti ekki mjólkina eða rjómann, þegar mælt er. Mæliausurnar skulu þannig gerðar, að hægt sé að koma þeim fyrir innan í íláti því, sem úr er mælt, þótt lok sé lagt yfir. Mæliausurnar má ekki leggja frá sér annars staðar á milli þess, sem þær eru notaðar.

4. Ekki má afgreiða ógerilsneydda mjólk í lausu máli í búðum, þar sem gerilsneydd mjólk eða gerilsneyddur rjómi eru afgreidd í lausu máli.

5. Heilbrigðisnefnd er heimilt að ákveða, að í mjólkurbúðum skuli mjólk einungis afhent í lokuðum flöskum.

6. Í mjólkurbúðum má, auk mjólkur og mjólkurvöru, þar með talið smjör, skyr og ostar, ekki hafa aðrar vörur á boðstólum en brauð, kökur, smjörliki, öl, gosdrykki, sælgæti, niðursuðuvörur og egg.

7. Til íláta og áhalda, sem notuð eru í mjólkurbúðum við sölu mjólkur og mjólkurvöru, ber að gera sömu kröfur og þær, sem um er getið í 9. tölulið í 3. gr. þessarar reglugerðar.

8. Afgreiðslufólki í mjólkurbúðum er óheimilt að veita viðtöku tónum flöskum, sem ekki hafa verið vandlega skolaðar, áður en þeim er skilað, eða sýnilega hafa verið notaðar undir óhreinleg, litsterk eða bragðmikil efni.

9. Heilbrigðisnefnd gefur út nánari reglur um stærð og merkingu umbúða um mjólk og mjólkurvörur.

5. gr.

Reglur um húsakynni, sem notuð eru fyrir mjólk og mjólkurvörur.

1. Mjólkurhús eða mjólkurklefar, þar sem mjólk er síuð, kæld og geymd, og mjaltavélar og mjólkurilát þvegin og geymd, skulu vera björt og vel loftræst. Gólfín skulu vera vatnsheld og veggir og loft að minnsta kosti kólkuð, og skal þessum húsakynnum haldið vel hreinum. Þau skulu varin rottum, músum og flugum, og ekki má geyma þar aðra hluti en þá, sem notaðir eru við þá hirðingu mjólkur og mjólkuriláta, sem að ofan greinir. Vatn, sem þarna er notað til kælingar og hreinlætis skal vera hreint og ómengað. Mjólkurhúsin skulu þannig sett, að ekki berizt í þau óþefur úr haughúsi, for eða fjósi.

2. Mjólkurbú (mjólkursamlög, mjólkurstöðvar) skulu vera björt og vel loftræst. Gólf skulu vera vatnsheld og svo slétt, að auðvelt sé að þrifa þau. Veggir skulu málaðir með olíumálningu eða lagðir flísam, að minnsta kosti í 150 cm hæð frá gólfi eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að þrifa þá, en efri hluti þeirra og loftin skulu vera kólkuð eða máluð. Þessi húsakynni skulu varin rottum, músum og flugum, og þeim skal haldið vel hreinum. Í mjólkurbúum má aðeins nota hreint og ómengað vatn.

3. Mjólkurbúðir skulu vera bjartar og loftgóðar. Gólfín skulu vera vatnsheld, og veggir málaðir með olíumálningu eða lagðir flísam, að minnsta kosti í 150 cm hæð frá gólfi eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa þá. Efri hluta veggja og loftin skal kalka eða mála. Mjólkurbúðum skal haldið vel hreinum, og skulu þær varðar rottum, músum og flugum. Þar skal vera greiður aðgangur að vel hreinu, heitu og köldu vatni, þvottaskál og öðrum nauðsynlegum tækjum til að þrifa hendur. Þar skal einnig vera greiður aðgangur að vel þrifnu salerni.

4. Mjólk og mjólkurvörur, aðrar en mjólkurduft, undanrennuduft og mjólk og mjólkurvörur í lokuðum ílátum, má ekki selja eða bjóða til sölu í húsakynn-

- 157 um, sem ekki fullnægja þeim ákvæðum um mjólkurbúðir, sem um getur í 3. tölulið 4. sept. þessarar greinar. Þau ákvæði ná þó ekki til veitingastaða og annarra húsakynna, þar sem mjólk eða mjólkurvörur eru einungis látnar af hendi til neyzlu á staðnum.

6. gr.

Reglur um starfsfólk í mjólkurbúum og mjólkurbúðum.

1. Fólk, sem haldið er næmum sjúkdómum, eða er frá heimilum, þar sem næmir sjúkdómar eru, má ekki starfa í mjólkurbúum eða mjólkurbúðum. Starfsfólk í mjólkurbúum og mjólkurbúðum skal hafa heilt og ósjúkt hörund, og vera hreinlegt í klæðaburði og umgengni. Því er skylt að sýna heilbrigðiseftirlitsmönnum heilbrigðisvottorð, þegar þess er krafizt.

7. gr.

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu:

1. Mjólk úr kúm, sem haldnar eru eða grunur er á að haldnar séu berklum, miltisbrandi, garnabólgu, legbólgu, jógurbólgu, gin- og klaufaveiki, kálfsburðarsótt eða öðrum sjúkdómum, sem geta spillt mjólkinni eða borizt með henni;
2. mjólk og mjólkurvörur, sem með hefur verið farið af mönnum, sem haldnir voru næmum sjúkdómum eða hætta var á að borið gætu með sér sýkla næmra sjúkdóma, þegar þeir unnu að vörunni;
3. mjólk úr kúm, sem aldar eru á fóðurtegundum, sem spillt geta mjólkinni;
4. mjólk úr kúm, sem við eru notuð lyf, sem borizt geta í mjólkina og spillt henni;
5. mjólk úr kúm, sem á hafa verið gerðar læknilsaðgerðir, sem spillt geta mjólkinni;
6. mjólk og mjólkurvörur, sem í er meira af tini, zinki, antimoni, kadmium, eir, nikkell, járn og alúminíum en minnst getur orðið;
7. mjólk, sem geymd hefur verið í ílátum úr eir eða járn, sem ekki voru nægjanlega vel tinhúðuð, eða við hana notuð tæki eða áhöld úr sömu málmum, ef þau voru ekki nægjanlega vel tinhúðuð. Það sama gildir um mjólkurvörur;
8. mjólk og mjólkurvörur, sem í er gróftur, graftarsýklar eða aðrir sýklar hættulegir heilbrigði manna og dýra;
9. mjólkurvörur, sem unnar eru úr mjólk, sem fellur undir ákvæðin í 1. til 5. tölulið þessarar greinar;
10. dauðhreinsaðan rjóma og seydda mjólk, ósykraða, sem skemmist við þriggja sólarhringa geymslu við 37 stig C.

8. gr.

Ýmis ákvæði.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu:

1. Nýmjólk, sem blönduð hefur verið með broddmjólk;
2. mjólk úr kúm, sem eru að verða geldar og mjólka minna en 1 lítra á dag;
3. mjólk, sem hleypur, þegar hún er soðin eða blönduð að jöfnum rúmmálum með þynntum vínanda, sem í eru 68% af aethylalkóhól miðað við rúmmál;
4. mjólk og mjólkurvöru, sem af er súrbragð, nema varan hafi verið sýrð með hreinræktuðum gerlum og auðkennd með tilliti til þess;
5. mjólk og mjólkurvöru, ef útlit, lykt og bragð er svo óeðlilegt, að varan sé miður hæf eða óhæf til neyzlu;

6. mjólk og mjólkurvörur, sem í eru sýnileg óhreinindi eða óeðlilega mikið af gerlum, sem spillt geta vörunni; 157
7. mjólkurvöru, sem gerð hefur verið úr skemmdri mjólk; 4. sept.
8. mjólk, sem úr hefur verið tekinn rjómi að nokkru eða öllu leyti, ef varan er ekki auðkennd og seld sem undanrenna;
9. mjólk og mjólkurvöru, sem í hefur verið blandað vatni, is eða mjólkurís, og mjólk, sem í hefur verið blandað undanrennu;
10. mjólk og mjólkurvöru, sem í hefur verið blandað rotvarnarefnum, sýrueyðandi efnum eða öðrum efnum, sem geta verið skaðleg eða blekkjandi;
11. mjólk, sem í hefur verið blandað mjólk úr öðrum dýrum en kúm, og mjólkurvöru, sem að einhverju eða öllu leyti var framleidd úr mjólk úr öðrum dýrum en kúm;
12. gerilsneydda mjólk, sem í hefur verið blandað ógerilsneyddri mjólk;
13. gerilsneydda mjólk, ef hún hefur ekki verið nægjanlega hituð;
14. gerilsneydda mjólk á flöskum, ef coligerlar finnast í 0.1 ccm í tveimur rannsóknnum af fimm úr sama sýnishorni, eða eru finnanlegir í 0.01 ccm;
15. gerilsneydda mjólk, ef gerlafjöldi hennar er meiri en 100000 í 1 ccm;
16. mjólk og rjóma, sem hituð hafa verið samkvæmt ákvæði c. í tölulíð 6 í 1. gr., ef Storchs-prófun með aðferð Tillmanns er jákvæð.

9. gr.

Almenn ákvæði.

Um framkvæmd eftirlits með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, gildir eftirfarandi:

1. Skipaðir dýralæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði kúa og þrifnaði í fjósum hjá þeim framleiðendum í umdæmi þeirra, sem mjólk selja. Ráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef það þykir betur henta. Skulu dýralæknar framkvæma skoðun hjá hverjum framleiðanda, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og gefa framleiðandanum skriflegt vottorð, ef þeir telja hann geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari. Má enginn framleiða mjólk til sölu, nema hann hafi slíkt vottorð.

Þar sem mjólk er seld ógerilsneydd sem neytlumjólk, getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað, að skoðun fari fram mánaðarlega.

Þyki dýralækni svo áfátt um heilbrigði kúa, umgengni í fjósi eða meðferð mjólkur, að hætta geti stafað af, þá skal hann í samráði við héraðslækni og mjólkureftirlitsmann ríkisins láta stöðva sölu mjólkurinnar. Tilkynningu um þetta skal hann einnig senda hlutaðeigandi mjólkurbússtjóra, ef mjólkin er send í mjólkurbú.

Sé enginn dýralæknir fyrir hendi eða fái hann ekki annað eftirlitinu, framkvæmir héraðslæknir, heilbrigðisfulltrúi eða annar löggiltur fulltrúi þetta eftirlit fyrir hans hönd.

Skýrslur um skoðunina skulu sendar mjólkureftirlitsmanni ríkisins árlega á þar til gerð eyðublað, er yfirdýralæknir lætur í té.

2. Heilbrigðisnefndir eða héraðslæknar í þeirra umboði skulu hafa á hendi eftirlit með mjólkurbúum og mjólkursölustöðum og þeim vörum, sem þar eru meðhöndlaðar eða seldar og undir þessa reglugerð falla. Héraðslæknar skulu láta taka sýnishorn af þessum vörum eins oft og þurfa þykir, og senda þau til rannsóknar á fyrirskipaðan hátt.
3. Ráðherra skipar eftirlitsmann heilbrigðisstjórninni til aðstoðar við fram-

- 157 kvæmd eftirlitsins. Ber honum m. a. að ganga eftir því, að skýrslur séu sendar og sýnishorn tekin nægilega oft.
4. sept. 4. Kostnaður við rannsóknir og önnur störf þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar sérstaklega til að annast framkvæmdir eftirlits samkvæmt reglugerð þessari, greiðist úr ríkissjóði. Auk þess er dýralæknum (héraðslæknum) heimilt að taka gjald fyrir hverja skoðun (sbr. 1. tölulið) samkvæmt gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 114 20. sept. 1948.

Sveitarfélög greiða kostnað af eftirliti með mjólk og mjólkurvörum, er þau rækja hvert á sínum stað samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktu að öðru leyti en því, að nauðsynleg rannsókn sýnishorna, sem framkvæmd er á opinberum rannsóknarstofum, greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkv. 11.—12. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 136 frá 19. okt. 1946.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 4. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Ragnar Bjarkan.

- 158 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Starfsmannafélags Akranesbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. sept. 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Starfsmannafélags Akranesbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Starfsmannafélags Akranesbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign félagsins, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi, ásamt skýrslu stjórnarinnar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af félaginu. Fastatekjur hans eru 50% — fimmtíu af hundraði — af greiddu árstíllagi hvers félagsmanns og aðrar tekjur, sem félagið kann að afla honum.

4. gr.

158

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn, sem verða fyrir fjárhagsörðugleikum vegna langvarandi veikinda, slysa, dauðsfalls innan fjölskyldu þeirra eða öðru fjárhagslegu tjóni, af þeim óviðráðanlegum orsökum. 7. sept.

5. gr.

Styrkveitingar fara fram einu sinni á ári, í desember, og skulu umsóknir um styrki sendar formanni sjóðstjórnar fyrir 15. nóvember ár hvert. Útbýting styrksins fer fram eigi síðar en um miðjan desembermánuð.

Óráðstafað styrktarfé leggst árlega við höfuðstól.

6. gr.

Til styrkveitinga er heimilt að verja allt að helmingi fastra tekna sjóðsins á ári, þar til sjóðurinn nemur kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum —, en síðan allt að þrem fjórðu hlutum fastra tekna.

Árleg tillög og gjafir, sem ekki eru tilgreind í 3. gr. þessarar skipulagsskrár, reiknast ekki til fastra tekna sjóðsins.

7. gr.

Sjóðnum stjórna þrír menn, sem kosnir eru á aðalfundi Starfsmannafélags Akranesbæjar, til þriggja ára í senn, og skal einn ganga úr hvert ár, í fyrstu tvö skiptin eftir hlutkesti.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 8. marz 1953.

Svbj. Oddsson,
formaður.

Sig. Guðmundsson,
ritari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjóð Sigurðar Guðmundssonar 159 skólameistara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. 7. sept. sept. 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Sigurðar Guðmundssonar skólameistara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Sigurðar Guðmundssonar skólameistara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í þann mund, er Sigurður Guðmundsson lét af embætti skólameistara við Menntaskólann á Akureyri. Hafliði Halldórsson forstjóri, Reykjavík, sendi þá kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — til stofnunar sjóðsins.

159

7. sept.

Sjóðurinn tekur við gjöfum gamalla nemenda Sigurðar Guðmundssonar og annarra þeirra, er heiðra vilja starf hans og minningu. Eftir daga þeirra skólameistara-hjóna, Halldóru Ólafsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar, skal enn fremur renna í sjóðinn það, sem inn hefur komið — í krónutali — fyrir bók Sigurðar Guðmundssonar „Á sal“ og lagt hefur verið í húseignina Barmahlíð 49 í Reykjavík. Afla má og sjóðnum tekna á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegan stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri til háskólanáms erlendis í heimspeki eða sálarvísindum, enda skuldbindi styrkþegi sig til þess að dveljast einn vetur á Akureyri að námi loknu og flytja erindi fyrir nemöndum Menntaskólans.

5. gr.

Vextir skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins, þar til sjóðurinn nemur 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónum —, en úr því má verja $\frac{3}{4}$ árlegra vaxta samkvæmt 4. gr. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins og varzla skal vera hjá skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og skal sjóðurinn ávaxtaður á sem tryggilegastan og arðsamastan hátt, t. d. í fasteign eða gegn fyrsta veðrétti í fasteign eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Skulu árlegir reikningar sjóðsins birtir í skýrslu skólans. Styrkur úr sjóðnum er veittur á kennarafundi, og skal hann auglýstur í skólanum með hæfilegum fyrirvara. Fastir kennarar einir hafa atkvæðisrétt um styrkveitinguna, og ræður afl atkvæða úrslitum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Menntaskólinn á Akureyri, 27. ágúst 1953.

Þórarinn Björnsson,
skólameistari.

160

7. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1941, á fimmtánda starfsári Starfsmannafélags Reykjavíkur, með 1000.00 — eitt þúsund — króna framlagi frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurbæjar.

3. gr.

160

Sjóðurinn er eign félagsins, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi ásamt ársskýrslu sjóðstjórnar.

7. sept.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

4. gr.

Sjóðinn má auka með hvers konar tillögum, en fastatekjur hans skulu vera, auk vaxta af höfuðstóli, 2.00 — tvær — krónur af greiddu árstíllagi hvers félagsmanns, og skal það greitt sjóðnum fyrir 1. desember ár hvert. Enn fremur ágóði af sölu minningar- og heillaóskaspjalda, sem sjóðstjórnin lætur gera uppdætti að og selur félagsmönnum og öðrum, sem styrkja vilja sjóðinn á þennan hátt.

Á hverju minningar- eða heillaóskaspjaldi skal tiltekið, að gjöf hafi verið afhent Styrktarsjóði St. Rv., en sjóðstjórnin skal halda tvær þar til gerðar bækur, aðra fyrir minningar, en hina fyrir heillaóskir, og skrá þar í nöfn þeirra, sem heiðraðir hafa verið með gjöf til sjóðsins ásamt nöfnum gefenda og upphæð gjafarinnar.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn, sem verða fyrir fjárhagsörðugleikum vegna langvarandi veikinda, slysa, dauðsfalla innan fjölskyldu þeirra eða öðru fjárhagslegu tjóni, af þeim óviðráðanlegum orsökum.

6. gr.

Styrkveitingar fara fram einu sinni á ári, í desember, og skulu umsóknir um styrki sendar formanni sjóðstjórnar fyrir 15. nóvember ár hvert. Sjóðstjórnin lætur í té eyðublöð fyrir styrkumsóknir. Útbýting styrksins fer fram eigi síðar en um miðjan desembermánuð.

Óráðstafað styrkveitingafé leggist árlega við höfuðstól.

7. gr.

Til styrkveitinga er heimilt að verja allt að helmingi fastra tekna sjóðsins á árinu, þar til sjóðurinn nemur kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund krónum —, en síðan allt að þremur fjórðu hlutum fastra tekna.

Árleg tillög og gjafir, sem ekki eru tilgreind í 4. gr. þessarar skipulagsskrár, reiknast ekki til fastra tekna sjóðsins.

8. gr.

Sjóðnum stjórna þrír menn, sem kosnir eru á aðalfundi St. Rv. til þriggja ára í senn, og skal einn ganga úr eftir hlutkesti á ári. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

161

7. sept.

AUGLÝSING

um breyting á flokkunarreglum og skrá yfir fasteignaiðgjöld Brunabótafélags Íslands, nr. 166 7. október 1949.

1. gr.

II. kafli, iðgjaldaskrá, breytist svo:

1. Almenn iðgjöld.

I. flokkur.	Iðgjöld verði óbreytt.
II. flokkur.	A. 3 ‰ verði 2.25‰
	B. 2.4‰ — 1.8 ‰
	C. 2.5‰ — 1.8 ‰
III. flokkur.	A. 5 ‰ verði 4 ‰
	B. 4 ‰ — 3.2 ‰
	C. 2.5‰ — 2.5 ‰
IV. flokkur.	A. 7 ‰ verði 6 ‰
	B. 5.6‰ — 4.8 ‰
	C. 2.5‰ — 2.5 ‰

2. Sérstök iðgjöld.

lækki í öllum flokkum um 5‰.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi frá og með 15. október 1953.

Iðgjaldaskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

162

8. sept.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungnahreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnassýslu.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétt, sem að fornu hafa átt. Afréttur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxár, afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afréttur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðahreppa er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafrefttur.

2. gr.

162

Um upprekstrarskyldu.

8. sept.

Allir fjáreigendur og umráðendur sauðfjár eru skyldir að reka sauðfé sitt, annað en hrúta, til afréttar á sumrum. Sama gildir um stóðhross í Gnúpverja- og Hrunamannahreppum. Þó er einstökum mönnum heimilt að hafa fé heima, sé það í sauðheldum girðingum eða tryggt sé, að það gangi ekki öðrum til tjóns, enda komi til samþykki hreppsnefndar og næstu nággranna. Nú verður eigandi eða ábúandi jarðar fyrir ágangi af fé, sem heima er á sumri, og getur hann þá snúið sér til hreppsnefndar með umkvörtun, en hún aðvarar hlutaðeiganda. Sinni hann ekki slíkri viðvörun, getur hreppsnefnd látið reka féð á afrétt á kostnað hans. Kostnað af slíkum upprekstri má innheimta á sama hátt og fjallskil og er eindagi sá sami. Nautpening er óheimilt að reka til afréttar, nema því aðeins, að hlutaðeigandi hreppsnefnd eða afréttarmálafundur samþykki.

3. gr.

Um upprekstrarbann.

Eigi má reka hross á afrétt Flóa- og Skeiðamanna fyrir innan Dalsá, nema með samkomulagi við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.

Enginn má reka sauðfé annarra manna inn fyrir afréttargirðinguna án leyfis eiganda, nema alrúð sé og markað, og hross alls ekki.

4. gr.

Um ítölu.

Þegar saman liggja afréttarlönd tveggja hreppa eða fleiri og einn þeirra eða fleiri verða fyrir verulegum ágangi, svo að til tjóns verði talið, eiga þeir kröfurétt um að fram fari mat þriggja óvilhallra manna, skipaðra af sýslumanni, á bótum fyrir áganginn, ef ekki næst samkomulag.

Enginn má ljá öðrum ítölu sína á afrétti, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.

Álykti stjórn afréttarfélags eða hreppsnefnd að hætta sé á örtröð á afrétti, af völdum ofbeitar eða náttúruafla, skal hún snúa sér til sýslunefndar, er gerir svo fljótt sem hægt er ráðstafanir til úrbóta. Sé ágreiningur í stjórn afréttarfélags um slíkt mat, getur minni hlutinn krafizt þess, að sýslumaður skipi strax nefnd þriggja hlutlausra manna, er kynni sér ástand afréttar og beitarþol og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta fund sýslunefndar. Að öðru leyti vísast til laga um ítölu.

5. gr.

Um yrkingu afrétta.

Enginn má yrkja eða nota afréttarlönd til annars en beitar að sumrinu, nema með leyfi hreppsnefnda þeirra sveita, er afréttinn eiga.

II. KAFLI

Um upprekstra til afrétta.

6. gr.

Um rekstartíma.

Í öllum hreppum má reka til afréttar þegar hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfa.

7. gr.

Um rekstrarstaði.

Á Hrunamanna- og Gnúpverjaafrétti skal reka í þá staði, sem hreppsnefndir þeirra hreppa ákveða með ráði hreppsbænda.

Á Flóamannaafrétti skal reka á þessa rekstrarstaði: Hraungerðis-, Sandvikur- og Selfosshreppar í Kamb og Kiljansfitjar; Villingaholts- og Gaulverjabæjarhreppar í Hestfjallaver og Þverárdalstungu; Skeiða-, Stokkseyrar- og Eyrarbakka-hreppar í Kinn og Bergólfsstaði.

8. gr.

Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir menn, eftir því sem hreppsnefndir ákveða, sömuleiðis nægilega útbúnir að hundum, hestum og öðru.

9. gr.

Um rekstrarforingja.

Einn sé foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, sem honum er trúað fyrir, og sér um, að reglum þessum sé hlýtt og ber ábyrgð á því. Sérstaklega ber honum að sjá um, að rekstrunum sé haganlega dreift, og ær látnar taka lömb sín.

10. gr.

Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og æja svo oft, sem þörf gerist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei æja í slægjulöndum. Eigi má skilja fé eftir í heimalöndum, sem um er farið, nema brún nauðsyn sé til sökum þess, að fé sýkist á leiðinni, en þá skal látið vita um það og beðið fyrir það á næstu bæjum. Eigi má heldur hleypa óviðkomandi fé saman við rekstra. Fari fé saman við reksturinn, og rekstrarmenn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í byggð er, og er öllum skylt að veita rekstrarmönnum slíkt lið ókeypis, ef unnt er.

Hreppsnefndum ber, hverri í sinni sveit, að greiða fyrir rekstrum haust og vor með útvegum áningarstaða.

11. gr.

Um eftirskilið fé í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn skilja fé eftir af rekstrinum í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæzlu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra, er féð skildu eftir, ef það hefur verið skilið eftir að nauðsynjalausu. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns, og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt, ef þurfa þykir.

III. KAFLI

Um fjallskil.

12. gr.

Um skyldur til fallskila.

- a. Hreppsnefnd eða stjórn afréttarmálagafélags reiknar út fjallskilakostnaðinn ár hvert, með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá, sem þarf til smölunar afréttar og annan kostnað, fjallskilum tilheyrandi, sem hún telur nauðsynlegan.

- b. Hreppstjóri skal, áður en 14 vikur eru af sumri, senda hlutaðeigandi hreppsnefnd skrá yfir landverð allra jarðeigna í hreppnum eftir gildandi fasteignamati, að frádregnum hlunnindum, ásamt skýrslu um tölu sauðfjár frá síðasta vetri. Skýrsla þessi skal samin eftir upplýsingum forðagæzlumanns eða baðstjóra. 162
8. sept.
- c. Af heildar fjallskilakostnaði skal að minnsta kosti $\frac{1}{3}$ lagður á landverð jarða í hreppnum, sbr. b-lið, er greiðist af ábúanda eða umráðanda sé um eyðijörð að ræða, sem nota má til slæгна eða beitar. Allt að $\frac{2}{3}$ fjallskilakostnaðarins skal jafna niður á sauðfjáreign, samkvæmt skýrslu þeirri frá hreppstjóra, er um ræðir í b-lið. Þeir fjáreigendur, sem ekki hafa jarðarafnot, skulu greiða öll fjallskil af sauðfé og reiknast þeim þá tvöföld fjártala. Um fjallskilaskyldu fyrir hross í Hrunamanna- og Gnúpverjahreppum fer eftir ákvörðun hlutaðeigandi hreppsnefndar.
- d. Hver sá, sem fjallskilaskyldur er, samkvæmt c-lið, er skyldur til að taka þátt í fjallskilum eftir því og á þann hátt, sem hreppsnefnd skipar fyrir um, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlög eða peningagreiðslur er að ræða. Er hver húsráðandi skyldur til að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um, hvernig fjallskilum er jafnað niður á aðra, eða sjálfan hann, eða einhverjum hafi ranglega verið sleppt. Skal slík kæra koma bréflega til oddvita innan 4 vikna frá fjallskilafundi. Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kærana. Úrskurði hreppsnefndar um fjallskilakærana má skjóta til sýslunefndar og skal gera það skriflega innan ársloka. Sýslunefnd leggur síðan á næsta fundi fullnaðarúrskurð á málið.

Hafi fjallskil ekki verið greidd fyrir 15. október, falla á þau dráttarvextir á sama hátt og útsvör.

Fjallskil má taka lögtaki.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komið hjá að inna þau af hendi, fyrir eindaga, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurð. Ef sýslunefndin lækkar fjallskilin, skal endurgjalda gjaldþegni það, er hann hafði greitt fram yfir þá upphæð, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

13. gr.

Um undirbúning fjallskila.

Skeiða- og Flóahreppar skulu vera eitt afréttarmálafélag, eins og verið hefur, og mynda oddvitar hreppanna stjórn þess.

Stjórn félagsins heldur afréttarmálafund í ágústmánuði ár hvert og oftast, ef þurfa þykir. Skulu fjallkóngar hreppanna mæta á fundinum, svo og oddviti Gnúpverjahrepps. Í stað oddvitanna má þó senda aðra menn, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd kýs.

Verkefni afréttarmálafundar eru:

- Að kjósa tvo menn, formann og gjaldkera. Skal formaður boða til funda í félaginu.
 - Ákveða tölu fjallmanna og útvega menn til þeirra starfa, sem hreppsnefndirnar taka ekki að sér að sjá um.
 - Gera áætlun um kostnað við smölun afréttarins, hirðingu fjár í útréttum, refaveiðar, viðhald rétta og afréttargirðingar o. fl.
 - Jafna niður kostnaðinum á milli sveita þannig, að fjallskil verði jöfn á kind og jarðarhundrað í afréttarmálafélaginu, enda liggi fyrir úr hverjum hreppi heildartala sauðfjár og jarðarhundraða, sbr. 12. gr.
- Þegar fjallskilum hefur verið jafnað milli sveita, skulu oddvitar greiða til

162 gjaldkera niðurjafnað gjald, að svo miklu leyti, sem það er ekki innt af höndum 8. sept. í fjallskilum. Skal greiðsla koma til gjaldkera fyrir 1. nóv. ár hvert.

14. gr.

Um fjallkóna.

Hreppsnefndir ráða fjallkóna eða umsjónarmenn aðalleitanna, einn eða fleiri, eftir því sem hagar á hverjum stað, og getur enginn, sem til þess er fær, skorast undan slíkum starfa. Fjallkónar fara eftir fyrirskipunum hreppsnefndanna, það er þær ná, en í afrétti hafa þeir öll ráð og umsjón á hendi um allt, er að leitunum lýtur. Þeir skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rétta. Þeir hafa og, með ráði hreppsnefndar og hreppstjóra, umsjón við réttahöldin í aðalréttum. Ef menn sýkjast í fjalleitum, ef slys verða, ef óvenjulegar hættur koma fyrir eða einhvern vanda ber að höndum, ráða fjallkónar hvað til bragðs skuli taka, með ráði þeirra fjallmanna, sem þeir treysta bezt. En eigi bera fjallkónar ábyrgð á ráðstöfunum sínum nema varði við lög. Rétt er að fjallkónar fái þóknun af sveitarsjóði eða fjallskilasjóði. Hreppsnefndir eða fjallkónar ráða aðra umsjónarmenn við fjallasöfn, eftir því sem á stendur, og hafa þeir sömu skyldur og völd sem fjallkónar, það sem þeirra verkahringur nær. Ef fjallkóngur eða leitarforingi fatlast svo í leit, að hann getur ekki tilnefnt mann í sinn stað, þá kjósa leitarmenn annan. Ef ágreiningur verður, þá ræður afl atkvæða, og er sá rétt kjörinn, sem fær flest atkvæði.

15. gr.

Um fjallmenn.

Sérhver maður, sem sendur er í fjalleitir, þarf að vera með fullri heilsu og verkgreind og vel útbúinn að öllu leyti. Á fjallskilafundinum eða fyrir fjallferð skulu allir þeir, sem menn eiga að leggja til fjalleita, segja til hvern mann þeir láti fara. Segir þá fjallkóngur til, ef sá maður þykir eigi gildur, en hreppsnefnd sker úr ef á greinir. Vilji hlutaðeigandi ekki láta duglegri mann, ef kostur er á að fá hann, þá kaupir hreppsnefndin fjallmann á hans kostnað.

16. gr.

Um skyldur fjallmanna.

Skylt er hverjum fjallmanni að vera þar í göngu, sem fjallkóngur skipar honum, sé hann til þess fær, og smala vandlega svæði það, er hann skal leita. Skylt er fjallmönnum að sýna fjallkóngi sínum, og öðrum þeim, sem yfir þá eru skipaðir, tregðulausa hlýðni í öllu því er þeir geta. Geri þeir sig seka í óhlýðni eða einhverju ósæmilegu framferði, þá getur fjallkóngur, með ráði fjallmanna sinna, gert þá ræka. Er þá svo á að lita sem hlutaðeigandi bóndi hafi engin fjallskil gert. Komi þetta fyrir í aðalfjallsafni, borgi sá, er slíkan mann hefur sent, fjallskilin fullu verði.

Vanti menn í eftirsafn eða eftirleit, eða sé gerður rækur áður en farið er úr byggð, þá skal kaupa annan mann í hans stað, á kostnað þess, er manninn átti að láta.

IV. KAFLI
Um fjalleitir.

162
8. sept.

17. gr.

Um skyldu til fjalleita.

Skylt er hverjum hreppi að láta fara fram þrjár leitir á afrétti sínum á hverju hausti: Fjallsafn, eftirsafn og eftirleit.

Nú liggur grunur á, að fé sé eftir á afrétti eftir eftirleit, og getur þá hreppsnefnd eða stjórn afréttarmálagfélags látið fara fram aðra eftirleit á kostnað hlutaðeigandi fjallskilasjóðs.

18. gr.

Um tilhögun á fjalleitum.

Svo skal haga til um leitir, sem venja hefur verið, nema hlutaðeigandi hreppsnefndum eða afréttarmálagfundi, sbr. 13. gr., þyki ástæða til að breyta því, en þó mega þær breytingar eigi koma í bág við reglugerð þessa né við hugsmuni annarra sveitarfélaga. — Svo skal leitum haga, þar sem því verður við komið, að sem minnstar misgöngur verði afrétta á milli.

19. gr.

Um leitartímann.

Leita skal á þeim tímum, sem venja hefur verið, og fara svo snemma, að leitar-
menn, að öllu stórforfallalaus, verði komnir í aðalréttir og skilaréttir á þeim tíma, þá er þær á að halda.

20. gr.

Um leitarstaði.

Þá staði skal leita, sem að fornu hefur verið, en þó má leita víðar, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir telja þess þörf, og er enda skylt, ef víðar er von kindastöðva.

21. gr.

Um fjölda leitarinna.

Landið fyrir innan Fjórðungssand og Norðurleitina, milli Dalsár og Kisu, smala Skeiða- og Flóahreppar sameiginlega með Gnúpverjum. Tölu fjallmanna á þessu svæði ákveður afréttarmálagfundur, sbr. 13. gr., í samráði við Gnúpverja, enda kosti þeir hana að jöfnum hlutum. Á þessu svæði stjórna Gnúpverjar leitum. Á sama hátt kosta Skeiða- og Flóahreppar á móti Gnúpverjum eftirsafnið í heild að $\frac{1}{4}$, eftirleit alla að $\frac{1}{3}$ og viðhald sæluhúsa að $\frac{1}{3}$.

22. gr.

Um tölu fjallkónga.

Á Hrunamannaafrétti og Gnúpverjaafrétti, hvorum um sig, er 1 fjallkóngur í fjallsafni, en á Skeiða- og Flóamannaafrétti ákveður afréttarmálagfundur tölu fjallkónga. — Í eftirsafni er 1 leitarforingi á hverjum afrétti. Á afréttum Gnúpverja- og Hrunamanna séu þeir tilteknir af hreppsnefndunum, en á Skeiða- og Flóamannaafrétti kosinn af leitar mönnum.

23. gr.

Um meðferð á annkrömuðu fé.

Þá er veikt fé eða annkrama finnst í fjalleitum, skulu þeir, er fjallkóngur ákveður, koma því lifandi til byggða, ef unnt er, án þess að ganga mjög nærri því.

162 Að öðrum kosti skal slátra því þegar í stað og flytja það af því, sem nýtilegt er, á 8. sept, trússhestum til rétta.

24. gr.

Um mörkun dilka á afréttum.

Þá er komið er saman fjársafnið úr leitum á afrétti, skulu fjallkóngar láta marka ómarkaða dilka undir ám, þar sem því verður við komið, með sama marki og ærnar hafa.

25. gr.

Um björgun og bjarglaun.

Skylt er sérhverjum, sem verður var við að fé sé komið í sveltum í hömrum í landareign hans eða annars staðar, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eiganda eða hann þekkist ekki, að því sé bjargað, ef unnt er, og ber þeim, er bjargar, borgun fyrir það af eiganda eða andvirði skepnunnar eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er björgun fer fram í, og sé það í afrétti, þá í þeim hreppi, sem næstur er.

26. gr.

Um sæluhús.

Svo skulu vera mörg sæluhús, til skýlis eftirleitarmönnum, á afrétti hverjum og svo útbúin, sem vanir eftirleitarmenn og aðrir kunnugir menn álíta nauðsynlegt. Hreppsnefndir annast um byggingu og viðhald þeirra, og skal sá kostnaður, sem af því leiðir, annað hvort borgast með fjallskilum eða vera tekinn úr fjallskilasjóði þeirra hreppa, er afréttinn eiga. Sérhver sá, sem þess verður var, að sæluhús þurfi aðgerðar, geri hlutaðeigandi hreppsnefnd aðvart um það. Eftirsafnsmenn skulu á haustum víða að sæluhúsum hrísi eða lurkum, ef hægt er. Hver, sem um sæluhús gengur, skal jafnan læsa því er hann fer þaðan. Ef það verður sannað á einhvern hátt, án brýnna nauðsynja, skal sá hinn sami bæta það að fullu. Hafi það verið gert af kerskni eða öðrum illum hvötum, varðar það auk þess sektum, nema þyngri hegning liggi við.

V. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

27. gr.

Um skiptingu á réttum.

Réttir (lögréttir) eru þrennskonar: 1. aðalréttir, 2. skilaréttir og 3. aukaréttir. Aðalréttir eru þær, sem rekin eru til fjallsöfn úr fyrstu leit. Skilaréttir eru þær, sem rekin eru til eftirsöfn eða fjársöfn úr fleiri hreppum. Aukaréttir eru þær, sem rekin eru til fjársöfn úr smölunum í hverri sveit.

28. gr.

Um aðalréttir.

Aðalréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í Hrunavelli, fyrir Gnúpverjahrepp hjá Skaftholti (Skaftholtsrétt), fyrir Skeiða- og Flóahreppa hjá Reykjum (Reykjarétt).

29. gr.

Um skilaréttir.

162

8. sept.

Skilaréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrétt þess hrepps, fyrir Gnúpverjahrepp í Skapholtsrétt, fyrir Skeiða- og Flóahreppa í Dælarétt í Villingaholts-
hreppi.

30. gr.

Um aukaréttir.

Aukaréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrétt þess hrepps, fyrir Gnúpverjahrepp í Skapholtsrétt, fyrir Skeiðahrepp á Hlemmiskeiði, fyrir Villingaholts-
hrepp hjá Yrpholti, fyrir Gaulverjabæjarhrepp Vallarétt, fyrir Hraungerðishrepp að Skeggjastöðum, fyrir Sandvíkurhrepp og Selfosshrepp í Litlu-Sandvík, fyrir Stokkseyrarhrepp og Eyrarbakkahrepp í Keldnakoti.

31. gr.

Um viðhald á réttum.

Viðhald á öllum réttum hvílir á þeim, er þá rétt sækja, eftir réttri tiltölu. Þó má kæra það fyrir sýslunefnd, ef þeim er ekki vel við haldið, og heldur hún þá hlutaðeigendum til þess. Til þess að réttir séu í góðu ástandi heyrir það, að þær séu nægilega rúmgóðar og lögulegar, veggir vel stæðilegir og nægilega háir, og að ekki standi vatn í þeim, þótt rigningar gangi, sér í lagi ekki í almenningsréttinni, svo og að þar sé í nánd nothæft vatnsból. Dilkar séu einnig í sama standi. Grind sé í almenningsdyrum og hurð á öllum dilkdryum. Við hverjar aðalréttir og skilaréttir skulu utansveitarhreppar, þeir er eiga þar fjárvon, eiga dilka, rúmgóða og vel úr garði gerða. Skulu hlutaðeigendur sjálfir annast um viðhald þeirra eftir fyrirsögn hreppsnefndar í þeim hreppi, er réttin stendur í. Þeir, sem leigðan fá afrétt annars staðar en á sínum afrétti, sjái sér sjálfir fyrir nægilegu dilkrúmi, en hreppsnefnd í þeim hreppi, sem réttin er í, visar á stað ef byggja þarf nýjan dilk, eða réttarbóndi fyrir hennar hönd, sömuleiðis hvar taka má byggingarefni. Réttarbóndi hefur, að því leyti sem unnt er, eftirlit með því, að réttir séu ekki að óþörfu skemmdar. Skemmdir á réttum varða bótum og sektum.

32. gr.

Um réttafærslu.

Þar skulu réttir vera, sem nú eru, nema meiri hluti þeirra búenda, er rétt eiga að sækja, vilji flytja hana. Þó má ekki flytja aðalréttir fjær afrétti en nú eru þær, svo að neinu verulegu muni. Til réttarflutnings þarf og samþykki landeiganda þess, er byggja á hjá, svo og sýslunefndar, ef um aðalréttir eða skilaréttir er að ræða.

33. gr.

Um réttatimann.

Aðalréttir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar fimmtudaginn í 23. viku sumars, en aðalréttir Skeiða- og Flóamanna daginn eftir. Skilaréttir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar laugardaginn í 24. viku sumars. Dælaréttir eru tvennar: Fyrri Dælarétt mánudaginn í 24. viku sumars, en síðari Dælarétt síðasta sumardag, en þá er sumarauki er, réttri viku fyrir. Aukaréttir eru haldnar þá er hlutaðeigandi hreppsnefndir fyrirskipa.

Heimilt er að reka fé fram af afréttum fyrir en hér er sagt, ef nauðsyn ber til að dómi hlutaðeigandi hreppsnefnda eða afréttarmálafundar, sökum náttúruviðburða, svo sem öskufalls, snjóa eða annarra harðinda.

34. gr.

Um smölun til rétta.

Smala skal vandlega heimalönd allra jarða fyrir allar skilaréttir og reka úrgangsfé til rétta. Smölun fer fram:

1. Til skilarétta í Hreppunum: daginn fyrir þær.
2. Til fyrri Dælaréttar: um allan Flóa og Skeið laugardaginn næstan á undan henni.
3. Til síðari Dælaréttar: í öllum hreppum milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) miðvikudaginn næstan á undan henni.

35. gr.

Um réttun afréttarfjár og byggðasafna.

Undir eins og fé kemur af afrétti skal rétta því:

1. Aðalsafnið af afrétti Gnúpverjahrepps í rétt þess hrepps ásamt safni Skeiðamanna og safni úr austurleit Flóamanna. Þó má réttun austurleitarsafnsins ekki taka lengri tíma en 2 klst.
2. Aðalsafni af Flóamannaafrétti í Reykjaréttum.
3. Aðalsafni af afrétti Hrunamannahrepps í rétt þess hrepps.
4. Eftirsafni af afrétti Hrunamannahrepps í rétt þess hrepps.
5. Eftirmölun af afréttum Gnúpverja-, Flóa- og Skeiðahreppa, ásamt byggðarsafni Gnúpverjahrepps, fyrst í Skaftholtsrétt, þá í Reykjarétt og síðast í Dælarétt.

Á sama hátt rétta því fé, sem sótt kynni að vera til afrétta fyrr en á venjulegum tíma, sbr. 33. gr.

Austurleit Flóamanna er áskilin rekstrarleið fyrir fjallsafnið niður með Þverá um Fossanes á Þjóðveginn, þar sem skemmst er og minnst til baga.

36. gr.

Um dráttarskyldu í réttum.

Skylt er hverjum fjáreiganda, eða þeim, sem á fjárvon í réttum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fé sitt, bæði í aðalréttum og skilaréttum, þar á meðal báðum Dælaréttum, og hirða þar að loknum réttum það fé, er þeir eiga. Öllum, sem afréttarnot kaupar, er skylt að láta draga fé sitt í aðalrétt hlutaðeigandi sveitar, og óheimilt er þeim að láta það ganga ódregið í úrgangi til annarrar réttar.

37. gr.

Um lögreglu í réttum.

Allir, sem til þess eru kvaddir að sjá um að draga og hirða fé í réttum, skulu vinna að því verki trúlega og kappsamlega, en ekki mega þeir draga meðan inn er rekið. Allir, sem í réttir koma, skulu hegða sér þar siðsamlega á allan hátt og engar óspektir gera, svo og varast að tefja þá, sem þar eiga að starfa að því að hirða féð, nema brýna nauðsyn beri til. Fjallkóngar í aðalréttum og hreppsnefndir, eða þeir hreppsnefndarmenn, sem sérstaklega hafa slíkt á hendi, í öllum réttum, skulu sjá um, að allt fari fram með reglu, er lýtur að hirðing fjárins, en önnur lögregla hvílir á sýslumanni og hreppstjórum. Skylt er sýslumanni að vera í aðalrétt Flóamanna, til að halda þar reglu. En geti hann það ekki vegna embættisanna eða annarra lögmætra hindrana, setur hann annan mann í sinn stað og tilkynnir það í tíma hlutaðeigandi hreppsnefndum eða birtir það almenningi. Í öllum

öðrum réttum ber hreppstjórum að halda lögreglu, nema sýslumaður hafi í tíma 162 kvatt til þess annan og tilkynnt það í tíma hlutaðeigendum. 8. sept.

38. gr.

Um úrgangsfé úr réttum.

Úrgangsfé úr öllum réttum, nema 2. Skapholtstrétt, selja hlutaðeigandi hreppstjórar þegar að afloknum réttum.

Úrgangsfé úr skilarétt Gnúpverjahrepps reka eftirsafnsmenn Flóa- og Skeiðahrepps til fyrri Dælaréttar.

39. gr.

Um ómarkað sauðfé í réttum.

Ómerkinga alla, er koma af afréttum eða sem koma fyrir í byggð, skal reka til allra lögrétta. Þar skal vera til sérstök rétt til þess að draga þá í. Réttarbændur skulu gæta þeirra á meðan á réttum stendur, nema öðruvísi sé um samið. Gera skal þar, með umsjón hreppstjóra, tilraunir til þess að lambamæður helgi sér ómarkaða dilka. Þá ómerkinga, eldri og yngri, sem enginn getur helgað sér eða sannað eignarrétt sinn á með óbrigðulum einkennum, skal setja í réttalok og rennur andvirðið til réttabænda, nema öðruvísi sé um samið. Um kalineyrt fé fer sem annað óskilafé, og sömuleiðis um ómerkinga, er koma fyrir eftir veturnætur.

VI. KAFLI

Um fjármörk og marklýsingar á óskilafénaði.

40. gr.

Um fjármörk.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á fénaði, þurfa eigendur að hafa lögheimil mörk á honum. Fjármörk eru: eyrnamörk, hornmörk og brennimörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en hornmörk og eigin brennimörk því aðeins að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekar en þörf gerist, og hefur sýslunefnd rétt til að kveða á um, hversu námerkt má vera. Sá, sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náíð öðrum í sama afréttarfélagi, skal breyta marki sínu. Erfðamark ræður meira en nýupptekið mark, að öðru jöfnu. Öll eyrnamörk í sýslunni skal rita á skrá og prenta hana að minnsta kosti á 8 ára fresti. Annast sýslunefnd um það og tekur borgun fyrir hvert mark, er hún telur að nægja muni fyrir útgáfukostnaði. Rennur það í sýslusjóð, en hann ber kostnaðinn af prentun skrárinnar. Allir fjáreigendur skulu hafa sýslubrennimark og hreppsrennimark á fé sínu, eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind, sem er með hornum, áður en henni er sleppt eftir hinn fyrsta vetur, sem hún er fóðruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Ekki má taka upp mörk né auglýsa mörk þeirra, sem flytja inn í sýsluna, án leyfis sýslunefndar eða þess manns, er hún setur til þess að hafa umsjón með mörkum milli þess að markaskrá er prentuð. Lætur sýslunefndin auglýsa mörkin í Lögbirtingablaðinu eða öðru víðlesnu blaði gegn hæfilegu gjaldi frá markeiganda. Eigi má prenta í markaskrá neitt mark, sem er afeyrt, eða önnur slík soramörk. Enn fremur skal, við endurprentun markaskrár, unnið að því að enginn hafi fleiri en tvö fjármörk.

Skýlt er að marka hross með eyrnamarki hverrar sveitar.

162 Brennimörk og hrossamörk hreppanna eru þessi:
8. sept.

<i>Hreppar:</i>	<i>Brm.:</i>	<i>Hrm.:</i>
Hrunamannahreppur	A 7	Hófbiti framan.
Gnúpverjahreppur	A 8	Gagnbitað.
Skeiðahreppur	A 9	Standfjöður aftan.
Villingaholtshreppur	A 10	Vaglskora aftan.
Gaulverjabæjarhreppur	A 11	Gagnfjaðrað.
Hraungerðishreppur	A 12	Hófbiti aftan.
Sandvíkurhreppur	A 13	Stig framan.
Stokkseyrarhreppur	A 14	Stig aftan.
Eyrarbakkahreppur	A 15	Sneitt aftan.
Selfosshreppur	A 18	Heilrifað.

Hrossamörk hreppanna eru á vinstra eyra og brennimörk á vinstra horni fjárins.

41. gr.

Um markalýsingar.

Yfir allt það fé, er hreppstjórar fyrr eða síðar á haustin hafa selt við almenn uppboð, og ekki hefur spurzt eigandi að, semja þeir markalista og senda þá einum manni, er sýslunefnd hefur tilnefnt, eigi síðar en fyrir árslok, en hann annast um að öll mörkin, ásamt samkynja mörkum úr ytri hluta sýslunnar, verði prentuð í einu lagi og í rétttri röð í Lögbirtingablaðinu eða öðru viðlesnu blaði, eigi síðar en fyrir lok næsta febrúarmánaðar.

42. gr.

Um meðferð á óskilahrossum.

Óskilahross skal reka til aðalréttá og skilaréttá. Þau hross, sem ekki ganga þar út, skal hreppsnefnd koma í gæzlu gegn hæfilegri þóknun, er greiðist af eiganda þeirra eða andvirði. Hreppstjóri skal þegar skrifa upp mörk á þeim og senda í þá hreppa, sem helzt geta verið líkur til að hrossin séu úr. Verði þau ekki gengin út eftir 3 vikur, skal hreppstjóri selja þau við almennt uppboð, er auglýst sé í þeirri sveit og næstu sveitum með nægilegum fyrirvara. Síðan lýsir hreppstjóri þeim í Lögbirtingablaðinu eða öðru viðlesnu blaði, með lit, auðkennum og marki, ef mörkuð eru. Þau óskilahross, sem finnast kunna á öðrum tíma árs, og eigandi þekktist ekki að, eða býr utan hrepps, þótt þekktur sé, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar, og lætur hún, ef henni svo sýnist, fara með þau sem önnur óskilahross. Hreppsnefndum er heimilt að láta halda hrossarétt haust og vor, þá er þeim þykir þurfa.

Um andvirði óskilahrossa, sem enginn getur helgað sér innan þess tímamarks, sem ákveðið er í 43. gr., fer á sama hátt og andvirði óskilafjár.

43. gr.

Um útlausnarrétt og andvirðisgreiðslu óskilafjár.

Missiris útlausnarfrestur er á seldum hrossum, en enginn á sauðfé. Hross falla eiganda meðan útlausnarfresturinn stendur yfir. Andvirði seldra kindu og gripa fá eigendur allt til septemberloka árið eftir að selt er, að frádregnum öllum kostnaði.

44. gr.

Um ómarkað fé og illa markað.

Eigi þarf að lýsa ómerkingum þeim, sem fyrir koma eftir aðalréttir og skilaréttir, né heldur því fé, sem er svo kalneyrt eða brunnið á eyrum, soramarkað eða að öðru leyti svo illa markað, að markglöggir menn geta ekki gert úr markinu, og skal það allt selja sem óskilafé. En gefi eigandi sig fram og geti glögglega sannað eign sína, fær hann hana eða andvirði hennar að kostnaði frádregnum. Sama gildir um ómörkuð eða illa mörkuð hross sem sauðfé.

45. gr.

Um leifar andvirðis óskilafjár.

Andvirði þess óskilafjár, sem kemur úr eftirleitum og ekki gengur út, rennur óskipt til þeirra hreppa, er eftirleitir annast. En það af andvirði annars óskilafjár, sem enginn getur helgað sér innan hins ákveðna tíma og eigi hefur gengið í markalýsingakostnað, rennur í fjallskilasjóði hreppanna þannig, að Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur fá óskipt andvirði óskilafjár, sem þar er selt, en andvirði þess, sem er í öðrum hreppum á því svæði, er reglugerð þessi nær yfir, rennur í afréttarmálasjóð Flóa- og Skeiðahreppa.

VII. KAFLI

Um almenningssmalanir og millirekstra.

46. gr.

Um vorsmalanir.

Á hverju vori skal smala allan Flóa og Skeið föstudaginn í 11. viku sumars. Á sama hátt skal smala Hrunamannahrepp og Gnúpverjahrepp mánudaginn í 11. viku sumars.

Réttahöld geta hreppsnefndir fyrirskipað, ef það þykir henta, og ráða þá allri tilhögun þeirra. Í hreppunum skal svo oft smalað og rekið á milli, sem hreppsnefndirnar fyrirskipa, og réttir geta þær á sama hátt látið halda, ef ástæða þykir til.

47. gr.

Um óskilafé á vorin.

Allt óskilafé, sem kemur fyrir á lögboðnum smaladögum haust og vor, skal rekið til rétta. Innansveitarmenn hirða þar fé sitt, en utansveitarfé sé ráðstafað af hlutaðeigandi hreppum eða afréttarmálafélagi.

48. gr.

Um haustmalanir.

Eftir veturnætur skal almenn smölun fara fram í öllum hreppum mánudaginn þriðja í vetri. Skal þá hver bóndi reka til skilaréttar allt óskilafé, svo og hross, sem fyrir kemur í landi hans. Um frekari haustmalanir fer á sama hátt og um getur í 46. gr.

49. gr.

Um skil á fénaði.

Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningssmölun vor og haust, og halda öllu fé annarra sem bezt til skila. Bregðist fyrirskipuð smölun hjá einhverjum, án þess að lögmæt forföll komi til, varðar það sektum. Verði einhver ber að því að smala illa heimalönd sín við almenningssmölun,

- 162 hefur hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá að láta
8. sept' framkvæma hana, hvort tveggja á hans kostnað. Sé einhver svo mannfár, að hann
geti ekki af eigin rammleik smalað heimaland sitt, þá er boðið er, ber hreppsnefnd
að útvega honum styrk til þess, ef fáanlegur er, á hans kostnað, nema því aðeins að
sveitarfélagið vilji styrkja til þess ókeypis. Öll vísitandi vanskil á fénaði varða
sektum, nema þau séu svo vaxin, að þyngri refsing liggi við.

50. gr.

Um meðferð á fénaði.

Þess skal jafnan vandlega gæta, hvenær sem fé er smalað eða rekið á milli, réttað eða geymt, að fara svo vel með féð sem framast er unnt: eigi handleika það eða kvola meir en þörf gerist, eigi láta það standa inni í sveltum nema sem skemmst, eigi láta vera of þröngt um það, né fara svo með það á annan hátt, sem getur hrjáð það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfa pyndingar ber að meta sem illa meðferð á skepnum.

51. gr.

Um óþrif í fénaði.

Ef vart verður við einhver ískeygileg óþrif eða veikindi í fénaði, skal þegar taka það frá öðrum fénaði og tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, er þá lætur rannsaka það og segir sýslumanni til, ef hætta þykir á ferðum.

VIII. KAFLI

Um rekstra á sölufé.

52. gr.

Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það telst nægileg tala ef 2 menn reka allt að 100 fjár, 3 menn allt að 200 fjár og 4 menn allt að 400 fjár, og svo fleiri menn eftir líkri tiltölu, ef fleira fé er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mennt. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, hversu fátt sem rekið er. Þó má einn maður reka, ef ekki eru reknar nema 15 kindur.

53. gr.

Um rekstrarforingja.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en aðgöngu á hann aftur að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, er brotið er svo vaxið, að það á undir almenn hegningarlög.

54. gr.

Um rekstrarmark.

Allt fé í sölurekstrum skal vera auðkennt með ákveðnu rekstrarmarki, er sé svo glögggt, að það sjáist tilskyndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi, og sé sams konar rekstrarmark á öllum kindum í sama rekstri.

55. gr.

162

Um áning og áfanga.

8. sept.

Reka skal hægt og gætilega, æja nógu oft og hafa áfanga eigi of langa. Eigi má æja í slægjulöndum meðan heyannir standa yfir, en úr því má æja hvar sem vill utan túns, hvort heldur í byggð eða óbyggð.

56. gr.

Um vörn við því, að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fé, ef hjá því verður komizt. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei úr því dimmt er orðið. Svo má aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

57. gr.

Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo til að öðru fé lendir saman við rekstur, og skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann, ef í byggð er, fyrr en búið er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, sem til þess er fær, og ber að gera það ókeypis, ef það tekur ekki yfir 2 klukkustundir, ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgöngu eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefur ekki verið sjálfum um að kenna.

58. gr.

Um talning á rekstrinum.

Telja skal féð í rekstrinum hvenær sem viðstaða verður svo, að féð dreifi sér nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fé í reksturinn, skal gera aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það, sem vantar. En ef fleira fé er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rétta reksturinn og skilja það frá, sem að hefur komið, og sjá til að það komist í áttþaga sína, eigendum að skaðlausu.

59. gr.

Um óleyfilega fjártöku í rekstra.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fé annarra í rekstur heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu, eftir samkomulagi eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf.

60. gr.

Um fjárflutninga með bifreiðum.

Sé fé flutt á bifreiðum, skal pallurinn hólfaður þannig, að eigi séu fleiri en 10—12 kindur í hólf. Á pallinn skal bera hey eða annað það, er fær fénu fótfestu. Skyllt er að hafa a. m. k. 1 mann hjá fénu til eftirlits.

162
8. sept.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

61. gr.

Um úrskurðarvald.

Í öllum þeim atriðum, sem eigi er minnst á í þessari reglugerð, en eru samkyns eða skyld að efni, skulu hreppsnefndir ráða því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó svo, að það komi ekki í bága við landslög eða reglugerð þessa, né skerði skýlausan rétt annarra sveitarfélaga. Bera skulu hreppsnefndir þau atriði, er að þessu líta, og þær hafa ástæðu til að ætla, að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir.

Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, er hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri í sýslunni koma í bág hverir við aðra. Þá getur hún veitt leyfi til, að hér að lútandi mál, sem að lögum bera undir hana, séu lögð í gerð. Stjórnarráðið ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur.

62. gr.

Um sektir og málsóknir.

Brot gegn reglugerð þessari varða 40—4000 króna sektum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brot er framið í. Ef brotið er framið í afrétti, skal líta svo á sem brotið sé í þeirri sveit, sem næst liggur þeim afrétti, sbr. þó 16. gr.

63. gr.

Um ógildingu eldri ákvæða.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og jarðir þær í Biskupstungnahreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnessýslu, nr. 107/1934.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. september 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

163

5. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 162/1949, um þjóðleikhús.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bókmenntaráðunautur Þjóðleikhússins annast gagnrýni og könnun leikrita og annars bókmenntaefnis og gerir tillögur um val leikrita. Honum ber að kynna sér íslensk og erlend leikrit, sem leikhúsinu berast og segja álit sitt á þeim eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að þau berast, nema sérstök atvik hamli. Bókmenntaráðunautur skal veita skriflega umsögn um leikrit, ef þjóðleikhússtjóri æskir.

Við leikhúsið starfar tónlistarnefnd. Í henni eiga sæti Þjóðleikhússtjóri og tveir menn er ráðherra skipar. Nefndin skal fjalla um öll tónlistarmál leikhússins og gera tillögur um val söngleikja og annarar tónlistar á vegum þess. Verði ágreiningur í nefndinni sker þjóðleikhúsráð úr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um Þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. ágúst 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

164

7. ágúst

um notkun heimildar um stimpilgjald af ábyrgðartryggingarskírteinum.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 50 5. ágúst 1953, um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald, hefur ráðuneytið ákveðið, að ábyrgðartryggingarskírteini skuli stimplast með átta af hundraði (8%) af fyrsta árs iðgjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 7. ágúst 1953.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sig. Áskelsson.

GJALDSKRÁ

um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

1. Burðargjöld.

Fyrir	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Grænl.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Sviþjóðar				Til annarra landa			
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burðargj.aur. staðar	Burð- argj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g.	20	75	125	Sama og innanlands	20	125	Sama og innanlands	20	175		
	Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	125 250 500 750	150 300 500	250 500 750	Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	125 250 500 750	250 500 750		40 60 80	275 375 475		
Bréfsþjöld einf. tvöf.	Mest 15×10,5 cm Minnst 10×7 cm		50 100	60 120	Sama og innanlands		60 120	Sama og innanlands		100 200		
	Stærð sömu og bréfa Þyngd 2000 g	50 100 150 200 hver 50 þar yfir	75 75 100 125 25	125 125 125 150 30	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	50 100 150 200 hver 50 þar yfir	175 175 175 175	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	175		35

Prent	Stærð sömu og bréfa Þyngd 3000 g	50 100 hver 50 par yfir	60 90	50 75	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 par yfir	70 105	Stærð sömu og bréfa Þyngd 3000 g Einstök bindi þó 5 kg. Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfspjöld	50 100 hver 50 par yfir	70 105
Blindra- prent	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	15	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15
Sýnishorn	Stærð sömu og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 par yfir	60 90	50 75	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 par yfir	70 105	Stærð sömu og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 par yfir	70 105

Böggjar (Innanlands):

a. Með skipum á hafnarstaðina og með bifreiðum.

b. Með landpóstum.

Hámark þyngdar og stærðar:

a. Þyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm³ 5 kg eða minna, 80 dm³ yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg 100 dm³ yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm³ yfir 15 kg.

b. 46×24×24 cm.

Burðargjald:

a. Sjóveg og með bifreiðum að 1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg aurar 500 1000 1300 2200 3000 3700

b. Með landpóstum:

Sumar $1\frac{15}{4} - 1\frac{14}{10}$ — 800 1200 1500Vetur $1\frac{15}{10} - 1\frac{14}{4}$ — 1500 2000 2500

Staðartaxti er hálfur burðargjald eins og undir a.

Séu böggjar rúmfrekir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50%.

165
16. sept.

2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, Græn.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	150 aurar	150 aurar	200 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal greiða bæði skrásetningargjald og ábyrgðargjald)	Fyrir 300 kr. eða minna 150 aurar og 50 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 75 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna en 270 aurar
Fyrir afturköllun, utanáskriftarbreytingu, afnám eða lækkun póströfupphæðar	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Fyrir fyrirspurn um sendingu	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Hraðboðagjald	250 aurar, þar sem er daglegur bréfaútburður 1 km frá pósthúsinu, annars 250 aurar fyrir hvern km	250 aurar	300 aurar
Móttökukvittun: a) umbeðin við viðtöku b) umbeðin eftir viðtöku	125 aurar 200 aurar	125 aurar 200 aurar	150 aurar 200 aurar
Kvittun fyrir tolli, borgaðri póströfu, frimerkja- eða eyðublaðakaupum	10 aurar		

Talning í verðbréfi	Fyrir 500 kr. 25 aurar, fyrir 1000 kr. 40 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 20 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda
Alþjóða-svarmerki	Söluverð 250 aurar, skiptiverð 175 aurar í frimerkjum	
Skilríkisspjöld	375 aurar	
Fyrirframgreiðsla eftir franköseðli	200 aurar	
Fyrir tollmeðferð	200 aurar	
Fyrir staðfestingu á innihaldi	20 aurar fyrir hverjar 10 línur, minst 100 aurar	

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 1. okt. 1953. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðargjöld frá 23. nóv. 1951.

Póst- og simamálaráðherrann, 16. september 1953.

Ingólfur Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

166
28. ágúst

AUGLÝSING

um bann gegn hundahaldi í Seltjarnarneshreppi.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur hinn 31. marz 1953 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. ágúst 1953.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

167
14. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Árnassýslu, nr. 122 11. júlí 1947.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskyldt (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. gr. og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess konar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 1000 krónur af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunnjald skal greiða 45 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 70000 króna matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 70000 krónur allt að 500000 kr. matsverði og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, 167
getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti 14. sept.
eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miðað
við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heim-
taugagjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem
fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrir-
huguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samþykkt, stað-
festist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast
gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um löggilding lyfjaskrár fyrir dýralækna.

168

17. sept.

Með auglýsingu nr. 72, útgefinni 14. júlí 1950, um löggilding nýrrar lyfja-
skrár, samkvæmt ákvörðun forseta Íslands 13. júlí 1950, er ákveðið að Pharma-
copoea Danica 1948 (Editio IX) skuli löggilt til notkunar á Íslandi frá 1. jan. 1951.

Löggilding þessi gildir um nefnda lyfjaskrá alla, með þeim viðbótum, sem út
hafa verið gefnar, þar á meðal Addendum veterinarium, sem út var gefin 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um varnir gegn útbreiðslu hnúðorma í kartöflum.

169

19. sept.

1. gr.

Bannað er að flytja kartöflur af hinu sýkta svæði, sem talið er ná frá Mýrdals-
sandi um Suður- og Suðvesturland að Skarðsheiði, til annarra landshluta.

2. gr.

Á hinu sýkta svæði er bannað að geyma útsæði með matarkartöflum í félags-
geymslum, án þess það sé einangrað frá matarkartöfiunum.

Ef útsæði er geymt í slíkum geymslum, skal því komið fyrir vandlega að-
greindu, enda sé geymslustaður sóttthreinsaður áður en útsæðið er tekið til geymslu,
ef geymslan hefur áður verið notuð til geymslu kartafna.

169

19. sept.

3. gr.

Menn eru alvarlega varaðir við að taka frá kartöflur til útsæðis, sem ræktaðar hafa verið á hinu sýkta svæði, nema full vissa sé fyrir hendi um, að kartöfluhnúðormma hafi ekki orðið vart á þeim stað, þar sem kartöflurnar hafa verið ræktaðar.

4. gr.

Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans er falið að gefa út reglur og leiðbeiningar um varnir gegn kartöfluhnúðormum.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með auglýsingu þessari, varða sektum frá 100—5000 krónum.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Um leið er úr gildi numin bráðabirgðafyrirmæli um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðormma, sem út voru gefin 5. september 1953.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

170

21. sept.

AUGLÝSING

um löggildingu á leiðréttingarmönnum áttavita í skipum.

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn til þess að leiðrétta áttavita, að fengnum tillögum skólustjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Til þess að veita megi löggildingu, skal þess að jafnaði krafizt, að umsækjandi sé siglingafróður og sanni með prófi, að hann hafi bóklega og verklega þekkingu á að leiðrétta og gera við áttavita, og hafi náð lögaldri.

3. gr.

Um prófið gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Í bóklegu, að umsækjandinn hafi þá þekkingu á segulmagni og segulskekkju og á öllum þeim tækjum og áhöldum, sem nauðsynleg eru til þess að framkvæma fullkomnar áttavita- og segulskekkjurannsóknir, sem krafizt er til farmanna-prófs við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Umsækjandinn á einnig að þekkja almennar reglur fyrir staðsetningu áttavita, og helztu kröfur, sem gera skal til áttavita, hvað gæði þeirra og smíði snertir.
2. Aðaláherzlu skal leggja á verklega þekkingu. — Umsækjandinn skal sanna með vottorði áttavitasmiðs, á fullnægjandi hátt, að hann hafi næga þekkingu á að leiðrétta áttavita, gera við þá og ef unnt er, að hann hafi unnið að því að koma þeim fyrir í skipum.
3. Umsækjandinn skal sjálfur hafa framkvæmt leiðréttingar áttavita á nokkrum járn- og tréskipum.

4. Umsækjandinn skal með læknisvottorði sanna, að hann hafi þá sjón og heyrn, 170
sem nauðsynleg er skipstjórnarmönnum. 21. sept.
5. Í prófvottorðinu skal tekið fram, í hverju umsækjandinn hafi verið reyndur og um hæfni hans til þess að verða leiðréttingarmaður áttavita.

4. gr.

Reglur þessar ná ekki til þeirra leiðréttingarmanna, sem leiðrétt hafa áttavita um borð í 10 skipum, áður en reglur þessar öðlast gildi, og eiga þeir þá rétt á lög-gildingu.

5. gr.

Umsækjandinn skal greiða fyrir prófið hæfilegt gjald, sem rennur til próf-dómara.

6. gr.

Fyrir löggildingunni skal greiða kr. 50.00 sem rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt B-lið 34. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu,
nr. 91 22. ágúst 1935.

171

21. sept.

1. gr.

1. málgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allir þeir, sem eiga fé á afrétti fjallskilafélagsins, eru skyldir til að greiða hagatoll fyrir sitt fé, 50 auru fyrir hverja kind.

2. gr.

7. gr. III. kafla orðist svo:

Tjarnarétt skal vera aðalrétt í fjallskilafélaginu, en aukaréttir Fjallarétt, Víkingavatnsrétt og Miðbæjarrétt, og heyra þær undir Tjarnarétt, enda gangi úr-tíningsfé af aukaréttunum þangað og dragist upp á aðalréttinni.

Fé úr Svinadalshálsi og Ásheiði skal ganga til Tjarnaréttar, úr Garðsheiði til Miðbæjaréttar, úr Víkingavatnsheiði til Víkingavatnsréttar og úr Framfjöllum og Útfjöllum til Fjallaréttar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

ALÞINGISMENN

kosnir í júní 1953.

A. Þingmenn kjördæma.

Fyrir Vestur-Skaftafellssýslu:	Jón Kjartansson, sýslumaður.
— Vestmannaeyjar:	Jóhann Þ. Jósefsson, fyrrv. ráðherra.
— Rangárvallasýslu:	Ingólfur Jónsson, kaupfélagsstjóri.
	Helgi Jónasson, héraðslæknir.
— Árnessýslu:	Jörundur Brynjólfsson, bóndi.
	Sigurður Ó. Ólafsson, kaupmaður.
— Gullbringu- og Kjósarsýslu:	Ólafur Thors, ráðherra.
— Hafnarfjörð:	Ingólfur Flygenring, framkvæmdastjóri.
— Reykjavík:	Bjarni Benediktsson, ráðherra.
	Einar Olgeirsson, ritstjóri.
	Björn Ólafsson, ráðherra.
	Haraldur Guðmundsson, forstjóri.
	Jóhann Hafstein, bankastjóri.
	Sigurður Guðnason, verkamaður.
	Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri.
	Gils Guðmundsson, rithöfundur.
— Borgarfjarðarsýslu:	Pétur Ottesen, bóndi.
— Mýrasýslu:	Andrés Eyjólfsson, bóndi.
— Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:	Sigurður Ágústsson, kaupmaður.
— Dalasýslu:	Ásgeir Bjarnason, bóndi.
— Barðastrandarsýslu:	Gísli Jónsson, forstjóri.
— Vestur-Ísafjarðarsýslu:	Eiríkur Þorsteinsson, kaupfélagsstjóri.
— Norður-Ísafjarðarsýslu:	Sigurður Bjarnason, ritstjóri.
— Ísafjörð:	Kjartan Jóhannsson, læknir.
— Strandasýslu:	Hermann Jónsson, ráðherra.
— Vestur-Húnavatnssýslu:	Skúli Guðmundsson, bóndi.
— Austur-Húnavatnssýslu:	Jón Pálmason, bóndi.
— Skagafjarðarsýslu:	Steingrímur Steinþórsson, forsætisráðh.
	Jón Sigurðsson, bóndi.
— Siglufjörð:	Einar Ingimundarson, bæjarfógeti.
— Eyjafjarðarsýslu:	Bernharð Stefánsson, bankastjóri.
	Magnús Jónsson, lögfræðingur.
— Akureyri:	Jónas Rafnar, héraðsdómslögmaður.
— Suður-Þingeyjarsýslu:	Karl Kristjánsson, sparisjóðsstjóri.
— Norður-Þingeyjarsýslu:	Gísli Guðmundsson, fyrrv. ritstjóri.
— Norður-Múlasýslu:	Páll Zóphóníasson, búnaðarmálastjóri.
	Halldór Ásgrímsson, kaupfélagsstjóri.
— Seyðisfjörð:	Lárus Jóhannesson, hæstaréttarlögmaður.
— Suður-Múlasýslu:	Eysteinn Jónsson, ráðherra.
	Vilhjálmur Hjálmarsson, bóndi.
— Austur-Skaftafellssýslu:	Páll Þorsteinsson, kennari.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur.

172

Fyrir Alþýðuflokkinn:	Alfreð Gíslason, læknir.
— Sameiningarflokk alþýðu — Sózialistaflokkinn:	Gunnar M. Magnúss, rithöfundur. Katrín Thoroddsen, læknir.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Kristín L. Sigurðardóttir, frú. Ólafur Björnsson, prófessor. Guðbjartur Ólafsson, hafnsögumaður.
— Þjóðvarnarflokkinn:	Friðleifur I. Friðriksson, bifreiðarstjóri. Þórhallur Vilmundarson, kennari.

Varamenn þingmanna Rangárvallasýslu.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Sigurjón Sigurðsson, bóndi.
— Framsóknarflokkinn:	Björn Björnsson, sýslumaður.

Varamenn þingmanna Árnassýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Hilmar Stefánsson, bankastjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Steinþór Gestsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Skagafjarðarsýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Hermann Jónsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Gunnar Gíslason, sóknarprestur.

Varamenn þingmanna Eyjafjarðarsýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Tómas Árnason, héraðsdómslögumaður.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Árni Jónsson, tilraunastjóri.

Varamenn þingmanna Norður-Múlasýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Þorsteinn Sigfússon, bóndi.
	Sigurður Vilhjálmsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Suður-Múlasýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Stefán Björnsson, bóndi.
	Björn Stefánsson, kaupfélagsstjóri.

B. Landskjörnir þingmenn.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkurinn, SAS = Sameiningarflokkur alþýðu — Sózialistaflokkurinn, Þ = Þjóðvarnarflokkurinn.)

1. landskjörinn þingmaður:	Gylfi Þ. Gíslason, prófessor (A).
2. — —	Brynjólfur Bjarnason, kennari (SAS).
3. — —	Hannibal Valdimarsson, ritstjóri (A).
4. — —	Gunnar Jóhannsson, verkamaður (SAS).
5. — —	Emil Jónsson, vitamálastjóri (A).
6. — —	Finnbogi R. Valdimarsson, oddviti (SAS).
7. — —	Eggert G. Þorsteinsson, múrari (A).
8. — —	Bergur Sigurbjörnsson, viðskiptafr. (Þ).
9. — —	Karl Guðjónsson, kennari (SAS).
10. — —	Guðm. Í. Guðmundsson, bæjarfógeti (A).
11. — —	Lúðvík Jósefsson, framkv.stj. (SAS).

172

Varamenn landskjörinna þingmanna.

Fyrir Alþýðuflokkinn:

1. Kristinn Gunnarsson, viðskiptafr.
2. Benedikt Gröndal, ritstjóri.
3. Erlendur Þorsteinsson, framkv.stj.
4. Steindór Steindórsson, menntaskóla-kennari.
5. Ólafur Þ. Kristjánsson, kennari.

— Sameiningarflokk alþýðu —
Sósíalístaflokkinn:

1. Ásmundur Sigurðsson, kennari.
2. Steingrímur Aðalsteinsson, bifreiðar-stjóri.
3. Jónas Árnason, blaðamaður.
4. Magnús Kjartansson, ritstjóri.
5. Steinn Stefánsson, skólastjóri.

— Þjóðvarnarflokkinn:

Hermann Jónsson, fulltrúi.

173

YFIRLIT

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1953.

	Eignir :	
1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 18 315 572.15	
b. Veðdeild	— 3 846 476.12	
c. Ræktunarsjóður	— 43 952 822.08	
d. Byggingarsjóður	— 44 300 783.49	
e. Smábýladeild	— 23 763.31	
f. Nýbýlasjóður	— 663 567.49	
	<hr/>	kr. 111 102 984.64
2. Verðbréf:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 16 773 835.53	
b. Veðdeild	— 24 900.00	
c. Ræktunarsjóður	— 1 783 653.90	
d. Byggingarsjóður	— 1 146 495.03	
	<hr/>	— 19 728 884.46
3. Vixlar		— 48 182 568.11
4. Lán í hlaupareikningi		— 20 959 706.90
5. Ýmsir skuldunautar:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 555 064.45	
b. Ræktunarsjóður	— 62 118.27	
c. Byggingarsjóður	— 39 137.81	
	<hr/>	— 656 320.53
6. Óinnheimtar tekjur: Veðdeild		— 12 296.31
7. Teiknistofa		— 105 050.70
8. Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 1 206 737.97
9. Innanstokksmunir		— 394 350.15
10. Sameiginlegur kostnaður		— 1 500 140.49
11. Fasteignir		— 3 020 000.00
12. Innheimtur		— 1 288 891.48
13. Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 10 478 480.71
		<hr/>
		Kr. 218 636 412.45

Skuldir :

173

1. Innstæða í sparisjóði og á skirteinum	kr.	86 059 619.46	
2. Innstæða í hlaupareikningi	—	18 635 520.49	
3. Innstæða í reikningslánum	—	128 520.83	
4. Ýmsir kröfuhafar:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	1 992 320.97	
b. Nýbýlasjóður	—	180 100.00	
			— 2 172 420.97
5. Ríkissjóður:			
a. Ræktunarsjóður:			
1. Stofnlán	kr.	9 875 000.00	
2. Alþjóðabanki	—	10 000 000.00	
			kr. 19 875 000.00
b. Byggingarsjóður:			
1. Stofnlán	kr.	4 797 000.00	
2. Alþjóðabanki	—	6 358 359.53	
			— 11 155 359.53
			— 31 030 359.53
6. Eftirgefnir vextir, óráðstafað	—	1 138 039.23	
7. Ábyrgðir	—	1 206 737.97	
8. Vextir og aðrar tekjur:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	3 600 107.21	
b. Ræktunarsjóður	—	180 639.97	
c. Byggingarsjóður	—	1 310 544.22	
d. Nýbýlasjóður	—	8 168.12	
			— 5 099 459.52
9. Útibú á Akureyri	—	333 325.27	
10. Austurbæjarútbú	—	4 960 186.81	
11. Afskriftarreikningur	—	1 200 000.00	
12. Skuldlaus eign:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	7 334 534.55	
b. Veðdeild: ¼ '53	kr.	1 559 865.41	
Eftirgefið ríkissjóðslán	—	1 000 000.00	
			— 2 559 865.41
c. Ræktunarsjóður: ¼ '53	kr.	9 094 770.65	
Eftirgefið ríkissjóðslán	—	14 589 621.70	
			— 23 684 392.35
d. Byggingarsj.: ¼ '53 ..	kr.	17 729 269.70	
Eftirgefið ríkissjóðslán	—	14 589 621.70	
			— 32 318 891.40
e. Smábýladeild	—	309 102.63	
f. Nýbýlasjóður	—	465 436.03	
			— 66 672 222.37

Kr. 218 636 412.45

Reykjavík, 30. júní 1953.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

174

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1952.

Tekjur:	
1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1952, bls. 371). Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 29694.46
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1484.72
	<u>Kr. 31179.18</u>
Gjöld:	
Sjóður til næsta árs: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 31179.18
	<u>Kr. 31179.18</u>

*Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.***Jónas Guðmundsson.**

175

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs sjómanna árið 1952.

Tekjur:	
Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1952, B. bls. 369)	kr. 43.98
Vextir	— 1.50
	<u>Kr. 45.48</u>
Gjöld:	
Sjóður til næsta árs	kr. 45.48
	<u>Kr. 45.48</u>

*Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.***Jónas Guðmundsson.**

176

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1952.

Tekjur:	
Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1952, B. bls. 371)	kr. 2468.61
Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 123.43
	<u>Kr. 2592.04</u>
Gjöld:	
Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr. 2592.04
	<u>Kr. 2592.04</u>

*Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.***Jónas Guðmundsson.**

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1953.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Brasílu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. september 1953, nr. 56.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 57.

Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 11. september 1953, nr. 58.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1953 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 1. október 1953, undirskrifað af forsetanum 17. september 1953, nr. 59.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísrael, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. september 1953, nr. 60.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 61.

Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra 15. október 1953, nr. 62.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu, undirskrifuð af forsetanum 6. nóvember 1953, nr. 63.

Lög um breytingu á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skoðverkaðri sild, undirskrifuð af forsetanum 9. nóvember 1953, nr. 64.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði, undirskrifuð af forsetanum 11. nóvember 1953, nr. 65.

Lög um breytingu á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 66.

Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og stórhertogadæmisins Luxemburg, undirskrifuð af utanríkisráðherra 17. nóvember 1953, nr. 67.

Lög um breytingu á lögum nr. 93 27. nóv. 1951, um breytingu á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breytingu á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum 19. nóvember 1953, nr. 68.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Vigfúsar J. Hjaltalín, Brokey“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. sept. 28. sept. 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Vigfúsar J. Hjaltalín, Brokey.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Vigfúsar J. Hjaltalín, Brokey.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000.00 — fimm þúsund — krónur. Hann er stofnaður af Kristjönu Kristjánsdóttur Hjaltalín, til minningar um mann hennar, Vigfús Jónsson Hjaltalín, fæddan 4. október 1862, dáinn 3. júlí 1952, er lifði allan aldur sinn í Brokey og liggur í kirkjugarðinum á Narfeyri.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimum, er leggjast við höfuðstól hans.

4. gr.

Allir vextir skulu lagðir við höfuðstól í næstu 10 ár, en að þeim tíma liðnum má ráðstafa $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta. $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn 100 000.00 — eitt hundrað þúsund — krónur, en þá má veita $\frac{1}{10}$ hluta vaxtanna. $\frac{1}{10}$ hluti vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða annarri hliðstæðri stofnun.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og fegra Narfeyrarkirkju og Narfeyrarkirkjugarð. Verði sú breyting á, að Narfeyrarkirkja verði lögð niður, þá skal sjóðurinn að öllu eign Narfeyrarkirkjugarðs og tekjur hans eingöngu ganga til viðhalds og fegrunar núverandi kirkjugarði á Narfeyri.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Reikningshaldari Narfeyrarkirkju skal hafa reikningshald sjóðsins með höndum og vera í stjórn hans. Fari svo, að Narfeyrarkirkja verði lögð niður og söfnuðurinn sameinaður öðrum söfnuði, skal reikningshaldari þess safnaðar taka sæti í stjórninni sem reikningshaldari sjóðsins.

Meðstjórnendur verði viðkomandi sóknarprestur, svo og ættingi Vigfúsar, ef búsettur er í sókninni, og skal hann valinn af sóknarnefnd. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður með reikningum kirkjunnar og látinn fylgja þeim, enda verði hann eins og þeir undir yfirumsjón biskups.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Brokey, 21. júlí 1952.

Kristjana Kr. Hjaltalín.

AUGLÝSING

um bann við sölu á II. flokks kartöflum til manneldis innanlands.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943, og samkvæmt tillögum Grænmetisverzlunar ríkisins, er verzlunum hér með bönnuð sala á II. flokks kartöflum til manneldis innanlands.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum frá 50 til 3000 kr., ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt lögum.

3. gr.

178

Auglýsing þessi öðlist gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, 30. sept. sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

179

1. okt.

um breyting á reglugerð nr. 53 7. marz 1945, um gjöld til utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Fyrir embættisverk þau, sem framkvæmd eru í utanríkisráðuneytinu eða af fulltrúum þess erlendis, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá reglugerðar nr. 53 7. marz 1945 með 100% viðauka.

Þó skulu gjöld þau, sem ákvörðuð eru sem ákveðinn hundradshluti (prósenta) af upphæð haldast óbreytt.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1954.

Utanríkisráðuneytið, 1. október 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

GJALDSKRÁ

180

1. okt.

fyrir Rafveitu Eyrarsveitar.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarsveitar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst. fyrir alla notkun á heimilinu, auk fasta-gjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði á hvert íbúðarherbergi. Til íbúðarherbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, bað-herbergi, þvottahús eða geymslur.

Herbergi, sem er minna en 6 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til vélareksturs.

Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

180

D. Til bókunarofna í brauðgerðarhús.

1. okt. Um kwst.mæli á 50 auru hverja kwst., enda sé þá heimilt að rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

E. Til götu- og hafnarlýsingar.

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveðst samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni — 4.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. — 9.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, á þann hátt, sem hér segir:

<i>Rúmmál húss m³:</i>		<i>Heimtaugargjald jarðstrengs:</i>	
Frá	0 allt að 100	kr.	700.00
—	100 — — 150	—	800.00
—	150 — — 200	—	900.00
—	200 — — 250	—	1000.00
—	250 — — 300	—	1100.00
—	300 — — 350	—	1200.00
—	350 — — 400	—	1300.00
—	400 — — 450	—	1400.00
—	450 — — 500	—	1500.00
—	500 — — 550	—	1600.00
—	550 — — 600	—	1700.00
—	600 — — 650	—	1800.00
—	650 — — 700	—	1900.00
—	700 — — 750	—	2000.00
—	750 — — 800	—	2100.00
—	800 — — 850	—	2200.00
—	850 — — 900	—	2300.00
—	900 — — 1000	—	2450.00
—	1000 — — 1200	—	2700.00
—	1200 — — 1500	—	3000.00
—	1500 — — 2000	—	3300.00
—	2000 og þar yfir	—	3700.00

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meira

en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða 180 kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsum, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í útihús á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið. 1. okt.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. október 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

181

3. okt.

um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda þorskveiðar með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót, sbr. þó 9. gr.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með netjum og salta aflann um borð.
- III. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og netjum og salta aflann um borð.
- IV. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
- V. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
- VI. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
- VII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
- VIII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
- IX. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu og netjum.
- X. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.

- 181 XI. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
 3. okt. XII. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, netjum eða handfæri.
 XIII. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
 XIV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu.
 XV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

- a. Sjóðstjórnin ákveður hverju sinni veiðisvæði og bótatímabil fyrir skip í I.—III. flokki.
- b. Fyrir skip í IV., VI., VII., IX., X. og XII. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
10. janúar — 15. maí
 2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. febrúar — 15. maí
 3. svæði: Þorlákshöfn
15. janúar — 15. maí
 4. svæði: Grindavík
1. janúar — 15. maí
 5. svæði: Hafnir og Sandgerði
1. janúar — 15. maí
 6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar — 15. maí
 7. svæði: Hafnarfjörður
1. janúar — 15. maí
 8. svæði: Reykjavík
1. janúar — 15. maí
 9. svæði: Akranes
1. janúar — 15. maí
 10. svæði: Hellissandur, Rif og Ólafsvík
1. janúar — 15. maí
 11. svæði: Grundarfjörður
1. janúar — 15. maí
 12. svæði: Stykkishólmur
1. janúar — 15. maí
 13. svæði: Flatey
1. janúar — 15. maí
 14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
1. febrúar — 31. maí
 15. svæði: Arnarfjörður
1. janúar — 31. maí
 16. svæði: Dýrafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
 17. svæði: Önundarfjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
 18. svæði: Súgandafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember

19. svæði: Bolungavík
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
20. svæði: Hnifsdalur, Ísafjarðarkaupstaður og Álftafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
21. svæði: Steingrímsfjörður
1. janúar — 10. júní
1. október — 31. desember
22. svæði: Höfðakaupstaður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
23. svæði: Skagafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
24. svæði: Siglufjörður
1. janúar — 20. júní
1. október — 10. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
1. febrúar — 20. júní
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík
1. febrúar — 20. júní
27. svæði: Akureyri
1. marz — 30. júní
28. svæði: Flatey og Húsavík
1. apríl — 15. desember
29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn
1. júní — 15. nóvember
30. svæði: Vopnafjörður
1. júní — 15. september
31. svæði: Seyðisfjörður
1. maí — 31. október
32. svæði: Neskaupstaður
1. maí — 31. október
33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
15. apríl — 31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. febrúar — 31. maí
1. júní — 31. október
35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík
1. febrúar — 31. maí
1. júní — 31. október
36. svæði: Djúpivogur
1. janúar — 31. maí
1. júní — 31. október
37. svæði: Hornafjörður
1. janúar — 31. maí
- c. Fyrir skip í V., VIII. og XI. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
1. marz — 11. maí

181

3. okt.

2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. marz — 11. maí
 3. svæði: Þorlákshöfn
1. marz — 11. maí
 4. svæði: Grindavík
1. marz — 11. maí
 5. svæði: Hafnir og Sandgerði
15. febrúar — 11. maí
 6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. febrúar — 11. maí
 7. svæði: Hafnarfjörður
15. febrúar — 11. maí
 8. svæði: Reykjavík
15. febrúar — 11. maí
 9. svæði: Akranes
15. febrúar — 11. maí
- d. Fyrir skip í XIII. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
15. maí — 15. september
 3. svæði: Grindavík
1. maí — 30. september
 4. svæði: Hafnir, Sandgerði og Garður
1. maí — 30. september
 5. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. marz — 15. maí
 6. svæði: Hafnarfjörður
15. maí — 30. september
 7. svæði: Reykjavík
15. maí — 30. september
 8. svæði: Akranes
15. maí — 15. ágúst
 9. svæði: Hellissandur
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
 12. svæði: Stykkishólmur
1. maí — 30. júní
1. september — 15. desember
 14. svæði: Arnarfjörður
1. maí — 31. júlí
1. september — 30. nóvember
 17. svæði: Súgandafjörður
1. maí — 31. október
 18. svæði: Bolungavík
1. maí — 31. ágúst
 20. svæði: Ísafjarðarkaupstaður
1. maí — 15. október
 21. svæði: Álftafjörður
15. maí — 30. september
 22. svæði: Steingrímsfjörður
1. maí — 30. júní
1. september — 30. nóvember

23. svæði: Höfðakaupstaður
15. maí — 15. desember
 24. svæði: Sauðárkrókur
1. apríl — 31. desember
 25. svæði: Hofsóss
1. apríl — 31. desember
 26. svæði: Siglufjörður
1. apríl — 31. október
 27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl — 31. október
 28. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík
1. apríl — 30. júní
1. ágúst — 30. nóvember
 30. svæði: Húsavík
1. apríl — 15. nóvember
 31. svæði: Raufarhöfn
15. maí — 15. október
 32. svæði: Þórshöfn
15. maí — 15. október
 33. svæði: Bakkafjörður
15. maí — 30. september
 34. svæði: Vopnafjörður
1. júní — 15. október
 35. svæði: Borgarfjörður
15. maí — 20. september
 36. svæði: Seyðisfjörður
1. júní — 15. október
 37. svæði: Mjóifjörður og Neskaupstaður
1. júní — 15. október
 38. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
15. apríl — 30. september
 39. svæði: Vattarnes
1. maí — 30. september
 40. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. maí — 15. nóvember
 41. svæði: Stöðvarfjörður
1. marz — 31. október
 42. svæði: Djúpivogur
1. marz — 31. október
- e. Fyrir skip í XIV. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní
 2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október
 3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember
 4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní

181 f. Fyrir skip í XV. flokki:

3. okt.

Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið.

Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

- g. Séu bátar gerðir út til fiskveiða frá einhverjum þeirra staða, sem ekki eru nefndir í þessari grein reglugerðarinnar, skal sjóðstjórnin ákveða hverju sinni til hvaða veiðisvæðis þeir bátar skuli teljast.

4. gr.

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkv. tillögum sjóðstjórnarinnar, og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands ísl. útgerðarmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótageiðslur úr sjóðnum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma, en ákveðinn er í reglugerðinni fyrir viðkomandi svæði, en lækkar hlutfallslega, ef úthaldstíminn er styttri.

5. gr.

Skylt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það leggur úr höfn til veiða og tilkynna þá jafnframt hvar og með hvers konar veiðarfærum skipinu er ætlað að stunda veiðar. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn flokk samkvæmt 2. gr. Skylt er einnig að tilkynna sjóðstjórninni þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bóta úr sjóðnum.

6. gr.

Það telst almennur aflabrestur ef meðalafli skipa í hverjum flokki er minni en 75% af meðalveiðimagni því, sem ákveðið verður samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur, og skal þá hvert skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafli skipa þess flokks fá bætt 40% af því, sem vantar á meðalafli, og síðan með vaxandi afla lækkandi hundradshluta bóta samkvæmt eftirfarandi reglum:

Skip, sem aflar	45 % af meðalafli fær	40 % bætur af því, sem á vantar	meðaltal.
— — —	46 — — —	— 39 — — —	— — —
— — —	47 — — —	— 38 — — —	— — —
— — —	48 — — —	— 37 — — —	— — —
— — —	49 — — —	— 36 — — —	— — —
— — —	50 — — —	— 35 — — —	— — —
— — —	51 — — —	— 34 — — —	— — —
— — —	52 — — —	— 33 — — —	— — —
— — —	53 — — —	— 32 — — —	— — —
— — —	54 — — —	— 31 — — —	— — —
— — —	55 — — —	— 30 — — —	— — —
— — —	56 — — —	— 29 — — —	— — —
— — —	57 — — —	— 28 — — —	— — —

Skip, sem aflar	58 % af meðalafla fær	27 % bætur af því, sem á vantar	meðaltal.	181
— — — 59	— — —	— 26	— — — — —	3. okt.
— — — 60	— — —	— 25	— — — — —	
— — — 61	— — —	— 24	— — — — —	
— — — 62	— — —	— 23	— — — — —	
— — — 63	— — —	— 22	— — — — —	
— — — 64	— — —	— 21	— — — — —	
— — — 65	— — —	— 20	— — — — —	
— — — 66	— — —	— 19	— — — — —	
— — — 67	— — —	— 18	— — — — —	
— — — 68	— — —	— 17	— — — — —	
— — — 69	— — —	— 16	— — — — —	
— — — 70	— — —	— 15	— — — — —	

Skip, sem fá 71—74% af meðalafla, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar að afli þeirra ná 74,5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum. Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækka hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

8. gr.

Við lok hvers veiðitímabils skal eigandi eða útgerðarmaður skips senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um útgerð skipsins á tímabilinu í því formi, sem sjóðstjórnin ákveður.

9. gr.

Rétt til bóta hafa eingöngu þeir, sem stunda fiskveiðar sem aðalatvinnu.

10. gr.

Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla hlutaðeigandi flokks, skal sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós að vitaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem hlutaðeigandi skipum bæri samkvæmt hinni almennu reglu 7. gr. eða fella bætur alveg niður, ef um mikil víti er að ræða.

11. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatrygginga-sjóð bátáutvegsins, og gildir frá 1. janúar 1953. Frá sama tíma eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 195 15. nóv. 1951, nr. 198 25. sept. 1952, og nr. 50 23. marz 1953.

Atvinnumálaráðuneytið, 3. október 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

182
13. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 10. jan. 1953, um söluskatt.

1. gr.

6. gr. C., 10. liður, orðist svo:
Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

183
28. okt.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Seyðisfjarðar á nokkrum fasteignum á Seyðisfirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Seyðisfjarðarkaupstaður áskilur sér forkaupsrétt á eftirtöldum fasteignum á Seyðisfirði:

Húseignin nr. 43 við Hafnargötu.
Erfðafestuland nr. 9 við Norðurgötu.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1953 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

184
29. okt.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Arðskrá samkv. yfirmati 1953
1000 einingar

1. Hjaltabakki	17
2. Skinnastaðir	26
3. Akur	53
4. Stóra Giljá	4
5. Beinakelda	2
6. Litla Giljá	3
7. Hnausar	68

	Arðskrá samkv. yfirmati 1953 1000 einingar	184 29. okt.
8. Bjarnastaðir	48	
9. Mässtaðir	11	
10. Hjallaland	9	
11. Hvammur	16	
12. Eyjólfstaðir	14	
13. Hof	24	
14. Kötlustaðir	14	
15. Gilá	9	
16. Marðarnúpur	5	
17. Guðrúnarstaðir	2	
18. Kárdalstunga	2	
19. Þórormstunga	29	
20. Sunnuhlíð	31	
21. Forsæludalur	27	
22. Grímstunga	68	
23. Haukagil	36	
24. Saurbær	28	
25. Ás	24	
26. Ásbrekka	16	
27. Brúsastaðir	5	
28. Snæringsstaðir	5	
29. Undirfell	25	
30. Kornsa	11	
31. Gilsstaðir	9	
32. Flaga	9	
33. Helgavatn	9	
34. Hnjúkur	9	
35. Breiðabólstaður	8	
36. Miðhús	10	
37. Vatnsdalshólar	69	
38. Sveinsstaðir	76	
39. Steinnes	27	
40. Leysingjastaðir	9	
41. Þingeyrar	133	

Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. október 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

185
4. nóv.

SAMÞYKKT

um veiði í Þingvallavatni.

1. gr.

Silungur annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði annarri en stangar- og dorgarveiði, frá 1. september til 31. október. Enn fremur skal silungur á svæðinu austan línu frá Langatanga að Fornaseli við Arnarfell vera friðaður fyrir allri veiði frá 15. júlí til 15. ágúst ár hvert.

2. gr.

Óheimilt er að hirða silung, sem veiddur er á stöng og minni er en 20 cm, mældur frá trjónu í sporðsýlingu.

3. gr.

Óheimilt er að nota net til silungsveiði, sem smáriðnari eru en svo, að 4 cm séu á milli hnúta, þá er net eru vot, og murtunet, sem hafa smærri möskva en svo, að 2.25 cm séu á milli hnúta, þá er net eru vot.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 112/1941, ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað, og gildir í fimm ár frá deginum í dag að telja.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. nóvember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

186
7. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat og fleira.

77. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kjöt af folöldum skal merkja Fo I, ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel útlítandi, en Fo II séu þeir holdverri eða á einhvern hátt ekki vel útlítandi.

Kjöt af tryppum á aldrinum 1—5 vetra, skal merkja Tr I, séu skrokkarnir vel útlítandi og hæfilega feitir, en Tr II séu þeir holdverri eða á einhvern hátt ekki vel útlítandi.

Kjöt af hrossum á aldrinum 6—9 vetra, skal merkja Hr I, ef skrokkarnir eru vel útlítandi og hæfilega feitir.

Kjöt af hrossum 10—15 vetra, skal merkja Hr II, enda séu skrokkarnir vel útlítandi og ekki of feitir.

Kjöt af hrossum 16 vetra og eldri og lakara kjöt af yngri hrossum, þar á meðal 186 óhæfilega feitt kjöt, skal merkja Hr III, teljist það söluhæft á opinberum markaði. 7. nóv.

Kjöt af stórgripum skal hluta þannig í sundur, að hver skrokkur sé sagaður að endilöngu eftir miðjum hrygg og bringan klofin til helminga, en síðan skal þverskera helmingana þannig, að 2—3 rif fylgi afturparti. Hálsæðar skulu skornar frá og jafnframt strjúpi, hafi hann blóðgast.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt lögum nr. 5 23. febr. 1949, um kjötmat o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. nóvember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

187

9. nóv.

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, um grenjaleitir og eyðingu refa og minka.

1. gr.

Villirefir og refir og minkar, sem sloppið hafa úr vörzlu, eru óhelgir, og skal eyða þeim með hverjum þeim hætti, er helzt verður við komið.

2. gr.

Hreppsnefndum er skylt að sjá um, að eitrad sé fyrir refi og minka þriðja hvert ár, og skulu hinir hæfustu menn fengnir til að sjá um eitrunina. Eitrad agn skal leggja á afskekkt staði og skal tilkynna þeim, er næst búa, hvar eitrið hafi verið lagt. Hirða skal að vori leifar þess, sem eitrad hefur verið, og grafa eða urða. Þegar rjúpur eru eitradar, skal stýfa hægri væng þeirra um miðju.

3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heimalöndum og afréttarlöndum hreppsins, svo og um vinnslu grenja og minkabæla. Þar sem tveir (eða fleiri) hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu leitina og vinnslu dýranna á afréttinni.

4. gr.

Hreppsnefnd eða stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarland saman, skulu í tæka tíð ráða skotmann eða bogmann einn eða fleiri, til að vinna greni og minkabæli í hreppnum. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúnir til grenjavinnslu hvenær sem greni eða minkabæli finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum. Skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina.

5. gr.

Gera skal tvær leitir, þá fyrri 3—6 vikur af sumri, og þá síðari 8—11 vikur af sumri. Á tímabilinu 6—11 vikur af sumri, skulu hreppsnefndir láta a. m. k. eina rækilega grenja- og minkaleit fara fram á afréttarlöndum hreppanna. Ef sérstök ástæða er til, skal láta fara fram þriðju leit eftir 11. helgi.

187

9. n.óv.

6. gr.
Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir, að vinna refagreni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náð til skotmanns í tæka tíð.

7. gr.

Nú hefur oddviti fengið vitneskju um, að dýr hefur lagt í greni, og skal hann þá tafarlaust aðvara skotmann og vökumann, er hreppsnefnd hefur ráðið til grenjavinnslu. Sama gildir um minkagreni.

8. gr.

Nú finnst gren, þó ekki sé í leit, og skal sá er finnur tafarlaust skýra oddvita frá, eða skotmanni, sé það auðveldara.

9. gr.

Þegar greni eða minkabæli finnst, hvort heldur er í grenja- eða minkaleit, eða þess utan, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar, nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni sem mest. Tilkynna skal það oddvita eða skotmanni tafarlaust.

10. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því sem um semst við hreppsnefnd. Þó skulu ávallt greidd einhver verðlaun fyrir unnin dýr á grenjum, og skulu verðlaun fyrir síðara grendýr minnst vera þrefalt hærri en fyrir fyrra dýrið.

11. gr.

Sjái skotmaður hvorugt fullorðna dýrið þrjú fyrstu dægrin, er hann liggur á greninu og heyrir eigi til yrðlinga, skal honum ekki skylt að bíða þar lengur. En sjáist annaðhvort eða bæði dýrin, eða heyrir til yrðlinganna, skal hann dvelja þar full fimm dægur, ef eigi verður áður fullunnið, en lengur er honum eigi skylt að bíða, þó ekki vinnist. Yfirgefi skotmaður grenið fyrr en hér segir, án lögmætra orsaka, og liggi þó dýr þar, skal hann enga borgun fá, og varðar það hann einnig sektum.

12. gr.

Nú fær hreppsnefnd tilkynningu um nýfundnið gren eða minkabæli, er dýr hefur lagt í í landareign annars hrepps, og skal hún þá tafarlaust senda eða síma til oddvita þess hrepps, er þá annast um vinnslu þess. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi á heima í, annast um að grenið sé unnið, og kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslumanni til sekta og fullra skaðabóta.

13. gr.

Verði dýrbíts vart í sveitinni, skal hreppsnefnd gera sitt ýtrasta til að fá þau dýr unnin, er dýrbítum valda, og telst það sem venjulegur refaveiðakostnaður.

14. gr.

Hver sem vinnur fullorðið dýr, annars staðar en á greni eða í sambandi við grenjavinnslu (hlaupadýr), fær 60 króna verðlaun fyrir hvert þeirra, nema lög mæli annan veg fyrir. Sömu upphæð skal greiða fyrir hvern unninn mink. Heimilt er hreppsnefnd að greiða aukaverðlaun þeim refaskyttum, er skjóta eða taka í boga þrjú hlaupadýr eða fleiri á sama ári.

15. gr.

Nú eru aðstæður þannig, að veiðimaður telur hagkvæmt að gera gildirur eða skothún til refa- eða minkaveiða í landi annars manns, sem eigi stundar eða lætur stunda slíkar veiðar sjálfur, og skal veiðimanni það heimilt, en tilkynna skal hann ábúanda fyrir fram, hvar hann hyggst gera slík mannvirki, og skylt skal að búa svo um, að hvorki menn né búsmali geti hlotið mein af.

187

9. nóv.

16. gr.

Hreppsnefnd skal halda skrá yfir öll þekkt greni í hreppnum eða afréttarlöndum hans, og gera stutta lýsingu af greninu. Vörður eða skothyrgi skal gera við greni þau, sem þörf er á, og halda þeim við.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 200—1000 króna sektum.

18. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

19. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um refaveiðar í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 204 20. sept. 1945.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, og lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. nóvember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

REGLUR

um meðferð og útbúnað gúmmifleytitækja á skipum.

188

11. nóv.

1. gr.

Fleytitæki, úr gúmmibornum striga eða öðru svipuðu efni, skal hafa hlotið viðurkenningu skipaskoðunarstjóra.

Fleytitæki, sem þenja má út með lofti, skal haft á öruggum stað, þar sem fljótt verður náð til þess, og þess gætt, að það ekki skaddist í geymslunni.

Öll gúmmifleytitæki skulu skoðuð og prófuð á minnst 6 mánaða fresti. Þessa skoðun og prófun skal skipstjóri færa inn í eftirlitsbókina.

Enn fremur skal skipstjóri sjá um, að allir á skipinu kunni að fara með fleytitækið.

2. gr.

Þessi skal vera útbúnaður gúmmifleytitækja:

- a. Þrýstiloftsflaska, með nægilega miklu magni af kolsýrulofti, sem fyllt getur fleytitækið, svo nægur þrýstingur verði í því, og til vara hæfilega stór loft-handdæla, sem fylla megi fleytitækið með á 5 mínútum;

- 188 h. 2 áraspaðar;
 11. nóv. c. rekakkeri;
 d. Bátsfesti úr nylon, um 100 metrar, hæfileg að gildleika eða um 16 mm í ummál;
 e. lína, fest um fleytitækið, til að rétta það við, ef því hvolfir;
 f. 2 góð vasaljós í vatnsheldum umbúðum;
 g. 6 stjörnuþlys eða merkjabyssa með 12 skotum, eða annað, sem jafngildir þessu og skoðunarmaður tekur gilt;
 h. 2 flothæf reykmærki til dagnota, er gefa frá sér rauðgulan reyki;
 i. lítið glas með kamfórudropum eða öðru jafngóðu hressandi lyfi;
 j. vatnsílát úr gúmmí, sem tekur um tvo lítra af vatni eða lítilsháttar af næringaríkum mat, svo sem mjólk eða súpu.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirtil með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. nóvember 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

189

11. nóv.

SAMÞYKKT

Framræslu- og áveitufélagsins Landnám í Seyluhreppi.

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélagið Landnám. Heimili þess og varnarþing er Seyluhreppur.

2. gr.

Félagið nær yfir eftirtaldar jarðir í Seyluhreppi: Marbæli, Glaumbæ, Jaðar, Miklagarð, Hátún, Halldórsstaði, Holtskot og Geldingaholt.

Nú óska eigendur aðliggjandi jarða að fá framkvæmda landþurrkun eða áveitu og geta þeir þá gengið í félagið með því að undirrita samþykkt þessa, enda komi samþykkt lögmeats félagsfundar til fyrir upptöku nýrra félagsmanna.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast framkvæmd og starfrækslu á framræslu og áveitu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr., og koma í veg fyrir landspjöll af völdum vatna á félagssvæðinu.
2. Að útvega nauðsynlegt fé, sem framlag og lán, til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.

4. gr.

Félaginu er stjórnað af þriggja manna nefnd, kosinni af aðalfundi til þriggja ára, svo og varamenn þeirra, og einnig 2 endurskoðendur. Gengur einn maður úr stjórn félagsins á hverju ári. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti, og síðan í röð eftir starfsaldri ár hvert. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera og má sami maður eigi gegna þeim störfum báðum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Hann sér um bókun allra fundargerða. Gjaldkeri sér um alla reikninga félagsins. Hann annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun

formanns. Stjórnarnefnd annast alla framkvæmd fyrirtækisins og starfrækslu þess milli aðalfunda. Hún sér um að framkvæmt sé hið árlega viðhald á mannvirkjum þeim, er félagið lætur gera. Heimilt er stjórn félagsins að ráða eftirlitsmann með starfrækslu áveitunnar og viðhaldi hennar. 189 11. nóv.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði samkv. ákvæðum 7. gr. Greiðslur fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkv. reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara með skriflegu fundarboði. Aðalfundur heldur félagið fyrir 1. maí ár hvert. Aðalfundur er því aðeins lög-mætur að mættir séu á fundinum félagsmenn eða fulltrúar, er fara með $\frac{1}{3}$ af atkvæðum allra lögbundinna félagsmanna, og sé þá talið eitt atkvæði fyrir hvert lög-hýli samkv. 2. gr.

Nú mæta ekki svo margir félagsmenn, að fundur geti talizt lög-mætur, skal þá stjórn félagsins innan hálfis mánaðar boða til nýs aðalfundar með skriflegu fundarboði, og er þá fundur lög-mætur án tillits til þess hve margir félagsmenn mæta. Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar er kosin stjórn og endurskoðendur og rædd þau mál, er félagið varða. Aukafund má halda þegar félagsstjórnin eða meira en helmingur félagsmanna álitur þess þörf og hafa sent skriflega beiðni til félagsstjórnar.

6. gr.

Á kostnað áveitufélagsins skal gera alla aðalframræslu og áveituskurði, svo og nauðsynlegar stíflur í þá, enn fremur skal gera á kostnað félagsins þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til farvegsbreytinga á fallvötnum til að fyrirbyggja landspjöll á engjalöndum af völdum þeirra. Framkvæmd og fyrirkomulag mannvirkja skal haga samkv. áætlunum og uppdráttum, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir og með þeim viðaukum eða breytingum, sem af Búnaðarfélagi Íslands síðar kunna að vera gerðar.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, sem í 4. og 6. gr. er getið, svo sem afborgunum og vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórnin í nóvembermánuði ár hvert á allar jarðir, sem framræslan og áveitan nær til, eftir flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af verkinu.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að taka lán handa félaginu til framkvæmda þeirra, er það hefur með höndum, og til trygginga lánsfénu eða ábyrgð þeirri, sem þurfa kann vegna lánsins, veita veðrétt í hýlum þeim, sem talin eru í 2. gr.

Undanþegar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem greiða að fullu kostnað sinn jafnbliða því sem verkið er framkvæmt, eða setja aðra tryggingu, er félagsstjórn metur gilda. Stjórnin sér um greiðslur þeirra lána, er félagið tekur. Niðurfjöldur gjöld hafa lögtaksrétt.

9. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum milli einstakra félaga eða milli félagsstjórnar og einstaks eða einstakra félaga, skal úr honum skorið með gerðardómi. Gerðardómur skal skipaður af þrem mönnum, skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður skal skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

189

11. nóv.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 50 til 500 krónum, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Sektir renna í félagssjóð.

10. gr.

11. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi, ef $\frac{4}{5}$ allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting landbúnaðarráðherra til.

12. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á, að ókleift þyki að halda félagskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögmætum aðalfundi og $\frac{4}{5}$ greiddra atkvæða séu með því, og samþykki landbúnaðarráðuneytisins fáist um félagsslit.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. nóvember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

190

13. nóv.

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Húsavík.

1. gr.

Sölubúðum í Húsavík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 18 til kl. 9. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13. Gamlaársdag, laugardag fyrir páska og hvítasunnu skal lokað eigi síðar en kl. 16. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 24 og þriðja virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 22.

Á tímabilinu 1. maí til 20. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 12 og á föstudögum eigi síðar en kl. 19.

Frá 21. september til 30. apríl skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

3. gr.

Alla helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. 1. desember skal sölubúðum lokað kl. 12.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur vera þessar undantekningar: Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 9 til kl. 12, eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó eigi heimilt að selja 190
eftir lokunartíma sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema sam- 13. nóv.
kvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða
eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauð- og mjólk-
urbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann
varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skip-
um eftir lokunartíma veiðarfæri, kol, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar, svo og bif-
reiðum benzín og olíu. Einnig er heimilt að selja langferðamönnum nesti fyrir lok-
uðum dyrum.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu
frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga. Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrir-
skipa lokun sölubúða einn dag í einu, eftir áskorun bæjarstjórnar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sekt-
innar í bæjarsjóð Húsavíkur. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem
almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Húsavíkur samkvæmt lögum nr. 17
1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1953.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð um söluskatt, nr. 7 frá 10. jan. 1953.

191

18. nóv.

1. gr.

Til viðbótar vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3. gr. reglugerðarinnar, komi:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

77 35 Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.

2. gr.

Aftan við 6. gr. C komi nýr liður, nr. 20, svo hljóðandi:
Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1953.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kjartan Ragnars.

192

28. okt.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga árið 1946.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, hefur félagsmálaráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

18. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Mjólkursamsölunnar. Varnarþing Reykjavík. Staðfest 6. nóvember 1946.
19. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur. Varnarþing Reykjavík. Ný staðfesting 6. nóvember 1946.
20. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag prentara. Varnarþing Reykjavík. Staðfest 8. nóvember 1946.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1946.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

Árið 1946 láðist að birta auglýsingu þessa í Stjórnartíðindum og birtist hún því hér með.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

193

28. okt.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946 og nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

54. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Hveragerðis. Varnarþing í Hveragerði. Staðfest 26. nóvember 1949.
55. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Seyðisfjarðar. Varnarþing Seyðisfjörður. Staðfest 13. sept. 1947.
56. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag múrara, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 13. marz 1953.
57. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Kópavogs. Varnarþing í Kópavogi. Staðfest 26. marz 1953.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með 193
auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179. 28. okt.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Breiðfirðinga“, út- 194
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. desember 1953. — 2. des.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Breiðfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist: Minningarsjóður Breiðfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöfum og mun veita viðtöku minningargjöfum um Breiðfirðinga á ókomnum tímum.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera skiptur inn á við þannig, að ef einhver æskir þess að mynda sérstakan sjóð, er beri nafn ákveðins Breiðfirðings, eins eða fleiri, svo sem foreldra systkina o. s. frv., skal skrá stutt æviágrip þeirra og þar á eftir minningargjafir þær, er þá og eftirleiðis gefast á þeirra nöfn.

Allir sjóðir, er kunna að myndast á þennan hátt með sérstöku bókhaldi, skulu samt heyra undir sameiginlega stjórn aðalsjóðsins, tilgang hans og aðalbókhald og skulu starfa út á við sem einn sjóður undir aðalheitinu.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hvers konar menningarviðleitni, sem varða breiðfirzk málefni heima og heiman, svo sem útgáfu rita um breiðfirzk efni, söfnun breiðfirzkra fræða, nám efnilegra breiðfirzkra nemenda, skógrækt við Breiðafjörð, líknarstörf o. fl., sem aðkallandi væri á hverjum tíma og unnt þætti að styrkja þegar sjóðurinn vex til framkvæmda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, kosnum af stjórn Breiðfirðingafélagsins árlega, og skal þess gætt, að hver sýsla innan félagssvæðisins hafi sinn fulltrúa.

Stjórn sjóðsins annast sölu minningarspjalda, sér um bókhald og minningarskráningu, gerir tillögu til stjórnar Breiðfirðingafélagsins um starfsemi sjóðsins hverju sinni og afhendir henni endurskoðaða reikninga sjóðsins um hver áramót.

6. gr.

Ef Breiðfirðingafélagið hættir störfum skulu sýslumenn við Breiðafjörð bera ábyrgð á sjóðnum og áframhaldandi starfi hans, en yrði Breiðfirðingafélagið stofnað á ný tekur það aftur við sjóðnum.

195

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum,
fyrir árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:			
a. Ríkisskuldabréf	kr.	27000.00	
b. Veðskuldabréf	—	16250.00	
c. Veðdeildarbréf	—	15500.00	
d. Skuldabréf m. ríkisábyrgð	—	15000.00	
e. Hitaveituskuldabréf	—	7000.00	
f. Bankainnstæða	—	3342.29	
			kr. 84092.29
2. Vextir:			
a. Af ríkisskuldabréfum	kr.	2322.50	
b. — veðskuldabréfum	—	812.50	
c. — veðdeildarbréfum	—	1170.00	
d. — ríkistryggðum skuldabréfum	—	1650.00	
e. — hitaveituskuldabréfum	—	560.00	
f. — bankainnstæðu	—	262.92	
			kr. 6777.92
			kr. 90870.21

Gjöld:

1. Styrkir:			
a. Til Búnaðarsambands Austurlands	kr.	1200.00	
b. Til Hallormsstaðaskóla	—	1000.00	
			kr. 2200.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Ríkisskuldabréf	kr.	21000.00	
b. Veðskuldabréf	—	13750.00	
c. Veðdeildarbréf	—	15400.00	
d. Ríkistryggð skuldabréf	—	15000.00	
e. Hitaveituskuldabréf	—	7000.00	
f. Bankainnstæða	—	16520.21	
			— 88670.21
			kr. 90870.21

Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.

Jónas Guðmundsson.

IÐN L Á N A S J Ó Ð U R

196

Efnahagsreikningur 31. desember 1952.

Eignir:

1. Útlán í ársbyrjun	kr. 1 967 600,00	
Lánveitingar á árinu	— 1 050 517,40	
		kr. 2 588 950,00
Afborganir á árinu	— 429 167,40	— 234 590,89
2. Innstæða í Útvegsbanka Íslands h.f.		
		kr. 2 823 540,89

Skuldir:

1. Stofnsjóður	kr. 2 650 000,00
2. Viðskiptamenn	— 941,18
3. Fyrirframgreiddir vextir	— 53 962,92
4. Afskriftareikningur	— 110 000,00
5. Yfirfært til næsta árs	— 8 636,79
	kr. 2 823 540,89

Reykjavík, 5. janúar 1953.

IÐN L Á N A S J Ó Ð U R

Elías Halldórsson. G. Halldórsson.

Reikning þenna höfum við yfirfarið ásamt fylgiskjölum og borið hann saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán og bankainnstæðu og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 4. febrúar 1953.

Sveinbjörn Jónsson. Páll Pálmason.

REIKNINGUR

197

yfir tekjur og gjöld Vöggustofusjóðs Ragnheiður Sigurbjargar Ísaksdóttur
árið 1951

Tekju- og gjaldareikningur frá 1. janúar til 31. desember 1951.

T e k j u r :

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr. 23 461,05
2. Minningargjafir	— 80,00
3. Vextir af bankavaxtabréfum	kr. 1 030,00
Vextir af innstæðu í sparisjóðsbók	— 7,57
	— 1 037,57
	kr. 24 578,62

1953

438

197

Gjöld:

1. Úthlutað af vöxtum sjóðsins 1950	kr.	822,15
2. Auglýsing	—	24,00
3. Eftirstöðvar til næsta árs:		
a. Bankavaxtabréf	kr. 18 000,00	
b. Innstæða í sparisjóði	— 5 652,87	
c. Peningar í sjóði	— 79,60	
		<hr/>
	—	23 732,47
		<hr/>
	Kr.	24 578,62

Reykjavík, 31. marz 1953.

F. h. stjórnar Vöggustofusjóðs Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur,

Ísak Jónsson.

198

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vöggustofusjóðs Ragnheiður Sigurbjargar Ísaksdóttur
árið 1952

Tekju- og gjaldareikningur frá 1. janúar til 31. desember 1952.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr.	23 732,47
2. Minningargjafir	—	2 480,00
3. Vextir af bankavaxtabréfum	kr. 830,00	
Vextir af bankainnstæðu	— 331,38	
		<hr/>
	—	1 161,38
		<hr/>
	Kr.	27 373,85

Gjöld:

1. Umslög	kr.	6,00
2. Eftirstöðvar til næsta árs:		
a. Bankavaxtabréf	kr. 16 000,00	
b. Innstæða í sparisjóði	— 11 358,25	
c. Peningar í sjóði	— 9,60	
		<hr/>
	—	27 367,85
		<hr/>
	Kr.	27 373,85

Reykjavík, 31. marz 1953.

F. h. stjórnar Vöggustofusjóðs Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur.

Ísak Jónsson.

REIKNINGAR SÖFNUNARSJÓÐS ÍSLANDS 199

Reikningur yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 14 273 147,17	
2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda:		
a. Innlög á árinu	kr. 534 489,38	
b. Vextir lagðir við höfuðstól	— 570 928,27	
c. Verðlaun úr „Minningarsjóði próf. E. Briem“	— 340,00	
d. Verðlaun úr „Vaxtabæti“ Söfnunarsj. Íslands	— 3 412,13	
		— 1 109 169,78
3. Vextir af lánnum	kr. 739 221,25	
4. Þóknun, lántökugj., dráttarvextir, viðskiptabók.	— 36 185,15	
5. Vextir 1952, geymdir til útborgunar	— 106 662,01	
6. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar	— 6 095,51	
7. Bankalán	— 310 348,49	
		— 1 198 512,41
8. Gjöf N. N. til varasjóðs	— 513,40	
		— 16 581 342,76

Gjöld:

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1952		
a. Ársvextir 5%	kr. 578 801,12	
b. Ársvextir 4,5%	— 83 793,75	
c. Dagvextir 4,3%	— 14 995,41	
		kr. 677 590,28
2. Kostnaður	— 64 607,94	
3. Vextir, er biðu útborgunar	— 96 996,64	
4. Höfuðstóll, er beið útborgunar	— 664,84	
5. Höfuðstóll, er féll á árinu til útborgunar	— 239 596,96	
6. Bankalán frá fyrra ári	— 87 863,17	
7. Sjóður í árslok 1952:		
a. Veðskuldabréf	kr. 10 177 516,12	
b. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	— 4 661 846,91	
c. Bankavaxtabréf	— 217 200,00	
d. Innanríkislán	— 103 000,00	
		kr. 15 159 563,03
e. Óinnheimtir vextir:		
1. Fallnir í gjalddaga	kr. 21 854,70	
2. Ófallnir í gjalddaga ..	— 161 600,88	
		— 183 455,58
f. Skrifstofugögn	— 14 500,00	
g. Í sjóði hjá féhirði	— 56 504,32	
		— 15 414 022,93
		— 16 581 342,76

Reykjavík, 24. febrúar 1953.

SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Vilhj. Briem.

Garðar Jónsson.

Gísli Guðmundsson

199

Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1952.

Eignir:

1. Veðskuldabréf og verðbréf	kr. 15 159 563,03
2. Óinnheimtir vextir:	
a. Fallnir í gjalddaga	kr. 21 854,70
b. Ófallnir í gjalddaga	— 161 600,88
	—————
	183 455,58
3. Skrifstofugögn	— 14 500,00
4. Sjóður hjá féhirði	— 56 504,32
	—————
	Kr. 15 414 022,93

Skuldir:

1. Innstæður vaxtaeigenda:	
a. Aðaldeild	kr. 7 577 876,17
b. Erfingjarentudeild	— 229 065,85
c. Útborgunardeild	— 6 723 816,27
d. Bústofsndeild	— 1 932,48
	—————
	kr. 14 532 690,77
2. Vextir árið 1952, geymdir til útborgunar	— 106 662,01
3. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar	— 6 095,51
4. Bankalán	— 310 348,49
5. Varasjóður	— 458 226,15
	—————
	Kr. 15 414 022,93

Reykjavík, 24. febrúar 1953.

SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Vilhj. Briem.

Garðar Jónsson.

Gísli Guðmundsson

200

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, ljósmóður frá Kóngsbakka árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun	kr. 11 565,69
2. Gjafir og áheit	— 100,00
3. Vextir í söfnunarsjóði	— 588,01
	—————
	Kr. 12 253,70

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 12 253,70
	—————
	Kr. 12 253,70

Kóngsbakka, 24. september 1953.

Guðbrandur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Ragnheiður Jónsdóttir.

REIKNINGUR

201

Bjargráðasjóðs Íslands fyrir árið 1952.

I. Rekstursreikningur.

		T e k j u r :	
1.	Bjargráðasjóðsgjald:		
	a. Til Séreignarsjóðs sveitarfélaga	kr. 67 984,00	
	b. Til Hins alm. bjargráðasjóðs	— 67 984,00	
			kr. 135 968,00
2.	Framlag ríkissjóðs		— 288 526,00
3.	Vaxtatekjur:		
	a. Af innst. Séreignarsjóðs	kr. 81 980,94	
	b. Af Hinum alm. bjargráðasjóði	— 39 056,12	
			— 121 037,06
			Kr. 545 531,06
		G j ö l d :	
1.	Kostnaðarreikningur	kr. 37 216,00	
2.	Vaxtareikningur	— 17 337,14	
	Tekjuafgangur	— 490 977,92	
			Kr. 545 531,06

II. Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1952.

		E i g n i r :	
1.	Séreignarsjóðir sveitarfélaga:		
	a. Bankainnstæður frá fyrra ári	kr. 1 682 632,22	
	b. Innborguð Bjargráðasjóðsgjöld	— 67 984,00	
	c. Vextir	— 81 980,94	
			Kr. 1 832 597,16
	d. Bjargráðasjóðsgjald Nesk. frá 1950	— 1 320,00	
			kr. 1 833 917,16
2.	Hinn almenni bjargráðasjóður:		
	a. Ríkistryggð skuldabréf	kr. 900 800,00	
	b. Skuldabréf sveitarfél. og sk.br. m/áb. sv.f.	— 678 300,00	
	c. Bráðabirgðalán	— 47 000,00	
	d. Bankainnstæða	— 181 927,82	
			— 1 808 027,82
3.	Ógr. Bjargr.sj.gj. Neskaupst. og Siglufj. f. f. ári	kr. 8 742,00	
	÷ Bjargráðasjóðsgjald Neskaupstaðar f. 1950	— 2 640,00	
			— 6 102,00
			Kr. 3 648 046,98
		S k u l d i r :	
1.	Víxillán í Búnaðarbanka Íslands	kr. 150 000,00	
	Skuldlaus eign	— 3 498 046,98	
			Kr. 3 648 046,98

Reykjavík, í apríl 1953.

F. h. Stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands

Jónas Guðmundsson.

202

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar frá Bjargarsteini á Akranesi, árið 1952.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1952, B. bls. 368)	kr. 6576.70
Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 337.23

 Kr. 6913.93

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr. 6913.93
--	-------------

 Kr. 6913.93

Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.

Jónas Guðmundsson.

203

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda og Alexandrine drottningar, til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík, árið 1952.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1952, bls. 372). Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 25904.15
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1295.20

 Kr. 27199.35

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs	kr. 27199.35
--	--------------

 Kr. 27199.35

Í félagsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1953.

Jónas Guðmundsson.

204

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðbjartar Kristjánssonar, Hjarðarfelli árið 1951.

Tekjur:

1. Stofnframlag	kr. 10 310,00
2. Vextir	— 481,93

 Kr. 10 791,93

Gjöld:

204

1. Keyptar bækur	kr.	40,00
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	10 751,93
		<hr/>
	Kr.	10 791,93

Hjarðarfelli í febrúar 1952.

Gunnar Guðbjartsson.

Gunnar Jónatansson.

Eiður Sigurðsson.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

205

Efnahagsreikningur 31. desember 1952.

Eignir:

1. Útlán	kr.	35 660 861,00
2. Skuldabréf ríkissjóðs	—	2 115 833,90
3. Vaxtabréf Skuldaskilasjóðs	—	1 228 050,00
4. Önnur verðbréf	—	1 805 300,00
5. Bankainnstæða	—	6 232 874,20
		<hr/>
	Kr.	47 042 919,10
6. Styrktarlán	—	628 000,00
7. Bankainnstæða Styrktarlánasjóðs	—	11 476 245,19
		<hr/>
	Kr.	59 147 164,29

Skuldir:

1. 3½% lán frá 1944	kr.	800 000,00
2. Viðskiptamenn	—	114 726,81
3. Fyrirframgreiddir vextir	—	403 561,38
4. Stofnsjóður	—	40 000 000,00
5. Varasjóður	—	3 000 000,00
6. Afskriftareikningur	—	2 700 000,00
7. Yfirfært til næsta árs	—	24 630,91
		<hr/>
	Kr.	47 042 919,10
8. Stofnsjóður styrktarlána	—	11 476 245,19
9. Jöfnunarsjóður styrktarlána	—	628 000,00
		<hr/>
	Kr.	59 147 164,29

Reykjavík, 5. janúar 1953.

Helgi Guðmundsson.

Valtýr Blöndal.

Jóhann Hafstein.

Eliás Halldórsson.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 26. janúar 1953.

Einar Bjarnason.

Benedikt Sveinsson.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning árið 1952.

Efnahagsreikningur.**Eignir:**

1. Í Landsbanka Íslands	kr. 17 623.91		
2. Í Útvegsbanka Íslands	— 12 452.18		
3. Í happdrættisláni rikissjóðs 1948	— 200.00		
		kr.	30 276.09

Samtals kr. 30 276.09

Skuldir:

1. Eign 1. jan. 1952	kr. 28 082.80		
2. Eignaaukning á árinu	— 2 193.29		
		kr.	30 276.09

Samtals kr. 30 276.09

Rekstrarreikningur.**Gjöld:**

1. Fært á efnahagsreikning	kr. 2 193.29		
		kr.	2 193.29

Samtals kr. 2 193.29

Tekjur:

1. Minningargjafir 1952	kr. 40,00		
2. Aðrar gjafir	— 600.00		
		kr.	640.00
3. Vinningur í happdrættisláni rikissjóðs	— 250.00		
4. Vextir í Landsbanka Íslands	kr. 747.12		
5. Vextir í Útvegsbanka Íslands	— 556.17		
			1303.29

Samtals kr. 2 193.29

Reykjavík, 9. janúar 1953.

Ragnheiður Jónsdóttir

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1953.

Tilskipun um viðauka við tilskipun nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma i veg fyrir árekstra á sjó, undirskrifuð af forsetanum 23. september 1953, nr. 69.

Lög um breyting á lögum nr. 16/1953, um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952, undirskrifuð af forsetanum 24. nóvember 1953, nr. 70.

Lög um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, undirskrifuð af forsetanum 14. desember 1953, nr. 71.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni, undirskrifuð af forsetanum 16. desember 1953, nr. 72.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings við Spán, undirskrifuð af utanríkisráðherra 17. desember 1953, nr. 73.

Lög um breyting á lögum nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 74.

Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 75.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1953, nr. 76.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 77.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 18. desember 1953, nr. 78.

Lög um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1953, nr. 79.

Lög um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 80.

Lög um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 81.

Lög um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 82.

Lög um breyting á lögum nr. 93 19. júní 1933, um víxla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 83.

Lög um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1953, nr. 84.

Lög um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 85.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1954, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 86.

Fjárlög fyrir árið 1954, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 87.

Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 88.

Lög um löggilta endurskoðendur, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1953, nr. 89.

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 90.

Lög um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.

Sjúkrahúsalög, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1953, nr. 93.

207

15. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar um að færa niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörum.

Fjármálaráðuneytið hefur með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 10 í 82. kafla tollskrár ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist þannig:

Tollskrá:			Vöru-	Verð-	
Kafli	Nr.		magns-	tollur	
			tollur	%	
			Aurar		
82	10 — (1)	Netjakúllur úr tilbúnum mótanlegum efnum ..	kg	1	2
82	10 — (2)	Vatnsleiðslupípur úr tilbúnum mótanlegum efnum	—	7	10

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 15. desember 1953.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sigurður Áskelsson.

208

24. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 77 23. des. 1953, um innheimtu ýmissa gjalda 1954 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 77 23. des. 1953 og innheimta á árinu 1954 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkvæmt VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi. Uppboðslaun samkvæmt V. kafla skulu innheimt með 70% viðauka.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema gosdrykkjum samkv. 1. tölul. 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulíð sama kafla með 740% álagi, aldinsaft og limonaðisaft samkv.

5. og 6. tölulið sama kafla með 100% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölul. 3. kafla með 50% álagi. 208
24. des.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

209
24. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1954.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 86/1953 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1954.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. desember 1953.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

210
24. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 76 23. des. 1953 um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1954 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

um frjálsan innflutning og gjaldeyrissölu.

1. gr.

Með skírskotun til 1. gr. laga nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldcyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að innflutningur á eftirgreindum vörum skuli vera frjáls:

Tollskrá:		A. Frá öllum löndum.
Kafli.	Nr.	
5	5	Dúnn og fiður.
7	6	Þurrkaðar baunir, ertur, linsur og aðrir þurrkaðir belgavextir, ót. a.
9	1	Kaffi, óbrennt.
	3	Te.
	16a	Sildarkrydd, blandað.
10	1	Hveiti, ómalað.
	2	Rúgur, ómalaður.
	3	Rís með eða án ytra hýðis.
	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
	7	Annað ómalað korn.
11	1	Hveitimjöl.
	2	Rúgmjöl.
	3	Rísmjöl.
	4—7	Maísmjöl og annað mjöl úr korni, ót. a.
	8	Hveitigrjón.
	9	Bygggrjón (bankabygg).
	10	Hafragrjón (valsaðir hafrar).
	11	Risgrjón.
	12	Maís, kurlaður og önnur grjón úr korni, ót. a.
	15	Maísduft.
	20	Sagógrjón, þar með tapióka, einnig tilbúin.
	21	Sagómjöl, mjöl úr arrowrót og tapiókrót.
	22	Klíði (úrgangur við kornmölun).
12	2—3	Grasfræ og annað fræ til sáningar, þó ekki blómafræ.
	8	Hörfræ.
13	1	Jurtir og jurtahlutar til litunar og sýtunar.
	2—7	Gúmmi, gúmmiharpix, annað harpix og náttúrulegt balsam, ót. a.
15	9—19	Kókosfeiti, olívuolía, pálmakjarnaolía, línolía, tréolía, baðmullarfræsolía, jarðhnetuolía, sesamolía, soyuolía, risinusolía og önnur feiti og feitar olíur, ót. a.
	22	Sterín.
	23	Aðrar feitisýrur.
	24	Glyserín.
	26	Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a.
17	1—6	Strá, mola-, flór-, púðursykur, kandís og toppasykur.
18	1—2	Kakóbaunir.
	4	Kakóduft.

Tollskrá:		
Kafl.	Nr.	
	5	Kakósmjör.
19	2	Bökunarduft (lyftiduft).
20	7	Pulp til sultugerðar og ósykraður ávaxtasafi til gosdrykkjagerðar. Ath. Pulp og ávaxtasafi teljast því aðeins hér til, að viðtakandi varanna reki toll-vörugerð, þar sem úr vörum þessum eru framleiddar vörutegundir, sem greitt er af tollvörugjald og eftirlitsgjald við sölu eða afhending, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að vörurnar verði notaðar þannig.
	8	Pectin (sultuhleypir).
21	9	Tilbúin gosdrykkjasaft.
23	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	8	Grafit, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafit tilbúið.
9—10		Borðsalt og annað salt.
	21	Asbestin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	8	Koltjara og önnur tjara, ót. a.
	9	Benzol.
	12	Naftalín.
	13	Vetnað fenól, kresól, naftalín og önnur efni eimd úr háhitatjöru, ót. a.
	14	Steinólía, óhreinsuð (hráólía).
	15	Flugvélabenzín.
	15a	Annað benzín.
	16	Steinólía, hreinsuð (ljósasteinólía).
	17	Brennsluoliur til véla, ót. a.
	18	Smurningsoliur.
	19	Parafínólía.
	20	Aðrar oliur úr steinaríkinu, ót. a.
	22	Vaselín og vaselínlíki.
	23	Parafínvax, jarðvax, montanvax og annað tilbúið vax, ót. a.
	24	Bik, ót. a.
28	1	Bróm, fosfór, brennisteinn, brennisteinsmjólk og sambönd þessara efna.
	2	Önnur frumefni, ót. a.
	3—5	Gastegundir, samþjappaðar, fljótandi eða fastar.
	6—13	Sýrur.
	14—25	Lútar og oxyd.
	27—39	Ólífræn sölt, önnur en álún og alúmíníumsúlfat, ót. a.
40—41&42a		Lífræn sölt, ót. a., perboröt og peroxyd.
	43	Brennisteinskolefni, tetraklórefni, triklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd, önnur en klóróform.
	44	Sakkarín og dúlsín.
	45	Harpixsápa (harpixlím).
	46	Hrátjara (trétjara), hrátjörubik og önnur framleiðsla eimuð úr tré, ót. a.
	47	Terpintínuólía (terpentína).
	48	Harpixólía, ót. a.
28 49—50		Aceton og formalín.
	51	Metylalkóhól.
	52	Isóprópylalkóhól, þó ekki frostlögur.

211 Tollskrá:

28. des. Kafli. Nr.

53. Etyleter.
- 54 Alkóhól, ót. a., þó ekki frostlögur.
- 55 Ostahleypir og annað enzym.
- 56—56a Eldsneyti, kemiskt tilbúið og málmsápur, ót. a.
- 57—58 Lyf.
- 59—60 Sóttreinsunarefni, plöntulyf, meindýraeitur, efni til að hreinsa burt eða koma í veg fyrir ketilstein, steinsteypuvatnsþéttiefni og baðlyf.
- 60a Estur, etur og keton, sem notað er til upp'ausnar og mýkingar.
- 60b Sellulósaderívat, ót. a.
- 60c Hexan.
- 29 1 Röntgenfilmur.
- 30 1—1a Sútunarefni, ót. a.
- 2 Litunarextrakt úr jurtaríkinu.
- 3—5 Indigó og aðrir tjörulitir, ót. a.
- 6 Beinsverta og beinkol.
- 7 Kinrok og aðrir þvílíkir svartir litir, ót. a.
- 8—10 Krít, þungspat og baryumsúlfat tilbúið.
- 11 Jarðlitir, malaðir eða þvegnir.
- 12—12a Bronslitir, ót. a.
- 13—19 Þurrir málningarlitir, ót. a.
- 20—23 Prentlitir, ritvéla- og reiknivélabönd og skipagrunnmálning.
- 26—37 Matarlitir, vatnslitir, þvottablámi, litarskrin, fernis, lökk og kitti.
- 31 13a Bragðbætandi efni í goddrykki, ót. a.
- 13b Ilmefni til sápugetar.
- 14 Kjarnar til goddrykkjagerðar.
- Aths. Hin bragðbætandi efni og kjarnar í goddrykki og ilmefnin til sápugetar teljast því aðeins hér til, að viðtakandi bragðefnanna og kjarnanna reki goddrykkjagerð og viðtakandi ilmefnanna sápugetar, og þess sé getið í aðflutningskýrslu, að vörurnar verði aðeins notaðar til framleiðslunnar.
- 32 6 Véla- og vagnáburður og annar þvílíkur áburður úr feiti og feittum sýrum, einnig þótt í honum séu önnur efni.
- 33 3 Matarlím (gelatín).
- 3a Peptón, peptónöt, protein, ót. a., efni leidd af þeim.
- 4—6a Lím og steiningarefni alls konar.
- 34 1 Nitrocellulosi.
- 35 1—10 Áburður.
- 36 1 Húðir og skinn, saltaðar eða blásteinslitaðar.
- 3—4 Sólaeður, bindsólaeður og vatnsleður.
- 37 1 Leðurstykki, tilsníðin, en ekki frekar unnin, svo sem hlutar í skó.
- 11—12 Vélaeimar, véla- og pípuþéttingar.
- 39 2 Latex, einnig konsentrerað.
- 4—6 Plötur, þræðir, stengur, vélareimar og slöngur úr kátsjúki, ót. a.
- 14—15 Vélaþéttingar, sólar og hælur úr kátsjúki.
- 17 Hanzkar úr kátsjúki.
- 19 Kafarabúningar og hlutar í þá.
- 39 19a Botnrúllur úr kátsjúki.
- 40 29 Kjöttunnur og lýsistunnur úr trjáviði.
- 38 Skósmíðaleistar úr trjáviði.
- 46—48 Botnrúllur, botnvörpuhlerar og hjólklafar úr trjáviði.
- 53—54 Árar og stýrishjól úr trjáviði.

Tollskrá:		
Kafli.	Nr.	
	56—57	Merkisþjöld og ullarkambar úr trjáviði.
	58	Búsáhöld úr trjáviði.
41	4	Björgunarhringir og belti úr korki.
42	5	Fiski- og kolakörfur úr reyr eða öðrum fléttiefnum.
44	23	Vélapéttingar og pípur úr pappa og pappír.
45	1—2	Nótnabækur og nótnablöð fyrir hljóðfæri, með texta.
	3	Erlendar bækur, blöð og tímarit.
	9	Landabréf alls konar, sjókort, stjörnukort og aðrir þess konar uppdrættir, ót. a.
	12	Myndir til kennslu í náttúrufræði, landafræði, sögu o. þ. h., ót. a.
	23	Útsaums-, þrjóna- og heklumunstur.
46b	1	Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir.
	4—5a	Tvinni, netjagarn og annað garn úr gerviefnum.
47	5	Garn úr ull og öðru dýrahári.
48	1a—2	Baðmull, óunnin.
	3	Vélatvistur.
	5—7	Tvinni, netjagarn og annað garn úr baðmull.
	8	Molskinn.
	15—18	Annar baðmullarvefnaður, sem telst til nr. 15—18.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	6	Tvinni úr hör eða ramí.
	8—9	Netja- og botnvörpugarn úr hampi.
	9a	Annað garn úr hampi.
	17—19	Laufaborðar og önnur netofin efni, leggingar og aðrar dregilvörur, bönd og borðar úr hör, hampi eða ramí.
	20—30	Ofnar vörur, ót. a., úr spunaefnum úr jurtaríkinu öðrum en baðmull.
50	12—18	Færi, öngultaumar, línur og kaðlar úr spunaefnum, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
19, 19a & 21		Fiskinet, fiskinetjastlóngur og netjateinungar með blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.
	25—26	Slóngur og vélaeimar úr vefnaðarvöru.
	27	Bókbandsléreff.
	29	Pressenningsdúkur.
	33	Sjúkradúkur.
	35	Kátsjúkborinn vefnaður til sjó- og skjólfatagerðar. Ath. Hinn kátsjúkborni vefnaður telst því aðeins hér til, að viðtakandi reki sjó- og/eða skjólfatagerð, og þess sé getið í aðflutningsskýrslu, að vefnaðurinn verði aðeins notaður til framleiðslunnar.
	39—40	Teygjubönd og annar vefnaður með teygju, breiðari en 25 mm.
	41	Glóðarnet.
	43—45	Kertakveikir, aðrir kveikir, véla- og pípuþéttingar úr vefnaði.
51	14	Sokkar og leistar úr ull.
	16	Nærfatnaður úr ull.
	26	Sokkar og leistar úr hör eða öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu, ót. a.
	28	Nærfatnaður úr hör eða öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu, ót. a.
52	3a	Vettlingar hornir kátsjúk.
	28—30	Umbúðapokar úr baðmull, hör eða öðrum spunaefnum, svo og margfaldir pappírspokar til umbúða um þungavöru.

211 Tollskrá:		
28. des.	Kafli.	Nr.
		34 Segl og báruflýgar.
		35 Presenningar.
	36—37	Fánar.
		40 Sáraumbúðir úr vefnaði og yfirdregnum vefnaði og dömubindi.
54		6 Sjóstígvél úr kátsjúk.
58	9—11	Brýni, hverfisteinn, smergilsteinn, vikursteinn og karborundumsteinn til slípunar, fágunar og brýnslu.
		24 Vélþéttingar og pípuþéttingar.
59		3 Eldfastir steinar og aðrir brenndir munir til tekniskrar notkunar, ót. a.
60		1 Glerungur.
		15 Netjakúlur úr gleri.
63		1 Óunnið járn í klumpum.
		2 Stál- og járnsvarf.
	3—4	Járn og stál í stöngum og prófiljárn alls konar, annað en steypustyrktarjárn.
	5—7	Járnplötur með zinkhúð eða blýhúð, þynnri en 3 mm.
		8 Járnplötur með tinhúð og aðrar, þynnri en 3 mm.
	8a	Járnplötur með zinkhúð eða blýhúð, 3 mm eða meira að þykkt.
	8b	Járnplötur aðrar 3 mm eða meira að þykkt.
		9 Vír úr járni eða stáli, ót. a.
		11 Gjarðajárn.
		16 Ammoníakpípur.
		19 Girðingastaurar úr járni og stáli, ót. a.
		23 Akkeri.
		25 Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l.
		26 Flöskur og hylki undir samanþjappaðar lofttegundir.
		27 Vírkaðlar úr járni og stáli.
		31 Gaddavír úr járni og stáli.
		32 Akkerisfestar.
		34 Nautabönd og önnur tjóðurbönd.
52—54		Ofnar, eldstór og önnur hitunar- og suðutæki úr járni og stáli og hlutar til þeirra, ót. a., þó ekki olíukyndingartæki.
		62 Ístöð, beizlismél, beizliskeðjur og beizlisstengur.
67—68		Spaðar, skóflur, járnkarlar, hakar, hrifur, kvíslar, ljáir og ljáblöð.
		83 Búsáhöld úr járni og stáli, ót. a., nema emaileruð.
85 & 86a		Blikkdósir til niðursuðu.
		92 Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járni, ót. a.
94—97		Bátsuglur, bómur, siglur, hjólklaifar og hjól í þá, stýrishjól og stýri og netjakúlur úr járni og stáli.
		97a Ýmis tæki til skipa og útgerðar.
100—101		Vatnshanar úr járni og stáli, þó ekki blöndunarhanar til baðkera, vaska o. þ. h.
		103 Skósmíðaleistar úr járni og stáli.
64		1 Kopar og koparblöndur, óunnið.
	2—4	Koparplötur og stengur, ót. a.
	6—7	Koparpípur og pípuhlutar.
		13 Veiðarfæralásar, hringir í herpinætur o. þ. h.
65		1 Nikkel og nikkellöndur óunnið í klumpum eða sem duft.
66		1a Gaddavír (aluminium).

Tollskrá:		211
Kafli.	Nr.	28. des.
	3—4	Alúminíumplötur og pípur.
	6	Netjakúlur úr alúminími.
	8	Hettur á mjólkurflöskur og efni í þær úr alúminími.
	9	Búsáhöld úr alúminími, ót. a.
	9a	Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l. úr alúminími.
67	1—7	Blý, blýblöndur og vörur úr blýi, ót. a.
68	1—4 & 6—7	Zink, zinkblöndur og vörur úr zinki, ót. a., þó ekki naglar, stifti, skráfur, fleinar, boltar, rær o. þ. h., baðker, salerni, þvagskálar, þvottaskálar og eldhúsvaskar.
69	1—7	Tin, tinblöndur og vörur úr tini, ót. a.
70	1—2	Aðrir ódýrir málmar og blöndur, óunnir og í stöngum, plötum og vír.
71	2a—4 6—7 & 9—10	Hnifar — aðrir en pappírshnifar og rakhnifar —, hnífablöð, gafflar, skeiðar, tappatogarar, flöskulyklar, hnetubrjótar, skæri og snyrtitæki, ót. a., allt úr ódýrum málmum, þó ekki rakvélar, rakvélablöð, slípivélar og hárklippur.
	12	Oliulampar, oliuljósaker, gasljósatæki og hlutar til þeirra, ót. a.
13—14		Prentletur, myndamót og leturmót í prentvélar.
	16	Nautahringir, lyklahringir, dyra- og gluggatjaldahringir og aðrir þess konar hringir.
17—18		Hringjur, óskreyttar spennur, smellur, krókapör og skókóssar og annar þess konar smávarningur til sauma og söðlasmíða o. þ. h., ót. a., hárnálar, hárklemmur, óskreyttar hárspegnur, lásnælur, fingurbjargir, skóhorn og skóhnapparar, allt úr ódýrum málmum.
	24	Flöskuhettur, ót. a.
25—25a		Blaðtin og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur.
72		Varahlutir í vélar, sem teljast til 72. kafla, þó ekki varahlutir í skrifstofuvélar (72. kafli 22—26).
	3	Prjónavélar til heimilisnota.
	10	Plógar.
	11	Herfi.
	12	Hjóladráttarvélar.
	13	Sláttuvélar fyrir dráttarvélar og hesta.
16—17		Strokkar og skilvindur.
	31	Kúlu- og keflalegur.
73		Varahlutir í vélar, sem teljast til 73. kafla.
	23	Rafmagnspípur.
	58	Rafmagnsduflaljósaker.
77	1	Optisk gler án umgerða.
	5—8	Gleraugnaumgerðir og gleraugu, nema sólgleraugu.
16—17		Efnafræði-, eðlisfræði-, veðurfræði- og siglingaáhöld og önnur þvílík áhöld, ót. a.
21—25		Gasmælar, vatnsmælar, þrýstimælar, hraðamælar, loftþyngdarmælar og aðrir mælar og mælitæki, ót. a.
29—31		Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.
77	33—34	Vogarlóð.
82	8	Umbúðablöð, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.

211 Tollskrá:
28. des. Kafli. Nr.

	9—(1)	Einlitar plötur, stengur og þynnur úr tilbúnum, mótanlegum efnum, til framleiðslu á nýjum vörum.
		Aths. Þessar vörur teljast því aðeins á frilista, að viðtakandi vörunnar reki iðnfyrirtæki, þar sem úr plötunum, stöngunum og þynnunum verða framleiddar nýjar söluvörur, og að því sé lýst yfir í aðflutningsskýrslu, að hinar innfluttu efnivörur verði einungis notaðar þannig.
	9b	Duft og deig, ót. a., úr tilbúnum, mótanlegum efnum.
83	7	Sigti og sáld.
84	9	Fiskiönglar.
85	1	Hnappar til fata.
	7	Nálar og þrjónar.

B. Frá löndum, sem skipt er við á jafnvirðis kaupgrundvelli. (Austur-Þýzkaland, Finnland, Ísrael, Pólland, Sovétríkin, Spánn, Tékkóslóvakía og Ungverjaland).

Tollskrá:
Kafli. Nr.

	4	9	Hunang.
	12	10	Síkoriurætur, óbrenndar.
	11	15	Kartöflumjöl.
	21	1	Kaffibætir og kaffilíki alls konar.
	25	16—16a	Gips, óunnið, brennt, mulið eða þvegið.
	30	24—25	Lakk- og oliumálning, ót. a., þar með talin plastmálning og kátsjúk-málning.
	40	21—23	Tunnustafir, tunnubotnar, tunnusvigar, sponns og siglugjarðir úr trjáviði.
	41	1	Korkplötur, óunnar.
		2	Korkmylsna.
		5	Pressaðar korkplötur með eða án bindiefnis til einangrunar.
		6	Netja- og nótakorkur alls konar.
44	17		Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m ² .
48	8a		Flauel (annað en molskinn) eða flos úr baðmull.
		12	Laufaborðar, laufaborðæfni, knipplingar, tyll „curtainnets“ og önnur þess konar netofin efni úr baðmull.
	13—14		Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur, þar með talin bönd og borðar.
50	1—3		Vatt.
50	39—40		Teygjubönd og annar vefnaður og dregilvörur með teygju, allt að 25 mm breið.
51	20		Sokkar og leistar úr baðmull.
	22		Nærfatnaður úr baðmull.
	23		Vettlingar úr baðmull.
52	16		Handklæði úr spunaefnum.
	26		Lífstykki, korselett, brjóstahaldarar og aðrar þvílíkar vörur.
	27		Belti, axlabönd, axlabandasprotar, sokkabönd, ermabönd og aðrar þvílíkar vörur.
	31		Gólfklútar og fægiklútar.
	32		Skóreimar.
54	6—8		Kátsjúkuskófatnaður, þó ekki sjóstígvél.

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	
58	13	Sandpappír og smergilléft.
59	9	Búsáhöld úr leir, ót. a.
	12	Búsáhöld úr postulíni, ót. a.
60	5—6	Venjulegt rúðugler.
	16	Mjólkurflöskur.
	18	Niðursuðuglös.
	19	Aðrar flöskur, þó ekki lyfjaglös.
	20	Hitaflöskur.
60	21	Búsáhöld úr gleri, ót. a.
63 28 & 30		Vírnet.
	83	Emalleruð búsáhöld úr járni, stáli og öðrum járnlegeringum.
72	6—7	Kjötkvarnir og kaffikvarnir, ót. a.
73	11—12	Rafgeymar og rafhlöður.
	63	Ljósaperur.
	67	Vasaljós.
77	7—8	Sólgleraugu.
	18—20	Sjúkramælar, heymælar og aðrir hitamælar.
81	3	Skothylki, hlaðin, úr pappa.
83	5	Tannburstar og rakburstar.

Bönkunum skal heimilt fyrst um sinn að takmarka gjaldeyrissölu vegna eftirtaldrá vörutegunda við ákveðin lönd, samkvæmt nánari fyrirælamum:

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	
47	5	Ullargarn.
48	8	Molskinn.
	16—18	Baðmullarvefnaður.

Listar þessir eru samdir í samræmi við tollskrána í lögum um tollskrá o. fl., og þar sem fram er tekið í texta listans, að um sé að ræða vörur ótaldar annars staðar (ót. a.), er miðað við tollskrána í heild, en ekki ofangreindan lista eingöngu.

Innflutningur er ekki frjáls á vöru frá landi, sem skipt er við á jafnvirðiskaupa-grundvelli samkvæmt sérstökum samningi, ef greiðslu er krafizt í EPU gjaldeyri eða dollurum.

2. gr.

Þær vörur, sem taldar eru upp í 1. gr., skal tollafgreiða án innflutningsleyfis og einnig selja gjaldeyri til greiðslu andvirðis þeirra án gjaldeyrisleyfis. Þó geta bankarnir með samþykki ríkisstjórnarinnar beint kaupum vara, sem frjáls innflutningur er á, til tiltekinna landa.

Um innflutning frílistavara gilda að öðru leyti sömu reglur og um innflutning annarra vara.

3. gr.

Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. er heimilt að selja frjálst erlendan gjaldeyri vegna ríkissjóðs eða banka eða til greiðslu á vöxtum og afborgunum lána bæjar- eða sveitarfélaga.

4. gr.

Auk þeirra vara, sem taldar eru í 1. gr., er heimilt að flytja inn án innflutningsleyfis:

- 211 1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til
28. des. landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota farþega á ferðalaginu.
2. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki þar, eða endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald telur gildar fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
3. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og annarra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
4. Gjafir, sýnishorn o. þ. h. sendingar allt að 100 kr. virði.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast gildi 1. janúar 1954. Jafnframt falla úr gildi þau fyrirmæli, sem kunna að fara í bága við hana.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. desember 1953.

Ingólfur Jónsson.

Dórhallur Ásgeirsson.

212
28. des.

REGLUGERÐ

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

I. KAFLI

Um hlutverk og skipan innflutningsskrifstofunnar.

1. gr.

Frjáls skal vera innflutningur þeirra vara og þær gjaldeyrisgreiðslur, sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma með sérstakri reglugerð. Aðrar vörur og gjaldeyrisgreiðslur eru háðar innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum innflutningsskrifstofunnar, sem stofnuð er samkvæmt lögum nr. 88/1953.

2. gr.

Hlutverk innflutningsskrifstofunnar er:

1. Að úthluta innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum fyrir þeim vörum og öðrum greiðslum, sem háðar eru leyfisveitingum.
2. Að annast framkvæmd vöruskömmtunar.
3. Að fara með verðlagsáskvarðanir.
4. Að úthluta fjárfestingarleyfum.
5. Önnur störf, er ríkisstjórnin kann að fela henni.

3. gr.

Tveir menn, skipaðir af ríkisstjórninni, veita innflutningsskrifstofunni forstöðu. Þeir ráða starfsfólk skrifstofunnar og sjá um daglegan rekstur hennar. Tala starfsmanna og kostnaðaráætlun skrifstofunnar skal samþykkt af ríkisstjórninni.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar taka sameiginlega ákvarðanir um þau mál, sem skrifstofan fjallar um. Ágreiningi þeirra um meiri háttar mál getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað til úrskurðar ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

212

28. des.

Innflutningsskrifstofan skal semja sundurliðaða áætlun um greiðslujöfnuð fyrir eitt almanaksár í senn. Hagstofa Íslands og bankarnir láta innflutningsskrifstofunni í té þær upplýsingar um greiðslujöfnuð landsins, sem viðkomandi aðilar hafa yfir að ráða til samnings áætlunar, sem hér um ræðir. Jafnframt skal hún semja sundurliðaða áætlun fyrir 4 mánuði í senn um leyfisveitingar fyrir einstökum vörutegundum og greiðslum, sem háðar eru innflutnings- og gjaldeyrisleyfum samkvæmt 1. gr. Enn fremur skal hún semja sundurliðaða áætlun um aðrar gjaldeyrisgreiðslur á sama tíma.

5. gr.

Innflutningsskrifstofan skal mánaðarlega senda viðskiptamálaráðuneytinu sundurliðaða skýrslu um leyfisveitingar og gjaldeyris sölu í næsta mánuði á undan og ber Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. að láta skrifstofunni í té nauðsynlegar upplýsingar í þessu skyni.

II. KAFLI

Um innflutning og tollafgreiðslu.

6. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar vörur, nema þær hafi verið greiddar seljanda, gjaldeyri til greiðslu þeirra hafi verið tryggður hjá banka eða B-skirteini hafi verið gefið út til innflutnings varanna, áður en þær eru sendar til landsins. Gildir þetta jafnt þótt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi hafi þegar verið veitt fyrir vörunum.

Engar vörur má tollafgreiða, nema framvísað sé innkaupareikningi með áritaðri kvittun seljanda fyrir greiðslu varanna eða með áritun banka um að vörurnar séu greiddar eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.

7. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. skulu hafa eftirlit með því, að erlendar innheimtur, sem sendar eru til þeirra, fullnægi ákvæðum 6. gr. Sé innheimtum ekki gerð skil innan 30 daga frá komudegi og greiðslutrygging liggur ekki fyrir, er bönkunum skylt að tilkynna það gjaldeyriseftirlitinu, sem lætur rannsaka málið. Komi í ljós, að greiðsla vörunnar hafi ekki verið tryggð samkvæmt ákvæðum 6. gr., ber gjaldeyriseftirlitinu að tilkynna það viðkomandi tollstjóra, sem gera skal ráðstafanir til að varan sé endursend innan tveggja mánaða frá því að tilkynningin kom honum í hendur.

8. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. hér að framan gilda ekki um gjafasendingar allt að 500 kr. að verðmæti, eða sendingar, sem ekki er ætlast til greiðslu fyrir, enda séu færðar sönnur á, að svo sé.

9. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanna hans.

Póstafgreiðslumenn mega ekki afhenda vörur, sem koma í póst frá útlöndum, nema fyrir liggja innflutningsheimild og að uppfylltum skilyrðum 6. gr. hér að framan.

10. gr.

Innflytjendum ber að afhenda tollstjórum eða umboðsmönnum þeirra innkaupareikning í tvíriti yfir vörur, sem hafa verið keyptar til landsins. Tollstjórar eða um-

212 28. des. Þaðsmenn þeirra skulu gæta þess, að um allan innflutning sé fylgt gildandi reglum, sbr. 1. og 6. gr. þessarar reglugerðar, og ef vara er háð leyfisveitingum eða á skilorðsbundnum frilista, skal innflutningsleyfi eða B-skírteini fylgja til tollafgreiðslu og þess gætt, að innflutningsheimildin sé í samræmi við innkaupareikningana og vörurnar.

11. gr.

Þegar vörur eru tollafgreiddar, skal afhenda innflytjendum annað eintak innkaupareikninganna með áritun um að innflutningur hafi farið fram. Skal þetta eintak vera til afnota fyrir gjaldeyriseftirlitið.

12. gr.

Hver sá, er fær innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi, greiði innflutningsskrifstofunni 1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 2 krónur fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til þess að standast kostnað af starfsemi innflutningsskrifstofunnar og framkvæmd laga nr. 88/1953. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna. Ef gjaldið nægir ekki, greiðir ríkissjóður það, sem á kann að vanta. Verði tekjuafgangur, rennur hann í ríkissjóð.

III. KAFLI

Um gjaldeyrismeðferð og eftirlit.

13. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er pósthjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem viðskiptamálaráðherra setur.

Öllum erlendum gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli þeirra þannig, að Útvegsbankinn fái á kaupgengi $\frac{1}{3}$ hluta alls gjaldeyrisins, ef hann óskar þess, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli þessu getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja.

Að selja erlendan gjaldeyri er að láta hann af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er, en að kaupa erlendan gjaldeyri er að fá hann fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

Til erlends gjaldeyris teljast myntaðir peningar, peningaseðlar, ávisanir, víxlar, skuldabréf og önnur verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í erlendum peningum.

14. gr.

Landsbanki Íslands skal starfrækja gjaldeyriseftirlitsskrifstofu, sem skal undir umsjá viðskiptamálaráðuneytisins hafa öruggt eftirlit með því, að misnotkun á erlendum gjaldeyri eigi sér ekki stað.

Þeim, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri til þess að greiða fyrirfram vörur eða annað, skal skylt að láta afgreiðslubankanum í té skuldbindingu í tvíriti um að leggja fyrir gjaldeyriseftirlitið innan hæfilegs tíma innflutningsskjöl frá erlendum aðila með áritun tollstjóra um að innflutningur hafi farið fram, eða, ef um er að ræða greiðslur fyrir annað en vörur, önnur gögn, sem gjaldeyriseftirlitið telur fullnægjandi til sönnunar því, að gjaldeyrinum hafi verið ráðstafað eins og til var ætlað, enn fremur skuldbindingu um að endurgreiða afgreiðslubankanum í sama gjaldeyri þann afgang, sem verða hann, eða alla fjárhæðina, ef svo fer, að fyrirhuguð kaup takast ekki eða að ástæðan til yfirfærslunnar fellur niður af öðrum orsökum. Ef frekari dráttur en gert er ráð fyrir í upphafi, verður á fullnægingu þessara skuldbindinga, er gjaldeyriskaupanda skylt að gera gjaldeyriseftirlitinu skriflega fulla

grein fyrir ástæðum til þess. Að öðru leyti skal eftirlitinu hagað þannig, að það verði sem hagkvæmast og öruggast.

212
28. des.

15. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur eða þjónustu, skal seldur Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f., án óeðlilegs dráttar.

Gjaldeyriseftirlitið hefur umsjón með því, að til skila komi allur gjaldeyrir, sem á að greiðast fyrir útfluttar vörur og annað, sem greiðast á með erlendum gjaldeyri, og getur það krafizt upplýsinga og skýrslna í því sambandi, er það telur nauðsynlegar.

Með samþykki innflutningsskrifstofunnar er eigendum íslenzkra skipa og annarra farartækja heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem innt eru af hendi erlendis til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farartækjanna þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri. — Enn fremur getur innflutningsskrifstofan heimilað innlendum váttryggingarfélögum, sem endurtryggja erlendis, að ráðstafa þeim erlenda gjaldeyri, sem þau fá greiddan í iðgjöldum og sem tjónabætur, en aðeins til greiðslu á endurtryggingargjöldum og öðrum eðlilegum kostnaði við tryggingarstarfsemina í því landi, sem gjaldeyriskennanna er aflað, en skylt er þeim að gera gjaldeyriseftirlitinu ársfjórðungslega fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun gjaldeyrisins.

Innflutningsskrifstofan getur sett nánari reglur, ef hún telur þess þörf, til tryggingar því, að heimildir þessar verði eigi misnotaðar.

16. gr.

Útflytjendum íslenzkra afurða og annarra vara er skylt að láta koma fyrir þær erlendan gjaldeyri og afhenda hann til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f.

Skylda þessi nær þó ekki til:

1. Fatnaðar og annarra nauðsynja, sem farþegar á skipum eða öðrum farartækjum hafa með sér til útlanda til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Notaðra heimilismuna og annarra nauðsynja manna, sem eru að flytja búferlum til útlanda.
3. Endursendra aðfluttra vara, sem ekki eru seldar til útlanda eða eiga að seljast þar og engin greiðsla kemur fyrir, nema greitt hafi verið fyrir þær við innflutning.
4. Gjafa og sýnishorna, sem engin greiðsla kemur fyrir.

17. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu á þar til gerðum eyðublöðum um hinar útfluttu vörur, og afrit af farmskirteini eða fylgibréfi yfir vörurnar, ef það hefur verið gefið út, svo og afrit af sölureikningi yfir vöruna, ef salan hefur farið fram, en ef salan fer fram síðar, þá skuldbindingu um að afhenda sölureikning, þegar salan hefur átt sér stað.

Sölureikningur fyrir útfluttar vörur skal hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. málsg., skal söluverðið gefið upp í íslenzkri mynt og skal miða við dagsengi.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. málsg. þessarar greinar, skulu af-

212 hentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Skýrslu þarf þó ekki að gefa um vörur þær, sem um ræðir í tölulíðunum 1—4 í 16. gr.

Hins vegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókni í skipi eða farartæki eða afgreiðir það til útlanda.

Útflytjendur ísfisks, sem seldur er á erlendum markaði, skulu senda gjaldeyris-
eftirlitinu skilagrein (yfirlitsreikning) yfir hverja einstaka sölu, frá aðilum þeim, sem annast söluna erlendis, strax og þær berast, og enn fremur önnur gögn í þessu sambandi, sem gjaldeyriseftirlitið kann að óska eftir.

18. gr.

Annað samrit af farmskrá þeirri, sem ræðir um í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda Landsbanka Íslands, ásamt skjölum þeim, sem ræðir um í 17. gr.

Aðalfarmskrá þá, sem ræðir um í 2. mgr. 33. gr. framannefndra laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra, fyrst um sinn og þar til önnur skipun verður á því gerð, senda Landsbanka Íslands.

Auk farmskráa, sem skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja skuli gera yfir útflutningsvörur, sem skipið eða farartækið hefur tekið til flutnings og koma á farmskrá, skulu skipstjórar eða farstjórar gera og afhenda tolleftirlitsmanni, áður en skipið eða farartækið leggur úr höfn, skrá yfir vörur þær, sem skipið eða farartækið hefur tekið úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu eða farartækinu sjálfu, skipverjum eða starfsmönnum og farþegum til neyzlu og notkunar í skipinu eða farartækinu.

Skipstjórar eða farstjórar eru enn fremur skyldir til að gefa tolleftirlitsmanni, ef ástæða þykir til, skýrslu um það, hvernig vörur þær, sem ræðir um í 3. mgr. þessarar greinar, hafa verið greiddar og til hvers eða hverra greiðslan hefur gengið eða á að ganga.

19. gr.

Tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, skulu láta Hagstofu Íslands í té nákvæma skýrslu um útfluttar og innfluttar vörur. Um nánari tilhögun þessara skýrslna og um fresti og tíma til sendingu þeirra til hagstofunnar fer eftir ákvörðun hagstofustjóra.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og vöruskömmtn.

20. gr.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar ákveða hvaða vörur og þjónusta skuli háð ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð. Þeir fara með verðlags-
ákvarðanir á þeim vörum og þjónustu, sem háð eru ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð, að fengnum tillögum verðgæzlustjóra, sbr. 4. gr. laga nr. 35/1950 og 1. gr. laga nr. 30/1951. Ágreiningi um verðlagsmál getur hvor forstöðumanna innflutningsskrifstofunnar, eða báðir í sameiningu, skotið til ríkisstjórnarinnar til endanlegs úrskurðar.

21. gr.

Verðgæzlustjóri skal þegar í stað birta ákvarðanir í verðlagsmálum, sem almenning varða, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda þangað til öðru vísi verður ákveðið. Ákvarðanirnar skulu birtar þannig, að þær verði almenningi kunnar á því verðlagssvæði, er þær ná til.

22. gr.

212

28. des.

Á meðan ríkisstjórnin notar heimild í lögum til að ákveða með skömmtnun hámarks magn þeirra vara, sem greiddar eru niður úr ríkissjóði, fer innflutningsskrifstofan með framkvæmd slíkrar skömmtnunar. Innflutningsskrifstofan auglýsir magn slíkra vara, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni, lætur gera skömmtnunarseðla, annast útsendingu þeirra og sker úr ágreiningi er rísa kann út af framkvæmd slíkrar skömmtnunar. Enn fremur veitir innflutningsskrifstofan móttöku þeim skömmtnunarreitum, er notaðir hafa verið við kaup á slíkum skömmtnunarvörum og gefur út vottorð um seðlaskil. Síðan skulu reitirnir ónýttir.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi, skulu hafa á hendi afhendingu til almennings á þeim skömmtnunarseðlum er að framan greinir og gera skil vegna slíkrar afhendingar, samkvæmt auglýsingu innflutningsskrifstofunnar á hverjum tíma.

Óheimilt er seljendum skömmtnunarvara, samkv. framansögðu, að veita móttöku reitum af skömmtnunarseðlum nema gegn samsvarandi magni af skömmtnunarvörum.

V. KAFLI

Um fjárfestingu.

23. gr.

Frjálst skal vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð, ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar, er allt að 520 rúmmetrum, svo og peningshús, heyhlöður, verbúðir og veiðarfærageymslur. Enn fremur eru undanþegnar fjárfestingarleyfum framkvæmdir, er kosta fullgerðar allt að 40 000 krónum í efni og vinnu.

Aðrar framkvæmdir skulu háðar fjárfestingarleyfum, er innflutningsskrifstofan veitir.

Óheimilt er byggingarnefndum í kaupstöðum og kauptúnum að leyfa að hefja framkvæmdir, sem fjárfestingarleyfi þarf til, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Enn fremur skulu byggingarnefndir, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því að framkvæmdir, sem hafnar eru án fjárfestingarleyfa, séu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þar sem byggingarnefndir starfa ekki, skulu oddvitar gæta þess, að ekki séu hafnar framkvæmdir, er háðar eru fjárfestingarleyfum, án leyfis innflutningsskrifstofunnar, svo og að framkvæmdir, sem hefja má án leyfis, séu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Byggingarnefndir og oddvitar skulu mánaðarlega senda innflutningsskrifstofunni tilkynningu um hverja þá fjárfestingarframkvæmd, sem hafin er í umdæmi þeirra og þessir aðilar áætla að kosti samtals yfir 40 000 krónur.

Innflutningsskrifstofan gefur byggingarnefndum og oddvitum nánari fyrirmæli um framkvæmd fjárfestingareftirlitsins og fyrirkomulag framangreindra skýrslugerða.

24. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal fylgjast með fjárfestingu í landinu, og skal bankinn vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Skal Framkvæmdabankinn semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast vegna þessa hlutverks.

25. gr.

Skömmtnun á byggingarefni fellur niður við gildistöku þessarar reglugerðar.

212
28. des.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara.

27. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta innflutningsskrifstofunni í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast gildi 1. janúar 1954.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. desember 1953.

Ingólfur Jónsson.

Dórhallur Ásgeirsson.

213
3. des.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnafélag Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Nesjahrepps. Heimili þess og varnarþing er Nesjahreppur í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum að veita Laxá, svo að hún eyðileggi ekki tún, engjar, beitiland og vegi jarða þeirra, er að henni liggja.

Félagið getur aukið starfsvið sitt, að því er nær til annarra vatna í sveitinni, svo sem Hornafjarðarfljóta, Hoffellsár, o. fl., og er þá opið öllum hreppsbum að ganga í það.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Árnanes, Borga, Fornustekka, Meðalfells I og II, Austurhóls, Brekkubæjar, Grundar og Bjarnarness. Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýjum jörðum, eða fella jarðir úr félagsskapnum, og er það heimilt með samþykki aðalfundar, en náist það ekki, má skjóta því atriði til úrskurðar atvinnumálaráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaganna.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn og aðrir 3 í varastjórn, er kosnir skulu til þriggja ára í senn og gengur 1 úr á ári, eftir hlutkesti fyrstu 2 árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga félagsins.

213

3. des.

5. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar fram lagður reikningur félagsins, endurskoðaður fyrir umliðið ár. Fundur er lög- mætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Til samþykktar í félagsmálum þarf einfaldan meiri hluta atkvæða fundarmanna, en til breytinga á samþykkt þessari þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða mætttra fundarmanna.

Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar ef þörf krefur, en skylt, ef einn fjórði hluti félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur þeirra jarða, er félagið tekur sér fyrir hendur að verja fyrir ágangi vatna og gildir eitt atkvæði fyrir hverja landareign. Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitarfunda.

6. gr.

Kostnaði við viðhald og umbætur varnargarða þeirra og annarra mannvirkja, sem gerð verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna og einnig eftir hagsbótum þeim, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunni eftir mati þriggja manna, er félagið kys til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð tveggja þar til dómkvaddra manna og að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum.

Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatnaágangi og skal þá jafna kostnaði á félagsmenn á sama hátt, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur annars staðar að.

7. gr.

Formaður félagsstjórnar hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hann skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur. Skal hann í samráði við meðstjórnendur sína annast um, að gert verði við bilanir, svo fljótt sem auðið er, svo fyrirhleðslan sé jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega, af þar til hæfum manni, að tilhlutun formanns, og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra).

8. gr.

Allan sameiginlegan kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægilegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin lögtaki.

Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar, er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurjöfnuðum gjöldum félagsmanna. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Nú telur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé á umbót á varnargörðum eða nýrra mannvirkja, frekar en félagsstjórn hefur áformað, og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu um það að láta framkvæma það verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur og ástæður leyfa.

213

3. des.

10. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 4. gr., enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50 til 500 kr., er renna í félags-sjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætta opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 3. desember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

214

28. des.

AUGLÝSING

um bann gegn hundahaldi í Grímseyjarhreppi.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur hinn 12. þ. m., samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Grímseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Grímseyjarhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. desember 1953.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

HAFNARREGLUGERÐ

215

7. des.

fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði.

I. KAFLI**Takmörk hafnarinnar.**

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að vestan Suðurfjörður, frá Hornafjarðarósi inn að Melatanga. Þaðan hugsuð lína beint í Leiðarhöfða. Þaðan takmarkast höfnin af strandlengjunni sunnan Hafnarkauptúns austur á Heppu, þaðan beina línu í syðsta tanga Ægissíðu og þaðan á austasta tanga á henni. Þaðan eru takmörkin beina línu austast í Mikley út í Austurfjörur, þaðan eftir Austurfjörinni vestur að Hornafjarðarósi.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar.**

2. gr.

Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af hreppsnefnd Hafnarhrepps að afloknum hreppsnefndarkosningum, á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir. Varamenn skulu kosnir jafnmargir og á sama hátt. Nefndin kys sér sjálf formann.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil undir yfirumsjón hreppsnefndar.

4. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Hafnarhrepps. Skal honum varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru gerð. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxtast, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðru fé hreppsins.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert, skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

III. KAFLI**Almennar reglur.**

5. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, er hún setur, til þess að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

215

7. des.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu á. Álitni hafnarnefnd, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar í hvert sinn.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis í höfnina seglfestu, ösku, fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði, er valdið getur grynnkun eða skemmdum á hafnarvæðinu.

Ekki má taka seglfestu í landi hafnarinnar eða landi einstakra manna á hafnarvæðinu, nema að fengnu leyfi hafnarnefndar og þeirra, er landið kunna að eiga.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, þetta eldri skip eða framkvæma viðgerðir á þeim á annan hátt, nema leyfi hafnarnefndar komi til. Einnig þarf leyfi hafnarnefndar til þess að leggja skipum í fjörur hafnarinnar. Báta, sem ekki eru notaðir að jafnaði, má ekki geyma á stöðum, þar sem þeir eru, að dómi hafnarnefndar eða lögreglustjóra, til óþrifnaðar eða óþæginda.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra um höfnina.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að það tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða starfsmanna hennar um það, hvar þau skulu leggjast.

Ekki má leggja skipum og bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé, að dómi hafnarnefndar, nægilegt og gott rúm fyrir önnur skip að komast að og frá, né heldur má leggja netum eða duflum svo nálægt bryggjum, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

10. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannláus við festar á höfninni, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti fyrirskipunum hafnarstarfsmanna og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

11. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Hornafirði eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um

höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legufæri þeirra skulu lögð. **215**
Enginn má flytja legugögn báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er 7. des.
eiganda þeirra að taka þau upp, án leyfis hafnarinnar.

13. gr.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipunum hafnarnefndar eða umsjónarmanns, um að flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

14. gr.

Eigi má festa skipum við uppfyllingar eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða uppfyllingum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að úr því sé bætt tafarlaust. Skytt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju eða uppfyllingar.

15. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Ekki er leyfilegt að fara nema hæga ferð (3 sjómílar á klukkustund) um leiðina út og inn frá Mikleyjarál að bryggjum. Einnig er hátum og skipum stranglega bannað að mætast eða fara hvort fram úr öðru á nefndri leið.

16. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Notkun á hafnarbryggjum og geymsluhúsum.

17. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjunni, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip koma að bryggjunni.

18. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem afferma eða ferma við bryggjur eða uppfyllingar, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

19. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd láta gera það á þeirra kostnað.

215

7. des.

Deir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burtu vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess. Hafnarnefnd getur heimtað gjald eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarinnar.

21. gr.

Fyrir geymslu á vörum eða varningi í húsum hafnarinnar, sem til þess eru sérstaklega ætluð og ekki eru leigð öðrum með samningum, skal eigandi eða umráðamaður varningsins greiða gjald, er í hvert sinn ákveðst af hafnarnefnd. Gjald þetta skal greitt áður en varningurinn er fluttur úr húsum hafnarinnar.

VI. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

22. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né heldur breyta eða auka við þau mannvirki, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til úrskurðar samgöngumálaráðuneytisins. Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hættu stafi af því.

23. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingar einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt, næst eiganda.

24. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna og félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, getur hafnarnefnd krafizt að sé umsjónarmaður, sem hún tekur gildan.

25. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld.

26. gr.

Öll skip, 12 smálestir og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Hornafjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, vitaskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

Hafnargjöld reiknast af brúttóstærð skipa og í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

27. gr.

215

Hafnargjaldskrá.

7. des.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Hafnarkauptúni og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 3 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 60 krónur. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 20 aura af hverri brúttósmálest í hvert sinn er þau koma í höfnina úr millilandasiglingu. Lægsta gjald skal þó vera 10 krónur.
- b. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 20 aura af hverri brúttósmálest í hvert sinn, er þau leggjast í höfnina.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 40 aura af hverri brúttósmálest.

VIII. KAFLI

Um bryggjugjöld og festargjöld.

28. gr.

1. Gjöld af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða uppfyllingu eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en broti skal sleppt. Greiða skal gjaldið fyrir hvern sólarhring, en hluti úr sólarhring telst sem heill. Undanþegin bryggjugjaldi eru varðskip, herskip og vísindaleg rannsóknarskip.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af öllum aðkomuskipum greiðast 20 aurar af hverri nettó smálest. Minnsta gjald skal þó verta 10 krónur.
- b. Bátar og skip, heimilisföst í Hafnarkauptúni, að stærð 10 smalestir og þar yfir, greiði 6 krónur af hverri nettó smálest á ári. Minni bátar greiði 5 kr. á ári.

Skip, heimilisföst í Hafnarkauptúni, sem stunda millilandasiglingar, greiði þá auk þess bryggjugjald eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur.

- c. Fyrir sérstaka notkun á hafnarbryggjum eða uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, sildarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja um við viðkomandi aðila.

2. Gjald af bryggjum einstakra manna eða félaga:

Bryggjueigendur greiði ekkert bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum, sem stunda sjávarútveg frá Höfn og leggja aflla sinn upp á bryggjur þeirra og taka vistir sínar og aðrar nauðsynjar til eigin notkunar.

Um önnur skip gilda sömu ákvæði og tilgreind eru í fyrsta lið þessarar greinar og renna gjöld öll til hafnarsjóðs.

29. gr.

Skip og bátar, önnur en herskip, varðskip og vísindaleg rannsóknarskip, sem nota bryggjufestar, sem hafnarsjóður á, skulu greiða 4 aura af hverri nettósmálest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur á sólarhring.

IX. KAFLI
Vörugjald.

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar voru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Af vörum, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

32. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo ákveðið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta og skipa, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur, sem ekki er á farmskrá.
- d. Vörur og tæki til hafnarinnar.

33. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeingu telst heil. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða skipaafgreiðslan skyld að láta starfsmönnum hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur heppilegast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald er af.

Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem samanstendur í skránni, ef móttakandi eða sendandi hér er einn og sami aðili.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 50 aura.

Ef vafi leikur á því, í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, skal oddviti skera úr, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

35. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, tilbúinn áburður, fóðurvörur, síldarmjöl, garðávextir, beitusíld, ísaður fiskur til útflutnings.
2. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:
Allar kornvörur fluttar í sekkjum, bárujárn, steypustyrktarjárn, kjöt, gætur, saltaðar húðir, ull, saltfiskur, hraðfrystur fiskur, hessian, síldar- og þorskanet, kaðlar, lýsi í tönkum.
3. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Þurr saltfiskur, skreið, bifreiðar og önnur vélknúin tæki og aðrar vélar.
4. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Einnig aðrar þyngdarvörur, sem ekki eru tilgreindar annars staðar.

Nýlenduvörur, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir, tóbak, blikkvörur, raf- 215
magnsvörur, vefnaðarvörur, skotfæri, sprengiefni, kvikmyndir, viðtæki og allar 7. des.
smávörur.

5. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:

Olía og benzín, flutt á tönkum.

6. flokkur.

Olía og benzín flutt í tunnum kr. 4.00 fyrir hverja tunnu.

Lýsi flutt í tunnum — 4.00 — — —

Síld flutt í tunnum — 2.00 — — —

Hrogn flutt í tunnum — 2.00 — — —

Garnir hreinsaðar fluttar í tunnum — 2.00 — — —

Saltkjöt: ½ tn. kr. 3.00; ¼ tn. kr. 2.00; ¼ tn. kr. 1.50.

Stórgripir: kr. 10.00 fyrir hvern grip.

Kindur: kr. 2.00 fyrir hvern grip.

Endursendar umbúðir:

Stálföt kr. 2.00 fyrir hvert fat.

Stokktunnur kr. 1.00 fyrir hverja tunnu.

Kassar frá öli og gosdrykkjum kr. 0.50 fyrir hvern kassa.

7. flokkur. Timbur og aðrar vörur eftir máli, kr. 0.40 á teningsfet. Minnsta gjald
kr. 1.00.

Aflagjald.

Bátar og skip, sem leggja upp afla sinn á Hornafirði, greiði kr. 4.00 fyrir smálest
af fiski miðað við slægðan fisk með haus; kr. 6.00 á smálest af saltfiski; kr. 0.50 fyrir
uppsaltaða síldartunnu eða mál.

36. gr.

Ljósagjald.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 1. maí og lestagjöld
greiða, skulu greiða í ljósagjöld 5 auru af hverri brúttósmálest, þó aldrei minna en
kr. 5.00 í hvert skipti. Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru
greiðslu lestagjalds.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

37. gr.

Gjalddagi lestagjalds (hafnargjalda) er, þegar skipið hefur lagzt á höfnina,
gjaldldagi bryggjugjalda þegar skip hefur lagzt við bryggju eða skip, og gjaldldagi
vörugjalda, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, ef um aðfluttar
vörur er að ræða. Sé um fráfluttar vörur að ræða, fellur vörugjald af þeim í gjald-
daga þegar vörurnar eru komnar á farmskrá skipsins.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

38. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds (hafnargjalda) og bryggjugjalds.
Eigandi skips ber þó alltaf ábyrgð á greiðslu allra gjalda samkvæmt reglugerð
þessari.

Móttakandi ábyrgist vörugjald af aðfluttum vörum, en sendandi af fráfluttum
vörum, annars skipstjóri, ef farmur skips er ekki skráður. Hafnarsjóður hefur halds-
rétt í skipum fyrir skipagjöldum, en í vörum fyrir vörugjöldum, unz gjöldin eru að
fullu greidd.

7. des. Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvor aðili fyrir sig getur krafizt yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að undirmati var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en 10%. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

41. gr.

Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

42. gr.

Enginn má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða samkvæmt reglugerð þessari.

43. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi. Ef stýrimaður er heldur ekki við, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggir við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 36 3. marz 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMPYKKTIR

216
22. des.

fyrir sparisjóð Kirkjubóls- og Fellshreppa.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Kirkjubóls- og Fellshreppa, og skal heimili hans og varnarþing vera innan Kirkjubóls- eða Fellshrepps í Strandasýslu.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnar-umdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

Sérhver ábyrgðarmaður undirritar skuldbindingu um að ábyrgjast, að sparisjóðurinn standi í skilum og að svara allt að kr. 250.00 hver, ef nauðsyn krefur til tryggingar því.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinn þriðji af sýslunefnd Strandasýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til 3 ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 3 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 3 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn eða sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að bæjarstjórn eða sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

216

22. des.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarari.

Féhirðir má veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðs-stjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti 2 á ári og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 4 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færirst inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu

yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að 216
samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athug- 22.* des.
unar á skrifstofu sparisjóðsins, og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef
þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann
leggur inn í hana í fyrsta skipti.

- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 100 000.00 kr.
- f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 2 000.00 til kr. 5 000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 5 000.00 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki vedhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við

216 samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal 22. des. það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsparfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð.
- b. Með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{3}{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.
- c. Með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álitur trygga.
- d. Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum; vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

216

22. des.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðsefirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marz mánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok.
2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreint tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins.
3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokinn og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

216

22. des.

28. gr.

22. des. Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignarveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueigenda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Strandasýslu með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðaeftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

32. gr.

Skyllt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og verðbréfaeign hans að minnsta kosti einu sinni á ári.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir-mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasemdemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmanaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

216

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðaeftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 22. desember 1953.

Ingólfur Jónsson.

Yngvi Ólafsson.

REGLUGERÐ

217

um löggilta endurskoðendur.

30. des.

I. KAFLI**Löggilding.**

1. gr.

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunarstarfa þeim, sem fullnægir þessum skilyrðum:

- a. Er svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt þeim starfa;
- b. er 25 ára gamall;
- c. er íslenzkur ríkisborgari;
- d. er búsettur hér á landi;
- e. er lögráða og hefur forræði fjár síns;
- f. hefur óflekkað mannorð;
- g. hefur lokið prófraun samkvæmt reglugerð þessari eða fengið undanþágu frá prófraun;
- h. hefur ekki á hendi starf og rekur ekki atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega starfa löggilts endurskoðanda.

Umsókn um löggildingu skal senda ráðherra ásamt skilríkjum fyrir því, að umsækjandi fullnægi skilyrðum 1. mgr.

2. gr.

Endurskoðandi skal fá skirteini, sem ráðherra gefur út, um löggildingu sína. Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða 500 krónur í ríkissjóð.

II. KAFLI**Próf.**

3. gr.

Ráðherra skipar 3 menn í prófnefnd, sem heldur próf það, sem mælt er í g-lið, sbr. þó 6. gr., og skulu 2 prófnefndarmanna jafnan vera löggiltir endurskoðendur.

217 Nefndin skal skipuð til 9 ára, þó þannig að eftir 3 ár gengur einn nefndarmanna,
 30 des. þeirra er fyrst eru skipaðir, úr nefndinni samkvæmt hlutkesti, og annar eftir 6 ár. Nefndin kýs sér sjálf formann til þriggja ára. Haldast skal skipun núverandi prófnefndarmanna.

Prófnefnd ákveður hvenær próf skuli haldin.

4. gr.

Engum er heimilt að þreyta prófraun endurskoðenda, nema hann hafi unnið 3 ár samtals endurskoðunarstörf undir stjórn löggilts endurskoðanda. Ráðherra getur, að fengnum tillögum prófnefndar, veitt undanþágu frá þessu ákvæði manni, sem unnið hefur 3 ár að endurskoðun án handleiðslu löggilts endurskoðanda eða störf, sem jafna má til endurskoðunar.

Áður en endurskoðandi gengur undir próf, skal hann afhenda prófnefnd vottorð ráðherra um, að hann fullnægi skilyrðum a—f-liðs 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

Próf endurskoðenda skal vera bæði bóklegt og verklegt.

A. Bóklegt próf.

Prófa skal í þessum greinum:

- a. **Endurskoðun.** Prófmaður skal kunna nákvæm skil á reikningslegri og gagnrýnandi endurskoðun, tilgangi endurskoðunar og aðferðum við framkvæmd hennar.
- b. **Skattskilum.** Prófmaður skal þekkja íslensk lög og reglur um skatta og útsvör, framkvæmd stjórnvalda á þessum réttarreglum og þær úrlausnir dómstóla í skatta- og útsvarsmálum, sem telja má hafa almenna þýðingu.
- c. **Reikningshaldi.** Prófmaður skal hafa nákvæma þekkingu á bókhaldi og reikningsskilum, eðli þeirra og tilgangi, íslenskum réttarreglum um þessi efni, svo og þeim meginreglum, sem í viðskiptalífínu er fylgt og beita má um reikningskil. Þá skal hann og kunna að skipa bókhaldi og reikningsskilum á þann veg, að auðvelt sé að framkvæma verðákvæðanir og hvers konar rekstrareftirlit. Loks skal prófmaður vita nákvæm skil á eðli og tilgangi verðreiknings og þeim aðferðum, sem í viðskiptalífínu er beitt við verðákvörðun.
- d. **Þjóðhagfræði.** Prófmaður skal þekkja grundvallaratriði þjóðhagfræðinnar og kunna nokkur skil á skýringum nútímahagfræði á verðmyndun, bæði að því er varðar myndun verðs einstakra vörutegunda og einstakra framleiðsluþátta við mismunandi markaðsskilyrði. Hann skal og kunna skil á helztu atriðum peningamála og stefnum, sem fylgt er, að því er þau varðar, myntkerfum og bankastarfsemi. Þá skal hann hafa öðlzt þekkingu á millirikjaverzlun og stefnum í verzlunar- og gjaldeyrismálum. Loks skal hann þekkja einföldustu lögmál hagsveiflna.
- e. **Rekstrarhagfræði.** Prófmaður skal þekkja tegundir og form helztu fyrirtækja og fyrirtækjasambanda. Hann skal hafa öðlzt þekkingu á helztu meginatriðum, að því er varðar stofnun, staðarval, skipulagningu og fjármögnun fyrirtækja, þ. á m. leiðum til fjáröflunar, sameiningu og fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, lögmálum framleiðslu og framleiðslukostnaðar, þ. á m. skiptingu hans á einstakar afurðir, þýðingu verkaskiptingar, ýmsum launakerfum, aðalatriðum í sambandi við sölu fyrirtækja og verðstefnum. Loks skal prófmaður kunna skil á mati eigna og fyrirtækja.
- f. **Viðskiptareikningi og tölfræði.** Prófmaður skal þekkja helztu atriði verðreiknings, vixlareiknings og vaxtareiknings. Þekkja skal prófmaður og form

lánveitinga hér á landi, þ. á m. lána með jöfnum greiðslum samanlagðra afborgana og vaxta (annuitetslána) og lána með jöfnum afborgunum. Hann skal og þekkja helztu hagskýrslur, sem gefnar eru út hér á landi. Loks er krafizt þekkingar á einföldustu grundvallaratriðum tölfræði, svo sem töflugerð, línuritum, meðaltölum, hlutfallstölum og vísitölum.

- g. Lögfræði. Prófmaður skal kunna góð skil á meginreglum kröfuréttar, svo sem á reglum um stofnun, efni og lok kröfuréttinda, og reglunum um vanefndir kröfuréttinda og aðilaskipti að þeim. Þá skal hann geta gert grein fyrir meginreglum um viðskiptabréf, þ. á m. reglunum um vixla og tékka, og um lausafjárkaup og farmsamninga og þekkja meginatriði félagsréttar. Enn fremur skal hann geta skýrt frá meginreglum um afsalsgerninga að fasteignum og um þinglýsingar og kunna skil á helztu reglum um gjaldþrotaskipti og nauðasamninga. Prófið skal vera skriflegt.

B. Verklegt próf.

Til þess að sýna nauðsynlega verklega þekkingu á bókhaldi og endurskoðun skal prófmaður líka 4 verkefnum, er prófnefnd leggur fyrir hann. Prófnefnd er þó með samþykki prófmanss heimilt að fá honum til úrlausnar einungis 2 eða 3 verkefni, en taka í þess stað við 1 eða 2 skýrslum hans um úrlausnir hans á bókhaldsverkefnum eða endurskoðunar í starfi hans, er m. a. lytu að bókhaldskerfi, framkvæmd almennrar endurskoðunar, tilhögun endurskoðunar hjá tilteknu fyrirtæki, framkvæmd gagnrýninnar endurskoðunar (t. d. gagnrýni efnahagsreiknings) eða efnahagsyfirliti til afnota við nauðasamninga. Slíkum skýrslum skal fylgja greinargerð prófmanss um skoðun hans sjálfs á úrlausnarefninu, svo og skilríki fyrir því, að hann hafi án aðstoðar annarra samið skýrslurnar og unnið verk það, sem um er að tefla. Prófnefnd krefur prófmann skýringa á skýrslum hans, eftir því sem hún telur þurfa.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum prófnefndar að veita undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá prófraun manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis.

Nú hefur prófmaður lokið prófi í Háskóla Íslands í fræðigrein, og er hann þá undanþeginn prófi, að því er þá fræðigrein varðar. Ráðherra getur að fenginni umsögn prófnefndar veitt undanþágu frá prófi í fræðigrein, sem prófmaður hefur lokið háskólaprófi í erlendis.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja prófraun endurskoðenda, og skulu þar kenndar greinir þær, er getur í a-lið 5. gr.

Ráðherra ræður kennara til þess að annast kennslu á námskeiðum þessum og setur að fengnum tillögum prófnefndar nánari reglur um kennsluna og tilhögun námskeiðanna, svo og um það, hvaða skilyrðum skuli fullnægt, til þátttöku í námskeiðunum, þ. á m. um greiðslu kennslugjalds.

Kennarar, sem kennslu annast á námskeiði, prófa endurskoðendur hver í sinni grein, en tveir prófnefndarmanna, er prófnefnd nefnir, skulu vera prófdómarar.

7. gr.

Við próf skulu gefnar einkunnir samkvæmt einkunnarstiga Örsteds, ein einkunn fyrir hverja grein bóklegra prófsins og fjórar einkunnir fyrir verklega prófið. Til þess að standast prófið þarf prófmaður að hljóta $5\frac{2}{3}$ stig í meðaleinkunn í hinum bóklegra og verklega hluta prófsins hvorum um sig.

Nú stentz prófmaður eigi prófið, og er honum þá eigi heimilt að þreyta prófraun af nýju, fyrr en almennt próf endurskoðenda er haldið næst á eftir, þó eigi fyrr en að ári liðnu.

217
30. des.

III. KAFLI Réttindi og skyldur.

8. gr.

Endurskoðandi, sem fær löggildingu, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og halda lög og reglur, sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

9. gr.

Þeim einum, sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar, er heimilt að nefnast „löggiltur endurskoðandi“. Bönnuð er notkun starfsheitis, sem til þess er fallin að valda því, að maður sé talinn vera löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

10. gr.

Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem leynt á að fara.

11. gr.

Löggiltur endurskoðandi má starfa, hvar á landi, sem er.
Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra, hvar þeir hafi skrifstofur.

12. gr.

Löggiltum endurskoðanda er skylt að vinna störf, sem honum eru falin, með kostgæfni og nákvæmni og svo fljótt sem auðið er. Álit sitt og niðurstöður skal hann byggja á nákvæmri rannsókn og athugun á öllum þeim gögnum, sem fánleg eru, enda er aðilum, er hlut eiga að máli, skylt að veita endurskoðanda allar upplýsingar, sem hann telur nauðsynlegar og varða framkvæmd starfa hans.

Löggiltur endurskoðandi getur ekki — með sömu verkun og endranær — framkvæmt endurskoðun hjá þeim stofnunum, einstaklingum eða félögum, þar sem skyldleiki hans eða persónulegur hagnaður getur haft áhrif á álit hans eða úrskurð, og sker ráðherra úr, ef ágreiningur kann að rísa um þetta atriði.

13. gr.

Löggiltir endurskoðendur mega ekki hafa fleiri aðstoðarmenn en svo, að þeir geti fylgt nákvæmlega starfi þeirra, og bera þeir fulla ábyrgð á störfum aðstoðarmanna.

14. gr.

Nú ákveður dómari, að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara, og skal þá til þess starfs kveðja löggiltan endurskoðanda, ef hans er þar kostur.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

15. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum félags löggiltra endurskoðanda, hvort endurskoðunarstarf er samrýmanlegt öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra, og hefur endurskoðandinn þá fyrirgert löggildingu sinni.

16. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, sbr. 15. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. En veita má ráðherra honum, að fengnum tillögum prófnefndar, löggildingu af nýju, ef hann síðar fullnægir til þess lagaskilyrðum, að dómi ráðherra.

217

30. des.

17. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni eftir kröfu ákærvalds undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra, og skal sakarefnið þá borið undir dómstóla, og fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi, unz dómur gengur.

18. gr.

Allan kostnað af framkvæmd reglugerðar þessarar skal greiða úr ríkissjóði, þ. á m. kostnað við námskeið og þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða allt að 10000 króna sektum til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um löggilta endurskoðendur, nr. 89 1953, og öðlast hún þegar gildi. Ákvæði 1. mgr. 4. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en ári eftir gildistöku nefndra laga.

Reglugerð um próf löggiltra endurskoðenda, verksvið þeirra o. fl., nr. 18 frá 27. marz 1929, er úr gildi numin.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. desember 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gunnlaugur E. Briem.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla, Dalasýslu.

218

30. des.

Samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna 16. september 1952.

1. Fjósar	12.61 %
2. Hrappsstaðir	9.00 —
3. Hjarðarholt	2.19 —
4. Spágilsstaðir	1.35 —
5. Goddastaðir	3.95 —
6. Lambastaðir	4.74 —
7. Gillastaðir	3.77 —
8. Sámstaðir	7.90 —
9. Hamrar	0.98 —

218 30. des.	10. Svalhöfði	3.00 %	
	11. Sólheimar	0.63 —	
	12. Pálssel	3.30 —	
	13. Dönustaðir	9.98 —	
	14. Gröf	1.83 —	
	15. Svarfhóll	4.59 —	
	16. Þrándargil	2.40 —	
	17. Leiðólfstaðir	3.45 —	
	18. Hornsstaðir	0.56 —	
	19. Höskuldsstaðir	4.22 —	
	20. Sauðhús	12.06 —	
	21. Saurar	7.49 —	
			Alls 100.00 %

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

219

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands 1952.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1952	kr.	590 123,79
2. Minningagjafir 1952	—	626,00
3. Samúðarskeyti Landssímans	—	65 212,71
4. Endurgreiddir sjúkrastyrkir	—	1 715,00
		— 67 553,71
5. Vextir greiddir á árinu	—	30 220,41
6. Útdregin verðbréf:		
a. Veðdeildarbréf Landsbankans	kr.	8 000,00
b. Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar 1943 ..	—	5 000,00
c. Byggingars.v.fél. starfsm. stjórnarr. VI. fl. —	—	3 000,00
		— 16 000,00
Samtals		kr. 703 897,91

Gjöld:

1. 7 styrkveitingar til sjúklinga	kr.	32 992,00
2. Önnur útgjöld á árinu	—	6 060,90
3. Til jafnaðar tekjulið 6	—	16 000,00
4. Eign í árslok:		
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr.	950,00
b. Innanríkislán 1941	—	40 000,00
c. Veðdeildarbréf Landsbankans	—	101 000,00
d. Skuldabréf Siglufjarðarkaupst. 1943	—	15 000,00
e. Byggingarsamv.fél. starfsm. stjórnarráðsins	—	67 000,00
f. Söfnunarsjóðsinnstæður, útb.	—	267 117,62

g. Bankainnstæður	kr. 129 091,29	
h. Hjá gjaldkera sjóðsins	— 28 686,10	
		kr. 648 845,01
	Samtals	kr. 703 897,91

Steinunnar-arfur.**T e k j u r :**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1952	kr. 7 601,49
2. Leiga eftir ½ jörðina Haga í Skorradal	— 152,00
3. Vextir:	
a. Söfnunarsjóður 1951	kr. 253,78
b. Landsbankinn 1952	— 65,84
	— 319,62
	Samtals
	kr. 8 073,11

G j ö l d :

1. Eign í árslok:	
a. ½ jörðin Hagi í Skorradal	kr. 1 050,00
b. Í Söfnunarsjóði	kr. 5372,43
b. Í Landsbankanum	— 1650,68
	— 7 023,11
	Samtals
	kr. 8 073,11

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.**T e k j u r :**

1. Eign 1. janúar 1952	kr. 5 444,01
2. Vextir og vaxtabætur Söfnunarsjóðs 1951	— 268,24
	Samtals
	kr. 5 712,25

G j ö l d :

1. Eign í árslok:	
Í Söfnunarsjóði	kr. 5 712,25
	Samtals
	kr. 5 712,25

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elisabet, Sveinbjörn og Steinunni.**T e k j u r :**

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr. 5 895,07
2. Vextir 1951 í Söfnunarsjóði	— 282,96
	Samtals
	kr. 6 178,03

G j ö l d :

1. Eign í árslok:	
Í Söfnunarsjóði, útborgunard. nr. 411	kr. 6 178,03
	Samtals
	kr. 6 178,03

219

Minningargjöf um Hans Wium sýslumann.

T e k j u r :

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr.	3 052,38
2. Vextir í Landsbanka Íslands	—	233,57

Samtals kr. 3 285,95

G j ö l d :

1. Eign í árslok:		
a. Landsbankinn, ársinnstæða nr. 556	kr. 3 114,33	
b. Landsbankinn, sparisjóðsbók nr. 9009	— 171,62	
	<hr/>	kr. 3 285,95

Samtals kr. 3 285,95

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

T e k j u r :

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr.	6 260,31
2. Vextir:		
a. Í Landsbankanum, ársinnstæða	kr. 461,28	
b. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók	— 11,03	
c. Í Útvegsbankanum, viðskiptabók	— 6,26	
	<hr/>	— 478,57

Samtals kr. 6 738,88

G j ö l d :

1. Eign í árslok:		
a. Landsbankinn, ársinnstæða nr. 557	kr. 6 335,93	
b. Landsbankinn, sparisjóðsbók nr. 9011	— 262,47	
c. Útvegsbankinn, viðskiptabók nr. 14350	— 140,48	
	<hr/>	kr. 6 738,88

Samtals kr. 6 738,88

Minningargjöf um Vigfús G. Melsteð.

T e k j u r :

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr.	4 028,32
2. Vextir í Landsbankanum af ársinnstæðu	—	223,86

Samtals kr. 4 252,18

G j ö l d :

1. Eign í árslok:		
Í Landsbankanum	kr.	4 252,18

Samtals kr. 4 252,18

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

219

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr.	13 394,79
2. Vextir:		
a. Í Landsbankanum af ársinnstæðu	kr. 1 012,46	
b. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók	— 23,16	
		<u>1 035,62</u>
	Samtals kr.	14 430,41

Gjöld:

1. Eign í árslok:		
Í Landsbankanum	kr.	14 430,41
	Samtals kr.	14 430,41

Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr.	11 168,61
2. Vextir í Landsbanka Íslands	—	868,97
		<u>12 037,58</u>
	Samtals kr.	12 037,58

Gjöld:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1953:		
Í Landsbankanum	kr.	12 037,58
	Samtals kr.	12 037,58

Minningargjöf Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr.	76 204,51
2. Vextir í Landsbanka Íslands	—	54,52
		<u>76 259,03</u>
	Samtals kr.	76 259,03

Gjöld:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1953:		
a. Innanríkislán Sogsvirkjunarinnar 1951	kr.	75 000,00
b. Innstæður í Landsbanka Íslands	—	1 259,03
		<u>76 259,03</u>
	Samtals kr.	76 259,03

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1952	kr.	16 717,89
2. Vextir í Landsbanka Íslands	—	362,69
		<u>17 080,58</u>
	Samtals kr.	17 080,58

219

Gjöld:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1953:			
a.	Innanríkislán Sogsvirkjunarinnar 1951	kr.	10 000,00
b.	Innstæður í Landsbanka Íslands	—	7 080,58
			<hr/>
		Samtals kr.	17 080,58

Reykjavík, 6. janúar 1953.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikning þennan og borið hann saman við tilheyrandi fylgiskjöl, og höfum ekkert við hann að athuga.

Ásta Magnúsdóttir. S. Brynjólfsdóttir.

220

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS

Ársreikningur 1952.

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. des. 1952.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a.	Fasteignaveðslán	kr.	5 974 965.28
b.	Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1 574 851.50
c.	Sveitarstjórnarlán	—	2 102 071.40
d.	Reikningslán	—	10 286 083.16
			<hr/>
		kr.	19 937 971.34
2.	Víxlar	—	50 542 941.75
3.	Lán í hlaupareikningi	—	13 999 986.63
4.	Verðbréf	—	16 609 534.21
5.	Innanstokksmunir	—	351 700.09
6.	Fasteignir	—	3 125 000.00
7.	Veðdeild	—	1 107 921.80
8.	Ræktunarsjóður	—	2 407 561.47
9.	Nýbýlasjóður	—	27 121.30
10.	Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	1 579 806.76
11.	Innheimtur	—	1 091 159.05
12.	Ýmsir skuldunautar	—	635 108.62
13.	Innleystir tékkar	—	794 183.96
14.	Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	9 266 943.60
			<hr/>
		Kr.	121 476 940.49

Skuldir:

1.	Innstæða í sparisjóði	kr.	77 731 363.54
2.	— á skirteinum	—	5 844 617.78
3.	— í hlaupareikningi	—	23 547 684.98
4.	— í reikningslánnum	—	43 805.21
5.	Byggingarsjóður	—	643 669.12
6.	Smábýladeild	—	285 339.32

7. Ýmsir kröfuhafar	kr.	1 278 490.92	220
8. Ábyrgðir	—	1 579 806.76	
9. Afskriftareikningur	—	1 200 000.00	
10. Fyrningarsjóður fasteigna	—	40 000.00	
11. Varasjóður	—	8 434 534.55	
12. Flyzt til næsta árs:			
Fyrir fram greiddir vextir	—	847 628.31	
		<hr/>	
		Kr. 121 476 940.49	

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1952.

Tekjur:

1. Vextir frá fyrra ári	kr.	623 347.73
2. Forvextir af vixlum	—	3 861 492.68
3. Aðrir vextir	—	3 034 013.77
4. Ýmislegar tekjur	—	793 398.25
		<hr/>
		Kr. 8 312 252.43

Gjöld:

1. Vextir	kr.	3 777 988.21
2. Rekstrarkostnaður	—	2 026 384.80
3. Aukatillag til eftirlaunasjóðs	—	50 000.00
4. Afskrifað af fasteignum og áhöldum	—	743 944.48
5. Fært á afskriftareikning	—	208 260.90
6. Til varasjóðs	—	658 045.73
7. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	847 628.31
		<hr/>
		Kr. 8 312 252.43

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. des. 1952.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán	kr.	4 931 365.28
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1 033 051.50
c. Sveitarstjórnarlán	—	2 102 071.40
d. Reikningslán	—	9 032 345.24
		<hr/>
	kr.	17 098 833.42
2. Vixlar	—	45 900 846.75
3. Lán í hlaupareikningi	—	13 957 565.84
4. Verðbréf	—	16 521 884.21
5. Innanstokksmunir	—	350 000.00
6. Innheimtur	—	1 091 159.05
7. Fasteignir	—	3 020 000.00
8. Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	1 579 806.76
9. Veðdeild	—	1 107 921.80
10. Ræktunarsjóður	—	2 407 561.47
11. Nýbýlasjóður	—	27 121.30
12. Ýmsir skuldunautar	—	553 312.06

220 13.	Innleystir tékkar	kr.	794 183.96
14.	Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	8 531 724.65

Kr. 112 941 921.27

Skuldir:

1.	Innstæða í sparisjóði	kr.	71 075 069.60
2.	— á viðtökuskírteinum	—	5 734 044.23
3.	— í hlaupareikningi	—	23 061 872.36
4.	— í reikningslánnum	—	35 511.65
5.	Útibú á Akureyri	—	47 119.74
6.	Ábyrgðir	—	1 579 806.76
7.	Byggingarsjóður	—	643 669.12
8.	Smábýladeild	—	285 339.32
9.	Ýmsir kröfuhafar	—	1 278 490.92
10.	Afskriftareikningur	—	1 200 000.00
11.	Varasjóður	—	7 334 534.55
12.	Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	—	666 463.02

Kr. 112 941 921.27

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1952.

Tekjur:

1.	Vextir frá fyrra ári	kr.	485 474.11
2.	Forvextir af vixlum	—	3 269 719.91
3.	Aðrir vextir	—	3 034 013.77
4.	Ýmislegar tekjur	—	719 334.49

Kr. 7 508 542.28

Gjöld:

1.	Vextir	kr.	3 484 044.24
2.	Rekstrarkostnaður	—	1 817 869.76
3.	Aukatillag til eftirlaunasjóðs	—	50 000.00
4.	Afskrifað af fasteignum og áhöldum	—	743 944.48
5.	Fært á afskriftareikning	—	208 260.90
6.	Til varasjóðs	—	537 959.88
7.	Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	—	666 463.02

Kr. 7 508 542.28

Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1952.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánnum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr.	1 043 600.00
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	541 800.00
	c. Reikningslán	—	1 253 737.92
			<hr/>
2.	Vixlar	kr.	2 839 137.92
		—	4 642 095.00

3. Lán í hlaupareikningi	kr.	42 420.79	220
4. Ýmsir skuldunautar	—	81 796.56	
5. Innanstokksmunir	—	1 700.00	
6. Fasteignir	—	105 000.00	
7. Verðbréf	—	87 650.00	
8. Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	782 338.69	

Kr. 8 582 138.96

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði	kr.	6 656 293.94
2. — á viðtökuskirteinum	—	110 573.55
3. — í hlaupareikningi	—	485 812.62
4. — í reikningslánnum	—	8 293.56
5. Fyrningarsjóður fasteigna	—	40 000.00
6. Varasjóður	—	1 100 000.00
- 231** Samkvæmt tilkynningu 15. október 1948, er merkið skrásett í Hague 28. október 1948 fyrir gervitrefjar, garn og tvinna, einnig blandað eðlilegum trefjum, garni og tvinna, gervistrá, hár og svinsburstir, plast, svo og hluti og vörur úr ofangreindum efnum, efni og prjónafatnað, flóka, gerviloðfeldi, fatnað, rúmfatnað, borðdúka og þurrkur úr hör, heimilisvarning, kjóhlifur, gerviblóm, höfuðföt, hanzka, skóhlifur, belti og hálsklúta, bendla, borða, blúndur, strengi, bönd, blúnda blúnduverk, fléttuverk, hannyrðir, bryddingar, snúrur, dúska og kögur, borðdúka, stigateppi, sófaábreiður, veggábreiður, gluggatjöld, blúndugardinur og net, brekán, rúmábreiður, bólsturáklæði og gólfábreiður úr vefnaði eða plasti, fána og merki, segl, striga, oliuklæði, klæði notuð í tæknilegu augnamiði eins og oliuklæði, sigti og sáldarklæði, ostadúka, sáldarnetdúk, ullarefni, einangrunarefni og umbúðarefni úr vefnaði og plasti, kaðla, kaðlaverk, net, pökkunarefni og poka úr vefnaði og plasti, heilsuverndarvörur og læknavörur úr plasti og vefnaði, læknatæki úr vefnaði, sprengipráð, tvist, glóðarnet, bursta og burstagerðarefni, hluti úr plasti gerða í tækni-, iðnaðar-, lækninga-, ljósmyndagerðar-, raftækni-, heimilis-, hreinlætis- og auglýsingaaugnamiði, létt viðkvæm efni, möppur og pappír til að nota við ljósmyndagerð og kvikmyndagerð.

Skrás. 1953, nr. 113. Tilkynnt 19. október 1953, kl. 11 f. h., af British Congoleum Limited, iðjurekstur og verzlun, London, Englandi, og skrásett 2. nóvember s. á.
Orðið:

CONGOLEUM

Merkið er skrásett í London 15. marz 1927, 36. flokki, fyrir gólfpakningu, sem hefur eðli oliudúks.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 15. marz 1944.

Skrás. 1953, nr. 114. Tilkynnt 19. október 1953, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 2. nóvember s. á.

Á innsigilslöguðum fleti er hringur. Í miðju hans er hendi, sem á hvílir súlnalið, en þar fyrir ofan er skráð stórum stöfum: GOLD SEAL.



Merkið er skrásett í London 9. febrúar 1953, 1., 3. og 27. flokki, fyrir limingar-efni og lím, efni til hreinsunar og fágunar; gólfduka smærri og stærri og mottu-efni, linoleumdúka og önnur efni til gólfpakningar; veggteppi (ekki ofin).

Skrás. 1953, nr. 115. Tilkynt 19. október 1953, kl. 4 e. h., af Admiral Corporation, iðjurekstur, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 2. nóvember s. á. 231

Orðið:

Dual Temp

Samkvæmt tilkynningu 1. janúar 1944 er merkið skrásett í Washington 9. maí 1944, 31. flokki, fyrir kælisrápa til heimilisnotkunar.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins 13. janúar 1945.

Skrás. 1953, nr. 116. Tilkynt 19. október 1953, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 2. nóvember s. á.

Orðið:

Admiral

Samkvæmt tilkynningu 17. apríl 1950 er merkið skrásett í Washington 23. október 1951, 21. flokki, fyrir útvarpsviðtæki og hluta þeirra, loftlaus rör eða rafmagnsrör, útvarpshátalara, rafknúna plötuskiptara og hluta þeirra, rafknúna plötuspilara, sjálfvirka plötuspilara (grammófóna til að setja í samband við útvarpsviðtæki), sjálfvirka plötuskiptara fyrir slíka grammófóna, hátalaratæki fyrir slíka grammófóna, samsett viðtæki og grammófóna, rafmagnsöfn, rafknúin steikingatæki fyrir rafmagnsöfna, þurrhlöður og þurrgeyma fyrir ferðaviðtæki, sjónvarpsviðtæki og hluta þeirra, loftnet fyrir sjónvarpsviðtæki og útvarpsviðtæki, skiptilínur til að setja loftnet í samband við sjónvarps- og útvarpsviðtæki, katóðugeislarör fyrir sjónvarpsviðtæki, samsett útvarpsviðtæki, radiógrammófóna og sjónvarps-tæki og hluta þeirra.

Skrás. 1953, nr. 117. Tilkynt 23. september 1953, kl. 2 e. h., af Colgate-Palmolive Company, verksmiðjurekstur og verzlun, Jersey City, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 12. nóvember s. á.

Orðið:

GARDOL

Samkvæmt tilkynningu 30. janúar 1931, er merkið skrásett í Washington 21. júlí 1931, 6. flokki, fyrir rotvarnarefni og gerlaeyðingarefni, til notkunar við munnhirðingu og skolun, lyktheyðingar, úðun og sprautun á nefgöngum, og til eyðingar á andremmu.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 21. júlí 1951.

Skrás. 1953, nr. 118. Tilkynt 2. október 1953, kl. 2 e. h., af Verksmiðjunni Fram h.f., iðjurekstur, Reykjavík, og skrásett 12. nóvember s. á.


- 231 Orðið: Pólar með stöfum, sem minna á hrim og kulda.



Merkið er skrásett fyrir frakka og kápur.

Skrás. 1953, nr. 119. Tilkynt 22. október 1953, kl. 3 e. h., af Uhrenfabrik Villingen, J. Kaiser, G. m. b. H., iðjurekstur, Villingen, Schwarzwald, Þýzkalandi, og skrásett 12. nóvember s. á.

Mynd af réttþyrndum ferhyrningi innrituðum í hring og orðinu: Kaiser, undir honum.



Samkvæmt tilkynningu 24. ágúst 1936, er merkið skrásett í Berlín 16. febrúar 1937 fyrir úr og klukkur og hluta af úrum og klukkum.

Skrás. 1953, nr. 120. Tilkynt 23. október 1953, kl. 11 f. h., af Lever Brothers, Port Sunlight Limited, iðjurekstur, Port Sunlight, Cheshire, Englandi, og skrásett 12. nóvember s. á.

Ferstrendur einkennismiði með orðinu: Surf.

231



Merkið er skrásett í London 17. desember 1952, 3. flokki, fyrir efni notað til þvotta, efni notað til þess að hreinsa, fægja, skúra og ræsta, sápur, ilmvörur, neyzlu-olíur, snyrtivörur, hárvötn, tannáburð.

Skrás. 1953, nr. 121. Tilkynt 29. október 1953, kl. 11 f. h., af Ásgarði h.f., smjör- líkis- og sápuget, Reykjavík, og skrásett 12. nóvember s. á.

Bókstafirnir:

U P P

Merkið er skrásett fyrir: Alls konar sápur, þvottaduft, þvottaefni, sóða, sóða- blöndur, þvottablákkur, ræstiduft, þvottalög og yfirleitt hvers konar hreinlætisvörur, ilmvörur, alls konar fegrunarvörur, vax og vaxblöndur, húsgagnaáburð, gólfáburð, skóáburð, kerti, límsterkju, lakk, blek, málningar- og litavörur, alls konar vörur, sem innihalda oliur, feiti, vax, lút, sóða, súlfonöt, upplausnarefni, ilmefni, sótthreins- andi efni, litarefni eða blöndur úr þeim, og alls konar vörur, sem heyra undir kemisk- tekniska framleiðslu.

Skrás. 1953, nr. 122. Tilkynt 3. nóvember 1953, kl. 10 f. h., af Imperial Chemical Industries Limited, iðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 3. desember s. á. Orðið:

RAPIDEEP

Merkið er skrásett í London 23. október 1942, 1. flokki, fyrir kemisk efni inni- haldandi cyamid til hitunarmeðferðar á málmum.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 23. október 1949.

Skrás. 1953, nr. 123. Tilkynt 13. nóvember 1953, kl. 2 e. h., af Konfektgerðinni Fjólu, iðjurekstur, Reykjavík, og skrásett 3. desember s. á.

- 231** Milli tveggja skrautbanda eru letruð orðin: FJÓLU Milska, en út frá þeim vinstra megin er mynd af rjómais í formi, sem stendur á orðinu: FJÓLA.



Merkið er skrásett fyrir súkkulaði.

Skrás. 1953, nr. 124. Tilkynt 16. nóvember 1953, kl. 4 e. h., af Abdulla & Company, Limited, tóbaksiðnaður og verzlun, London, Englandi, og skrásett 3. desember s. á.
Orðið:

ABDULLA

Merkið er skrásett í London 2. apríl 1906, 45. flokki, fyrir unnið og óunnið tóbak. Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 2. apríl 1948.

Skrás. 1953, nr. 125. Tilkynt 18. nóvember 1953, kl. 2 e. h., af Dujardin & Co., vorm. Gebr. Melcher, áfengisgerð og vinsala, Krefeld — Uerdingen (Rhein), Þýzka-landi, og skrásett 3. desember s. á.

Orðið:

Dujardin

Samkvæmt tilkynningu 22. júlí 1940, er merkið skrásett í Berlín 18. marz 1941 fyrir heitvín, freiðvín, áfenga drykki, brennivín og líkora.

Skrás. 1953, nr. 126. Tilkynt 18. nóvember 1953, kl. 2 e. h., af Köku- og sælgætisgerð Siglufjarðar, iðnrekstur, Siglufjörður, og skrásett 3. desember s. á.

Orðið: Drifa á svörtum tígli:



Merkið er skrásett fyrir sælgætisvörur.

Skrás. 1953, nr. 127. Tilkynt 26. nóvember 1953, kl. 4 e. h., af Consolidated Cosmetics, verzlun, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 16. desember s. á.

Orðin:



231

Samkvæmt tilkynningu 29. marz 1950, er merkið skrásett í Washington 11. nóvember 1952, 52. flokki, fyrir handsápu.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 9. desember 1952.

Skrás. 1953, nr. 128. Tilkynnt 26. nóvember 1953, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 16. desember s. á.

Orðin:



Samkvæmt tilkynningu 29. marz 1950, er merkið skrásett í Washington 11. nóvember 1952, 51. flokki, fyrir fegrunarkrem, oliuáburð fyrir andlit, hendur og hörund.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 9. desember 1952.

Skrás. 1953, nr. 129. Tilkynnt 4. desember 1953, kl. 10 f. h., af Caterpillar Tractor Co., iðjurekstur, San Leandro, California, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 16. desember s. á.

Orðið:



Samkvæmt tilkynningu 21. febrúar og 10. marz 1949, er merkið skrásett í Washington 23. september 1952, 19., 21. og 23. flokki, fyrir sorpvagna, hjóla dráttar-sorpvagna samstæður, og byggingarlags aðhæfa hluti til slíkra tækja; rafala og dieselrafala samstæður, og hluta útbúna til greindra tækja; diesel- og aðra brennslu-hreyfla aðhæfa til notkunar sem aflgjafa fyrir sjálfknúin ökutæki, og sem staðbundnar eða færanlegar aflstöðvar til notkunar við iðju, siglingar og landbúnað; sköfunar, flutninga og brottruðnings vélæiningar aðhæfar til notkunar við sköfun og samansöfnun jarðvegs, grjóts eða svipaðra efna og við flutning og brottruðning greindra efna; vél- og handstjórnarjafnara, sundrara, sköfur og klórur aðhæfar til notkunar við byggingu og viðhald vega, við tilfærslu og brottruðning jarðvegs, grjóts, snjós og svipaðra efna, til varnar jarðvegseyðingu og annarrar iðju og landbúnaðarnotkunar; dráttarvélur til iðju og landbúnaðarmarkmiða, og hluta og vinnuverkfæri útbúin til slíkra tækja.

Skrás. 1953, nr. 130. Tilkynnt 7. desember 1953, kl. 10 f. h., af Madsen & Wievel A/S., verzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 16. desember s. á.

Orðið:



- 231** Samkvæmt tilkynningu 22. janúar 1945, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 24. febrúar 1945 fyrir fegrunarvörur og ilmörur (að undanskilinni sápu), ásamt rakvélum, rakburstum og rakvélablöðum.

II.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43 13. nóvember 1903, um vörumerki, hefur skráning eftirgreindra merkja verið endurnýjuð á árinu 1953:

Skrás. 1923, nr. 1. Geo. G. Sandeman, Sons & Co., Limited, London, Englandi, frá 27. febrúar 1953.

Skrás. 1923, nr. 8. Willard Storage Battery Company, Cleveland, Ohio, U. S. A., frá 27. febrúar 1953.

Skrás. 1923, nr. 9. Westminster Tobacco Company, Limited, London, Englandi, frá 2. marz 1953.

Skrás. 1923, nr. 19. Esso Standard Oil Company, Wilmington, Delaware, og New York, U. S. A., frá 9. júní 1953.

Skrás. 1923, nr. 20 Esso Standard Oil Comp., Wilmington, Delaware, og New York, U. S. A., frá 9. júní 1953.

Skrás. 1923, nr. 24. Mishawaka Rubber and Woolen Manufacturing Company, Mishawaka, Indiana, U. S. A., frá 19. júní 1953.

Skrás. 1923, nr. 28. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 30. ágúst 1953.

Skrás. 1923, nr. 29. Osram G. m. b. H., Kommanditgesellschaft, Berlin, og Heidenheim/Brenz, Þýskalandi, frá 10. september 1953.

Skrás. 1923, nr. 33. Aktieselskabet Simonsen & Nielsen, Kaupmannahöfn, Danmörku, frá 19. október 1953.

Skrás. 1923, nr. 37. Kodak Limited, London, Englandi, frá 15. nóvember 1953.

Skrás. 1923, nr. 38—41. Henkel & Cie, G. m. b. H., Düsseldorf, Þýskalandi, frá 22. nóvember 1953.

Skrás. 1933, nr. 3. H.f. Heinz Company, Limited, London, Englandi, frá 21. janúar 1953.

Skrás. 1933, nr. 5. H.f. Svanur, Reykjavík, frá 4. febrúar 1953.

Skrás. 1933, nr. 6. Knoll Aktiengesellschaft, Ludwigshafen am/Rhein, Þýskalandi, frá 4. marz 1953.

Skrás. 1933, nr. 7. Aage Schiöth, Siglufirði, frá 4. marz 1953.

Skrás. 1933, nr. 9. H.f. Smjörlikisgerðin, Reykjavík, frá 30. marz 1953.

Skrás. 1933, nr. 10. The Marconiphone Company, Limited, Hayes, Middlesex, Englandi, frá 25. apríl 1953.

Skrás. 1933, nr. 12. Titan Co. A/S, Fredrikstad, Noregi, frá 9. júní 1953.

Skrás. 1933, nr. 13 og 14. Det Danske Medicinal- & Kemikalie-Kompagni A/S, Kaupmannahöfn, Danmörku, frá 15. júní 1953.

Skrás. 1933, nr. 17. Heildverzlun Garðars Gíslasonar, Reykjavík, frá 11. júlí 1953.

Skrás. 1933, nr. 19. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 5. ágúst 1953.

Skrás. 1933, nr. 20—22. A/S De Forenede Bryggerier, Kaupmannahöfn, frá 5. ágúst 1953.

Skrás. 1933, nr. 23. Jón G. Jónasson, Seyðisfirði, frá 9. ágúst 1953.

Skrás. 1933, nr. 25. Ford Motor Company, Limited, London, Englandi, frá 15. ágúst 1953.

Skrás. 1933, nr. 27. Angostura Bitters (Dr. J. G. B. Siegert & Sons), Limited, Port of Spain, Trinidad, frá 14. ágúst 1953.

Skrás. 1933, nr. 28—32. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 31. ágúst 1953.

- Skrás. 1933, nr. 33—34. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 16. september 1953. 231
- Skrás. 1933, nr. 35. Williams & Humbert Limited, London, Englandi, frá 16. september 1953.
- Skrás. 1933, nr. 36. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 7. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 37. H.f. Súkkulaðiverksmiðjan „Sirius“, Reykjavík, frá 7. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 38. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 7. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 39. H. Ólafsson & Bernhöft, Reykjavík, frá 7. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 40. The British Portland Cement Manufacturers, Limited, London, Englandi, frá 14. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 41. Ford Motor Company Limited, London, Englandi, frá 14. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 42. Jönköpings och Vulcans Tändsticksfabriks-aktiebolag, Jönköping, Svíþjóð, frá 19. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 43—44. Ásgeir Bjarnason, Siglufirði, frá 19. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 45—46. O. H. Helgason & Co., Reykjavík, frá 31. október 1953.
- Skrás. 1933, nr. 47. Rydens-kaffi h.f., Reykjavík, frá 25. nóvember 1953.
- Skrás. 1933, nr. 48. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 29. nóvember 1953.
- Skrás. 1933, nr. 49. Mjólurfélag Reykjavíkur, Reykjavík, frá 30. nóvember 1953.
- Skrás. 1933, nr. 50. Sælgætis- og efnagerðin Freyja h.f., Reykjavík, frá 9. desember 1953.
- Skrás. 1933, nr. 51. Esso Standard Oil Company, Wilmington, Delaware, og New York, U. S. A., frá 21. desember 1953.
- Skrás. 1933, nr. 54. Henrik Frederik Moldrup Hellesen, Kaupmannahöfn, Danmörku, frá 21. desember 1953.
- Skrás. 1943, nr. 1. Alfred Lamb & Son, London, Englandi, frá 13. febrúar 1953.
- Skrás. 1943, nr. 2 og 3. Friðrik Magnússon & Co., Reykjavík, frá 26. febrúar 1953.
- Skrás. 1943, nr. 4. American Chicle Company, Long Island City, New York, U. S. A., frá 26. febrúar 1953.
- Skrás. 1943, nr. 5. British Ropes Limited, Doncaster, Englandi, frá 1. marz 1953.
- Skrás. 1943, nr. 6. Tattoo Inc. New York, U. S. A., frá 1. marz 1953.
- Skrás. 1943, nr. 9. Pepsi-Cola Company, Long Island City, New York, U. S. A., frá 6. apríl 1953.
- Skrás. 1943, nr. 10. Magnús Th. S. Blöndahl h.f., Reykjavík, frá 7. maí 1953.
- Skrás. 1943, nr. 11. Jóh. Karlsson & Co., Reykjavík, frá 7. maí 1953.
- Skrás. 1943, nr. 12. Ásgarður h.f., Reykjavík, frá 7. maí 1953.
- Skrás. 1943, nr. 15. The Ever Ready Company (Great Britain), Limited, London, Englandi, frá 1. júní 1953.
- Skrás. 1943, nr. 16. Lever Brothers, Port Sunlight, Limited, Port Sunlight, Cheshire, Englandi, frá 1. júní 1953.
- Skrás. 1943, nr. 17. The Cudahy Packing Company, Chicago, Illinois, U. S. A., frá 15. júní 1953.
- Skrás. 1943, nr. 18. Merchant Calculators, Inc., Oakland, California, U. S. A., frá 11. júlí 1953.
- Skrás. 1943, nr. 20. Dr. Hair's Proprietaries Limited, Staines, Middlesex, Englandi, frá 31. júlí 1953.
- Skrás. 1943, nr. 21. L. Copley-Smith & Sons, Limited, Manchester, Englandi, frá 4. september 1953.

- 231 Skrás. 1943, nr. 22. Almennar Tryggingar h.f., Reykjavík, frá 4. september 1953.
 Skrás. 1943, nr. 23. Train & McIntyre, Limited, Glasgow, Skotlandi, frá 4. september 1953.
 Skrás. 1943, nr. 24. Olíuhreinsunarstöðin h.f., Reykjavík, frá 14. október 1953.
 Skrás. 1943, nr. 25. The Timken Roller Bearing Company, Canton, Ohio, U. S. A., frá 15. nóvember 1953.
 Skrás. 1943, nr. 26. The Studebaker Corporation, South Bend, Indiana, U. S. A., frá 15. nóvember 1953.
 Skrás. 1943, nr. 27. Gísli Halldórsson, Reykjavík, frá 15. nóvember 1953.
 Skrás. 1943, nr. 28. The Associated Portland Cement Manufacturers Ltd., London, Englandi, frá 15. nóvember 1953.
 Skrás. 1943, nr. 29. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 18. nóvember 1953.
 Skrás. 1943, nr. 31. Jón Einarsson, verzlunarmaður, Reykjavík, frá 15. desember 1953.
 Skrás. 1943, nr. 32—35. Continental Distilling Corporation, Philadelphia, Pennsylvania, U. S. A., frá 18. desember 1953.
 Skrás. 1943, nr. 36. Gísli Halldórsson, verkfræðingur, Reykjavík, frá 28. desember 1953.

III.

Enn fremur hafa verið afmáð úr vörumerkjaskránni samkvæmt 10. og 12. gr. sömu laga:

- Skrás. 1923, nr. 16. The Texas Corporation, Wilmington, Delaware, U. S. A., frá 9. maí 1953.
 Skrás. 1923, nr. 30. O. Nilssen & Søn A/S, Bergen, Noregi, frá 18. sept. 1953.
 Skrás. 1933, nr. 8. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 9. marz 1953.
 Skrás. 1933, nr. 24. Norsk Hydro-Elektrisk Kvælstofaktieselskab, Oslo, Noregi, frá 15. ágúst 1953.
 Skrás. 1933, nr. 26. Esso standard Oil Company, Wilmington, Delaware, og New York, U. S. A., frá 17. ágúst 1953.
 Skrás. 1933, nr. 52. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 1. febrúar 1953.
 Skrás. 1933, nr. 53. Verzlun Sveins Hjartarsonar, Siglufirði, frá 21. desember 1953.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1953.

Páll Pálmason.

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

11. nóvember 1952 var sendiráðunautur Henrik Sv. Björnsson skipaður forsetaritari frá 1. s. m. að telja.

30. desember 1952 var gefið út leyfisbréf handa Friðriki J. Friðrikssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Úlfi Ragnarssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

Frá 1. janúar hefur Stefanía M. Pétursdóttir verið skipuð bókari í fjármálaráðuneytinu.

S. d. var Niels P. Sigurðsson, cand. jur., settur fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

6. janúar var Magnús V. Magnússon skipaður til þess að vera skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.

Frá 15. janúar hefur Stefán Hilmarsson, cand. jur., verið settur fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

S. d. var staðfest ráðning Snorra Jónssonar, cand. med. & chir., til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Þingeyrarhéraði frá 15. janúar til 15. febrúar.

22. janúar var staðfest ráðning Skúla Helgasonar, cand. med., til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Selfosshéraði frá 15. janúar.

27. janúar var Ingimar Jóhannesson, fulltrúi, settur til að gegna störfum fræðslumálastjóra um allt að fjögurra mánaða skeið frá 4. febrúar vegna utanfarar fræðslumálastjóra.

28. janúar var Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri, skipaður útvarpsstjóri frá 1. febrúar.

30. janúar var Ólafur Ólafsson, starfandi læknir í Hafnarfirði, settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Súðavíkurbíó frá 1. febrúar.

S. d. var Jónas Gíslason, cand. theol., skipaður til þess að vera sóknarprestur í Víkurprestakalli í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi frá 1. febrúar.

Frá 1. febrúar hefur Birgir Snæbjörnsson, cand. theol., verið settur sóknarprestur í Æsustaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.

2. febrúar var Magnús Guðjónsson, cand. theol., skipaður til þess að vera sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakalli í Árnessprófastsdæmi frá 1. febrúar.

3. febrúar var Erlendur Björnsson skipaður bæjarfógeti á Seyðisfirði og sýslumaður í Norður-Múlasýslu frá 1. febrúar.

9. febrúar var Hermanni ráðherra Jónassyni falið að gegna forsætisráðherra-störfum og öðrum ráðherrastörfum Steingríms Steinþórssonar meðan forsætisráðherra dvelst erlendis í embættiserindum.

17. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Jakobi V. Jónassyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. voru eftirgreindir menn skipaðir í nefnd samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 51 1947, um miðskólapróf í bóknaðsdeild: Bjarni Vilhjálmsson, magister, formaður, Ágúst Sigurðsson, magister, Ástvaldur Eydal, licentiat, Guðmundur Arnlaugsson, menntaskólakennari, Guðmundur Kjartansson, magister, Jón Magnússon, fréttastjóri, Ólafur Briem, magister, Ólafur Hansson, menntaskólakennari, Steingrímur Pálsson, magister, og Steinþór Guðmundsson, gagnfræðaskólakennari. Skipunin gildir um fjögur næstu ár frá 15. marz.

19. febrúar var staðfest ráðning Davíðs Davíðssonar, cand. med. & chir., til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Borgarneshéraði frá 15. febrúar.

S. d. var Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri, skipaður í stjórn hljómplötu-deildar Þjóðminjasafnsins í stað Jónasar Þorbergssonar, fyrrv. útvarpsstjóra.

Aðrir nefndarmenn eru: Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður, formaður, og Birgir Thorlacius, skrifstofustjóri.

26. febrúar voru þessir menn skipaðir í nefnd samkv. 5. gr. forsetabréfs um heiðurspening til minningar um herra Svein Björnsson, forseta: Dr. Matthías Þórðarson, formaður orðunefndar, formaður, Birgir Thorlacius, skrifstofustjóri í forsetisráðuneytinu, og Henrik Sv. Björnsson, ritari forseta Íslands. — Nefndin gerir tillögur um, hverjum skuli veita heiðurspeninginn.

Frá 1. marz hefur Nikulás Einarsson, fulltrúi í skattstofu Reykjavíkur, verið settur skattstjóri á Akranesi.

2. marz voru eftirgreindir menn skipaðir í íþróttanefnd til þriggja ára frá nefndum degi að telja: Þorsteinn Bernharðsson, framkvæmdastjóri, formaður, Hermann Guðmundsson, fyrrv. alþingismaður, samkvæmt tilnefningu Íþróttasambands Íslands, og Daníel Ágústínusson, gagnfræðaskólakennari, samkvæmt tilnefningu Ungmennafélags Íslands. — Varamenn eru: Kristján L. Gestsson, verzlunarstjóri, varaformaður, Benedikt G. Waage, íþróttaráðunautur, varamaður af hálfu Íþróttasambands Íslands, og Rannveig Þorsteinsdóttir, alþingismaður, varamaður af hálfu Ungmennafélags Íslands.

10. marz var Héðinn Finnbogason, cand. jur., skipaður fulltrúi I. flokks í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins frá 1. marz.

14. marz voru þessir kennarar skipaðir við skóla Ísaks Jónssonar frá 1. sept. n. k. að telja: Helga Magnúsdóttir, Ingunn Árnadóttir, Sigrún Aðalbjörnsdóttir og Sigrún Sigurjónsdóttir.

18. marz var gefið út leyfisbréf handa Grími Jónssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Jón Hallgrímsson, stud. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Árneshéraði frá 1. apríl.

26. marz var Ólafur Ólafsson, cand. jur., skipaður fulltrúi í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins frá 1. s. m.

31. marz var staðfest ráðning Björgúlfs Ólafssonar, læknis, til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Ólafsfjarðarhéraði frá 1. apríl.

1. apríl var dr. Sveinn Þórðarson, menntaskólakennari, skipaður skólameistari menntaskóla í sveit frá þeim degi að telja.

22. apríl var J. Ragnar Johnson, vararæðismaður Íslands í Toronto, Kanada, skipaður ræðismaður Íslands þar í borg.

27. apríl var Georg Lúðvíksson, fulltrúi, skipaður skrifstofustjóri (framkvæmdastjóri) ríkisspítalanna frá þeim degi að telja.

29. apríl var dr. Helgi P. Briem, sendiherra Íslands í Svíþjóð, skipaður sendiherra Íslands í Júgóslavíu. Mun sendiherrann halda áfram að hafa aðsetur í Stokk-hólmi.

11. maí var Árni Árnason, endurskoðandi, skipaður fulltrúi I. flokks í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins frá 1. maí.

S. d. var Egill Símonarson, viðskiptafræðingur, skipaður fulltrúi I. flokks í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins frá 1. maí.

S. d. var Hannes Jónsson, fyrrv. alþingismaður, skipaður fulltrúi I. flokks í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins frá 1. maí.

Frá 1. júní var séra Sváfnir Sveinbjarnarson skipaður sóknarprestur í Kálfafellsstaðarprestakalli í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.

Frá 1. júní var séra Björn H. Jónsson skipaður sóknarprestur í Árnesprestakalli í Strandarprófastsdæmi.

1. júní var séra Birgir Snæbjörnsson skipaður sóknarprestur í Æsustaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.

15. júní var gefið út leyfisbréf handa Kristjáni E. Gunnlaugssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Erni Bjartmarz Péturssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Arinbirni Kolbeinssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í sýkla- og ónæmisfræði.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Óskari Þ. Þórðarsyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í hjarta- og efnaskiptasjúkdómum.

16. júní var séra Gísli Brynjólfsson, sóknarprestur á Kirkjubæjarklaustri, skipaður til þess að vera prófastur í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi frá 1. júní.

18. júní var gefið út leyfisbréf handa Páli Gíslasyni, cand. med., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

19. júní var Ivar Giæver-Krogh skipaður til þess að vera ólaunaður ræðismaður Íslands í Osló.

25. júní voru Þorleifur Bjarnason, Snorri Sigfússon, Stefán Jónsson og Bjarni M. Jónsson skipaðir námsstjórar fyrir barnafræðslustigið frá 1. júlí.

S. d. var Aðalsteinn Eiríksson skipaður námsstjóri fyrir gagnfræðastigið frá 1. júlí.

2. júlí var staðfest ráðning Guðmundar Árnasonar, cand. med. & chir., til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins á Egilsstöðum frá 1. júlí.

S. d. var Hörður Helgason, cand. med., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Súðavíkurbæði frá 1. júlí.

2. júlí var Garðar Þ. Guðjónsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Flateyjarhéraði frá 1. júlí.

6. júlí var séra Fjalar Sigurjónsson skipaður sóknarprestur í Hriseyjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

10. júlí var staðfest ráðning Árna Ársælssonar, cand. med. & chir., sem aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Hafnarhéraði frá 1. júlí til 15. ágúst.

15. júlí var Einar Pálsson, stud. med. & chir., settur staðgöngumaður héraðslæknisins á Akureyri frá 1. ágúst til 30. september.

20. júlí var gefið út leyfisbréf handa Ólöfu Helgu Sigurðardóttur Brekkan til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Elínu Guðmannsdóttur til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

23. júlí var Sólveig Búadóttir skipuð kennari við skóla gagnfræðastigsins í Reykjavík.

24. júlí var Kári Guðmundsson skipaður til að vera eftirlitsmaður heilbrigðisstjórninni til aðstoðar við eftirlit með mjólk og mjólkurvörum.

S. d. var Agnar Þórðarson, cand. mag., skipaður bókavörður í Landsbókasafni Íslands frá 1. ágúst.

4. ágúst var Sigurður J. Briem skipaður fulltrúi 1. flokks í forsætisráðuneytinu frá 1. s. m. að telja.

6. ágúst var Þorbjörg Guðmundsdóttir skipuð kennari við barnaskólann á Hellisandi frá 1. september.

7. ágúst var Sveinbjörn Dagfinnsson, lögfræðingur, skipaður 1. flokks fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. september.

8. ágúst var Selma listfræðingur Jónsdóttir skipuð umsjónarmaður Listasafns ríkisins frá 1. ágúst.

10. ágúst var gefið út leyfisbréf handa Árna Björnssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

11. ágúst voru skipaðir þessir kennarar við Menntaskólann að Laugarvatni: Eiríkur Jónsson, Ólafur Briem, Sveinn Pálsson og Þórður Kristleifsson. Skipunin gildir frá 1. apríl.

18. ágúst var Gísli Jónsson, magister, skipaður kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. október.

19. ágúst var Jacob Sigfrid Mellegård skipaður aðalræðismaður Íslands í Teheran, Íran.

22. ágúst var Helgi Geirsson skipaður skólastjóri við barnaskólann í Hveragerði frá 1. september.

28. ágúst var séra Eiríkur J. Eiríksson skipaður skólastjóri héraðsskólans að Núpi í Dýrafirði frá 1. september.

S. d. voru Ólafur H. Kristjánsson og Arngrímur Jónsson skipaðir kennarar við héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði frá 1. sept.

29. ágúst voru dr. Páll Ísólffsson, tónskáld, og Björn Ólafsson, fiðluleikari, skipaðir í tónlistarnefnd við Þjóðleikhúsið, samkvæmt reglugerð frá 5. ágúst 1953. Gildir skipunin um tveggja ára skeið frá 1. september. Þjóðleikhússtjóri á samkvæmt reglugerðinni sæti í nefndinni.

31. ágúst voru þessir kennarar skipaðir við Gagnfræðaskólann á Akureyri frá 1. september: Egill Þorláksson, Guðmundur Frímann og Haraldur Sigurðsson.

Frá 1. sept. hefur Árni Tryggvason, hæstaréttardómari, verið kjörinn forseti hæstaréttar til jafnlengdar næsta ár.

Frá s. d. hefur Óli Kristinn Guðmundsson, stud. med. & chir., verið settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Árneshéraði.

S. d. voru þessir kennarar skipaðir við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. s. m.: Kristján Halldórsson, Jón Þorsteinsson, Jón Árnason, Eiríkur Sigurðsson, Reidar Albertsson, Steinar Þorfinnsson, Þórunn Haraldsdóttir, Unnur Gísladóttir, Ingibjörg Erlendsdóttir, Hjördís Þórðardóttir, Magnea Elín Vilmundardóttir, Erla Stefánsdóttir og Arnþrúður Karlsdóttir.

S. d. voru þessir kennarar skipaðir við skóla gagnfræðastigsins í Reykjavík frá 1. s. m.: Jón Guðmundsson, Eiríkur Hreinn Finnbogason, Bjarni Ólafsson, Svanhvít Friðriksdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Guðný Helgadóttir.

2. sept. var Guðjón Kristinsson skipaður kennari við unglinga- og miðskóladeild barnaskólans í Borgarnesi frá 1. s. m.

S. d. var Magnús Jónsson skipaður skólastjóri við verknámsskóla gagnfræðastigsins í Reykjavík frá 1. s. m.

3. september var Aldís Hafliðadóttir skipuð símastúlka í stjórnarráðinu frá 1. s. m. að telja.

9. september var Niels P. Sigurðsson, cand. jur., skipaður fulltrúi 1. flokks í utanríkisráðuneytinu. Skipunin miðast við 1. sept.

S. d. var Stefán Hilmarsson, cand. jur., skipaður fulltrúi 1. flokks í utanríkisráðuneytinu. Skipunin miðast við 1. sept.

11. september var fallizt á beiðni Steingríms Steinþórssonar, forsætisráðherra, um lausn frá embætti fyrir sig og ráðuneyti sitt.

S. d. var Ólafur Thors skipaður forsætisráðherra og ráðherrar með honum alþingismennirnir Steingrímur Steinþórsson, Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson, Ingólfur Jónsson og dr. Kristinn Guðmundsson, skattstjóri. — Jafnframt var gefinn út úrskurður um skipun og skipting starfa ráðherranna.

11. sept. voru skipaðir í orðunefnd þeir Birgir Thorlacius, skrifstofustj., form., Jón Mariasson, bankastjóri, Pálmi Hannesson, rektor, og Richard Thors, forstjóri. Enn fremur Arngrímur Kristjánsson, skólastjóri, formaður Sambands ísl. barnakennara, varamaður. Forsetaritari á, samkvæmt stöðu sinni, sæti í nefndinni sem orðuritari.

S. d. var Pétur Thorsteinsson, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, skipaður sendiherra og ráðherra með umboði í Sovétríkjunum. Jafnframt var dr. Helga P. Briem veitt lausn frá sendiherraembættinu í Sovétríkjunum.

S. d. var Kristjáni Steingrímssyni veitt lausn frá bæjarfógetaembættinu í Neskaupstað.

2. okt. var gefið út leyfisbréf handa Jóni Hannessyni, cand. med., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

3. okt. var gefið út leyfisbréf handa Þórarni Guðnasyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í handlækningum.

22. okt. var Magnús Már Lárusson skipaður prófessor í guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. september.

23. október var staðfest ráðning Friðriks Friðrikssonar, læknis, til þess að vera aðstoðarlæknir héraðslæknisins í Blönduóshéraði frá 1. okt.

26. október var gefið út leyfisbréf handa Baldri Jónssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Páll Sveinbjörn Johnson skipaður til þess að vera vararæðismaður Íslands í Chicago.

28. október var Baldur Jónsson, læknir, skipaður héraðslæknir í Þórshafnarhéraði frá 1. nóvember.

Frá 1. nóvember hefur Axel Tulinius, lögreglustjóri í Bolungavík, verið skipaður bæjarfógeti í Neskaupstað.

2. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Karli Strand, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum.

Frá 3. nóvember hefur Friðrik Sigurbjörnsson, lögfræðingur í Reykjavík, verið skipaður lögreglustjóri í Bolungavík.

3. nóvember var Garðar Þ. Guðjónsson skipaður héraðslæknir í Flateyjarhéraði.

4. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Garðari Þ. Guðjónssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

15. nóvember var Lýður Jónsson skipaður yfirfiskimatsmaður á Suð-Vesturlandi með búsetu á Akranesi.

25. nóvember var Ólafur Björnsson, cand. med. & chir., settur til þess að vera héraðslæknir í Súðavíkurhéraði frá 1. janúar.

2. desember var Einar Helgason, stud. med., settur til þess að gegna héraðslæknis-embættinu í Reykhólahéraði frá 1. desember.

8. desember var gefið út leyfisbréf handa Birgi Einarssyni, lyfsala í Neskaupstað, til þess að reka lyfjabúð í Skjóla- og Melahverfum í Reykjavík.

19. desember var dr. Magnús Jónsson, fyrrverandi prófessor, skipaður formaður útvarpsráðs yfirstandandi kjörtímabil ráðsins.

22. desember var Tryggvi Sveinbjörnsson skipaður til þess að vera sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn frá 1. janúar 1954.

23. desember var gefið út leyfisbréf handa Valtý Bjarnasyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Lilju M. Petersen, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

30. desember voru Jón Ívarsson og dr. Oddur Guðjónsson skipaðir forstjórar innflutningsskrifstofu þeirrar, er um ræðir í lögum nr. 88/1953, um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Ólafi Björnssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

ERLENDIR SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík, dags. 5. jan. 1953, er Edward B. Lawson, sendiherra, kominn heim aftur og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Sendiherra Breta, John Dee Greenway, hefur látið af störfum í lok janúarmánaðar 1953.

Eftirmaður hans verður James Thyne Henderson, sem nú er aðalræðismaður Breta í Houston, Texas, Bandaríkjunum, og hefur ríkisstjórn Íslands nýlega veitt honum viðurkenningu sem sendiherra Breta á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu frá franska sendiráðinu hefur Claude de Hennezel verið skipaður sendiráðsritari við franska sendiráðið í stað Pierre Susini.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Vestur-Þýskalands er dr. K. Oppler, sendiherra, farinn til meginlands Evrópu og verður fjarverandi um tveggja vikna skeið. Í fjarveru hans veitir von Müllheim-Rechberg sendiráðinu forstöðu.

Samkvæmt tilkynningu frá hollenzku aðalræðismannsskrifstofunni verður A. Claessen, aðalræðismaður, fjarverandi í tvo til þrjá mánuði. Í fjarveru aðalræðismannsins mun Jean E. Claessen gegna störfum hans.

Samkvæmt tilkynningu þýzka sendiráðsins í Reykjavík er dr. Kurt Oppler, sendiherra, kominn út utanför sinni og hefur nú aftur tekið við forstöðu sendiráðsins.

28. marz var Brian D. Holt veitt viðurkenning sem vararæðismanni Bretlands í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna 30. marz 1953 verður sendiherrann fjarverandi um tíma. Í fjarveru hans mun Morris N. Hughes, sendiráðunautur, veita sendiráðinu forstöðu.

15. apríl var brezka sendiherranum í Reykjavík, James Thyne Henderson, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem brezkur aðalræðismaður í Reykjavík frá 19. febr. 1953.

17. apríl afhenti Leif Öhrvall forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

18. apríl var Kristjáni Einarssyni veitt viðurkenning setm umboðsræðismanni fyrir lýðveldið Cuba í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sænska sendiráðinu, dags. 20. apríl 1953, verður sendiherra Svía, Leif Öhrvall, fjarverandi um sex vikna skeið og mun Gunnar Rocksén, vararæðismaður, veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru hans, sem Chargé des Affaires.

Samkvæmt tilkynningu frá norska sendiráðinu, dags. 27. apríl 1953, fór Thorgeir Anderssen-Rysst, sendiherra, til Noregs 28. f. m. og í fjarveru hans mun Egil Amlie, sendiráðsritari, veita sendiráðinu forstöðu sem Chargé des Affaires a. i.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 29. apríl 1953, er Edward B. Lawson, sendiherra, kominn heim og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

4. maí afhenti dr. Darko Cernej forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Júgóslavíu á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu frá hollenzku aðalræðismannsskrifstofunni hefur Arent Claessen á ný tekið við störfum aðalræðismanns Hollands eftir fjarveru erlendis.

Samkvæmt tilkynningu frá pólska sendiráðinu hefur Finnbogi Kjartansson sagt lausu starfi sínu sem ólaunaður vararæðismaður Póllands í Reykjavík frá 19. maí 1953. Jafnframt hefur pólska vararæðismannsskrifstofan í Reykjavík verið lögð niður.

Samkvæmt tilkynningu sænska sendiráðsins, dags. 15. júní 1953, er sendiherra Svía, L. Öhrvall, kominn aftur til landsins og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá norska sendiráðinu, dags. 18. júní 1953, er sendiherra Norðmanna, T. Anderssen-Rysst, kominn aftur til Reykjavíkur og veitir sendiráðinu forstöðu á ný.

26. júní var Jóni Kjartanssyni veitt bráðabirgðaviðurkenning sem vararæðismanni Finna á Siglufirði.

S. d. var Theódór Blöndal veitt bráðabirgðaviðurkenning sem vararæðismanni Finna á Seyðisfirði.

Samkvæmt tilkynningu frá franska sendiráðinu hefur Claude de Hennezel veitt sendiráðinu forstöðu síðan 18. júlí í fjarveru sendiherrans.

13. ágúst var Jóni Kjartanssyni veitt viðurkenning sem vararæðismanni Finna á Siglufirði.

S. d. var Theódór Blöndal veitt viðurkenning sem vararæðismanni Finna á Seyðisfirði.

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu hefur D. W. Hough verið skipaður fyrsti sendiráðsritari og ræðismaður við brezka sendiráðið í Reykjavík. 17. ágúst var Hough veitt bráðabirgðaviðurkenning sem ræðismanni Breta í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 19. þ. m., hefur dr. Herwig Effenberg tekið við störfum sem verzlunarráðunautur við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Vestur-Þýskalands er dr. K. Oppler, sendiherra, farinn til meginlands Evrópu og verður fjarverandi um þriggja vikna skeið. Í fjarveru hans veitir herra von Müllenheim-Rechberg sendiráðinu forstöðu.

19. ágúst var sendiherra Breta, James Thyne Henderson, veitt viðurkenning sem aðalræðismanni Breta á Íslandi með aðsetri í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 25. þ. m., verður sendiherrann fjarverandi um tíma. Í fjarveru hans mun herra Roland K. Beyer, sendiráðsritari, veita sendiráðinu forstöðu.

Samkvæmt tilkynningu frá ameríska sendiráðinu, dags. 2. sept., er sendiherra Edward B. Lawson kominn heim og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu mun Viggo Christensen, sendiráðsritari, veita sendiráðinu forstöðu sem Chargé des Affaires a. i. í fjarveru sendiherrans, frá Bodil Begtrup.

Samkvæmt tilkynningu þýzka sendiráðsins í Reykjavík er dr. Kurt Oppler, sendiherra, kominn út utanför sinni og hefur nú aftur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu norska sendiráðsins hinn 3. okt. hefur cand. jur. Egil Amlie, 2. sendiráðsritari, látið af störfum við sendiráðið frá 1. október. Frá sama tíma hefur cand. philol. Thorbjörn Christiansen tekið við störfum sem attaché við sendiráðið.

9. október var Ólafur Hallgrímsson viðurkenndur ræðismaður Lýðveldisins Íslands á Íslandi með aðsetri í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna hefur herra Thomas P. Dillon tekið við störfum sem 1. sendiráðsritari og ræðismaður við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík. Hefur herra Dillon verið veitt bráðabirgðaviðurkenning sem ræðismanni Bandaríkjanna í Reykjavík.

Jafnframt hefur sendiráðið skýrt frá því, að hr. Morris N. Hughes hafi látið af störfum sem sendiráðunautur og aðalræðismaður Bandaríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá franska sendiráðinu kom sendiherrann, hr. H. Voilery, til landsins 14. október og veitir nú sendiráðinu forstöðu.

Samkvæmt tilkynningu frá hollenzku aðalræðismannsskrifstofunni verður A. Claessen aðalræðismaður fjarverandi frá 14. október til 22. eða 29. október. Í fjarveru aðalræðismannsins mun herra Jean E. Claessen gegna störfum hans.

23. október var Thorbjörn Christiansen veitt viðurkenning sem vararæðismanni við norska sendiráðið í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá hollenzku aðalræðismannsskrifstofunni hefur Arent Claessen á ný tekið við störfum aðalræðismanns Hollands eftir fjarveru erlendis.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu er frú Bodil Begtrup, sendiherra, komin aftur til Íslands frá útlöndum og hefur nú tekið við forstöðu sendiráðsins frá 20. nóvember.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Herra forsetinn hefur á árinu 1953 sæmt þessa menn heiðursmerki Fálkaorðunnar:

Íslendingar:

1. janúar. Ágústa Thors, sendiherrafrú, Washington, riddarakross.
S. d. Bjarni Bjarnason, skólastjóri, Laugarvatni, riddarakross.
S. d. Gísli Helgason, bóndi, Skógargærði, riddarakross.
S. d. Jónas Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustjóri, Reykjavík, riddarakross.
S. d. Metúsalem Stefánsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, Reykjavík, riddarakross.
S. d. Ólafur H. Jónsson, framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
S. d. Valur Gíslason, leikari, Reykjavík, riddarakross.
18. marz. Einar Gíslason, málarameistari, Reykjavík, riddarakross.
S. d. Gísli G. Ásgeirsson, fyrrv. hreppstjóri frá Álftamýri, riddarakross.
S. d. Hannes Jónsson, bóndi, Núpstað, riddarakross.
S. d. Jón Þ. Björnsson, fyrrv. skólastjóri, Sauðárkróki, riddarakross.
S. d. Þorfinnur Kristjánsson, prentari, Kaupmannahöfn, riddarakross.
S. d. Jón Helgason, stórkaupm., Kaupmannahöfn, riddarakross.
17. júní. Ásgrímur Jónsson, listmálari, Reykjavík, stjarna stórriddara.
S. d. Pétur Á. Jónsson, óperusöngvari, Reykjavík, stórriddarakross.
S. d. Jón Þórðarson, fyrrv. skipstjóri, Vatneyri, riddarakross.
S. d. Karl Strand, læknir, London, riddarakross.
S. d. Monika Helgadóttir, húsfreyja, Merkgigli, riddarakross.
S. d. Snorri Sigfússon, námsstjóri, Akureyri, riddarakross.
S. d. Þorsteinn J. Eyfirðingur, skipstjóri, Reykjavík, riddarakross.
29. sept. Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþm., Reykjavík, stjarna stórriddara.
S. d. Kjartan Ásmundsson, gullsmiður og orðusmiður, Reykjavík, riddarakross.
2. okt. Egill Sandholt, skrifstofustjóri, Reykjavík, riddarakross.
S. d. Magnús Jochumsson, póstmeistari, Reykjavík, riddarakross.
S. d. Ólafur T. Sveinsson, skipaskoðunarstjóri, Reykjavík, riddarakross.
24. nóv. Jón Sigurðsson, skipstjóri, Reykjavík, riddarakross.
S. d. Stefán Jónsson, forstöðumaður, Skjaldarvík, riddarakross.

1. des. Forsetafrú Dóra Þórhallsdóttir, stórkross.
 S. d. Bjarni Benediktsson, ráðherra, stórkross.
 S. d. Steingrímur Steinþórsson, ráðherra, stórkross.

Erlendir ríkisborgarar.

1. janúar. Edvin Alten, hæstaréttardómari, Noregi, stórkross.
 S. d. Bengt Sophus Dinesen, ráðuneytisforstjóri, Kaupm.h., stjarna stórriddara.
27. janúar. John Kent Lutey, ræðismaður Íslands í Rio de Janeiro, riddarakross.
 S. d. Finn B. Arnesen, ræðismaður Íslands í Sao Paulo, riddarakross.
12. febrúar. Jens Christian Möller, forstjóri, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.
 S. d. Earl P. Hanson, prófessor, Delaware, riddarakross.
 S. d. Johannes Grøntved, mag. scient., Kaupmannahöfn, riddarakross.
18. marz. Uno E. W. Willers, ríkisbókavörður, Stokkhólmi, stórriddarakross.
 S. d. Kurt Alrik Örborn forstjóri, Lundi, riddarakross.
 S. d. Seamus O'Duilearga, prófessor, Dublin, riddarakross.
15. apríl. Rolf M. von Heidenstam, kabinettsskammerherra, Stokkhólmi, stórkross.
 S. d. Bjarne Öen, hershöfðingi, Noregi, stjarna stórriddara.
 S. d. Hans Ove Lange, forstjóri, Khöfn, stjarna stórriddara.
 S. d. Charles M. Spofford, fyrrv. formaður fulltrúaráðs Atlantshafsbandalagsins, Washington, stjarna stórriddara.
 S. d. Jacob Hvinden Haug, hershöfðingi, Noregi, stjarna stórriddara.
 S. d. Knud Daniel Friis, hershöfðingi, Khöfn, stjarna stórriddara.
 S. d. Vilhelm Fischer, fyrrv. borgarstjóri, Khöfn, stórriddarakross.
 S. d. Paul Lassen, stórkaupmaður, Khöfn, stórriddarakross.
 S. d. Frode H. Rydgaard, yfirlæknir, Danmörku, stórriddarakross.
 S. d. Paul Uttenreiter, rithöfundur, Khöfn, riddarakross.
 S. d. Carl Kaas, hæstaréttarlögmaður, Oslo, riddarakross.
11. maí. Sulo Räikkönen, óperustjóri, Helsinki, stórriddarakross.
 S. d. Leo Funtek, hljómsveitarstjóri, Helsinki, stórriddarakross.
31. maí. Joao Neves de Fontoura, utanríkisráðherra, Brasilíu, stórkross.
 S. d. Edward P. Warner, forseti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, stórriddara-
 kross með stjörnu.
 S. d. T. Arvid Odenrants, prófessor, Stokkhólmi, stjarna stórriddara.
 S. d. Decio de Moura, deildarstjóri í utanríkisráðuneyti Brasilíu, stórriddara-
 kross.
 S. d. Barbaso da Silva, fulltrúi, Rio de Janeiro, riddarakross.
17. júní. Ludwig Wennervirta, prófessor, Helsinki, stórriddarakross.
 S. d. P. V. N. Truelsen, yfireirstungumaður, Khöfn, riddarakross.
 S. d. Valdemar Gregart, yfirteiknari, Khöfn, riddarakross.
14. ágúst. Ragnar Smedslund, aðalræðismaður Finna í Tokio, stjarna stórriddara.
 S. d. Finn Devold, mag. scient, Bergen, stórriddarakross.
 S. d. Knud Skadhauge, dr. med., Khöfn, riddarakross.
 S. d. Svend Clemmesen, yfirlæknir, Khöfn, riddarakross.

20. ágúst. Ole Lökvik, aðalræðismaður Íslands í Barcelona, stórriddarakross.
S. d. Egil J. Amlie, fyrrv. sendiráðsritari, Oslo, riddarakross.
5. sept. Giovanni Domenico Marabotti, kaupmaður, Genoa, riddarakross.
8. sept. Bodil Begtrup, sendiherra Dana á Íslandi, stórkross.
29. sept. Þórarinn Olgeirsson, ræðismaður Íslands í Grimsby, stórriddarakross.
15. okt. Sir Richard Paget, Bt., London, stórriddarakross.
S. d. Robert Neil Stewart, hershöfðingi, Inverness, stórriddarakross.
S. d. Reginald Lewis Steele, forstjóri, London, riddarakross.
6. nóv. Christian E. Aagaard, sendiráðunautur, Stokkhólmi, stórriddarakross.
1. des. Eduard A. V. Busch, prófessor, dr. med., Khöfn, stórriddarakross.

ERLEND HEIÐURSMERKI

Á árinu 1953 hafa þessir menn fengið leyfi forseta Íslands (sbr. forsetabréf nr. 15/1947), til að bera erlend heiðursmerki sem hér segir:

Arent Claessen, aðalræðismaður, kommandörkross Oranje-Nassau orðunnar hollenzku.

Árni Tryggvason, forseti Hæstaréttar, kommandörkross 1. stigs Norðstjörnu-orðunnar sænsku.

Finnbogi Kjartansson, stórkaupmaður, riddarakross 1. stigs Polonia Restituta orðunnar.

Guðmundur Einarsson, myndhöggvari, riddarakross 1. stigs Ljónsorðunnar finnsku.

Páll Ísólfsson, tónskáld, riddarakross 1. stigs Dannebrogсорðunnar og riddarakross 1. stigs Ljónsorðunnar finnsku.

Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari, kommandörkross 1. stigs Norðstjörnu-orðunnar sænsku.

Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. hagstofustjóri, kommandörkross Dannebrogсорðunnar.

STYRKVEITINGAR

Af vöxtum úr styrktarsjóði Frederiks konungs áttunda hefur atvinnumálaráðuneytið veitt Eyþóri Þórðarsyni, kennara, Neskaupstað, Norðfirði, kr. 800.00.

EINKALEYFI

Hinn 6. janúar 1953 var Herði Jónssyni, efnafræðingi, Reykjavík, veitt einkaleyfi, nr. 261, á aðferð til þess að framleiða lýsi úr fisklifur.

Hinn 30. janúar 1953 var Sigfúsi Jónssyni, húsasmið, Hafnarfirði, veitt einkaleyfi, nr. 262, á steypuaðferð til notkunar við veggjasteypu úr steinsteypu eða svipuðu efni með því að nota færímót.

Hinn 25. febrúar 1953 var Henry Simon, Limited, Stockport, Cheshire, Englandi, veitt einkaleyfi, nr. 263, á endurbótum varðandi viðgerðir á þrýstiloftshjólborðum.

Hinn 4. marz 1953 var Ponte Sterner Persson, fiskimanni, Smögen, Svíþjóð, veitt einkaleyfi, nr. 264, á útbúnaði á botnvörpu.

Hinn 5. marz 1953 var American Cyanamid Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi, nr. 265, á aðferð á tilbúningi á pterinum.

Hinn 23. marz 1953 var Waldemar Hákansson, forstjóra, Kaupmannahöfn, Danmörku, veitt einkaleyfi, nr. 266, á stilliklukku.

Hinn 24. marz 1953 var J. W. Roberts Limited, Armley, Leeds 12, Englandi, veitt einkaleyfi, nr. 267, á endurbótum á að búa til einangrunarhúðun með því að sprauta smágerðum asbest trefjum.

Hinn 30. apríl 1953 var Christian Drangsholt, verkfræðingi, Oslo, Noregi, veitt einkaleyfi, nr. 268, á aðferð til að framleiða pepton- og aminosýruseyði úr límvatni.

Hinn 9. maí 1953 var American Cyanamid Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi, nr. 269, á endurbótum varðandi tilbúning á umbreyttum pteridinum.

Hinn 27. júní 1953 var A/S Tvedts Sildexport, Bergen, Noregi, veitt einkaleyfi, nr. 270, á útbúnaði til að læsa loki á ílátum.

Hinn 19. ágúst 1953 var Öyvind Helgerud, verkfræðingi, og Aksel Lydersen, verkfræðingi, Nordstrand, Oslo, Noregi, veitt einkaleyfi, nr. 271, á tæki til samfelldrar snertifrystingar á fæðutegundum.

Hinn 24. september 1953 var Johannes Thaule, kaupmanni, Haugesund, Noregi, veitt einkaleyfi, nr. 272, á útbúnaði á krossviðartunnum.

Hinn 6. október 1953 var Weiders Farmasøytiske A/S, Oslo, Noregi, veitt einkaleyfi, nr. 273, á aðferð til að vinna alkalóiða úr jurtaefnum.

Hinn 12. desember 1953 var Commissariat à l'Energie Atomique, París, Frakklandi, veitt einkaleyfi, nr. 274, á aðferð og tæki til framleiðslu á orku með því að kljúfa uran- eða toriumkjarna.

Hinn 12. desember 1953 var Commissariat à l'Energie Atomique, París, Frakklandi, veitt viðbótar-einkaleyfi, nr. 275, á aðferð til að stilla orkuframleiðslu við klofn-ing á uran- eða toriumkjörnum, við einkaleyfi nr. 274.

